ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 71

32. árgangur

13.11.2025

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2025/EES/71/01 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1803 frá 13. september 2023 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 1

2025/EES/71/02 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2468 frá 8. nóvember 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1803 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 12 993

2025/EES/71/03 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2579 frá 20. nóvember 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1803 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 16 997

2025/EES/71/04 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2822 frá 19. desember 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1803 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 1 1001

2025/EES/71/05 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1317 frá 15. maí 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1803 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 7 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, (IFRS-staðal) 7 1007

2025/EES/71/06 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2862 frá 12. nóvember 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1803 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 21 1012

2025/EES/71/07 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2775 frá 17. október 2023 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB að því er varðar breytingar á stærðarviðmiðunum fyrir örfyrirtæki, lítil, meðalstór og stór fyrirtæki eða samstæður 1024

2025/EES/71/08 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2101 frá 24. nóvember 2021 um breytingu á tilskipun 2013/34/ESB að því er varðar birtingu tekjuskattsupplýsinga af hálfu tiltekinna fyrirtækja og útibúa 1027

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1803 **2025/EES/71/01**

frá 13. september 2023

um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er þess krafist að, fyrir hvert fjárhagsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar, skuli félög, skráð í kauphöllum, sem lúta lögum aðildarríkis, gera samstæðureikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. þeirrar reglugerðar, sem samþykkja á með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar.

2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]) voru samþykktir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og tengdar túlkanir sem Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) gaf út eða samþykkti fram til 15. október 2008. Þeirri reglugerð var breytt til að taka til þeirra staðla og tengdu túlkana sem Alþjóðareikningsskilaráðið gaf út eða samþykkti og framkvæmdastjórnin samþykkti fram til 8. september 2022 í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.

3) Hinn 18. maí 2017 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið út alþjóðlegan reikningsskilastaðal 17, *vátryggingarsamningar* (IFRS-staðall 17) og 25. júní 2020 breytingar á þeim IFRS-staðli 17.

4) Í IFRS-staðli 17 er sett fram heildstæð nálgun varðandi reikningsskil vátryggingarsamninga. Markmiðið með IFRS-staðli 17 er að tryggja að félag veiti viðeigandi upplýsingar í reikningsskilum sínum sem gefi rétta mynd af vátryggingarsamningunum. Þessar upplýsingar veita notendum reikningsskila traustan grunn til að meta áhrifin sem vátryggingarsamningar hafa á fjárhagsstöðu, rekstrarárangur og sjóðstreymi félagsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 237, 26.9.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 307/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 25, 24.4.2025, bls. 90.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

5) IFRS-staðall 17 gildir um vátryggingarsamninga, endurtryggingarsamninga og fjárfestingarsamninga með valkvæðum þátttökuákvæðum. Innan Sambandsins eru til margir mismunandi samningar um líftryggingar og ævisparnað með áætlaða heildarskuldbindingu samkvæmt besta mati sem nemur 5,9 trilljónum evra (að undanskildum einingatengdum samningum). Í nokkrum aðildarríkjanna eru sumir þessara samninga með beinum þátttökuákvæðum og valkvæðum þátttökuákvæðum sem gerir kleift að skipta áhættu og sjóðstreymi milli mismunandi kynslóða vátryggingartaka.

6) Í mörgum aðildarríkjanna er líftryggingarsamningum einnig stjórnað þvert á kynslóðir til að draga úr vaxtaáhættu og áhættu vegna langlífis og hafa sérstök eignasöfn undirliggjandi tryggingarskuldinni, en þessir samningar eru ekki með beinum þátttökuákvæðum í skilningi IFRS-staðals 17. Ef kröfurnar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ([3]) hafa verið uppfylltar og að fengnu samþykki vátryggingaeftirlitsaðilans er hægt að beita aðlögun vegna samræmingar fyrir suma þessara samninga við útreikninginn á hlutfalli þeirra samkvæmt Gjaldþolsáætlun II.

7) Evrópska ráðgjafarnefndin um reikningsskil (EFRAG) komst í ráðgjöf sinni varðandi samþykki að þeirri niðurstöðu að IFRS-staðall 17 uppfyllir skilyrði fyrir innleiðingu sem sett eru fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Hins vegar náðist ekki samkomulag innan evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil um það hvort flokkun gagnkvæmra kynslóðasamninga með sjóðstreymisjöfnun í árganga uppfylli viðmið um tæknilegt samþykki eða þjóni hagsmunum almennings í Evrópu. Þetta er í samræmi við álit hagsmunaaðila um ráðgjöf evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil fyrir samþykki og álit sérfræðinga aðildarríkjanna í stýrinefndinni um reikningsskil.

8) Félög í Sambandinu ættu að geta beitt IFRS-staðli 17, eins og hann er gefinn út af Alþjóðareikningsskilaráðinu, til að auðvelda skráningu í þriðju löndum eða til að uppfylla væntingar alþjóðlegra fjárfesta.

9) Krafan um árganga sem reiknieiningar fyrir flokka vátrygginga- og fjárfestingasamninga endurspeglar þó ekki alltaf viðskiptalíkanið, né heldur lagalega og samningsbundna þætti gagnkvæmra kynslóðasamninga með sjóðstreymisjöfnun sem um getur í 5. og 6. forsendu. Þessir samningar standa fyrir meira en 70% af heildarlíftryggingaskuldbindingum í Sambandinu. Krafan um árganga sem á við um slíka samninga er ekki alltaf með hagstæðu jafnvægi milli kostnaðar og ábata.

10) Í ljósi alþjóðlegs samhengis IFRS-staðla við fjármagnsmarkaði ættu frávik frá IFRS-stöðlum að takmarkast við sérstakar aðstæður og þröngt gildissvið.

11) Þrátt fyrir skilgreininguna á flokki vátryggingarsamninga, sem sett er fram í viðbæti A í IFRS-staðli 17 við viðaukann við þessa reglugerð, ættu félög í Sambandinu því að hafa þann möguleika að undanskilja gagnkvæma kynslóðasamninga með sjóðstreymisjöfnun frá kröfunni um árganga í IFRS-staðli 17.

12) Fjárfestar þurfa að geta skilið hvort félag hafi beitt undanþágunni frá kröfunni um árganga fyrir flokka samninga. Félag ætti því, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðall 1, *framsetning reikningsskila*, að birta í skýringum með reikningsskilum sínum, upplýsingar um notkun á undanþágunni sem mikilvægri reikningsskilaaðferð og veita aðrar upplýsingar til skýringar, t.d. fyrir hvaða söfn undanþágunni er beitt. Þetta ætti ekki að fela í sér megindlegt mat á áhrifum þess að nota valkvæða undanþágu frá kröfunni um árganga.

13) Framkvæmdastjórnin ætti eigi síðar en 31. desember 2027 að endurskoða undanþáguna frá kröfunni um árganga fyrir gagnkvæma kynslóðasamninga með sjóðstreymisjöfnun, með tilliti til endurskoðunar Alþjóðareikningsskilaráðsins á IFRS-staðli 17 að lokinni framkvæmd.

14) Höfundarréttur, gagnasafnsréttindi og hvers kyns annar hugverkaréttur í IFRS-staðlinum og tengdum túlkunum sem Alþjóðleg túlkunarnefnd um reikningsskil gefur út, eru eign Alþjóðlegu reikningsskilastaðlastofnunarinnar. Því ætti að setja tilkynningu um höfundarrétt í viðauka við þessa reglugerð.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

15) Reglugerð (EB) nr. 1126/2008 hefur oft verið breytt. Til að einfalda löggjöf Sambandsins um alþjóðlega reiknings skilastaðla er rétt að skipta þeirri reglugerð út, í þágu skýrleika og gagnsæis. Því ætti að fella reglugerð (EB) nr. 1126/2008 úr gildi.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Alþjóðlegu staðlarnir, sem fram koma í viðaukanum, eru samþykktir.

2. gr.

Fyrirtæki getur valið að beita ekki kröfunni sem mælt er fyrir um í 22. lið Alþjóðlega reikningsskilastaðalsins 17, vátryggingarsamningar (IFRS-staðall 17) í viðaukanum við þessa reglugerð á:

a) flokka vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum og flokka fjárfestingasamninga með valkvæðum þátttöku-ákvæðum, eins og þeir eru skilgreindir í viðbæti A við IFRS-staðal 17 í viðaukanum við þessa reglugerð, og með sjóðstreymi sem hefur áhrif á eða verður fyrir áhrifum af sjóðstreymi til vátryggingartaka vegna annarra samninga, eins og mælt er fyrir um í liðum B67 og B68 í viðbæti B við IFRS-staðal 17 í viðauka við reglugerðina,

b) flokka vátryggingarsamninga sem er stýrt þvert á kynslóðir samninga og sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 77. gr. b í tilskipun 2009/138/EB og sem eftirlitsyfirvöld hafa samþykkt beitingu aðlögunar vegna samræmingar fyrir.

Ef félag beitir ekki kröfunni sem mælt er fyrir um í 22. lið IFRS-staðals 17 í viðaukanum við þessa reglugerð í samræmi við a-lið eða b-lið, skal það birta upplýsingar um það í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 1, *framsetning reikningsskila*, í skýringunum sem mikilvæga reikningsskilaaðferð og veita aðrar upplýsingar til skýringar, s.s. fyrir hvaða söfn félagið hefur beitt þessari undanþágu.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða valkostinn sem mælt er fyrir um í 2. gr. eigi síðar en 31. desember 2027 og, eftir því sem við á, leggja til að honum verði breytt eða hann felldur niður.

4. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IAS-staðall 1,	framsetning reikningsskila
IAS-staðall 2,	birgðir
IAS-staðall 7,	yfirlit um sjóðstreymi
IAS-staðall 8,	reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur
IAS-staðall 10,	atburðir eftir reikningsskilatímabilið
IAS-staðli 12,	tekjuskattar
IAS-staðall 16,	varanlegir rekstrarfjármunir
IAS-staðall 19,	starfskjör
IAS 20,	færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð
IAS-staðall 21,	áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla
IAS-staðli 23,	fjármagnskostnaður
IAS-staðall 24,	upplýsingar um tengda aðila
IAS-staðall 26,	reikningshald og reikningsskil eftirlaunasjóða
IAS-staðall 27,	aðgreind reikningsskil
IAS-staðal 28,	fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri
IAS-staðall 29,	reikningsskil í hagkerfi þar sem óðaverðbólga ríkir
IAS-staðall 32,	fjármálagerningar: framsetning
IAS-staðall 33,	hagnaður á hlut
IAS-staðall 34,	árshlutareikningsskil
IAS-staðall 36,	virðisrýrnun eigna
IAS-staðall 37,	reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir
IAS-staðall 38,	óefnislegar eignir
IAS-staðall 39,	fjármálagerningar: færsla og mat

IAS-staðall 40,	fjárfestingareignir
IAS-staðall 41,	landbúnaður
IFRS-staðall 1,	innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla
IFRS-staðall 2,	eignarhlutatengd greiðsla
IFRS-staðall 3,	sameining fyrirtækja
IFRS-staðall 5,	fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi
IFRS-staðall 6,	leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim
IFRS-staðall 7,	fjármálagerningar: upplýsingagjöf
IFRS-staðall 8,	starfsþættir
IFRS-staðall 9,	fjármálagerningar
IFRS-staðli 10,	samstæðureikningsskil
IFRS-staðli 11,	sameiginlegt fyrirkomulag
IFRS-staðall 12,	upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum
IFRS-staðall 13,	gangvirðismat
IFRS-staðall 15,	reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini
IFRS-staðall 16,	leigusamningar
IFRS-staðall 17,	vátryggingarsamningar
IFRIC-túlkun 1,	breytingar á núverandi skuldbindingum vegna starfsemi sem leggja skal niður, enduruppbyggingu eða sambærilegum skuldbindingum
IFRIC-túlkun 2,	hlutir félagsaðila í samvinnueiningum og sambærilegir gerningar
IFRIC-túlkun 5,	réttur til hlutdeildar í sjóðum sem bera kostnað af niðurlagningu starfsemi, endurbyggingu og endurbótum á umhverfinu
IFRIC-túlkun 6,	skyldur vegna þátttöku á tilteknum markaði - raf- og rafeindabúnaðarúrgangur
IFRIC-túlkun 7,	beiting endurgerðaraðferðarinnar samkvæmt IAS-staðli 29, reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir
IFRIC-túlkun 10,	árshlutareikningsskil og virðisrýrnun

IFRIC-túlkun 12,	samningar um þjónustuívilnun
IFRIC-túlkun 14,	IAS-staðall 19 — takmörkun á réttindatengdri eign, kröfur um lágmarksfjármögnun og gagnkvæm áhrif þeirra
IFRIC-túlkun 16,	áhættuvarnir vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri
IFRIC-túlkun 17,	úthlutun eigna til eigenda, í öðru en handbæru fé
IFRIC-túlkun 19,	greiðsla skulda með eiginfjárgerningum
IFRIC-túlkun 20,	kostnaður við hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu
IFRIC-túlkun 21,	álögur
IFRIC-túlkun 22,	viðskipti í erlendum gjaldmiðli og fyrirframgreiðsla
IFRIC-túlkun 23,	óvissa varðandi tekjuskattsmeðferð
SIC-túlkun 7,	tilkoma evru
SIC-túlkun 10,	opinber aðstoð — engin ákveðin tengsl við rekstrarhreyfingar
SIC-túlkun 25,	tekjuskattar — breytingar á skattalegri stöðu einingar eða hluthafa hennar
SIC-túlkun 29,	samningar um þjónustuívilnun: upplýsingagjöf
SIC-túlkun 32,	óefnislegar eignir — kostnaður við vefsetur

Afritun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn, að frátöldum rétti til afritunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn mega teljast. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningsskilaráðinu (IASB) á www.iasb.org

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 1 (IAS-staðall 1)

Framsetning reikningsskila

MARKMIÐ

1 Í staðlinum er mælt um hvernig haga skuli framsetningu reikningsskila til almennra nota til þess að tryggja samanburðarhæfi við bæði eigin reikningsskil einingarinnar frá fyrri tímabilum og við reikningsskil annarra eininga. Þar eru settar fram almennar kröfur um framsetningu reikningsskila, leiðbeiningar um efnisskipan þeirra og lágmarkskröfur um innihald þeirra.

GILDISSVIÐ

2 Eining skal beita þessum staðli við gerð og framsetningu reikningsskila til almennra nota í samræmi við Alþjóðlegur reikningsskilastaðla (IFRS-staðla).

3 Í öðrum IFRS-stöðlum eru settar fram kröfur um færslu, mat og upplýsingar fyrir tiltekin viðskipti og aðra atburði.

4 Þessi staðall gildir ekki um efnisskipan og innihald samandreginna árshlutareikningsskila sem gerð eru í samræmi við IAS-staðal 34, árshlutareikningsskil. Þó gilda 15.–35. liðir um slík reikningsskil. Þessi staðall gildir jafnt um allar einingar, þ.m.t. þær sem setja fram samstæðureikningsskil í samræmi við IFRS-staðal 10, samstæðureikningsskil og þær sem setja fram aðgreind reikningsskil í samræmi við IAS-staðal 27, aðgreind reikningsskil.

5 Í þessum staðli eru notuð hugtök sem eiga við um einingar sem reknar eru í hagnaðarskyni, þ.m.t. rekstrareiningar hins opinbera. Ef einingar í einkageiranum eða í eigu hins opinbera, sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni, beita staðlinum gætu þær þurft að breyta lýsingum sem notaðar eru um tilteknar sérlínur í reikningsskilunum eða um reikningsskilin sjálf.

6 Eins gætu einingar sem eru ekki með eigið fé eins og það er skilgreint í IAS-staðli 32, fjármálagerningar: framsetning (t.d. nokkrir verðbréfasjóðir) og einingar með hlutafé sem er ekki eigið fé (t.d. einingar í samvinnurekstri), þurft að aðlaga framsetninguna í reikningsskilunum á hlutdeild félaganna eða eigenda einingarinnar.

SKILGREININGAR

7 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

***Reikningsskilaaðferðir* eru skilgreindar í 5. lið IAS-staðals 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reiknings-haldslegu mati og skekkjur*, og hugtakið er notað í þessum staðli í sömu merkingu.**

***Almennum reikningsskilum* (hér á eftir nefnd reikningsskil) er ætlað að uppfylla þarfir notenda sem eru ekki í aðstöðu til að krefjast þess að eining geri reikningsskil sem sniðin eru að sérstökum upplýsingaþörfum þeirra.**

***Ógerlegt*: Ógerlegt er að beita kröfu þegar einingin getur ekki beitt henni þrátt fyrir að hafa gert allar eðlilegar ráðstafanir til þess.**

***Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS-staðlar)* eru staðlar og túlkanir sem Alþjóðareikningsskilaráðið hefur gefið út. Þeir samanstanda af:**

a) alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS-stöðlum),

b) alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS-stöðlum),

c) IFRIC-túlkunum, og

d) SIC-túlkunum (1).

***Efni*:**

Upplýsingar eru mikilvægar ef ætla má að úrfelling, rangfærsla eða torræðni þeirra gæti haft áhrif á ákvarðanir sem aðalnotendur almennra reikningsskila taka á grundvelli þessara reikningsskila, sem veita fjárhagsupplýsingar um tiltekna einingu sem reikningsskilin taka til.

Mikilvægi er háð eðli eða umfangi upplýsinga eða hvoru tveggja. Eining metur hvort upplýsingar, annaðhvort einar sér eða ásamt öðrum upplýsingum, séu mikilvægar með tilliti til reikningsskila hennar í heild.

Upplýsingar verða torræðar ef þeim er miðlað með þeim hætti að það gæti haft svipuð áhrif fyrir aðalnotendur reikningsskila og úrfelling eða rangfærsla þeirra upplýsinga. Eftirfarandi eru dæmi um aðstæður sem geta leitt til þess að mikilvægar upplýsingar verði torræðar:

a) upplýsingar varðandi mikilvægan lið, viðskipti eða annan atburð eru birtar í reikningsskilunum en orðalagið sem er notað er óljóst eða óskýrt,

b) upplýsingar varðandi mikilvægan lið, viðskipti eða annan atburð eru dreifðar um öll reikningsskilin,

c) ólíkir liðir, viðskipti eða aðrir atburðir eru teknir saman á óviðeigandi hátt,

d) líkir liðir, viðskipti eða aðrir atburðir eru aðgreindir á óviðeigandi hátt og

e) mikilvægar upplýsingar eru faldar með lítilvægum upplýsingum að því marki að aðalnotandi getur ekki ákvarðað hvaða upplýsingar eru mikilvægar sem þar af leiðandi dregur úr skiljanleika reikningsskilanna.

Mat á því hvort ætla megi að upplýsingar gætu haft áhrif á ákvarðanatöku aðalnotenda almennra reikningsskila tiltekinnar einingar, sem reikningsskilin taka til, krefst þess að eining taki tillit til einkenna þessara notenda ásamt því að taka tillit til eigin aðstæðna einingarinnar.

Margir núverandi og mögulegir fjárfestar, lánveitendur og aðrir lánardrottnar geta ekki krafist þess að einingar, sem reikningsskil taka til, veiti þeim upplýsingar beint og verða að reiða sig á almenn reikningsskil vegna stórs hluta þeirra fjárhagsupplýsinga sem þeir þarfnast. Þeir eru af þessum sökum þeir aðalnotendur sem almennum reikningsskilum er beint til. Reikningsskil eru gerð fyrir notendur sem hafa allnokkra þekkingu á viðskiptum og efnahagslegri starfsemi og sem fara yfir og greina upplýsingarnar af kostgæfni. Jafnvel vel upplýstir og samviskusamir notendur geta stundum þurft að leita aðstoðar ráðgjafa til að skilja upplýsingar um flókin efnahagsleg fyrirbæri.

***Skýringar* hafa að geyma upplýsingar til viðbótar við þær sem settar eru fram í efnahagsreikningnum, rekstrarreikningi(um) og yfirliti(um) um aðra heildarafkomu, yfirliti um breytingar á eigin fé og yfirliti um sjóðstreymi. Í skýringum eru lýsingar í samfelldu máli eða sundurgreining á liðum sem settir eru fram í þessum yfirlitum og upplýsingar um liði sem uppfylla ekki skilyrði fyrir færslu í þessum yfirlitum.**

Í *annarri heildarafkomu* eru tekju- og gjaldaliðir (þ.m.t. endurflokkunarleiðréttingar) sem eru ekki færðir í rekstrarreikning eins og krafist er eða heimilt er samkvæmt öðrum IFRS-stöðlum.

(1) Skilgreiningu á IFRS-stöðlum breytt eftir nafnabreytingarnar sem voru gerðar með endurskoðaðri stofnskrá Alþjóðlegu reikningsskilastaðlastofnunarinnar árið 2010.

Önnur heildarafkoma felur m.a. í sér eftirfarandi þætti:

a) breytingar á endurmatsreikningi (sjá IAS-staðal 16, *varanlegir rekstrarfjármunir* og IAS-staðal 38, *óefnislegar eignir*),

b) endurmat á réttindatengdum kerfum (sjá IAS-staðli 19, *starfskjör*),

c) hagnað og tap, sem hlýst af umreikningi á reikningsskilum erlends rekstrar (sjá IAS-staðal 21, *áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla*),

d) hagnað og tap af fjárfestingum í eiginfjárgerningum sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.5 í IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*,

da) hagnað og tap af fjáreignum sem eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2A í IFRS-staðli 9,

e) skilvirkan hluta hagnaðar og taps af áhættuvarnargerningum í sjóðstreymisvörn og hagnaðar og taps af áhættuvarnargerningum sem áhættuverja fjárfestingar í eiginfjárgerningum sem eru metnir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.5 í IFRS-staðli 9 (sjá 6. kafla IFRS-staðals 9),

f) að því er varðar tilteknar skuldir sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, þá fjárhæð breytingar á gangvirði sem rekja má til breytinga á útlánaáhættu af skuldinni (sjá lið 5.7.7 í IFRS-staðli 9),

g) breytingar á virði tímavirðis valréttarsamnings þegar aðgreina á innra virði og tímavirði valréttarsamnings og tilgreina sem áhættuvarnargerning aðeins breytingar á innra virðinu (sjá 6. kafla IFRS-staðals 9),

h) breytingar á virði framvirkra þátta í framvirkum samningum þegar aðgreina á framvirkan þátt og stundartengdan þátt í framvirkum samningi og tilgreina sem áhættuvarnargerning aðeins breytingar á stundartengdum þætti og breytingar á virði grunnálags erlenda gjaldmiðilsins í fjármálagerningi þegar það er undanskilið frá tilgreiningu þess fjármálagernings sem áhættuvarnargernings (sjá 6. kafla IFRS-staðals 9),

i) fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga vegna samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17, vátryggingar samningar, sem ekki eru teknar með í rekstrarreikningi þegar heildarfjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga eru sundurgreind til að færa fjárhæð á rekstrarreikning sem ákvörðuð er með kerfisbundinni úthlutun við beitingu b-liðar 88. liðar IFRS-staðals 17, eða með fjárhæð sem eyðir reikningsskilalegu ósamræmi við fjármagnstekjur eða -gjöld sem eru til komin vegna undirliggjandi liða við beitingu b-liðar 89. liðar IFRS-staðals 17, og

j) fjármagnstekjur eða -gjöld af endurtryggingarsamningum til eigin endurtrygginga sem ekki eru tekin með í rekstrarreikningi þegar heildarfjármagnstekjur eða -gjöld af endurtryggingarsamningum eru sundurgreindar til að færa fjárhæð á rekstrarreikning sem ákvörðuð er með kerfisbundinni úthlutun við beitingu b-liðar 88. liðar IFRS-staðals 17.

***Eigendur* eru handhafar gerninga sem flokkast sem eigið fé.**

***Rekstrarreikningur* er heildartekjur að frádregnum kostnaði, að undanskildum þáttum í annarri heildarafkomu.**

***Aðlögun á endurflokkun* er fjárhæðir sem eru endurflokkaðar og færðar í rekstrarreikning á yfirstandandi tímabili en voru færðar í aðra heildarafkomu á yfirstandandi eða á fyrri tímabilum.**

***Samanlögð heildarafkoma* er breyting á eigin fé á tímabili sem verður vegna viðskipta og annarra atburða, annarra en þeirra breytinga sem verða vegna viðskipta við eigendur í hlutverki sínu sem eigendur.**

Samanlögð heildarafkoma nær yfir alla þætti í „rekstrarreikningi“ og alla þætti í „annarri heildarafkomu“.

8 Þó að í þessum staðli séu notuð hugtökin „önnur heildarafkoma“, „rekstrarreikningur“ og „samanlögð heildarafkoma“ getur eining notað önnur hugtök til að lýsa niðurstöðutölum, svo fremi merkingin sé skýr. Eining getur t.d. notað hugtakið „hreinar tekjur“ til að lýsa rekstrarreikningi.

8A Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning*, og eru notuð í þessum staðli í þeirri merkingu sem er tilgreind í IAS-staðli 32.

a) innleysanlegur fjármálagerningur flokkaður sem eiginfjárgerningur (lýst í liðum 16A og 16B í IAS-staðli 32)

b) gerningur sem leggur þá skyldu á einingu að flytja hlutfallslegan hluta af hreinum eignum einingarinnar einungis til annars aðila við félagsslit og er flokkaður sem eiginfjárgerningur (lýst í liðum 16C og 16D í IAS-staðli 32).

REIKNINGSSKIL

Tilgangur reikningsskila

9 Reikningsskil eru skipuleg framsetning á fjárhagsstöðu og rekstrarárangri einingar. Markmiðið með reikningsskilum er að veita upplýsingar um fjárhagsstöðu, rekstrarárangur og sjóðstreymi einingar sem koma mörgum mismunandi notendum að gagni við hagræna ákvarðanatöku. Reikningsskil sýna einnig árangur stjórnenda við stjórnun á því fjármagni sem þeim hefur verið treyst fyrir. Til þess að ná þessu markmiði veita reikningsskil eftirfarandi upplýsingar um einingu:

a) eignir,

b) skuldir,

c) eigið fé,

d) tekjur og útgjöld, þ.m.t. hagnað og tap,

e) framlög frá eigendum og úthlutun til þeirra í hlutverki þeirra sem eigendur, og

f) sjóðstreymi.

Þessar upplýsingar, ásamt öðrum upplýsingum sem birtast í skýringum við reikningsskilin, auðvelda notendum að spá fyrir um framtíðarsjóðstreymi einingarinnar, einkum um tímasetningu þess og áreiðanleika.

Heildstæð reikningsskil

10 **Heldstæð reikningsskil fela í sér:**

a) efnahagsreikning við lok tímabilsins,

b) rekstrarreikning og yfirlit um aðra heildarafkomu fyrir tímabilið,

c) yfirlit um breytingar á eigin fé á tímabilinu,

d) yfirlit um sjóðstreymi á tímabilinu,

e) skýringar sem samanstanda af mikilvægum upplýsingum um reikningsskilaaðferðir, ásamt öðrum upplýsingum til skýringar,

ea) samanburðarupplýsingar að því er varðar fyrra tímabil eins og tilgreint er í liðum 38 og 38A og

f) efnahagsreikning við upphaf næstliðins tímabils þegar eining beitir reikningsskilaaðferð afturvirkt eða endurgerir liði í reikningsskilum sínum afturvirkt eða þegar hún endurflokkar liði í reikningsskilum sínum í samræmi við liði 40A–40D.

Eining getur notað aðra titla fyrir yfirlitin en notaðir eru í þessum staðli. Til dæmis getur eining notað titillinn „Yfirlit um heildarafkomu“ í stað „Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu“.

10A Eining getur lagt fram einn rekstrarreikning og yfirlit um aðra heildarafkomu, þar sem hagnaður og tap og önnur heildarafkoma er sett fram í tveimur þáttum. Þættirnir skulu settir fram saman, þar sem þátturinn um hagnað eða tap kemur fyrstur og þátturinn önnur heildarafkoma strax þar á eftir. Eining getur sett fram þáttinn um hagnað eða tap í sérstökum rekstrarreikningi. Ef svo er skal sérstaki rekstrarreikningurinn koma strax á undan yfirlitinu um heildarafkomu, sem skal hefjast á rekstrarreikningi.

11 Eining skal setja fram öll reikningsskil með jafn áberandi hætti í heildstæðum reikningsskilum.

12 [Felldur brott]

13 Margar einingar setja fram, auk reikningsskilanna, fjárhagslega greinargerð stjórnenda þar sem lýst er og útskýrðir eru helstu þættir í rekstrarárangri og fjárhagsstöðu einingarinnar og helstu óvissuþættir sem hún stendur frammi fyrir. Í slíkri skýrslu getur verið greinargerð um:

a) meginþætti og áhrifavalda, sem rekstrarárangur ræðst af, þ.m.t. breytingar í starfsumhverfi einingarinnar, viðbrögð einingarinnar við þessum breytingum og áhrifum þeirra og um fjárfestingarstefnu einingar til þess að viðhalda rekstrarárangri og bæta hann, einnig arðgreiðslustefnu hennar,

b) fjármögnun einingarinnar og markmið hvað varðar skuldahlutfall, og

c) fjármagn einingarinnar sem ekki hefur enn verið fært í efnahagsreikning í samræmi við IFRS-staðla.

14 Margar einingar setja einnig fram, fyrir utan reikningsskilin, skýrslur og yfirlit, s.s. umhverfisskýrslur og virðis aukayfirlit, einkum í atvinnugreinum þar sem umhverfisþættir eru mikilvægir og þar sem starfsmenn eru álitnir vera mikilvægur notendahópur. Skýrslur og yfirlit sem sett eru fram utan reikningsskila eru utan gildissviðs IFRS-staðlanna.

Almenn íhugunarefni

Glögg mynd og samkvæmni við IFRS-staðla

15 Reikningsskil skulu gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu, rekstrarárangri og sjóðstreymi einingar. Glögg mynd kallar á að gefin sé raunsönn mynd af áhrifum viðskipta, annarra atburða og aðstæðna í samræmi við skilgreiningar og skilyrði um færslu á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum sem eru sett fram í *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* (*Hugtakarammanum*). Gengið er út frá að beitingin á IFRS-stöðlum ásamt viðbótarupplýsingum þegar þörf er á, leiði til reikningsskila sem gefa glögga mynd.

16 Eining sem setur fram reikningsskil sem fara að IFRS-stöðlum skal gefa ótvíræða og afdráttarlausa yfirlýsingu um slíka reglufylgni í skýringunum. Eining skal ekki gefa þá lýsingu að reikningsskil fylgi IFRS-stöðlum nema í þeim sé farið að öllum kröfum IFRS-staðla.

17 Í nær öllum tilvikum nær eining glöggri mynd með því að fara að viðeigandi IFRS-stöðlum. Glögg mynd kallar einnig á að eining:

a) velji og beiti reikningsskilaaðferðum í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Í IAS-staðli 8 eru settar fram stigskiptar, opinberar leiðbeiningar sem stjórnendur skulu taka tillit til þegar ekki er til IFRS-staðall sem gildir sérstaklega um einhvern lið.

b) setji fram upplýsingar, þ.m.t. reikningsskilaaðferðir, þannig að fram komi viðeigandi, áreiðanlegar, samanburðarhæfar og skiljanlegar upplýsingar,

c) veiti viðbótarupplýsingar þegar ekki nægir að fara að sérstökum kröfum, sem gerðar eru í IFRS-stöðlum, til að gera notendum kleift að skilja áhrif tiltekinna viðskipta, annarra atburða og aðstæðna á fjárhagsstöðu og rekstrarárangur einingarinnar.

18 Eining getur ekki réttlætt óviðeigandi, reikningshaldslegar aðferðir með því að greina frá þeim reikningsskilaaðferðum, sem notaðar voru, eða með skýringum eða athugasemdum.

19 Í algerum undantekningartilvikum, þegar stjórnendur komast að þeirri niðurstöðu að svo villandi væri að fara að kröfu sem gerð er í IFRS-staðli að það færi í bága við markmið reikningsskila sem sett eru fram í *Hugtakarammanum*, skal einingin víkja frá þeirri kröfu með þeim hætti sem settur er fram í 20. lið ef þess er krafist í viðeigandi regluramma eða slíkt frávik er ekki bannað í honum að öðru leyti.

20 Þegar eining víkur frá kröfu, sem gerð er í IFRS-staðli í samræmi við 19. lið, skal hún greina frá:

a) að stjórnendur hafi komist að þeirri niðurstöðu að reikningsskilin gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu, rekstrarárangri og sjóðstreymi einingarinnar,

b) að hún hafi farið að viðeigandi IFRS-stöðlum nema að því leyti að vikið hafi verið frá tiltekinni kröfu til að geta gefið glögga mynd,

c) titli IFRS-staðalsins sem einingin vék frá, eðli fráviksins, þ.m.t. sú meðferð sem krafist er í IFRS-staðlinum, ástæðunni fyrir því að sú meðferð væri svo villandi við þessar aðstæður að hún færi í bága við markmið reikningsskila, sem sett eru fram í *Hugtakarammanum*, og þá meðferð sem var notuð,

d) fjárhagslegum áhrifum fráviksins á hvern lið í reikningsskilunum, sem hefði verið settur fram ef farið hefði verið að kröfunni, fyrir hvert tímabil sem sett er fram.

21 Þegar eining hefur vikið frá kröfu, sem gerð er í IFRS-staðli, á fyrra tímabili og það frávik hefur áhrif á fjárhæðirnar, sem færðar eru í reikningsskilin á yfirstandandi tímabili, skal hún veita þær upplýsingar sem settar eru fram í c- og d-lið 20. liðar.

22 Ákvæði 21. liðar gilda t.d. um frávik einingar á fyrra tímabili frá kröfu í IFRS-staðli um mat á eignum eða skuldum og frávikið hefur áhrif á matið á breytingum á eignum og skuldum sem færðar eru í reikningsskilin á yfirstandandi tímabili.

23 Í algerum undantekningartilvikum, þegar stjórnendur komast að þeirri niðurstöðu að svo villandi væri að fara að kröfu sem gerð er í IFRS-staðli að það færi í bága við markmið reikningsskila sem sett eru fram í *Hugtakarammanum*, en samkvæmt viðeigandi regluramma er bannað að víkja frá kröfunni skal einingin, að svo miklu leyti sem unnt er, draga úr þeim villandi þáttum sem talið er að séu fyrir hendi ef farið er að kröfunni með því að birta upplýsingar um:

a) titill IFRS-staðalsins sem um ræðir, eðli kröfunnar og ástæðu þess að stjórnendur hafa komist að þeirri niðurstöðu að sú meðferð væri svo villandi við þessar aðstæður að það færi í bága við markmið reikningsskila sem sett eru fram í *Hugtakarammanum* og

b) þær leiðréttingar sem skulu gerðar á hverjum lið í reikningsskilunum sem stjórnendur hafa komast að niðurstöðu um að væru nauðsynlegar til að ná fram glöggri mynd fyrir hvert tímabil sem er sett fram.

24 Að því er varðar ákvæði 19.–23. liðar stríða upplýsingar gegn markmiðum reikningsskila ef þær gefa ekki raunsanna mynd af viðskiptum, öðrum atburðum og aðstæðum sem er annaðhvort gefið í skyn í upplýsingunum að þær sýni eða eðlilega mætti vænta að þær sýndu og af þeim sökum væri líklegt að þær hefðu áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur reikningsskila taka. Þegar stjórnendur meta hvort svo villandi sé að fara að tiltekinni kröfu í IFRS-staðli að það fari í bága við markmið reikningsskila, sem sett eru fram í *Hugtakarammanum*, skulu þeir taka til skoðunar:

a) hvers vegna markmið reikningsskila nást ekki við þessar tilteknu aðstæður og

b) að hvaða leyti aðstæður einingarinnar eru frábrugðnar aðstæðum annarra eininga sem fara að kröfunni. Ef aðrar einingar fara að kröfunni við sambærilegar aðstæður er það hrekjanleg forsenda um að fari einingin að kröfunni sé það ekki svo villandi að það bryti í bága við markmið reikningsskila sem sett eru fram í *Hugtakarammanum*.

Áframhaldandi rekstrarhæfi

25 Við gerð reikningsskila skulu stjórnendur meta getu einingarinnar til að viðhalda áframhaldandi rekstrarhæfi. Eining skal gera reikningsskil á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis nema stjórnendur áformi annaðhvort að leysa eininguna upp eða stöðva rekstur, eða hafi ekki annarra kosta völ en gera það. Þegar stjórnendum er, við framkvæmd þessa mats, kunnugt um verulega óvissu, sem tengist atburðum eða aðstæðum sem geta vakið verulegar efasemdir um getu einingarinnar til að viðhalda áframhaldandi rekstrarhæfi, skal einingin greina frá þeirri óvissu. Þegar reikningsskil einingar eru ekki gerð á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis skal greina frá þeirri staðreynd og einnig frá því á hvaða grunni reikningsskilin eru gerð og ástæðunni fyrir því að ekki er talið að einingin sé við áframhaldandi rekstrarhæfi.

26 Við mat á því hvort forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi eigi við skulu stjórnendur taka tillit til allra tiltækra upplýsinga um framtíðina sem að lágmarki ná yfir en takmarkast ekki við tólf mánuði frá lokum reikningsskilatímabilsins. Hversu mikið tillit tekið er til þessara atriða fer eftir staðreyndum í hverju tilviki fyrir sig. Þegar eining á að baki sögu um arðsaman rekstur og á greiðan aðgang að fjármagni getur hún ályktað sem svo að forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi eigi við án þess að nákvæm greining sé gerð. Í öðrum tilvikum geta stjórnendur þurft að taka tillit til ýmissa þátta, sem tengjast núverandi og væntanlegri arðsemi, áætlana um endurgreiðslu skulda og annarra hugsanlegra endurfjármögnunarleiða áður en þeir fá fullvissu fyrir því að forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi eigi við.

Reikningsskil á rekstrargrunni

27 Eining skal gera reikningsskil sín á rekstrargrunni, að undanskildum upplýsingum um sjóðstreymi.

28 Þegar reikningsskil eru gerð á rekstrargrunni færir eining liði sem eignir, skuldir, eigið fé, tekjur og gjöld (þættir í reikningsskilum) þegar þeir fullnægja skilgreiningum og skilyrðum um færslu fyrir viðkomandi frumeiningar í *Hugtakarammanum*.

Mikilvægi og uppsöfnun

29 Eining skal setja sérhvern mikilvægan flokk sambærilegra liða fram sérgreindan. Eining skal setja liði, sem eru ólíkir að eðli eða hvað hlutverk varðar, fram sérgreint nema þeir séu óverulegir.

30 Reikningsskil eru niðurstaða úrvinnslu á fjölmörgum viðskiptum, eða öðrum atburðum, sem eru lögð saman og flokkuð í samræmi við eðli þeirra eða tilgang. Lokastig úrvinnslunnar við samlagningu og flokkun er að setja fram samandregin og flokkuð gögn sem mynda sérlínu í reikningsskilunum. Ef liður í sérlínu er ekki mikilvægur einn og sér er hann sameinaður öðrum liðum annaðhvort í reikningsskilunum eða í skýringunum. Liður, sem ekki er nægilega mikilvægur til að réttlætanlegt sé að setja hann fram sérstaklega í reikningsskilunum, getur gefið tilefni til að hann sé settur fram sérstaklega í skýringum við þau.

30A Þegar eining beitir þessum staðli og öðrum IFRS-stöðlum skal hún ákveða, með hliðsjón af öllum viðeigandi málavöxtum og aðstæðum, hvernig hún tekur saman upplýsingar í reikningsskilunum, þar á meðal skýringarnar. Eining skal ekki draga úr skiljanleika reikningsskila sinna með því að gera mikilvægar upplýsingar torræðar með notkun upplýsinga sem litlu máli skipta eða með því að safna saman mikilvægum liðum sem eru ólíkir að eðli eða hlutverki.

31 Í sumum IFRS-stöðlum eru þær upplýsingar tilgreindar sem verða að vera í reikningsskilum, þar á meðal skýringarnar. Eining þarf ekki að veita tilteknar upplýsingar sem gerð er krafa um í IFRS-staðli ef upplýsingarnar sem birta á eru ekki mikilvægar. Þetta gildir einnig þó að IFRS-staðallinn innihaldi lista yfir sérstakar kröfur eða lýsi þeim sem lágmarkskröfum. Eining skal einnig íhuga hvort hún veiti viðbótarupplýsingar þegar ekki nægir að fara að sérstökum kröfum, sem gerðar eru í IFRS-stöðlum, til að gera notendum reikningsskila kleift að skilja áhrif tiltekinna viðskipta, annarra atburða og aðstæðna á fjárhagsstöðu og rekstrarárangur einingarinnar.

Skuldajöfnun

32 Eining skal ekki jafna eignum á móti skuldum eða tekjum á móti gjöldum nema gerð sé krafa um jöfnun eða hún heimiluð samkvæmt IFRS-staðli.

33 Eining tilgreinir aðgreint bæði eignir og skuldir, og tekjur og útgjöld. Jöfnun í rekstrarreikningi(um) og yfirliti(um) um aðra heildarafkomu eða fjárhagsstöðu dregur bæði úr getu notenda til þess að skilja viðskiptin, aðra atburði og aðstæður sem hafa komið upp og getuna til að meta framtíðarsjóðstreymi einingarinnar, nema þegar jöfnunin endurspeglar efni viðskiptanna eða annars atburðar. Mat á hreinum eignum að frádreginni niðurfærslu — t.d. vegna úreldingar á birgðum og lækkunar á innleysanleika krafna — er ekki jöfnun.

34 Í IFRS-staðli 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini* er þess krafist að eining meti tekjur af samningum við viðskiptavini sem fjárhæð endurgjalds sem eining gerir ráð fyrir að eiga rétt á í skiptum fyrir umsamdar vörur eða þjónustu. Fjárhæð færðra tekna endurspeglar t.d. viðskiptaafslátt og magnafslátt sem eining veitir. Eining stundar, í reglulegri starfsemi sinni, önnur viðskipti sem mynda ekki tekjur en eru tilfallandi í aðaltekjuöflunarstarfsemi einingarinnar. Eining setur fram niðurstöður slíkra viðskipta, þegar sú framsetning endurspeglar efni viðskiptanna eða atburðarins, með því að jafna hvers kyns tekjur á móti tengdum gjöldum sem verða til vegna sömu viðskipta. Dæmi:

a) eining tilgreinir söluhagnað og -tap af ráðstöfun fastafjármuna, þ.m.t. fjárfestinga- og rekstrareignir, með því að draga bókfært verð eignarinnar og tengdan sölukostnað frá fjárhæð endurgjaldsins og

b) eining getur jafnað útgjöldum, sem tengjast reiknaðri skuldbindingu sem er færð í samræmi við IAS-staðal 37: *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, og eru endurgreidd samkvæmt samningsbundnu fyrirkomulagi við þriðja aðila (t.d. ábyrgðarsamningi birgis), á móti tengdri endurgreiðslu.

35 Til viðbótar setur eining fram hagnað og tap á hreinum grunni sem myndast vegna fjölda sambærilegra viðskipta, t.d. gengishagnaður og -tap á erlendum gjaldmiðlum eða hagnaður og tap af fjármálagerningum ætluðum til veltuviðskipta. Eining leggur þó slíkan hagnað og tap fram aðgreint, ef þau eru veruleg.

Tíðni skýrslugjafar

36 Eining skal birta heildstæð reikningsskil (þ.m.t. samanburðarupplýsingar) að lágmarki árlega. Þegar eining breytir lokum reikningsskilatímabils síns og birtir reikningsskil fyrir tímabil sem er lengra eða skemmra tímabil en eitt ár skal eining birta, til viðbótar við það tímabil sem reikningsskilin ná yfir:

a) ástæðu þess að hún notar lengra eða styttra tímabil og

b) þá staðreynd að fjárhæðir í reikningsskilunum eru ekki fyllilega samanburðarhæfar.

37 Yfirleitt gerir eining reikningsskil ávallt fyrir tímabil sem spannar eitt ár. Af hagkvæmnisástæðum kjósa sumar einingar þó að tilgreina t.d. 52 vikna tímabil. Þessi staðall kemur ekki í veg fyrir þessa venju.

Samanburðarupplýsingar

Lágmarkssamanburðarupplýsingar

38 Í reikningsskilunum skal eining setja fram samanburðarupplýsingar um allar fjárhæðir sem greint er frá í tengslum við næstliðið tímabil nema annað sé heimilað eða þess krafist í IFRS-staðli. Eining skal tilgreina samanburðarupplýsingar í greinargerð og lýsingum ef þær skipta máli fyrir skilning á reikningsskilum yfirstandandi tímabils.

38A Eining skal setja fram a.m.k. tvo efnahagsreikninga, tvo rekstrarreikninga og yfirlit um aðra heildarafkomu, tvo aðgreinda rekstrarreikninga (ef þeir eru lagðir fram), tvö yfirlit um sjóðstreymi og tvö yfirlit um breytingar á eigin fé og viðeigandi skýringar.

38B Í sumum tilvikum skipta upplýsingar í greinargerð í reikningsskilum næstliðins tímabils (næstliðinna tímabila) áfram máli fyrir yfirstandandi tímabil. Til dæmis birtir eining upplýsingar á yfirstandandi tímabili um lagalegan ágreining sem óvíst var um lausn á við lok næstliðins tímabils og niðurstaða hefur ekki enn fengist. Notendur geta haft hag af birtingu upplýsinga um að óvissa hafi verið fyrir hendi við lok næstliðins tímabils og birtingu upplýsinga um hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar á tímabilinu til þess að eyða óvissunni.

Viðbótarsamanburðarupplýsingar

38C Eining getur sett fram samanburðarupplýsingar til viðbótar við lágmarkssamanburðarreikningsskilin sem krafist er í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum, svo fremi sem þær upplýsingar séu gerðar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Þessar samanburðarupplýsingar geta samanstaðið af einum eða fleiri reikningsskilum sem um getur í 10. málsgrein, en þurfa ekki að samanstanda af heildstæðum reikningsskilum. Ef svo er skal einingin setja fram tengda skýringu vegna þessara viðbótarreikningsskila.

38D Til dæmis getur eining lagt fram þriðja rekstrarreikning og yfirlit um aðra heildarafkomu (og þar með sett fram yfirstandandi tímabil, næstliðið tímabil og eitt samanburðartímabil til viðbótar). Einingunni er þó ekki skylt að setja fram þriðja efnahagsreikninginn, þriðja yfirlitið um sjóðstreymi eða þriðja yfirlitið um breytingar á eigin fé (þ.e. samanburðarreikningsskil til viðbótar) Þess er krafist að einingin setji fram, í skýringunum við reikningsskilin, samanburðarupplýsingar tengdar þeim viðbótarrekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu.

39–40 [Felldur brott]

Breytingar á reikningsskilaaðferð, afturvirkri endurgerð eða endurflokkun

40A Eining skal setja fram þriðja efnahagsreikninginn eins og staðan var við upphaf næstliðins tímabils til viðbótar við lágmarkssamanburðarreikningsskil sem krafist er í lið 38A ef:

a) hún beitir reikningsskilaaðferð afturvirkt, gerir afturvirka endurgerð liða í reikningsskilum sínum eða endurflokkar liði í reikningsskilum sínum og

b) afturvirk beiting, afturvirk endurgerð eða endurflokkun hefur veruleg áhrif á upplýsingarnar í efnahagsreikningnum við upphaf næstliðins tímabils.

40B Við þær aðstæður sem lýst er í lið 40A skal eining setja fram þrjá efnahagsreikninga miðað við stöðuna eins og hún var:

a) við lok yfirstandandi tímabils,

b) við lok næstliðins tímabils, og

c) við upphaf næstliðins tímabils.

40C Þegar þess er krafist að eining leggi fram viðbótarefnahagsreikning í samræmi við lið 40A skal hún birta upplýsingarnar sem krafist er í liðum 41–44 og IAS-staðli 8. Hún þarf þó ekki að leggja fram tengdar skýringar við upphafsefnahagsreikning eins og hann er við upphaf næstliðins tímabils.

40D Dagsetning þess upphafsefnahagsreiknings skal vera við upphaf næstliðins tímabils án tillits til þess hvort að í reikningsskilum einingar séu settar fram samanburðarupplýsingar varðandi fyrri tímabil (eins og heimilað er í lið 38C).

41 Ef eining breytir framsetningu eða flokkun liða í reikningsskilum sínum skal hún endurflokka samanburðarfjárhæðir, nema endurflokkun sé ógerleg. Ef eining endurflokkar samanburðarfjárhæðir skal hún birta upplýsingar um (þ.m.t. eins og staðan var við upphaf næstliðins tímabils):

a) eðli endurflokkunarinnar,

b) fjárhæð hvers liðar eða flokks liða sem er endurflokkaður, og

c) ástæðu endurflokkunarinnar.

42 Þegar ógerlegt er að endurflokka samanburðarfjárhæðir skal eining birta:

a) ástæðu þess að fjárhæðirnar eru ekki endurflokkaðar og

b) eðli þeirra leiðréttinga sem hefðu verið gerðar á samanburðarfjárhæðum ef fjárhæðirnar hefðu verið endurflokkaðar.

43 Aukið samanburðarhæfi upplýsinga milli tímabila kemur notendum að notum við að taka efnahagslegar ákvarðanir, einkum með því að gera þeim kleift að meta leitni í fjárhagsupplýsingum til að gera spár. Í sumum tilvikum er ógerlegt að endurflokka samanburðarupplýsingar um tiltekið fyrra tímabil til þess að þær séu samanburðarhæfar við yfirstandandi tímabil. Til dæmis getur verið að eining hafi ekki safnað gögnum á fyrra tímabili (tímabilum) með þeim hætti að hægt sé að endurflokka þau og verið getur að ógerlegt sé að endurgera upplýsingarnar.

44 Í IAS-staðli 8 eru settar fram leiðréttingar sem krafist er að séu gerðar á samanburðarupplýsingum þegar eining breytir reikningsskilaaðferð eða leiðréttir skekkju.

Samkvæmni í framsetningu

45 Eining skal halda framsetningu og flokkun liða í reikningsskilum óbreyttum frá einu tímabili til annars nema:

a) ljóst sé, í kjölfar verulegrar breytingar á eðli rekstrar einingarinnar eða endurskoðunar á reikningsskilum hennar, að önnur framsetning eða flokkun eigi betur við, með hliðsjón af viðmiðum fyrir vali og beitingu reikningsskilaaðferða í IAS-staðli 8, eða

b) gerð sé krafa um það í IFRS-staðli að framsetningu sé breytt.

46 Til dæmis getur mikilvæg yfirtaka eða ráðstöfun eða endurskoðun á framsetningu reikningsskilanna gefið til kynna að setja þurfi reikningsskilin fram með öðrum hætti. Eining breytir því einungis framsetningu reikningsskila sinna að upplýsingar í breyttri framsetningu séu áreiðanlegar og mikilvægari fyrir notendur reikningsskilanna og líklegt sé að haldið verði áfram að nota endurskoðuðu efnisskipanina þannig að samanburðarhæfi skerðist ekki. Þegar slíkar breytingar eru gerðar á framsetningu endurflokkar einingin samanburðarupplýsingar sínar í samræmi við 41. og 42. lið.

EFNISSKIPAN OG INNIHALD

Inngangur

47 Í þessum staðli er gerð krafa um tilteknar upplýsingar í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi(um) og yfirliti(um) um aðra heildarafkomu, eða í yfirliti um breytingar á eigin fé og gerð er krafa um að aðrar sérlínur séu tilgreindar, annaðhvort í þessum yfirlitum eða í skýringunum. Í IAS-staðli 7: *yfirlit um sjóðstreymi* eru settar fram kröfur um framsetningu á upplýsingum um sjóðstreymi.

48 Í þessum staðli er hugtakið „upplýsingar“ stundum notað í víðum skilningi, sem nær yfir liði sem koma fram í reikningsskilum. Einnig er krafist upplýsinga í öðrum IFRS-stöðlum. Hægt er að gefa slíkar upplýsingar í reikningsskilunum, nema annað sé tekið fram annars staðar í þessum staðli eða í öðrum IFRS-staðli.

Auðkenning reikningsskilanna

49 Eining skal auðkenna reikningsskilin greinilega og aðgreina þau frá öðrum upplýsingum í sama skjali sem birt er.

50 IFRS-staðlar gilda einungis um reikningsskil en ekki endilega um aðrar upplýsingar sem eru settar fram í ársskýrslu, gögnum sem er skilað til eftirlitsaðila eða öðru skjali. Af þessum sökum er mikilvægt að notendur geti aðgreint upplýsingar sem eru settar fram með því að beita IFRS-stöðlum, frá öðrum upplýsingum sem geta verið gagnlegar notendum en falla ekki undir þessar kröfur.

51 Eining skal auðkenna sérhver reikningsskil og skýringar með skýrum hætti. Auk þess skal eining birta eftirfarandi upplýsingar með áberandi hætti og endurtaka þær þegar nauðsynlegt er til þess að þær upplýsingar sem birtar eru skiljist á réttan hátt:

a) heiti eða annað auðkenni þeirrar einingar sem reikningsskilin taka til og allar breytingar á þeim upplýsingum frá lokum næstliðins reikningsskilatímabils,

b) hvort reikningsskilin taka til einingarinnar sjálfrar eða til einingasamstæðu,

c) dagsetningu loka reikningsskilatímabils eða tímabilsins sem reikningsskil eða skýringar ná yfir,

d) framsetningargjaldmiðil, eins og skilgreint er í IAS-staðli 21, og

e) stig námundunar sem er notað við framsetningu fjárhæða í reikningsskilunum.

52 Eining uppfyllir kröfurnar í 51. lið með því að birta viðeigandi fyrirsagnir fyrir síður, uppgjör, skýringar, dálka o.þ.h. Meta þarf hvernig best er að haga framsetningu slíkra upplýsinga. Til dæmis er blaðsíðuskipting ekki alltaf notuð þegar eining setur reikningsskil fram á rafrænu formi og eru þá framangreindir liðir tilgreindir til að tryggt sé að réttur skilningur fáist á þeim upplýsingum sem veittar eru í reikningsskilunum.

53 Eining gerir reikningsskil oft skiljanlegri með því að setja fram upplýsingar í þúsundum eða milljónum eininga framsetningargjaldmiðilsins. Þetta er ásættanlegt svo lengi sem einingin upplýsir um stig námundunar og sleppir ekki mikilvægum upplýsingum.

Efnahagsreikningur

Upplýsingar sem setja skal fram í efnahagsreikningi

54 Efnahagsreikningur skal að lágmarki innihalda sérlínur þar sem eftirfarandi fjárhæðir eru tilgreindar:

a) varanlegir rekstrarfjármunir,

b) fjárfestingareignir,

c) óefnislegar eignir,

d) fjáreignir (að undanskildum fjárhæðum sem eru tilgreindar í e-, h- og i-lið),

da) söfn samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17 sem eru eignir, sundurgreint eins og krafist er í 78. lið IFRS-staðals 17,

e) fjárfestingar, sem færðar eru með því að nota hlutdeildaraðferðina,

f) lífrænar eignir sem falla innan gildissviðs IAS-staðals 41, *landbúnaður*,

g) birgðir,

h) viðskiptakröfur og aðrar kröfur,

i) handbært fé og ígildi þess,

j) samtala eigna, sem flokkaðar eru sem haldið til sölu, og eigna sem eru innifaldar í ráðstöfunarflokkum sem flokkast sem haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*,

(k) viðskiptaskuldir og aðrar skuldir,

(l) reiknaðar skuldbindingar,

(m) fjárskuldir (að undanskildum fjárhæðum sem eru tilgreindar í k- og l-lið),

ma) söfn samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17 sem eru skuldir, sundurgreint eins og krafist er í 78. lið IFRS-staðals 17,

(n) skammtímaskattskuldir og -eignir eins og skilgreint er í IAS-staðli 12, *tekjuskattar*,

(o) frestaðar skattskuldir og frestaðar skattinneignir eins og skilgreint er í IAS-staðli 12,

p) skuldir sem eru innifaldar í ráðstöfunarflokkum sem flokkaðir eru sem haldið til sölu í samræmi IFRS-staðal 5,

(q) hlutir sem ekki eru ráðandi, sett fram innan eigin fjár, og

(r) útgefið hlutafé og varasjóði sem rekja má til eigenda móðurfélagsins.

55 Eining skal setja fleiri sérlínur (þ.m.t. með því að aðgreina sérlínurnar í 54. lið), fyrirsagnir og millisamtölur fram í efnahagsreikningi þegar slík framsetning skiptir máli fyrir skilning á fjárhagsstöðu einingarinnar.

55A Þegar eining setur fram millisamtölur í samræmi við 55. lið skulu samtölurnar:

a) samanstanda af sérlínum, mynduðum af fjárhæðum sem eru færðar og metnar í samræmi við IFRS-staðla,

b) settar fram og auðkenndar þannig að sérlínurnar sem millisamtalan samanstendur af séu skýrar og skiljanlegar,

c) vera í samræmi frá einu tímabili til annars sbr. 45. lið og

d) ekki sýndar á meira áberandi hátt en þær millisamtölur og heildartölur sem IFRS-staðlar krefjast í efnahagsreikningi.

56 Þegar eining setur fram veltufjármuni og fastafjármuni og skammtímaskuldir og langtímaskuldir sem sérstaka flokka í efnahagsreikningnum skal hún ekki flokka frestaðar skattinneignir (-skuldir) sem veltufjármuni (skammtímaskuldir).

57 Í þessum staðli er ekki mælt fyrir um í hvaða röð eða með hvaða sniði eining skuli setja fram liði. Í 54. lið er einungis skrá yfir þá liði sem eru nægilega ólíkir að eðli eða hlutverki að réttlætanlegt sé að setja þá fram aðgreinda í efnahagsreikningi. Auk þess gildir eftirfarandi:

a) liðir í sérlínum eru taldir með þegar stærð, eðli eða hlutverk liðar eða samtölu sambærilegra liða er með þeim hætti að það skiptir máli fyrir skilning á fjárhagsstöðu einingarinnar að setja þá fram aðgreinda og

b) breytingar geta verið gerðar á þeim lýsingum, sem eru notaðar, og röðun liða eða samtölum sambærilegra liða í samræmi við eðli einingarinnar og viðskipta hennar til þess að veita upplýsingar sem skipta máli fyrir skilning á fjárhagsstöðu einingarinnar. Til dæmis getur fjármálastofnun breytt ofangreindum lýsingum til að veita upplýsingar sem skipta máli fyrir starfsemi fjármálastofnunar.

58 Eining tekur ákvörðun um hvort setja eigi viðbótarliði fram aðgreinda á grundvelli mats á eftirfarandi:

a) eðli og innleysanleika eigna,

b) hlutverki eigna innan einingarinnar og

c) fjárhæðum, eðli og tímasetningu skuldbindinga.

59 Notkun mismunandi matsgrunna fyrir mismunandi flokka eigna gefur til kynna að eðli þeirra eða hlutverk sé ólíkt og því skuli eining setja þá fram í sérlínum. Mismunandi flokkar varanlegra rekstrarfjármuna geta t.d. verið bókfærðir á kostnaðarverði eða endurmetnu verði í samræmi við IAS-staðal 16.

Greining í skammtímaliði og langtímaliði

60 Eining skal setja fram veltufjármuni og fastafjármuni og skammtímaskuldir og langtímaskuldir sem sérstaka flokka í efnahagsreikningi í samræmi við 66.–76. lið nema þegar framsetning, sem byggir á innleysanleika, veitir áreiðanlegar upplýsingar sem eiga betur við. Þegar sú undantekning á við skal eining tilgreina allar eignir og skuldir eftir innleysanleika þeirra.

61 Óháð því hvaða aðferð er beitt við framsetningu, skal eining birta fjárhæðina sem gert er ráð fyrir að verði endurheimt eða gerð upp eftir meira en tólf mánuði fyrir hvern eigna- og skuldalið, sem saman fela í sér þær fjárhæðir sem vænst er að verði endurheimtar eða gerðar upp:

a) eigi síðar en tólf mánuðum eftir reikningsskilatímabilið, og

b) meira en tólf mánuðum eftir reikningsskilatímabilið.

62 Þegar eining selur vörur eða þjónustu innan skýrt afmarkaðrar rekstrarlotu, veitir sérstök flokkun á veltufjármunum og fastafjármunum og skammtíma- og langtímaskuldum í efnahagsreikningi gagnlegar upplýsingar með þeim hætti að aðgreindar eru hreinar eignir sem eru á stöðugri hreyfingu sem veltufé, frá þeim eignum sem eru notaðar í langtímarekstri einingarinnar. Þetta dregur jafnframt fram eignir gert er ráð fyrir að verði innleystar innan yfirstandandi rekstrarlotu og skuldir sem gera skal upp innan sama tímabils.

63 Fyrir nokkrar einingar, t.d. fjármálastofnanir, veitir framsetning á eignum og skuldum í hækkandi eða lækkandi röð eftir innleysanleika upplýsingar sem eru áreiðanlegar og eiga betur við en framsetning eftir skammtíma- og langtímaliðum vegna þess að einingin selur ekki vörur eða veitir þjónustu innan skýrt afmarkaðrar rekstrarlotu.

64 Þegar eining beitir 60. lið er henni heimilt að setja fram sumar eigna sinna og skulda með því að nota flokkun eftir skammtíma- og langtímaliðum og aðrar eftir innleysanleika þegar þannig fást upplýsingar sem eru áreiðanlegar og eiga betur við. Þörfin fyrir blandaða framsetningu gæti komið upp þegar rekstur einingar er fjölbreytilegur.

65 Upplýsingar um áætlaðar dagsetningar fyrir innlausn eigna og skulda eru gagnlegar við mat á innleysanleika og gjaldþoli einingar. IFRS-staðall 7, *fjármálagerningar*: *upplýsingagjöf* er gerð krafa um að greint sé frá gjalddögum fjáreigna og fjárskulda. Til fjáreigna teljast viðskiptakröfur og aðrar kröfur og til fjárskulda teljast viðskiptaskuldir og aðrar skuldir. Upplýsingar um áætlaða dagsetningu endurheimtar á ópeningalegum eignum s.s. birgðum og áætlaða dagsetningu uppgjörs skuldbindinga s.s. reiknaðra skuldbindinga, eru líka gagnlegar hvort sem eignir og skuldir eru flokkaðar sem skammtíma eða langtíma. Til dæmis birtir eining fjárhæðina á birgðum sem gert er ráð fyrir að verði endurheimt meira en tólf mánuði eftir reikningsskilatímabilið.

Veltufjármunir

66 Eining skal flokka eign sem veltufjármuni þegar:

a) vænst er að eignin verði innleyst eða hún er ætluð til sölu eða notkunar í reglulegri rekstrarlotu,

b) hún er ætluð til veltuviðskipta,

c) vænst er að eignin verði innleyst innan tólf mánaða eftir reikningsskilatímabilið, eða

d) hún er handbært fé eða ígildi handbærs fjár (eins og það er skilgreint í IAS-staðli 7 nema takmarkanir séu á því að nota hana til skipta eða til að gera upp skuld í a.m.k. tólf mánuði eftir lok reikningsskilatímabilsins.

Eining skal flokka allar aðrar eignir sem fastafjármuni.

67 Í þessum staðli nær hugtakið „fastafjármunir“ yfir efnislegar og óefnislegar eignir og fjáreignir sem eru í eðli sínu til langs tíma. Ekki er þó bannað að nota aðra lýsingu, svo framarlega sem merkingin er skýr.

68 Rekstrarlota einingar er sá tími sem líður frá því að eignir eru keyptar til vinnslu og þar til þeim hefur verið komið í handbært fé eða ígildi þess. Þegar ekki er unnt að afmarka skýrt venjulega rekstrarlotu einingarinnar er gert ráð fyrir að hún vari í 12 mánuði. Til veltufjármuna teljast eignir (s.s. birgðir og viðskiptakröfur) sem eru seldar, notaðar eða innleystar sem hluti af venjulegri rekstrarlotu jafnvel þótt ekki sé búist við að þær verði innleystar innan 12 mánaða eftir reikningsskilatímabil. Til veltufjármuna teljast eignir sem fyrst og fremst eru ætlaðar til veltuviðskipta (sem dæmi eru tilteknar fjáreignir sem uppfylla skilgreininguna um að vera ætlaðar til veltuviðskipta í IFRS-staðli 9) og sá hluti fastafjármuna sem er til skamms tíma.

Skammtímaskuldir

69 Eining skal flokka skuld sem skammtímaskuld þegar:

a) vænst er að hún verði gerð upp í venjulegri rekstrarlotu einingarinnar,

b) hún er fyrst og fremst ætluð til veltuviðskipta,

c) skuldin skal gerð upp innan tólf mánaða frá lokum reikningsskilatímabils eða

d) hún hefur ekki skilyrðislausan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. tólf mánuði frá lokum reikningsskilatímabilsins (sjá 73. lið). Skilmálar skuldbindingar, sem geta, vegna valréttar mótaðila, leitt til uppgjörs við útgáfu eiginfjárgerninga, hafa ekki áhrif á flokkunina.

Eining skal flokka allar aðrar skuldir sem langtímaskuldir.

70 Sumar skammtímaskuldir, s.s. viðskiptaskuldir, ákveðin áfallin gjöld vegna starfsmanna og annar rekstrarkostnaður, eru hluti af því veltufé sem er notað í venjulegri rekstrarlotu einingar. Eining flokkar slíka rekstrarliði sem skammtímaskuldir jafnvel þótt ekki eigi að gera þær upp fyrr en meira en tólf mánuðum eftir reikningsskilatímabilið. Sama venjulega rekstrarlota gildir um flokkun á eignum og skuldum einingar. Þegar ekki er unnt að afmarka skýrt venjulega rekstrarlotu einingarinnar er gert ráð fyrir að lengd hennar sé tólf mánuðir.

71 Aðrar skammtímaskuldir eru ekki gerðar upp á tímabili yfirstandandi rekstrarlotu en falla í gjalddaga innan tólf mánaða eftir reikningsskilatímabil eða eru fyrst og fremst ætlaðar til veltuviðskipta. Dæmi um þetta eru tilteknar fjárskuldir sem uppfylla skilgreininguna um að vera ætlaðar til veltuviðskipta í IFRS-staðli 9, yfirdráttarlán í banka og sá hluti langtímaskulda sem er til skamms tíma, úthlutaður, ógreiddur arður, tekjuskattur og aðrar órekstrartengdar skuldir. Fjárskuldir, sem eru til fjármögnunar til langs tíma (þ.e. eru ekki hluti af veltufé sem notað er í venjulegri rekstrarlotu einingarinnar) og falla ekki í gjalddaga innan 12 mánaða eftir reikningsskilatímabil, eru langtímaskuldir með fyrirvara um ákvæði 74. og 75. liðar.

72 Eining flokkar fjárskuldir sínar sem skammtímaskuldir þegar á að gera þær upp innan tólf mánaða eftir reikningsskilatímabilið, jafnvel þótt:

a) gert hafi verið ráð fyrir lengra tímabili en tólf mánuðum í upphaflegum skilmálum og

b) gerður hafi verið langtímasamningur um endurfjármögnun eða breytingu á endurgreiðslum eftir reikningsskilatímabilið og áður en reikningsskilin eru heimiluð til birtingar.

73 Ef eining væntir þess, og á þess kost, að endurfjármagna eða fresta gjalddaga skuldbindingar í a.m.k. tólf mánuði eftir reikningsskilatímabilið samkvæmt núverandi lánssamningi flokkar hún skuldbindinguna sem langtímaskuld jafnvel þótt gjalddagi hennar hefði að öðrum kosti verið innan styttra tímabils. Aftur á móti ef einingin á þess ekki kost að endurfjármagna eða fresta gjalddaga (t.d. þegar ekki er samkomulag um endurfjármögnun) tekur einingin ekki tillit til möguleikans á endurfjármögnun skuldbindingarinnar og flokkar hana sem skammtímaskuld.

74 Þegar eining brýtur ákvæði langtímalánsamnings á eða fyrir loka reikningsskilatímabilsins sem leiðir til þess að skuldin kemur til greiðslu þegar krafist er, flokkar hún skuldina sem skammtímaskuld, jafnvel þótt lánveitandinn hafi samþykkt, eftir reikningsskilatímabilið og áður en birting reikningsskilanna hefur verið heimiluð, að krefjast ekki greiðslu vegna samningsrofsins. Einingin flokkar skuldina sem skammtímaskuld vegna þess, við lok reikningsskilatímabilsins, hún hefur ekki skilyrðislausan rétt til að fresta uppgjöri hennar í a.m.k. tólf mánuði eftir þann dag.

75 Eining flokkar þó skuldina sem langtímaskuld ef lánveitandi samþykkti, fyrir lok reikningsskilatímabilsins, að veita greiðslufrest sem lýkur a.m.k. tólf mánuðum eftir reikningsskilatímabilið, og á því tímabili getur einingin leiðrétt samningsrofið og lánveitandinn ekki krafist tafarlausrar endurgreiðslu.

76 Að því er varðar lán sem flokkuð eru sem skammtímaskuldir, ef eftirfarandi atburðir gerast milli loka reiknings skilatímabilsins og dagsetningarinnar sem útgáfa reikningsskilanna er heimiluð, eru veittar upplýsingar um þá atburði sem atburði sem ekki kalla á leiðréttingu í samræmi við IAS-staðal 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*:

a) langtímaendurfjármögnun,

b) leiðrétting á broti á langtímalánssamningi og

c) lánveitandi veitir greiðslufrest til að leiðrétta brot á langtímalánasamningi, sem lýkur a.m.k. tólf mánuðum eftir reikningsskilatímabilið.

Upplýsingar sem skal setja fram annaðhvort í efnahagsreikningi eða í skýringunum

77 Eining skal birta, annaðhvort í efnahagsreikningi eða í skýringunum, frekari undirflokkun á sérlínum sem eru settar fram og flokkaðar á þann hátt sem er viðeigandi fyrir starfsemi einingarinnar.

78 Það ræðst af kröfum í IFRS-stöðlum og stærð, eðli og hlutverki þeirra fjárhæða sem um er að ræða hversu ítarleg flokkunin í undirflokka er. Eining notar einnig þættina sem settir eru fram í 58. lið til að ákvarða grundvöllinn fyrir undirflokkun. Upplýsingarnar eru mismunandi eftir liðum, t.d.:

a) er varanlegum rekstrarfjármunaliðum skipt niður í smærri flokka í samræmi við IAS-staðal 16,

b) er kröfum skipt niður eftir því hvort um er að ræða fjárhæðir, sem viðskiptavinir skulda, kröfur á tengda aðila, fyrirframgreiðslur eða aðrar fjárhæðir,

c) eru birgðir sundurliðaðar í samræmi við IAS-staðal 2, *birgðir*, í flokka eins og vörur til endursölu, rekstrarvörur, hráefni, verk í vinnslu og fullunnar vörur,

d) er reiknuðum skuldbindingum skipt niður í skuldbindingar vegna starfskjara og aðra liði og

e) hlutafé og varasjóðum skipt niður í ýmsa flokka, s.s. innborgað hlutafé, yfirverð á hlutafé og varasjóði.

79 Eining skal birta eftirfarandi, annaðhvort í efnahagsreikningi eða yfirliti um breytingar á eigin fé, eða í skýringunum:

a) fyrir sérhvern flokk hlutafjár:

(i) fjölda hluta, sem heimilt er að gefa út,

(ii) fjölda útgefinna hluta, sem greiddir hafa verið til fulls, og útgefinna hluta, sem ekki hafa verið greiddir til fulls,

(iii) nafnverð einstakra hluta eða það að hlutirnir hafa ekki nafnverð,

(iv) afstemmingu fjölda virkra hluta í upphafi og lok tímabilsins,

(v) réttindi, forgangsrétti og takmarkanir sem tengjast þeim flokki, þ.m.t. hömlur á arðgreiðslur og endurgreiðslur hlutafjár,

(vi) eigin hluti eða hluti í eigu dótturfélaga eða hlutdeildarfélaga, og

(vii) hluti, sem geymdir eru til útgáfu vegna valréttar eða samninga um sölu hluta, þ.m.t. skilmálar og fjárhæðir, og

b) lýsingu á eðli og tilgangi sérhvers varasjóðs meðal eigin fjár.

80 Eining, sem ekki er með hlutafé, s.s. sameignarfélag eða fjárvörslusjóður, skal veita upplýsingar sem eru jafngildar þeim sem krafist er í a-lið 79. liðar og sýna breytingar á tímabilinu í hverjum flokki eiginfjár-hlutdeildar og réttindi, forgangsrétti og takmarkanir sem settar hafa verið á hvern flokk eiginfjárhlutdeildar.

80A Ef eining hefur endurflokkað

a) innleysanlegan fjármálagerning sem er flokkaður sem eiginfjárgerningur, eða

b) gerning sem leggur þá skyldu á einingu að flytja hlutfallslegan hluta af hreinum eignum einingar til annars aðila einungis við félagsslit og flokkaður er sem eiginfjárgerningur

milli fjárskulda og eigin fjár skal hún birta upplýsingar um þá fjárhæð sem er endurflokkuð inn í og út úr hverjum flokki (fjárskuldir eða eigið fé), tímasetningu og ástæðu fyrir endurflokkuninni.

Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu

81A Rekstrarreikningurinn og önnur heildarafkoma (yfirlit um heildarafkomu) skal, til viðbótar við þættina hagnaður eða tap og önnur heildarafkoma, sýna:

a) hagnað eða tap,

b) aðra heildarafkomu alls,

c) heildarafkomu fyrir tímabilið, sem er samtala hagnaðar og taps og annarrar heildarafkomu.

Ef eining setur fram sérstakan rekstrarreikning skal hún ekki setja þáttinn um hagnað eða tap fram í yfirlitinu um heildarafkomu.

81B Eining skal setja fram eftirfarandi liði, til viðbótar við þættina hagnað eða tap og aðra heildarafkomu, sem úthlutun hagnaðar eða taps og annarrar heildarafkomu fyrir tímabilið:

a) hagnaður eða tap tímabilsins sem rekja má til:

i. hluta sem ekki eru ráðandi, og

ii. eigenda móðurfélags.

b) heildarafkoma fyrir tímabilið sem rekja má til:

i. hluta sem ekki eru ráðandi, og

ii. eigenda móðurfélags.

Ef eining setur fram hagnað eða tap í sérstöku yfirliti skal það sett fram sem a) í því yfirliti.

Upplýsingar sem ber að setja fram í þættinum um hagnað eða tap eða í rekstrarreikningnum

81 [Felldur brott]

82 Til viðbótar við þá þætti sem krafist er í öðrum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skulu vera í þættinum um hagnað eða tap eða rekstrarreikningnum sérlínur þar sem eftirfarandi fjárhæðir fyrir tímabilið eru settar fram:

a) tekjuliðir, með aðgreindri framsetningu:

i. á vaxtatekjum sem reiknaðar eru með aðferð virkra vaxta og

ii. á vátryggingartekjum (sjá IFRS-staðal 17),

aa) hagnaður og tap vegna afskráningar fjáreigna sem eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði,

ab) gjöld vegna vátryggingaþjónustu sem eru til komin vegna samninga sem gefnir eru út innan gildissviðs IFRS-staðals 17 (sjá IFRS-staðal 17),

ac) tekjur eða gjöld af endurtryggingarsamningum til eigin endurtrygginga (sjá IFRS-staðal 17),

b) fjármagnskostnaður,

ba) virðisrýrnunartap (þ.m.t. bakfærslur á virðisrýrnunartapi eða -hagnaði) sem er ákveðið í samræmi við þátt 5.5 í IFRS-staðli 9,

bb) fjármagnstekjur eða -gjöld af samningum sem gefnir eru út innan gildissviðs IFRS-staðals 17 (sjá IFRS-staðal 17),

bc) fjármagnstekjur eða -gjöld af endurtryggingarsamningum til eigin endurtrygginga (sjá IFRS-staðal 17),

c) hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga og samrekstrar sem færð er með hlutdeildaraðferð,

ca) ef fjáreign er endurflokkuð úr matsflokknum afskrifað kostnaðarverð þannig að hún er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, sérhver hagnaður eða tap sem leiðir af mismuninum á fyrra afskrifuðu kostnaðarverði fjáreignarinnar og gangvirði hennar á endurflokkunardeginum (eins og skilgreint er í IFRS-staðli 9),

cb) ef fjáreign er endurflokkuð úr matsflokknum gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu þannig að hún er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, sérhver uppsafnaður hagnaður eða tap sem var áður fært í aðra heildarafkomu og er endurflokkað í rekstrarreikning,

d) skattkostnaður,

e) [felldur brott]

ea) ein fjárhæð fyrir samtöluna á aflagðri starfsemi (sjá IFRS-staðal 5).

f) – i) [felldur brott]

Upplýsingar sem skulu settar fram í þættinum um aðra heildarafkomu

82A Í þættinum um aðra heildarafkomu skal setja fram sérlínur fyrir fjárhæðir á tímabilinu fyrir:

a) liði annarrar heildarafkomu (að undanskildum fjárhæðum í b-lið), flokkaðar eftir eðli þeirra og skipað saman í þær sem, í samræmi við aðra alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla):

i. verða ekki endurflokkaðar síðar og færðar í rekstrarreikning og

ii. verða endurflokkaðar síðar og færðar rekstrarreikning að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

b) hlutdeild í annarri heildarafkomu hlutdeildarfélaga og samrekstrar sem færð er með hlutdeildaraðferð, aðgreindar eftir hlutdeild liða sem, í samræmi við aðra alþjóðlega reikningsskilastaðla:

i. verða ekki endurflokkaðar síðar og færðar í rekstrarreikning og

ii. verða endurflokkaðar síðar og færðar í rekstrarreikning að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

83–84 [Felldur brott]

85 Eining skal setja fleiri sérlínur (þ.m.t. með því að aðgreina sérlínurnar í 82. lið), fyrirsagnir og millisamtölur fram í yfirliti eða yfirlitum um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu þegar slík framsetning skiptir máli fyrir skilning á rekstrarárangri einingarinnar.

85A Þegar eining setur fram millisamtölur í samræmi við 85. lið skulu samtölurnar:

a) samanstanda af sérlínum, mynduðum af fjárhæðum sem eru færðar og metnar í samræmi við IFRS-staðla,

b) settar fram og auðkenndar þannig að sérlínurnar sem millisamtalan samanstendur af séu skýrar og skiljanlegar,

c) vera í samræmi frá einu tímabili til annars sbr. 45. lið og

d) ekki sýndar á meira áberandi hátt en þær millisamtölur og heildartölur sem krafist er í IFRS-staðli fyrir yfirlitið eða yfirlitin sem sýna hagnað eða tap og aðra heildarafkomu.

85B Eining skal setja fram sérlínurnar í yfirliti eða yfirlitum um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu, þar sem millisamtölur eru stemmdar af í samræmi við 85. lið við millisamtölur og heildartölur sem krafist er í IFRS-staðli fyrir slíka yfirlýsingu/slíkar yfirlýsingar.

86 Vegna þess að áhrif af margvíslegri starfsemi einingar, viðskiptum og öðrum atburðum eru mismunandi varðandi tíðni, möguleika á ágóða eða tapi og fyrirsegjanleika, hjálpa upplýsingar um einstaka þætti í rekstrarárangri notendum að skilja þann rekstrarárangur sem náðst hefur og við gerð spáa um rekstrarárangur í framtíðinni. Eining tekur með viðbótarsérlínur í yfirlitið eða yfirlitin um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu og hún breytir lýsingunum sem notaðar eru og uppröðuninni á liðum þegar nauðsynlegt er til að útskýra einstaka þætti rekstrarárangursins. Eining tekur tillit til þátta eins og mikilvægis og eðlis og hlutverks einstakra tekju- og gjaldaliða. Til dæmis getur fjármálastofnun breytt lýsingum til að veita upplýsingar sem skipta máli fyrir rekstur fjármálastofnunar. Eining jafnar ekki tekju- og gjaldaliði nema skilyrðin í 32. lið séu uppfyllt.

87 Eining skal ekki setja fram neina tekju- eða gjaldaliði sem óreglulega liði, hvorki í yfirliti um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu né í skýringunum.

Hagnaður eða tap á tímabilinu

88 Eining skal færa inn alla tekju- og gjaldaliði á tímabil í rekstrarreikningi, nema IFRS-staðall geri kröfu um eða heimili annað.

89 Í sumum IFRS-stöðlum eru tilgreindar aðstæður þar sem eining færir tiltekna liði utan rekstrarreiknings á yfirstandandi tímabili. Í IAS-staðli 8 eru tilgreindar tvenns konar slíkar aðstæður: leiðréttingin á skekkjum og áhrifin af breytingum á reikningsskilaaðferðum. Í öðrum IFRS-stöðlum er gerð krafa um eða heimilað að þættir í annarri heildarafkomu, sem samrýmast skilgreiningu á tekjum eða gjöldum í *Hugtakarammanum*, séu undanskildir frá rekstrarreikningi (sjá 7. lið).

Yfirlit um aðra heildarafkomu á tímabilinu

90 Eining skal birta fjárhæð tekjuskatts sem tengist hverjum lið í annarri heildarafkomu, að meðtöldum endurflokkunarleiðréttingum, annaðhvort í rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu eða í skýringum.

91 Eining getur birt liði annarrar heildarafkomu, annaðhvort:

a) að frádregnum tengdum skattalegum áhrifum eða

b) á undan tengdum skattalegum áhrifum, með einni fjárhæð fyrir heildarfjárhæð tekjuskatts sem tengist þessum liðum.

Ef einingin velur valkost b) skal hún skipta skattinum á þá liði sem gætu verið endurflokkaðir síðar í þáttinn um hagnað eða tap og þá liði sem ekki verða endurflokkaðir síðar í þáttinn um hagnað eða tap.

92 Eining skal upplýsa um endurflokkunarleiðréttingar í tengslum við þætti annarrar heildarafkomu.

93 Í öðrum IFRS-stöðlum er tilgreint hvort og hvenær fjárhæðir, sem áður voru færðar í aðra heildarafkomu, eru endurflokkaðar og færðar í rekstrarreikning. Vísað er til slíkra endurflokkana í þessum staðli sem endurflokkunarleiðréttinga. Endurflokkunarleiðrétting fellur undir tengdan þátt annarrar heildarafkomu á tímabilinu þegar leiðréttingin er endurflokkuð í rekstrarreikning. Þessar fjárhæðir kunna að hafa verið færðar í aðra heildarafkomu sem óinnleystur hagnaður á yfirstandandi eða fyrri tímabilum. Draga þarf þennan óinnleysta hagnað frá annarri heildarafkomu tímabilsins, þar sem innleystur hagnaður er endurflokkaður og færður í rekstrarreikning til að koma í veg fyrir að hann sé tvítalinn í samanlagðri heildarafkomu.

94 Eining getur birt endurflokkunarleiðréttingar í rekstrarreikningi(um) og yfirliti(um) um aðra heildarafkomu eða í skýringum. Eining sem birtir endurflokkunarleiðréttingar í skýringum setur fram liði annarrar heildarafkomu á eftir tengdum endurflokkunarleiðréttingum.

95 Endurflokkunarleiðréttingar eiga sér t.d. stað við ráðstöfun á erlendum rekstri (sjá IAS-staðal 21) og þegar áhættuvarið, áætlað sjóðstreymi hefur áhrif á rekstrarreikning (sjá d-lið í lið 6.5.11 í IFRS-staðli 9 í tengslum við sjóðstreymisvarnir).

96 Endurflokkunarleiðréttingar eiga sér ekki stað við breytingar á endurmatsreikningi sem færður er í samræmi við IAS-staðal 16 eða IAS-staðal 38, eða við endurmat á réttindatengdu kerfi sem fært er í samræmi við IAS-staðal 19. Þessir þættir eru færðir í aðra heildarafkomu og eru ekki endurflokkaðir í rekstrarreikning á síðari tímabilum. Breytingar á endurmatsreikningi er hægt að flytja á óráðstafað eigið fé á síðari tímabilum þegar eignin er notuð eða þegar hún er afskráð (sjá IAS-staðal 16 og IAS-staðal 38). Í samræmi við IFRS-staðal 9 kemur ekki til endurflokkunarleiðréttinga ef sjóðstreymisvörn eða reikningsskil vegna tímavirðis valréttar (eða framvirkur þáttur í framvirkum samningi eða grunnálag erlends gjaldmiðils í fjármálagerningi) leiðir til fjárhæða sem eru færðar úr varasjóði sjóðstreymisvarnar eða sérstaks eiginfjárþáttar, eftir því sem við á, og felast með beinum hætti í upphaflegum kostnaði eða bókfærðu verði eignar eða skuldar. Þessar fjárhæðir eru fluttar beint í eignir eða skuldir.

Upplýsingar sem annaðhvort skal setja fram í rekstrarreikningi(um) og yfirliti(um) um aðra heildarafkomu eða í skýringunum

97 Þegar tekju- eða gjaldaliðir eru mikilvægir, skal eining greina frá eðli og fjárhæð þeirra með aðgreindum hætti.

98 Þær aðstæður sem gætu gefið tilefni til þess að birta aðgreinda tekju- og gjaldaliði eru m.a.:

a) niðurfærsla birgða á hreint söluvirði eða varanlega rekstrarfjármuni á endurheimtanlega fjárhæð, sem og bakfærsla slíkra niðurfærslna,

b) endurskipulagning á starfsemi einingar og bakfærsla reiknaðra skuldbindinga vegna kostnaðar við endurskipulagningu,

c) ráðstafanir á varanlegum rekstrarfjármunum,

d) ráðstafanir á fjárfestingum,

e) aflögð starfsemi,

f) lok málaferla með sátt, og

g) aðrar bakfærslur reiknaðra skuldbindinga.

99 Eining skal setja fram greiningu á gjöldum, sem færð hafa verið í rekstrarreikning, með því að nota flokkun sem annaðhvort er byggð á tegund þeirra eða hlutverki þeirra innan einingarinnar, eftir því hvor aðferðin veitir upplýsingar sem eru áreiðanlegar og meira viðeigandi.

100 Einingar eru hvattar til að setja fram greininguna sem um getur í 99. lið í yfirlitinu eða yfirlitunum um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu.

101 Gjaldaliðir eru sundurliðaðir frekar í þeim tilgangi að draga fram ýmsa liði í rekstrarárangrinum sem geta verið mismunandi að því er varðar tíðni, möguleika á ágóða eða tapi og fyrirsegjanleika. Þessar upplýsingar er hægt að veita með tvenns konar hætti.

102 Fyrri greiningaraðferðin er „tegundaflokkun“. Eining leggur saman gjöld í rekstrarreikningi í samræmi við tegund þeirra (t.d. afskriftir, hráefniskaup, flutningskostnaður, starfskjör og auglýsingakostnaður) og endurúthlutar þeim ekki á mismunandi starfssvið innan einingarinnar. Þessi aðferð kann að vera auðveld þar sem ekki er nauðsynlegt að úthluta útgjöldum eftir flokkun starfssviða. Eftirfarandi er dæmi um tegundaflokkun:

Reglulegar tekjur		X
Aðrar tekjur		X
Birgðabreytingar á fullunnum vörum og í vinnslu	X	
Hráefni og rekstrarvörur sem eru notuð	X	
Kostnaður vegna starfskjara	X	
Kostnaður vegna afskrifta	X	
Önnur útgjöld	X	
Heildarútgjöld		(X)
Hagnaður fyrir skatta		X

103 Síðari greiningaraðferðin er „starfsemiskostnaðarflokkunin“ eða „sölukostnaðaraðferðin“ og samkvæmt henni er kostnaður flokkaður eftir hlutverki sínu sem hluti af kostnaðarverði seldrar vöru eða t.d. af dreifingarkostnaði eða stjórnunarkostnaði. Samkvæmt þessari aðferð skal eining a.m.k. birta kostnaðarverð seldra vara aðgreint frá öðrum gjöldum. Þessi aðferð getur veitt notendum áreiðanlegri upplýsingar en flokkun gjalda eftir eðli, en skipting kostnaðar á starfssvið getur krafist handahófskenndrar skiptingar og ráðist töluvert af mati. Eftirfarandi er dæmi um flokkun þar sem starfsemiskostnaðaraðferð er notuð:

Reglulegar tekjur	X
Kostnaðarverð seldra vara	(X)
Vergur hagnaður	X
Aðrar tekjur	X
Dreifingarkostnaður	(X)
Stjórnunarkostnaður	(X)
Önnur útgjöld	(X)
Hagnaður fyrir skatta	X

104 Eining sem flokkar gjöld eftir starfssviði skal birta viðbótarupplýsingar um tegund kostnaðar, þ.m.t. afskriftir og kostnað vegna starfskjara.

105 Valið á milli starfsemiskostnaðaraðferðar og tegundaflokkunaraðferðar er háð sögulegum þáttum og þáttum sem tengjast atvinnugreinum og eðli einingarinnar. Báðar aðferðir gefa til kynna hvaða kostnaður geti verið breytilegur, beint eða óbeint, miðað við sölu- eða framleiðslustig einingarinnar. Þar sem báðar þessar aðferðir við framsetningu gagnast mismunandi tegundum eininga er þess krafist í þessum staðli að stjórnendur velji þá framsetningu sem á best við og sé áreiðanlegri. Hins vegar, þar sem upplýsingar um eðli gjalda eru gagnlegar við að spá fyrir um framtíðarsjóðstreymi, er þörf á viðbótarupplýsingum þegar notast er við starfsemiskostnaðarflokkunina. Í 104. lið hafa „starfskjör“ sömu merkingu og í IAS-staðli 19.

Yfirlit um breytingar á eigin fé

Upplýsingar sem skulu settar fram í yfirliti um breytingar á eigin fé

106 Eining skal birta yfirlit um breytingar á eigin fé eins og krafist er í 10. lið. Yfirlitið um breytingar á eigin fé inniheldur eftirfarandi upplýsingar:

a) heildarhagnað tímabilsins, þar sem sérgreindar heildarfjárhæðir eru sýndar sem rekja má til eigenda móðurfélags og hluta sem ekki eru ráðandi,

b) fyrir hvern eiginfjárþátt, áhrifin af afturvirkri beitingu eða afturvirkri endurgerð sem færð eru í samræmi við IAS-staðal 8, og

c) [felldur brott]

d) fyrir hvern eiginfjárþátt, afstemmingu á milli bókfærðs verðs við upphaf og lok tímabils, þar sem birtar eru aðgreindar (að lágmarki) breytingar sem stafa af:

i. hagnaði eða tapi,

ii. annarri heildarafkomu og

iii. viðskiptum við eigendur í hlutverki sínu sem eigendur, þar sem framlög frá eigendum og úthlutun til þeirra og breyting á eignarhaldi í dótturfélögum, sem leiða ekki til taps á yfirráðum, eru sýnd með sérgreindum hætti.

Upplýsingar sem skal setja fram í yfirliti um breytingar á eigin fé eða í skýringunum

106A Fyrir hvern eiginfjárþátt skal eining, annaðhvort í yfirliti um breytingar á eigin fé eða í athugasemdum, birta greiningu á annarri heildarafkomu eftir lið (sjá ii. lið d-liðar 106. liðar).

107 Eining skal, annaðhvort í yfirliti yfir breytingar á eigin fé eða í skýringunum, gefa upp fjárhæðina á arðgreiðslum sem færðar eru sem útgreiðslur til eigenda á tímabilinu og tengdri fjárhæð arðgreiðsla á hlut.

108 Í 106. lið innihalda eiginfjárþættirnir t.d. hvern flokk framlagðs eigin fjár, uppsafnaða stöðu hvers flokks annarrar heildarafkomu og óráðstafað eigið fé.

109 Breytingar á eigin fé einingar milli upphafs og loka reikningsskilatímabils endurspegla hækkun eða lækkun á hreinni eign hennar á tímabilinu. Að undanskildum breytingum vegna viðskipta við eigendur í hlutverki þeirra sem eigenda (s.s. hlutafjárframlög, endurkaup einingar á eigin eiginfjárgerningum og arðgreiðslur) og viðskiptakostnaði sem beint tengist slíkum viðskiptum, stendur heildarbreytingin á eigin fé á tímabili fyrir heildarfjárhæð tekna og gjalda, þ.m.t. hagnað og tap sem myndast af starfsemi einingarinnar á því tímabili.

110 Í IAS-staðli 8 er gerð krafa um afturvirka leiðréttingu til að koma á breytingum á reikningsskilaaðferðum, að því marki sem unnt er, nema þegar gerð er krafa er um annað í bráðabirgðaákvæðum í öðrum IFRS-staðli. Í IAS-staðli 8 er einnig gerð krafa um að endurgerð til að leiðrétta skekkjur verði afturvirk, að því marki sem unnt er. Afturvirkar leiðréttingar og afturvirk endurgerð eru ekki breytingar á eigin fé en eru leiðréttingar á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár, nema þegar krafist er afturvirkrar leiðréttingar á öðrum eiginfjárhluta í IFRS-staðli. Í b-lið 106 liðar er gerð krafa um að veittar séu upplýsingar í yfirliti um breytingar á eigin fé um heildarleiðréttingu á hverjum eiginfjárþætti sem stafar af breytingum á reikningsskilaaðferðum og, aðgreint, af leiðréttingum á skekkjum. Birtar eru upplýsingar um þessar leiðréttingar fyrir hvert fyrri tímabila og upphaf tímabilsins.

Yfirlit um sjóðstreymi

111 Upplýsingar um sjóðstreymi veita notendum reikningsskila grunn til að meta getu einingarinnar til að mynda handbært fé og ígildis þess og þörf einingarinnar til þess að nota það sjóðstreymi. Í IAS-staðli 7 eru settar fram kröfur um framsetningu og birtingu upplýsinga um sjóðstreymi.

Skýringar

Efnisskipan

112 Í skýringunum skal eftirfarandi koma fram:

a) upplýsingar um grundvöll reikningsskilanna og sérstakar reikningsskilaaðferðir sem hafa verið valdar og notaðar í samræmi við 117.–124. lið,

b) upplýsingar sem krafist er samkvæmt IFRS-stöðlum og ekki eru settar fram annars staðar í reikningsskilunum og

c) upplýsingar sem koma ekki fram annars staðar í reikningsskilunum en skipta máli fyrir skilning á þeim.

113 Eining skal setja skýringarnar fram á kerfisbundinn hátt eftir því sem unnt er. Við ákvörðun á kerfisbundnum hætti skal einingin íhuga áhrif þess á skiljanleika og samanburðarhæfi reikningsskila sinna. Eining skal með millivísun í hvern lið í efnahagsreikningi og í rekstrarreikningi(um) og yfirliti(um) um aðra heildarafkomu og í yfirlitunum um breytingar á eigin fé og um sjóðstreymi vísa í allar tengdar upplýsingar í skýringum.

114 Dæmi um kerfisbundna röðun eða flokkun skýringanna eru:

a) að leggja áherslu á þau svið í starfseminni sem einingin telur skipta mestu máli til skilnings á rekstrarárangri hennar og fjárhagsstöðu, s.s. að flokka saman upplýsingar um sérstakar rekstrarhreyfingar,

b) að flokka saman upplýsingar um liði sem eru metnir með sama hætti, s.s. eignir sem eru metnar á gangvirði, eða

c) að fylgja röð sérlínanna í rekstrarreikningi(um) og yfirliti(um) um aðra heildarafkomu og í efnahagsreikningi, s.s.:

i. yfirlýsing um að farið sé að IFRS-stöðlum (sjá 16. lið),

ii. mikilvægar upplýsingar um reikningsskilaaðferðir (sjá 117. lið),

iii. upplýsingar til stuðnings þeim liðum sem birtir eru í efnahagsreikningi og í rekstrarreikningi(um) og yfirliti(um) um aðra heildarafkomu og í yfirliti um breytingar á eigin fé og um sjóðstreymi, í þeirri röð sem hvert yfirlit og hver sérlína er sett fram í, og

iv. aðrar upplýsingar m.a. um:

1) óvissar skuldir (sjá IAS-staðal 37) og ófærðar, samningsbundnar skuldbindingar og

2) upplýsingar sem eru ekki fjárhagslegar, t.d. markmið og aðferðir einingarinnar við að stjórna fjárhagslegri áhættu (sjá IFRS-staðal 7).

115 [Felldur brott]

116 Eining getur sett fram skýringar með upplýsingum um grundvöllinn fyrir gerð reikningsskilanna og tilteknar reikningsskilaaðferðir, sem aðgreindan hluta í reikningsskilunum.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir

117 Eining skal birta mikilvægar upplýsingar um reikningsskilaaðferðir (sjá 7. lið). Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir eru mikilvægar ef vænta má, þegar þær eru skoðaðar ásamt öðrum upplýsingum í reikningsskilum einingar, að þær hafi áhrif á ákvarðanir sem aðalnotendur almennra reikningsskila taka á grundvelli þessara reikningsskila.

117A Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir, sem tengjast óverulegum viðskiptum, öðrum atburðum eða aðstæðum, skipta litlu máli og þarf ekki að birta. Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir geta engu að síður verið mikilvægar vegna eðlis tengdra viðskipta, annarra atburða eða aðstæðna, jafnvel þótt fjárhæðirnar séu óverulegar. Hins vegar skipta ekki allar upplýsingar máli um mikilvæg viðskipti, aðra atburði eða aðstæður sem tengjast reikningsskilaaðferðum.

117B Þess er vænst að upplýsingar um reikningsskilaaðferðir skipti máli ef notendur reikningsskila einingar þurfa á þeim að halda til að skilja aðrar mikilvægar upplýsingar í reikningsskilunum. Til dæmis er líklegt að eining líti svo á að upplýsingar um reikningsskilaaðferðir skipti máli fyrir reikningsskil hennar ef upplýsingarnar tengjast mikilvægum viðskiptum, öðrum atburðum eða aðstæðum og:

a) einingin breytti reikningsskilaaðferð sinni á reikningsskilatímabilinu og sú breyting leiddi til verulegrar breytingar á upplýsingunum í reikningsskilunum,

b) einingin valdi reikningsskilaaðferðina úr einum eða fleiri valkostum sem eru heimilaðir samkvæmt IFRS-stöðlum — slíkar aðstæður gætu komið upp ef einingin kaus að meta fjárfestingareign á upphaflegu kostnaðarverði fremur en á gangvirði,

c) reikningsskilaaðferðin var þróuð í samræmi við IAS-staðal 8 ef ekki er til staðar IFRS-staðall sem á sérstaklega við,

d) reikningsskilaaðferðin tengist svæði þar sem krafist er að eining meti og dragi ályktanir sem eru mikilvægar við beitingu reikningsskilaaðferðar, og einingin greinir frá því mati eða ályktunum í samræmi við 122. og 125. lið eða

e) reikningsskil, sem krafa er gerð um vegna þeirra, eru flókin og notendur reikningsskila einingarinnar myndu að öðrum kosti ekki skilja þau mikilvægu viðskipti, aðra atburði eða aðstæður — slíkar aðstæður gætu komið upp ef eining beitir fleiri en einum IFRS-staðli á tiltekinn flokk mikilvægra viðskipta.

117C Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir, sem beina athyglinni að því hvernig eining hefur beitt kröfum IFRS-staðlanna gagnvart eigin aðstæðum, veita upplýsingar sem eiga sérstaklega við um eininguna og nýtast notendum reikningsskila betur en staðlaðar upplýsingar, eða upplýsingar sem einungis endurtaka eða eru samantekt á kröfum IFRS-staðlanna.

117D Ef eining birtir upplýsingar, sem eru ekki mikilvægar, um reikningsskilaaðferðir skulu slíkar upplýsingar ekki dylja mikilvægar upplýsingar um reikningsskilaaðferðir.

117E Niðurstaða einingar um að upplýsingar um reikningsskilaaðferð séu ekki mikilvægar hefur ekki áhrif á tengdar kröfur um upplýsingagjöf sem settar eru fram í öðrum IFRS-stöðlum.

118 [Felldur brott]

119 [Felldur brott].

120 [Felldur brott]

121 [Felldur brott]

122 Eining skal greina frá matsákvörðunum stjórnenda, ásamt mikilvægum upplýsingum um reikningsskilaaðferðir eða aðrar skýringar, að undanskildum þeim sem fela í sér mat (sjá 125. lið), við beitingu á þeim reikningsskilaaðferðum einingarinnar sem hafa mest áhrif á fjárhæðirnar sem eru færðar í reikningsskilunum.

123 Þegar stjórnendur beita reikningsskilaaðferðum einingarinnar drag þeir ýmiss konar ályktanir, að undanskildum þeim sem fela í sér áætlanir, sem geta haft veruleg áhrif á fjárhæðirnar sem færðar eru í reikningsskilin. Stjórnendur nota t.d. eigin dómgreind við ákvörðun á því:

a) [felldur brott]

b) hvenær nánast öll áhætta og ávinningur af eignarhaldi á fjáreignum og, fyrir leigusala, leigueignum er yfirfærð á aðrar einingar,

c) hvort tiltekin vörusala sé í reynd fjármögnunarfyrirkomulag og hafi því ekki í för með sér tekjur og

d) hvort samningsskilmálar fjáreignar ákvarði ákveðna tímasetningu sjóðstreymis sem eingöngu samanstendur af greiðslum af höfuðstól og vöxtum af útistandandi höfuðstól.

124 Í öðrum IFRS-stöðlum er gerð krafa um sumar af þeim upplýsingum sem veita skal í samræmi við 122. lið. Til dæmis er þess krafist í IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum* að einingin veiti upplýsingar um matið sem hún framkvæmdi við ákvörðun á því hvort hún hafi yfirráð yfir annarri einingu. Í IAS-staðli 40, *fjárfestingareignir* er krafist upplýsinga um þær viðmiðanir sem einingin hefur þróað til að greina fjárfestingareign frá fasteign sem eigandi nýtir og frá fasteign sem haldið er til sölu í venjubundnum rekstri, þegar flokkun eignarinnar er vandasöm.

Orsök matsóvissu

125 Eining skal veita upplýsingar um forsendur sem hún hefur varðandi framtíðina og aðrar þýðingarmiklar orsakir matsóvissu miðað við lok reikningsskilatímabils sem umtalsverð hætta er á að leiði til verulegra leiðréttinga á bókfærðu verði eigna og skulda á næsta fjárhagsári. Að því er varðar þessar eignir og skuldir skulu í skýringunum m.a. vera ítarlegar upplýsingar um:

a) eðli þeirra og

b) bókfært verð þeirra við lok reikningsskilatímabilsins.

126 Ákvörðun bókfærðs verðs ákveðinna eigna og skulda krefst mats á áhrifum óvissra framtíðaratburða á þessar eignir og skuldir við lok reikningsskilatímabils. Til dæmis ef ekki liggur fyrir nýlegt sannreynt markaðsverð er nauðsyn á framtíðarmiðuðu mati til að meta endurheimtanlega fjárhæð flokka varanlegra rekstrarfjármuna, áhrifin af tæknilegri úreldingu á birgðir, reiknaðar skuldbindingar sem eru háðar framtíðarniðurstöðu yfirstandandi málaferla og langtímaskuldbindingar vegna starfskjara, s.s. lífeyrisskuldbindingar. Í slíku mati felast forsendur um liði eins og áhættuleiðréttingu á sjóðstreymi eða afvöxtunarhlutfall, framtíðarbreytingar á launum og framtíðarverðbreytingar sem hafa áhrif á annan kostnað.

127 Forsendur og aðrar orsakir matsóvissu, sem upplýst er um í samræmi við 125. lið, tengjast mati sem kallar á að stjórnendur taki afar erfiðar, huglægar eða flóknar ákvarðanir. Eftir því sem breytum og forsendum fjölgar, sem hafa áhrif á hugsanlega framtíðarniðurstöðu óvissuþáttanna, verða þessar matsákvarðanir huglægari og flóknari og möguleikinn á verulegum leiðréttingum á bókfærðu verði eigna og skulda vegna þessa eykst yfirleitt í samræmi við það

128 Ekki er gerð krafa um upplýsingarnar í 125. lið um eignir og skuldir þegar talsverð hætta er á að bókfært verð þeirra geti breyst verulega á næsta fjárhagsári ef þær eru metnar á gangvirði, miðað við lok reikningsskilatímabils sem byggist á skráðu verði á virkum markaði fyrir sambærilega eign eða skuld. Slíkt gangvirði getur breyst verulega á næsta fjárhagsári en þær breytingar yrðu ekki raktar til forsendna eða annarra orsaka matsóvissu við lok reikningsskilatímabils.

129 Eining setur upplýsingarnar í 125. lið fram á þann hátt að það geri notendum reikningsskila kleift að skilja mat stjórnenda um framtíðina og um aðrar þýðingarmiklar orsakir matsóvissu. Eðli og umfang upplýsinganna, sem veittar eru, er breytilegt eftir eðli forsendna og annarra aðstæðna. Dæmi um tegundir upplýsingagjafar sem eining veitir eru:

a) eðli forsendunnar eða annarrar matsóvissu,

b) næmi bókfærðs verðs fyrir aðferðum, forsendum og mati sem útreikningar þeirra byggjast á, þ.m.t. ástæður fyrir næminu,

c) væntanleg niðurstaða óvissuþáttar og bilið sem ætla má með skynsamlegum hætti að mögulegar niðurstöður næsta fjárhagsárs verði á að því er varðar bókfært verð þeirra eigna og skulda sem verða fyrir áhrifum og

d) útskýring á breytingum sem gerðar eru á fyrri forsendum varðandi þessar eignir og skuldir ef óvissan er viðvarandi.

130 Í þessum staðli er þess ekki krafist að eining birti fjárhagsáætlun eða -spár þegar veittar eru upplýsingar skv. 125. lið.

131 Stundum er ógerlegt að veita upplýsingar um umfang mögulegra áhrifa af forsendu eða annarri mikilvægri orsök matsóvissu við lok reikningsskilatímabils. Í þeim tilvikum gerir einingin grein fyrir því að raunhæfar líkur séu á því, miðað við þá vitneskju sem fyrir hendi er, um að niðurstöður á næsta fjárhagsári sem stangast á við forsenduna geti kallað á að gera þurfi verulega leiðréttingu á bókfærðu verði eignar eða skuldar sem verður fyrir áhrifum. Í öllum tilvikum birtir einingin upplýsingar um eðli og bókfært verð tiltekinnar eignar eða skuldar (eða flokki eigna eða skulda) sem forsendan hefur áhrif á.

132 Upplýsingarnar í 122. lið um tiltekið mat sem stjórnendur gera við beitingu reikningsskilaaðferða einingarinnar, tengjast ekki upplýsingagjöf um orsakir matsóvissu í 125. lið.

133 Í öðrum IFRS-stöðlum er gerð krafa um að veita upplýsingar um nokkrar af forsendunum, sem annars væri krafist í samræmi við 125. lið. Í IAS-staðli 37 er t.d. gerð krafa um upplýsingar, við sérstakar aðstæður, um helstu forsendur varðandi atburði í framtíðinni sem hafa áhrif á flokka reiknaðra skuldbindinga. Í IFRS-staðli 13, *gangvirðismat*, er krafist birtingar upplýsinga um mikilvægar forsendur (þ.m.t. virðismatsaðferðir og ílög) sem einingin notar við mat á gangvirði eigna og skulda sem eru færðar á gangvirði.

Fjármagn

134 Eining skal veita upplýsingar sem gera notendum reikningsskila hennar kleift að meta markmið, stefnu og ferla einingarinnar við stýringu fjármagnshögunar.

135 Til þess að fara að ákvæðum 134. liðar birtir einingin eftirfarandi:

a) eigindlegar upplýsingar um markmið sín, stefnu og ferla við fjármagnsstýringu, þ.m.t.:

i. lýsingu á hverju hún stýrir sem fjármagni,

ii. þegar eining er háð utanaðkomandi kröfum um fjármagn skal hún veita upplýsingar um eðli þessara krafna og hvernig þessar kröfur eru felldar inn í fjármagnsstýringuna og

iii. hvernig henni tekst að ná markmiðum sínum um fjármagnsstýringu.

b) samantekt megindlegra gagna um hverju hún stýrir sem fjármagni. Sumar einingar líta á sumar fjárskuldir (t.d. sumar gerðir víkjandi skulda) sem hluta af fjármagni. Aðrar einingar álíta að fjármagn undanskilji tiltekna þætti eigin fjár (t.d. þætti sem verða til vegna sjóðstreymisvarna).

c) allar breytingar á a-lið og b-lið frá fyrra tímabili.

d) hvort hún hafi á tímabilinu uppfyllt allar utanaðkomandi kröfur um fjármagn sem hún fellur undir.

e) afleiðingarnar sem það hefði í för með sér ef einingin uppfyllti ekki slíkar utanaðkomandi fjármagnskröfur.

Einingin byggir þessa upplýsingagjöf á upplýsingum sem veittar eru innan félagsins til lykilstarfsmanna í stjórnunarstöðum.

136 Eining getur stýrt fjármagni á margan hátt og fallið undir nokkrar mismunandi eiginfjárkröfur. Fjölgreinafyrirtæki getur t.d. tekið til eininga sem stunda vátryggingastarfsemi og bankastarfsemi og þessar einingar geta starfað innan margra lögsagnarumdæma. Ef samanlagðar birtingar upplýsinga um kröfur um fjármagn og hvernig fjármagni er stýrt veita ekki gagnlegar upplýsingar eða raska skilningi notanda reikningsskila á fjármagni einingar, skal einingin birta aðgreindar upplýsingar fyrir hverja fjármagnskröfu sem einingin fellur undir.

Innleysanlegir fjármálagerningar sem eru flokkaðir sem eigið fé

136A Fyrir innleysanlega fjármálagerninga sem flokkast sem eiginfjárgerningar skal eining birta upplýsingar um (að því marki sem ekki eru birtar annars staðar):

a) samantekt megindlegra gagna um fjárhæðina sem flokkast sem eigið fé,

b) markmið, stefnur og ferli til að stýra skuldbindingu sinni um endurkaup eða innlausn gerninganna þegar eigendur gerninganna krefjast þess, þ.m.t. allar breytingar frá fyrra tímabili,

c) vænt útstreymi handbærs fjár við innlausn eða endurkaup á þeim flokki fjármálagerninga og

d) hvernig áætlað útstreymi handbærs fjár við innlausn eða endurkaup var ákvarðað.

Aðrar upplýsingar

137 Eining skal birta í skýringunum:

a) fjárhæð arðgreiðslna, sem gerð var tillaga um eða ákveðin áður en birting reikningsskilanna var heimiluð til útgáfu en ekki færð sem útgreiðsla til eigenda á tímabilinu, og tengda fjárhæð á hlut og

b) fjárhæð sérhvers uppsafnaðs arðs forgangshluta sem ekki hefur verið færð.

138 Eining skal birta eftirfarandi, ef ekki birt annars staðar í upplýsingum sem birtar hafa verið með reiknings skilunum:

a) lögheimili og félagsform einingarinnar, landinu, þar sem hún er stofnuð, og heimilisfang skráðrar skrifstofu hennar (eða höfuðstöðvar, ef aðrar en skráð skrifstofa),

b) lýsingu á eðli starfsemi einingarinnar og meginstarfsemi hennar

c) heiti móðurfélagsins og endanlegs móðurfélags samstæðunnar og

d) ef um er að ræða einingu með takmarkaðan líftíma, upplýsingar um líftíma hennar.

UMBREYTING OG GILDISTÖKUDAGUR

139 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining tekur þennan staðal upp að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

139A IAS-staðall 27 (með áorðnum breytingum árið 2008) breytti 106. lið. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 27 (breytt 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil. Breytingunni skal beita afturvirkt.

139B Í *Innleysanlegir fjármálagerningar og fjárskuldbindingar sem myndast við innlausn* (breytingar á IAS-staðli 32 og IAS-staðli 1), útgefnum í febrúar 2008, var 138. lið breytt og liðum 8A, 80A og 136A bætt inn. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir þessum breytingum, að því er varðar fyrra tímabil, skal hún greina frá því og beita á sama tíma tengdum breytingum á IAS-staðli 32, IAS-staðli 39, IFRS-staðli 7 og IFRIC-túlkun 2, *hlutir félagsaðila í samvinnueiningum og sambærilegir gerningar*.

139C Ákvæðum 68. og 71. liðar var breytt með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)* sem gefnar voru út í maí 2008. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

139D Ákvæðum 69. liðar var breytt með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)* sem gefnar voru út í apríl 2009. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2010 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

139E [Felldur brott]

139F Ákvæðum 106. og 107. liðar var breytt og lið 106A bætt við með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)* sem gefnar voru út í maí 2010. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2011 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr.

139G [Felldur brott]

139H IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 12, útgefnir í maí 2011, breyttu 4., 119., 123. og 124. lið. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 12.

139I IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti 128. og 133. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

139J Í *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), útgefnum í júní 2011, var liðum 7, 10, 82, 85–87, 90, 91, 94, 100 og 115 breytt, liðum 10A, 81A, 81B og 82A bætti við, og liðir 12, 81, 83 og 84 felldir brott. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2012 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

139K IAS-staðall 19, *starfskjör* (með áorðnum breytingum í júní 2011) breytti skilgreiningunni á „önnur heildarafkoma“ í 7. lið og 96. lið Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IAS-staðli 19, (með áorðnum breytingum í júní 2011).

139L Í *Árlegar endurbætur tímabilið 2009-2011*, útgefnum í maí 2012, var liðum 10, 38 og 41 breytt, liðir 39–40 felldir brott og liðum 38A–38D og 40A–40D bætt við. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

139M [Felldur brott]

139N Í IFRS-staðli 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, útgefnum í maí 2014, var 34. lið breytt. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

139O Í IFRS-staðli 9, útgefnum í júlí 2014, var liðum 7, 68, 71, 82, 93, 95, 96, 106 og 123 breytt og liðir 139E, 139G og 139M felldir brott. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

139P Í *Framtaksverkefni um upplýsingagjöf* (breytingar á IAS-staðli 1), útgefnum í júní 2014, var liðum 10, 31, 54–55, 82A, 85, 113–114, 117, 119 og 122 breytt, liðum 30A, 55A og 85A–85B bætt við og liðir 115 og 120 felldir brott. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Einingum er ekki skylt að birta upplýsingarnar sem krafist er í ákvæðum 28.–30. liðar í IAS-staðli 8 að því er varðar þessar breytingar.

139Q IFRS-staðall 16, *leigusamningar*, gefinn út í janúar 2016, breytti 123. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

139R Í IFRS-staðli 17, útgefnum í maí 2017, var 7., 54. og 82. lið breytt. Með *Breytingum á IFRS-staðli 17*, útgefnum í júní 2020 var 54. lið breytt enn frekar. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 17.

139S Með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*, útgefnum 2018, var 7., 15., 19.–20., 23.–24., 28. og 89. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil ef eining beitir einnig á sama tíma öllum öðrum breytingum sem gerðar voru með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*. Eining skal beita breytingunum á IAS-staðli 1 afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Ef eining ákvarðar að afturvirk beiting væri ógerleg eða hefði í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn skal hún þó beita breytingunum á IAS-staðli 1 með tilvísun í liði 23.–28., 50.–53. og 54F í IAS-staðli 8.

139T Með *Skilgreiningu á mikilvægi* (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8), útgefnum í október 2018, var 7. lið í IAS-staðli 1 og 5. lið í IAS-staðli 8 breytt og 6. liður í IAS-staðli 8 felldur brott. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

139V Í *Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir*, útgefnum í febrúar 2021, var liðum 7, 10, 114, 117 og 122 breytt, liðum 117A–117E bætt við og liðir 118, 119 og 121 felldir brott. Þær breyttu einnig IFRS-verklagsreglum 2, *Matsákvarðanir um mikilvægi*. Eining skal beita breytingunum á IAS-staðli 1 að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2023 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

AFTURKÖLLUN IAS-STAÐALS 1 (ENDURSKOÐAÐUR 2003)

140 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 1, *framsetning reikningsskila*, sem var endurskoðaður 2003, með áorðnum breytingum 2005.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 2 (IAS-staðall 2)

Birgðir

MARKMIÐ

1 Markmið þessa staðals er að mæla fyrir um reikningshaldslega meðferð vegna birgða. Meginatriði í færslu birgða í reikningsskilum er kostnaðarfjárhæðin sem á að færa og geyma þar til tengdar tekjur eru færðar. Í þessum staðli eru leiðbeiningar um ákvörðun kostnaðar og í framhaldinu færslu hans, þ.m.t. sérhverjar niðurfærslur á hreint söluvirði. Í staðlinum er einnig að finna leiðbeiningar um kostnaðarverðsreglur sem notaðar eru við að skipta kostnaði á birgðir.

GILDISSVIÐ

2 Þessi staðall gildir um allar birgðir nema:

a) [felldur brott]

b) fjármálagerninga (sjá IAS-staðal 32, *fjármálagerningar: framsetning*, og IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar*) og

c) lífrænar eignir í tengslum við landbúnaðarstarfsemi og landbúnaðarafurðir á uppskerutíma (sjá IAS-staðal 41, *landbúnaður*).

3 Þessum staðli skal ekki beita við mat á birgðum sem eftirfarandi aðilar eiga:

a) framleiðendur landbúnaðar- og skógræktarafurða, landbúnaðarafurða eftir uppskeru og jarðefna og jarðefnaafurða, að því marki sem þær eru metnar á hreinu söluvirði í samræmi við viðteknar venjur í þessum atvinnugreinum. Þegar slíkar birgðir eru metnar á hreinu söluvirði eru breytingar á því virði færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem breytingin á sér stað,

b) hrávörumiðlarar sem meta birgðir sínar á gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Þegar slíkar birgðir eru metnar á gangvirði að frádregnum sölukostnaði eru breytingar á gangvirði að frádregnum sölukostnaði færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem breytingin á sér stað.

4 Birgðirnar, sem um getur í a-lið 3. liðar, eru metnar á hreinu söluvirði á tilteknum framleiðslustigum. Þetta á t.d. við þegar uppskeru nytjaplantna er lokið eða jarðefni hafa verið unnin úr jörðu og sala er tryggð með framvirkum samningi eða ríkisábyrgð eða þegar virkur markaður er fyrir hendi og óveruleg hætta er á að varan seljist ekki. Þessar birgðir eru einungis undanskildar kröfum sem gerðar eru um mat í þessum staðli.

5 Miðlarar eru þeir sem kaupa eða selja vörur fyrir aðra eða fyrir eigin reikning. Þær birgðir sem um getur í b-lið 3. liðar eru fyrst og fremst keyptar í þeim tilgangi að selja þær innan tíðar og skapa hagnað af sveiflum í verði eða framlegð miðlarans. Þegar slíkar birgðir eru metnar á gangvirði að frádregnum sölukostnaði eru þær einungis undanskildar matskröfum í þessum staðli.

SKILGREININGAR

6 Í þessum staðli **er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:**

***Birgðir* eru eignir:**

a) sem haldið er til sölu í venjulegum rekstri,

b) í framleiðsluferlinu fyrir slíka sölu, eða

c) í formi hráefna eða rekstrarvara sem á að nota í framleiðsluferlinu eða þegar þjónusta er veitt.

Hreint söluvirði **er áætlað söluverð í venjulegum rekstri, að frádregnum áætluðum kostnaði við fullvinnslu og áætluðum kostnaði sem nauðsynlegur er til þess að af sölu geti orðið.**

Gangvirði **er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjubundnum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13,** ***gangvirðismat*****.)**

7 Hreint söluvirði vísar til þeirrar hreinu fjárhæðar sem eining væntir að innleysa með sölu birgða í venjulegum rekstri. Gangvirði endurspeglar verðið sem fengist í venjubundnum viðskiptum við sölu á sömu birgðum á helsta (eða hagstæðasta) markaði með þessar birgðir á milli markaðsaðila á matsdegi. Hið fyrra er einingasértækt virði en ekki hið síðarnefnda. Hreint söluvirði birgða getur verið annað en gangvirði að frádregnum sölukostnaði.

8 Til birgða teljast vörur sem eru keyptar og hafðar til endursölu, þ.m.t. varningur sem smásali kaupir í þeim tilgangi að selja aftur eða jarðeignir og aðrar fasteignir sem ætlaðar eru til endursölu. Til birgða teljast einnig fullunnar framleiðsluvörur, eða verk í vinnslu, hjá einingu, þ.m.t. efni og rekstrarvörur sem bíða þess að verða notuð í framleiðsluferlinu. Kostnaður sem stofnað er til við að efna samning við viðskiptavin, sem leiðir ekki til birgða (eða eigna innan gildissviðs annars staðals), er færður í samræmi við IFRS-staðal 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*.

MAT Á BIRGÐUM

9 Birgðir skal meta á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvort heldur er lægra.

Kostnaðarverð birgða

10 Kostnaðarverð birgða skal taka til alls kostnaðar við kaup, kostnaðar við meðhöndlun og annars kostnaðar sem stofnað er til við að koma birgðunum í núverandi ástand og stað.

Kostnaðarverð keyptra vara

11 Í kostnaðarverði birgða felst kaupverð, innflutningsgjöld og aðrir skattar (aðrir en þeir sem einingin getur endurkrafið skattayfirvöld um síðar) og flutningur, meðhöndlun og annar beinn kostnaður sem fellur til við kaup á fullunninni vöru, efnum og þjónustu. Viðskiptaafsláttur, endurgreiðslur og aðrir sambærilegir liðir eru dregnir frá við ákvörðun á kostnaðarverði keyptra vara.

Kostnaður við meðhöndlun

12 Í kostnaði við meðhöndlun birgða felst kostnaður sem tengist framleiðslueiningunum beint, s.s. beinn launakostnaður. Hann felur einnig í sér kerfisbundna skiptingu á föstum og breytilegum, óbeinum framleiðslukostnaði sem stofnað er til við umbreytingu hráefna í fullunna vöru. Fastur, óbeinn framleiðslukostnaður er sá óbeini hluti framleiðslukostnaðarins sem er tiltölulega jafn og óháður framleiðslumagni, s.s. afskriftir og viðhald verksmiðjubygginga og -búnaðar og eigna með afnotarétti sem eru notaðar við framleiðsluferlið, og kostnaður við stjórnun og umsjón með framleiðslunni. Breytilegur, óbeinn kostnaður er óbeinn framleiðslukostnaður sem breytist í beinu eða svo til beinu samhengi við framleiðslumagn, s.s. óbeinn efniskostnaður og óbeinn launakostnaður.

13 Skipting fasts, óbeins framleiðslukostnaðar á kostnað við meðhöndlun byggist á eðlilegri afkastagetu framleiðslu tækjanna. Eðlileg afkastageta er það framleiðslumagn sem ætla má að náist að meðaltali á nokkrum tímabilum eða vertíðum við eðlilegar aðstæður, að teknu tilliti til taps á afkastagetu vegna áætlaðs viðhalds. Notast má við raunveruleg afköst ef þau fara nærri eðlilegri afkastagetu. Fastur, óbeinn kostnaður á einingu er ekki aukinn þó að framleiðsla í verksmiðju sé lítil eða engin. Óbeinn kostnaður sem ekki hefur verið skipt er færður sem gjöld á því tímabili sem stofnað er til hans. Á tímum óeðlilega mikillar framleiðslu er fjárhæð fasts, óbeins kostnaðar, sem er úthlutað á framleiðslueiningu, lækkuð svo að matsverð birgða verði ekki hærra en kostnaðarverð. Breytilegum, óbeinum framleiðslukostnaði er skipt á einstakar framleiðslueiningar á grundvelli raunverulegrar notkunar á framleiðslutækjum.

14 Fleiri afurðir en ein kunna að vera framleiddar samhliða í framleiðsluferli. Þetta á t.d. við þegar framleiddar eru tengdar afurðir eða þegar um er að ræða meginafurð og aukaafurð. Þegar kostnaður við meðhöndlun einstakra afurða er ekki aðgreinanlegur er honum skipt hlutfallslega á afurðirnar með skynsamlegum og samræmdum hætti. Skiptingin kann t.d. að byggjast á hlutfallslegu söluverði einstakra afurða, annaðhvort á einhverju stigi í framleiðsluferlinu þegar hægt er greina afurðirnar að eða þegar framleiðslu er lokið. Flestar aukaafurðir eru í eðli sínu óverulegar. Þegar þannig háttar til eru þær oft metnar á hreinu söluvirði og verðmæti þeirra dregið frá kostnaði við framleiðslu meginafurðarinnar. Afleiðingin er sú að bókfært verð meginafurðarinnar er ekki verulega fjarri kostnaðarverði hennar.

Annar kostnaður

15 Öðrum kostnaði er einungis bætt við kostnaðarverð birgða ef stofnað er til hans til að koma birgðum í núverandi ástand og á núverandi stað. Það gæti t.d. verið rétt að bæta óbeinum kostnaði, sem ekki er tengdur framleiðslunni beint, eða hönnunarkostnaði vöru fyrir einstaka viðskiptavini við kostnaðarverð birgða.

16 Sem dæmi um kostnað, sem ekki er tekinn inn í kostnaðarverð birgða og gjaldfærður á það tímabil þegar stofnað er til hans, má nefna:

a) óeðlilega lélega nýtingu á efni, vinnuafli eða öðrum framleiðslukostnaði,

b) geymslukostnað, nema slíkur kostnaður sé nauðsynlegur vegna vinnslustigs síðar í framleiðsluferlinu,

c) sameiginlegan stjórnunarkostnað, sem ekki tengist því að koma birgðunum í núverandi ástand eða á núverandi stað og

d) sölukostnað.

17 Í IAS-staðli 23, *fjármagnskostnaður*, er lýst afmörkuðum aðstæðum þar sem fjármagnskostnaður er innifalinn í kostnaðarverði birgða.

18 Eining getur keypt birgðir með greiðslufresti. Þegar fyrirkomulagið felur í raun í sér fjármögnunarþátt er sá þáttur, t.d. mismunur á innkaupsverði á eðlilegum lánskjörum og upphæðinni sem er greidd, færður sem vaxtagjöld á fjármögnunartímabilinu.

19 [Felldur brott]

Kostnaðarverð landbúnaðarafurða sem eru afrakstur lifrænna eigna

20 Samkvæmt IAS-staðli 41, *landbúnaður*, eru birgðir landbúnaðarafurða, sem eru afrakstur af lifrænum eignum einingar, metnar í upphaflegri færslu á gangvirði að frádregnum sölukostnaði á uppskerutíma. Þetta er kostnaðarverð birgða á þeim tíma þegar staðallinn er tekinn í notkun.

Aðferðir við mat á kostnaðarverði

21 Til hægðarauka má beita sérstökum aðferðum við mat á kostnaðarverði birgða, t.d. staðalkostnaðaraðferðinni eða söluverðsaðferðinni, ef niðurstöðurnar fara nærri kostnaðarverði. Til staðalkostnaðar teljast, í eðlilegu magni, efni og rekstrarvörur, vinnulaun, skilvirkni og nýting afkastagetu. Farið er reglulega yfir staðalkostnað og hann endurskoðaður miðað við aðstæður ef þörf krefur.

22 Smásöluaðferðinni er oft beitt í smásöluverslun við mat á birgðum þar sem veltuhraði birgða er mjög mikill samhliða miklu magni eininga sem hafa sambærilega álagningu og óhagkvæmt er að beita öðrum aðferðum við kostnaðarmat. Kostnaðarverð birgða er ákvarðað með því að draga fjárhæð frá söluvirði birgða miðað við viðeigandi álagningarhlutfall. Í hundraðshlutanum, sem er notaður, er tekið tillit til birgða sem hafa verið lækkaðar niður fyrir upphaflegt söluverð. Oft er notað meðaltal hundraðshluta fyrir einstakar smásöludeildir.

Kostnaðarverðsreglur

23 Kostnaðarverð birgða í einingum (e. *items*) sem geta yfirleitt ekki komið hver í stað annarrar, og vöru eða þjónustu, sem er framleidd eða látin í té og frátekin til sérstakrar ráðstöfunar, skal eignfæra á grundvelli sérgreinds kostnaðarverðs hverrar þeirra fyrir sig.

24 Með sérgreindu kostnaðarverði er átt við að sérstakir kostnaðarliðir eru eignaðir tilgreindum liðum í birgðum. Þetta er viðeigandi meðferð vara sem ætlaðar eru til sérstakrar ráðstöfunar, óháð því hvort þær hafa verið keyptar eða framleiddar. Þrátt fyrir það á sérgreint kostnaðarverð ekki við þegar um er að ræða mikinn fjölda eininga í birgðum sem yfirleitt geta komið hver í stað annarrar. Í slíkum tilvikum mætti nota þá aðferð, að velja þær einingar sem eftir eru í birgðum, til að hafa fyrirfram ákveðin áhrif á hagnað eða tap.

25 Kostnaðarverð birgða, annarra en þeirra sem fjallað er um í 23. lið, skal grundvallast á notkun reglunnar sem nefnist: fyrst inn — fyrst út (FIFO-aðferðin) eða reglu um vegið meðaltalskostnaðarverð. Eining skal nota sömu kostnaðarverðsreglu fyrir allar birgðir sem eru sambærilegar að gerð og hvað notkun varðar í einingunni. Ef birgðir eru ólíkar að gerð og notkun kann að vera réttlætanlegt að nota mismunandi kostnaðarverðsreglur.

26 Til dæmis getur verið að birgðir, sem eru notaðar í einum starfsþætti, nýtist einingu með öðrum hætti en sams konar birgðir sem eru notaðar í öðrum starfsþætti hennar. Mismunur á landfræðilegri staðsetningu birgða (eða á viðeigandi skattareglum) nægir þó ekki, einn og sér, til að réttlæta notkun mismunandi kostnaðarverðsreglna.

27 Í FIFO-aðferðinni er gert ráð fyrir að þær birgðaeiningar, sem keyptar eru eða framleiddar fyrst, séu seldar fyrst og þar af leiðandi verði eftir í birgðum í lok tímabils þær einingar sem síðast voru keyptar eða framleiddar. Samkvæmt reglunni um vegið meðalkostnaðarverð er kostnaður einstakra eininga ákvarðaður á grundvelli vegins meðalkostnaðarverðs sambærilegra eininga í upphafi tímabils og kostnaði við kaup eða framleiðslu sambærilegra eininga á tímabilinu. Meðaltalið má reikna með reglulegu millibili eða við móttöku einstakra viðbótarsendinga, allt eftir því hverjar aðstæður einingarinnar eru.

Hreint söluvirði

28 Vera kann að ekki sé hægt að endurheimta kostnaðarverð birgða sem hafa skemmst ef þær eru að hluta til eða að öllu leyti úreltar eða ef söluverð þeirra hefur lækkað. Einnig er óvíst að kostnaðarverð birgða verði endurheimt ef áætlaður fullvinnslukostnaður eða áætlaður kostnaður vegna væntanlegrar sölu hefur hækkað. Sú venja að lækka matsverð birgða úr kostnaðarverði í hreint söluvirði er í samræmi við það viðhorf að eignir skuli ekki færa við hærri fjárhæð en sem nemur ætluðu verðmæti þeirra við sölu eða notkun.

29 Venjulega eru birgðir færðar niður á hreint söluvirði fyrir hverja einingu fyrir sig. Samt sem áður getur í sumum tilvikum verið viðeigandi að flokka saman sambærilegar eða tengdar einingar. Þetta getur átt við þegar birgðaeiningar, sem tengjast sömu vörulínunni, hafa sambærilegan tilgang eða notagildi, eru framleiddar og markaðssettar á sama landsvæðinu og ekki er unnt við mat að aðgreina þær sérstaklega frá öðrum einingum í þeirri vörulínu. Ekki er rétt að færa niður birgðir á grundvelli birgðaflokkunar, t.d. fullunnar vörur, eða allar birgðir í tilteknum starfsþætti.

30 Mat á hreinu söluvirði er byggt á áreiðanlegustu gögnum, sem tiltæk eru á þeim tíma þegar matið fer fram, um þá fjárhæð sem ætla má að birgðirnar skili. Í þess háttar mati er tekið tillit til sveiflna í verði eða kostnaði sem tengjast beint atburðum sem orðið hafa eftir að reikningstímabili lauk, að svo miklu leyti sem þeir atburðir staðfesta aðstæður sem eru fyrir hendi í lok tímabilsins.

31 Við mat á hreinu söluvirði er einnig tekið tillit til tilgangsins sem birgðahaldið þjónar. Hreint söluvirði birgða, sem haldið er til að uppfylla bindandi sölu- eða þjónustusamninga, er t.d. byggt á samningsverðinu. Ef sölusamningarnir taka til minna magns en birgðanna sem haldið er, byggir hreint söluvirði umframmagnsins á almennu söluverði. Reiknaðar skuldbindingar geta stafað af bindandi sölusamningum umfram magn birgða sem haldið er eða bindandi innkaupasamningum. Fjallað er um reiknaðar skuldbindingar í IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*.

32 Efni og aðrar rekstrarvörur sem notuð eru við framleiðslu birgða, eru ekki færðar niður fyrir kostnaðarverð ef ætla má að fullunnu vörurnar, sem þær eru notaðar í, seljist á eða yfir kostnaðarverði. Gefi lækkun á hráefnisverði vísbendingu um að kostnaðarverð fullunninna vara sé hærra en hreint söluvirði er hráefnið þó fært niður í hreint söluvirði. Í slíkum tilvikum kann endurstofnverð hráefna að vera besti, tiltæki mælikvarðinn á það hvert hreint söluvirði þeirra sé.

33 Nýtt mat fer fram á hreinu söluvirði fyrir hvert tímabil. Þegar kringumstæðurnar sem leiddu til þess að birgðir voru færðar niður fyrir kostnaðarverð eru ekki lengur fyrir hendi, eða þegar skýrar vísbendingar eru um hækkun á hreinu söluvirði vegna breyttra efnahagsaðstæðna, er niðurfærð fjárhæð færð til baka (þ.e. bakfærslan takmarkast við fjárhæð upphaflegrar niðurfærslu) þannig að nýja, bókfærða verðið er það sem lægra er, kostnaðarverð eða endurskoðað hreint söluvirði. Þetta er t.d. gert þegar birgðaeining, sem bókfærð var á hreinu söluvirði vegna lækkunar á söluverði hennar, er ennþá í birgðum á síðara tímabili og söluverð hennar hefur hækkað.

GJALDFÆRSLA

34 Þegar birgðir eru seldar skal gjaldfæra bókfært verð þeirra birgða á tímabilinu sem tilheyrandi tekjur eru færðar. Fjárhæðina á sérhverri niðurfærslu birgða á hreint söluvirði og öll töp á birgðum, skal gjaldfæra á tímabilinu þegar niðurfærslan eða tapið átti sér stað. Fjárhæðina á sérhverri bakfærslu á niðurfærslu birgða sem stafar af hækkun á hreinu söluvirði skal færa sem lækkun á fjárhæð birgða sem gjaldfærð er á tímabilinu þegar bakfærslan á sér stað.

35 Vissum birgðum má skipta á aðra eignaliði, t.d. þegar birgðir eru notaðar sem íhlutir í eigin framkvæmdum tengdum varanlegum rekstrarfjármunum. Birgðum sem skipt er á aðrar eignir með þessum hætti eru gjaldfærðar á nýtingartíma þeirrar eignar.

UPPLÝSINGAGJÖF

36 Í reikningsskilum skal veita upplýsingar um:

a) reikningsskilaaðferðir sem beitt var við verðmat birgða, þ.m.t. þær kostnaðarverðsreglur sem notaðar eru,

b) bókfært heildarverð birgða og bókfært verð innan þeirrar flokkunar sem viðeigandi er fyrir eininguna,

c) bókfært verð birgða sem færðar eru á gangvirði að frádregnum sölukostnaði,

d) fjárhæð birgða sem gjaldfærð er á tímabilinu,

e) fjárhæð niðurfærslu birgða sem er gjaldfærð á tímabilinu í samræmi við 34. lið,

f) fjárhæð sérhverrar bakfærslu á niðurfærslu sem er færð til lækkunar á fjárhæð birgða sem gjaldfærð er á tímabilinu í samræmi við 34. lið,

g) aðstæður eða atburði sem leiddu til þess að niðurfærsla birgða var bakfærð í samræmi við 34. lið, og

h) bókfært verð á birgðum sem hafa verið settar sem trygging fyrir skuldum.

37 Upplýsingar um bókfært verð birgða í mismunandi flokkun á birgðum og umfang breytinga á þessum eignum eru gagnlegar notendum reikningsskilanna. Venjuleg flokkun á birgðum eru verslunarvörur, rekstrarvörur, hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar vörur.

38 Í fjárhæð birgða sem gjaldfærð er á tímabilinu, sem oft er vísað til sem kostnaðarverð seldra vara, felst kostnaður sem áður hefur verið tekinn inn í mat á birgðum sem nú hafa verið seldar og óskiptur, óbeinn framleiðslukostnaður og óeðlilegar fjárhæðir vegna framleiðslukostnaðar birgðanna. Aðstæður einingarinnar kunna einnig að kalla á að teknir séu með aðrir kostnaðarliðir, s.s. dreifingarkostnaður.

39 Sumar einingar hafa tekið upp snið fyrir rekstrarreikning sem hefur í för með sér að birtar eru aðrar fjárhæðir en kostnaðarverð birgða sem gjaldfært er á tímabilinu. Samkvæmt þessari uppsetningu setur eining fram greiningu á útgjöldum og notar flokkun sem byggist á tegund útgjaldanna. Þegar þannig háttar til birtir einingin upplýsingar um gjaldfærðan kostnað vegna hráefna og rekstrarvara, launakostnaðar og annars kostnaðar ásamt fjárhæð hreinna birgðabreytinga á tímabilinu.

GILDISTÖKUDAGUR

40 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Hvatt er til fyrri beitingar. Ef eining beitir þessum staðli vegna tímabils sem hefst fyrir 1. janúar 2005 skal hún greina frá því.

40A [Felldur brott]

40B [Felldur brott]

40C IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti skilgreiningunni á gangvirði í 6. lið og breytti 7. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

40D [Felldur brott]

40E IFRS-staðall 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, gefinn út í maí 2014, breytti 2., 8., 29. og 37. lið og felldi brott 19. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

40F IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti 2. lið og felldi brott liði 40A, 40B og 40D. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

40G IFRS-staðall 16, *leigusamningar* gefinn út í maí 2016, breytti 12. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

AFTURKÖLLUN ANNARRA YFIRLÝSINGA

41 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 2, *birgðir* (endurskoðaður 1993).

42 Þessi staðall kemur í stað SIC-túlkunar 1, *samkvæmni — mismunandi kostnaðarverðsreglur fyrir birgðir*.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 7 (IAS-staðall 7)

Yfirlit um sjóðstreymi (2)

MARKMIÐ

Upplýsingar um sjóðstreymi einingar nýtast sem grundvöllur fyrir notendur reikningsskila til að leggja mat á getu einingarinnar til að afla handbærs fjár og ígildis þess og á þörf einingarinnar fyrir að nýta sér sjóðstreymið. Þær hagrænu ákvarðanir, sem notendur taka, krefjast þess að mat sé lagt á getu einingarinnar til að afla handbærs fjár og ígildis þess og einnig á tímasetningu og áreiðanleika þessarar öflunar.

Markmiðið með þessum staðli er að gera kröfu um að einingar birti upplýsingar um sögulegar breytingar á handbæru fé og ígildi þess hjá einingunni með því að leggja fram yfirlit um sjóðstreymi þar sem sjóðstreymi á tilteknu tímabili er flokkað eftir rekstrar-, fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingum.

GILDISSVIÐ

1 Eining skal semja yfirlit um sjóðstreymi í samræmi við kröfur sem settar eru fram í þessum staðli og henni ber að birta það sem óaðskiljanlegan hluta af reikningsskilum sínum fyrir hvert tímabil sem það birtir reikningsskil fyrir.

2 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 7, *yfirlit um breytingar á fjárhagslegri skipan*, sem var samþykktur í júlí 1977.

3 Notendur reikningsskila einingar vilja vita hvernig einingin aflar og notar handbært fé og ígildi þess. Þetta gildir óháð eðli starfsemi einingarinnar og einnig óháð því hvort líta má á handbært fé sem afurð einingarinnar, eins og getur átt við um fjármálastofnun. Hversu ólík sem aðaltekjuöflunarstarfsemi þeirra er þurfa einingar handbært fé í meginatriðum af sömu ástæðum. Þær þurfa handbært fé til starfsemi sinnar, til að standa skil á skuldbindingum sínum og til greiðslu arðs til fjárfesta sinna. Samkvæmt þessum staðli er þess því krafist að allar einingar birti yfirlit um sjóðstreymi.

GAGNSEMI UPPLÝSINGA UM SJÓÐSTREYMI

4 Yfirlit um sjóðstreymi, sem notað er í samhengi við aðra hluta reikningsskilanna, veitir notendum upplýsingar sem gera þeim kleift að meta breytingar á hreinum eignum einingar, fjármagnsskipan hennar (þ.m.t. greiðsluhæfi og gjaldþol hennar) og getu hennar til að hafa áhrif á fjárhæðir og tímasetningu sjóðstreymis til þess að aðlagast breyttum aðstæðum og færa sér ný tækifæri í nyt. Upplýsingar um sjóðstreymi eru gagnlegar til þess að meta getu einingarinnar til að afla handbærs fjár og ígildis þess og þær gera notendum kleift að þróa reiknilíkön til að meta og bera saman núvirði sjóðstreymis ólíkra eininga í framtíðinni. Þær auka einnig samanburðarhæfi skýrslna um rekstrarárangur frá ólíkum einingum því þær eyða áhrifum sem verða af því að beita ólíkri reikningshaldslegri meðferð gagnvart sömu viðskiptum og atburðum.

5 Upplýsingar um sögulegt sjóðstreymi eru oft notaðar sem vísbending um fjárhæð, tímasetningu og áreiðanleika sjóðstreymis í framtíðinni. Þær eru einnig gagnlegar við athugun á nákvæmni eldra mats á sjóðstreymi framtíðarinnar og við greiningu á sambandinu milli arðsemi og hreins sjóðstreymis og á áhrifum verðlagsbreytinga.

SKILGREININGAR

6 Í þessum staðli **er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:**

Handbært fé **samanstendur af reiðufé og veltiinnlánum.**

Ígildi handbærs fjár **eru auðseljanlegar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í þekktar fjárhæðir handbærs fjár og með óverulega áhættu á breytingum í verðgildi.**

Sjóðstreymi **er innstreymi og útstreymi handbærs fjár og ígildis þess.**

Rekstrarhreyfingar **stafa af aðaltekjuöflunarstarfsemi einingarinnar og öðrum rekstri sem ekki flokkast undir fjárfestingar- eða fjármögnunarhreyfingar**

(2) Í september 2007 breytti Alþjóðareikningsskilaráðið titlinum á IAS-staðli 7, úr *sjóðstreymisyfirlit* í *yfirlit um sjóðstreymi* sem afleiðing af endurskoðun á IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila* árið 2007.

Fjárfestingahreyfingar **stafa af kaupum og sölu á langtímaeignum og öðrum fjárfestingum sem ekki teljast til ígildis handbærs fjár.**

Fjármögnunarhreyfingar **stafa af starfsemi sem hefur í för með sér breytingar á stærð og samsetningu framlagðs, eigin fjár og lántökum fyrirtækisins.**

Handbært fé og ígildi þess

7 Ígildi handbærs fjár er notað svo að hægt sé að standa við fjárskuldbindingar til skamms tíma fremur en til þess að fjárfesta eða til annarra hluta. Eigi fjárfesting að geta talist ígildi handbærs fjár þarf að vera auðvelt að breyta henni í þekkta fjárhæð handbærs fjár og óveruleg áhætta vera á breytingum í verðgildi. Af þessum sökum telst fjárfesting venjulega því aðeins vera ígildi handbærs fjár að hún hafi stuttan líftíma, t.d. þrjá mánuði eða skemmri frá kaupdegi. Fjárfestingar í hlutabréfum teljast ekki vera ígildi handbærs fjár nema hlutabréfin séu, í reynd, ígildi handbærs fjár, eins og á t.d. við um forgangshlutabréf sem eru keypt skömmu fyrir innlausn og hafa tilgreindan innlausnardag.

8 Lántökur í bönkum teljast almennt til fjármögnunarhreyfinga. Í sumum löndum verður þó yfirdráttur, sem er gjaldkræfur við kröfu, óaðskiljanlegur hluti af reiðufjárstjórnun eininga. Við þær aðstæður er yfirdráttur í banka talinn vera hluti af handbæru fé og ígildi þess. Einkenni slíkra bankaviðskipta er að staða á bankareikningi sveiflast oft frá inneign yfir í yfirdrátt.

9 Í sjóðstreymi eru undanskildar hreyfingar milli liða sem fela í sér handbært fé eða ígildi þess, því að þessir þættir eru hluti af reiðufjárstjórnun einingar fremur en hluti af rekstrar-, fjárfestingar- eða fjármögnunarhreyfingum. Til reiðufjárstjórnunar telst einnig fjárfesting á umframmagni handbærs fjár í ígildi þess.

FRAMSETNING YFIRLITS UM SJÓÐSTREYMI

10 Í yfirlitinu um sjóðstreymi skal tilgreina sjóðstreymi á tímabilinu, flokkað eftir rekstrar-, fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingum.

11 Eining setur fram sjóðstreymi sitt frá rekstrar-, fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingum, með þeim hætti sem best hæfir starfsemi hennar. Flokkun eftir hreyfingum veitir upplýsingar sem gera notendum kleift að meta áhrif þessara hreyfinga á efnahag einingarinnar og fjárhæðina á handbæru fé og ígildi þess. Þessar upplýsingar er einnig hægt að nota til að meta sambandið á milli þessara hreyfinga.

12 Stök viðskipti geta falið í sér sjóðstreymi sem flokkað er ólíkt. Þegar endurgreiðsla á láni með handbæru fé felur bæði í sér greiðslu vaxta og höfuðstóls getur t.d. vaxtaþátturinn flokkast sem rekstrarhreyfing og höfuðstólsþátturinn flokkast sem fjármögnunarhreyfing.

Rekstrarhreyfingar

13 Fjárhæð sjóðstreymis frá rekstrarhreyfingum er helsta vísbendingin um það að hvaða marki rekstur einingarinnar hefur myndað nægilegt sjóðstreymi til að endurgreiða lán, viðhalda rekstrargetu einingarinnar, greiða arð og fara út í nýjar fjárfestingar án þess að þurfa að fá fjármögnun utan frá. Upplýsingar um einstaka þætti sögulegs sjóðstreymis frá rekstri, ásamt öðrum upplýsingum, eru gagnlegar til að spá fyrir um framtíðarsjóðstreymi frá rekstri.

14 Sjóðstreymi frá rekstrarhreyfingum stafar fyrst og fremst af aðaltekjuöflunarstarfsemi einingarinnar. Þess vegna stafa þær almennt af viðskiptum og öðrum atburðum sem hafa áhrif á ákvörðun um hagnað eða tap. Dæmi um sjóðstreymi frá rekstrarhreyfingum eru:

a) innborganir í handbæru fé vegna sölu á vöru og þjónustu,

b) innborganir í handbæru fé vegna höfundarlauna, þóknana, umboðslauna og annarra tekna,

c) greiðslur í handbæru fé til birgja vegna vara og þjónustu,

d) greiðslur í handbæru fé til starfsmanna eða fyrir þeirra hönd,

e) [felldur brott]

f) greiðslur eða endurgreiðslur í handbæru fé á tekjusköttum, nema hægt sé að tengja þær sérstaklega fjármögnunar- og fjárfestingarhreyfingum, og

g) innborganir og greiðslur í handbæru fé af samningum sem haldið er til að ganga kaupum og sölum í viðskiptum.

Ýmis viðskipti, s.s. sala á framleiðslutækjum, geta leitt til myndunar hagnaðar eða taps sem tekið er með í færslu rekstrarreiknings. Sjóðstreymi sem varðar slík viðskipti er sjóðstreymi frá fjárfestingarhreyfingum. Greiðslur í handbæru fé til framleiðslu eða yfirtöku eigna sem haldið er til útleigu til annarra og sölu síðar, eins og lýst er í lið 68A í IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*, eru sjóðstreymi af rekstrarhreyfingum. Innborganir í reiðufé af útleigu og síðari sölu slíkra eigna eru einnig sjóðstreymi frá rekstrarhreyfingum.

15 Eining getur átt verðbréf og lánasamninga í þeim tilgangi að eiga viðskipti með þau en þá eru þau áþekk birgðum sem er aflað sérstaklega til endursölu. Af þeim sökum er sjóðstreymi frá kaupum og sölu á slíkum viðskiptaverðbréfum, flokkað sem rekstrarhreyfingar. Á sambærilegan hátt eru fyrirframgreiðslur í reiðufé og lán sem fjármálastofnanir veita, venjulega flokkuð sem rekstrarhreyfingar þar sem þetta tengist helstu leiðum einingarinnar til að afla tekna.

Fjárfestingarhreyfingar

16 Mikilvægt er að birta sérstaklega upplýsingar um sjóðstreymi frá fjárfestingarhreyfingum af því að það sýnir hve miklu fé hefur verið varið í eignir sem eiga að mynda tekjur og sjóðstreymi í framtíðinni. Einungis útgjöld, sem hafa í för með sér færslu eignar í efnahagsreikningi, uppfylla skilyrði um að flokkast sem fjárfestingarhreyfingar. Dæmi um sjóðstreymi frá fjárfestingarhreyfingum eru:

a) greiðslur í handbæru fé til að kaupa varanlega rekstrarfjármuni, óefnislegar eignir og aðrar langtímaeignir. Til þessara greiðslna teljast þær sem varða eignfærðan þróunarkostnað og eigin uppbyggingu á varanlegum rekstrarfjármunum,

b) innborganir í handbæru fé vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna, óefnislegra eigna og annarra langtímaeigna,

c) greiðslur í handbæru fé fyrir eiginfjár- eða skuldagerninga annarra eininga og hlutdeilda í samrekstri (aðrar en greiðslur fyrir gerninga sem teljast ígildi handbærs fjár eða gerninga sem ganga kaupum og sölum í viðskiptum),

d) innborganir í handbæru fé vegna sölu eiginfjár- eða skuldagerninga annarra eininga og hlutdeilda í samrekstri (aðrar en innheimtur fyrir gerninga sem teljast ígildi handbærs fjár og gerninga sem ganga kaupum og sölum í viðskiptum),

e) fyrirframgreiðslur í reiðufé og lán sem eru veitt öðrum aðilum (aðrar en fyrirframgreiðslur og lán sem fjármálastofnanir veita),

f) innborganir í handbæru fé vegna endurgreiðslu á fyrirframgreiðslum og lánum sem eru veitt öðrum aðilum (aðrar en fyrirframgreiðslur og lán fjármálastofnana),

g) greiðslur í handbæru fé fyrir framtíðarsamninga, framvirka samninga, valréttarsamninga og skiptasamninga nema þegar samningunum er ætlað að ganga kaupum og sölum í viðskiptum eða greiðslurnar eru flokkaðar sem fjármögnunarhreyfingar og

h) innborganir í handbæru fé vegna framtíðarsamninga, framvirkra samninga, valréttarsamninga og skiptasamninga nema þegar samningunum er ætlað að ganga kaupum og sölum í viðskiptum eða innheimturnar eru flokkaðar sem fjármögnunarhreyfingar.

Ef samningur er færður sem áhættuvörn fyrir sanngreinanlega stöðu er sjóðstreymi samningsins flokkað á sama hátt og sjóðstreymi stöðunnar sem er áhættuvarin.

Fjármögnunarhreyfingar

17 Mikilvægt er að birta sérstaklega upplýsingar um sjóðstreymi frá fjármögnunarhreyfingum vegna þess þær koma að gagni þegar segja á fyrir um kröfur veitenda fjármagns til einingarinnar um framtíðarsjóðstreymi. Dæmi um sjóðstreymi frá fjármögnunarhreyfingum eru:

a) innborganir í reiðufé vegna útgefinna hlutabréfa eða annarra gerninga fyrir eignarhlut,

b) greiðslur í handbæru fé til eigenda til að kaupa eða innleysa eigin eignarhluti í einingunni,

c) innborganir í reiðufé vegna útgefinna óveðtryggðra skuldabréfa, lána, víxla, veðskuldabréfa og annarrar lántöku til skamms eða langs tíma,

d) endurgreiðslur í handbæru fé á fjárhæðum, sem teknar hafa verið að láni, og

e) greiðslur leigutaka í handbæru fé til að lækka eftirstöðvar skulda vegna leigu.

FRAMSETNING SJÓÐSTREYMIS FRÁ REKSTRI

18 Eining skal tilgreina sjóðstreymi frá rekstrarhreyfingum og nota ýmist:

a) beinu aðferðina, þar sem birtir eru meginflokkar heildarinnborgana og heildargreiðslna í handbæru fé, eða

b) óbeinu aðferðina þar sem hagnaður eða tap er leiðrétt með tilliti til áhrifa af viðskiptum, sem ekki eru peningalegs eðlis, sérhverjum frestuðum eða áföllnum gjöldum vegna fyrri eða framtíðar móttöku eða greiðslna í handbæru fé frá rekstri, og tekju- eða gjaldaliða sem tengjast fjárfestinga- eða fjármögnunar-sjóðstreymi.

19 Einingar eru hvattar til þess að tilgreina sjóðstreymi frá rekstrarhreyfingum með því að nota beinu aðferðina. Með beinu aðferðinni fást upplýsingar sem geta verið gagnlegar til þess að meta sjóðstreymi í framtíðinni sem ekki eru mögulegar með óbeinu aðferðinni. Með beinu aðferðinni má fá upplýsingar um meginflokka heildarinnborgana og heildarútborgana í handbæru fé, ýmist:

a) úr bókhaldi einingarinnar eða

b) með því að leiðrétta sölu, kostnaðarverð seldra vara (vaxtatekjur og sambærilegar tekjur, vaxtakostnað og sambærileg gjöld fyrir fjármálastofnun) og aðra liði rekstrarreiknings út frá:

i. breytingum á tímabilinu á birgðum og viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum tengdar rekstri,

ii. öðrum liðum sem ekki eru vegna sjóðstreymis, og

iii. öðrum liðum þar sem sjóðstreymisáhrifin eru vegna sjóðstreymis frá fjárfestingu eða fjármögnun.

20 Með óbeinu aðferðinni er hreint sjóðstreymi vegna rekstrarhreyfinga ákvarðað með því að aðlaga hreinan hagnað eða hreint tap vegna áhrifa af:

a) breytingum á tímabilinu á birgðum og viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum tengdar rekstri,

b) liðum sem ekki eru vegna sjóðstreymis, s.s. afskriftir, reiknaðar skuldbindingar, frestaðir skattar, óinnleystur gengishagnaður og -tap, óráðstafaður hagnaður hlutdeildarfélaga, og

c) öllum öðrum liðum þar sem sjóðstreymisáhrifin eru vegna sjóðstreymis frá fjárfestingu eða fjármögnun.

Að öðrum kosti má setja fram hreint sjóðstreymi vegna rekstrarhreyfinga með óbeinu aðferðinni með því að sýna tekjur og gjöld, sem birtast í rekstrarreikningi, og breytingar á tímabilinu á birgðum og viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum tengdar rekstri.

FRAMSETNING Á SJÓÐSTREYMI FRÁ FJÁRFESTINGAR- OG FJÁRMÖGNUNARHREYFINGUM

21 Eining skal greina sérstaklega frá meginflokkum heildarinnborgana og heildarútborgana í handbæru fé, sem stafa af fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingum, nema að því marki sem greint er frá sjóðstreymi skv. 22. og 24. lið á hreinum grunni.

FRAMSETNING SJÓÐSTREYMIS Á HREINUM GRUNNI

22 Tilgreina má sjóðstreymi á hreinum grunni sem stafar af eftirfarandi rekstrar-, fjárfestingar- eða fjármögnunar-hreyfingum:

a) innborgunum og útborgunum í handbæru fé fyrir hönd viðskiptamanna þegar sjóðstreymið endurspeglar athafnir viðskiptamannsins fremur en athafnir einingarinnar og

b) innborgunum og útborgunum í handbæru fé fyrir liði sem hafa mikinn veltuhraða þar sem fjárhæðir eru háar og binditími stuttur.

23 Dæmi um innborganir og útborganir í handbæru fé, sem vísað er til í a-lið 22. liðar, eru:

a) móttaka og endurgreiðsla á óbundnum innstæðum í bönkum,

b) sjóðir sem fjárfestingarfyrirtæki annast fyrir viðskiptamenn sína, og

c) leigugjöld, innheimt fyrir hönd eigenda fasteigna og greidd til þeirra.

23A Dæmi um innborganir og útborganir í handbæru fé, sem vísað er til í b-lið 22. liðar, eru lánveitingar og endurgreiðslur vegna:

a) höfuðstólsfjárhæða viðskiptamanns í greiðslukortaviðskiptum,

b) kaupa og sölu á fjárfestingum og

c) annarrar lántöku til skamms tíma, t.d. lán með líftíma í þrjá mánuði eða skemur.

24 Sjóðstreymi sem stafar af hverri eftirfarandi starfsemi fjármálastofnunar má tilgreina á hreinum grunni:

a) innborgunum og útborgunum í handbæru fé vegna móttöku og endurgreiðslu á innstæðum sem eru bundnar til tiltekins dags,

b) innlögnum og úttektum á innstæðum hjá öðrum fjármálastofnunum og

c) fyrirframgreiðslur í reiðufé og lán sem eru veitt viðskiptamönnum og endurgreiðslur slíkra fyrirgreiðslna og lána.

SJÓÐSTREYMI Í ERLENDUM GJALDMIÐLI

25 Sjóðstreymi sem leiðir af viðskiptum í erlendum gjaldmiðli skal skráð í starfrækslugjaldmiðli einingar með því að reikna fjárhæð erlenda gjaldmiðilsins út frá því gengi sem er milli starfrækslugjaldmiðilsins og gengis erlenda gjaldmiðilsins þann dag sem sjóðstreymið myndaðist.

26 Sjóðstreymi erlends dótturfélags skal umreikna miðað við gengi starfrækslugjaldmiðilsins og gengis erlenda gjaldmiðilsins þá daga sem sjóðstreymi myndast.

27 Greina skal frá sjóðstreymi, sem gert er upp í erlendum gjaldmiðli, í samræmi við IAS-staðal 21, *áhrif gengisbreytinga í erlendum gjaldmiðlum*. Þetta heimilar að notað sé gengi sem er nálægt raunverulegu gengi. Til dæmis má nota vegið meðalgengi ákveðins tímabils til að skrá viðskipti í erlendum gjaldmiðli eða til að umreikna sjóðstreymi erlends dótturfélags. Hins vegar heimilar IAS-staðall 21 ekki notkun skráðs gengis við lok skýrslutímabilsins þegar umreikna á sjóðstreymi erlends dótturfélags.

28 Óinnleystur gengishagnaður eða gengistap vegna breytinga á gengi erlends gjaldmiðils er ekki sjóðstreymi. Í yfirlitinu um sjóðstreymi eru hins vegar tilgreind áhrifin af gengisbreytingum á handbært fé og ígildi þess, sem haldið er eða ber að greiða, til þess að samræma handbært fé og ígildi þess á milli upphafs og loka tímabilsins. Þessi fjárhæð er sett fram aðgreind frá sjóðstreymi frá rekstrar-, fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingum og felur í sér mismuninn, ef einhver er, hefði þetta sjóðstreymi verið tilgreint á gengi við lok tímabils.

29 [Felldur brott]

30 [Felldur brott]

VEXTIR OG ARÐUR

31 Sjóðstreymi frá mótteknum og greiddum vöxtum og arði skal birt sérstaklega hvert fyrir sig. Samræmi skal vera í því frá einu tímabili til annars hvernig hver liður fyrir sig er flokkaður í rekstrar-, fjárfestingar- eða fjármögnunarhreyfingar.

32 Í yfirlitinu um sjóðstreymi er birt samanlögð fjárhæð vaxta sem hefur verið greidd á tímabilinu, hvort sem vextirnir hafa verið færðir til gjalda í rekstrarreikningi eða eignfærðir í samræmi við IAS-staðal 23, *fjármagnskostnaður*.

33 Almennt eru greiddir vextir og mótteknir vextir og arður flokkaðir sem sjóðstreymi frá rekstri fjármálastofnana. Hins vegar er ekki almennt samkomulag um það hvernig skuli flokka þessa liði í sjóðstreymi hjá öðrum einingum. Greidda vexti og móttekna vexti og arð má flokka sem sjóðstreymi frá rekstri vegna þess að þeir hafa áhrif á ákvörðun um hagnað eða tap. Að öðrum kosti má flokka greidda vexti og móttekna vexti og arð sem sjóðstreymi frá fjármögnun annars vegar og frá fjárfestingu hins vegar, vegna þess að þeir eru kostnaður við öflun fjármagns eða arður af fjárfestingum.

34 Greiddan arð má flokka sem sjóðstreymi frá fjármögnun vegna þess að hann er kostnaður við öflun fjármagns. Að öðrum kosti má flokka greiddan arð sem lið í sjóðstreymi frá rekstrarhreyfingum til þess að auðvelda notendum að meta getu fyrirtækis til að greiða arð af sjóðstreymi frá rekstri.

TEKJUSKATTUR

35 Veita skal sérstaklega upplýsingar um sjóðstreymi sem stafar af tekjusköttum og það skal flokka sem sjóðstreymi frá rekstrarhreyfingum nema unnt sé að tengja það sérstaklega við fjármögnunar- og fjárfestingarhreyfingar.

36 Tekjuskattar stafa af viðskiptum sem leiða til sjóðstreymis sem flokkast sem rekstrar-, fjárfestingar- eða fjármögnun arhreyfingar í yfirliti um sjóðstreymi. Þótt auðvelt geti verið að rekja skattkostnað til fjárfestingar- eða fjármögnunarhreyfinga er oft ógerlegt að auðkenna tilsvarandi sjóðstreymi frá sköttum og það getur átt sér stað á öðru tímabili en á tímabili sjóðstreymisins frá undirliggjandi viðskiptum. Þess vegna eru greiddir skattar almennt flokkaðir sem sjóðstreymi frá rekstrarhreyfingum. Þegar mögulegt er að rekja sjóðstreymi frá sköttum til einstakra viðskipta, sem leiða til sjóðstreymis sem flokkast sem fjárfestingar- eða fjármögnunarhreyfingar, er sjóðstreymið frá sköttum flokkað sem fjárfestingar- eða fjármögnunarhreyfing eftir því sem við á. Þegar sjóðstreymi frá sköttum er skipt á milli fleiri en eins flokks starfsemi er birt samanlögð fjárhæð greiddra skatta.

FJÁRFESTINGAR Í DÓTTURFÉLÖGUM, HLUTDEILDARFÉLÖGUM OG SAMREKSTRI

37 Þegar fjárfesting í hlutdeildarfélagi, samrekstri eða dótturfélagi er færð samkvæmt hlutdeildar- eða kostnaðarverðsaðferð skal fjárfestir takmarka upplýsingar í yfirlitinu um sjóðstreymi við sjóðstreymi milli hans sjálfs og félagsins sem fjárfest er í, t.d. við arð og lánveitingar.

38 Eining sem tilgreinir hlutdeild sína í hlutdeildarfélagi eða samrekstri með því að nota hlutdeildaraðferðina skal taka með í sjóðstreymisyfirlit sitt, sjóðstreymið að því er varðar fjárfestingar hennar í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum, og útgreiðslur og aðrar greiðslur eða mótteknar greiðslur milli hennar og hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins.

BREYTINGAR Á EIGNARHLUTUM Í DÓTTURFÉLÖGUM OG ÖÐRUM FYRIRTÆKJUM

39 Samanlagt sjóðstreymi, sem stafar af því að yfirráð yfir dótturfélögum eða öðrum fyrirtækjum nást eða tapast, skal sett fram með sérgreindum hætti og flokkað sem fjárfestingarhreyfingar.

40 Eining skal birta samantekið, að því er varðar að ná eða tapa yfirráðum yfir dótturfélögum eða öðrum fyrirtækjum á tímabilinu, hvert af eftirfarandi:

a) heildargreiðsluna sem innt er af hendi eða móttekin,

b) þann hluta endurgjaldsins sem samanstendur af handbæru fé eða ígildi þess,

c) fjárhæð handbærs fjár og ígildis þess í dótturfélögunum eða öðrum fyrirtækjum þar sem yfirráð nást eða tapast og

d) fjárhæð eigna og skulda, annarra en handbærs fjár eða ígildis þess, í dótturfélögunum eða fyrirtækjunum þar sem yfirráð nást eða tapast, dregin saman í meginflokka.

40A Fjárfestingareining, eins og hún er skilgreind í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil* þarf ekki að beita c-lið 40. liðar eða d-lið 40. liðar á fjárfestingu í dótturfélagi, sem krafist er að metin sé á gangvirði í rekstrarreikningi.

41 Það að sýna sem sérstakan lið í sjóðstreymi þau áhrif sem stafa af því að yfirráð yfir dótturfélögum eða öðrum fyrirtækjum nást eða tapast, ásamt því að tilgreina sérstaklega verð yfirtekinna eða seldra eigna og skulda, hjálpar til við að gera greinarmun á þessu sjóðstreymi og sjóðstreymi frá öðrum rekstrar-, fjárfestingar- eða fjármögnunarhreyfingum. Þau sjóðstreymisáhrif af tapi á yfirráðum eru ekki dregin frá þeim að ná yfirráðum.

42 Heildarfjárhæð handbærs fjár sem greidd er eða móttekin sem endurgjald við að ná eða tapa yfirráðum yfir dótturfélögum eða öðrum fyrirtækjum er tilgreind í sjóðstreymisyfirlitinu, að frádregnu handbæru fé og ígildi þess vegna kaupa eða sölu sem hluti slíkra viðskipta, atburða eða breytinga á aðstæðum.

42A Sjóðstreymi frá breytingum á eignarhaldi á dótturfélagi sem leiðir ekki til taps á yfirráðum skal flokkað sem sjóðstreymi frá fjármögnunarhreyfingum, nema dótturfélagið sé í eigu fjárfestingareiningar, eins og skilgreint er í IFRS-staðli 10, og sem krafist er að metið sé á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

42B Breytingar á eignarhaldi á dótturfélagi sem leiða ekki til taps á yfirráðum, s.s. síðari kaup eða sala móðurfélags á eiginfjárgerningum dótturfélags, eru færðar sem viðskipti með eigið fé (sjá IFRS-staðal 10), nema dótturfélagið sé í eigu fjárfestingareiningar og sem krafist er að metið sé á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Í samræmi við það er sjóðstreymið sem verður til flokkað á sama hátt og önnur viðskipti við eigendur sem lýst er í 17. lið.

VIÐSKIPTI SEM HAFA EKKI ÁHRIF Á HANDBÆRT FÉ

43 Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar, sem ekki kalla á notkun handbærs fjár eða ígildis þess, skulu ekki koma fram á yfirliti um sjóðstreymi. Veita skal upplýsingar um slík viðskipti annars staðar í reikningsskilunum þannig að allar mikilvægar upplýsingar um þessar fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar komi fram.

44 Margar fjárfestinga- eða fjármögnunarhreyfingar hafa ekki bein áhrif á sjóðstreymi á tímabilinu þótt þær hafi áhrif á fjármagns- og eignasamsetningu einingarinnar. Að undanskilja viðskipti sem hafa ekki áhrif á handbært fé úr yfirlitinu um sjóðstreymi er í samræmi við hlutverk yfirlits um sjóðstreymi þar sem þessir liðir hafa ekki í för með sér sjóðstreymi á yfirstandandi tímabili. Dæmi um viðskipti, sem ekki hafa áhrif á handbært fé, eru:

a) kaup á eignum, ýmist með beinni yfirtöku á tengdum skuldum eða með leigusamningi,

b) yfirtaka einingar með útgáfu hlutabréfa og

c) umreikningur skulda í hlutafé.

BREYTINGAR Á SKULDBINDINGUM SEM STAFA AF FJÁRMÖGNUNARHREYFINGUM

44A Eining skal láta í té upplýsingar sem gera notendum reikningsskila kleift að meta breytingar á skuldbindingum sem stafa af fjármögnunarhreyfingum, þ.m.t. bæði breytingar sem orðið hafa vegna sjóðstreymis og breytingar sem ekki eru í handbæru fé.

44B Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að uppfylla kröfurnar í lið 44A skal eining veita upplýsingar um eftirfarandi breytingar á skuldbindingum sem stafa af fjármögnunarhreyfingum:

a) breytingar á sjóðstreymi frá fjármögnun,

b) breytingar sem stafa af því að ná eða tapa yfirráðum yfir dótturfélögum eða öðrum fyrirtækjum,

c) áhrifin af gengisbreytingum í erlendum gjaldmiðlum,

d) breytingar á gangvirði og

e) öðrum breytingum.

44C Skuldbindingar sem stafa af fjármögnunarhreyfingum eru skuldbindingar þar sem sjóðstreymi var, eða framtíðar-sjóðstreymi verður, flokkað í sjóðstreymisyfirlitið sem sjóðstreymi frá fjármögnunarhreyfingum. Auk þess á krafan um birtingu upplýsinga í lið 44A einnig við um breytingar á fjáreignum (t.d. eignum sem áhættuverja skuldbindingar sem stafa af fjármögnunarhreyfingum) ef sjóðstreymi frá þeim fjáreignum var, eða framtíðarsjóðstreymi verður, innifalið í sjóðstreymi frá fjármögnunarhreyfingum.

44D Ein leið til að mæta kröfunni í lið 44A um birtingu upplýsinga er að leggja fram afstemmingu á upphafs- og lokastöðu í efnahagsreikningi fyrir skuldbindingar sem stafa af fjármögnunarhreyfingum, þ.m.t. vegna breytinga sem tilgreindar eru í lið 44B. Þegar eining lætur í té upplýsingar um slíka afstemmingu skal hún veita notendum reikningsskila nægilegar upplýsingar svo að þeim sé gert kleift að tengja liði sem fram koma í afstemmingunni við efnahagsreikninginn og yfirlitinu um sjóðsteymið.

44E Ef eining lætur í té upplýsingarnar sem krafist er í lið 44A, ásamt upplýsingum um breytingar á öðrum eignum og skuldum, skal hún greina frá breytingum á skuldbindingum sem stafa af fjármögnunarhreyfingum aðskilið frá breytingum á þessum öðrum eignum og skuldum.

SAMSETNING HANDBÆRS FJÁR OG ÍGILDIS ÞESS

45 Eining skal veita upplýsingar um samsetningu handbærs fjár og ígildis þess og skal leggja fram afstemmingu á fjárhæðunum í sjóðstreymisyfirliti sínu við samsvarandi liði sem tilgreindir eru í efnahagsreikningnum.

46 Í ljósi þess hversu margvíslegar aðferðir tíðkast við reiðufjárstjórnun og bankaviðskipti í heiminum og til þess að fara eftir IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, skal eining veita upplýsingar um stefnurnar sem hún fylgir við ákvörðun á samsetningu handbærs fjár og ígildis þess.

47 Áhrif sérhverrar breytingar í stefnunni við að ákvarða samsetningu handbærs fjár og ígildis þess, t.d. breyting á flokkun fjármálagerninga sem áður töldust til fjárfestingarsafns einingarinnar eru tilgreind í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*.

AÐRAR UPPLÝSINGAR

48 Eining skal veita upplýsingar, ásamt með skýringum frá stjórnendum, um verulegar fjárhæðir handbærs fjár og ígildi þess í eigu einingarinnar sem ekki er tiltækt til ráðstöfunar fyrir samstæðuna.

49 Ýmsar aðstæður geta valdið því að handbært fé eða ígildi þess í eigu einingar er ekki tiltækt til ráðstöfunar fyrir samstæðuna. Dæmi um slíkt er m.a. handbært fé eða ígildi þess hjá dótturfélagi sem starfar í landi þar sem gjaldeyristakmörkunum eða öðrum lagalegum takmörkunum er beitt þannig að móðurfélagið eða önnur dótturfélög geta ekki haft almenn afnot af stöðunni.

50 Viðbótarupplýsingar geta skipt notendur máli til að skilja fjárhagsstöðu og greiðslugetu einingar. Hvatt er til að þessar upplýsingar, ásamt skýringum frá stjórnendum, séu birtar og geta falið í sér:

a) fjárhæð ónotaðra lántökuheimilda sem kunna að standa til boða vegna framtíðarrekstrar og til uppgjörs á fjármagnsskuldbindingum, en þá skal vísa í allar takmarkanir sem kunna að vera á notkun þessara heimilda,

b) heildarfjárhæð sjóðstreymis sem sýnir aukningu í afkastagetu aðgreint frá því sjóðstreymi sem krafist er til að viðhalda afkastagetu, og

c) fjárhæð sjóðstreymis frá rekstrar-, fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingum hvers starfsþáttar eftir atvinnugreinum og landsvæðum (sjá IFRS-staðal 8, *Starfsþættir*).

51 Það er gagnlegt fyrir notandann að birt sé hvort í sínu lagi sjóðstreymi, sem sýnir aukna afkastagetu, og sjóðstreymi, sem er nauðsynlegt til að viðhalda afkastagetu, til þess að hann geti metið hvort einingin sé að fjárfesta nægilega í viðhaldi afkastagetu sinnar. Eining, sem fjárfestir ekki nægilega í viðhaldi á afkastagetu sinni, getur verið að skaða arðsemi í framtíðinni í þágu núverandi greiðsluhæfis og greiðslna til eigenda.

52 Upplýsingar um sjóðstreymi fyrir tiltekna starfsþætti gerir notendum kleift að öðlast betri skilning á sambandinu milli sjóðstreymis fyrirtækisins í heild og einstakra þátta þess og tiltækileika og breytileika í sjóðstreymi starfsþáttar.

GILDISTÖKUDAGUR

53 Þessi staðall gildir um reikningsskil sem taka til tímabila sem hefjast 1. janúar 1994 eða síðar.

54 Með IAS-staðli 27 (með áorðnum breytingum 2008) breyttust 39.-42. liðir og liðir 42A og 42B bættust við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 27 (breytt 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil. Breytingunum skal beita afturvirkt.

55 Lið 14 var breytt með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)* sem gefnar voru út í maí 2008. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því og beita lið 68A í IAS-staðli 16.

56 Ákvæðum 16. liðar var breytt með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)* sem gefnar voru út í apríl 2009. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2010 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

57 IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, útgefnir í maí 2011 breyttu liðum 37, 38 og 42B og felldu á brott 50. lið (b-lið). Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

58 *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu liðum 42A og 42B og bættu við lið 40A Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita liðnum *fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningum* á sama tíma.

59 IFRS-staðall 16, *leigusamningar*, gefinn út í janúar 2016, breytti 17. og 44. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

60 *Framtaksverkefni um upplýsingagjöf* (breytingar á IAS-staðli 7), útgefið í janúar 2016, bætti við liðum 44A–44E. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2017 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Þegar einingin beitir þessum breytingum í fyrsta sinn er þess ekki krafist að hún leggi fram samanburðarupplýsingar fyrir næstliðin tímabil.

61 IFRS-staðall 17, *vátryggingarsamningar*, gefinn út í maí 2017, breytir 14. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 17.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 8 (IAS-staðall 8)

Reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum staðli er að mæla fyrir um viðmiðanir fyrir vali og breytingum á reikningsskilaaðferðum og einnig um reikningshaldslega meðferð breytinga á reikningsskilaaðferðum, upplýsingar um breytingar á reikningshaldslegu mati og leiðréttingar á skekkjum. Staðlinum er ætlað að auka mikilvægi og áreiðanleika reikningsskila einingar og samanburðarhæfi reikningsskilanna til lengri tíma litið og við reikningsskil annarra eininga.

2 Kröfur um upplýsingar um reikningsskilaaðferðir, að undanskildum upplýsingum um breytingar á reikningsskilaaðferðum, eru settar fram IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*.

GILDISSVIÐ

3 Beita skal þessum staðli **við val og beitingu reikningsskilaaðferða og reikningsskilalega meðferð vegna breytinga á reikningsskilaaðferðum, breytinga á reikningshaldslegu mati og leiðréttinga vegna skekkja á fyrri tímabilum.**

4 Skattaleg áhrif leiðréttinga á skekkjum á fyrri tímabilum og afturvirkra leiðréttinga sem gerðar eru vegna breytinga á reikningsskilaaðferðum skal færa og gera grein fyrir í samræmi við IAS-staðal 12, *tekjuskattar*.

SKILGREININGAR

5 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

***Reikningsskilaaðferðir* eru þær sérstöku meginreglur, forsendur, hefðir, reglur og venjur sem eining beitir við gerð og framsetningu reikningsskila.**

***Reikningshaldslegt mat* er fjárhæðir í reikningsskilum sem eru háðar matsóvissu.**

***Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS-staðlar)* eru staðlar og túlkanir sem Alþjóðareikningsskilaráðið hefur gefið út. Þeir samanstanda af:**

a) alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS-stöðlum),

b) alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS-stöðlum),

c) IFRIC-túlkunum, og

d) SIC-túlkunum ([3]).

***Mikilvægi* er skilgreint í 7. lið IAS-staðals 1 og er notað í þessum staðli í sömu merkingu.**

***Skekkjur á fyrri tímabilum* eru úrfellingar og rangfærslur í reikningsskilum einingar á einu eða fleiri fyrri tímabilum sem rekja má til þess að ekki voru notaðar, eða misnotaðar, áreiðanlegar upplýsingar sem:**

a) voru fyrir hendi þegar reikningsskil fyrir þessi tímabil voru heimiluð til birtingar, og

([3]) Skilgreiningu á IFRS-stöðlum breytt eftir nafnabreytingarnar sem voru gerðar með endurskoðaðri *Stofnskrá alþjóðlegu reikningsskilastaðlastofnunarinnar* árið 2010.

b) unnt var með sanngirni að ætla að hefði verið aflað og tekið mið af við gerð og framsetningu þessara reikningsskila.

Slíkar skekkjur eru m.a. áhrif af villum í útreikningi, villur við beitingu reikningsskilaaðferða, yfirsjónir eða rangtúlkanir staðreynda og svik.

Afturvirk beiting **er beiting nýrrar reikningsskilaaðferðar á viðskipti, aðra atburði og aðstæður eins og þeirri reikningsskilaaðferð hafi alltaf verið beitt.**

Afturvirk endurgerð **er leiðrétting á færslu, mati og upplýsingum um fjárhæðir um þætti í reikningsskilum, eins og skekkja á fyrra tímabili hefði aldrei átt sér stað.**

Ógerlegt**: Ógerlegt er að beita kröfu þegar einingin getur ekki beitt henni þrátt fyrir að hafa gert allar eðlilegar ráðstafanir til þess. Fyrir tiltekið fyrra tímabil er ógerlegt að beita breytingu á reikningsskilaaðferð afturvirkt eða endurgera reikningsskil afturvirkt til að leiðrétta skekkju ef:**

a) ekki er unnt að ákvarða áhrif af afturvirkri beitingu eða afturvirkri endurgerð,

b) afturvirka beitingin eða afturvirka endurgerðin krefst þess að sett sé fram tilgáta um hver hafi verið fyrirætlan stjórnenda **á því tímabili, eða**

c) afturvirka beitingin eða afturvirka endurgerðin útheimtir umfangsmikið mat á fjárhæðum og ómögulegt er að greina hlutlægt á milli upplýsinga um slíkt mat sem:

i. gefa vísbendingar um aðstæður sem voru til staðar daginn/dagana sem á að færa þessar fjárhæðir, meta eða veita upplýsingar um, og

ii. hefðu verið fyrir hendi, þegar reikningsskilin fyrir þetta fyrra tímabil voru heimiluð til birtingar,

frá öðrum upplýsingum.

Framvirk beiting **breytingar á reikningsskilaaðferð og á færslu áhrifanna af breytingu á reikningshaldslegu mati er:**

a) beiting nýrrar reikningsskilaaðferðar að því er varðar viðskipti, aðra atburði og aðstæður sem gerast eftir þann dag sem aðferðinni er breytt, og

b) færsla áhrifa af breytingunni á reikningshaldslegu mati á yfirstandandi tímabili og framtíðartímabilum sem breytingin hefur áhrif á.

6 [Felldur brott]

REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

Val og beiting reikningsskilaaðferða

7 Þegar IFRS-staðall gildir sérstaklega um viðskipti, annan atburð eða aðstæður, skal ákvörðun um reikningsskilaaðferð eða -aðferðir, sem beitt er á þann lið, byggjast á IFRS-staðlinum.

8 Í IFRS-stöðlum eru settar fram reikningsskilaaðferðir sem Alþjóðareikningsskilaráðið hefur komist að niðurstöðu um að leiði til reikningsskila með viðeigandi og áreiðanlegum upplýsingum um viðskipti, aðra atburði og aðstæður sem þær eiga við um. Ekki þarf að beita þessum aðferðum þegar áhrifin af beitingu þeirra eru óveruleg. Þó er ekki rétt að láta óleiðrétt frávik sem eru óveruleg frá IFRS-stöðlum til að ná fram sérstakri framsetningu á fjárhagsstöðu, rekstrarárangri eða sjóðstreymi einingar.

9 IFRS-stöðlum fylgja leiðbeiningar til að aðstoða einingar að beita kröfum sínum. Allar slíkar leiðbeiningar taka fram hvort þær séu órjúfanlegur þáttur af IFRS-stöðlum. Leiðbeiningar sem eru órjúfanlegur þáttur af IFRS-stöðlum eru lögboðnar. Leiðbeiningar sem eru ekki órjúfanlegur þáttur af IFRS-stöðlum fela ekki í sér kröfur um reikningsskil.

10 **Ef ekki er til IFRS-staðall, sem gildir sérstaklega um tiltekin viðskipti, annan atburð eða aðstæður, skulu stjórnendur nota eigin dómgreind við þróun og beitingu reikningsskilaaðferðar sem leiðir til upplýsinga sem:**

a) skipta máli fyrir notendur við fjárhagslega ákvarðanatöku, og

b) eru áreiðanlegar að því leyti að reikningsskilin:

(i) gefa raunsanna mynd af fjárhagsstöðu, rekstrarárangri og sjóðstreymi einingarinnar,

(ii) endurspegla fjárhagslegan kjarna viðskipta, annarra atburða og aðstæðna en ekki aðeins lagalegt form,

(iii) eru hlutlaus, þ.e. óhlutdræg,

(iv) eru varfærin, og

(v) eru heildstæð í öllum mikilvægum atriðum.

11 Þegar stjórnendur leggja mat, sem lýst er í 10. lið, skulu þeir vísa til og hafa í huga viðeigandi notkun á eftirfarandi heimildum sem er raðað eftir mikilvægi:

a) krafna í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem fjalla um sambærileg og tengd viðfangsefni og

b) skilgreininga, skilyrða fyrir færslum og matshugtaka að því er varðar eignir, skuldir, tekjur og gjöld í *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* (*Hugtakarammanum*) [4].

12 Þegar stjórnendur leggja mat, sem lýst er í 10. lið, geta þeir einnig haft í huga nýjustu yfirlýsingar annarra reglusetningaraðila sem nota sambærilegan hugtakaramma til að þróa reikningsskilastaðla, önnur fagrit um reikningsskil og viðurkenndar venjur í atvinnugreinum, að því marki sem þær eru ekki í ósamræmi við heimildirnar í 11. lið.

Samkvæmni í reikningsskilaaðferðum

13 Eining skal velja og beita reikningsskilaaðferðum sínum með samkvæmni að því er varðar sambærileg viðskipti, aðra atburði og aðstæður nema IFRS-staðall krefjist þess sérstaklega eða heimili að liðir séu flokkaðir og að rétt sé að nota aðrar aðferðir gagnvart þeim. Ef IFRS-staðall krefst eða heimilar slíka flokkun skal velja og beita með samkvæmni viðeigandi reikningsskilaaðferð gagnvart hverjum flokki.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum

14 Eining skal því aðeins breyta reikningsskilaaðferð ef breytingin:

a) er nauðsynleg samkvæmt IFRS-staðli, eða

b) hefur í för með sér að í reikningsskilunum eru áreiðanlegri og meira viðeigandi upplýsingar um áhrif af viðskiptum, öðrum atburðum eða aðstæðum á fjárhagsstöðu, rekstrarárangur eða sjóðstreymi einingarinnar.

(4) Í lið 54G er útskýrt hvernig þessari kröfu er breytt að því er varðar lögbundinn reikningsjöfnuð.

15 Notendur reikningsskila þurfa að geta borið saman reikningsskil einingar yfir tímabil til að geta greint þróun fjárhagsstöðu, rekstrarárangurs og sjóðstreymis hennar. Þess vegna er sömu reikningsskilaaðferðum beitt innan hvers tímabils og frá einu tímabili til annars nema breyting á reikningsskilaaðferðum fullnægi einni af viðmiðunum í 14. lið.

16 Eftirfarandi tilvik eru ekki breytingar á reikningsskilaaðferðum:

a) beiting reikningsskilaaðferðar að því er varðar viðskipti, aðra atburði eða aðstæður, sem eru efnislega frábrugðin fyrri atburðum eða viðskiptum, og

b) beiting nýrrar reikningsskilaaðferðar að því er varðar viðskipti, aðra atburði eða aðstæður sem hafa ekki átt sér stað áður eða voru óveruleg.

17 Þegar aðferð er beitt í fyrsta sinn til að endurmeta eignir í samræmi við IAS-staðal 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*, eða IAS-staðal 38, *óefnislegar eignir*, er breyting á reikningsskilaaðferð sem skal farið með sem endurmat í samræmi við IAS-staðal 16 eða IAS-staðal 38 fremur en í samræmi við þennan staðal.

18 19. til 31. liður gilda ekki um breytingar á reikningsskilaaðferð sem lýst er í 17. lið.

Beiting breytinga á reikningsskilaaðferðum

19 Með fyrirvara um 23. lið:

a) skal eining gera grein fyrir breytingu á reikningsskilaaðferð, sem leiðir af beitingu IFRS-staðals í fyrsta sinn, í samræmi við sérstök bráðabirgðaákvæði þess IFRS-staðals, ef einhver eru, og

b) þegar eining breytir reikningsskilaaðferð við beitingu IFRS-staðals í fyrsta sinn sem ekki er með sérstök bráðabirgðaákvæði um þá breytingu, eða þegar hún breytir reikningsskilaaðferð að eigin vilja, skal hún beita breytingunni afturvirkt.

20 Að því er varðar þennan staðal telst það ekki vera breyting á reikningsskilaðferð að eigin vilja þegar IFRS-staðli er beitt fyrr en ætlað var.

21 Ef ekki er til IFRS-staðall sem gildir sérstaklega um viðskipti, annan atburð eða aðstæður geta stjórnendur, í samræmi við 12. lið, beitt reikningsskilaaðferð úr nýjustu yfirlýsingum annarra reglusetningaraðila sem nota sambærilegan hugtakaramma til að þróa reikningsskilastaðla. Ef einingin velur, í kjölfar breytingar á slíkri yfirlýsingu, að breyta reikningsskilaaðferð, skal gera grein fyrir og birta upplýsingar um þá breytingu sem breytingar á reikningsskilaaðferð að eigin vilja.

Afturvirk beiting

22 Þegar breytingu á reikningsskilaaðferð er beitt afturvirkt í samræmi við a- eða b-lið 19.-liðar skal einingin, með fyrirvara um 23. lið, leiðrétta upphafsstöðu hvers eiginfjárhluta, sem hún hefur áhrif á, í því fyrsta af fyrri tímabilum, sem sett eru fram, og hinna samanburðarfjárhæðanna, sem birtar eru upplýsingar um fyrir hvert hinna fyrri tímabila sem sett eru fram, eins og nýju reikningsskilaaðferðinni hafi alltaf verið beitt.

Takmarkanir á afturvirkri beitingu

23 Þegar krafist er afturvirkrar beitingar skv. a- eða b-lið 19. liðar skal beita reikningsskilaaðferð afturvirkt nema þegar ógerlegt er að ákvarða annaðhvort áhrif á sérstakt tímabil eða uppsöfnuð áhrif breytinganna.

24 Þegar ógerlegt er, að því er varðar tiltekið tímabil, að ákvarða áhrif þess á samanburðarupplýsingar að breyta um reikningsskilaaðferð fyrir eitt eða fleiri af fyrri tímabilum, sem sett eru fram, skal einingin beita nýju reikningsskilaaðferðinni á bókfært verð eigna og skulda frá og með upphafi fyrsta tímabils þegar afturvirk beiting er framkvæmanleg, sem getur verið núverandi tímabil, og skal gera samsvarandi leiðréttingu á upphafsstöðu hvers eiginfjárhluta sem verður fyrir áhrifum fyrir það tímabil.

25 Þegar ógerlegt er að ákvarða uppsöfnuð áhrif, í upphafi núverandi tímabils, af því að beita nýrri reikningsskilaaðferð á öll fyrri tímabil skal einingin leiðrétta samanburðarupplýsingarnar þannig að nýrri reikningsskilaaðferð sé beitt framvirkt frá fyrsta degi sem unnt er.

26 Þegar eining beitir nýrri reikningsskilaaðferð afturvirkt beitir hún nýrri reikningsskilaaðferð á samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil eins langt aftur og unnt er. Afturvirk beiting á fyrra tímabil er ekki gerleg nema unnt sé að ákvarða uppsöfnuð áhrif á fjárhæðir bæði í upphafs- og lokastöðu efnahagsreiknings á því tímabili. Fjárhæð leiðréttingarinnar, sem af því leiðir og tengist tímabilum á undan þeim sem sett eru fram í reikningsskilunum, er tekin með í upphafsstöðu hvers eiginfjárhluta, sem verður fyrir áhrifum af henni, á fyrsta tímabilinu sem sýnt er. Alla jafna er leiðréttingin gerð á óráðstöfuðu eigin fé. Leiðréttingin getur þó verið gerð á öðrum eiginfjárhluta (t.d. til að fylgja ákvæðum IFRS-staðals). Aðrar upplýsingar um fyrri tímabil, t.d. samanteknar, sögulegar, fjárhagslegar lykiltölur, skulu einnig leiðréttar eins langt aftur og gerlegt er.

27 Þegar ógerlegt er fyrir einingu að beita nýrri reikningsskilaaðferð afturvirkt vegna þess að hún getur ekki ákvarðað uppsöfnuð áhrif af beitingu aðferðarinnar á öll fyrri tímabil beitir einingin, í samræmi við 25. lið, nýrri aðferð framvirkt frá upphafi þess tímabils sem það er fyrst framkvæmanlegt. Hún tekur því ekki tillit til þess hluta uppsafnaðra leiðréttinga á eignum, skuldum og eigin fé sem hefur orðið fyrir þann dag. Breyting á reikningsskilaaðferð er heimiluð þrátt fyrir að ógerlegt sé að beita aðferðinni framvirkt fyrir fyrri tímabil. Í 50.–53. lið er að finna leiðbeiningar um það þegar ógerlegt er að beita nýrri reikningsskilaaðferð á eitt eða fleiri tímabil.

Upplýsingagjöf

28 Þegar beiting IFRS-staðals í fyrsta sinn hefur áhrif á núverandi tímabil, eða eitthvert fyrra tímabil, hefði slík áhrif nema ógerlegt sé að ákvarða fjárhæð leiðréttingarinnar, eða gæti haft áhrif á síðari tímabil, skal eining veita upplýsingar um:

a) titil IFRS-staðals,

b) hvort breyting á reikningsskilaaðferð er gerð í samræmi við bráðabirgðaákvæði hennar, þegar við á,

c) eðli breytingar á reikningsskilaaðferð,

d) lýsingu á bráðabirgðaákvæðum, þegar við á,

e) bráðabirgðaákvæði sem gætu haft áhrif á síðari tímabil, þegar við á,

f) fjárhæð leiðréttingar á núverandi tímabili og hverju fyrra tímabili sem sett er fram, að svo miklu leyti sem unnt er:

i. fyrir hverja sérlínu í reikningsskilum sem verður fyrir áhrifum, og

ii. ef IAS-staðall 33, *hagnaður á hlut*, gildir um einingunа, fyrir grunnhagnað og þynntan hagnað á hlut,

g) fjárhæð leiðréttingar sem tengist tímabilum á undan þeim sem sett eru fram, að svo miklu leyti sem unnt er, og

h) ef afturvirk beiting, sem krafist er skv. a- eða b-lið 19. liðar, er ógerleg fyrir tiltekið fyrra tímabil eða fyrir tímabil á undan þeim sem eru sett fram, kringumstæðurnar sem leiddu til þessa ástands og lýsingu á hvernig og frá hvaða tíma breytingunni á reikningsskilaaðferð hefur verið beitt.

Ekki er þörf á að endurtaka þessar upplýsingar í reikningsskilum síðari tímabila.

29 **Þegar breyting á reikningsskilaaðferð að eigin vilja hefur áhrif á núverandi tímabil, eða eitthvert fyrra tímabil hefði áhrif á það tímabil nema ógerlegt sé að ákvarða fjárhæð leiðréttingarinnar, eða gæti haft áhrif á síðari tímabil, skal eining veita upplýsingar um:**

a) eðli breytingar á reikningsskilaaðferð,

b) ástæður þess að beiting nýrrar reikningsskilaaðferðar veitir áreiðanlegar og meira viðeigandi upplýsingar,

c) fjárhæð leiðréttingar á núverandi tímabili og hverju fyrra tímabili sem sett er fram, að svo miklu leyti sem unnt er:

i. fyrir hverja sérlínu í reikningsskilum sem verður fyrir áhrifum, og

ii. ef IAS-staðall 33 gildir um einingu, fyrir grunnhagnað og þynntan hagnað á hlut,

d) fjárhæð leiðréttingar sem tengist tímabilum á undan þeim sem sett eru fram, að svo miklu leyti sem unnt er, og

e) ef afturvirk beiting er ógerleg fyrir tiltekið fyrra tímabil eða fyrir tímabil á undan þeim sem eru sett fram, kringumstæðurnar sem leiddu til þessa ástands og lýsingu á hvernig og frá hvaða tíma breytingunni á reikningsskilaaðferð hefur verið beitt.

Ekki er þörf á að endurtaka þessar upplýsingar í reikningsskilum síðari tímabila.

30 Þegar eining hefur ekki beitt nýjum IFRS-staðli, sem hefur verið gefinn út en hefur ekki enn tekið gildi, skal einingin veita upplýsingar um:

a) þessa málavexti, og

b) þekktar upplýsingar eða upplýsingar sem unnt er að áætla með góðu móti og varða mat á hugsanlegum áhrifum sem beiting nýs IFRS-staðals mun hafa á reikningsskil einingarinnar **á tímabili fyrstu beitingar.**

31 Samkvæmt 30. lið skal eining veita upplýsingar um:

a) titil nýja IFRS-staðalsins,

b) eðli væntanlegrar breytingar eða breytinga á reikningsskilaaðferð,

c) dagsetninguna, sem krafist er að beiting IFRS-staðalsins hefjist,

d) dagsetninguna, þegar einingin ráðgerir að beita IFRS-staðlinum í fyrsta sinn og

e) annaðhvort:

i. umfjöllun um væntanleg áhrif þess á reikningsskil einingarinnar þegar IFRS-staðlinum er beitt í fyrsta sinn, eða

ii. ef ekki er vitað hver þau áhrif verða eða ekki er unnt að áætla þau með skynsamlegum hætti, yfirlýsing þess efnis.

REIKNINGSHALDSLEGT MAT

32 Í reikningsskilaaðferð getur verið gerð krafa um að liðir í reikningsskilum séu metnir þannig að það feli í sér matsóvissu — þ.e. reikningsskilaaðferðin getur gert kröfu um að slíkir liðir séu metnir í fjárhæðum sem ekki er unnt að meta beint og þess í stað verður að áætla þær. Í slíkum tilvikum þróar eining reikningshaldslegt mat til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í reikningsskilaaðferðinni. Þróun á reikningshaldslegu mati felur í sér notkun matsákvarðana eða forsendna sem byggjast á nýjustu tiltæku, áreiðanlegu upplýsingum. Dæmi um reikningshaldslegt mat eru:

a) niðurfærsla vænts útlánataps, með beitingu IFRS-staðals 9, *fjármálagerningar*,

b) hreint söluvirði birgðaeiningar, með beitingu IAS-staðals 2, *birgðir*,

c) gangvirði eignar eða skuldar, með beitingu IFRS-staðals 13, *gangvirðismat*,

d) afskriftakostnaður vegna varanlegs rekstrarfjármunaliðar, með beitingu IAS-staðals 16 og

e) reiknuð skuldbinding vegna ábyrgðarskuldbindinga, með beitingu IAS-staðals 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*.

32A Eining notar mæliaðferðir og ílög til að þróa reikningshaldslegt mat. Meðal mæliaðferða eru matsaðferðir (t.d. aðferðir sem notaðar eru til að meta niðurfærslu fyrir vænt útlánatap með því að beita IFRS-staðli 9) og virðismatsaðferðir (t.d. aðferðir sem notaðar eru til að meta gangvirði eignar eða skuldar með því að beita IFRS-staðli 13).

32B Hugtakið „mat“ í IFRS-stöðlum vísar stundum til mats sem er ekki reikningshaldslegt mat eins og það er skilgreint í þessum staðli. Til dæmis á það stundum við um ílag sem notað er við þróun á reikningshaldslegu mati.

33 Nauðsynlegt er að beita skynsamlegu mati við gerð reikningsskila og það dregur ekki úr áreiðanleika þeirra.

Breytingar á reikningshaldslegu mati

34 Eining getur þurft að endurskoða reikningshaldslegt mat ef þær aðstæður, sem matið byggðist á, breytast eða vegna nýrra upplýsinga, nýrrar þróunar eða aukinnar reynslu. Eðli sínu samkvæmt tengist breyting á reikningshaldslegu mati ekki fyrri tímabilum og er ekki leiðrétting á skekkju.

34A Áhrif breytingar á ílagi eða breytingar á mæliaðferð á reikningshaldslegt mat eru breytingar á reikningshaldslegu mati nema þær stafi af leiðréttingum á skekkjum frá fyrri tímabilum.

35 Breyting á matsgrunninum, sem er beitt, er breyting á reikningsskilaaðferð en ekki breyting á reikningshaldslegu mati: Þegar erfitt er að greina á milli breytingar á reikningsskilaaðferð og breytingar á reikningshaldslegu mati er farið með breytinguna sem breytingu á reikningshaldslegu mati.

Beiting breytinga á reikningshaldslegu mati

36 Áhrif breytingar á reikningshaldslegu mati, að undanskildum breytingum sem falla undir 37. lið, skal færa framvirkt með því að telja þau með í rekstrarreikningi:

a) á því tímabili, þegar breytingin er gerð, ef breytingin hefur einungis áhrif á það tímabil, eða

b) á því tímabili þegar breytingin er gerð og síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á hvort tveggja.

37 Að því marki sem breyting á reikningshaldslegu mati leiðir til breytinga á eignum og skuldum eða tengist eiginfjárlið skal færa hana með því að leiðrétta bókfært verð tengdrar eignar, skuldar eða eiginfjárliðar á því tímabili sem breytingin á sér stað.

38 Framvirk færsla á áhrifum breytingar á reikningshaldslegu mati merkir að breytingunni er beitt að því er varðar viðskipti, aðra atburði og aðstæður frá þeim degi sem sú breyting er gerð. Breyting á reikningshaldslegu mati getur haft áhrif á hagnað eða tap á núverandi tímabili eingöngu eða hagnað eða tap á bæði núverandi og síðari tímabilum. Breyting á niðurfærslu vænts útlánataps hefur t.d. einungis áhrif á hagnað eða tap núverandi tímabils og er því færð á núverandi tímabili. Hins vegar hefur breyting á mati á áætluðum nýtingartíma afskrifanlegrar eignar í framtíðinni eða á væntanlegu notkunarmynstri efnahagslegs ávinnings sem felst í eigninni áhrif á afskriftarkostnað á núverandi tímabili og síðari tímabilum miðað við það sem eftir er af nýtingartíma eignarinnar. Í báðum tilvikum eru áhrif breytingarinnar sem tengjast yfirstandandi tímabili færð sem tekjur eða gjöld á yfirstandandi tímabili. Ef einhver áhrif verða á síðari tímabilum eru þau færð sem tekjur eða gjöld á þeim tímabilum.

Upplýsingagjöf

39 Eining skal birta upplýsingar um eðli og fjárhæð breytingar á reikningshaldslegu mati sem hefur áhrif á yfirstandandi tímabili eða er vænst að hafi áhrif á síðari tímabilum nema að því er varðar upplýsingar um áhrif á síðari tímabil þegar ekki er gerlegt að meta þau áhrif.

40 Ef ekki er tilgreind fjárhæð í upplýsingum um áhrif á síðari tímabilum vegna þess að mat er ekki gerlegt skal eining greina frá því að svo sé.

SKEKKJUR

41 Skekkjur geta komið fram við færslu, mat, framsetningu eða upplýsingar um þætti í reikningsskilum. Reikningsskil eru ekki í samræmi við IFRS-staðla ef í þeim eru annaðhvort verulegar skekkjur eða óverulegar skekkjur sem gerðar eru af ásettu ráði til að fá fram tiltekna framsetningu á fjárhagsstöðu, rekstrarárangri eða sjóðstreymi einingar. Hugsanlegar villur á yfirstandandi tímabili, sem uppgötvast á því tímabili, eru leiðréttar áður en reikningsskilin eru heimiluð til birtingar. Verulegar skekkjur uppgötvast þó stundum ekki fyrr en á síðara tímabili og þessar skekkjur frá fyrra tímabili eru leiðréttar í samanburðarupplýsingunum sem eru settar fram í reikningsskilunum fyrir þetta síðara tímabil (sjá 42.–47. lið).

42 Með fyrirvara um 43. lið skal eining leiðrétta verulegar villur frá fyrri tímabilum afturvirkt í fyrstu reiknings skilum sem heimiluð eru til útgáfu eftir að þær uppgötvast, með því að:

a) endurákvarða samanburðarfjárhæðir fyrir fyrra eða fyrri tímabil, sem sett voru fram og skekkjur voru í, eða

b) endurákvarða upphafsstöðu eigna, skulda og eigin fjár fyrir fyrsta tímabilið sem sett var fram ef skekkjan átti sér stað fyrir fyrsta fyrra tímabil sem sett var fram.

Takmarkanir á afturvirkri endurgerð

43 Leiðrétta skal skekkju frá fyrra tímabili með afturvirkri endurgerð nema þegar ógerlegt er að ákvarða annaðhvort áhrif að því er varðar sérstakt tímabil eða uppsöfnuð áhrif skekkjunnar.

44 Þegar ógerlegt er að ákvarða áhrif skekkju á sérstök tímabil á samanburðarupplýsingar fyrir eitt eða fleiri af fyrri tímabilum, sem sett eru fram, skal einingin endurgera upphafsstöðu eigna, skulda og eigin fjár fyrir fyrsta tímabilið sem afturvirk endurgerð er gerleg (sem getur verið yfirstandandi tímabil).

45 Þegar ógerlegt er að ákvarða uppsöfnuð áhrif af skekkju á öll fyrri tímabil í upphafi yfirstandandi tímabils skal einingin endurgera samanburðarupplýsingarnar til að leiðrétta skekkjuna framvirkt frá fyrsta mögulega degi.

46 Leiðrétting skekkju vegna fyrra tímabils er ekki talin með í hagnaði eða tapi á því tímabili sem skekkjan uppgötvast. Allar upplýsingar, sem settar eru fram um fyrri tímabil, þ.m.t. samanteknar, sögulegar, fjárhagslegar lykiltölur, skulu endurgerðar eins langt aftur og gerlegt er.

47 Þegar ógerlegt er að ákvarða fjárhæð skekkju (t.d. mistök í beitingu reikningsskilaaðferðar) fyrir öll fyrri tímabil, endurgerir einingin, í samræmi við 45. lið, samanburðarupplýsingarnar framvirkt frá fyrsta mögulega degi. Hún tekur því ekki tillit til þess hluta uppsafnaðrar endurgerðar á eignum, skuldum og eigin fé sem hefur orðið fyrir þann dag. Í 50.–53. lið er að finna leiðbeiningar um það þegar ógerlegt er leiðrétta skekkju fyrir eitt eða fleiri tímabil.

48 Leiðréttingar á skekkjum eru aðgreindar frá breytingum á reikningshaldslegu mati. Reikningshaldslegt mat er í eðli sínu nálgun sem kann að vera nauðsynlegt að breyta eftir því sem frekari upplýsingar koma í ljós. Ágóði eða tap, sem er fært sem afleiðing af óvissuþætti, er t.d. ekki leiðrétting á skekkju.

Upplýsingar um skekkjur á fyrri tímabilum

49 Þegar ákvæðum 42. liðar er beitt skal eining birta upplýsingar um eftirfarandi:

a) eðli skekkju frá fyrra tímabili,

b) fjárhæð leiðréttingarinnar fyrir hvert fyrra tímabil sem sett er fram, að svo miklu leyti sem unnt er:

i. fyrir hverja sérlínu í reikningsskilum sem verður fyrir áhrifum, og

ii. ef IAS-staðall 33 gildir um eininguna, fyrir grunnhagnað og þynntan hagnað á hlut,

c) fjárhæð leiðréttingarinnar í upphafi þess fyrsta af fyrri tímabilum sem eru sett fram, og

d) ef afturvirk beiting er ógerleg fyrir tiltekið fyrra tímabil, kringumstæðurnar sem leiddu til þessa ástands og lýsingu á hvernig og frá hvaða tíma skekkjan hefur verið leiðrétt.

Ekki er þörf á að endurtaka þessar upplýsingar í reikningsskilum síðari tímabila.

ÓFRAMKVÆMANLEIKI AFTURVIRKRAR BEITINGAR OG AFTURVIRKRAR ENDURGERÐAR

50 Í sumum tilvikum er ógerlegt að leiðrétta samanburðarupplýsingar um eitt eða fleiri af fyrri tímabilum til þess að þær verði samanburðarhæfar við yfirstandandi tímabil. Til dæmis getur verið að gögnum hafi ekki verið safnað á fyrra eða fyrri tímabilum þannig að annaðhvort sé unnt að beita nýrri reikningsskilaaðferð afturvirkt (þ.m.t., að því er varðar 51.–53. lið, framvirk beiting á fyrri tímabil) eða afturvirkri endurgerð til að leiðrétta skekkju á fyrra tímabili og ógerlegt getur verið að endurskapa upplýsingarnar.

51 Oft er nauðsynlegt að beita mati við beitingu reikningsskilaaðferðar á þætti í reikningsskilum sem eru færðir eða gerð grein fyrir með tilliti til viðskipta, annarra atburða eða aðstæðna Mat er í eðli sínu huglægt og möt er hægt að gera eftir reikningsskilatímabilið. Gerð mats getur verið erfiðara þegar reikningsskilaaðferð er beitt afturvirkt eða við afturvirka endurgerð til leiðréttingar á skekkju frá fyrra tímabili vegna þess að lengra kann að vera liðið frá þeim viðskiptum, öðrum atburði eða aðstæðum sem um ræðir og orðið hafa fyrir áhrifum. Markmiðið með mati, sem tengist fyrri tímabilum, er þó hið sama og með mati sem fer fram á yfirstandandi tímabili, þ.e. að matið endurspegli aðstæðurnar þegar viðskiptin, annar atburður eða aðstæður áttu sér stað.

52 Þess vegna þarf, þegar nýrri reikningsskilaaðferð er beitt eða skekkja frá fyrra tímabili er leiðrétt, að aðgreina upplýsingar sem

a) gefa vísbendingar um aðstæður sem voru fyrir hendi á þeim degi (dögum) þegar viðskiptin, annar atburður eða aðstæður áttu sér stað og

b) hefðu verið fyrir hendi, þegar reikningsskilin fyrir þetta fyrra tímabil voru heimiluð til birtingar,

frá öðrum upplýsingum. Við sumar gerðir mats (t.d. við mat á gangvirði sem byggist á umtalsverðum ósannreynanlegum ílögum) er ógerlegt að aðgreina þessar gerðir upplýsinga. Þegar afturvirk beiting eða afturvirk endurgerð, útheimtir umfangsmikið mat þar sem ómögulegt er að gera greinarmun á þessum tveimur gerðum upplýsinga, er ógerlegt að beita nýrri reikningsskilaaðferð eða leiðrétta fyrra tímabil afturvirkt.

53 Ekki skal nota eftirhyggju þegar nýrri reikningsskilaaðferð er beitt eða þegar fjárhæðir fyrra tímabils eru leiðréttar, annaðhvort með því að álykta um það hverjar fyrirætlanir stjórnenda hefðu verið á fyrra tímabili eða með því að meta fjárhæðirnar sem voru færðar, metnar eða tilgreindar á fyrra tímabili. Til dæmis lítur eining, þegar hún leiðréttir skekkju frá fyrra tímabili í útreikningi á skuldbindingum vegna uppsafnaðs veikindaleyfis starfsmanna í samræmi við IAS-staðal 19, starfskjör, fram hjá upplýsingum um óvenju skæðan inflúensufaraldur á næsta tímabili sem urðu tiltækar eftir að reikningsskilin fyrir fyrra tímabil voru heimiluð til birtingar. Sú staðreynd það útheimtir oft umfangsmikið mat þegar samanburðarupplýsingum, sem settar voru fram á fyrri tímabilum, er breytt kemur ekki í veg fyrir áreiðanlegar lagfæringar eða leiðréttingar á samanburðarupplýsingunum.

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

54 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Hvatt er til fyrri beitingar. Ef eining beitir þessum staðli vegna tímabils sem hefst fyrir 1. janúar 2005 skal hún greina frá því.

54A [Felldur brott]

54B [Felldur brott]

54C IFRS-staðall 13, *gangvirðismat*, gefinn út í maí 2011, breytti 52. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

54D [Felldur brott]

54E IFRS-staðall 9, *fjármálagerningar*, gefinn út í júlí 2014, breytti 53. lið og felldi brott liði 54A, 54B og 54D. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

54F Með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*, sem gefnar voru út 2018, var 6. lið og b-lið 11. liðar breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil ef eining beitir einnig á sama tíma öllum öðrum breytingum sem gerðar voru með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*. Eining skal beita breytingunum á 6. lið og b-lið 11. liðar afturvirkt í samræmi við þennan staðal. Ef eining ákvarðar að afturvirk beiting væri ógerleg eða hefði í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn skal hún þó beita breytingunum á 6. lið og b-lið 11. liðar með tilvísun til 23.–28. liðar í þessum staðli. Ef afturvirk beiting einhverrar breytingar í *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum* hefði í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn skal eining við beitingu 23.–28. liðar í þessum staðli lesa sérhverja tilvísun, nema í síðasta málslið 27. liðar, í „er ógerlegt“ sem „hefur í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn“ og sérhverja tilvísun í „gerlegt“ sem „mögulegt án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar“.

54G Ef eining beitir ekki IFRS-staðli 14, *eignir og skuldir vegna verðtakmarkana*, skal hún við beitingu b-liðar 11. liðar á lögbundinn reikningsjöfnuð halda áfram að vísa til og hafa í huga viðeigandi notkun skilgreininga, skilyrða fyrir færslum og matshugtaka í *Ramma um gerð og framsetningu reikningsskila* ([5]) í stað þeirra sem eru í *Hugtakarammanum*. Lögbundinn reikningsjöfnuður er staða á útgjaldareikningi (eða tekjureikningi) sem er ekki færð sem eign eða skuld í samræmi við aðra viðeigandi IFRS-staðla en verðeftirlitsaðilinn (e. *rate regulator*) tekur eða þess er vænst að hann taki með í reikninginn við ákvörðun þess (eða þeirra) taxta sem hægt er að færa til gjalda hjá viðskiptavinum. Verðeftirlitsaðili er viðurkenndur aðili sem hefur umboð samkvæmt lögum eða reglum til að ákvarða taxta eða taxtasvið sem binda einingu. Verðeftirlitsaðilinn getur verið þriðji aðili eða aðili tengdur einingunni, þ.m.t. stjórn einingarinnar, ef þess er krafist samkvæmt lögum eða reglum að sá aðili fastsetji taxta bæði með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi og til að tryggja fjárhagslegan lífvænleika einingarinnar í heild sinni.

54H Með *Skilgreiningu á mikilvægi* (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8), útgefnum í október 2018, var 7. lið í IAS-staðli 1 og 5. lið í IAS-staðli 8 breytt og 6. liður í IAS-staðli 8 felldur brott. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

54I *Skilgreining á reikningshaldslegu mati*, gefin út í febrúar 2021, breytti liðum 5, 32, 34, 38 og 48 og bætti við liðum 32A, 32B og 34A. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2023 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Eining skal beita breytingunum á breytingar á reikningshaldslegu mati og breytingar á reikningsskilaaðferðum sem eiga sér stað við eða eftir upphaf fyrsta árlega reikningsskilatímabilsins sem hún beitir breytingunum á.

AFTURKÖLLUN ANNARRA YFIRLÝSINGA

55 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 8, *hreinn hagnaður eða tap á tímabilinu, grundvallarskekkjur og breytingar á reikningsskilaaðferðum*, sem var endurskoðaður 1993.

56 Þessi staðall kemur í stað eftirfarandi túlkana:

a) SIC-túlkunar 2, *samkvæmni — eignfærsla fjármagnskostnaðar*, og

b) SIC-túlkunar 18, *samkvæmni — leyfilegar fráviksaðferðir*.

([5]) Tilvísun til *Ramma alþjóðareikningsskilanefndarinnar um gerð og framsetningu reikningsskila* sem ráðið samþykkti 2001.
[Athugasemd ritstjóra: Útdráttur úr *Ramma um gerð og framsetningu reikningsskila* [*Framework for the Preparation and Presentation of Financial Statements*] frá alþjóðareikningsskilanefndinni, sem ráðið samþykkti 2001, er tiltækur á síðu IAS-staðals 8 á svæðinu „Supporting Implementation“ [Stuðningur við framkvæmd] á vefsetri stofnunarinnar, undir „Supporting Implementation by IFRS Standard“ [Stuðningur við framkvæmd á IFRS-staðli].]

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 10 (IAS-staðall 10)

Atburðir eftir reikningsskilatímabilið

MARKMIÐ

1 Markmið staðalsins er að mæla fyrir um:

a) hvenær eining skuli leiðrétta reikningsskil sín vegna atburða eftir reikningsskilatímabilið, og

b) hvaða upplýsingar eining skuli veita varðandi dagsetningu heimildar til birtingar reikningsskila og varðandi atburði eftir reikningsskilatímabilið.

Í staðlinum er einnig gerð krafa um að eining geri ekki reikningsskil sín á þeim grundvelli að einingin sé áframhaldandi rekstrarhæf ef atburðir eftir reikningsskilatímabilið gefa til kynna að forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi eigi ekki við.

GILDISSVIÐ

2 Staðlinum skal beita við reikningsskilalega meðferð og birtingu upplýsinga um atburði eftir reikningsskilatímabilið.

SKILGREININGAR

3 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Atburðir eftir reikningsskilatímabilið **eru atburðir, hagstæðir og óhagstæðir, sem eiga sér stað milli loka reikningsskilatímabilsins og þeirrar dagsetningar er birting reikningsskilanna er heimiluð. Hægt er að tilgreina tvenns konar atburði:**

a) þá sem færa sönnur á aðstæður sem voru til staðar við lok reikningsskilatímabils (***atburðir eftir reikningsskilatímabilið sem kalla á leiðréttingu***), **og**

b) þá sem gefa til kynna aðstæður sem komu upp eftir reikningsskilatímabilið (atburðir eftir reikningsskilatímabilið sem ekki kalla á leiðréttingu).

4 Ferlið, sem tengist heimild til birtingar reikningsskilanna, getur verið breytilegt eftir stjórnunarfyrirkomulagi, lagafyrirmælum og verklagi við gerð og frágang reikningsskilanna.

5 Í sumum tilvikum er gerð krafa um að eining leggi reikningsskil sín fyrir hluthafa til samþykktar eftir að reikningsskilin hafa verið birt. Í slíkum tilvikum er birting reikningsskilanna heimiluð á birtingardegi en ekki á þeim degi þegar hluthafar samþykktu reikningsskilin.

Dæmi

Hinn 28. febrúar 20X2 ljúka stjórnendur einingar við drög að reikningsskilum ársins sem lýkur 31. desember 20X1. Hinn 18. mars 20X2 fer stjórn einingarinnar yfir reikningsskilin og heimilar birtingu þeirra. Einingin gefur út tilkynningu um hagnað sinn og aðrar valdar fjárhagsupplýsingar hinn 19. mars 20X2. Reikningsskilin eru gerð aðgengileg fyrir hluthafa og aðra 1. apríl 20X2. Hluthafar samþykkja reikningsskilin á aðalfundi hinn 15. maí 20X2 og eru samþykktu reikningsskilin síðan skráð hjá eftirlitsstofnun 17. maí 20X2.

Birting reikningsskilanna var heimiluð hinn 18. mars 20X2 (*þann dag sem stjórnin heimilaði birtingu þeirra*).

6 Í sumum tilvikum er gerð krafa um að stjórnendur einingar afhendi sérstakri eftirlitsnefnd (sem stjórnendur eiga ekki sæti í) reikningsskilin til samþykktar. Í slíkum tilvikum eru reikningsskil heimiluð til útgáfu þegar stjórnendur heimila þau til birtingar til eftirlitsstjórnar.

Dæmi

Stjórnendur einingar heimila hinn 18. mars 20X2 að reikningsskil verði afhent eftirlitsnefnd þess. Í eftirlitsstjórninni sitja eingöngu aðilar sem eru ekki í stjórn einingar, en í henni geta verið fulltrúar starfsfólks og annarra utanaðkomandi hagsmunaaðila. Yfirstjórnin samþykkir reikningsskilin þann 26. mars 20X2. Reikningsskilin eru gerð aðgengileg fyrir hluthafa og aðra 1. apríl 20X2. Reikningsskilin eru afhent á aðalfundi 15. maí 20X2 og eru reikningsskilin síðan skráð hjá eftirlitsaðila 17. maí 20X2.

Birting reikningsskilanna er heimiluð hinn 18. mars 20X2 (þann dag sem stjórnendur heimila að þau verði birt eftirlitsnefndinni).

7 Atburðir eftir reikningsskilatímabilið fela í sér alla atburði fram til þess dags þegar birting reikningsskilanna er heimiluð, jafnvel þótt atburðirnir eigi sér stað eftir birtingu opinberrar afkomutilkynningar eða annarra valdra fjárhagsupplýsinga.

FÆRSLA OG MAT

Atburðir eftir reikningsskilatímabilið sem kalla á leiðréttingu

8 Eining skal leiðrétta fjárhæðir sem færðar eru í reikningsskilum hennar þannig að þær endurspegli þá atburði eftir reikningsskilatímabilið sem kalla á leiðréttingu.

9 Eftirfarandi eru dæmi um atburði eftir reikningsskilatímabil sem kalla á leiðréttingu þar sem einingu er skylt að leiðrétta fjárhæðir sem færðar eru í reikningsskilum hennar eða að færa liði sem ekki höfðu verið færðir áður:

a) sátt í dómsmáli eftir reikningsskilatímabil sem staðfestir að einingin hafi verið bundin skuldbindingu við lok reikningsskilatímabilsins. Einingin leiðréttir áður færða, reiknaða skuldbindingu, sem tengist þessu dómsmáli, í samræmi við IAS-staðal 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, eða færir nýja, reiknaða skuldbindingu. Einingin veitir ekki einungis upplýsingar um óvissa skuld vegna þess að með sáttinni fást viðbótargögn sem skal fara með í samræmi við 16. lið IAS-staðals 37,

b) upplýsingar sem berast eftir reikningsskilatímabilið og gefa til kynna að virði eignar hafi rýrnað við lok reiknings skilatímabils eða að leiðrétta verði fjárhæð virðisrýrnunartaps, sem áður hefur verið færð, fyrir þá eign. Dæmi:

   i. gjaldþrot viðskiptavinar eftir reikningsskilatímabilið staðfestir venjulega að lánshæfi viðskiptavinarins hafi rýrnað við lok reikningsskilatímabilsins, og

   ii. sala á birgðum eftir reikningsskilatímabil getur gefið til kynna hreint söluvirði þeirra við lok reiknings-skilatímabilsins.

c) ákvörðun eftir reikningsskilatímabil á kostnaðarverði eigna sem keyptar voru fyrir lok reikningsskilatímabilsins eða söluverð eigna sem seldar voru fyrir lok reikningsskilatímabilsins,

d) ákvörðun eftir reikningsskilatímabil á fjárhæð hagnaðarhlutdeildar eða bónusgreiðslna, ef einingin hafði gildandi, lagalega eða ætlaða skuldbindingu við lok reikningsskilatímabilsins til að greiða slíkar greiðslur vegna atburða sem áttu sér stað fyrir þann dag (sbr. IAS-staðal 19, *starfskjör*),

e) uppgötvun svika eða skekkja sem sýna að reikningsskilin voru röng.

Atburðir eftir reikningsskilatímabilið sem ekki kalla á leiðréttingu

10 Eining skal ekki leiðrétta fjárhæðir sem færðar eru í reikningsskilum hennar þannig að þær endurspegli þá atburði eftir reikningsskilatímabilið sem ekki kalla leiðréttingu.

11 Dæmi um atburð eftir reikningsskilatímabilið sem ekki kallar á leiðréttingu, er lækkun á gangvirði fjárfestinga frá lokum reikningsskilatímabilsins og fyrir þann dag sem birting reikningsskilanna er heimiluð. Lækkun á gangvirði tengist yfirleitt ekki ástandi fjárfestinganna við lok reikningsskilatímabilsins, heldur endurspeglar hún aðstæður sem hafa komið upp síðar. Af þessum sökum leiðréttir eining ekki fjárhæðir sem færðar eru í reikningsskilum hennar vegna fjárfestinganna. Að sama skapi breytir einingin ekki fjárhæðum sem birtar eru í skýringum vegna fjárfestinganna, við lok reikningsskilatímabilsins þó að þörf geti verið á viðbótarupplýsingum skv. 21. lið.

Arðgreiðslur

12 Ef eining tilkynnir um arðgreiðslur til hluthafa (eins og skilgreint er í IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning*) eftir reikningsskilatímabilið skal einingin ekki færa þær arðgreiðslur sem skuld við lok reikningsskilatímabilsins.

13 Ef tilkynnt er um arðgreiðslur eftir reikningsskilatímabilið en áður en reikningsskilin eru heimiluð til birtingar eru arðgreiðslur ekki skuldfærðar í lok reikningsskilatímabilsins vegna þess að engin skuldbinding er fyrir hendi á þeim tíma. Birtar eru upplýsingar um slíkar arðgreiðslur í skýringum í samræmi við IAS-staðal 1, *framsetning reikningsskila*.

ÁFRAMHALDANDI REKSTRARHÆFI

14 Eining skal ekki gera reikningsskil sín á þeim grundvelli að hún verði áfram rekstrarhæf ef stjórnendur taka ákvörðun um, eftir reikningsskilatímabilið, að þeir áformi annaðhvort að slíta einingunni eða stöðva rekstur eða að ekki sé annarra kosta völ en að gera það.

15 Versnandi rekstrarafkoma og fjárhagsstaða eftir reikningsskilatímabilið getur gefið til kynna að þörf sé á því að athuga hvort forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi eigi enn við. Ef forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi á ekki lengur við eru áhrif þess það stórvægileg að í þessum staðli er gerð krafa um að grundvallarbreyting sé gerð á grunni reikningsskilanna fremur en að leiðrétting sé gerð á fjárhæðum sem færðar voru í upphaflegan grunn reikningsskilanna.

16 Í IAS-staðli 1 er tekið fram hvaða upplýsinga er krafist ef:

a) reikningsskilin eru ekki gerð á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis, eða

b) stjórnendum er ljóst að veruleg óvissa ríkir um atburði eða aðstæður sem vakið geta miklar efasemdir um getu einingarinnar til að viðhalda áframhaldandi rekstrarhæfi. Atburðirnir eða aðstæðurnar, sem krefjast upplýsingagjafar, kunna að koma fram eftir reikningsskilatímabilið.

UPPLÝSINGAGJÖF

Dagsetning heimildar til birtingar

17 Eining skal tilgreina dagsetninguna þegar birting reikningsskilanna var heimiluð og hver veitti heimildina. Ef eigendur einingarinnar eða aðrir hafa ákvörðunarrétt til þess að breyta reikningsskilunum eftir birtingu þeirra skal einingin veita upplýsingar um að svo sé.

18 Mikilvægt er fyrir notendur að vita hvenær birting reikningsskilanna var heimiluð vegna þess að reikningsskilin endurspegla ekki atburði sem eiga sér stað eftir þann dag.

Uppfærsla á upplýsingagjöf um aðstæður við lok reikningsskilatímabilsins

19 Ef einingu berast upplýsingar eftir reikningsskilatímabilið um aðstæður sem voru til staðar við lok reiknings skilatímabilsins skal einingin uppfæra upplýsingar sem varða þessar aðstæður í ljósi þessara nýju upplýsinga.

20 Í sumum tilvikum þarf eining að breyta upplýsingum í reikningsskilum sínum þannig að þær endurspegli upplýsingar sem berast eftir reikningsskilatímabilið, jafnvel þótt þessar upplýsingar hafi ekki áhrif á þær fjárhæðir sem einingin færir í reikningsskil sín. Dæmi um að nauðsynlegt sé að breyta upplýsingum er þegar gögn koma fram eftir reikningsskilatímabilið um að óviss skuld hafi verið til staðar við lok reikningsskilatímabilsins. Til viðbótar því að skoða hvort þörf sé á að færa reiknaða skuldbindingu eða breyta henni samkvæmt IAS-staðli 37, skal eining uppfæra upplýsingar um hina óvissu skuld í ljósi þessara gagna.

Atburðir eftir reikningsskilatímabilið sem ekki kalla á leiðréttingu

21 Ef atburðir eftir reikningsskilatímabilið sem ekki kalla á leiðréttingu, eru mikilvægir má ætla að það að ekki sé greint frá þeim gæti haft áhrif á ákvarðanir sem aðalnotendur almennra reikningsskila taka á grundvelli þessara reikningsskila, sem veita fjárhagsupplýsingar um tiltekna einingu sem reikningsskilin taka til. Þar af leiðandi skal eining veita upplýsingar um eftirfarandi fyrir hvern mikilvægan flokk atburða eftir reikningsskilatímabilið sem ekki kalla á leiðréttingu:

a) eðli atburðarins og

b) mat á fjárhagslegum áhrifum hans eða yfirlýsingu um að ekki sé hægt að vinna slíkt mat.

22 Eftirfarandi eru dæmi um atburði eftir reikningsskilatímabilið sem ekki kalla á leiðréttingu en yfirleitt á að upplýsa um:

a) meiriháttar sameining fyrirtækja eftir reikningsskilatímabilið (samkvæmt IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja*, er gerð krafa um birtingu ákveðinna upplýsinga í slíkum tilvikum) eða sala á þýðingarmiklu dótturfélagi,

b) tilkynning um áform um að leggja af starfsemi,

c) mikilsverð eignakaup, flokkun eigna sem haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*, önnur ráðstöfun eigna eða eignarnám af hálfu hins opinbera á mikilvægum eignum.

d) eyðilegging á mikilvægri framleiðslueiningu af völdum eldsvoða eftir reikningsskilatímabilið,

e) tilkynning um, eða hafist er handa við framkvæmd á, meiriháttar endurskipulagningu (sjá IAS-staðal 37),

f) meiriháttar viðskipti með almenna hluti og viðskipti með vænta, almenna hluti eftir reikningsskilatímabilið (í IAS-staðli 33, *hagnaður á hlut*, er þess krafist að eining birti lýsingu á slíkum viðskiptum, að undanskildum þeim viðskiptum sem snerta útgáfu hlutafjár eða jöfnunarhlutafjár, skiptingu hluta eða sameiningu hluta í stærri hlut, sem í öllum tilvikum skal leiðrétta samkvæmt IAS-staðli 33),

g) óeðlilega miklar breytingar eftir reikningsskilatímabilið á verði eigna eða á gengi erlendra gjaldmiðla,

h) breytingar á skatthlutföllum eða skattalögum sem sett hafa verið eða tilkynnt eftir reikningsskilatímabilið sem hafa veruleg áhrif á núverandi og frestaðar skattinneignir og skattskuldir (sjá IAS-staðal 12, *tekjuskattar*),

i) verulegar skuldbindingar eða óvissar skuldir sem stofnað er til, t.d. með útgáfu umtalsverðra ábyrgða, og

j) meiriháttar málaferli sem hefjast og stafa einungis af atburðum sem gerðust eftir reikningsskilatímabilið.

GILDISTÖKUDAGUR

23 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Hvatt er til fyrri beitingar. Ef eining beitir þessum staðli vegna tímabils sem hefst fyrir 1. janúar 2005 skal hún greina frá því.

23A IFRS-staðall 13, gangvirðismat, gefinn út í maí 2011, breytti 11. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

23B IFRS-staðall 9, fjármálagerningar, gefinn út í júlí 2014, breytti 9. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

23C Með *skilgreiningu á hugtakinu „mikilvægi“* (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8), sem birt var í október 2018, var 21. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir breytingunum á skilgreiningunni á hugtakinu „mikilvægi“ í 7. lið IAS-staðals 1 og 5. og 6. lið IAS-staðals 8.

AFTURKÖLLUN IAS-STAÐALS 10 (ENDURSKOÐAÐUR 1999)

24 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 10, *atburðir eftir dagsetningu efnahagsreiknings* (endurskoðaður 1999).

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 12 (IAS-staðall 12)

Tekjuskattar

MARKMIÐ

Markmiðið með þessum staðli er að mæla fyrir um reikningshaldslega meðferð tekjuskatta. Meginviðfangsefnið við færslu tekjuskatta er hvernig gera skuli grein fyrir skattalegum áhrifum nú og í framtíðinni af:

a) endurheimt (greiðslu) í framtíðinni á bókfærðu verði eigna (skulda), sem er fært í efnahagsreikning fyrirtækis og

b) viðskiptum og öðrum atburðum á yfirstandandi tímabili sem eru færð í reikningsskil fyrirtækis.

Í færslu eignar eða skuldar felst að fyrirtækið, sem reikningsskilin taka til, gerir ráð fyrir að endurheimta eða greiða bókfært verð viðkomandi eignar eða skuldar. Ef líklegt er talið að endurheimt eða greiðsla bókfærðs verðs muni valda því að skattgreiðslur í framtíðinni verði hærri (lægri) en þær yrðu ef slík endurheimt eða greiðsla hefði engin áhrif á skatta, er gerð krafa í þessum staðli um að fyrirtæki færi frestaða skattskuldbindingu (frestaða skattinneign) með tilteknum, takmörkuðum undantekningum.

Í þessum staðli er gerð krafa um að eining geri grein fyrir skattalegum áhrifum viðskipta og annarra atburða á sama hátt og hún gerir grein fyrir viðskiptunum sjálfum og atburðunum. Þess vegna þarf einnig að færa í rekstrarreikning öll skattaleg áhrif vegna viðskipta og annarra atburða sem hafa verið færð í rekstrarreikning. Vegna viðskipta og annarra atburða, sem eru færð utan rekstrarreiknings (annaðhvort í aðra heildarafkomu eða beint á eigið fé), eru öll tengd skattaáhrif einnig færð utan rekstrarreiknings (annaðhvort í aðra heildarafkomu eða beint á eigið fé). Á sambærilegan hátt hefur færsla á frestuðum skattinneignum og skattskuldbindingum við sameiningu fyrirtækja áhrif á fjárhæðir viðskiptavildar sem myndast við þá sameiningu eða þá fjárhæð hagnaðar sem leiðir af hagstæðum kaupum.

Í þessum staðli er einnig fjallað um færslu frestaðra skattinneigna, sem verða til vegna ónotaðra skattalegra tapa eða ónotaðs skattafsláttar, og um framsetningu tekjuskatta í reikningsskilum og veitingu upplýsinga sem tengjast tekjusköttum.

GILDISSVIÐ

1 Þessum staðli skal beita þegar gerð er grein fyrir tekjusköttum í reikningsskilum.

2 Í þessum staðli merkir orðið tekjuskattar alla innlenda sem erlenda skatta sem eru lagðir á skattskyldan hagnað. Til tekjuskatta teljast einnig skattar eins og staðgreiðsluskattur, sem dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða sameiginlegu fyrirkomulagi er skylt að greiða við úthlutun arðs til fyrirtækisins sem reikningsskilin taka til.

3 [Felldur brott]

4 Í þessum staðli er ekki fjallað um reikningsskilaaðferðir vegna opinberra styrkja (sjá IAS-staðal 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð*) eða skattafslátt vegna fjárfestinga. Í þessum staðli er samt sem áður fjallað um færslu vegna tímabundins mismunar sem kann að stafa af slíkum styrkjum eða skattafslætti vegna fjárfestinga.

SKILGREININGAR

5 Í þessum staðli **er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:**

Reikningshaldslegur hagnaður **er hreinn hagnaður eða tap á tímabili fyrir frádrátt skattkostnaðar.**

Skattskyldur hagnaður (skattalegt tap) **er hagnaður (tap) á tímabili sem ákvarðaður er í samræmi við reglur sem skattyfirvöld setja og skylt er að greiða (endurheimta) tekjuskatt af.**

Skattkostnaður (skatttekjur) **er sú heildarfjárhæð sem innifalin er við ákvörðun á hagnaði eða tapi vegna tímabilsins að því er varðar skammtímaskatt og frestaðan skatt.**

Skammtímaskattur **er sú fjárhæð tekjuskatts til greiðslu (endurheimtanleg) vegna skattskylds hagnaðar (skattalegs taps) á tímabili.**

Frestaðar skattskuldir **eru fjárhæðir tekjuskatts sem greiðast á síðari tímabilum að því er varðar tímabundinn mismun á skattskyldu.**

Frestaðar skattinneignir **eru fjárhæðir tekjuskatts sem endurheimtanlegar eru á síðari tímabilum, að því er varðar:**

a) frádráttarbæran, tímabundinn mismun,

b) yfirfærslu á ónotuðu skattalegu tapi, og

c) yfirfærslu á ónotuðum skattaafslætti.

Tímabundinn mismunur **er mismunur á bókfærðu verði eignar eða skuldar í efnahagsreikningi og skattverði hennar. Tímabundinn mismunur getur verið annaðhvort:**

a) ***tímabundinn mismunur á skattskyldu*****, sem er tímabundinn mismunur, sem myndar skattskyldar fjárhæðir á síðari tímabilum, þegar skattskyldur hagnaður (skattalegt tap) verður ákvarðaður þegar bókfært verð eignarinnar eða skuldarinnar er endurheimt eða greitt, eða**

b) ***frádráttarbær, tímabundinn mismunur*****, sem er tímabundinn mismunur sem myndar fjárhæðir sem verða frádráttarbærar á síðari tímabilum þegar skattskyldur hagnaður (skattalegt tap) verður ákvarðaður þegar bókfært verð eignarinnar eða skuldarinnar er endurheimt eða greitt.**

Skattverð **eignar eða skuldar er fjárhæðin sem viðkomandi eign eða skuld er metin á til skatts.**

6 Skattkostnaður (skatttekjur) eru núverandi skattkostnaður (skammtímaskatttekjur) og frestaður skattkostnaður (frestaðar skatttekjur).

Skattverð

7 Skattverð eignar er sú fjárhæð sem verður frádráttarbær frá öllum skattskyldum, efnahagslegum ávinningi sem rennur til einingar þegar hún endurheimtir bókfært verð eignarinnar. Ef þessi efnahagslegi ávinningur er ekki skattskyldur verður skattverð eignarinnar jafnt og bókfært verð hennar.

Dæmi

1. Vél kostar 100. Vegna skattsins hefur fjárhæðin 30 þegar verið afskrifuð á yfirstandandi og fyrri tímabilum og eftirstöðvar kostnaðarverðsins verða frádráttarbærar síðar, annaðhvort sem afskriftir eða frádráttur við ráðstöfun vélarinnar. Tekjur, sem myndast við notkun vélarinnar, eru skattskyldar, allur hagnaður af sölu vélarinnar verður skattskyldur og allt tap af sölu vélarinnar verður frádráttarbært frá skatti. *Skattverð vélarinnar er 70*.

2. Bókfært verð vaxtakröfu er 100. Tengdar vaxtatekjur verða skattlagðar miðað við greiðslugrunn *Skattverð vaxtakröfunnar er núll.*

3. Bókfært verð viðskiptakrafna er 100. Tengdar tekjur hafa þegar verið reiknaðar inn í skattskyldan hagnað (skattalegt tap). *Skattverð viðskiptakrafnanna er 100*.

4. Bókfært verð arðgreiðslukröfu frá dótturfyrirtæki er 100. Arðgreiðslurnar eru ekki skattskyldar. Segja má að bókfært verð eignarinnar sé í heild frádráttarbært frá efnahagslegum ávinningi. Af þessum sökum er skattverð arðgreiðslukröfunnar 100 ([a]).

5. Bókfært verð lánakröfu er 100. Endurgreiðsla lánsins mun ekki hafa nein skattaleg áhrif. *Skattverð lánsins er 100*.

([a]) Samkvæmt þessari greiningu er enginn tímabundinn mismunur á skattskyldu. Samkvæmt annarri greiningu hafa áfallnar arðgreiðslukröfur skattverðið núll og er skattverði núll beitt á þann tímabundna mismun á skattskyldu 100 sem af því leiðir. Samkvæmt báðum þessum greiningum er ekki um neina frestaða skattskuldbindingu að ræða.

8 Skattverð skuldar er bókfært verð hennar, að frádregnu öllu því sem verður frádráttarbært frá skatti vegna þessarar skuldar á síðari tímabilum. Að því er varðar fyrirframinnheimtar tekjur verður skattverð skuldarinnar, sem þannig myndast, bókfært verð hennar, að frádregnum þeim hluta teknanna sem ekki verða skattskyldar á síðari tímabilum.

Dæmi

1. Skammtímaskuldir innifela áfallin gjöld á bókfærðu verði 100. Tengd gjöld verða dregin frá skatti miðað við greiðslugrunn. Skattverð áföllnu gjaldanna er núll.

2. Skammtímaskuldir innifela fyrirframgreiddar vaxtatekjur á bókfærðu verði 100. Skattgreiðsla vegna vaxtatekna miðast við greiðslugrunn. Skattverð fyrirframgreiddu vaxtanna er núll.

3. Skammtímaskuldir innifela áfallin gjöld á bókfærðu verði 100. Tengd gjöld hafa þegar verið dregin frá vegna skatts. *Skattverð áföllnu útgjaldanna er 100.*

4. Skammtímaskuldir innifela áfallnar sektir og févíti og er bókfært verð þeirra 100. Sektir og viðurlög eru ekki frádráttarbær frá skatti. *Skattverð hinna áföllnu sekta og viðurlaga er 100* ([a]).

5. Gjaldfallið lán er bókfært á 100. Endurgreiðsla lánsins mun ekki hafa nein skattaleg áhrif. *Skattverð lánsins er 100*.

([a]) Samkvæmt þessari greiningu er enginn frádráttarbær, tímabundinn mismunur á skattskyldu. Samkvæmt annarri greiningu hafa áfallnar sektir og ógreidd viðurlög skattstofn núll og er skattverði núll beitt á þann frádráttarbæra, tímabundna mismun sem leiðir af þessu og nemur 100. Samkvæmt báðum þessum greiningum er ekki um neina frestaða skattinneign að ræða.

9 Sumir liðir hafa skattverð en færast ekki sem eignir og skuldir í efnahagsreikningi. Við ákvörðun reikningshaldslegs hagnaðar er rannsóknarkostnaður t.d. færður sem gjöld á því tímabili sem hann verður til en ekki er heimilt að draga hann frá við ákvörðun skattskylds hagnaðar (skattalegs taps) fyrr en á síðara tímabili. Mismunur á skattverði rannsóknarkostnaðarins, sem er fjárhæðin sem skattyfirvöld heimila sem frádrátt á síðari tímabilum, og bókfærða verðinu núll er frádráttarbær, tímabundinn mismunur sem leiðir af sér frestaða skattinneign.

10 Gagnlegt getur verið, ef skattverð eignar eða skuldar blasir ekki við þegar í stað, að huga að meginreglunni, sem þessi staðall er byggður á, um að einingin skuli, með tilteknum afmörkuðum undantekningum, viðurkenna frestaða skattskuld (á eign) þegar endurheimt eða greiðsla bókfærðs verðs eignar eða skuldar myndi valda því að skattgreiðslur í framtíðinni verði hærri (lægri) en þær yrðu ef slík endurheimt eða greiðsla hefði engin áhrif á skatta. Í dæmi C á eftir lið 51A er lýst aðstæðum þar sem gagnlegt gæti verið að hafa í huga þessa grundvallarreglu, t.d. þegar skattverð eignar eða skuldar veltur á því með hvaða hætti þess er vænst að endurheimt eða greiðsla eigi sér stað.

11 Í samstæðureikningsskilum er tímabundinn mismunur ákvarðaður með því að bera bókfært verð þeirra eigna og skulda, sem koma fyrir í samstæðureikningsskilunum, saman við viðeigandi skattverð. Skattverðið er ákvarðað með hliðsjón af framtali samstæðunnar í þeim lögsagnarumdæmum þar sem þeim framtölum er skilað. Í öðrum lögsagnarumdæmum er skattverðið ákvarðað með hliðsjón af skattframtölum hverrar einingar í samstæðunni.

FÆRSLA Á NÚVERANDI SKATTSKULDUM OG SKATTINNEIGNUM

12 Skammtímaskatt vegna yfirstandandi og fyrri tímabila skal færa sem skuld, að því marki sem hann er ógreiddur. Hafi þegar verið greiddar hærri fjárhæðir vegna yfirstandandi tímabils eða fyrri tímabila en nemur gjaldfallinni fjárhæð fyrir sömu tímabil skal eignfæra það sem umfram er.

13 Þann ávinning vegna skattalegs taps, sem unnt er að bakfæra til að endurheimta skammtímaskatt frá fyrra tímabili, skal eignfæra.

14 Þegar skattalegt tap er notað til að endurheimta skammtímaskatt frá fyrra tímabili eignfærir eining ávinninginn á því tímabili þegar tapið myndast því líklegt er að ávinningurinn muni renna til einingarinnar og ávinninginn er hægt að meta með áreiðanlegum hætti.

FÆRSLA Á FRESTUÐUM SKATTSKULDUM OG FRESTUÐUM SKATTINNEIGNUM

TÍMABUNDINN MISMUNUR Á SKATTSKYLDU

15 Færa skal frestaða skattskuldbindingu fyrir allan tímabundinn mismun á skattskyldu nema að því marki sem frestaða skattskuldbindingin stafar af:

a) upphaflegri færslu viðskiptavildar eða

b) upphaflegri færslu á eign eða skuld í viðskiptum sem:

i. eru ekki sameining fyrirtækja,

ii. hafa hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað (skattalegt tap) á þeim tíma sem viðskiptin eiga sér stað og

iii. mynda ekki skattskyldan og frádráttarbæran tímabundinn mismun af sömu stærð á þeim tíma sem viðskiptin eiga sér stað.

Á hinn bóginn skal færa frestaða skattskuld skv. 39. lið vegna tímabundins mismunar á skattskyldu sem tengist fjárfestingu í dótturfélögum, útibúum og hlutdeildarfélögum, og hlutdeildum í sameiginlegu fyrirkomulagi.

16 Í færslu eignar felst að bókfært verð hennar endurheimtist sem efnahagslegur ávinningur sem rennur til fyrirtækisins á síðari tímabilum. Þegar bókfært verð eignarinnar er hærra en skattverð hennar verður skattskyldur, efnahagslegur ávinningur hærri en fjárhæðin sem heimilt verður að draga frá skatti. Þessi mismunur er tímabundinn mismunur á skattskyldu og sú skylda að greiða á síðari tímabilum tekjuskattinn, sem af þessu stafar, er frestuð skattskuldbinding. Þegar einingin endurheimtir bókfært verð eignarinnar snýst tímabundni mismunurinn á skattskyldu við og hún verður með skattskyldan hagnað. Af þeim sökum er líklegt að efnahagslegur ávinningur muni streyma frá fyrirtækinu í formi skattgreiðslna. Því er gerð krafa um það í þessum staðli að allar frestaðar skattskuldir séu færðar, nema við tilteknar aðstæður sem lýst er í 15. og 39. lið.

Dæmi

Eign sem kostaði 150 er bókfærð á verðinu 100. Uppsafnaðar afskriftir í skattalegum tilgangi eru 90 og skatthlutfallið er 25%.

Skattverð eignarinnar er 60 (kostnaðarverð 150 að frádregnum uppsöfnuðum skattalegum afskriftum 90). Ef einingin á að endurheimta bókfærða verðið 100 þarf hún að afla skattskyldra tekna 100, en getur aðeins dregið frá skattalegar afskriftir 60. Af þeim sökum greiðir einingin tekjuskatt 10 (25% af 40) þegar hún endurheimtir bókfært verð eignarinnar. Mismunurinn á bókfærða verðinu 100 og skattverðinu 60 er tímabundinn mismunur á skattskyldu 40. Einingin færir því frestaða skattskuldbindingu 10 (25% af 40) sem er tekjuskatturinn sem hún þarf að greiða þegar hún endurheimtir bókfært verð eignarinnar.

17 Stundum verður til tímabundinn mismunur þegar tekjur eða gjöld eru talin til reikningshaldslegs hagnaðar á einu tímabili en skattskylds hagnaðar á öðru tímabili. Slíkum tímabundnum mismun er oft lýst sem tímamismun. Eftirfarandi eru dæmi um tímabundinn mismun af þessu tagi sem er tímabundinn mismunur á skattskyldu, og leiðir því til frestuðum skattskuldum:

a) Vaxtatekjur eru taldar til reikningshaldslegs hagnaðar hlutfallslega miðað við tíma, en kunna, í sumum lögsagnarumdæmum, að vera taldar til skattskylds hagnaðar þegar greiðsla er innheimt. Skattverð allra krafna, sem færðar eru í efnahagsreikning vegna slíkra tekna, er núll vegna þess að tekjurnar hafa ekki áhrif á skattskyldan hagnað fyrr en greiðslur eru innheimtar.

b) Afskriftir, sem eru notaðar til að ákvarða skattskyldan hagnað (skattalegt tap), geta verið öðruvísi en þær sem eru notaðar til að ákvarða reikningshaldslegan hagnað. Tímabundni mismunurinn er mismunurinn á bókfærðu verði eignarinnar og skattverði hennar sem er upphaflegt kostnaðarverð eignarinnar, að frádregnu öllu sem er dregið frá vegna hennar samkvæmt heimild skattyfirvalda við ákvörðun á skattskyldum hagnaði á núverandi og fyrri tímabilum. Tímabundinn mismunur á skattskyldu verður til og leiðir til frestaðrar skattskuldbindingar þegar skattalegum afskriftum er flýtt (ef skattafskriftir eru hægari en reikningshaldslegar afskriftir verður til frádráttarbær tímabundinn mismunur sem leiðir til frestaðrar skattinneignar).

c) Þróunarkostnaður getur verið eignfærður og afskrifaður á síðari tímabilum við ákvörðun á reikningshaldslegum hagnaði en hann má draga frá við ákvörðun á skattskyldum hagnaði á sama tímabili og stofnað er til hans. Skattverð slíks þróunarkostnaðar er núll þar sem hann hefur þegar verið dreginn frá skattskyldum hagnaði. Tímabundni mismunurinn er mismunurinn á bókfærðu verði þróunarkostnaðarins og skattverði hans sem er núll.

18 Tímabundinn mismunur verður einnig til þegar:

a) yfirteknar aðgreinanlegar eignir og skuldir sem til er stofnað við sameiningu fyrirtækja eru færðar á gangvirði í samræmi við IFRS-staðal 3, *sameining fyrirtækja*, en engar samsvarandi leiðréttingar eru gerðar í skattalegum tilgangi (sjá lið 19)

b) eignir eru endurmetnar en ekki er gerð samsvarandi skattaleg leiðrétting (sjá 20. lið),

c) viðskiptavild myndast við sameiningu fyrirtækja (sjá 21. lið),

d) skattverð eignar eða skuldar er við upphaflega færslu annað en upphaflegt, bókfært verð hennar, t.d. þegar fyrirtæki nýtur skattfrjálsra, opinberra styrkja sem tengjast eignum (sjá 22. og 33. lið), eða

e) bókfært verð fjárfestinga í dótturfélögum, útibúum og hlutdeildarfélögum eða hlutdeildum í sameiginlegu fyrir komulagi verður annað en skattverð fjárfestingarinnar eða hlutdeildarinnar (sjá 38.–45. lið).

Sameining fyrirtækja

19 Með nokkrum undantekningum eru yfirteknar aðgreinanlegar eignir og skuldir, sem til er stofnað við sameiningu fyrirtækja, færðar á gangvirði á yfirtökudegi. Tímabundinn mismunur verður til þegar sameining fyrirtækja hefur ekki áhrif á skattverð aðgreinanlegra eigna og skulda sem voru yfirteknar eða það verður fyrir öðrum áhrifum. Tímabundinn mismunur á skattskyldu, sem leiðir til frestaðrar skattskuldbindingar, myndast til dæmis þegar bókfært verð eignar er hækkað upp í gangvirði en skattverð eignarinnar er áfram það sama og kostnaðarverð fyrri eiganda. Frestuð skattskuld, sem af þessu leiðir, hefur áhrif á viðskiptavild (sjá 66. lið).

Eignir færðar á gangvirði

20 Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS-stöðlum) er heimilt að færa tilteknar eignir á gangvirði eða endurmeta þær (sjá t.d. IAS-staðal 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*, IAS-staðal 38, *óefnislegar eignir*, IAS-staðal 40, *fjárfestingareignir*, IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar,* og IFRS-staðal 16, *leigusamningar*). Í sumum lögsagnarumdæmum hefur endurmatið eða önnur endurákvörðun á eign yfir á gangvirði áhrif á skattskyldan hagnað (skattalegt tap) yfirstandandi tímabils. Af þeim sökum er skattverð eignarinnar leiðrétt og því myndast enginn tímabundinn mismunur. Í öðrum lögsagnarumdæmum hefur endurmat eða endurákvörðun á verði eignar engin áhrif á skattskyldan hagnað á tímabilinu þegar endurmatið eða endurákvörðunin fer fram og af þeim sökum er skattverð eignarinnar ekki leiðrétt. Samt sem áður mun endurheimt á bókfærðu verði eignarinnar síðar leiða til skattskylds, efnahagslegs ávinnings fyrirtækisins

og fjárhæðin, sem verður frádráttarbær frá skatti, verður önnur en fjárhæð þess efnahagslega ávinnings. Mismunurinn á bókfærðu verði endurmetinnar eignar og skattverði hennar er tímabundinn mismunur og leiðir til myndunar á frestaðri skattskuldbindingu eða skattinneign. Þetta á við jafnvel þótt:

a) einingin ætli sér ekki að selja eignina. Í þeim tilvikum endurheimtist endurmetið bókfært verð eignarinnar við notkun og hún myndar skattskyldar tekjur sem verða hærri en leyfileg skattafskrift á síðari tímabilum eða

b) skatti á söluhagnað sé frestað ef hagnaður af ráðstöfun eignarinnar er nýttur til fjárfestingar í sambærilegum eignum. Í þeim tilvikum verður að lokum að greiða skattinn við sölu eða notkun á þessum sambærilegu eignum.

Viðskiptavild

21 Matið á viðskiptavild, sem leiðir af sameiningu fyrirtækja, er það sem a-liðurinn er umfram b-liðinn hér að neðan:

a) samtala:

i. yfirfærðs endurgjalds, sem metið í samræmi við IFRS-staðal 3, sem yfirleitt krefst gangvirðis á yfirtökudegi,

ii. fjárhæðar allra hluta, sem ekki eru ráðandi í yfirtekna aðilanum og færðir eru í samræmi við IFRS-staðal 3, og

iii. við sameiningu fyrirtækja, sem fram fer í áföngum, gangvirðis á yfirtökudegi þeirra hluta sem yfirtökuaðili átti í yfirtekna aðilanum fyrir sameiningu,

b) nettófjárhæð yfirtekinna, aðgreinanlegra eigna og yfirtekinna skulda, sem metnar eru í samræmi við IFRS-staðal 3 á yfirtökudegi.

Mörg skattyfirvöld heimila ekki afskriftir viðskiptavildar sem frádráttarbær gjöld við ákvörðun skattskylds hagnaðar. Enn fremur er kostnaðarverð viðskiptavildar oft ekki frádráttarbært í þessum lögsagnarumdæmum þegar dótturfélag selur rekstur sinn. Í þeim lögsagnarumdæmum er skattverð viðskiptavildarinnar núll. Sérhver munur á bókfærðu verði viðskiptavildar og skattverði hennar, sem er núll, er tímabundinn mismunur á skattskyldu. Ekki er þó heimilt samkvæmt þessum staðli að færa frestuðu skattskuldina, sem af þessu stafar, vegna þess að viðskiptavild er afgangsstærð og færsla á frestaðri skattskuld myndi hækka bókfært verð viðskiptavildarinnar.

21A Síðari afskriftir frestaðrar skattskuldar sem er ekki færð vegna þess að hún verður til úr upphaflegri færslu viðskiptavildar eru einnig álitnar verða til úr upphaflegu færslu viðskiptavildarinnar og eru því ekki færðar samkvæmt a-lið 15. liðar. Ef t.d. við sameiningu fyrirtækja eining færir viðskiptavild 100 GE sem hefur skattverð núll, er einingu óheimilt samkvæmt a-lið 15. liðar að færa frestuðu skattskuldbindinguna sem myndast. Ef eining færir síðan virðisrýrnunartap 20 GE fyrir þá viðskiptavild lækkar fjárhæð tímabundins mismunar á skattskyldu sem tengist viðskiptavildinni úr 100 GE í 80 GE sem leiðir til lækkunar á virði ófærðra, frestaðra skattskuldbindinga. Þessi lækkun á virði ófærðu, frestuðu skattskuldarinnar er einnig álitin tengd upphaflegri færslu viðskiptavildarinnar og er því óheimilt að færa hana skv. a-lið 15. liðar.

21B Frestaðar skattskuldir fyrir tímabundinn mismun á skattskyldu sem tengist viðskiptavild eru þó færðar að því marki sem þær verða ekki til úr upphaflegri færslu viðskiptavildar. Ef t.d. kostnaðarverð viðskiptavildar við sameiningu fyrirtækja er 100 GE sem er frádráttarbært frá skatti að því er nemur 20% á ári frá yfirtökuári er skattverð viðskiptavildarinnar 100 GE við upphaflega færslu og 80 GE við lok yfirtökuársins. Ef bókfærð fjárhæð viðskiptavildar við lok yfirtökuársins er óbreytt 100 GE, myndast tímabundinn mismunur á skattskyldu 20 GE við lok ársins. Þar sem tímabundni mismunurinn á skattskyldu tengist ekki upphaflegri færslu viðskiptavildarinnar er frestaða skattskuldbindingin sem myndast færð.

Upphafleg færsla á eign eða skuld

22 Tímabundinn mismunur getur myndast við upphaflega færslu á eign eða skuld, t.d. ef kostnaðarverð eignar verður að hluta til eða í heild ekki frádráttarbært frá skatti. Reikningsskilaaðferðin sem notuð er fyrir slíkan tímabundinn mismun fer eftir eðli viðskiptanna sem leiddu til upphaflegu færslunnar á eigninni eða skuldinni:

a) við sameiningu fyrirtækja færir eining allar frestaðar skattskuldbindingar eða skattinneignir og það hefur áhrif á þá fjárhæð viðskiptavildar eða hagnað vegna hagstæðra kaupa sem hún færir (sjá 19. lið),

b) ef viðskiptin hafa áhrif á annaðhvort reikningshaldslegan hagnað eða skattskyldan hagnað eða hefur í för með sér skattskyldan og frádráttarbæran tímabundinn mismun af sömu stærð færir eining alla frestaða skattskuldbindingu eða skattinneign og færir frestaðan skattkostnað eða skatttekjur sem af því leiðir í rekstrarreikning (sjá 59. lið),

c) ef viðskiptin eru ekki sameining fyrirtækja, hafa hvorki áhrif á reikningshaldslegan hagnað né skattskyldan hagnað, mynda ekki skattskyldan og frádráttarbæran tímabundinn mismun af sömu stærð og ef undanþágan sem kveðið er á um í 15. og 24. lið er ekki til staðar færir einingin frestaða skattskuldbindingu eða skattinneign sem af þessu leiðir og leiðréttir bókfært verð eignarinnar eða skuldarinnar um sömu fjárhæð. Slíkar leiðréttingar myndu valda því að reikningsskilin yrðu ógagnsærri en ella. Því er einingu óheimilt samkvæmt þessum staðli að færa frestaða skattskuldbindingu eða skattinneign sem af þessu leiðir, hvort heldur er við upphaflega færslu eða síðar (sjá dæmi hér á eftir). Enn fremur færir eining ekki síðari breytingar á frestaðri skattskuldbindingu eða skattinneign, sem ekki hefur verið færð, eftir því sem eignin er afskrifuð.

Dæmi til skýringar á c-lið 22. liðar

Eining hyggst nýta eign, sem kostar 1000, allan fimm ára endingartíma eignarinnar og losa sig síðan við hana á hrakvirðinu núll. Skatthlutfallið er 40%. Afskriftir eignarinnar eru ekki frádráttarbærar frá skatti. Við sölu yrði söluhagnaðurinn ekki skattskyldur og tap yrði ekki frádráttarbært.

Þar sem eining endurheimtir bókfært verð eignarinnar aflar hún skattskyldra tekna 1000 og greiðir 400 í skatt. Einingin færir ekki frestaða skattskuldbindingu 400 sem af þessu leiðir vegna þess að hún stafar af upphaflegri færslu eignarinnar.

Árið eftir er bókfært verð eignarinnar 800. Þegar einingin aflar skattskyldra tekna 800 greiðir hún 320 í skatt. Einingin færir ekki frestaða skattskuldbindingu 320 vegna þess að hún stafar af upphaflegri færslu eignarinnar.

22A Viðskipti sem eru ekki sameining fyrirtækja geta leitt til upphaflegrar færslu eignar og skuldar og hafa hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað á þeim tíma sem viðskiptin eiga sér stað. Sem dæmi má nefna að á upphafsdegi leigusamnings færir leigutaki yfirleitt skuld vegna leigusamninga og samsvarandi fjárhæð sem hluta af kostnaðarverði eignar með afnotarétti. Skattskyldur og frádráttarbær tímabundinn mismunur af sömu stærð getur myndast við upphaflega færslu eignar og skuldar í slíkum viðskiptum, allt eftir gildandi skattalögum. Undanþágan sem kveðið er á um í 15. og 24. lið gildir ekki um slíkan tímabundinn mismun og eining færir allar frestaðar skattskuldbindingar og skattinneignir sem af því leiðir.

23 Í samræmi við IAS-staðall 32, *fjármálagerningar: framsetning* ber útgefanda samsettra fjármálagerninga (t.d. breytanlegra skuldabréfa) að flokka skuldarhluta bréfsins sem skuld og eiginfjárhluta þess sem eigið fé. Í sumum lögsagnarumdæmum er skattverð skuldarhlutans við upphaflega færslu jafnt og samanlagt upphaflegt bókfært verð skuldarhlutans og eiginfjárhlutans. Sá tímabundni mismunur á skattskyldu sem af þessu leiðir, verður til þegar eiginfjárhlutinn er upphaflega skilinn frá skuldarhlutanum og færður sérstaklega. Þess vegna gildir ekki undantekningin sem sett er fram í b-lið 15. liðar. Þar af leiðandi færir eining þá frestuðu skattskuldbindingu sem af þessu leiðir. Í samræmi við lið 61A er frestaði skatturinn færður beint til lækkunar á bókfærðu verði eiginfjárhlutans. Samkvæmt 58. lið verða síðari breytingar á frestuðu skattskuldbindingunni færðar í rekstrarreikning sem frestaður skattkostnaður (skatttekjur).

Frádráttarbær tímabundinn mismunur

24 Færa skal frestaða skattinneign vegna alls frádráttarbærs tímabundins mismunar að því marki sem líklegt er að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar sem frádráttarbær tímabundinn mismunur nýtist á móti, nema frestaða skattinneignin stafi af upphaflegri færslu eignar eða skuldar í viðskiptum sem:

a) eru ekki sameining fyrirtækja,

b) hafa hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað (skattalegt tap) á þeim tíma sem viðskiptin eiga sér stað og

c) mynda ekki skattskyldan og frádráttarbæran tímabundinn mismun af sömu stærð á þeim tíma sem viðskiptin eiga sér stað.

Á hinn bóginn skal færa frestaða skattinneign skv. 44. lið vegna frádráttarbærs, tímabundins mismunar sem tengist fjárfestingu í dótturfélögum, útibúum og hlutdeildarfélögum, og hlutdeildum í sameiginlegu fyrirkomulagi.

25 Við færslu skuldar felst að bókfært verð hennar verður greitt á síðari tímabilum með því að frá einingunni streyma verðmæti sem stafa af efnahagslegum ávinningi hennar. Þegar verðmæti streyma frá einingunni verður verð þeirra, að hluta til eða að öllu leyti, frádráttarbært við ákvörðun á skattskyldum hagnaði á síðara tímabili en því tímabili þegar skuldin var færð. Í þeim tilvikum verður til tímabundinn mismunur á bókfærðu verði skuldarinnar og skattverði hennar. Samkvæmt því verður til frestuð skattinneign vegna tekjuskatts sem verður endurheimtanlegur síðar þegar heimilt verður að nota þann hluta af skuldinni til frádráttar við ákvörðun á skattskyldum hagnaði. Ef bókfært verð eignar er lægra en skattverð hennar verður á sambærilegan hátt til mismunur sem myndar frestaða skattinneign vegna tekjuskatts sem verður endurheimtanlegur á síðari tímabilum.

Dæmi

Eining færir skuld 100 vegna áfallins kostnaðar við framleiðsluábyrgð. Framleiðsluábyrgðin verður ekki frádráttarbær frá skatti fyrr en einingin greiðir kröfur. Skatthlutfallið er 25%.

Skattverð skuldarinnar er núll (bókfært verð er 100 að frádreginni fjárhæðinni sem verður frádráttarbær frá skatti vegna þessarar skuldar á síðari tímabilum). Þegar bókfærða skuldin er greidd lækkar fyrirtækið skattskyldan framtíðarhagnað um 100 og lækkar þar með framtíðarskattgreiðslur um 25 (25% af 100). Mismunurinn á bókfærðu fjárhæðinni 100 og skattverðinu núll, er frádráttarbær tímabundinn mismunur 100. Þess vegna færir einingin frestaða skattinneign 25 (25% af 100), að því tilskildu að líklegt geti talist að einingin afli nægilegs skattskylds hagnaðar á síðari tímabilum til að hafa ávinning af lækkun skattgreiðslna.

26 Eftirfarandi eru dæmi um frádráttarbæran, tímabundinn mismun sem leiðir af sér frestaða skattinneign:

a) Draga má frá eftirlaunakostnað við ákvörðun á reikningshaldslegum hagnaði meðan starfsmaður leggur fram þjónustu sína, en hann er dreginn frá skattskyldum hagnaði annaðhvort þegar einingin greiðir framlag í eftirlaunasjóð eða þegar hún greiðir eftirlaunin. Tímabundinn mismunur er á bókfærðu verði skuldarinnar og skattverði hennar; skattverð skuldarinnar er yfirleitt núll. Slíkur frádráttarbær, tímabundinn mismunur leiðir af sér frestaða skattinneign þar sem efnahagslegur ávinningur rennur til einingarinnar sem frádráttur frá skattskyldum hagnaði þegar framlög í eftirlaunasjóði eða eftirlaun eru greidd,

b) Við ákvörðun reikningshaldslegs hagnaðar er rannsóknarkostnaður færður sem gjöld á því tímabili sem hann verður til en ekki er heimilt að draga hann frá við ákvörðun skattskylds hagnaðar (skattalegs taps) fyrr en á síðara tímabili. Mismunurinn á skattverði rannsóknarkostnaðarins, sem er sú fjárhæð sem skattyfirvöld munu heimila sem frádrátt á tímabilum í framtíðinni, og bókfærðu verði núll, er frádráttarbær, tímabundinn mismunur sem leiðir til frestaðrar skattinneignar,

c) með nokkrum undantekningum eru yfirteknar aðgreinanlegar eignir og skuldir, sem til er stofnað við sameiningu fyrirtækja, færðar á gangvirði á yfirtökudegi. Þegar yfirtekin skuld er færð á yfirtökudegi en tengdur kostnaður er ekki dreginn frá við ákvörðun á skattskyldum hagnaði fyrr en á síðara tímabili, verður til frádráttarbær, tímabundinn mismunur sem leiðir af sér frestaða skattinneign. Frestuð skattinneign verður einnig til þegar gangvirði keyptrar aðgreinanlegrar eignar er lægra en skattverð hennar. Í báðum tilvikum hefur frestaða skattinneignin áhrif á viðskiptavild (sjá 66. lið), og

d) tilteknar eignir má færa á gangvirði eða endurmeta án þess að gerð sé sambærileg, skattaleg leiðrétting (sjá 20. lið). Frádráttarbær, tímabundinn mismunur myndast ef skattverð eignarinnar er hærra en bókfært verð hennar.

Dæmi til skýringar á d-lið 26. liðar

Greining á frádráttarbærum, tímabundnum mismun við lok 2. árs:

Eining A kaupir á 1 000 GE í upphafi 1. árs, skuldagerning að nafnvirði 1 000 GE sem greiða ber á gjalddaga eftir 5 ár með 2% vöxtum, til greiðslu í lok hvers árs. Virkir vextir eru 2%. Skuldagerningurinn er metinn á gangvirði.

Við lok 2. árs hefur gangvirði skuldagerningsins lækkað í 918 GE vegna hækkunar markaðsvaxta í 5%. Líklegt er að eining A innheimti samningsbundið sjóðstreymi ef hún á skuldagerninginn áfram.

Hagnaður (tap) af skuldagerningnum er aðeins skattskyldur (frádráttarbær) þegar hann er innleystur. Hagnaðurinn (tapið) af sölunni eða þegar skuldagerningurinn fellur í gjalddaga er reiknaður í skattalegum tilgangi sem mismunurinn milli þeirrar fjárhæðar sem er innheimt og upphaflegs kostnaðar við skuldagerninginn.

Til samræmis við það er skattverð skuldagerningsins upphaflegur kostnaður hans.

Mismunurinn milli bókfærðs verðs skuldagerningsins í efnahagsreikningi einingar A upp á 918 GE og skattverðs hans upp á 1 000 GE veldur frádráttarbærum, tímabundnum mismun upp á 82 GE í lok 2. árs (sjá 20. lið og d-lið 26. liðar), óháð því hvort eining A væntir þess að endurheimta bókfært verð skuldagerningsins með sölu eða með notkun, þ.e. með því að hafa hann í vörslu sinni og innheimta samningsbundið sjóðstreymi, eða blöndu af þessu tvennu.

Þetta er vegna þess að frádráttarbær, tímabundinn mismunur er mismunur á bókfærðu verði eignar eða skuldar í efnahagsreikningi og skattverði hans sem mun mynda fjárhæðir sem verða frádráttarbærar á síðari tímabilum þegar skattskyldur hagnaður (skattalegt tap) verður ákvarðaður þegar bókfært verð eignarinnar eða skuldarinnar er endurheimt eða greitt (sjá 5. lið). Eining A fær frádrátt sem samsvarar skattverði eignarinnar upp á 1 000 GE við ákvörðun skattskylds hagnaðar (skattalegs taps), annaðhvort af sölu eða á gjalddaga.

27 Bakfærsla á frádráttarbærum, tímabundnum mismun leiðir til frádráttar við ákvörðun skattskylds hagnaðar á síðari tímabilum. Efnahagslegur ávinningur í formi lækkunar á skattgreiðslum rennur þó aðeins til einingarinnar ef hún aflar nægilegs skattskylds hagnaðar sem unnt er að jafna á móti frádrættinum. Af þessum sökum færir eining því aðeins frestaðar skattinneignir að líklegt sé að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar og unnt verði að nýta frádráttarbæran, tímabundinn mismun á móti honum.

27A Þegar eining metur hvort skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar og unnt verði að nýta frádráttarbæran, tímabundinn mismun á móti honum þarf hún að hafa í huga hvort skattalög takmarki uppsprettur skattskylds hagnaðar sem hún getur dregið frá við bakfærslu þessa frádráttarbæra, tímabundna mismunar. Ef skattalög setja engar slíkar takmarkanir skal eining meta frádráttarbæran, tímabundinn mismun í samhengi við allan annan frádráttarbæran, tímabundinn mismun einingarinnar. Ef, hins vegar, skattalög takmarka notkun á tapi til frádráttar frá tekjum af tiltekinni tegund er frádráttarbær, tímabundinn mismunur aðeins metinn ásamt öðrum frádráttarbærum, tímabundnum mismun af viðeigandi tegund.

28 Líklegt er að tiltækur verði skattskyldur hagnaður sem nýtist á móti frádráttarbærum, tímabundnum mismun þegar til ráðstöfunar eru nægilegur, tímabundinn mismunur á skattskyldu sem snertir sama skattyfirvald og sömu skattskyldu eininguna og vænst er að snúist við:

a) á sama tímabili og vænst er að frádráttarbær, tímabundinn mismunur verði bakfærður eða

b) á tímabilum með skattalegu tapi sem stafar af frestuðum skattinneignum og unnt er að bakfæra eða yfirfæra.

Við slíkar aðstæður er frestaða skattinneignin færð á sama tímabili og frádráttarbæri, tímabundni mismunurinn verður til.

29 Þegar ekki er til nægilegur, tímabundinn mismunur á skattskyldu sem heyrir undir sama skattyfirvaldið og sömu skattskyldu eininguna, er frestaða skattinneignin færð að því marki sem:

a) líklegt er að einingin muni hafa nægilegan skattskyldan hagnað sem heyrir undir sama skattyfirvaldið og sömu skattskyldu eininguna á sama tímabili og frádráttarbær, tímabundinn mismunur er bakfærður (eða á þeim tímabilum með skattalegu tapi sem stafar af frestaðri skattinneign og unnt er að bakfæra eða yfirfæra). Þegar eining leggur mat á hvort hún muni hafa nægilegan, skattskyldan hagnað á síðari tímabilum skal hún:

i. bera frádráttarbæran, tímabundinn mismun saman við skattskyldan framtíðarhagnað sem útilokar skattafrádrátt sem stafar af bakfærslu þessa frádráttarbæra, tímabundna mismunar. Þessi samanburður sýnir að hvaða marki skattskyldur framtíðarhagnaður nægir einingunni til að draga frá fjárhæðirnar sem stafa af bakfærslu á þessum frádráttarbæra, tímabundna mismun, og

ii. líta fram hjá skattskyldum fjárhæðum sem stafa af frádráttarbærum, tímabundnum mismun, sem ætla má að verði til á síðari tímabilum, vegna þess að frestaða skattinneignin, sem stafar af þessum frádráttarbæra, tímabundna mismun, þarf einnig sjálf skattskyldan hagnað í framtíðinni til að unnt sé að nýta hana, eða

b) einingin hefur tækifæri til að beita skattaáætlunum sem mynda munu skattskyldan hagnað á viðeigandi tímabilum.

29A Mat á líklegum skattskyldum framtíðarhagnaði getur falið í sér endurheimt sumra af eignum einingar fyrir meira en bókfært verð þeirra ef næg sönnun liggur fyrir um að líklegt sé að einingin nái því. Til dæmis, þegar eining er metin á gangvirði skal hún líta til þess hvort fyrir liggja fullnægjandi sannanir til að hægt sé að álykta að líklegt sé að einingin muni endurheimta eignina fyrir hærri fjárhæð en bókfært verð hennar er. Þetta getur t.d. átt við þegar eining væntir þess að vera handhafi skuldagernings á föstum vöxtum og innheimta samningsbundið sjóðstreymi.

30 Tækifæri til skattaáætlana eru aðgerðir sem einingin getur gripið til í þeim tilgangi að mynda eða auka skattskyldar tekjur á tilteknu tímabili áður en skattalegt tap eða heimild til að flytja skattafslátt yfir á síðara tímabil fellur úr gildi. Í sumum lögsagnarumdæmum er t.d. unnt að mynda eða auka skattskyldar tekjur með því að:

a) velja að láta skattleggja vaxtatekjur annaðhvort miðað við greiðslu eða við færslu krafna,

b) fresta kröfunni um tiltekinn frádrátt frá skattskyldum hagnaði,

c) selja og hugsanlega endurleigja eignir sem hafa hækkað í verði en skattverð þeirra hefur ekki verið leiðrétt til samræmis við slíka hækkun og

d) selja eign sem gefur af sér skattfrjálsar tekjur (s.s. ríkisskuldabréf í sumum lögsagnarumdæmum) til að fjárfesta í annarri eign sem gefur af sér skattskyldar tekjur.

Þegar skattskyldur hagnaður frá síðara tímabili er fluttur frá síðara tímabili aftur til fyrra tímabils í skattaáætlunum er nýting á skattalegu tapi eða heimild til að færa skattafrádrátt yfir á síðara tímabil undir því komin að skattskyldur hagnaður á síðari tímabilum stafi af öðru en tímabundnum mismun í framtíðinni.

31 Þegar eining hefur nýverið orðið fyrir tapi er rétt að einingin íhugi leiðbeiningarnar í 35. og 36. lið.

32 [Felldur brott]

Viðskiptavild

32A Ef bókfært verð viðskiptavildar, sem leiðir af sameiningu fyrirtækja, er lægra en skattstofn hennar leiðir mismunurinn af sér frestaða skattinneign. Frestaða skattinneign, sem leiðir af upphafsfærslu viðskiptavildar, skal færa sem hluta af reikningsskilum vegna sameiningar fyrirtækja að því marki sem líklegt er að um sé að ræða skattskyldan hagnað sem nýta má á móti frádráttarbærum tímabundnum mismun.

Upphafleg færsla á eign eða skuld

33 Dæmi um að frestuð skattinneign verði til við upphaflega færslu á eign er þegar skattfrjáls, opinber styrkur, sem tengist eigninni, er dreginn frá í útreikningum á bókfærðu verði eignarinnar en hann er ekki dreginn frá afskrifanlegri fjárhæð eignarinnar (með öðrum orðum skattverði hennar) við útreikning á skatti. Bókfært verð eignarinnar er lægra en skattverð hennar og veldur það frádráttarbærum, tímabundnum mismun. Einnig má setja opinbera styrki fram sem frestaðar tekjur en í því tilviki er mismunurinn á frestuðu tekjunum og skattverði þeirra núll, frádráttarbær, tímabundinn mismunur. Einu gildir hvora framsetningaraðferðina eining velur, hún færir ekki þá frestuðu skattinneign, sem af þessu leiðir, af ástæðum sem tilgreindar eru í 22. lið.

Ónotað skattalegt tap og ónotaður skattafsláttur

34 Frestaða skattinneign skal færa vegna ónotaðs, yfirfæranlegs, skattalegs taps og ónotaðs skattaafsláttar, að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta ónotuðu, skattalegu töpin og ónotaða skattafsláttinn á móti skattskyldum framtíðarhagnaði.

35 Skilyrði um færslu frestaðra skattinneigna, sem stafa af yfirfæranlegu, ónotuðu, skattalegu tapi og ónotuðum skattaafslætti, eru þau sömu og skilyrðin um færslu frestaðra skattinneigna sem stafa af frádráttarbærum, tímabundnum mismun. Ef ónotað, skattalegt tap er fyrir hendi er það á hinn bóginn sterk vísbending um að skattskyldur framtíðarhagnaður sé ekki tiltækur. Hafi eining nýverið orðið fyrir töpum færir hún því frestaða skattinneign, sem stafar af ónotuðu, skattalegu tapi eða ónotuðum skattafslætti, aðeins að því marki sem einingin hefur nægilegan, tímabundinn mismun á skattskyldu til ráðstöfunar eða að fyrir hendi séu önnur sannfærandi gögn sem benda til þess að nægilegur, skattskyldur hagnaður sé til ráðstöfunar og einingin geti nýtt á móti ónotuðu, skattalegu tapi eða ónotuðum skattafslætti. Við slíkar aðstæður er gerð krafa um það skv. 82. lið að birta fjárhæð frestuðu skattinneignarinnar og eðli gagnanna sem liggja til grundvallar færslunni.

36 Eining skal nota eftirfarandi skilyrði til að meta líkurnar á því að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar á móti ónotuðu, skattalegu tapi eða ónotuðum skattaafslætti:

a) hvort einingin hafi til ráðstöfunar nægilegan, tímabundinn mismun á skattskyldu og heyrir undir sama skattyfirvaldið og sömu skattskyldu eininguna sem leiðir af sér skattskyldar fjárhæðir, sem unnt verði að nýta á móti ónotuðu, skattalegu tapi eða ónotuðum skattafslætti áður en þau falla niður,

b) hvort líklegt sé að einingin afli skattskylds hagnaðar áður en ónotaða skattalega tapið eða ónotaði skattaafslátturinn falla niður,

c) hvort hið ónotaða skattalega tap stafi af aðgreinanlegum orsökum sem ekki er líklegt að muni endurtaka sig og

d) hvort einingin geti nýtt skattaáætlanir (sjá 30. lið) sem mynda skattskyldan hagnað á sama tímabili og unnt reynist að nýta ónotaða, skattalega tapið eða ónotaðan skattafslátt.

Frestaðar skattinneignir eru ekki færðar ef ólíklegt má telja að fyrir hendi verði skattskyldur hagnaður sem geri fyrirtækinu kleift að nýta ónotað skattalegt tap eða ónotaðan skattafslátt.

Endurmat á ófærðri frestaðri skattinneign

37 Eining endurmetur ófærðar, frestaðar skattinneignir miðað við lok hvers reikningsskilatímabils. Einingin færir áður ófærða, frestaða skattinneign að því marki sem líklegt megi telja að skattskyldur framtíðarhagnaður geri henni kleift að endurheimta þessa ófærðu, frestuðu skattinneign. Bætt viðskiptaskilyrði geta t.d. orðið til þess að líklegra verði að einingin geti aflað nægilegs skattskylds framtíðarhagnaðar til að frestaðar skattinneignir fullnægi færsluskilyrðunum sem sett eru fram í 24. eða 34. lið. Annað dæmi er þegar eining endurmetur frestaðar skattinneignir á sameiningardegi fyrirtækja eða í kjölfar hans (sjá 67. og 68. lið).

Fjárfestingar í dótturfélögum, útibúum og hlutdeildarfélögum, og hlutdeildum í sameiginlegu fyrirkomulagi

38 Tímabundinn mismunur verður til þegar bókfært verð fjárfestinga í dótturfélögum, útibúum og hlutdeildarfélögum eða hlutdeildum í sameiginlegu fyrirkomulagi (þ.e. hluti móðurfélags eða fjárfestis í hreinni eign dótturfélagsins, útibúsins, hlutdeildarfélagsins eða félagsins, sem fjárfest er í, þ.m.t. bókfært verð viðskiptavildar) verður annað en skattverð (sem oft er kostnaðarverð) fjárfestingarinnar eða hlutdeildarinnar. Slíkur mismunur getur orðið til við mismunandi aðstæður, t.d.:

a) þegar til er óráðstafaður hagnaður dótturfélaga, útibúa, hlutdeildarfélaga og sameiginlegs fyrirkomulags,

b) við gengisbreytingar gjaldmiðla þegar móðurfélag og dótturfélag þess eru ekki í sama landi og

c) þegar bókfært verð fjárfestingar í hlutdeildarfélagi lækkar í endurheimtanlega fjárhæð.

Í samstæðureikningsskilum getur tímabundinn mismunur verið annar en tímabundinn mismunur í tengslum við fjárfestinguna í eigin reikningsskilum móðurfélagsins ef móðurfélagið færir fjárfestinguna í eigin reikningsskilum sínum á kostnaðar- eða endurmatsverði.

39 Eining skal færa frestaða skattskuldbindingu vegna alls tímabundins mismunar á skattskyldu í tengslum við fjárfestingar í dótturfélögum, útibúum og hlutdeildarfélögum, og hlutdeildum í sameiginlegu fyrirkomulagi, nema báðum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) móðurfélagið, fjárfestirinn, samrekstraraðilinn eða sameiginlegi rekstraraðilinn getur stjórnað því hvenær tímabundni mismunurinn er bakfærður og

b) líklegt er að tímabundni mismunurinn snúist ekki við í fyrirsjáanlegri framtíð.

40 Þar sem móðurfélag stjórnar arðsúthlutunarstefnu dótturfélags síns getur það ráðið því hvenær tímabundinn mismunur í tengslum við fjárfestinguna er bakfærður (þ.m.t. tímabundinn mismunur sem ekki stafar einvörðungu af óráðstöfuðum hagnaði heldur einnig af hvers kyns umreikningi gengismunar gjaldmiðla). Auk þess getur oft verið ógerlegt að ákvarða fjárhæð tekjuskatts sem kemur til greiðslu þegar tímabundni mismunurinn snýst við. Af þessum sökum færir móðurfélagið ekki frestaða skattskuldbindingu þegar það hefur ákvarðað að þessum hagnaði verði ekki ráðstafað í fyrirsjáanlegri framtíð. Hið sama á við um fjárfestingar í útibúum.

41 Óperningalegar eignir og skuldir einingar eru metnar í starfrækslugjaldmiðli hennar (sjá IAS-staðal 21, *áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla*). Ef skattskyldur hagnaður eða skattalegt tap einingarinnar (og þar af leiðandi skattverð óperningalegra eigna og skulda) er ákvarðað í öðrum gjaldmiðli hafa breytingar á gengi í för með sér tímabundinn mismun sem leiðir til færslu frestaðrar skattskuldir (skv. 24. lið) eða skatteignar. Frestaður skattur, sem af þessu leiðir, er gjald- eða tekjufærður á rekstrarreikning (sjá 58. lið).

42 Fjárfestir í hlutdeildarfélagi stjórnar þeirri einingu ekki og er yfirleitt ekki í aðstöðu til að ákvarða arðgreiðslustefnu hennar. Af þessum sökum færir fjárfestir frestaða skattskuldbindingu, sem stafar af tímabundnum mismun á skattskyldu í tengslum við fjárfestinguna í hlutdeildarfélaginu þegar ekki er fyrir hendi samkomulag sem kveður á um að hagnaði af hlutdeildarfélaginu verði ekki ráðstafað í fyrirsjáanlegri framtíð. Í sumum tilvikum getur verið að fjárfesti sé ókleift að ákvarða fjárhæð skatts sem kæmi til greiðslu ef hann endurheimtir kostnaðarverð fjárfestingar sinnar í hlutdeildarfélagi, en hann getur ákvarðað að hún sé jöfn eða hærri en tiltekin lágmarksfjárhæð. Í þeim tilvikum er frestaða skattskuldbindingin metin sem þessi fjárhæð.

43 Í samkomulagi aðila að sameiginlega fyrirkomulaginu er yfirleitt fjallað um ráðstöfun hagnaðar og þar er tilgreint hvort ákvarðanir í slíkum málum krefjist samþykkis allra aðila eða hópa aðila. Þegar samrekstraraðilinn eða sameiginlegi rekstraraðilinn getur stjórnað tímasetningunni á ráðstöfun hagnaðarins af sameiginlega fyrirkomulaginu og líklegt má telja að hagnaði verði ekki ráðstafað í fyrirsjáanlegri framtíð er frestuð skattskuldbinding ekki færð.

44 Eining skal færa frestaða skattinneign fyrir allan frádráttarbæran, tímabundinn mismun, sem stafar af fjárfestingum í dótturfélögum, útibúum og hlutdeildarfélögum, og hlutdeildum í sameiginlegu fyrirkomulagi, að því marki og aðeins að því marki sem líklegt er að:

a) tímabundni mismunurinn snúist við í fyrirsjáanlegri framtíð og

b) til ráðstöfunar verði skattskyldur hagnaður og unnt sé að nýta tímabundna mismuninn á móti honum.

45 Þegar eining tekur ákvörðun um hvort frestuð skattinneign er færð vegna frádráttarbærs, tímabundins mismunar sem tengist fjárfestingum hennar í dótturfélögum, útibúum og hlutdeildarfélögum, og hlutdeildum hennar í sameiginlegu fyrirkomulagi, skal hún taka til athugunar leiðbeiningarnar sem settar eru fram í 28.–31. lið.

MAT

46 Skammtímaskattskuld (inneignir) vegna yfirstandandi og fyrri tímabila skulu metnar við þeirri fjárhæð sem gert er ráð fyrir að verði greidd (endurheimt frá) skattyfirvöldum, með því að nota skatthlutföll (og skattalög) sem hafa öðlast gildi eða öðlast gildi í reynd í lok reikningsskilatímabils.

47 Frestaðar skattinneignir og skattskuldir skal meta samkvæmt skatthlutföllunum sem vænst er að verði í gildi á tímabilinu þegar eignin verður innleyst eða skuldin greidd og skal byggt á þeim skatthlutföllum (og skattalögum) sem hafa öðlast gildi eða öðlast gildi í reynd við lok reikningsskilatímabils.

48 Núverandi og frestaðar skattinneignir og skattskuldir eru að jafnaði metnar með því að nota gildandi skatthlutföll (og skattalög). Í sumum lögsagnarumdæmum hafa tilkynningar stjórnvalda um skatthlutfall (og skattalög) hins vegar sömu áhrif og löggjöf, sem geta komið fram nokkrum mánuðum eftir tilkynninguna. Við þessar aðstæður eru skattinneignir og skattskuldir metnar með því að styðjast við tilkynnt skatthlutfall (og skattalög).

49 Þegar skatthlutföll skattskyldra tekna eru breytileg eftir skattþrepum eru frestaðar skattinneignir og skattskuldir metnar með því að styðjast við það meðaltalsskatthlutfall sem ætla má að gildi um skattskyldan hagnað (skattalegt tap) á þeim tímabilum þegar ætla má að tímabundinn mismunur snúist við.

50 [Felldur brott]

51 Mat á frestuðum skattskuldum og frestuðum skattinneignum skal endurspegla þær skattalegu afleiðingar sem leiða af því hvernig einingin gerir ráð fyrir, í lok reikningsskilatímabils, að endurheimta eða gera upp bókfært verð eigna og skuldbindinga.

51A Í sumum lögsagnarumdæmum getur sú aðferð, sem eining beitir við að endurheimta (greiða) bókfært verð eignar (skuldar), haft áhrif á annað eða hvort tveggja af eftirfarandi:

a) gildandi skatthlutfall, þegar einingin endurheimtir (greiðir) bókfært verð eignarinnar (skuldarinnar) og

b) skattverð eignarinnar (skuldarinnar).

Í þeim tilfellum metur einingin frestaðar skattskuldir og frestaðar skattinneignir með því að nota skatthlutfallið og skattverðið sem er í samræmi við fyrirætlanir fyrirtækisins um endurheimt eða greiðslu.

Dæmi A

Varanlegur rekstrarfjármunaliður er bókfærður á verðinu 100 og skattverð hans er 60. Skatthlutfallið 20% gildir ef fjármunaliðurinn yrði seldur en 30% af öðrum tekjum.

Einingin færir frestaða skattskuld 8 (20% af 40) ef hún væntir þess að fjármunaliðurinn verði seldur án frekari notkunar og frestaða skattskuld 12 (30% af 40) ef hún væntir þess að halda fjármunaliðnum og endurheimta bókfært verð hans með notkun.

Dæmi B

Varanlegur rekstrarfjármunaliður sem kostaði 100 er bókfærður á verðinu 80 og endurmetinn á 150. Engin sambærileg, skattaleg leiðrétting er gerð. Uppsafnaðar skattaafskriftir eru 30 og skatthlutfallið er 30%. Uppsafnaðar skattalegar afskriftir 30 verða taldar með skattskyldum tekjum ef fjármunaliðurinn er seldur fyrir hærri fjárhæð en sem nemur kostnaðarverði, en söluverð umfram kostnaðarverð verður þó ekki skattskylt.

Skattverð fjármunaliðarins er 70 og tímabundinn mismunur á skattskyldu er 80. Einingin verður að gefa af sér skattskyldar tekjur 150 ef hún hyggst endurheimta bókfærða verðið með því að nota fjármunaliðinn en getur þó aðeins dregið frá afskriftir 70. Á grundvelli þessa er frestuð skattskuld 24 (30% af 80). Frestuð skattskuld verður reiknuð á eftirfarandi hátt, ef einingin væntir þess að endurheimta bókfært verð fjármunaliðarins með því að selja hann strax fyrir 150:

	Tímabundinn mismunur á skattskyldu	*Skatthlutfall*	*Frestuð skattskuld*
Uppsafnaðar skattalegar afskriftir	*30*	*30%*	*9*
Söluverð umfram kostnaðarverð	*50*	*núll*	—
Samtals	*80*		*9*

(athugasemd: frestaður skattur, sem bætist við vegna endurmatsins, er færður í aðra heildarafkomu í samræmi við lið 61A)

Dæmi C

Hér eru aðstæður þær sömu og í dæmi B, að því undanskildu að verði fjármunaliðurinn seldur fyrir meira en kostnaðarverð verða uppsafnaðar skattalegar afskriftir taldar með skattskyldum tekjum (með 30% skatthlutfalli) og 40% skattur verður lagður á söluverð þegar búið er að draga frá verðtryggt kostnaðarverð 110.

Einingin verður að gefa af sér skattskyldar tekjur 150 ef hún hyggst endurheimta bókfærða verðið með því að nota fjármunaliðinn en getur þó aðeins dregið frá afskriftir 70. Á grundvelli þessa er skattverðið 70 og tímabundinn mismunur á skattskyldu er 80 og frestuð skattskuld 24 (30% af 80) eins og í dæmi B.

Einingin getur dregið frá verðtryggt kostnaðarverð 110 ef hún væntir þess að endurheimta bókfært verð fjármunaliðarins með því að selja hann strax fyrir 150. Á hreinan söluhagnað 40 verður með 40% skatthlutfalli. Að auki verða uppsafnaðar skattalegar afskriftir 30 taldar með skattskyldum tekjum og með 30% skatthlutfalli. Á grundvelli þessa er skattverðið 80 (110 mínus 30) og tímabundinn mismunur á skattskyldu 70 og frestuð skattskuld 25 (40% lögð á 40 plús 30% lögð á 30). Gagnlegt getur verið að huga að meginreglunni sem sett er fram í 10. lið ef ekki þykir strax augljóst hvert skattverðið er í þessu dæmi.

(athugasemd: frestaður skattur, sem bætist við vegna endurmatsins, er færður í aðra heildarafkomu í samræmi við lið 61A)

51B Mat á frestaðri skattskuld eða skattinneign skal endurspegla skattaleg áhrif endurheimtar á bókfært verð óafskrifanlegra eigna með sölu þeirra ef frestuð skattskuld eða skattinneign verður til vegna óafskrifanlegra eigna sem metnar eru með endurmatslíkani frá IAS-staðli 16, óháð því á hvaða grunni matið á bókfærðu verði eignarinnar fór fram. Af þeim sökum skal beita fyrra skatthlutfallinu við mat á frestaðri skattskuld eða skattinneign í tengslum við óafskrifanlega eign ef skatthlutfall af skattskyldri fjárhæð, sem myndast við sölu eignar, er samkvæmt skattalögum annað en skatthlutfall af skattskyldri fjárhæð sem verður til við notkun eignarinnar.

51C Hrekjanleg forsenda er fyrir því að bókfært verð fjárfestingareignarinnar verði endurheimt með sölu hennar ef frestuð skattskuld eða skattinneign verður til vegna fjárfestingareignar sem er metin með því að nota gangvirðislíkanið í IAS-staðli 40. Til samræmis við það skal matið á frestaðri skattskuld eða skattinneign endurspegla skattaleg áhrif þess að endurheimta algjörlega bókfært verð fjárfestingareignar við sölu, nema forsendan sé hrakin. Forsenda þessi er hrakin ef fjárfestingareignin er afskrifanleg og haldið innan viðskiptalíkans með það að markmiði að nýta að verulegu leyti allan efnahagslegan ávinning sem felst í fjárfestingareigninni yfir lengri tíma, fremur en við sölu. Ef forsendan er hrakin skal fara eftir kröfunum í liðum 51 og 51A.

Dæmi til skýringar á lið 51C

Fjárfestingareign hefur kostnaðarverð 100 og gangvirði 150. Hún er metin með því að nota gangvirðislíkanið í IAS-staðli 40. Hún nær yfir landareign sem hefur kostnaðarverð 40 og gangvirði 60 og byggingu með kostnaðarverð 60 og gangvirði 90. Landareignin hefur ótakmarkaðan nýtingartíma.

Uppsafnaðar afskriftir byggingarinnar eru 30 með tilliti til skattlagningar. Duldar breytingar á gangvirði fjárfestingareignar hafa ekki áhrif á skattskyldan hagnað. Ef fjárfestingareignin er seld yfir kostnaðarverði skal bakfærsla á uppsöfnuðum skattalegum afskriftum 30 vera talin með í skattskyldum hagnaði og með almennu 30% skatthlutfalli. Skattalög tilgreina 25% skatthlutfall á söluverð umfram kostnaðarverð á eignum sem var haldið skemur en tvö ár og 20% fyrir þær sem var haldið í tvö ár eða lengur.

Hrekjanleg forsenda er að einingin mun endurheimta allt bókfært verð fjárfestingareignarinnar við sölu, vegna þess að fjárfestingareignin er metin með því að nota gangvirðislíkanið í IAS-staðli 40. Verði forsenda þessi ekki hrakin endurspeglar frestaði skatturinn skattaleg áhrif endurheimtar á öllu bókfærða verðinu við sölu, jafnvel þó að einingin vænti leigutekna af eigninni fyrir sölu.

Skattverð landareignar, ef hún er seld, er 40 og tímabundinn mismunur á skattskyldu er 20 (60–40). Skattverð byggingar, ef hún er seld, er 30 (60–30) og tímabundinn mismunur á skattskyldu er 60 (90–30). Þar af leiðandi er samtals 80 (20 + 60) tímabundinn mismunur á skattskyldu að því er varðar fjárfestingareign.

Skatthlutfallið er, í samræmi við 47. lið, hlutfallið sem áætlað er að muni gilda á tímabilinu þegar fjárfestingareignin er innleyst. Hyggist einingin selja eignina, eftir að hafa hana í vörslu sinni lengur en í tvö ár, er frestaða skattskuldin sem af þessu leiðir þá reiknuð eins og hér segir:

	Tímabundinn mismunur á skattskyldu	*Skatthlutfall*	*Frestuð skattskuld*
Uppsafnaðar skattalegar afskriftir	*30*	*30%*	*9*
Söluverð umfram kostnaðarverð	*50*	*20%*	*10*
Samtals	*80*		*19*

Breyta verður útreikningnum að ofan, ef einingin hyggst selja eignina eftir að hafa haldið henni skemur en í tvö ár, svo að 25%, en ekki 20%, skatthlutfall gildi um söluverð umfram kostnaðarverð.

Forsenda þessi yrði hrakin, að því er bygginguna varðar, ef einingin heldur henni innan viðskiptalíkans með það að markmiði að nýta að verulegu leyti allan efnahagslegan ávinning sem felst í byggingunni yfir lengri tíma, fremur en með sölu. Landareignin er þó ekki afskrifanleg. Forsendan fyrir endurheimt með sölu yrði því ekki hrakin að því er landareignina varðar. Af þessu leiðir að frestaða skattskuldin myndi endurspegla skattaleg áhrif af endurheimt á bókfærðu verði byggingar með notkun og bókfærðs verðs landareignar með sölu.

Skattverð byggingar, ef hún er notuð, er 30 (60–30) og tímabundinn mismunur á skattskyldu er 60 (90–30), sem leiðir til frestaðrar skattskuldar 18 (30% af 60).

Skattverð landareignar, ef hún er seld, er 40 og tímabundinn mismunur á skattskyldu er 20 (60–40), sem leiðir til frestaðrar skattskuldar 4 (20% af 20).

Frestaða skattskuldin sem varðar fjárfestingareignina er þar af leiðandi 22 (18 + 4), ef forsendan fyrir endurheimt með sölu er hrakin að því er bygginguna varðar.

51D Hrekjanlega forsendan í lið 51C gildir einnig þegar frestuð skattskuld eða frestuð skattinneign kemur til af mati á fjárfestingareign við sameiningu fyrirtækja, ef einingin mun nota gangvirðislíkan þegar þessi fjárfestingareign verður metin síðar meir.

51E Liðir 51B–51D breyta ekki kröfunum um að beita meginreglunum í liðum 24–33 (frádráttarbær, tímabundinn mismunur) og liðum 34–36 (ónotað, skattalegt tap og ónotaður skattafsláttur) í þessum staðli þegar frestuð skattinneign er skráð og metin.

52 [flutt og númeri hans breytt 51A]

52A Í sumum lögsagnarumdæmum er tekjuskattshlutfall hærra eða lægra ef hreinn hagnaður eða óráðstafað eigið fé er greitt út, að hluta eða í heild, sem arður til hluthafa einingarinnar. Í öðrum lögsagnarumdæmum kann tekjuskattur að vera endurkræfur eða áfallinn ef hreinn hagnaður eða óráðstafað eigið fé er greitt út, að hluta eða í heild, sem arður til hluthafa fyrirtækisins. Við þessar aðstæður eru núverandi og frestaðar skattinneignir og skattskuldir metnar við skatthlutfallið sem gildir um óráðstafaðan hagnað.

52B [Felldur brott]

Dæmi til skýringar á liðum 52A og 57A

Í eftirfarandi dæmi er fjallað um mat á núverandi og frestuðum skattinneignum og skattskuldum einingar í lögsögu þar sem hærra hlutfall tekjuskatts er greitt af óráðstöfuðum hagnaði (50%), en fjárhæð er endurkræf þegar hagnaði er úthlutað. Skatthlutfall á úthlutuðum hagnaði er 35%. Í lok reikningsskilatímabilsins, 31. desember 20X1, færir einingin ekki skuld vegna arðgreiðslna sem gerð var tillaga um eða ákveðið að yrðu greiddar eftir reikningsskilatímabilið. Þar af leiðandi eru engar arðgreiðslur færðar á árinu 20X1. Skattskyldar tekjur árið 20X1 eru 100 000. Hreinn, tímabundinn mismunur á skattskyldu á árinu 20X1 er 40 000.

Einingin færir skammtímaskattskuld á tímabilinu og skammtímaskattkostnað 50 000. Engin eign er færð vegna þeirrar fjárhæðar sem kann að endurheimtast vegna framtíðararðgreiðslna. Einingin færir einnig frestaða skattskuld og frestaðan skattkostnað upp á 20 000 (50% af 40 000) vegna tekjuskatta sem einingin borgar þegar hún endurheimtir eða gerir upp bókfært verð eigna sinna og skuldbindinga miðað við gildandi skatthlutfall fyrir óráðstafaðan hagnað.

Síðar, hinn 15. mars 20X2, skuldfærir einingin arðgreiðslur 10 000 af fyrri rekstrarhagnaði.

Þann 15. mars 20X2 færir einingin endurheimta tekjuskatta 1500 (15% af arðgreiðslunum sem færðar eru sem skuld) sem skammtímaskattinneign og sem lækkun á skammtímaskattkostnaði fyrir árið 20X2.

53 Ekki skal afvaxta frestaðar skattinneignir og skattskuldir.

54 Áreiðanlegur útreikningur á frestuðum skattinneignum og skattskuldum á afvöxtuðum grunni krefjast ítarlegrar áætlunargerðar um hvenær sérhver tímabundinn mismunur er bakfærður. Í mörgum tilvikum er slíkur útreikningur óframkvæmanlegur eða afar flókinn. Því er óviðeigandi að krefjast afvöxtunar á frestuðum skattinneignum og skattskuld. Að heimila afvöxtun, en gera ekki kröfu um hana, yrði til þess að frestaðar skattinneignir og skattskuldir yrðu ekki sambærilegar milli eininga. Af þessum sökum er samkvæmt þessum staðli ekki heimilt eða gerð krafa um afvöxtun frestaðra skattinneigna og skattskulda.

55 Tímabundinn mismunur er reiknaður út frá bókfærðu verði eignar eða skuldar. Þetta gildir jafnvel þegar bókfærða verðið sjálft er reiknað út á afvöxtuðum grunni, eins og á t.d. við um eftirlaunaskuldbindingar (sjá IAS-staðal 19, *starfskjör*).

56 Endurskoða skal bókfært verð frestaðrar skattinneignar við lok hvers reikningsskilatímabils. Eining skal lækka bókfært verð frestaðrar skattinneignar að því marki sem ekki er lengur líklegt að nægilegur skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar til að nýta megi frestuðu skattinneignina, að hluta til eða að öllu leyti. Allar slíkar lækkanir skulu snúast við að því marki sem líklegt þykir að nægilegur skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar.

FÆRSLA Á SKAMMTÍMASKATTI OG FRESTUÐUM SKATTI

57 Samræmi er milli áhrifa af færslu viðskipta eða annars atburðar á skammtímaskatt og frestaðan skatt og bókunar viðskiptanna eða atburðarins sjálfs. Þessi meginregla er útfærð í liðum 58–68C.

57A Eining skal færa tekjuskattsáhrif arðsúthlutunar eins og skilgreint er í IFRS-staðli 9 þegar hún færir skuldbindingu um greiðslu arðs. Tekjuskattsáhrif arðgreiðslna eru í nánari tengslum við fyrri viðskipti eða atburði sem mynduðu úthlutanlegan hagnað, en við úthlutun til eigenda. Eining skal því færa tekjuskattsáhrif arðgreiðslna í rekstrarreikning, aðra heildarafkomu eða eigið fé eftir því hvar einingin færði þessi fyrri viðskipti eða atburði upphaflega.

Liðir færðir í rekstrarreikning

58 Færa skal skammtímaskatt og frestaðan skatt sem tekjur eða gjöld og telja með í hagnaði eða tapi tímabilsins nema að því marki sem skatturinn stafar af:

a) viðskiptum eða atburði, sem er færður, á sama eða öðru tímabili, utan rekstrarreiknings, annaðhvort í aðra heildarafkomu eða beint á eigið fé (sjá lið 61A–65), eða

b) sameiningu fyrirtækja (annarri en yfirtöku fjárfestingareiningar, eins og skilgreint er í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*, á dótturfélagi sem krafist er að færð séu á gangvirði í rekstrarreikningi) (sjá liði 66 til 68).

59 Flestar frestaðar skattskuldir og frestaðar skattinneignir stafa af því að tekjur eða gjöld eru talin með í reiknings haldslegum hagnaði á einu tímabili en eru talin með í skattskyldum hagnaði (skattalegu tapi) á öðru tímabili. Sá frestaði skattur, sem af þessu stafar, er færður í rekstrarreikning. Dæmi um það eru þegar:

a) vextir, rétthafagreiðslur eða arðstekjur berast eftir gjalddaga en eru taldar með í reikningshaldslegum hagnaði í samræmi við IFRS-staðal 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat* eða IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar*, eftir því sem við á, en innifaldar í skattskyldum hagnaði (skattalegu tapi) á greiðslugrunni, og

b) kostnaður vegna óefnislegra eigna hefur verið eignfærður í samræmi við IAS-staðal 38 og er afskrifaður í rekstrarreikningi, en var dreginn frá í skattalegum tilgangi þegar stofnað var til hans.

60 Bókfært verð frestaðra skattinneigna og skattskulda getur breyst, jafnvel þótt engin breyting verði á fjárhæð tengds tímabundins mismunar. Þetta getur t.d. stafað af:

a) breytingum á skatthlutföllum eða skattalögum,

b) endurmati á endurheimtanleika frestaðra skattinneigna, eða

c) breytingu á því hvernig gert er ráð fyrir að eign verði endurheimt.

Frestaður skattur, sem stafar af þessu, er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann snertir liði sem hafa þegar verið færðir utan rekstrarreiknings (sjá 63. lið).

Liðir færðir utan rekstrarreiknings

61 [Felldur brott]

61A Færa skal skammtímaskatt og frestaðan skatt utan rekstrarreiknings ef skatturinn tengist liðum sem eru færðir utan rekstrarreiknings, á sama eða öðru tímabili. Því skal skammtímaskattur og frestaður skattur tengdir liðum sem eru færðir, á sama eða öðru tímabili:

a) í aðra heildarafkomu, færast á aðra heildarafkomu (sjá 62. lið).

b) beint á eigið fé, færast beint á eigið fé (sjá lið 62A).

62 Samkvæmt IFRS-stöðlum er þess krafist eða heimilað að tilteknir liðir séu færðir í aðra heildarafkomu. Dæmi um slíka liði eru:

a) breyting á bókfærðu verði, sem stafar af endurmati varanlegra rekstrarfjármuna (sjá IAS-staðal 16), og

b) [felldur brott]

c) gengismunur, sem stafar af umreikningi á reikningsskilum erlends rekstrar (sjá IAS-staðal 21).

d) [felldur brott]

62A Samkvæmt IFRS-stöðlum er þess krafist eða heimilað að tilteknir liðir séu færðir til hækkunar eða lækkunar á eigin fé. Dæmi um slíka liði eru:

a) leiðrétting á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár, sem stafar annaðhvort af breytingu á reikningsskilaaðferð, sem beitt er afturvirkt, eða leiðréttingu á skekkju (sjá IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*), og

b) fjárhæðir sem stafa af upphafsfærslu eiginfjárhluta samsetts fjármálagernings (sjá 23. lið).

63 Í undantekningartilvikum getur verið erfitt að ákvarða fjárhæð skammtímaskatts og frestaðs skatts sem tengist liðum sem færðir eru utan rekstrarreiknings (annaðhvort í aðra heildarafkomu eða beint í eigið fé). Þetta getur t.d. átt við þegar:

a) tekjuskattur er stigskiptur og ómögulegt að ákvarða skatthlutfallið sem tiltekinn hluti af skattskyldum hagnaði (skattalegu tapi) hefur verið skattlagður samkvæmt,

b) breyting á skatthlutfalli eða öðrum skattareglum hefur áhrif á frestaða skattinneign eða skattskuld sem tengist (í heild eða að hluta) lið sem áður var færður utan rekstrarreiknings, eða

c) eining ákvarðar að frestuð skattinneign skuli færð, eða ekki lengur færð, að fullu og frestaða skattinneignin tengist (í heild eða að hluta) lið sem áður var færður utan rekstrarreiknings.

Í slíkum tilvikum byggist skammtímaskattur og frestaður skattur vegna liða sem eru færðir utan rekstrarreiknings á rökstuddri hlutfallslegri skiptingu á skammtímaskatti eða frestuðum skatti einingarinnar í hlutaðeigandi lögsögu, eða annarri aðferð þar sem meira viðeigandi skipting næst við þær aðstæðum.

64 IAS-staðall 16 tilgreinir ekki hvort eining eigi að millifæra árlega af endurmatsreikningi í óráðstafað eigið fé fjárhæð sem jafngildir mismuninum milli afskrifta eða niðurgreiðslu á endurmetinni eign og afskrifta eða niðurgreiðslu sem byggir á kostnaðarverði eignarinnar. Ef eining gerir slíka millifærslu er allur frestaður skattur dreginn frá millifærðri fjárhæð. Samsvarandi sjónarmið eiga við um millifærslur sem gerðar eru við ráðstöfun á lið varanlegra rekstrarfjármuna.

65 Þegar eign er endurmetin í skattalegum tilgangi og endurmatið tengist bókhaldslegu endurmati frá fyrra tímabili, eða því sem vænst er að fari fram á síðara tímabili, eru skattaleg áhrif bæði endurmats eignarinnar og leiðréttingar á skattverðinu færð í aðra heildarafkomu á þeim tímabilum þegar þau eiga sér stað. Ef skattalegt endurmat tengist hins vegar ekki reikningshaldslegu endurmati frá fyrra tímabili eða endurmati sem ætla má að fari fram á síðara tímabili eru skattalegu áhrifin, sem leiðrétting á skattverðinu hefur á skattana, færð í rekstrarreikning.

65A Þegar eining greiðir arð til hluthafa kann að vera gerð krafa um að hluti arðsins sé greiddur til skattyfirvalda fyrir hönd hluthafanna. Í mörgum lögsagnarumdæmum er þessi fjárhæð nefnd staðgreiðsluskattur. Slík fjárhæð sem greidd hefur verið eða ber að greiða til skattyfirvalda er færð á eigið fé sem hluti af arðgreiðslum.

Frestaður skattur sem myndast við sameiningu fyrirtækja

66 Eins og útskýrt er í 19. lið og c-lið 26. liðar getur tímabundinn mismunur myndast við sameiningu fyrirtækja. Í samræmi við IFRS-staðal 3 færir eining allar frestaðar skattinneignir (að því marki sem þær fullnægja færsluskilyrðunum í 24. lið) eða frestaðar skattskuldir sem aðgreinanlegar eignir og skuldir á yfirtökudegi. Af þessum sökum hafa þessar frestuðu skattinneignir og frestuðu skattskuldir áhrif á fjárhæð viðskiptavildar eða hagnað vegna hagstæðra kaupa sem einingin færir. Í samræmi við a-lið 15. liðar færir eining þó ekki frestaðar skattskuldir sem leiða af upphaflegri færslu viðskiptavildar.

67 Sem afleiðing af sameiningu fyrirtækja gætu líkurnar á innlausn frestaðrar skattinneignar yfirtökuaðila, frá því fyrir yfirtöku, breyst. Eftir sameiningu fyrirtækja getur yfirtökuaðili talið líklegt að hann endurheimti frestaða skattinneign sína sem var ekki færð fyrir sameininguna. Yfirtökuaðilinn getur t.d. nýtt ónotað, skattalegt tap sitt á móti skattskyldum framtíðarhagnaði yfirtekna aðilans. Hins vegar getur það, sem afleiðing af sameiningu fyrirtækja, ekki lengur verið líklegt að skattskyldur hagnaður í framtíðinni geri það mögulegt að endurheimta frestaða skattinneign. Í slíkum tilvikum færir yfirtökuaðili breytingar á frestaðri skattinneign á því tímabili sem sameining fyrirtækja á sér stað, en færir hana ekki sem hluta af reikningsskilum vegna sameiningar fyrirtækja. Þess vegna tekur yfirtökuaðili ekki tillit til þess við mat á viðskiptavild eða hagnaði vegna hagstæðra kaupa sem hann færir við sameiningu fyrirtækja.

68 Mögulegur ávinningur vegna yfirfærslu á tekjuskattalegu tapi eða annarra frestaðra skattinneigna yfirtekna aðilans uppfylla hugsanlega ekki skilyrði fyrir aðskilda færslu þegar sameining fyrirtækja er upphaflega færð en gæti verið innleystur síðar.

Eining skal færa yfirteknar frestaðar skattívilnanir sem eru innleystar eftir sameiningu fyrirtækja sem hér segir:

a) Beita skal yfirteknum, frestuðum skattívilnunum, sem færðar eru á matstímabilinu og leiða af nýjum upplýsingum um málsatvik og aðstæður á yfirtökudegi, til að lækka bókfært verð hverrar viðskiptavildar sem tengist þeirri yfirtöku. Ef bókfært verð þeirrar viðskiptavildar er núll, skal færa í rekstrarreikning allar eftirstöðvar frestaðra skattívilnana.

b) Allar aðrar yfirteknar, frestaðar skattívilnanir, sem innleystar eru, skal færa í rekstrarreikning (eða utan rekstrarreiknings ef gerð er krafa um það í þessum staðli).

Skammtímaskattur og frestaður skattur vegna eignarhlutatengdra greiðslna

68A Í sumum skattaumdæmum fær eining skattfrádrátt (þ.e. fjárhæð sem er frádráttarbær við ákvörðun skattskylds hagnaðar) sem tengist launakjörum sem greidd eru með hlutabréfum, hlutabréfavalréttum eða öðrum eiginfjárgerningum einingarinnar. Fjárhæð skattfrádráttarins getur verið önnur en tengdi uppsafnaði launakostnaðurinn og getur orðið til á síðara reikningsskilatímabili. Í sumum lögsagnarumdæmum getur eining t.d. fært gjöld vegna þjónustu starfsmanna sem er móttekin sem endurgjald fyrir veittan hlutabréfavalrétt, í samræmi við IFRS-staðal 2, *eignarhlutatengdar greiðslur*, og ekki fengið skattfrádrátt fyrr en hlutabréfavalrétturinn er nýttur þar sem mat á skattfrádrætti byggist á verði á hlutabréfum einingarinnar á nýtingardegi.

68B Á sama hátt og að því er varðar rannsóknarkostnað, sem fjallað er um í 9. lið og b-lið 26. liðar í þessum staðli, er mismunurinn á skattverði móttekinnar þjónustu starfsmanna (sem er sú fjárhæð sem skattyfirvöld munu heimila sem frádrátt á tímabilum í framtíðinni) og bókfærðu verði núll, frádráttarbær, tímabundinn mismunur sem leiðir til frestaðrar skattinneignar. Ef, við lok tímabilsins, ekki er vitað hver fjárhæðin er sem skattyfirvöld heimila sem frádrátt á síðari tímabilum, skal áætla hana á grundvelli upplýsinga sem liggja fyrir við lok tímabilsins. Ef fjárhæðin, sem skattyfirvöld heimila sem frádrátt á síðari tímabilum, er t.d. háð verði á hlutabréfum einingarinnar í framtíðinni ætti mat á frádráttarbærum, tímabundnum mismun að byggjast á verði á hlutabréfum einingarinnar við lok tímabilsins.

68C Eins og fram kemur í lið 68A kann fjárhæð skattfrádráttar (eða áætlaður skattfrádráttur í framtíðinni mældur í samræmi við lið 68B) að vera önnur en tengdi uppsafnaði launakostnaðurinn. Í 58. lið staðalsins er þess krafist að færa skuli skammtímaskatt og frestaðan skatt sem tekjur eða gjöld og telja með í hagnaði eða tapi tímabilsins nema að því marki sem skatturinn stafar af a) viðskiptum eða atburði, sem er færður utan rekstrarreiknings á sama eða öðru tímabili, eða b) sameiningu fyrirtækja (annarri en kaupum fjárfestingareiningar á dótturfélagi sem krafist er að færð séu á gangvirði í rekstrarreikningi). Ef fjárhæð skattfrádráttar (eða áætlaður skattfrádráttur í framtíðinni) er hærri en fjárhæðin á tengdum uppsöfnuðum launakostnaði gefur það til kynna að skattfrádrátturinn tengist ekki aðeins launakostnaði heldur einnig eiginfjárliði. Við slíkar aðstæður skal færa umframfjárhæð tengds skammtímaskatts eða frestaðs skatts beint á eigið fé.

FRAMSETNING

Skattinneignir og skattskuldir

69 [Felldur brott]

70 [Felldur brott]

Jöfnun

71 Eining skal jafna skammtímaskattinneignir og skammtímaskattskuldir ef og aðeins ef einingin:

a) hefur lagalega framfylgjanlegan rétt til að jafna saman færðum fjárhæðum og

b) ætlar annaðhvort að gera upp á hreinum grunni eða innleysa eignina og greiða skuldina samtímis.

72 Þótt skammtímaskattinneignir og -skuldir séu færðar og metnar sérstaklega eru þær jafnaðar í efnahagsreikningi samkvæmt sambærilegum skilyrðum og gilda um fjármálagerninga samkvæmt IAS-staðli 32. Eining hefur að jafnaði lagalega framfylgjanlegan rétt til að jafna skammtímaskattinneignum á móti skammtímaskattskuldum þegar þær tengjast tekjusköttum sem sama skattyfirvald leggur á og skattyfirvaldið heimilar einingunni að greiða eða taka við einni hreinni greiðslu.

73 Í samstæðureikningsskilum er heimilt að jafna skammtímaskattinneign einnar einingar í samstæðunni á móti skammtímaskattskuld annarrar einingar í samstæðunni þá og því aðeins að viðkomandi einingar hafi lagalega framfylgjanlegan rétt til að greiða eða taka við einni hreinni greiðslu og einingarnar ætli sér að greiða eða taka við slíkri hreinni greiðslu eða endurheimta inneignina og greiða skuldina samtímis.

74 Eining skal jafna frestaðar skattinneignir og frestaðar skattskuldir ef, og aðeins ef, einingin:

a) einingin hafi lagalega framfylgjanlegan rétt til að jafna skammtímaskattinneignum á móti skammtímaskattskuldum og

b) frestaðar skattinneignir og frestaðar skattskuldir tengjast tekjusköttum sem sömu skattyfirvöld hafa lagt á annaðhvort:

i. sömu skattskyldu eininguna, eða

ii. ólíkar skattskyldar einingar sem hafa í hyggju annaðhvort að gera upp skammtímaskattskuldir og -inneignir á hreinum grunni, eða innleysa eignirnar og gera skuldbindingar upp samtímis, á hverju komandi tímabili þar sem gert er ráð fyrir að umtalsverðar fjárhæðir frestaðra skattskuldbindinga eða -inneigna verði gerðar upp eða endurheimtar.

75 Til að koma í veg fyrir að þörf sé á ítarlegri áætlunargerð um tímasetningu bakfærslu sérhvers tímabundins mismunar, krefst þessi staðall þess að einingin jafni frestaðri skattinneign á móti frestaðri skattaskuld sömu skattskyldu einingar ef, og aðeins ef, þær tengjast tekjusköttum sem sama skattyfirvald hefur lagt á og einingin hefur lagalega framfylgjanlegan rétt til að jafna skammtímaskattinneignum á móti skammtímaskattskuldum.

76 Í undantekningartilvikum getur eining haft lagalega framfylgjanlegan rétt til skuldajöfnunar og ásetning um hreint uppgjör fyrir sum tímabil en ekki önnur. Í slíkum undantekningartilvikum getur verið krafa um nákvæma tímaáætlun til að ákvarða með áreiðanlegum hætti hvort frestuð skattskuld einnar skattskyldrar einingar leiði til hærri skattgreiðslna á sama tímabili og frestuð skattinneign annarrar skattskyldrar einingar leiðir til lægri greiðslna hjá seinni skattskyldu einingunni.

Skattkostnaður

Skattkostnaður (skatttekjur) sem tengist hagnaði eða tapi af reglulegri starfsemi

77 Skattkostnaðinn (skatttekjurnar) vegna hagnaðar eða taps af reglulegri starfsemi skal setja fram sem hluta af rekstrarreikningi í yfirliti um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu.

77A [Felldur brott]

Gengismunur á frestuðum erlendum skattskuldum eða skattinneignum

78 Í IAS-staðli 21 er þess krafist að tiltekinn gengismunur sé færður sem tekjur eða gjöld, en ekki er tilgreint hvar slíkur mismunur skuli settur fram í yfirliti um heildarafkomu. Í samræmi við það má, þegar gengismunur af frestuðum, erlendum skattskuldum eða skattinneignum er færður í yfirlit um heildarafkomu, flokka þann mun sem frestaðan skattkostnað (skatttekjur) ef sú framsetning er talin koma notendum reikningsskila að mestum notum.

UPPLÝSINGAGJÖF

79 Birta skal sérstaklega helstu þætti skattkostnaðar (skatttekna).

80 Þættir skattkostnaðar (skatttekna) geta falið í sér:

a) núverandi skattkostnað (skatttekjur),

b) allar leiðréttingar sem færðar hafa verið á tímabilinu vegna skammtímaskatts fyrri tímabila,

c) fjárhæð frestaðs skattkostnaðar (skatttekna) sem tengist uppruna og bakfærslu tímabundins mismunar,

d) fjárhæð frestaðs skattkostnaðar (skatttekna) sem tengist breytingum á skatthlutföllum eða álagningu nýrra skatta,

e) fjárhæð ávinnings af áður ófærðu skattalegu tapi, skattaafslætti eða tímabundnum mismun frá fyrra tímabili, sem er notuð til að lækka núverandi skattkostnað,

f) fjárhæð ávinnings af áður ófærðu skattalegu tapi, skattafslætti eða tímabundnum mismun frá fyrra tímabili, sem er notuð til að lækka frestaðan skattkostnað,

g) frestaðan skattkostnað sem stafar af niðurfærslu, eða bakfærslu á fyrri niðurfærslu, á frestaðri skattinneign í samræmi við 56. lið og

h) fjárhæð skattkostnaðar (skatttekna) sem tengist þeim breytingum á reikningsskilaaðferðum og skekkjum sem teknar eru með í rekstrarreikning í samræmi við IAS-staðal 8 vegna þess að ekki er hægt að færa þær afturvirkt.

81 Einnig skal birta sérstaklega upplýsingar um eftirfarandi:

a) samanlagðan skammtímaskatt og frestaðan skatt sem tengist liðum sem eru gjald- eða tekjufærðir beint á eigið fé (sjá lið 62A),

ab) upphæð tekjuskatts sem tengist hverjum hluta annarrar heildarafkomu (sjá 62. lið og IAS-staðal 1 (endurskoðaður 2007)),

b) [felldur brott]

c) útskýringu á tengslunum milli skattkostnaðar (skatttekna) og reikningshaldslegs hagnaðar í annarri eða báðum eftirfarandi aðferðum:

i. tölulegri afstemmingu milli skattkostnaðar (skatttekna) og margfeldis reikningshaldslegs hagnaðar og viðeigandi skatthlutfalls eða skatthlutfalla, þar sem einnig er útskýrt á hvaða grundvelli gildandi skatthlutfall eða -hlutföll eru reiknuð, eða

ii. tölulegri afstemmingu milli virks meðalskatthlutfalls og gildandi skatthlutfalls, þar sem einnig er útskýrt á hvaða grundvelli gildandi skatthlutfall er reiknað,

d) útskýringu á breytingum á gildandi skatthlutfalli eða -hlutföllum samanborið við fyrra reiknings-skilatímabil,

e) fjárhæðina (og lokadagsetningu, ef hún er til staðar) á frádráttarbærum, tímabundnum mismun, ónotuðu skattalegu tapi og ónotuðum skattaafslætti sem engin frestuð skattinneign hefur verið færð fyrir í efnahagsreikningi,

f) heildarfjárhæðina á tímabundnum mismun í tengslum við fjárfestingar í dótturfélögum, útibúum og hlutdeildarfélögum, og hlutdeildum í sameiginlegu fyrirkomulagi, sem frestaðar skattskuldir hafa ekki verið færðar fyrir (sjá 39. lið),

g) að því er varðar hvers kyns tímabundinn mismun og að því er varðar hvers kyns ónotað, skattalegt tap og ónotaðan skattafslátt:

i. fjárhæðina á frestuðum skattinneignum og skattskuldum, sem færð er í efnahagsreikning fyrir hvert tilgreint tímabil,

ii. fjárhæðina á frestuðum skatttekjum eða skattkostnaði sem færð eru í rekstrarreikning, ef það er ekki ljóst af breytingum á fjárhæðunum sem eru færðar í efnahagsreikning,

h) að því er varðar aflagðan rekstur, skattkostnaðurinn sem tengist:

i. ágóða eða tapi við aflagningu rekstrar og

ii. hagnaði eða tapi af reglulegri starfsemi aflagðs rekstrar á tímabilinu, ásamt samsvarandi fjárhæðum fyrir hvert tilgreint fyrra tímabil,

i) fjárhæð tekjuskattsáhrifanna af arðgreiðslum til hluthafa einingarinnar sem gerð var tillaga um eða ákveðin áður en birting reikningsskilanna var heimiluð, en ekki er skuldfærð í reikningsskilunum,

j) ef sameining fyrirtækja þar sem einingin er yfirtökuaðili veldur breytingu á þeirri fjárhæð sem færð er vegna frestaðrar skattinneignar frá því fyrir yfirtöku (sjá 67. lið), fjárhæðina á þeirri breytingu, og

(k) ef frestuð skattívilnun sem yfirtekin er við sameiningu fyrirtækja er ekki færð á yfirtökudegi heldur eftir yfirtökudag (sjá 68. lið), lýsingu á þeim atburði eða þeirri breytingu í aðstæðum sem olli því að frestaðar skattívilnanir voru færðar.

82 Eining skal upplýsa um fjárhæð frestaðrar skattinneignar og hvers eðlis gögnin eru sem liggja til grundvallar færslunni þegar:

a) nýting frestuðu skattinneignarinnar fer eftir framtíðar skattskyldum hagnaði umfram hagnaðinn sem stafar af bakfærslu fyrirliggjandi tímabundins mismunar á skattskyldu, og

b) einingin hefur orðið fyrir tapi, annaðhvort á yfirstandandi eða næstliðnu tímabili, í því lögsagnarumdæmi sem frestaða skattinneignin tengist.

82A Við þær aðstæður sem lýst er í lið 52A skal eining upplýsa um eðli hugsanlegra tekjuskattsáhrifa sem myndu leiða af greiðslu arðs til hluthafa sinna. Auk þess skal eining upplýsa um fjárhæðir hugsanlegra tekjuskattsáhrifa sem er gerlegt að ákvarða, og hvort einhver hugsanleg tekjuskattsáhrif séu til staðar sem ekki er gerlegt að ákvarða.

83 [Felldur brott]

84 Upplýsingarnar, sem gerð er krafa um í c-lið 81. liðar, gera notendum reikningsskila kleift að skilja hvort tengslin milli skattkostnaðar (skatttekna) og reikningshaldslegs hagnaðar séu óvenjuleg og að skilja helstu þætti sem gætu haft áhrif á þessi tengsl í framtíðinni. Sambandið milli skattkostnaðar (skatttekna) og reikningshaldslegs hagnaðar getur orðið fyrir áhrifum af þáttum eins og tekjum, sem eru undanþegnar skatti, gjöldum, sem eru ekki frádráttarbær við ákvörðun skattskylds hagnaðar (skattalegs taps), áhrifum af skattalegu tapi og áhrifum erlendra skatthlutfalla.

85 Þegar tengslin milli skattkostnaðar (skatttekna) og reikningshaldslegs hagnaðar eru útskýrð notar einingin það skatthlutfall sem við á og veitir notendum reikningsskilanna mikilvægustu upplýsingarnar. Oft er hagkvæmasta skatthlutfallið innlent skatthlutfall í landinu þar sem einingin á lögheimili, með því að leggja saman skatthlutfallið sem notað er fyrir innlenda skatta með hlutfallinu sem er notað á staðbundna skatta sem eru reiknaðir á efnislega sambærilegu stigi skattskylds hagnaðar (skattalegs taps). Hins vegar, fyrir einingu sem starfar í mörgum lögsagnarumdæmum, getur verið hagkvæmara að leggja saman aðskildar afstemmingar sem eru gerðar með því að nota innlent hlutfall í hverri lögsögu fyrir sig. Eftirfarandi dæmi sýnir hvernig val á gildandi skatthlutfalli hefur áhrif á framsetningu tölulegrar afstemmingar.

Dæmi til skýringar á 85. lið

Árið 19X2 er reikningshaldslegur hagnaður einingar í eigin lögsagnarumdæmi (landi A) 1500 (19X1: 2000) og í landi B 1500 (19X1: 500). Skatthlutfallið er 30% í landi A og 20% í landi B. Í landi A eru gjöld að upphæð 100 (19X1: 200) ekki frádráttarbær frá skatti.

Eftirfarandi er dæmi um afstemmingu að innlenda skatthlutfallinu.

	19X1	19X2
Reikningshaldslegur hagnaður	2500	3000
Skattur samkvæmt innlenda hlutfallinu 30%	750	900
Skattaleg áhrif útgjalda sem ekki eru frádráttarbær frá skatti	60	30
Áhrif af lægra skatthlutfalli í landi B	50)	150)
Skattkostnaður	760	780

Eftirfarandi er dæmi um afstemmingu sem er gerð með því að leggja saman aðskildar afstemmingar fyrir hverja innlenda lögsögu. Samkvæmt þessari aðferð birtast áhrifin af mismuninum milli eigin innlends skatthlutfalls einingarinnar sem reikningsskil taka til og innlends skatthlutfalls í öðrum lögsagnarumdæmum ekki sem aðskilinn liður í afstemmingunni. Eining getur þurft að fjalla um áhrifin af verulegum breytingum í öðru hvoru skatthlutfallinu, eða samsetningu hagnaðar sem aflað er í öðrum lögsagnarumdæmum, til að útskýra breytingar á gildandi skatthlutfalli (hlutföllum), eins og krafist er í d-lið 81. liðar.

Reikningshaldslegur hagnaður	2500	3000
Skattur samkvæmt því skatthlutfalli sem gildir um hagnað í viðkomandi landi	700	750
Skattaleg áhrif útgjalda sem ekki eru frádráttarbær frá skatti	60	30
Skattkostnaður	760	780

86 Virkt meðalskatthlutfall er skattkostnaðurinn (skatttekjurnar) deilt með reikningshaldslegum hagnaði.

87 Oft yrði ógerlegt að reikna hversu há fjárhæð liggur í ófærðum, frestuðum skattskuldum sem verða til við fjárfestingar í dótturfélögum, útibúum og hlutdeildarfélögum, og hlutdeildum í sameiginlegu fyrirkomulagi (sjá 39. lið). Þess vegna krefst þessi staðall þess að eining gefi upp heildarfjárhæðina á undirliggjandi tímabundnum mismun, en gerir ekki kröfu um upplýsingagjöf um frestaðar skattskuldir. Þrátt fyrir það eru einingar hvattar til þess að birta upplýsingar um fjárhæðir ófærðra, frestaðra skattskulda, þegar unnt er, vegna þess að notendur reikningsskila geta haft gagn af þeim upplýsingum.

87A Í lið 82A er gerð krafa um að eining upplýsi um eðli hugsanlegra tekjuskattsáhrifa sem greiðsla arðs til hluthafa myndi hafa í för með sér. Eining birtir upplýsingar um mikilvæga eiginleika tekjuskattskerfa og þá þætti sem hafa áhrif á fjárhæð hugsanlegra tekjuskattsáhrifa af greiðslu arðs.

87B Í sumum tilvikum er ekki gerlegt að reikna heildarfjárhæð hugsanlegra tekjuskattsáhrifa sem myndu leiða af arðgreiðslum til hluthafa. Þetta getur t.d. átt við þegar eining á mörg, erlend dótturfélög. Engu að síður er í slíkum tilvikum auðvelt að ákvarða hluta af heildarfjárhæðinni. Í samstæðu geta móðurfélag og sum dótturfélaga þess t.d. hafa greitt hærra tekjuskattshlutfall af óráðstöfuðum hagnaði og verið meðvituð um þá fjárhæð sem verður endurgreidd við útgreiðslu framtíðararðgreiðslna til hluthafa af óráðstöfuðu eigin fé innan samstæðu. Í þessu tilviki er upplýst um fjárhæðina sem fæst endurgreidd. Ef við á gerir eining einnig greina fyrir hugsanlegum viðbótartekjuskattsáhrifum sem ekki er hægt að ákvarða með raunhæfum hætti. Í aðgreindum reikningsskilum móðurfélagsins, ef þau eru til staðar, varða upplýsingar um hugsanleg tekjuskattsáhrif óráðstafað eigið fé móðurfélagsins.

87C Eining, sem er skylt að veita upplýsingarnar samkvæmt lið 82A, gæti einnig þurft að veita upplýsingar í tengslum við tímabundinn mismun sem tengist fjárfestingum í dótturfélögum, útibúum og hlutdeildarfélögum eða hlutdeildum í sameiginlegu fyrirkomulagi. Í slíkum tilvikum tekur eining mið af þessa við ákvörðun um hvaða upplýsingar verða birtar samkvæmt lið 82A. Til dæmis gæti félagið verið krafið um að birta upplýsingar um samanlagða fjárhæð tímabundins mismunar sem tengist fjárfestingum í dótturfélögum þar sem engar frestaðar skattskuldbindingar hafa verið færðar (sjá f-lið 81. liðar). Ef ógerlegt er að reikna út fjárhæðir ófærðra frestaðra skattskulda (sjá 87. lið), geta verið fjárhæðir hugsanlegra tekjuskattsáhrifa af arðgreiðslum sem tengjast þessum dótturfélögum sem ekki heldur er gerlegt að ákvarða.

88 Eining birtir upplýsingar um allar skatttengdar óvissar skuldir og óvissar eignir í samræmi við IAS-staðal 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*. Óvissar skuldir og óvissar eignir geta t.d. stafað af óleystum deilum við skattyfirvöld. Sömuleiðis ef breytingar á skatthlutfalli eða skattalögum eru settar eða tilkynntar eftir reiknings-skilatímabilið, upplýsir einingin um öll umtalsverð áhrif af þessum breytingum á núverandi og frestaðar skattinneignir og skattskuldir sínar (sjá IAS-staðal 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*).

GILDISTÖKUDAGUR

89 Þessi staðall tekur gildi fyrir reikningsskil sem ná yfir tímabil sem hefjast 1. janúar 1998 eða síðar, nema eins og tilgreint er í 91. lið. Ef eining beitir þessum staðli fyrir reikningsskil sem ná yfir tímabil sem hefjast fyrir 1. janúar 1998 skal einingin upplýsa um að hún hafi beitt þessum staðli í staðinn fyrir IAS-staðal 12, *tekjuskattar*, sem var samþykktur árið 1979.

90 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 12, *tekjuskattar*, sem var samþykktur árið 1979.

91 Liðir 52A, 52B, 65A, 81(i), 82A, 87A, 87B, 87C og niðurfelling liða 3 og 50 öðlast gildi fyrir árleg reikningsskil ([6]) sem ná yfir tímabil sem hefjast 1. janúar 2001 eða síðar. Hvatt er til fyrri samþykktar. Ef fyrri samþykkt hefur áhrif á reikningsskilin skal eining greina frá því.

92 Með IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Jafnframt var liðum 23, 52, 58, 60, 62, 63, 65, 68C, 77 og 81 breytt, 61. liður felldur úr gildi og liðum 61A, 62A og 77A bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) fyrir fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

93 Beita skal 68. lið með framvirkum hætti frá gildistökudegi IFRS-staðals 3 (eins og hann var endurskoðaður árið 2008) við færslu frestaðrar skattinneignar sem yfirtekin er við sameiningu fyrirtækja.

94 Af þeim sökum skulu einingar ekki leiðrétta reikningsskil vegna fyrri sameiningar fyrirtækja ef skattívilnanir hafa ekki uppfyllt skilyrði um aðskilda færslu frá og með yfirtökudegi og eru færðar eftir yfirtökudag, nema ívilnanirnar séu færðar innan matstímabilsins og þær stafi af nýjum upplýsingum um málsatvik og aðstæður á yfirtökudegi. Aðrar færðar skattívilnanir skal færa í rekstrarreikning (eða utan rekstrarreiknings ef gerð er krafa um það í þessum staðli).

95 Með IFRS-staðli 3 (eins og hann var endurskoðaður árið 2008) breyttust 21. og 67. liður og við bættust liðir 32A og 81(j) og (k). Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 3 (endurskoðaður 2008) fyrir fyrra tímabil taka breytingarnar einnig gildi fyrir það fyrra tímabil.

96 [Felldur brott]

97 [Felldur brott]

98 Númeri 52. liðar var breytt í 51A, breytingar voru gerðar á 10. lið og dæmunum sem fylgja lið 51A, og liðum 51B og 52C og dæmunum sem fylgja á eftir og liðum 51D, 51E og 99 var bætt við með útgáfu á *Frestaður skattur: endurheimt undirliggjandi eigna* í desember 2010. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2012 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrir fyrra tímabil skal hún greina frá því.

98A IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, útgefinn í maí 2011, breytti liðum 2, 15, 18 (e-lið), 24, 38, 39, 43–45, 81 (f-lið), 87 og 87C. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 11.

98B *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti lið 77 og felldi brott lið 77A. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

98C *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu lið 58 og 68C. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita liðnum *fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningum* á sama tíma.

98D [Felldur brott]

98E IFRS-staðall 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, gefinn út í maí 2014, breytti 59. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

([6]) Liður 91 vísar til „árlegra reikningsskila“ í samræmi við skýrara orðalag um gildistökudaga sem samþykktir voru árið 1998. Liður 89 vísar til „reikningsskila“.

98F IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti 20. lið og felldi brott liði 96, 97 og 98D. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

98G IFRS-staðall 16, gefinn út í janúar 2016, breytti 20. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

98H *Færsla frestaðrar skattainneignar fyrir óinnleyst tap* (breytingar á IAS-staðli 12), gefin út í janúar 2016, breytti 29. lið og bætti við liðum 27A, 29A og dæminu á eftir 26. lið. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2017 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Við upphaflega beitingu breytingarinnar má þó færa breytingar á upphaflegu eigin fé fyrsta samanburðartímabilsins sem upphaflegt óráðstafað eigið fé (eða sem annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á), án þess að ráðstafa mismuninum milli upphaflegs óráðstafaðs eigin fjár og annarra eiginfjárþátta. Ef eining beitir þessum úrræðum skal hún greina frá því.

98I Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) fyrir tímabilið 2015-2017*, sem voru gefnar út í desember 2017, var lið 57A bætt við og liður 52B felldur brott. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir þessum breytingum fyrr skal hún greina frá því. Þegar eining beitir þessum breytingum í fyrsta sinn skal hún beita þeim á þau tekjuskattsáhrif arðsúthlutunar sem færð eru við eða eftir upphaf fyrsta samanburðartímabilsins.

98J *Frestaður skattur í tengslum við eignir og skuldir sem koma til vegna stakra viðskipta*, sem gefinn var út í maí 2021, breytti liðum 15, 22 og 24 og bætti við lið 22A. Eining skal beita þessum breytingum í samræmi við liði 98K–98L að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2023 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrir fyrra tímabil skal hún greina frá því.

98K Eining skal beita *Frestaður skattur í tengslum við eignir og skuldir sem koma til vegna stakra viðskipta* að því er varðar viðskipti sem eiga sér stað við upphaf fyrsta samanburðartímabilsins sem sett er fram eða síðar.

98L Við upphaf fyrsta samanburðartímabilsins sem sett er fram skal eining sem beitir *Frestaður skattur í tengslum við eignir og skuldir sem koma til vegna stakra viðskipta* einnig:

a) færa frestaða skattinneign — að því marki sem líklegt er að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar sem frádráttarbær, tímabundinn mismunur nýtist á móti — og frestaða skattskuld fyrir allan frádráttarbæran og skattskyldan tímabundinn mismun sem tengist:

   i. eignum með afnotarétti og leiguskuldum og

   ii. starfsemi sem leggja skal niður, enduruppbyggingu og sambærilegum skuldbindingum og samsvarandi fjárhæðum sem færðar eru sem hluti af kostnaðarverði tengdu eignarinnar og

b) færa samlegðaráhrifin af upphaflegri beitingu breytinganna sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár (eða annars eiginfjárþáttar, eftir því sem við á) á þeim degi.

AFTURKÖLLUN SIC-TÚLKUNAR 21

99 Breytingarnar sem gerðar voru með útgáfu á *Frestaður skattur: endurheimt undirliggjandi eigna*, í desember 2010, skulu koma í stað SIC-túlkunar 21, *tekjuskattar — endurheimt endurmetinna, óafskrifanlegra eigna*.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 16 (IAS-staðall 16)

Varanlegir rekstrarfjármunir

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum staðli er að mæla fyrir um reikningshaldslega meðferð á varanlegum rekstrarfjármunum svo að notendur reikningsskilanna geti greint upplýsingar um fjárfestingu einingarinnar í eigin, varanlegum rekstrarfjármunum og breytingar á þeirri fjárfestingu. Meginatriðin við færslu varanlegra rekstrarfjármuna eru færsla eignanna, ákvörðun á bókfærðu verði þeirra og gjaldfærsla afskrifta og virðisrýrnunartap sem á að færa í tengslum við þær.

GILDISSVIÐ

2 Staðlinum skal beitt við færslu varanlegra rekstrarfjármuna nema gerð sé krafa um eða heimilað samkvæmt öðrum staðli að notuð sé önnur reikningshaldsleg meðferð.

3 Þessi staðall gildir ekki um:

a) varanlega rekstrarfjármuni sem eru flokkaðir sem haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*,

b) lífrænar eignir sem tengjast landbúnaðarstarfsemi, aðrar en plöntur til framleiðslu (sjá IAS-staðal 41, *landbúnaður*). Þessi staðall gildir um plöntur til framleiðslu en hann gildir ekki um afurðir þeirra,

c) færslu og mat á eignum vegna jarðefnaleitar og mats (sjá IFRS-staðal 6, *leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim*),

d) jarðefnaréttindi og jarðefnaauðlindir, s.s. olíu, jarðgas og sambærilegar, óendurnýjanlegar auðlindir.

Hins vegar gildir þessi staðall um varanlega rekstrarfjármuni sem eru notaðir við breytingar eða viðhald á eignunum sem er fjallað um í b–d-lið.

4 [Felldur brott]

5 Eining, sem notar kostnaðarverðslíkanið fyrir fjárfestingareignir í samræmi við IAS-staðal 40, *fjárfestingareign*,skal nota kostnaðarverðslíkanið í þessum staðli að því er varðar eigin fjárfestingareign.

SKILGREININGAR

6 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Planta til framleiðslu **er lifandi planta sem:**

a) er notuð til að framleiða eða láta í té landbúnaðarafurð,

b) er ætlað að gefa af sér afurð í meira en eitt tímabil og

c) ólíklegt er að verði seld sem landbúnaðarafurð nema við sölu á tilfallandi úrgangi.

(Í liðum 5A–5B í IAS-staðli 41 er nánar fjallað um þessa skilgreiningu á plöntu til framleiðslu.)

Bókfært verð **er sú fjárhæð sem færð er til eignar eftir frádrátt á öllum uppsöfnuðum afskriftum og uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum.**

Kostnaðarverð er sú fjárhæð handbærs fjár, eða ígildis þess, eða gangvirði annars endurgjalds sem innt er af hendi fyrir eign þegar hún er keypt eða byggð eða, eftir því sem við á, fjárhæðin sem er eignuð þeirri eign þegar hún er upphaflega færð í samræmi við sérstakar kröfur annarra IFRS-staðla, t.d. IFRS-staðals 2, _eignarhlutatengdar greiðslur_.

Afskrifanleg fjárhæð er kostnaðarverð eignar eða önnur fjárhæð, sem kemur í stað kostnaðarverðs, að frádregnu hrakvirði hennar.

Afskriftir eru kerfisbundin skipting afskrifanlegrar fjárhæðar eignar á nýtingartíma hennar.

Virði fyrir sérstaka einingu er núvirði þess sjóðstreymis sem hún væntir að fáist við áframhaldandi notkun eignar og af ráðstöfun hennar í lok nýtingartíma eða væntir að myndist við uppgjör skuldar.

Gangvirði er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13, _gangvirðismat_.)

Virðisrýrnunartap er sú fjárhæð sem bókfært verð eignar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru efnislegir liðir sem:

a) eru í eigu einingar til nota í framleiðslu eða til afhendingar á vörum eða þjónustu, til útleigu eða í stjórnunartilgangi og

b) eru ætlaðir til nota lengur en í eitt tímabil.

Endurheimtanleg fjárhæð er það sem hærra er: gangvirði eignar að frádregnum ráðstöfunarkostnaði eða notkunarvirði hennar.

Hrakvirði eignar er áætluð fjárhæð sem eining fengi nú fyrir ráðstöfun á eigninni að frádregnum áætluðum ráðstöfunarkostnaði ef eignin væri þegar orðin jafn gömul og væri í sama ástandi og vænst er í lok nýtingartíma.

Nýtingartími er:

a) tímabilið, sem vænta má að eign sé nýtanleg einum eða fleiri notendum, eða

b) fjöldi framleiðslueininga eða sambærilegra eininga sem vænta má að eining afli með eigninni.

FÆRSLA

7 Kostnaðarverð varanlegs rekstrarfjármunaliðar skal eignfæra þá og því aðeins:

a) að líklegt sé að efnahagslegur ávinningur, sem tengist liðnum, renni til einingarinnar og

b) að unnt sé að meta kostnaðarverð liðarins með áreiðanlegum hætti.

8 Liðir eins og varahlutir, viðbragðsbúnaður og þjónustubúnaður eru færðir í samræmi við þennan alþjóðlega reikningsskilastaðal þegar þeir uppfylla skilgreininguna á varanlegum rekstrarfjármunum. Annars eru slíkir liðir flokkaðir sem birgðir.

9 Í þessum staðli er ekki mælt fyrir um mælieiningu fyrir færslu, þ.e. hvað telst vera varanlegur rekstrarfjármunaliður. Af þeim sökum er nauðsynlegt að nota eigin dómgreind þegar skilyrðum um færslu er beitt við sérstakar aðstæður einingar. Það kann að vera við hæfi að leggja saman liði sem hver um sig skiptir litlu máli, s.s. mót, verkfæri og laðir, og beita skilyrðunum á heildarverðmætið.

10 Eining metur samkvæmt þessari færslureglu allan kostnað við varanlega rekstrarfjármuni um leið og til hans er stofnað. Þess háttar kostnaður er m.a. kostnaður sem stofnað er til í upphafi við kaup eða byggingu varanlegs rekstrarfjármunaliðar og kostnaður sem stofnað er til síðar til að auka við hann, endurnýja hluta hans eða til viðhalds. Kostnaðarverð varanlegs rekstrarfjármunarliðar getur falið í sér kostnað sem fellur til í tengslum við leigusamninga á eignum sem notaðar eru til byggja, bæta við, skipta um hluta af eða þjónusta varanlegan rekstrarfjármunalið, svo sem afskriftir á eign með afnotarétti.

Upphaflegur kostnaður

11 Varanlegir rekstrarfjármunir kunna að vera keyptir af öryggis- eða umhverfisástæðum. Þó að kaup þessara varanlegu rekstrarfjármuna auki ekki beint efnahagslegan framtíðarávinning af einhverjum tilteknum, varanlegum rekstrarfjármunalið sem er til staðar kunna þau að vera nauðsynleg fyrir eininguna til að hún hafi efnahagslegan framtíðarávinning af öðrum eignum sínum. Slíkir varanlegir rekstrarfjármunaliðir uppfylla skilyrði fyrir eignfærslu vegna þess að þeir gera einingunni fært að hafa efnahagslegan framtíðarávinning af tengdum eignum umfram það sem hefði verið unnt að fá ef þessir liðir hefðu ekki verið keyptir. Framleiðandi kemískra efna getur t.d. sett upp nýja ferla í meðferð kemískra efna til að uppfylla umhverfiskröfur sem eru gerðar um framleiðslu og geymslu hættulegra efna og eru viðeigandi verksmiðjuendurbætur eignfærðar að því marki sem þær eru endurheimtanlegar, vegna þess að án þeirra getur einingin ekki framleitt og selt kemísk efni. Bókfært verð slíkrar eignar og tengdra eigna, sem af því leiðir, er þó endurskoðað með tilliti til virðisrýrnunartaps í samræmi við IAS-staðal 36, *virðisrýrnun eigna*.

Útgjöld sem falla til síðar

12 Samkvæmt færslureglunni í 7. lið færir eining ekki í bókfært verð varanlegs rekstrarfjármunarliðar kostnaðinn við daglegt viðhald liðarins. Þessi kostnaður er þess í stað færður í rekstrarreikning þegar stofnað er til hans. Kostnaður við daglegt viðhald er einkum kostnaður við laun og rekstrarvörur en getur innifalið kostnaðarverð íhluta. Tilgangurinn með þessum útgjöldum er oft sagður vera „viðgerðir og viðhald“ varanlega rekstrarfjármunaliðarins.

13 Hlutar sumra varanlegra rekstrarfjármunaliða geta þurft endurnýjunar við með reglulegu millibili. Til dæmis getur þurft að endurfóðra bræðsluofn eftir tiltekinn fjölda klukkustunda í notkun eða skipta um innréttingar í flugvél, s.s. sæti og eldhús, nokkrum sinnum á líftíma bolgrindarinnar. Einnig kunna varanlegir rekstrarfjármunir að vera keyptir til endurnýjunar sem þarf sjaldnar við, s.s. endurnýjunar á innveggjum byggingar eða endurnýjunar sem aðeins er gerð einu sinni. Samkvæmt færslureglunni í 7. lið færir eining í bókfært verð varanlegs rekstrarfjármunaliðar kostnaðinn við endurnýjun á hluta slíks liðar þegar stofnað er til þess kostnaðar, að uppfylltum skilyrðum fyrir færslu. Bókfært verð þeirra íhluta sem eru endurnýjaðir er afskráð í samræmi við afskráningarákvæði þessa staðals (sjá 67-72. lið).

14 Skilyrði fyrir áframhaldandi rekstri varanlegs rekstrarfjármunaliðar (t.d. flugvélar) getur verið það að meiriháttar eftirlitsúttekt fari reglulega fram með tilliti til galla, án tillits til þess hvort hlutar liðarina séu endurnýjaðir. Við hvert meiri háttar eftirlit er kostnaðarverð þess fært í bókfært verð varanlega rekstrarfjármunaliðarins sem endurnýjun, að uppfylltum skilyrðum fyrir færslu. Það sem eftir er af kostnaðarverði fyrri skoðunar (sem er aðgreint frá hinum áþreifanlega hluta) er afskráð. Þetta er gert án tillits til þess hvort kostnaðarverð fyrri skoðunar var tilgreint í viðskiptunum þegar liðurinn var keyptur eða byggður. Ef þörf krefur má nota áætlað kostnaðarverð sambærilegrar skoðunar í framtíðinni sem vísbendingu um hvað kostnaðarverð skoðunar íhlutarins var þegar liðurinn var keyptur eða byggður.

MAT VIÐ FÆRSLU

15 Varanlegur rekstrarfjármunaliður, sem uppfyllir skilyrði um eignfærslu, skal metinn á kostnaðarverði.

Kostnaðarverðsþættir

16 Til kostnaðarverðs varanlegs rekstrarfjármunaliðar telst:

a) kaupverð, þ.m.t. innflutningsgjöld og óafturkræfir skattar vegna kaupanna, að frádregnum viðskiptaafslætti og endurgreiðslum

b) kostnaður sem rekja má beint til flutnings eignarinnar á þann stað og í því ástandi sem nauðsynlegt er til að hún sé starfhæf með þeim hætti sem stjórnendur ætlast til,

c) upphaflega áætlaður kostnaður við sundurhlutun og flutning liðarins og endurbyggingar svæðisins þar sem hann er staðsettur, og skuldbinding, sem eining tekur á sig, annaðhvort þegar liðurinn er keyptur eða sem afleiðing af því að hafa notað liðinn á tilteknu tímabili til annars en að framleiða birgðir.

17 Dæmi um beinan, rekjanlegan kostnað eru:

a) útgjöld vegna starfsmannakjara (eins og þau eru skilgreind í IAS-staðli 19, *starfskjör*) sem eru bein afleiðing af byggingu eða kaupum á varanlegum rekstrarfjármunalið,

b) kostnaður við undirbúning svæðis,

c) upphaflegur afhendingar- og afgreiðslukostnaður,

d) uppsetningar- og samsetningarkostnaður,

e) kostnaður við prófun á því hvort eignin vinni eðlilega (þ.e. mat á því hvort tæknileg og efnisleg afköst eignarinnar séu þannig að hægt sé að nota hana við framleiðslu eða afhendingu á vöru eða þjónustu, til leigu til annarra, eða í þágu stjórnsýslu), og

f) sérfræðiþóknanir.

18 Eining beitir IAS-staðli 2, *birgðir*, að því er varðar kostnað vegna skuldbindinga um sundurhlutun, flutning af og endurbygging svæðisins þar sem liður er staðsettur, sem stofnað er til á tilteknu tímabili sem leiðir af því að hafa notað liðinn á tilteknu tímabili til að framleiða í birgðir. Skuldbindingar vegna kostnaðar, sem er færður í samræmi við IAS-staðal 2 eða IAS-staðal 16, eru færðar og metnar í samræmi við IAS-staðal 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*.

19 Dæmi um kostnað sem er ekki kostnaður vegna varanlegs rekstrarfjármunarliðar eru:

a) kostnaður við að opna nýja starfsstöð,

b) kostnaður við að kynna nýja vöru eða þjónustu (þ.m.t. kostnaður við auglýsingar og kynningarstarfsemi),

c) kostnaður við að stjórna rekstri á nýjum stað eða með nýjum hópi viðskiptavina (þ.m.t. kostnaður við þjálfun starfsfólks) og

d) stjórnunarkostnaður og annar almennur, óbeinn kostnaður.

20 Hætt er að færa kostnað í bókfært verð varanlegs rekstrarfjármunarliðar þegar hann er komin á þann stað og í það ástand sem nauðsynlegt er til að hann sé starfhæfur með þeim hætti sem stjórnendur ætlast til. Þess vegna er kostnaður, sem stofnað er til með notkun eða flutningi liðar, ekki talinn með í bókfærðu verði þess liðar. Til dæmis er eftirfarandi kostnaður ekki innifalinn í bókfærðu verði varanlegs rekstrarfjármunaliðar:

a) kostnaður sem stofnað er til meðan liður, sem er starfhæfur með þeim hætti sem stjórnendur ætlast til, hefur enn ekki verið tekinn í notkun eða er ekki starfræktur með fullum afköstum,

b) tap í upphafi rekstrar, t.d. tap sem verður meðan eftirspurn eftir framleiðslu liðarins eykst og

c) kostnaður vegna flutnings eða endurskipulagningar á rekstri einingar að hluta til eða í heild.

20A Liðir kunna að vera framleiddir á meðan varanlegur rekstrarfjármunaliður er fluttur á þann stað og í það ástand sem nauðsynlegt er til að hann sé starfhæfur með þeim hætti sem stjórnendur ætlast til (eins og sýnishorn sem framleidd eru við prófanir á því hvort eignin vinni eðlilega). Eining færir söluverð af sölu slíkra liða, og kostnað við slíka liði, á rekstrarreikning í samræmi við viðeigandi staðla. Einingin metur kostnaðinn við þessa liði með því að beita matskröfunum í IAS-staðli 2.

21 Sum starfsemi fer fram í tengslum við byggingu eða breytingu varanlegs rekstrarfjármunaliðar en er ekki nauðsynleg til að koma honum á þann stað og í það ástand sem er nauðsynlegt til að hann sé starfhæfur með þeim hætti sem stjórnendur ætlast til. Þessi tilfallandi starfsemi getur átt sér stað áður eða á meðan framkvæmdir við byggingu eða breytingu standa yfir. Tekna getur t.d. verið aflað með því að nota byggingarsvæði undir bifreiðastæði þar til bygging hefst. Vegna þess að ekki er þörf á þessari tilfallandi starfsemi til að koma liðnum á þann stað og í það ástand sem nauðsynlegt er til að hann sé starfhæfur með þeim hætti sem stjórnendur ætlast til, koma tekjur og kostnaður í tengslum við tilfallandi starfsemi fram í rekstrarreikningi í viðeigandi tekju- eða gjaldaflokkum.

22 Kostnaður við eigin uppbyggða eign er ákvarðaður samkvæmt sömu grundvallarreglum og fyrir eign sem er keypt. Ef eining framleiðir sambærilegar eignir til sölu í venjulegum rekstri sínum er kostnaðarverð eignarinnar venjulega sama fjárhæð og kostnaðurinn við byggingu eignar til sölu (sjá IAS-staðal 2). Þess vegna er öllum innri hagnaði eytt þegar þessi kostnaður er reiknaður. Á sama hátt er kostnaður vegna óeðlilegrar eyðslu hráefnis, vinnu eða annarra aðfanga við eigin uppbyggingu á eign ekki innifalinn í kostnaðarverði eignarinnar. Í IAS-staðli 23, *fjármagnskostnaður*, eru sett skilyrði fyrir færslu vaxta sem þáttar í bókfærðu verði á eigin uppbyggðum varanlegum rekstrarfjármunalið.

22A Plöntur til framleiðslu er bókfærðar á sama hátt og eigin uppbyggðir varanlegir rekstrarfjármunaliðir áður en þær eru komnar á þann stað og í það ástand sem nauðsynlegt er til að þær séu starfhæfar með þeim hætti sem stjórnendur ætlast til. Af þessum sökum ætti að leggja þann skilning í tilvísanir í „byggingu“ í þessum staðli að þær eigi við um starfsemi sem er nauðsynleg til ræktunar á plöntum til framleiðslu áður en þær eru komnar á þann stað og í það ástand sem nauðsynlegt er til að þær séu starfhæfar með þeim hætti sem stjórnendur ætlast til.

Kostnaðarverðsmat

23 Kostnaðarverð varanlegs rekstrarfjármunaliðar er ígildi staðgreiðsluverðs á færsludegi. Ef greiðslu er frestað umfram eðlileg lánskjör er mismunurinn á ígildi staðgreiðsluverðs og heildargreiðslu færður sem vextir á lánstímanum nema vextirnir séu eignfærðir í samræmi við IAS-staðal 23.

24 Einn eða fleiri varanlegir rekstrarfjármunaliðir kann að vera aflað í skiptum fyrir ópeningalega eign eða eignir, eða sambland peningalegra og ópeningalegra eigna. Í eftirfarandi umfjöllun er einfaldlega fjallað um skipti á einni ópeningalegri eign fyrir aðra en hún á jafnframt við um öll skipti sem lýst er í næstu málsgrein hér á undan. Kostnaðarverð þess háttar varanlegs rekstrarfjármunaliðar er metið á gangvirði nema a) skiptin eigi sér ekki viðskiptalegt inntak, b) hvorki gangvirði eignarinnar, sem tekið er við, né eignarinnar, sem látin er af hendi, er metið með áreiðanlegum hætti. Liðurinn sem er keyptur er metin með þessum hætti jafnvel þótt einingin geti ekki afskráð eignina, sem látin er af hendi, þegar í stað. Ef liðurinn sem er keyptur er ekki metin á gangvirði er kostnaðarverð hans metið á bókfærðu verði eignarinnar, sem látin er af hendi.

25 Eining ákvarðar hvort skipti séu viðskiptalegs eðlis með því að kanna umfang breytinga sem vænst er að verði á framtíðarsjóðstreymi hennar af völdum skiptanna. Skipti eru viðskiptalegs eðlis ef:

a) samskipan (þ.e. áhætta, tímasetning og fjárhæð) sjóðstreymis, sem stafar af eigninni sem tekið er við er önnur en samskipan sjóðstreymis eignarinnar sem látin er af hendi eða

b) virðið sem á sérstaklega við um þann hluta rekstrar einingarinnar, sem viðskiptin hafa áhrif á, breytist af völdum skiptanna og

c) mismunurinn á a- og b-lið er verulegur miðað við gangvirði eignanna sem skipt er á.

Við ákvörðun á því hvort skipti séu viðskiptalegs eðlis skal virðið fyrir einingunа á þeim rekstri einingarinnar, sem skiptin hafa áhrif á, endurspegla sjóðstreymi eftir skatta. Niðurstaða þessarar greiningar getur verið skýr án þess að eining þurfi að gera ítarlega útreikninga.

26 Unnt er að meta gangvirði eignar með áreiðanlegum hætti ef a) breytileiki á bilinu, þar sem er að finna skynsamlegt virðismat fyrir viðkomandi eign, er ekki þýðingarmikill eða b) unnt er að meta með skynsamlegum hætti líkindi mats á því bili og nota til að meta gangvirði. Ef eining getur metið með áreiðanlegum hætti gangvirði annaðhvort eignarinnar, sem tekið er við, eða eignarinnar, sem látin er af hendi, er gangvirði eignarinnar, sem látin er af hendi, notað til að meta kostnaðarverð eignarinnar, sem tekið er við, nema gangvirði eignarinnar, sem tekið er við, liggi skýrar fyrir.

27 [Felldur brott]

28 Bókfært verð varanlegs rekstrarfjármunaliðar getur lækkað vegna opinberra styrkja í samræmi við IAS-staðal 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð*.

MAT EFTIR FÆRSLU

29 Eining skal velja annaðhvort kostnaðarverðslíkanið í 30. lið eða endurmatslíkanið í 31. lið sem reikningsskilaaðferð og skal beita þeirri aðferð á heilan flokk varanlegra rekstrarfjármuna.

29A Sumar einingar starfrækja innri eða ytri fjárfestingarsjóð sem veitir fjárfestum ábata sem er ákvarðaður af hlutdeildarskírteinum í sjóðnum. Á svipaðan hátt gefa sumar einingar út flokka vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum og hafa undirliggjandi liði í vörslu sinni. Sumir slíkir sjóðir eða undirliggjandi liðir innihalda fasteignir sem eigendur nýta. Einingin beitir IAS-staðli 16 að því er varðar fasteignir sem eigendur nýta sem eru hluti af slíkum sjóði eða eru undirliggjandi liðir. Þrátt fyrir 29. lið getur einingin valið að meta slíkar eignir með gangvirðislíkani í samræmi við IAS-staðal 40. Að því er þetta val varðar fela vátryggingarsamningar í sér fjárfestingasamninga með valkvæðum þátttökuákvæðum. (Sjá IFRS-staðal 17, *vátryggingarsamningar*, fyrir hugtök í þessum lið sem eru skilgreind í þeim staðli).

29B Eining skal fara með fasteign sem eigandi nýtir sem metin er með gangvirðislíkani fjárfestingareigna sem beitir lið 29A sem aðskilinn flokk varanlegra rekstrarfjármuna.

Kostnaðarverðslíkan

30 Eftir að varanlegur rekstrarfjármunaliður hefur verið eignfærður skal færa hann á kostnaðarverði, að frádregnum öllum uppsöfnuðum afskriftum og öllu uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi.

Endurmatslíkan

31 Eftir að varanlegur rekstrarfjármunaliður, sem unnt er að meta gangvirðið á með áreiðanlegum hætti, hefur verið eignfærður skal færa hann við endurmetna fjárhæð, sem er gangvirði á endurmatsdeginum, að frádregnum öllum síðari, uppsöfnuðum afskriftum og öllu síðara, uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi. Endurmat skal fara fram nógu reglulega til að tryggja að bókfært verð sé ekki verulega fjarri því sem hefði verið ákvarðað með því að nota gangvirðið eins og það var miðað við lok reikningsskilatímabils.

32 [Felldur brott]

33 [Felldur brott]

34 Tíðni endurmats fer eftir breytingum á gangvirði þeirra varanlegu rekstrarfjármunaliða sem verið er að endurmeta. Þegar gangvirði endurmetinnar eignar er verulega fjarri bókfærðu verði hennar er frekara endurmat nauðsynlegt. Gangvirði sumra varanlegra rekstrarfjármunaliða tekur umtalsverðum og sveiflukenndum breytingum sem gerir nauðsynlegt að endurmeta þá árlega. Ekki er þörf á svo tíðu endurmati ef gangvirði varanlegra rekstrarfjármunaliða hefur aðeins tekið óverulegum breytingum. Þess í stað getur verið nauðsynlegt að endurmeta liðinn einungis á þriggja eða fimm ára fresti.

35 Við endurmat á varanlegum rekstrarfjármunalið er bókfært verð þeirrar eignar lagfært að endurmetnu fjárhæðinni. Á endurmatsdeginum er eignin meðhöndluð samkvæmt öðru hvoru af eftirfarandi:

a) vergt bókfært verð er lagfært þannig að það sé í samræmi við endurmat á bókfærðu verði eignarinnar. Sem dæmi er hægt að endurákvarða vergt bókfært verð með hliðsjón af mælanlegum markaðsgögnum eða hægt er að endurákvarða það í hlutfalli við breytingar á bókfærðu verði. Uppsafnaðar afskriftir á endurmatsdegi eru aðlagaðar þannig að þær samsvari mismuninum á heildarbókfærðu verði og bókfærðu verði eignarinnar þegar tekið hefur verið tillit til uppsafnaðs virðisrýrnunartaps eða

b) uppsöfnuðum afskriftum er eytt á móti vergu bókfærðu verði eignarinnar.

Fjárhæð leiðréttingarinnar, sem verður til við endurgerð eða niðurfellingu uppsafnaðra afskrifta, myndar hluta hækkunar eða lækkunar á bókfærðu verði sem er fært í samræmi við 39. og 40. lið.

36 Ef varanlegur rekstrarfjármunaliður er endurmetinn skal endurmeta allan þann flokk varanlegra rekstrarfjármuna sem sú eign tilheyrir.

37 Flokkur varanlegra rekstrarfjármuna eru eignir sem eru flokkaðar saman vegna þess að gerð þeirra og notkun í rekstri einingar er sambærileg. Eftirfarandi eru dæmi um sérstaka flokka:

a) land,

b) land og byggingar,

c) vélar,

d) skip,

e) loftför,

f) vélknúin ökutæki,

g) húsgögn og innréttingar,

h) skrifstofubúnaður og

i. plöntur til framleiðslu.

38 Liðirnir innan sama flokks varanlegra rekstrarfjármuna eru endurmetnar samtímis til að komast hjá valkvæðu endurmati eigna og framsetningu fjárhæða í reikningsskilum þar sem er blandað saman kostnaði og verðmati frá mismunandi tímum. Eignir innan eignaflokks má þó endurmeta hverja á eftir annarri að því tilskildu að endurmat eignaflokksins taki skamman tíma og að því tilskildu að endurmatinu sé haldið dagréttu.

39 Ef bókfært verð eignar er hækkað vegna endurmats skal færa hækkunina í aðra heildarafkomu og safnað saman á eigið fé undir fyrirsögninni endurmatsreikningur. Þessa hækkun endurmats skal þó færa í rekstrarreikning að því marki sem hún snýr við endurmatslækkun sömu eignar sem áður var færð í rekstrarreikning.

40 Ef bókfært verð eignar er lækkað í kjölfar endurmats skal færa lækkunina í rekstrarreikning. Þó skal færa lækkunina í aðra heildarafkomu að því marki sem kreditstaða er fyrir hendi á endurmatsreikningi vegna þeirrar eignar. Lækkunin, sem er færð í aðra heildarafkomu, lækkar uppsafnaða fjárhæð í eigið fé undir fyrirsögninni endurmatsreikningur.

41 Endurmatsreikning sem tekin er með í eigið fé að því er varðar varanlegan rekstrarfjármunalið, má yfirfæra beint á óráðstafað eigið fé þegar eignin er færð úr bókhaldi. Þetta getur falið í sér yfirfærslu á öllum endurmatsreikningnum þegar eign er úrelt eða ráðstafað. Nokkurn hluta endurmatsreiknings má þó yfirfæra eftir því sem einingin notar eignina. Í slíkum tilvikum er fjárhæð yfirfærða reikningsins mismunurinn á afskriftum, sem byggjast á endurmetnu, bókfærðu verði eignarinnar, og afskriftum sem byggjast á upphaflegu kostnaðarverði eignarinnar. Yfirfærslur af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé fara ekki í gegnum rekstrarreikninginn.

42 Áhrif skatta á tekjur, ef einhver eru, sem stafa af endurmati á varanlegum rekstrarfjármunum, eru færð og upplýsingar veittar um þau í samræmi við IAS-staðli 12, *tekjuskattar*.

Afskriftir

43 Afskrifa skal sérstaklega hvern hluta varanlegs rekstrarfjármunaliðar ef kostnaðarverð hans er verulegt í hlutfalli við heildarkostnaðarverð liðarins.

44 Eining úthlutar fjárhæðinni, sem upphaflega var færð vegna varanlegs rekstrarfjármunaliðar, á mikilvæga hluta hans og afskrifar sérstaklega hvern slíkan hluta. Það getur t.d. átt við að afskrifa sérstaklega bolgrind og hreyfla flugvélar. Eins getur verið rétt, ef eining kaupir varanlega rekstrarfjármuni sem eru í rekstrarleigu og einingin er leigusalinn, að afskrifa sérstaklega fjárhæðir sem fram koma í kostnaðarverði þess liðar sem heimfæra má á hagstæða eða óhagstæða leiguskilmála í samanburði við markaðsskilmála.

45 Verulegur hluti varanlegs rekstrarfjármunaliðar getur haft nýtingartíma og afskriftaraðferð sem eru þau sömu og nýtingartími og afskriftaraðferð annars verulegs hluta þess sama liðar. Slíka hluti má flokka saman þegar gjaldfærsla afskrifta er ákvörðuð.

46 Ef eining afskrifar sérstaklega einhverja hluta varanlegs rekstrarfjármunliðar afskrifar hún jafnframt sérstaklega það sem eftir verður af liðnum. Það sem eftir verður eru hlutar liðarins sem hver um sig er ekki verulegur. Ef eining hefur mismunandi væntingar til þessara hluta kann að vera nauðsynlegt að beita nálgunaraðferðum við afskriftir á því sem eftir verður til að fá rétta mynd af notkunarmynstri og/eða nýtingartíma hluta hennar.

47 Eining getur valið að afskrifa sérstaklega hluta varanlegs rekstrarfjármunaliðar þó að kostnaðarverð hans sé ekki verulegt í hlutfalli við heildarkostnaðarverð hans.

48 Afskriftir hvers tímabils skal færa í rekstrarreikning nema þær séu taldar með í bókfærðu verði annarrar eignar.

49 Afskriftir tímabils eru yfirleitt færðar í rekstrarreikning. Stundum fer þó efnahagslegur framtíðarávinningur af eign í að framleiða aðrar eignir. Í því tilviki eru afskriftirnar hluti af kostnaðarverði hinnar eignarinnar og eru innifaldar í bókfærðu verði hennar. Afskriftir af verksmiðju og framleiðslutækjum eru t.d. innifaldar í kostnaðinum við meðhöndlun birgða (sjá IAS-staðal 2). Eins geta afskriftir af varanlegum rekstrarfjármunum, sem er varið til þróunarstarfsemi, verið innifaldar í kostnaði við óefnislega eign sem er færð í samræmi IAS-staðal 38, *óefnislegar eignir*.

Afskrifanleg fjárhæð og afskriftatímabil

50 Afskrifanlegri fjárhæð eignar skal skipta kerfisbundið niður á nýtingartíma hennar.

51 Endurskoða skal hrakvirði og nýtingartíma eignar a.m.k. í lok hvers fjárhagsár og ef væntingar eru frábrugðnar fyrra mati skal færa breytinguna eða breytingarnar sem breytingu á reikningshaldslegu mati í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*.

52 Afskriftir eru færðar jafnvel þótt gangvirði eignarinnar sé hærra en bókfært verð hennar, svo framarlega sem hrakvirði eignarinnar sé ekki hærra en bókfært verð hennar. Viðgerðir og viðhald eignar kemur ekki í veg fyrir þörf á að afskrifa hana.

53 Afskrifanleg fjárhæð eignar er ákvörðuð eftir að hrakvirði hennar hefur verið dregið frá. Í framkvæmd er hrakvirði eignar oft óverulegt og skiptir því litlu máli í útreikningi á afskrifanlegri fjárhæð eignar.

54 Hrakvirði eignar getur hækkað upp í fjárhæð sem er jöfn bókfærðu verði eignarinnar eða hærri. Ef það gerir það eru afskriftir eignarinnar núll nema og þar til hrakvirði hennar lækkar niður í fjárhæð sem er lægri en bókfært verð eignarinnar.

55 Afskriftir eignar hefjast þegar hún er tiltæk til notkunar, þ.e. þegar hún er á staðnum og í því ástandi sem nauðsynlegt er til að hún sé starfhæf með þeim hætti sem stjórnendur ætlast til. Afskriftum eignar er hætt fyrir daginn sem eignin er flokkuð sem haldið til sölu (eða sett í aflagningarflokk sem er flokkaður sem haldið til sölu) í samræmi við IFRS-staðal 5 eða á deginum sem eignin er afskráð. Þess vegna er ekki hætt að afskrifa eignina þegar hún er ekki nýtt eða þegar hún er tekin úr virkri notkun nema eignin sé að fullu afskrifuð. Samkvæmt notkunaraðferð afskrifta geta afskriftirnar þó verið núll þegar ekki er um neina framleiðslu að ræða.

56 Eining nýtir efnahagslegan framtíðarávinning, sem felst í eign, fyrst og fremst með því að nota hana. Aðrir þættir, s.s. tæknileg eða viðskiptaleg úrelding og slit meðan eign er ekki í notkun, leiða þó oft til lækkunar á þeim efnahagslega ávinningi sem hefði getað fengist af eigninni. Af þeim sökum er tekið tillit til allra eftirfarandi þátta við ákvörðun á nýtingartíma eignar:

a) væntanlegrar notkunar eignarinnar. Notkun er metin með hliðsjón af væntanlegri afkastagetu eignarinnar eða áþreifanlegri framleiðslu,

b) væntanlegt, áþreifanlegt slit, sem fer eftir rekstrarlegum þáttum, s.s. fjölda vakta sem eignin verður notuð á og viðgerða- og viðhaldsáætlun einingarinnar, og umsjón og viðhald eignarinnar þegar hún er ekki í notkun,

c) tæknilegrar eða viðskiptalegrar úreldingar sem stafar af breytingum eða framförum í framleiðslu eða af breytingum að því er varðar eftirspurn markaðarins eftir þeirri afurð eða þjónustu sem eignin gefur af sér. Væntanlegar niðurfærslur á söluverði liðar sem framleiddur var með því að nota eign gætu verið vísbending um væntanlega tæknilega eða viðskiptalega úreldingu eignarinnar sem síðan gæti endurspeglað lækkun efnahagslegs framtíðarávinnings sem felst í eigninni.

d) lagalegra eða sambærilegra takmarkana á notkun eignarinnar, t.d. lok gildistíma tengdra leigusamninga.

57 Nýtingartími eignar er skilgreindur með tilliti til væntanlegs notagildis hennar fyrir eininguna. Eignastýringarstefna einingarinnar kann að fela í sér ráðstöfun eigna eftir tilgreindan tíma eða eftir að hún hefur notað tiltekinn hluta þess efnahagslega framtíðarávinnings sem felst í eigninni. Því getur nýtingartími eignar verið styttri en endingartími hennar. Mat á nýtingartíma eignar er matsatriði sem byggist á reynslu einingarinnar af sambærilegum eignum.

58 Land og byggingar eru eignir sem unnt er að aðgreina og eru þær færðar hvorar í sínu lagi, jafnvel þegar þær eru keyptar saman. Með nokkrum undantekningum, s.s. grjótnámur og urðunarstaðir, er nýtingartími lands yfirleitt ótakmarkaður og er það því ekki afskrifað. Nýtingartími bygginga er takmarkaður og þess vegna eru þær afskrifanlegar eignir. Hækkun á verðmæti lands, sem bygging stendur á, hefur ekki áhrif á ákvörðun á afskrifanlegri fjárhæð byggingarinnar.

59 Ef í kostnaðarverði lands felst kostnaður við sundurhlutun á svæðinu, brottflutning og enduruppbyggingu, er sá hluti kostnaðarverðs landeignarinnar afskrifaður á þeim tíma sem ávinningur er af því að stofna til kostnaðarins. Í sumum tilvikum kann nýtingartími sjálfs landsins að vera takmarkaður en þá er það afskrifað þannig að það endurspegli þann ávinning sem mun verða af því.

Afskriftaraðferð

60 Afskriftaraðferðin, sem er notuð, skal endurspegla mynstrið sem einingin væntir að verði af notkun hennar á efnahagslegum framtíðarávinningi af eigninni.

61 Endurskoða skal afskriftaraðferðina, sem er notuð á eign, a.m.k. í lok hvers fjárhagsárs og ef verulegar breytingar hafa orðið á væntanlegu notkunarmynstri efnahagslegs framtíðarávinnings, sem felst í eigninni, skal breyta aðferðinni þannig að hún endurspegli breytta mynstrið. Gera skal grein fyrir slíkri breytingu sem breytingu á reikningshaldslegu mati í samræmi við IAS-staðal 8.

62 Unnt er að nota ýmsar afskriftaraðferðir til að skipta afskrifanlegri fjárhæð eignar kerfisbundið niður á nýtingartíma hennar. Meðal þessara aðferða eru línulega aðferðin, stigminnkandi aðferðin og framleiðslueiningaaðferðin. Línulegar afskriftir leiða til fastra afskrifta á nýtingartímanum ef hrakvirði eignarinnar breytist ekki. Stigminnkandi aðferðin leiðir til lækkandi afskrifta á nýtingartímanum. Framleiðslueiningaaðferðin leiðir til afskrifta sem byggjast á væntanlegri notkun eða framleiðslu. Einingin velur þá aðferð sem helst endurspeglar væntanlegt notkunarmynstur efnahagslegs framtíðarávinnings sem felst í eigninni. Sú aðferð er notuð með samræmdum hætti frá einu tímabili til annars nema breyting verði á væntanlegu notkunarmynstri þessa efnahagslega framtíðarávinnings.

62A Afskriftaraðferð sem byggist á tekjum sem myndast af starfsemi sem felur í sér notkun eignar er ekki viðeigandi. Tekjur sem myndast af starfsemi sem felur í sér notkun eignar endurspegla yfirleitt aðra þætti en notkun hins efnahagslega ávinnings af eigninni. Til dæmis hefur annað ílag og önnur ferli, sölustarfsemi og breytingar á sölumagni og verði áhrif á tekjur. Verðbólga getur haft áhrif á verðþáttinn í tekjum sem hefur engin áhrif á það hvernig eign er notuð.

Virðisrýrnun

63 Þegar eining ákvarðar hvort virði varanlegs rekstrarfjármunaliðar hefur rýrnað beitir hún IAS-staðli 36, *virðisrýrnun eigna*. Í þeim staðli er útskýrt hvernig eining endurskoðar bókfært verð eigna sinna, hvernig hún ákvarðar endurheimtanlega fjárhæð eignar og hvenær hún færir virðisrýrnunartap eða bakfærir færslu á því.

64 [Felldur brott]

Bætur fyrir virðisrýrnun

65 Bætur frá þriðja aðila vegna varanlegra rekstrarfjármunaliða, sem hafa rýrnað í verði, tapast eða verið látnir af hendi, skal telja með í hagnaði eða tapi þegar bæturnar verða innleysanlegar.

66 Virðisrýrnun eða tap á varanlegum rekstrarfjármunaliðum, tengdar bótakröfur eða greiðslur á bótum frá þriðja aðila og kaup eða bygging eigna síðar, sem koma í stað annarra eigna, eru aðskildir, efnahagslegir atburðir og skal færa þá hvern í sínu lagi á eftirfarandi hátt:

a) virðisrýrnun varanlegra rekstrarfjármunaliða er færð í samræmi við IAS-staðal 36,

b) færsla varanlegra rekstrarfjármunaliða, sem eru teknir úr notkun eða ráðstafað, úr bókhaldi er ákvörðuð í samræmi við þennan staðal,

c) bætur frá þriðja aðila vegna varanlegra rekstrarfjármunaliða, sem hafa rýrnað í verði, tapast eða verið látnir af hendi, skal taka með við ákvörðun á hagnaði eða tapi þegar bæturnar verða innleysanlegar og

d) kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármunaliða sem eru lagfærðir, keyptir eða byggðir til endurnýjunar, er ákvarðað í samræmi við þennan staðal.

AFSKRÁNING

67 Ekki skal færa út bókfært verð varanlegs rekstrarfjármunaliðar:

a) við ráðstöfun eða

b) þegar ekki er vænst efnahagslegs framtíðarávinnings af notkun hans eða ráðstöfun.

68 Hagnaðurinn eða tapið, sem rekja má til þess að varanlegur rekstrarfjármunaliður er færður út úr bókhaldi, skal talið með í hagnaði eða tapi þegar liðurinn er færður út (nema gerð sé krafa um annað varðandi sölu og endurleigu í IFRS-staðli 16, *leigusamningar*). Hagnaður skal ekki flokkast sem reglulegar tekjur.

68A Þó skal eining, sem í reglulegri starfsemi selur með reglubundnum hætti varanlega rekstrarfjármunaliði, sem hún hefur yfir að ráða fyrir leigu til annarra, færa slíkar eignir í birgðir á bókfærðu verði þegar þær eru ekki lengur í útleigu og er haldið til sölu. Ágóði af sölu slíkra eigna skal færður sem tekjur í samræmi við IFRS-staðal 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*. IFRS-staðall 5 gildir ekki þegar fjármunir, sem haldið er til sölu í venjulegum viðskiptum, eru færðir í birgðir.

69 Ráðstöfun varanlegs rekstrarfjármunaliðar getur verið með ýmsum hætti (t.d. með sölu, með fjármögnunarleigusamningi eða með gjöf). Ráðstöfunardagur varanlegs rekstrarfjármunarliðar er sá dagur þegar viðtakandinn öðlast yfirráð yfir þeirri eign í samræmi við kröfur um ákvörðun um það hvenær árangurstengd skuldbinding er efnd samkvæmt IFRS-staðli 15. IFRS-staðall 16 gildir um ráðstöfun með sölu og endurleigu.

70 Ef, samkvæmt færslureglunni í 7. lið, eining færir í bókfært verð varanlegs rekstrarfjármunaliðar kostnaðinn við endurnýjun á hluta liðarins, þá færir hún út bókfærða verðið á endurnýjaða hlutanum án tillits til þess hvort endurnýjaði hlutinn hafi verið afskrifaður sérstaklega. Ef ekki er gerlegt fyrir einingu að ákvarða bókfært verð endurnýjaða hlutans getur hún notað endurstofnverðið sem vísbendingu um það hvert kostnaðarverð endurnýjaða hlutans hafi verið þegar hann var keyptur eða byggður.

71 Ágóði eða tap, sem leiðir af færslu varanlegs rekstrarfjármunaliðar út úr bókhaldi, skal ákvarðast sem mismunurinn á hreinu söluandvirði, ef um það er að ræða, og bókfærðu verði liðarins.

72 Fjárhæð endurgjaldsins, sem telja skal með í hagnaði eða tapi sem rekja má til afskráningar varanlegs rekstrar fjármunaliðar, er ákvörðuð í samræmi við kröfur um ákvörðun viðskiptaverðs í 47.–72. lið í IFRS-staðli 15. Síðari breytingar á áætlaðri fjárhæð endurgjaldsins, sem er talin með í hagnaði eða tapi, skal færa í samræmi við kröfur um breytingar á viðskiptaverði í IFRS-staðli 15.

UPPLÝSINGAGJÖF

73 Í reikningsskilum skal greint frá fyrir hvern flokk varanlegra rekstrarfjármuna:

a) þeim matsgrunnum sem eru notaðir til að ákvarða vergt, bókfært verð,

b) þeim afskriftaraðferðum, sem eru notaðar,

c) nýtingartíma eða afskriftahlutföllum, sem eru notuð,

d) vergu, bókfærðu verði og uppsöfnuðum afskriftum (lögðum saman við uppsöfnuð virðisrýrnunartöp) við upphaf og lok tímabilsins og

e) afstemmingu á bókfærðu verði við upphaf og lok tímabilsins sem sýnir:

(i) viðbætur,

(ii) eignir, sem eru flokkaðar sem haldið til sölu eða eru í ráðstöfunarflokki sem er flokkaður sem haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5, og aðrar ráðstafanir,

(iii) yfirtökur við sameiningu fyrirtækja,

(iv) hækkanir eða lækkanir, sem má rekja til endurmats skv. 31., 39. og 40. lið og til virðisrýrnunartaps sem er fært eða bakfært í aðra heildarafkomu í samræmi við IAS-staðal 36,

(v) virðisrýrnunartap sem fært er í rekstrarreikning í samræmi við IAS-staðal 36,

(vi) virðisrýrnunartap sem er bakfært í rekstrarreikningi í samræmi við IAS-staðal 36,

(vii) afskriftir,

(viii) hreinan gengismun, sem stafar af umreikningi á reikningsskilum úr starfrækslugjaldmiðlinum yfir í annan framsetningargjaldmiðil, þ.m.t. umreikningur á erlendum rekstri yfir í framsetningargjaldmiðil einingarinnar sem reikningsskilin taka til, og

(ix) öðrum breytingum.

74 Í reikningsskilum skal einnig veita upplýsingar um:

a) hvort um er að ræða takmarkanir á eignarrétti og veðsetningu á varanlegum rekstrarfjármunum og fjárhæð þeirra,

b) fjárhæð útgjalda sem eru færð í bókfært verð varanlegs rekstrarfjármunaliðar á meðan hann er í byggingu, og

c) fjárhæð samningsbundinna skuldbindinga vegna kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum.

74A Ef ekki er greint sérstaklega frá því í yfirliti um heildarafkomu skulu reikningsskil einnig veita upplýsingar um:

a) fjárhæð bóta frá þriðju aðilum vegna varanlegra rekstrarfjármunaliða sem hafa rýrnað í verði, tapast eða verið látnir af hendi og sem færðir eru í rekstrarreikningi, og

b) fjárhæðir söluverðs og kostnaðar sem eru innifaldar í rekstrarreikningi í samræmi við lið 20A sem tengjast framleiddum liðum sem eru ekki frálag reglulegrar starfsemi einingarinnar og þar sem sérlínur í yfirliti um heildarafkomu innihalda slíkt söluverð og kostnað.

75 Val á afskriftaraðferð og mat á nýtingartíma eignanna eru atriði sem varða mat sem er byggt á eigin dómgreind. Þegar greint er frá þeim aðferðum sem notaðar eru við mat á áætluðum nýtingartíma eða afskriftahlutföllum veitir það notendum reikningsskila því upplýsingar sem gerir þeim fært að fara yfir þær aðferðir sem stjórnendur velja og að gera samanburð við aðrar einingar. Af sams konar ástæðum er nauðsynlegt að veita upplýsingar um:

a) afskriftir, hvort sem þær eru færðar í rekstrarreikning eða færðar sem hluti kostnaðarverðs annarra eigna á tilteknu tímabili og

b) uppsafnaðar afskriftir í lok tímabilsins.

76 Samkvæmt IAS-staðli 8 skal eining greina frá eðli og áhrifum breytingar á reikningshaldslegu mati sem hefur áhrif á yfirstandandi tímabili eða vænst er að hafi áhrif á síðari tímabilum. Að því er varðar varanlega rekstrarfjármuni geta slíkar upplýsingar átt rætur að rekja til breytinga á mati vegna:

a) hrakvirðis,

b) áætlaðs kostnaðar við sundurhlutun, brottflutning eða endursmíði varanlegra rekstrarfjármunaliða,

c) nýtingartímum og

d) afskriftaraðferða.

77 Ef varanlegir rekstrarfjármunaliðir eru tilgreindir í endurmetnum fjárhæðum skal greina frá eftirfarandi, auk upplýsinganna sem gerð er krafa um í IFRS-staðli 13:

a) gildistökudegi endurmatsins,

b) hvort óháður matsmaður kom að matinu,

c) [felldur brott]

d) [felldur brott]

e) bókfærðu verði fyrir hvern endurmetinn flokk varanlegra rekstrarfjármuna sem hefði verið fært ef eignirnar hefðu verið bókfærðar samkvæmt kostnaðarverðslíkaninu og

f) endurmatsreikningi, sem sýnir breytinguna á tímabilinu, og hvers konar takmarkanir á greiðslu af honum til hluthafa.

78 Eining skal birta upplýsingar um virðisrýrnun á varanlegum rekstrarfjármunum í samræmi við IAS-staðal 36, auk upplýsinga sem gerð er krafa um skv. iv. til vi.-lið e-liðar 73. liðar.

79 Notendum reikningsskila kann einnig að þykja eftirfarandi upplýsingar skipta máli fyrir sig:

a) bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna, sem eru ekki í notkun tímabundið,

b) vergt, bókfært verð allra varanlegra rekstrarfjármuna, sem hafa verið afskrifaðir til fulls og eru enn í notkun,

c) bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna, sem hafa verið teknir úr virkri notkun og eru ekki flokkaðir til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5 og

d) þegar kostnaðarverðslíkanið er notað, gangvirði varanlegra rekstrarfjármuna þegar það er verulega frábrugðið bókfærðu verði.

Þess vegna eru einingar hvattar til að greina frá þessum fjárhæðum.

UMBREYTINGARÁKVÆÐI

80 Kröfunum í 24.–26. lið varðandi upphaflegt mat á varanlegum rekstrarfjármunlið, sem er fenginn í eignaskiptum, skal aðeins beitt framvirkt á framtíðarviðskipti.

80A Breyting var gerð á 35. lið með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) fyrir tímabilið 2010–2012*. Eining skal beita þessari breytingu við allt endurmat sem fært er á árleg tímabil sem hefjast á degi upphafsbeitingar þessarar breytingar eða eftir hann og á það árlega tímabil sem var undanfarandi. Eining getur einnig sett fram aðlagaðar samanburðarupplýsingar fyrir tímabil sem sett eru fram en ekki er gerð krafa um að hún geri það. Leggi eining fram óleiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil skal hún auðkenna óleiðréttu upplýsingarnar með skýrum hætti, tilgreina að þær hafi verið lagðar fram á öðrum grundvelli og gera grein fyrir þeim grundvelli.

80B Á reikningsskilatímabilinu þegar *Landbúnaður: plöntur til framleiðslu* (breytingar á IAS-staðli 16 og IAS-staðli 41) kemur til beitingar í fyrsta sinn þarf eining ekki að leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir yfirstandandi tímabil. Þó skal eining leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir hvert undanfarandi tímabil sem sett er fram.

80C Eining getur kosið að meta eintak plöntu til framleiðslu á gangvirði í upphafi fyrsta tímabilsins sem sett er fram í reikningsskilum fyrir reikningsskilatímabilið þegar einingin beitir í fyrsta sinn breytingunum *Landbúnaður: plöntur til framleiðslu* (breytingar á IAS-staðli 16 og IAS-staðli 41) og nota það gangvirði sem áætlað kostnaðarverð á þeim degi. Allan mismun á fyrra bókfærðu verði og gangvirði skal færa sem óráðstafað, eigið fé í upphafi fyrsta tímabilsins sem sett er fram.

80D Með *Varanlegir rekstrarfjármunir — Söluverð fyrir fyrirhugaða notkun*, sem gefið var út í maí 2020, var liðum 17 og 74 breytt og liðum 20A og 74A bætt við. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt en aðeins á varanlega rekstrarfjármunaliði sem eru fluttir á þann stað og í það ástand sem nauðsynlegt er til að þeir séu starfshæfir með þeim hætti sem stjórnendur ætlast til á eða eftir upphaf fyrsta tímabilsins sem sett er fram í reikningsskilum fyrir reikningsskilatímabilið þegar einingin beitir breytingunum í fyrsta sinn. Einingin skal færa samlegðaráhrif af upphaflegri beitingu breytingarinnar sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár (eða annars eiginfjárþáttar, eftir því sem við á) í upphafi fyrsta tímabilsins sem sett er fram.

GILDISTÖKUDAGUR

81 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Hvatt er til fyrri beitingar. Ef eining beitir þessum staðli vegna tímabils sem hefst fyrir 1. janúar 2005 skal hún greina frá því.

81A Eining skal beita breytingunum í 3. lið vegna árlegra tímabila sem hefjast 1. janúar 2006 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 6 að því er varðar fyrra tímabil taka þessar breytingar gildi fyrir það fyrra tímabil.

81B Með IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess er ákvæðum 39., 40. og 73. liðar (iv. lið e-liðar) breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

81C Með IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja* (eins og hann var endurskoðaður 2008) breyttist 44. liður. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 3 (endurskoðaður 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar einnig gildi fyrir það fyrra tímabil.

81D Ákvæðum 6. og 69. liðar var breytt og lið 68A bætt við með endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) sem gefnar voru út í maí 2008. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því og beita jafnframt tengdum breytingum á IAS-staðal 7, yfirlit um sjóðstreymi.

81E Ákvæðum 5. liðar var breytt með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* sem gefnar voru út í maí 2008. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Heimilt er að beita breytingunum fyrr en eining beitir einnig breytingunum á ákvæðum 8., 9., 22., 48., 53. lið, liðum 53A. og 53B., 54., 57. lið og lið 85B í IAS-staðli 40 á sama tíma. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

81F Í IFRS-staðli 13, sem gefinn var út í maí 2011, var skilgreiningunni á gangvirði og skilgreiningunni á endurheimtanlegri fjárhæð í 6. lið breytt, liðum 26., 35. og 77. breytt og liðir 32. og 33. felldir brott. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

81G Í *Árlegar endurbætur fyrir tímabilið 2009–2011*, gefnar út í maí 2012, var 8. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

81H Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) fyrir tímabilið 2010–2012*, sem voru gefnar út í desember 2013, var 35. lið breytt og lið 80A bætt við. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

81I Í *Nánari útlistun á samþykktum aðferðum við afskriftir* (breytingar á IAS-staðli 16 og IAS-staðli 38), sem gefin var út í maí 2014, var lið 56. breytt og liður 62A bættist við. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

81J IFRS-staðall 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, gefinn út í maí 2014, breytti liðum 68A, 69 og 72. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

81K Í *Landbúnaður: plöntur til framleiðslu* (breytingar á IAS-staðli 16 og IAS-staðli 41), útgefin í júní 2014, var liðum 3, 6 og 37 breytt og liðum 22A og 80B–80C bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8 nema að því leyti sem tilgreint er í lið 80C.

81L Í IFRS-staðli 16, sem gefinn var út í janúar 2016, voru liðir 4. og 27. felldir brott og liðum 5., 10., 44. og 68.–69. breytt. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

81M Í IFRS-staðli 17, gefinn út í maí 2017, var liðum 29A og 29B bætt við. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 17.

81N Með *Varanlegir rekstrarfjármunir — Ávinningur áður en fyrirhuguð notkun hefst*, sem gefið var út í maí 2020, var liðum 17 og 74 breytt og liðum 20A, 74A og 80D bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2022 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

AFTURKÖLLUN ANNARRA YFIRLÝSINGA

82 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*, (endurskoðaður 1998).

83 Þessi staðall kemur í stað eftirfarandi túlkana:

a) SIC-túlkun 6: *kostnaður við breytingar á hugbúnaði sem er þegar fyrir hendi*,

b) SIC-túlkun 14: *varanlegir rekstrarfjármunir — bætur vegna virðisrýrnunar eða eignatjóns* og

c) SIC-túlkun 23: *varanlegir rekstrarfjármunir — kostnaður vegna meiri háttar eftirlits eða þjónustuskoðana*.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 19 (IAS-staðall 19)

Starfskjör

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum staðli er að mæla fyrir um færslu og upplýsingar um starfskjör. Í staðlinum er gerð krafa um að eining færi:

a) skuld þegar starfsmaður hefur innt vinnuframlag af hendi í skiptum fyrir starfskjör, sem greiðast í framtíðinni, og

b) gjöld þegar eining notar efnahagslegan ávinning sem verður til vegna vinnuframlags sem starfsmaður innir af hendi í skiptum fyrir starfskjör.

GILDISSVIÐ

2 Vinnuveitandi skal beita þessum staðli við færslu allra starfskjara, að undanskildum þeim þar sem IFRS-staðli 2, *eignarhlutatengdar greiðslur* er beitt.

3 Staðallinn fjallar ekki um reikningsskil lífeyrissjóða (sjá IAS-staðal 26, reikningshald og reikningsskil eftirlaunasjóða).

4 Starfskjörin, sem þessi staðall gildir um, taka til þeirra sem veitt eru:

a) samkvæmt formlegum kerfum eða öðru formlegu fyrirkomulagi milli einingar og einstakra starfsmanna, hópa starfsmanna eða fulltrúa þeirra,

b) samkvæmt lagalegum kröfum eða samkvæmt fyrirkomulagi innan atvinnugreinar, þar sem þess er krafist að einingar greiði í almenn lífeyriskerfi, opinber lífeyriskerfi, atvinnugreinalífeyriskerfi eða önnur sameiginleg lífeyriskerfi margra launagreiðenda, eða

c) vegna óformlegra venja sem skapa ætlaða skuldbindingu. Óformlegar starfsvenjur leiða til ætlaðrar skuldbindingar þegar einingin á ekki annan raunhæfan kost en að greiða starfsmönnum lífeyri. Dæmi um ætlaða skuldbindingu er þegar breyting á óformlegum venjum einingar myndi valda óásættanlegum skaða á sambandi þess við starfsmenn.

5 Starfskjör eru m.a.:

a) skammtímastarfskjör, s.s. eftirfarandi, ef þess er vænst að þau verði gerð upp að fullu áður en tólf mánuðir eru liðnir frá lokum árlega reikningsskilatímabilsins þegar starfsmennirnir inntu af hendi tengt vinnuframlag:

i. laun og framlög til almannatrygginga,

ii. greitt orlof og greitt veikindaleyfi,

iii. hagnaðarhlutdeild og kaupaukar og

iv. óþeningaleg kjör (s.s. læknisþjónusta, húsnæði, bifreiðar og ókeypis eða niðurgreiddar vörur eða þjónusta) til núverandi starfsmanna,

b) eftirlaunakjör, svo sem eftirfarandi:

i. eftirlaun (t.d. lífeyrir og eingreiðslur við starfslok) og

ii. önnur eftirlaunakjör, s.s. líftryggingar og læknisþjónusta eftir starfslok,

c) önnur langtímastarfskjör, svo sem eftirfarandi:

i. launaðar langtímafjarvistir eins og leyfi vegna hás starfsaldurs eða rannsóknarleyfi,

ii. starfsafmæli eða önnur kjör vegna hás starfsaldurs, og

iii. langtíma örorkubætur, og

d) uppsagnarkjör.

6 Starfskjör eru m.a. kjör sem veitt eru annaðhvort starfsmönnum eða einstaklingum á framfæri þeirra eða aðstoðarþega þeirra og geta verið í formi uppgreiðslna (eða útvegun vöru eða þjónustu) sem fara ýmist beint til starfsmanna, til maka þeirra, barna eða annarra einstaklinga á framfæri þeirra eða til annarra, s.s. tryggingafélaga.

7 Starfsmaður getur starfað fyrir einingu í fullu starfi, hlutastarfi, föstu starfi, íhlaupavinnu eða tímabundnu starfi. Í þessum staðli teljast stjórnarmenn og aðrir stjórnendur til starfsmanna.

SKILGREININGAR

8 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Skilgreiningar á starfskjörum

***Starfskjör* eru þóknun í hvers konar mynd sem eining lætur í skiptum fyrir vinnuframlag sem starfsmenn inna af hendi eða vegna starfsloka.**

***Skammtímastarfskjör* eru starfskjör (önnur en uppsagnarkjör) sem vænst er að verði gerð upp að fullu innan 12 mánaða frá lokum þess árlega reikningsskilatímabils þegar starfsmenn inna vinnuframlag af hendi.**

***Eftirlaunakjör* eru starfskjör (önnur en uppsagnarkjör og skammtímastarfskjör) sem greiðast eftir að störfum lýkur.**

***Önnur langtímastarfskjör* eru öll önnur starfskjör en skammtímastarfskjör, eftirlaunakjör og uppsagnarkjör.**

***Uppsagnarkjör* eru starfskjör sem innt eru af hendi við starfslok starfsmanns, sem verða annaðhvort vegna:**

a) ákvörðunar einingar um að segja upp starfsmanni áður en venjulegum eftirlaunaaldri er náð, eða

b) ákvörðunar starfsmanns um að þiggja tilboð um kjör í skiptum fyrir starfslok.

Skilgreiningar sem varða flokkun kerfa

***Eftirlaunakerfi* er formlegt eða óformlegt fyrirkomulag sem eining fer eftir við veitingu eftirlaunakjara til eins eða fleiri starfsmanna.**

***Iðgjaldatengd kerfi* eru eftirlaunakerfi sem fela í sér að eining greiðir föst framlög í sérstaka einingu (sjóð) og hefur enga lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða framlög ef sjóðurinn á ekki nægar eignir til að greiða öll starfskjör sem tengjast vinnuframlagi starfsmanna á núverandi og fyrri tímabilum.**

***Réttindatengd kerfi* eru eftirlaunakerfi, önnur en iðgjaldatengd kerfi.**

Sameiginleg lífeyriskerfi **margra launagreiðenda eru iðgjaldatengd kerfi (önnur en opinber kerfi) eða réttindatengd kerfi (önnur en opinber kerfi) sem:**

a) safna saman eignum, sem ýmsar einingar, sem lúta ekki sameiginlegri stjórn, leggja fram, og

b) nota þessar eignir til að veita starfsmönnum fleiri en einnar einingar kjör á þeim grundvelli að iðgjaldastig og kjarastig séu ákvörðuð án tillits til þess hvaða eining hefur ráðið starfsmennina til starfa.

Skilgreiningar sem varða hreina réttindatengda skuld (eign)

Hrein réttindatengd skuld **(eign) er hallinn eða afgangurinn, leiðréttur með tilliti til áhrifa af takmörkun á hreinni réttindatengdri eign í samræmi við efri mörk eignar.**

Hallinn eða afgangurinn **er:**

a) núvirði réttindatengdrar skuldbindingar að frádregnu

b) gangvirði eigna til greiðslu lífeyris (ef einhverjar eru).

Efri mörk eignar **er núvirði efnahagslegs ávinnings sem fáanlegur er sem endurgreiðsla frá kerfinu eða lækkun á framtíðariðgjöldum til kerfisins.**

Núvirði réttindatengdrar skuldbindingar **er núvirði væntanlegra framtíðargreiðslna sem þarf til að greiða upp skuldbindinguna, sem er til orðin vegna þjónustu starfsmanns á núverandi og fyrri tímabilum, án þess að eignir til greiðslu lífeyris séu dregnar frá.**

Undir *eignir til greiðslu lífeyris* falla:

a) eignir lífeyrissjóðs með langtímastarfskjör og

b) viðurkenndir tryggingarsamningar.

Eignir lífeyrissjóðs með langtímastarfskjör **eru eignir (aðrar en óyfirfæranlegir fjármálagerningar sem einingin sem reikningsskilin taka til, gefur út):**

a) sem eru í eigu einingar (sjóðs) sem er lagalega aðskilin frá einingunni sem reikningsskilin taka til, og gegnir einungis því hlutverki að greiða eða fjármagna starfskjör, og

b) sem aðeins má nota til að greiða eða fjármagna starfskjör, sem lánardrottnar einingarinnar sem reikningsskilin taka til, hafa ekki aðgang að (jafnvel við gjaldþrot) og ekki er hægt að skila aftur til einingarinnar sem reikningsskilin taka til nema annaðhvort:

i. eftirstandandi eignir sjóðsins nægi til að standa við allar tengdar eftirlaunaskuldbindingar kerfisins eða einingarinnar sem reikningsskilin taka til, eða

ii. eignunum sé skilað til einingarinnar sem reikningsskilin taka til, til að endurgreiða því þau starfskjör sem þegar eru greidd.

Viðurkenndur tryggingarsamningur **er tryggingarskírteini ([7]) sem gefið er út af vátryggjanda sem er ekki tengdur aðili einingarinnar sem reikningsskilin taka til (eins og skilgreint er í IAS-staðli 24, upplýsingagjöf um viðskipti tengdra aðila) ef andvirði tryggingasamningsins:**

([7]) Viðurkenndur tryggingarsamningur er ekki endilega vátryggingarsamningur eins og þeir eru skilgreindir í IFRS-staðli 17, *vátryggingarsamningar*.

a) er aðeins nýtanlegt til að greiða eða fjármagna starfskjör í réttindatengdu kerfi og

b) er ekki aðgengilegt lánardrottnum einingarinnar sem reikningsskilin taka til, (jafnvel við gjaldþrot) og ekki er hægt að greiða það einingunni sem reikningsskilin taka til, nema annaðhvort:

i. andvirðið sýni umframeignir, sem ekki eru nauðsynlegar til að með tryggingasamningnum sé staðið við allar tengdar eftirlaunaskuldbindingar, eða

ii. andvirðinu sé skilað til einingarinnar sem reikningsskilin taka til, til að endurgreiða því þau starfskjör sem þegar eru greidd.

Gangvirði er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13, gangvirðismat.)

Skilgreiningar sem varða réttindatengdan kostnað

Til *kostnaðar vegna réttindaávinnslu* telst:

a) *kostnaður við réttindaávinnslu tímabils* er hækkun á núvirði réttindatengdrar skuldbindingar sem er til orðin vegna vinnuframlags starfsmanns á yfirstandandi tímabili,

b) *kostnaður vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila* er breyting á núvirði réttindatengdrar skuldbindingar vegna vinnuframlags starfsmanns á fyrra tímabili, sem er til orðin vegna breytingar á kerfi (innleiðing á eða úrsögn úr, eða breytingar á, réttindatengdu kerfi) eða réttindaskerðingar (veruleg fækkun einingar á fjölda starfsmanna sem falla undir kerfið) og

c) allur hagnaður eða tap við uppgjör.

***Hreinir vextir af hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign)* er breytingin sem á sér stað á tímabilunum á hreinni réttindatengdri skuld (eign) sem rekja má til framrásar tímans.**

Í *endurmati á hreinni réttindatengdri skuld (eign)* felst:

a) tryggingafræðilegur hagnaður og tap,

b) ávöxtun eigna til greiðslu lífeyris, að undanskildum fjárhæðum sem teljast til hreinna vaxta af hreinni réttindatengdri skuld (eign), og

c) allar breytingar á áhrifum efri marka eigna, að undanskildum fjárhæðum sem teljast til hreinna vaxta af hreinni réttindatengdra skuldbindingu (eign).

***Tryggingafræðilegur hagnaður og tap* er breyting á núvirði réttindatengdrar skuldbindingar sem kemur til af:**

a) reynsluleiðréttingum (áhrifum af mismun á fyrri tryggingafræðilegum forsendum og því sem gerðist í raun) og

b) áhrifum af breytingum á tryggingafræðilegum forsendum.

***Ávöxtun eigna til greiðslu lífeyris* eru vextir, arður og aðrar tekjur af eignum til greiðslu lífeyris, ásamt innleystum og óinnleystum hagnaði eða tapi af eignum kerfisins, að frádregnum:**

a) öllum kostnaði við að stýra eignum til greiðslu lífeyris og

b) öllum sköttum sem kerfinu sjálfu ber að greiða, að undanskildum sköttum sem teljast til tryggingafræðilegra forsenda sem beitt er til meta núvirði réttindatengdu skuldbindingarinnar.

***Uppgjör* eru viðskipti sem eyða öllum frekari lagalegum eða ætluðum skuldbindingum vegna hluta eða allra kjara sem veitt eru samkvæmt réttindatengdu kerfi, öðrum en greiðslu kjara til, eða fyrir hönd, starfsfólks sem sett er fram í skilmálum kerfisins og talið er upp í tryggingafræðilegu forsendunum.**

SKAMMTÍMASTARFSKJÖR

9 Í skammtímastarfskjörum felast liðir, svo sem eftirfarandi, ef þess er vænst að þau verði gerð upp að fullu áður en tólf mánuðir eru liðnir frá lokum árlega reikningsskilatímabilsins þegar starfsmennirnir inntu af hendi tengt vinnuframlag:

a) laun og framlög til almannatrygginga,

b) greitt orlof og greitt veikindaleyfi,

c) hagnaðarhlutdeild og kaupaukar og

d) ópeningaleg kjör (s.s. læknisþjónusta, húsnæði, bifreiðar og ókeypis eða niðurgreiddar vörur eða þjónusta) til núverandi starfsmanna.

10 Eining þarf ekki að endurflokka skammtímastarfskjör ef hún væntir þess að tímasetning uppgjörs breytist tímabundið. Ef eiginleikar kjaranna breytast (s.s. breyting úr óuppsafnanlegum kjörum yfir í uppsafnanleg kjör) eða ef breyting á væntanlegri tímasetningu uppgjörs er ekki tímabundin skal einingin þó taka til athugunar hvort kjörin uppfylli ennþá skilgreininguna á skammtímastarfskjörum.

Færsla og mat

Öll skammtímastarfskjör

11 Þegar starfsmaður hefur innt af hendi vinnuframlag fyrir einingu á reikningsskilatímabili skal einingin færa óafvaxtaða fjárhæð skammtímastarfskjara, sem vænst er að verði greidd í skiptum fyrir það vinnuframlag:

a) sem skuld (áfallin gjöld) eftir að frá hefur verið dregin sú fjárhæð sem þegar er greidd. Ef fjárhæðin, sem þegar er greidd, er hærri en óafvöxtuð fjárhæð kjaranna skal eining eignfæra þá umframfjárhæð (fyrirfram-greiddur kostnaður) að því marki sem fyrirframgreiðslan leiðir t.d. til lækkunar á framtíðargreiðslum eða til endurgreiðslu í handbæru fé.

b) sem gjöld, nema gerð sé krafa um það í öðrum alþjóðlegum reikningsskilastaðli eða það heimilað að kjörin séu meðtalin í kostnaðarverði eignar (sjá t.d. IAS-staðal 2, birgðir, og IAS-staðal 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*).

12 Í 13., 16. og 19. lið er útskýrt hvernig eining skal beita 11. lið að því er varðar skammtímastarfskjör sem eru í formi launaðra fjarvista og hagnaðarskipta- og kaupaukakerfa.

Launaðar skammtímafjarvistir

13 Eining skal færa væntanlegan kostnað vegna skammtímastarfskjara sem eru í formi launaðra fjarvista skv. 11. lið sem hér segir:

a) þegar um er að ræða uppsafnanlegar, launaðar fjarvistir þegar starfsmenn inna af hendi vinnuframlag sem eykur rétt þeirra til launaðra fjarvista í framtíðinni,

b) þegar um er að ræða óuppsafnanlegar, launaðar fjarvistir þegar fjarvistirnar eiga sér stað.

14 Eining kann að greiða starfsmönnum laun í fjarvistum af ýmsum ástæðum, þ.m.t. vegna orlofs, veikinda og tímabundinnar örorku, mæðra- og feðraorlofs, setu í kviðdómi og herþjónustu. Réttur til launaðra fjarvista er tvenns konar:

a) uppsafnanlegur, og

b) óuppsafnanlegur.

15 Uppsafnanlegar, launaðar fjarvistir eru þær sem unnt er að yfirfæra og nýta á framtíðartímabilum ef réttur á yfirstandandi tímabili er ekki nýttur að fullu. Uppsafnanlegar, launaðar fjarvistir eru annaðhvort áunnar og óskilyrtar (með öðrum orðum eiga starfsmenn rétt á greiðslu í handbæru fé vegna ónotaðra réttinda þegar þeir hætta störfum) eða óáunnar (þegar starfsmenn eiga ekki rétt á greiðslu í handbæru fé vegna ónotaðra réttinda þegar þeir hætta). Skuldbinding verður til þegar starfsmenn inna af hendi vinnuframlag sem eykur rétt þeirra á launuðum fjarvistum í framtíðinni. Skuldbindingin er til staðar og er færð jafnvel þótt launaðar fjarvistir séu óáunnar og þótt sá möguleiki, að starfsmenn hætti áður en þeir nota uppsöfnuð, óáunnin réttindi, hafi áhrif á mat á þessari skuldbindinu.

16 Eining skal meta væntanlegan kostnað vegna uppsafnaðra, launaðra fjarvista sem viðbótarfjárhæð sem einingin væntir að greiða vegna ónotaðra réttinda sem hafa safnast upp miðað við lok reikningsskilatímabils.

17 Samkvæmt þeirri aðferð, sem tilgreind er í liðnum hér að framan, er skuldbindingin metin sem sú fjárhæð viðbótar-greiðslna sem vænst er að myndist eingöngu vegna þess að vitað er að kjörin safnast upp. Í mörgum tilfellum þarf eining ekki að beita nákvæmum útreikningum til að áætla að ekki sé fyrir hendi veruleg skuldbinding vegna ónotaðra, launaðra fjarvista. Skuldbinding vegna veikindaleyfis myndi t.d. aðeins teljast veruleg ef til er formlegt eða óformlegt samkomulag um að nýta megi ónotað, launað veikindaleyfi sem launað orlof.

Dæmi til skýringar á 16. og 17. lið

Fyrirtæki hefur 100 starfsmenn og á hver þeirra rétt á launuðu veikindaleyfi fimm vinnudaga á hverju ári. Ónotað veikindaleyfi má færa yfir á næsta almanaksár. Veikindaleyfi er fyrst dregið af réttindum á yfirstandandi ári og síðan af þeim réttindum sem voru yfirfærð frá árinu á undan (samkvæmt LIFO-aðferðinni). Hinn 31. desember 20X1 er meðaltal ónotaðra réttinda tveir dagar á hvern starfsmann. Byggt á fyrri reynslu, sem gert er ráð fyrir að framhald verði á, væntir einingin þess að 92 starfsmenn noti ekki meira en fimm daga í launað veikindaleyfi á árinu 20X2 og að starfsmennirnir átta, sem eftir eru, noti að meðaltali sex og hálfan dag hver.

Einingin væntir þess að greiða tólf daga til viðbótar af launuðu veikindaleyfi vegna ónotaðra réttinda sem safnast hafa upp fram til 31. desember 20X1 (átta starfsmenn sem hver fær einn og hálfan dag). Einingin færir því skuld sem nemur tólf launuðum veikindadögum.

18 Óuppsafnanleg launuð fjarvera fyrnist ef réttindi á yfirstandandi tímabili eru ekki nýtt að fullu og veita starfsmönnum ekki rétt á greiðslu í handbæru fé vegna ónotaðra réttinda þegar þeir hætta störfum hjá einingunni. Þetta á almennt við um launuð veikindaleyfi (að því marki sem ónotuð fyrri réttindi auka ekki framtíðarréttindi), mæðra- og feðraorlof og launaðar fjarvistir vegna setu í kviðdómi eða herþjónustu. Eining færir ekki skuld eða gjöld fyrr en fjarvistin á sér stað vegna þess að sú fjárhæð, sem kjörin veita, hækkar ekki vegna þjónustu starfsmanna.

Hagnaðarskipta- og kaupaukakerfi

19 Fyrirtæki skal færa væntanlegan kostnað vegna hagnaðarskipta- og kaupaukagreiðslna skv. 11. lið þá og því aðeins:

a) að einingin hafi núverandi lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að inna af hendi slíkar greiðslur vegna fyrri atburða og

b) að unnt sé að meta skuldbindinguna á áreiðanlegan hátt.

Núverandi skuldbinding er fyrir hendi þegar og aðeins þegar einingin á ekki annan raunhæfan kost en að inna af hendi greiðslur.

20 Samkvæmt sumum hagnaðarskiptakerfum fá starfsmenn einungis hluta af hagnaði ef þeir starfa hjá einingunni í tiltekinn tíma. Slík kerfi skapa ætlaða skuldbindingu þar sem starfsmenn inna af hendi þjónustu sem hækkar fjárhæðina sem greiðist ef þeir starfa til loka tiltekins tímabils. Mat á slíkum ætluðum skuldbindingum endurspeglar þann möguleika að sumir starfsmenn hætti án þess að fá hagnaðarskiptagreiðslur.

Dæmi til skýringar á 20. lið

Í hagnaðarskiptakerfi er gerð krafa um að eining greiði starfsmönnum, sem starfa allt árið, tiltekið hlutfall af hagnaði hennar á árinu. Ef engir starfsmenn hætta á árinu eru heildarhagnaðarskiptagreiðslur fyrir árið 3% af hagnaði. Einingin áætlar að starfsmannavelta lækki greiðslurnar í 2,5% af hagnaði.

Einingin færir skuld og gjöld sem nema 2,5% af hagnaði.

21 Verið getur að eining beri ekki neina lagalega skuldbindingu til að greiða kaupauka. Engu að síður er í sumum tilvikum venja hjá einingu að greiða kaupauka. Í slíkum tilvikum ber einingin ætlaða skuldbindingu vegna þess að einingin á ekki annan raunhæfan kost en að greiða kaupaukann. Mat á ætluðu skuldbindingunni endurspeglar þann möguleika að sumir starfsmenn hætti án þess að fá kaupauka.

22 Eining getur metið lagalega eða ætlaða skuldbindingu sína á áreiðanlegan hátt samkvæmt hagnaðarskipta- eða kaupaukakerfi þá og því aðeins að:

a) formlegir skilmálar kerfisins innihaldi reiknireglu til að ákvarða fjárhæð kjaranna,

b) einingin ákvarði fjárhæðir til greiðslu áður en reikningsskilin eru heimiluð til birtingar eða

c) fyrri venjur sýni með skýrum hætti fjárhæð ætlaðrar skuldbindingar einingarinnar.

23 Skuldbinding samkvæmt hagnaðarskipta- og kaupaukakerfi verður til vegna vinnuframlags starfsmanna en ekki vegna viðskipta við eigendur einingarinnar. Þar af leiðandi færir eining kostnað vegna hagnaðarskipta- og kaupaukakerfa sem gjöld en ekki sem úthlutun hagnaðar.

24 Ef þess er ekki vænst að hagnaðarskipta- og kaupaukagreiðslur verði gerðar upp að fullu innan 12 mánaða frá lokum árlega reikningsskilatímabilsins þegar starfsmennirnir veittu hið tengda vinnuframlag teljast þær greiðslur önnur langtímastarfskjör (sjá 153.–158. lið).

Upplýsingagjöf

25 Þó að í þessum staðli sé ekki gerð krafa um sérstakar upplýsingar um skammtímastarfskjör getur verið gerð krafa um upplýsingar í öðrum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Í IAS-staðli 24 er t.d. krafist upplýsinga um starfskjör lykilstarfsmanna í stjórnunarstöðum. Í IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, er gerð krafa um upplýsingar um kostnað vegna starfskjara.

EFTIRLAUNAKJÖR: AÐGREINING Á IÐGJALDATENGDUM KERFUM OG RÉTTINDATENGDUM KERFUM

26 Eftirlaunakjör eru m.a. eftirfarandi liðir:

a) eftirlaun (t.d. lífeyrir og eingreiðslur við starfslok) og

b) önnur eftirlaunakjör, s.s. líftryggingar og læknisþjónustu eftir starfslok.

Fyrirkomulag, sem felur í sér að eining veiti kjör sem falla til eftir starfslok, er eftirlaunakerfi. Eining beitir þessum staðli gagnvart öllu slíku fyrirkomulagi hvort sem það felur í sér stofnun sérstakrar einingar til að taka á móti iðgjöldum og greiða út kjör eða ekki.

27 Eftirlaunakerfi eru flokkuð annaðhvort sem iðgjaldatengd kerfi eða réttindatengd kerfi eftir því hvert efnahagslegt inntak kerfisins er sem leiðir af meginskilmálum og skilyrðum þess.

28 Samkvæmt iðgjaldatengdum kerfum takmarkast lagaleg eða ætluð skuldbinding einingar við þá fjárhæð sem það samþykkir að leggja til kerfisins. Þannig er fjárhæð kjara sem falla til eftir starfslok, sem starfsmaður fær, ákvörðuð út frá fjárhæð iðgjalda sem eining greiðir (og jafnvel starfsmaðurinn líka) til eftirlaunakerfis eða tryggingafélags ásamt ávöxtun fjárfestinga sem verður vegna iðgjaldanna. Tryggingafræðileg áhætta (að kjör verði lægri en vænst var) og fjárfestingaráhætta (að fjárfestar eignir nægi ekki til greiðslu væntra kjara) lendir þar af leiðandi aðallega á starfsmanninum.

29 Dæmi um tilvik, þar sem skuldbinding einingar takmarkast ekki við þá fjárhæð sem það samþykkir að leggja til kerfisins, eru t.d. þegar einingin ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna:

a) reiknireglu kerfis sem er ekki aðeins tengd fjárhæð iðgjalda og krefst þess að einingin greiði frekari iðgjöld ef eignir eru ekki nægar til að uppfylla kjörin í tengslum við reiknireglu kerfisins,

b) ábyrgðar á tiltekinni ávöxtun iðgjalda, ýmist óbeint í gegnum kerfi eða beint, eða

c) óformlegra venja sem skapa ætlaða skuldbindingu. Sem dæmi verður ætluð skuldbinding til þegar venja einingar er að hækka kjör fyrrverandi starfsmanna til að halda í við verðbólgu, jafnvel þótt ekki sé fyrir hendi lagaleg skuldbinding um að það sé gert.

30 Í réttindatengdum kerfum:

a) er eining skuldbundin til að veita núverandi og fyrrverandi starfsmönnum umsamin kjör og

b) tryggingafræðileg áhætta (að kjör kosti meira en vænst var) og fjárfestingaráhætta lendir í raun á einingunni. Ef tryggingafræðileg eða fjárfestingarleg reynsla er verri en vænst var getur skuldbinding einingarinnar aukist.

31 Í 32.–49. lið er mismunurinn á iðgjaldatengdum kerfum og réttindatengdum kerfum útskýrður í tengslum við sameiginleg kerfi margra launagreiðenda, réttindatengd kerfi sem deila áhættunni milli ýmissa eininga sem lúta sameiginlegum yfirráðum, opinber kerfi og tryggð kjör.

Sameiginleg kerfi margra launagreiðenda

32 Eining skal flokka sameiginlegt kerfi margra launagreiðenda sem iðgjaldatengt kerfi eða réttindatengt kerfi samkvæmt skilmálum kerfisins (þ.m.t. allar ætlaðar skuldbindingar sem gilda umfram formlega skilmála).

33 Ef eining tekur þátt í sameiginlegu, réttindatengdu kerfi margra launagreiðenda, nema ákvæði 34. liðar gilda, skal einingin:

a) færa hlutfallslegan hlut sinn í réttindatengdu skuldbindingunni, eignir til greiðslu lífeyris og kostnað tengdan kerfinu, á sama hátt og hvert annað réttindatengt kerfi er fært og

b) birta upplýsingarnar sem krafist er í 135.–148. lið (að undanskildum d-lið 148. liðar).

34 Þegar ekki eru nægilegar upplýsingar fyrir hendi til að nota reikningsskilaaðferðir réttindatengds kerfis fyrir sameiginlegt, réttindatengt kerfi margra launagreiðenda skal eining:

a) færa kerfið í samræmi við 51. og 52. lið eins og það væri iðgjaldatengt kerfi og

b) gefa þær upplýsingar sem gerð er krafa um í 148. lið.

35 Eitt dæmi um sameiginlegt, réttindatengt kerfi margra launagreiðenda er þegar:

a) kerfi er fjármagnað með gegnumstreymiskerfi: iðgjöld eru miðuð við að þau nægi til að greiða þau kjör sem koma til greiðslu á sama tímabili og framtíðarkjör, sem ávinnast á yfirstandandi tímabili, greiðast af framtíðarframlögum, og

b) kjör starfsmanna ákvarðast af starfsaldri þeirra og hlutaðeigandi einingar eiga ekki raunhæfan kost á að draga sig út úr kerfinu nema með því að greiða iðgjöld fyrir þau kjör sem starfsmenn ávinna sér fram að dagsetningu úrsagnar. Slíkt kerfi setur einingunа í tryggingafræðilega hættu: ef endanlegur kostnaður við kjör, sem þegar hafa áunnist miðað við lok reikningsskilatímabils, er meiri en vænst var þarf einingin annaðhvort að hækka iðgjöld sín eða sannfæra starfsmenn um að sættast á skerðingu kjara. Þess vegna er slíkt kerfi réttindatengt kerfi.

36 Þegar nægilegar upplýsingar eru fyrir hendi um sameiginlegt, réttindatengt kerfi margra launagreiðenda færir eining hlut sinn í réttindatengdu skuldbindingunni, eignir til greiðslu lífeyris og kostnað sem fellur til eftir starfslok, sem tengist kerfinu, á sama hátt og hvert annað réttindatengt kerfi er fært. Hins vegar getur verið að eining geti ekki tilgreint hluta sinn í undirliggjandi fjárhagsstöðu og afkomu kerfisins á nógu áreiðanlegan hátt fyrir reikningshald. Þetta getur gerst ef:

a) kerfið hefur þau áhrif að hlutaðeigandi einingar standi berskjaldaðar fyrir tryggingafræðilegri áhættu, sem tengist núverandi og fyrrverandi starfsmönnum annarra eininga, með þeim afleiðingum að enginn stöðugur og áreiðanlegur grundvöllur er fyrir hendi til að skipta skuldbindingunni, eignum til greiðslu lífeyris og kostnaði niður á einstakar einingar sem þátt taka í kerfinu, eða

b) einingin hefur ekki aðgang að nægum upplýsingum um kerfið sem fullnægja kröfunum í þessum staðli.

Í þessum tilvikum færir eining kerfið eins og það væri réttindatengt kerfi og veitir þær upplýsingar sem gerð er krafa um skv. 148. lið

37 Samningsbundið samkomulag kann að vera til á milli sameiginlegs kerfis margra launagreiðenda og rétthafa í því sem ákvarðar hvernig tekjuafgangi kerfisins verður dreift til rétthafanna (eða hallinn fjármagnaður). Rétthafi í kerfi margra launagreiðenda með slíkt samkomulag sem færir kerfið sem iðgjaldatengt kerfi í samræmi við 34. lið skal færa í rekstrarreikning eignina eða skuldina sem verður til vegna samningsbundna samkomulagsins og tekjurnar eða gjöldin sem af því leiðir.

Dæmi til skýringar á 37. lið

Eining tekur þátt í réttindatengdu kerfi margra launagreiðenda þar sem ekki er gert virðismat á kerfinu á grundvelli IAS–staðals 19. Hún færir því kerfið eins og það væri iðgjaldatengt kerfi. Mat á fjármögnuninni, sem ekki er gert á grundvelli IAS-staðals 19, sýnir að hallinn á kerfinu nemur 100 milljónum GE ([8]). Samningur hefur verið gerður milli kerfisins og hlutaðeigandi vinnuveitenda um greiðsluáætlun fyrir framlög þeirra til kerfisins sem mun eyða hallanum á næstu fimm árum. Heildarframlög einingarinnar samkvæmt samningnum nema 8 milljónum GE.

Einingin færir framlögin sem skuld, leiðrétt með tilliti til tímavirðis peninga, og færir jafnháan kostnað í rekstrarreikning.

([8]) Í þessum staðli eru fjárhæðir tilgreindar í „gjaldmiðilseiningum“ (GE).

38 Sameiginleg lífeyriskerfi margra launagreiðenda eru ólík samrekstri kerfa. Samrekstur kerfa er aðeins samsafn kerfa einstakra launagreiðenda sem gerir hlutaðeigandi launagreiðendum kleift að samnýta eignir sínar til fjárfestinga og lækka kostnað vegna fjárfestingastýringar og rekstrarkostnað, en kröfum mismunandi launagreiðenda er haldið aðgreindum til hagsbóta fyrir þeirra eigin starfsmenn eingöngu. Samrekstur kerfa veldur engum sérstökum erfiðleikum í reikningshaldi vegna þess að upplýsingar eru mjög aðgengilegar til að meðhöndla hann á sama hátt og kerfi einstakra launagreiðenda, og vegna þess að slík kerfi hafa ekki þau áhrif að hlutaðeigandi einingar standa berskjaldar gagnvart tryggingafræðilegri áhættu sem tengist núverandi og fyrrverandi starfsmönnum annarra eininga. Samkvæmt skilgreiningunum í þessum staðli er gerð krafa um að einingar flokki samrekstur kerfa sem iðgjaldatengt kerfi eða réttindatengt kerfi í samræmi við skilmála kerfisins (þ.m.t. allar ætlaðar skuldbindingar sem gilda umfram formlega skilmála).

39 Við ákvörðun á því hvenær skal færa og hvernig skal meta, skuldbindingu í tengslum við slit sameiginlegs, réttindatengds kerfis margra launagreiðenda, eða úrsögn einingarinnar úr sameiginlegu, réttindatengdu kerfi margra launagreiðenda, skal eining beita IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*.

Réttindatengd kerfi sem deila áhættunni milli eininga sem lúta sameiginlegum yfirráðum

40 Réttindatengd kerfi, sem deila áhættu milli eininga sem lúta sameiginlegum yfirráðum, t.d. móðurfélags og dótturfélaga þess, eru ekki sameiginleg kerfi margra launagreiðenda.

41 Eining sem tekur þátt í slíku kerfi skal afla upplýsinga um kerfið í heild og skal það metið í samræmi við þennan staðal á grundvelli forsendna sem gilda um kerfið í heild. Ef fyrir hendi er samningsbundið samkomulag eða yfirlýst stefna um að gjaldfæra á einstakar einingar innan samstæðunnar hreinan, réttindatengdan kostnað, að því er varðar kerfið í heild, metið í samræmi við þennan staðal, skal einingin færa hreinan, réttindatengdan kostnað, eins og hann er gjaldfærður, í aðgreind eða eigin reikningsskil. Ef slíkur samningur eða stefna er ekki fyrir hendi skal færa hreinan, réttindatengdan kostnað í aðgreind eða eigin reikningsskil þeirrar einingar innan samstæðunnar sem lögum samkvæmt er sá vinnuveitandi sem fjármagnar kerfið. Aðrar einingar innan samstæðunnar færa kostnað, sem er jafnhár framlagi þeirra til greiðslu á tímabilinu, í aðgreind eða eigin reikningsskil.

42 Þátttaka í slíku kerfi er viðskipti tengdra aðila að því er varðar hverja einstaka einingu innan samstæðunnar. Eining skal því birta upplýsingarnar, sem krafist er í 149. lið, í aðgreindum eða eigin reikningsskilum.

Opinber kerfi

43 Eining skal færa opinbert kerfi á sama hátt og sameiginlegt kerfi margra launagreiðenda er fært (sjá 32.–39. lið).

44 Opinber kerfi eru stofnuð með lagasetningu til að ná til allra eininga (eða allra eininga í ákveðnum flokki, t.d. sérstakrar atvinnugreinar) og eru rekin af ríkis- eða sveitastjórnum eða öðrum aðilum (t.d. sjálfstæðri stofnun sem komið er á fót í þessum sérstaka tilgangi) sem eru ekki undir stjórn eða áhrifum einingarinnar sem reikningsskilin taka til. Sum kerfi, sem eining stofnar, veita bæði skyldukjör, sem koma í stað kjara, sem annars myndu falla undir opinber kerfi, og frjáls viðbótarkjör. Slík kerfi eru ekki opinber kerfi.

45 Opinber kerfi eru skilgreind sem réttindatengd eða iðgjaldatengd kerfi með hliðsjón af skuldbindingum einingarinnar samkvæmt kerfinu. Mörg opinber kerfi eru gegnumstreymiskerfi: iðgjöld miðast við að þau nægi til að greiða þau kjör sem koma til greiðslu á sama tímabili. Framtíðarkjör, sem vinnast inn á yfirstandandi tímabili, greiðast af framtíðar-iðgjöldum. Í flestum opinberum kerfum er einingin þó ekki skuldbundin til að greiða þessi framlög í framtíðinni, hvorki sem lagalega né ætlaða skuldbindingu: eina skuldbinding hennar er að greiða iðgjöldin þegar þau koma til greiðslu og ef einingin hættir að ráða starfsmenn, sem eru rétthafar í opinbera kerfinu, er hún ekki skuldbundin til þess að greiða út kjörin sem starfsmenn hennar unnu sér inn á fyrri árum. Af þessum sökum eru opinber kerfi venjulega iðgjaldatengd kerfi. Þegar opinbert kerfi er réttindatengt kerfi, beitir eining hins vegar ákvæðum 32.–39. liðar.

Tryggð kjör

46 Einingu er heimilt að greiða tryggingariðgjöld til að fjármagna eftirlaunakerfi. Einingin skal fara með slíkt lífeyriskerfi sem iðgjaldatengt kerfi nema einingin beri (ýmist beint eða óbeint í gegnum kerfið) lagalega eða ætlaða skuldbindingu til þess annaðhvort að:

a) greiða starfskjörin beint þegar þau koma til greiðslu eða

b) greiða frekari fjárhæðir ef vátryggjandi greiðir ekki út öll framtíðarstarfskjör sem tengjast vinnuframlagi starfsmanna á yfirstandandi og fyrri tímabilum.

Ef einingin heldur slíkri lögformlegri eða ætlaðri skuldbindingu skal hún meðhöndla kerfið sem réttindatengt kerfi.

47 Ekki er nauðsynlegt að kjör, sem tryggð eru með vátryggingarsamningi, séu í beinum eða sjálfvirkum tengslum við skuldbindingu einingarinnar vegna starfskjara. Eftirlaunakerfi, sem fela í sér vátryggingarsamninga, falla undir sömu aðgreiningu á reikningshaldi og fjármögnun eins og önnur fjármögnuð kerfi.

48 Þegar eining fjármagnar eftirlaunaskuldbindingu með iðgjaldi til tryggingarskírteinis sem felur í sér að einingin (annaðhvort, beint eða óbeint í gegnum kerfið, með því að fylgja ferlinu, sem ákvarðar framtíðariðgjöld, eða í gegnum tengsl við vátryggjanda) heldur áfram lagalegri eða ætlaðri skuldbindingu, jafngildir greiðsla iðgjaldanna ekki iðgjaldatengdu fyrirkomulagi. Af því leiðir að einingin:

a) færir viðurkenndan tryggingarsamning sem eign til greiðslu lífeyris (sjá 8. lið) og

b) færir aðra vátryggingarsamninga sem endurgreiðsluréttindi (ef skírteinin uppfylla skilyrðin í 116. lið).

49 Þegar vátryggingarsamningur er í nafni sérstaks þátttakanda í kerfi eða hóps þátttakenda í kerfi og einingin hefur enga lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða fyrir tap á vátryggingarsamningnum er einingin ekki skuldbundin til að greiða starfsmönnum kjör og vátryggjandi ber þá einn ábyrgð á greiðslu fyrir kjörin. Greiðsla fastra iðgjalda samkvæmt slíkum samningum er í eðli sínu uppgreiðsla starfskjaraskuldbindingar fremur en fjárfesting til að uppfylla skuldbindinguna. Af þessu leiðir að einingin á ekki lengur eign eða skuld. Þess vegna fer eining með slíkar greiðslur sem iðgjöld til iðgjaldatengds kerfis.

EFTIRLAUNAKJÖR: IÐGJALDATENGDIR EFTIRLAUNASJÓÐIR

50 Einfalt er að færa iðgjaldatengd kerfi vegna þess að skuldbinding einingarinnar sem reikningsskilin taka til, fyrir hvert tímabil ákvarðast af fjárhæðunum sem lagðar verða fram fyrir það tímabil. Af þessu leiðir að engar tryggingafræðilegar forsendur þarf til að meta skuldbindinguna eða gjöldin og enginn möguleiki er á tryggingafræðilegum hagnaði eða tapi. Skuldbindingarnar eru þar að auki metnar á óafvöxtuðum grunni nema þegar þær gjaldfalla ekki að öllu leyti innan tólf mánaða eftir lok árlega reikningsskilatímabilsins þegar starfsmennirnir veittu hið tengda vinnuframlag.

Færsla og mat

51 Þegar starfsmaður hefur innt af hendi vinnuframlag fyrir einingu á tímabili skal einingin færa iðgjöldin, sem greiðast skulu í iðgjaldatengt kerfi í skiptum fyrir það vinnuframlag:

a) sem skuld (áfallin gjöld) eftir að frá hafa verið dregin þau iðgjöld sem þegar eru greidd. Ef iðgjöldin, sem þegar hafa verið greidd, eru hærri en iðgjaldið sem greiða skal vegna vinnuframlags fyrir lok reikningsskilatímabils skal eining eignfæra umframfjárhæðina (fyrirframgreidd gjöld) að því marki sem fyrirframgreiðslan leiðir t.d. til lækkunar á framtíðargreiðslum eða til endurgreiðslu handbærs fjár,

b) sem gjöld nema gerð sé krafa um það í öðrum alþjóðlegum reikningsskilastaðli eða það heimilað að iðgjöldin séu meðtalin í kostnaðarverði eignar (sjá t.d. IAS-staðal 2 og IAS-staðal 16).

52 Ef þess er vænst að iðgjöld til iðgjaldatengds kerfis verði ekki gerð upp að fullu innan 12 mánaða eftir lok árlega reikningsskilatímabilsins þegar starfsmennirnir inna af hendi hið tengda vinnuframlag skulu þau núvirt með þeim afvöxtunarstuðli sem tilgreindur er í 83. lið

Upplýsingagjöf

53 Eining skal veita upplýsingar um þá fjárhæð sem gjaldfærð er í iðgjaldatengdum kerfum.

54 Eining gefur upplýsingar um iðgjöld í iðgjaldatengd kerfi vegna lykilstjórnenda þegar gerð er krafa um það samkvæmt IAS-staðli 24.

EFTIRLAUNAKJÖR: RÉTTINDATENGD KERFI

55 Færsla réttindatengdra kerfa er flókin vegna þess að gerð er krafa um tryggingafræðilegar forsendur til að meta skuldbindinguna og gjöldin og möguleiki er á tryggingafræðilegum hagnaði eða tapi. Skuldbindingarnar eru þar að auki metnar á afvöxtuðum grunni vegna þess að verið getur að þær verði greiddar upp mörgum árum eftir að starfsmennirnir inntu af hendi hina tengdu þjónustu.

Færsla og mat

56 Réttindatengd kerfi geta verið ófjármögnuð eða fjármögnuð að hluta til eða að öllu leyti með iðgjöldum frá einingu og stundum frá starfsmönnum hennar í einingu eða sjóð sem er lagalega aðskilinn frá einingunni sem reikningsskilin taka til og sem starfskjörin eru greidd úr. Greiðsla á fjármögnuðum kjörum, þegar þau koma til greiðslu, veltur ekki aðeins á fjárhagsstöðu og fjárfestingarárangri sjóðsins heldur líka á getu (og vilja) einingarinnar til að bæta fyrir skort í eignum sjóðsins. Einingin er því í raun að veita tryggingu gegn tryggingafræðilegri áhættu og fjárfestingaráhættu sem tengist kerfinu. Af því leiðir að gjöldin, sem eru færð í réttindatengt kerfi, eru ekki endilega fjárhæð framlagsins sem er gjaldkræft fyrir tímabilið.

57 Færsla einingar vegna réttindatengdra kerfa felur í sér eftirfarandi skref:

a) ákvörðun á afgangi eða halla. Í þessu felst:

   i. notkun tryggingafræðilegrar aðferðar, aðferðarinnar sem miðast við áunnin réttindi, til að framkvæma áreiðanlegt mat á endanlegum kostnaði einingar vegna kjara sem starfsfólk hefur áunnið sér fyrir vinnuframlag sitt á yfirstandandi og fyrri tímabilum (sjá 67.–69. lið). Í þessu felst að eining þarf að ákvarða hversu stórum hluta kjara má skipta á yfirstandandi og fyrri tímabil (sjá 70.–74. lið) og vinna mat (tryggingafræðilegar forsendur) á lýðfræðilegum breytum (s.s. starfsmannaveltu og dánartíðni) og fjárhagslegum breytum (s.s. framtíðarhækkunum á launum og lækniskostnaði) sem munu hafa áhrif á kostnað vegna kjaranna (sjá 75.–98. lið),

   ii. að kjör skulu afvöxtuð til að ákvarða núvirði réttindatengdu skuldbindingarinnar og kostnað við réttinda ávinnslu tímabilsins (sjá 67.–69. lið og 83.–86. lið),

   iii. frádráttur gangvirðis allra eigna til greiðslu lífeyris (sjá 113.–115. lið) frá núvirði réttindatengdu skuldbindingarinnar,

b) ákvörðun á fjárhæð hreinu réttindatengdu skuldbindingarinnar (eignarinnar) sem fjárhæð hallans eða afgangsins sem ákvarðaður er í a-lið, leiðrétt með tilliti til áhrifa takmörkunar á hreinu réttindatengdu skuldbindingunni vegna efri marka eignar (sjá 64. lið),

c) ákvörðun fjárhæða sem skal færa í rekstrarreikning:

   i. kostnaðar við réttindaávinnslu tímabilsins (sjá 70.–74. lið og lið 122A).

   ii. alls kostnaðar vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila og hagnaður eða tap við uppgjör (sjá 99.–112. lið),

   iii. hreinna vaxta af hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign) (sjá 123.–126. lið),

d) ákvörðun á endurmati á hreinu réttindatengdu skuldbindingunni (eigninni), sem skal færa í aðra heildarafkomu, sem samanstendur af:

i. tryggingafræðilegur hagnaður og tap (sjá 128. og 129. lið),

ii. ávöxtun eigna til greiðslu lífeyris, að undanskildum fjárhæðum sem teljast til hreinna vaxta af hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign) (sjá 130. lið) og

iii. allar breytingar á áhrifum efri marka eigna (sjá 64. lið), að undanskildum fjárhæðum sem teljast til hreinna vaxta af hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign).

Ef eining er með fleiri en eitt réttindatengt kerfi beitir hún þessum aðferðum á hvert lífeyriskerfi fyrir sig.

58 Eining skal ákvarða hreina réttindatengda skuldbindingu (eign) nægilega reglubundið til að fjárhæðirnar, sem færðar eru í reikningsskilin, séu ekki verulega frábrugðnar fjárhæðunum sem yrðu ákvarðaðar við lok reikningsskilatímabilsins.

59 Í staðlinum er hvatt til en ekki gerð krafa um að eining hafi viðurkenndan tryggingafræðing með í ráðum við mat allra verulegra eftirlaunaskuldbindinga. Af hagkvæmnisástæðum kann eining að fara þess á leit við viðurkenndan tryggingafræðing að hann vinni ítarlegt mat á skuldbindingunni fyrir lok reikningsskilatímabilsins. Niðurstöðurnar úr því mati eru engu að síður uppfærðar vegna mikilvægra viðskipta og mikilvægra breytinga á aðstæðum (þ.m.t. breytingar á markaðsvirði og vöxtum) sem kunna að verða fram að lokum reikningsskilatímabilsins.

60 Í sumum tilvikum kann mat, meðaltöl og einfaldaðar reikningsaðferðir að veita áreiðanlega nálgun á þeim ítarlegu útreikningum sem sýndir eru í þessum staðli.

Færsla ætlaðrar skuldbindingar

61 Eining skal ekki einungis færa lagalega skuldbindingu sína samkvæmt formlegum skilmálum réttindatengds kerfis, heldur einnig ætlaðar skuldbindingar sem skapast vegna óformlegra venja einingarinnar. Óformlegar starfsvenjur leiða til ætlaðrar skuldbindingar þegar einingin á ekki annan raunhæfan kost en að greiða starfsmönnum lífeyri. Dæmi um ætlaða skuldbindingu er þegar breyting á óformlegum venjum einingar myndi valda óásættanlegum skaða á sambandi þess við starfsmenn.

62 Formlegir skilmálar réttindatengds kerfis kunna að heimila einingu að segja upp skuldbindingu sem það ber samkvæmt kerfinu. Samt sem áður er oftast erfitt fyrir einingu að segja upp skuldbindingu sem það ber samkvæmt kerfinu (án greiðslu) ef halda á í starfsmenn. Við færslu eftirlaunakjara er því gert ráð fyrir að eining, sem býður slík kjör, muni halda því áfram það sem eftir er af starfsævi starfsmanna ef ekki eru fyrir hendi gögn sem sýna fram á annað.

Efnahagsreikningur

63 Eining skal færa hreina réttindatengda skuldbindingu (eign) í efnahagsreikninginn.

64 Ef eining á afgang í réttindatengdu kerfi skal það meta hreina réttindatengda eign sem það sem lægra er af:

a) afganginum í réttindatengda kerfinu og

b) efri mörkum eignar, ákvarðað með afvöxtunarstuðlinum sem tilgreindur er í 83. lið.

65 Hrein réttindatengd eign getur myndast þegar réttindatengt kerfi hefur verið offjármagnað eða þegar tryggingafræðilegur hagnaður hefur myndast. Eining færir hreina réttindatengda eign í slíkum tilvikum vegna þess að:

a) einingin hefur yfirráð yfir auðlind sem er getan til að nota afganginn til að af honum verði ávinningur í framtíðinni,

b) þau yfirráð eru afleiðing fyrri atburða (iðgjalda, sem einingin hefur greitt, og vinnuframlags sem starfsmenn hafa innt af hendi) og

c) efnahagslegur ávinningur í framtíðinni er einingunni tiltækur í formi lækkunar á framtíðariðgjöldum eða endurgreiðslu handbærs fjár, annaðhvort beint til einingarinnar eða óbeint til annars lífeyriskerfis með halla. Efri mörk eignar er núvirði þessara framtíðarkjara.

Færsla og mat: núvirði réttindatengdra skuldbindinga og kostnaður við réttindaávinnslu tímabils

66 Endanlegur kostnaður við réttindatengt kerfi getur verið háður mörgum breytum, s.s. endanlegum launum, starfsmannaveltu og dánartíðni, iðgjöldum vegna starfsmanna og leitni í þróun lækniskostnaðar. Endanlegur kostnaður við kerfið er óviss og líklegt er að þessi óvissa sé langvarandi. Til að meta núvirði eftirlaunaskuldbindinga og tengdan kostnað við réttindaávinnslu tímabilsins er nauðsynlegt:

a) að beita tryggingafræðilegri virðismatsaðferð (sjá 67.–69. lið),

b) að tengja kjör við starfstíma (sjá 70.–74. lið) og

c) að búa til tryggingafræðilegar forsendur (sjá 75.–98. lið).

Tryggingafræðileg virðismatsaðferð

67 Eining skal nota aðferðina, sem miðast við áunnin réttindi, til að ákvarða núvirði réttindatengdra skuldbindinga sinna og tengdan kostnað við réttindaávinnslu tímabilsins og, þar sem við á, kostnað vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila.

68 Samkvæmt aðferðinni, sem miðast við áunnin réttindi (stundum kölluð aðferðin sem miðast við uppsöfnuð kjör sem skiptast hlutfallslega eftir vinnuframlagi eða kjara-/starfsaldursaðferðin) verður til viðbótarkjararéttindaeining fyrir hvern starfstíma (sjá 70.–74. lið) og er sérhver eining metin sérstaklega til þess að mynda lokaskuldbindinguna (sjá 75.–98. lið).

Dæmi til skýringar á 68. lið

Eingreiðsla kjara gjaldfellur við starfslok og jafngildir 1% af endanlegum launum fyrir sérhvert starfsár. Launin eru 10.000 GE fyrsta árið og gert er ráð fyrir því að þau hækki um 7% (samanlagt) á hverju ári. Afvöxtunarstuðullinn sem er notaður er 10% á ári. Taflan hér á eftir sýnir hvernig skuldbindingin myndast vegna starfsmanns sem búist er við að hætti við lok 5. árs, að því gefnu að engar breytingar verði á tryggingafræðilegum forsendum. Til einföldunar er í þessu dæmi ekki gert ráð fyrir þeim viðbótarleiðréttingum sem þyrfti til að endurspegla líkurnar á að starfsmaðurinn hætti hjá einingunni annaðhvort fyrr eða síðar.

Ár	*1*	*2*	*3*	*4*	*5*
	GE	*GE*	*GE*	*GE*	*GE*
Kjör sem skipta má á:					
— fyrri ár	*0*	*131*	*262*	*393*	*524*
— *yfirstandandi ár (1% endanlegra launa)*	*131*	*131*	*131*	*131*	*131*
— *yfirstandandi og fyrri ár*	*131*	*262*	*393*	*524*	*655*
Upphafleg skuldbinding	—	*89*	*196*	*324*	*476*
10% vextir	—	*9*	*20*	*33*	*48*
Kostnaður við réttindaávinnslu tímabils	*89*	*98*	*108*	*119*	*131*
Lokaskuldbinding	*89*	*196*	*324*	*476*	*655*

Athugasemd:

1 Upphafleg skuldbinding er núvirði kjara sem skipta má á fyrri ár.

2 Kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins er núvirði kjaranna sem skipta má á yfirstandandi ár.

3 Lokaskuldbinding er núvirði kjaranna sem skipta má á yfirstandandi og fyrri ár.

69 Eining núvirðir eftirlaunaskuldbindinguna í heild sinni jafnvel þótt þess sé vænst að hluti skuldbindingarinnar verði gerður upp innan tólf mánaða frá lokum reikningsskilatímabilsins.

Skipting kjara á starfstímabil

70 Eining skal skipta kjörum á starfstíma samkvæmt kjarareiknireglu kerfisins þegar það ákvarðar núvirði réttindatengdra skuldbindinga sinna og tengdan kostnað við réttindaávinnslu tímabilsins og, þegar við á, kostnað vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila. Ef vinnuframlag starfsmanns á síðari árum leiðir hins vegar til verulega betri kjara en á fyrri árum skal eining skipta kjörum samkvæmt línulegri aðferð frá:

a) þeim degi þegar vinnuframlag starfsmanns leiðir fyrst til kjara samkvæmt kerfinu (hvort sem þau kjör velta á frekara vinnuframlagi eða ekki) fram að

b) þeim degi þegar frekara vinnuframlag starfsmanns leiðir ekki til verulegra viðbótarkjara samkvæmt kerfinu, annarra en frekari launahækkana.

71 Samkvæmt aðferðinni, sem miðast við áunnin réttindi, er gerð krafa um að eining skipti kjörum á yfirstandandi tímabil (til að ákvarða kostnað við réttindaávinnslu tímabilsins) og yfirstandandi og fyrri tímabil (til að ákvarða núvirði réttindatengdra skuldbindinga). Eining skiptir kjörum á tímabil þegar skuldbindingin um veitingu eftirlaunakjara verður til. Skuldbindingin verður til þegar starfsmenn inna af hendi vinnuframlag í skiptum fyrir kjör sem falla til eftir starfslok sem eining býst við að greiða á reikningsskilatímabilum. Tryggingafræðilegar aðferðir gera einingu kleift að meta skuldbindinguna á nógu áreiðanlegan hátt til að réttlæta skuldfærslu.

Dæmi til skýringar á 71. lið

1 Réttindatengt kerfi felur í sér eingreiðslu lífeyris, að upphæð 100 GE, fyrir hvert starfsár þegar eftirlaunatími hefst.

Kjörum að fjárhæð 100 GE er skipt á hvert ár. Fjárhæð kostnaðar við réttindaávinnslu tímabilsins er að núvirði 100 GE. Núvirði réttindatengdrar skuldbindingar er að núvirði 100 GE margfaldað með fjölda starfsára fram að lokum reikningsskilatímabils.

Ef kjörinn gjaldfalla um leið og starfsmaðurinn hættir hjá einingunni endurspeglar kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins og núvirði réttindatengdrar skuldbindingar þann dag sem vænst er að starfsmaðurinn hætti. Vegna áhrifa afvöxtunar eru þau því lægri en þær fjárhæðir sem ákvarðaðar yrðu ef starfslok starfsmannsins væru miðuð við lok reikningsskilatímabils.

2 Lífeyriskerfi veitir mánaðarlegan lífeyri sem nemur 0,2% af endanlegum launum fyrir sérhvert starfsár. Lífeyririnn kemur til greiðslu frá 65 ára aldri.

Kjör, sem jafngilda núvirði mánaðarlegs lífeyris á áætluðum eftirlaunadegi, sem er 0,2% af áætluðum endanlegum launum og greiðast frá væntanlegum eftirlaunadegi til væntanlegs dánardags, eru tengd sérhverju starfsári. Kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins er núvirði þeirra kjara. Núvirði réttindatengdrar skuldbindingar er núvirði mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna, sem nema 0,2% af endanlegum launum, margfaldað með fjölda starfsára fram að lokum reikningsskilatímabils. Kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins og núvirði réttindatengdrar skuldbindingar eru afvöxtuð vegna þess að lífeyrisgreiðslur hefjast við 65 ára aldur.

72 Vinnuframlag starfsmanna skapar skuldbindingu samkvæmt réttindatengdu kerfi jafnvel þótt kjörin séu háð framtíð arstarfi (með öðrum orðum þau eru skilyrt). Vinnuframlag starfsmanna fyrir þann dag sem kjörin ávinnast og verða óskilyrt skapar ætlaða skuldbindingu vegna þess að við lok sérhvers reikningsskilatímabils sem fylgir á eftir minnkar það vinnuframlag sem starfsmaður þarf að skila áður en hann öðlast rétt til kjaranna. Við mat réttindatengdrar skuldbindingar athugar eining líkurnar á hvort sumir starfsmenn uppfylli engar kröfur um óskilyrt áunnin kjör. Jafnvel þótt sum eftirlaunakjör, t.d. eftirlaunakjör sem tengjast læknisþjónustu, komi aðeins til greiðslu ef tilgreindur atburður á sér stað þegar starfsmaður gegnir ekki lengur starfi, skapast á svipaðan hátt skuldbinding þegar starfsmaður skilar vinnuframlagi sem veitir honum réttindi til kjaranna ef tilgreindur atburður á sér stað. Líkurnar á því að tilgreindur atburður muni eiga sér stað hefur áhrif á mat skuldbindingarinnar en ákvarða ekki hvort skuldbindingin er fyrir hendi.

Dæmi til skýringar á 72. lið

1 Kerfi greiðir kjör að upphæð 100 GE fyrir hvert starfsár. Kjörin ávinnast og verða óskilyrt eftir tíu starfsár.

Kjörum að fjárhæð 100 GE er skipt á hvert ár. Á hverju af tíu fyrstu árunum endurspeglar kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins og núvirði skuldbindingarinnar líkurnar á að starfsmaðurinn ljúki ekki tíu starfsárum.

2 Kerfi greiðir lífeyri að fjárhæð 100 GE fyrir hvert starfsár að undanskildu vinnuframlagi fyrir 25 ára aldur. Kjörin ávinnast og verða óskilyrt strax.

Engum kjörum er skipt á vinnuframlag fyrir 25 ára aldur vegna þess að þjónusta fyrir þann tíma leiðir ekki til kjara (skilyrtra eða óskilyrtra). Kjörum að fjárhæð 100 GE er skipt á hvert ár þar á eftir.

73 Skuldbindingin eykst til þess dags er frekara vinnuframlag starfsmanns leiðir ekki til verulegra viðbótarkjara. Öllum kjörum er því skipt á tímabil sem lýkur þann dag eða fyrr. Kjörum er skipt á einstök reikningsskilatímabil samkvæmt kjarareiknireglu kerfisins. Ef vinnuframlag starfsmanns á síðari árum leiðir hins vegar til verulega betri kjara en á fyrri árum skal eining skipta kjörum samkvæmt línulegri aðferð til þess dags er frekara vinnuframlag starfsmannsins leiðir ekki til verulegra viðbótarkjara. Þetta er vegna þess að vinnuframlag starfsmannsins á öllu tímabilinu leiðir að lokum til þess að kjör hans verða samkvæmt hærra kjarastigi.

Dæmi til skýringar á 73. lið

1 Kerfi felur í sér eingreiðslu kjara að fjárhæð 1.000 GE sem ávinnast og verða óskilyrt eftir tíu starfsár. Kerfið veitir ekki frekari kjör fyrir vinnuframlag eftir það.

Kjörum að fjárhæð 100 GE (1.000 GE deilt með tíu) er skipt á hvert tíu fyrstu áranna.

Kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins á hverju tíu fyrstu áranna endurspeglar líkurnar á að starfsmaðurinn ljúki ekki tíu starfsárum. Engum kjörum er skipt á árin þar á eftir.

2 Kerfi felur í sér eingreiðslu kjara að fjárhæð 2.000 GE til allra starfsmanna sem enn eru við störf við 55 ára aldur og hafa starfað í tuttugu ár eða til þeirra sem við 65 ára aldur eru enn við störf óháð því hversu lengi þeir hafa starfað.

Fyrir starfsmenn sem hefja störf fyrir 35 ára aldur leiðir starfstími fyrst til kjara samkvæmt kerfinu við 35 ára aldur (starfsmaður getur hætt 30 ára og snúið aftur 33 ára án þess að það hefði áhrif á fjárhæð eða tímasetningu kjara). Þau kjör eru háð frekara vinnuframlagi. Auk þess leiðir vinnuframlag eftir 55 ára aldur ekki til verulegra viðbótarkjara. Fyrir þessa starfsmenn skiptir einingin kjörum að fjárhæð 100 GE (2.000 deilt með tuttugu) á hvert ár frá 35 til 55 ára aldurs.

Fyrir starfsmenn sem hefja störf milli 35 og 45 ára aldurs leiðir starfstími umfram tuttugu ár ekki til verulegra viðbótarkjara. Fyrir þessa starfsmenn skiptir einingin kjörum að fjárhæð 100 GE (2.000 deilt með tuttugu) á hvert tuttugu fyrstu áranna.

Fyrir starfsmann sem hefur störf við 55 ára aldur leiðir vinnuframlag umfram tíu ár ekki til verulegra viðbótarkjara. Fyrir þennan starfsmann skiptir einingin kjörum að fjárhæð 200 GE (2.000 deilt með tíu) á hvert tíu fyrstu áranna.

Fyrir alla starfsmenn endurspeglar kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins og núvirði skuldbindingarinnar líkurnar á að starfsmaðurinn ljúki ekki nauðsynlegum starfstíma.

3 Eftirlaunasjúkrakerfi endurgreiðir 40% af lækniskostnaði starfsmanns eftir starfslok ef starfsmaðurinn hættir eftir meira en tíu, en innan við tuttugu starfsár og 50% af þeim kostnaði ef starfsmaðurinn hættir eftir tuttugu starfsár eða meira.

Samkvæmt kjarareiknireglu kerfisins skiptir eining 4% af núvirði væntanlegs lækniskostnaðar (40% deilt með tíu) á hvert af fyrstu tíu árunum og 1% (10% deilt með tíu) á hvert ár af seinni tíu árunum. Kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins á hverju ári endurspeglar líkurnar á að starfsmaðurinn ljúki ekki nauðsynlegum starfstíma til að ávinna sér hluta kjaranna eða þau öll. Engum kjörum er skipt niður fyrir starfsmenn sem gert er ráð fyrir að hætti innan tíu ára.

4 Eftirlaunasjúkrakerfi endurgreiðir 10% af lækniskostnaði starfsmanns eftir starfslok ef starfsmaðurinn hættir eftir meira en tíu, en innan við tuttugu starfsár og 50% af þeim kostnaði ef starfsmaðurinn hættir eftir tuttugu starfsár eða meira.

Vinnuframlag á síðari árum leiðir til verulega betri kjara en á fyrri árum. Fyrir starfsmenn sem gert er ráð fyrir að hætti eftir tuttugu ár eða meira skiptir einingin því kjörum samkvæmt línulegri aðferð skv. 71. lið. Vinnuframlag umfram tuttugu ár leiðir ekki til verulegra viðbótarkjara. Kjörin, sem er skipt á hvert ár af fyrstu tuttugu árunum, eru því 2,5% af núvirði væntanlegs lækniskostnaðar (50% deilt með tuttugu).

Fyrir starfsmenn sem gert er ráð fyrir að hætti eftir tíu til tuttugu ár eru kjörin sem er skipt á sérhvert af fyrstu tíu árunum, 1% af núvirði væntanlegs lækniskostnaðar.

Fyrir þessa starfsmenn er engum kjörum skipt á vinnuframlag frá lokum tíunda ársins og til dagsins sem áætlað er að þeir hætti.

Engum kjörum er skipt niður fyrir starfsmenn sem gert er ráð fyrir að hætti innan tíu ára.

74 Þegar fjárhæð kjaranna er fast hlutfall af endanlegum launum fyrir sérhvert starfsár munu framtíðarlaunahækkanir hafa áhrif á þá fjárhæð sem þarf til að gera upp skuldbindinguna sem til staðar er fyrir vinnuframlag fyrir lok reikningsskilatímabils, en skapa ekki frekari skuldbindingu. Þar af leiðandi gildir eftirfarandi:

a) leiða launahækkanir ekki til frekari kjara í b-lið 70. liðar, jafnvel þótt fjárhæð kjaranna ráðist af launum við starfslok, og

b) er fjárhæð kjaranna sem skipt er á sérhvert tímabil fast hlutfall af launum sem kjörin tengjast.

Dæmi til skýringar á 74. lið

Starfsmenn eiga rétt á að kjör séu 3% af starfslokalaunum fyrir hvert starfsár fyrir 55 ára aldur.

Kjörum, sem nema 3% af áætluðum endanlegum launum, er skipt á sérhvert ár fram að 55 ára aldri. Eftir það mun frekara vinnuframlag starfsmanns ekki skapa veruleg viðbótarkjör samkvæmt kerfinu. Engum kjörum er skipt á vinnuframlag eftir þann aldur.

Tryggingafræðilegar forsendur

75 Tryggingafræðilegar forsendur skulu vera óhlutdrægar og innbyrðis samræmanlegar.

76 Tryggingafræðilegar forsendur eru besta mat einingar á þeim breytum sem ákvarða endanlegan kostnað við að veita eftirlaunakjör. Tryggingafræðilegar forsendur samanstanda af:

a) lýðfræðilegum forsendum um framtíðarstöðu núverandi og fyrrverandi starfsmanna (og einstaklinga á framfæri þeirra) sem rétt eiga á kjörum. Lýðfræðilegar forsendur fjalla um atriði eins og:

   i. dánartíðni (sjá 81. og 82. lið),

   ii. starfsmannaveltu, örorku og snemmtekin eftirlaun,

   iii. hlutfall rétthafa í kerfinu, sem eru með einstaklinga á framfæri, sem munu eiga rétt á kjörum,

   iv. hlutfall rétthafa í kerfinu sem munu velja hvern greiðslumöguleika sem aðgengilegur er samkvæmt skilmálum kerfisins, og

   v. hlutfall krafna í sjúkrakerfum.

b) fjárhagslegum forsendum sem fjalla um liði eins og:

   i. afvöxtunarstuðulinn (sjá 83. til 86. lið),

   ii. kjarastig, að undanskildum öllum kostnaði sem starfsmenn bera vegna kjaranna, og framtíðarlaun (sjá 87. til 95. lið),

   iii. framtíðarlækniskostnað, þegar um er að ræða kjör tengd læknisþjónustu, þ.m.t. kostnaður við meðhöndlun krafna (þ.e. kostnaður sem fellur til við vinnslu og úrvinnslu krafna, þ.m.t. lögfræði- og matskostnaður) (sjá 96. til 98. lið), og

   iv. skattar sem kerfinu ber að greiða af iðgjöldum í tengslum við vinnuframlag fyrir reikningsskiladag eða af kjörum sem leiða af því vinnuframlagi.

77 Tryggingafræðilegar forsendur eru óhlutdrægar ef þær eru hvorki óhyggilegar né óþarflega varfærnar.

78 Tryggingafræðilegar forsendur eru innbyrðis samrýmanlegar ef þær endurspegla efnahagslegt samband milli þátta eins og verðbólgu, hlutfalls launahækkana og afvöxtunarstuðla. Allar forsendur sem t.d. velta á ákveðnu verðbólgustigi (eins og forsendur vaxta og launa- og kjarahækkana) á ákveðnu framtíðartímabili gera ráð fyrir sama verðbólgustigi á því tímabili.

79 Eining ákvarðar afvöxtunarstuðul og aðrar fjárhagslegar forsendur á nafnvirði (skráðum skilmálum) nema verðmat, sem er miðað við raunvirði (leiðrétt miðað við verðbólgu), sé áreiðanlegra, til dæmis í hagkerfi þar sem óðaverðbólga ríkir (sjá IAS-staðal 29, reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir), eða þar sem kjörin eru vísitölutengd og virkur markaður er fyrir vísitölutengd skuldabréf í sama gjaldmiðli og með sama gildistíma.

80 Fjárhagslegar forsendur skulu byggðar á markaðsvæntingum við lok reikningsskilatímabils fyrir það tímabil sem skuldbindingar skulu gerðar upp á.

Tryggingafræðilegar forsendur: dánartíðni

81 Eining skal ákvarða forsendur sínar um dánartíðni með tilvísun í besta mat sitt á dánartíðni rétthafa í kerfinu, bæði á starfstímabili og eftir starfslok.

82 Til að leggja mat á endanlegan kostnað vegna kjaranna skal eining taka tillit til væntra breytinga á dánartíðni, t.d. með því að breyta hefðbundnum dánartíðnitöflum með mati á batnandi dánartíðni.

Tryggingafræðilegar forsendur: afvöxtunarstuðull

83 Hlutfallið sem er notað til að afvaxta eftirlaunaskuldbindingar (bæði fjármagnaðar og ófjármagnaðar) skal ákvarðað með hliðsjón af markaðsávöxtun á tryggum skuldabréfum fyrirtækja við lok reikningsskilatímabils. Að því er varðar gjaldmiðla þar sem ekki er virkur markaður með slík trygg skuldabréf fyrirtækja skal nota markaðsávöxtun á ríkisskuldabréfum (við lok reikningsskilatímabils) í viðkomandi gjaldmiðli. Gjaldmiðill og gildistími fyrirtækjaskuldabréfanna eða ríkisskuldabréfanna skal vera í samræmi við gjaldmiðil og áætlaðan gildistíma eftirlaunaskuldbindinganna.

84 Ein tryggingafræðileg forsenda sem hefur veruleg áhrif er afvöxtunarstuðullinn. Afvöxtunarstuðullinn endurspeglar tímavirði peninga en ekki tryggingafræðilega áhættu eða fjárfestingaráhættu. Enn fremur endurspeglar afvöxtunarstuðullinn ekki þá sértæku útlánaáhættu einingarinnar sem hvílir á lánardrottnum hennar og hann endurspeglar ekki heldur þá áhættu sem felst í því að reynsla í framtíðinni verði önnur en tryggingafræðilegar forsendur.

85 Afvöxtunarstuðullinn endurspeglar áætlaða tímasetningu kjaragreiðslna. Eining nær þessu oft í reynd með því að beita einum vegnum meðaltalsafvöxtunarstuðli sem endurspeglar áætlaða tímasetningu og fjárhæð kjaragreiðslna og þann gjaldmiðil sem kjörin verða greidd út í.

86 Í sumum tilvikum getur verið að ekki sé neinn virkur markaður með skuldabréf með nógu langan líftíma til að samræmast áætluðum gjalddögum allra kjaragreiðslnanna. Í slíkum tilvikum notar eining núgildandi markaðsvexti viðeigandi tímabils til að afvaxta skammtímagreiðslur og metur afvöxtunarstuðulinn fyrir lengri líftíma með því að framreikna núgildandi markaðsvexti miðað við ávöxtunarkúrfuna. Ólíklegt er að heildarnúvirði réttindatengdrar skuldbindingar sé sérstaklega viðkvæmt fyrir afvöxtunarstuðlinum sem beitt er á þann hluta kjaranna sem gjaldfellur eftir lokagjalddaga fáanlegra fyrirtækja- og ríkisskuldabréfa.

Tryggingafræðilegar forsendur: laun, kjör og lækniskostnaður

87 Eining skal leggja mat á réttindatengdar skuldbindingar sínar á grunni sem endurspeglar:

a) kjörin sem sett eru fram í skilmálum kerfisins (eða sem skapast vegna allra ætlaðra skuldbindinga sem gilda umfram þá skilmála) við lok reikningsskilatímabils,

b) allar áætlaðar framtíðarlaunahækkanir sem hafa áhrif á kjörin sem ber að greiða,

c) áhrif hvers konar takmörkunar á hluta vinnuveitanda á kostnaði við framtíðarkjör,

d) iðgjöld frá starfsmönnum eða þriðju aðilum sem lækka endanlegan kostnað einingarinnar vegna þeirra kjara, og

e) áætlaðar framtíðarbreytingar á opinberu kjarastigi sem hafa áhrif á kjör sem greiðast samkvæmt réttindatengdu kerfi, því og þá aðeins að:

i. þessar breytingar hafi öðlast gildi fyrir lok reikningsskilatímabils, eða

ii. söguleg gögn eða önnur áreiðanleg gögn gefi til kynna að opinberu kjörin muni breytast á fyrirsjáanlegan hátt, t.d. í samræmi við framtíðarbreytingar á almennu verðlagi eða launastigi.

88 Tryggingafræðilegar forsendur endurspegla framtíðarbreytingar á kjörum sem sett eru fram í skilmálum kerfisins (eða ætlaðri skuldbindingu sem gildir umfram þá skilmála) við lok reikningsskilatímabils. Þetta á t.d. við þegar:

a) eining er vön að hækka kjör, t.d. til að draga úr verðbólguáhrifum, og ekkert bendir til að þessi venja muni breytast í framtíðinni eða

b) eining er skuldbundin annaðhvort samkvæmt formlegum skilmálum kerfis (eða ætlaðrar skuldbindingar sem gildir umfram þá skilmála) eða samkvæmt lögum, að nota afgang úr kerfinu rétthöfum í kerfinu í hag (sjá c-lið 108. liðar), eða

c) kjörin eru mismunandi eftir frammistöðumarkmiði eða öðrum viðmiðunum. Sem dæmi geta skilmálar kerfis sagt til um að kerfið muni lækka greidd kjör eða að þörf sé á viðbótariðgjöldum frá starfsmönnum ef eignir kerfisins eru ekki nægar. Matið á skuldbindingunni endurspeglar besta mat á áhrifum frammistöðumarkmiðsins eða annarra viðmiðana.

89 Tryggingafræðilegar forsendur endurspegla ekki framtíðarkjarabreytingar sem ekki eru settar fram í formlegum skilmálum kerfisins (eða ætlaðri skuldbindingu) við lok reikningsskilatímabils. Slíkar breytingar leiða til:

a) kostnaðar vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila, að því marki sem þær breyta kjörum fyrra vinnuframlags og

b) kostnaðar vegna réttindaávinnslu á tímabilum eftir breytinguna, að því marki sem þær breyta kjörum fyrra vinnuframlags.

90 Mat á framtíðarlaunahækkunum tekur tillit til verðbólgu, hærri starfsaldurs, stöðuhækkana og annarra mikilvægra þátta, s.s. framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaði.

91 Sum réttindatengd kerfi takmarka iðgjöldin sem krafist er að einingin greiði. Endanlegur kostnaður vegna kjaranna er að teknu tilliti til takmörkunar iðgjalda. Áhrif takmörkunar iðgjalda eru ákvörðuð sem hið skemmra af:

a) áætluðum líftíma einingarinnar, og

b) áætluðum líftíma kerfisins.

92 Sum réttindatengd kerfi gera kröfu um framlög af hálfu starfsmanna eða þriðju aðila til að taka þátt í kostnaði vegna kerfisins. Iðgjöld starfsmanna lækka kostnað einingarinnar vegna framlaganna. Eining skal taka til athugunar hvort iðgjöld þriðju aðila lækki kostnað einingarinnar vegna framlaganna eða hvort þau séu endurgreiðsluréttindi eins og lýst er í 116. lið. Framlög af hálfu starfsmanna eða þriðju aðila eru annaðhvort sett fram í formlegum skilmálum kerfisins (eða leiða af ætlaðri skuldbindingu sem gildir umfram þá skilmála) eða eru að eigin ákvörðun. Framlög starfsmanna eða þriðju aðila, sem eru að eigin ákvörðun, lækka kostnað vegna áunninna réttinda við greiðslu þessara framlaga til kerfisins.

93 Framlög frá starfsmönnum eða þriðju aðilum, sem sett eru fram í formlegum skilmálum kerfisins, lækka annaðhvort kostnað vegna áunninna réttinda (ef þau tengjast vinnuframlagi) eða hafa áhrif á endurmat á hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign) (ef þau tengjast ekki vinnuframlagi). Dæmi um iðgjöld sem ekki tengjast vinnuframlagi er þegar (gerð er krafa um að framlög dragi úr tapi sem myndast vegna taps af eignum til greiðslu lífeyris eða vegna tryggingafræðilegs taps). Ef framlög frá starfsmönnum eða þriðju aðilum tengjast vinnuframlagi lækka umrædd framlög kostnað vegna áunninna réttinda sem hér segir:

a) ef fjárhæð framlaganna er háð fjölda starfsára skal eining jafna framlögunum niður á fjölda ára til starfsaldurs með sömu skiptingaraðferð og gerð er krafa um í 70. lið vegna vergra greiðslna (þ.e. annað hvort með því að nota reiknilíkan kerfisins fyrir framlög eða línulega) eða

b) ef fjárhæð framlaga er óháð fjölda ára til starfsaldurs er einingunni heimilt að færa umrædd framlög sem lækkun á kostnaði vegna réttindaávinnslu á tímabilinu sem viðkomandi vinnuframlag er veitt. Meðal dæma um framlög sem eru óháð fjölda ára til starfsaldurs er þegar um er að ræða fast hlutfall af launum starfsmanns, fasta fjárhæð allt vinnuframlagstímabilið eða fjárhæðin ræðst af aldri starfsmannsins.

Ákvæði liðar A1 veita leiðbeiningar um viðeigandi beitingu.

94 Að því er varðar framlög frá starfsmönnum eða þriðju aðilum, sem er jafnað niður á vinnuframlagstímabil í samræmi við a-lið 93. liðar, valda breytingar á framlögum eftirfarandi:

a) kostnaði vegna réttindaávinnslu yfirstandandi og fyrri tímabils og fyrri tímabila (ef þessar breytingar eru ekki settar fram í formlegum skilmálum kerfis og eru ekki afleiðing af ætlaðri skuldbindingu), eða

b) tryggingafræðilegum hagnaði og tapi (ef þessar breytingar eru settar fram í formlegum skilmálum kerfis, eða eru afleiðing af ætlaðri skuldbindingu).

95 Sum kjör sem falla til eftir starfslok tengjast breytum eins og stigi opinberra eftirlaunakjara eða læknisþjónustu ríkisins. Mat slíkra kjara endurspeglar besta mat á slíkum breytum, byggt á sögulegum gögnum og öðrum áreiðanlegum gögnum.

96 Í forsendum varðandi lækniskostnað skal taka tillit til áætlaðra framtíðarbreytinga á kostnaði vegna læknisþjónustu sem stafa bæði af verðbólgu og sérstökum breytingum á lækniskostnaði.

97 Mat kjara, sem falla til eftir starfslok, tengdum læknisþjónustu krefst forsendna um stig og tíðni framtíðarkrafna og kostnaðarins við að uppfylla þær kröfur. Eining metur framtíðarlækniskostnað á grundvelli sögulegra gagna um eigin reynslu einingarinnar að viðbættum sögulegum gögnum frá öðrum einingum, tryggingafélögum, aðilum sem veita læknisþjónustu eða öðrum aðilum, ef það er nauðsynlegt. Í mati á framtíðarlækniskostnaði er tekið tillit til áhrifa tækniþróunar, breytinga á nýtingu heilsugæsluþjónustu eða veitingu hennar og breytinga á heilsufari rétthafa í kerfinu.

98 Stig og tíðni krafna er einkum háð aldri, heilbrigðisástandi og kyni starfsmanna (og einstaklinga á framfæri þeirra) og getur einnig verið háð öðrum þáttum eins og landfræðilegri staðsetningu. Söguleg gögn eru því lagfærð að því marki sem lýðfræðileg samsetning þýðisins er ólík samsetningu þess þýðis sem er notað sem grunnur gagnanna. Þau eru einnig leiðrétt þegar áreiðanleg gögn eru til um að ekki verði áframhald á þessari sögulegu þróun.

Kostnaður vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila og hagnaður og tap við uppgjör

99 Þegar kostnaður vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila, eða hagnaður eða tap við uppgjör, er ákvarðaður skal eining endurmeta hreina réttindatengda skuldbindingu (eign) með gangvirði eigna til greiðslu lífeyris og gildandi tryggingafræðilegum forsendum (þ.m.t. gildandi markaðsvextir og önnur markaðsverð) sem endurspegla:

a) kjörin sem standa til boða samkvæmt kerfinu og eignum til greiðslu lífeyris fyrir kerfisbreytingu, réttindaskerðingu eða uppgjör og

b) kjörin sem standa til boða samkvæmt kerfinu og eignum til greiðslu lífeyris eftir kerfisbreytingu, rétt indaskerðingu eða uppgjör.

100 Eining þarf ekki að skilja á milli kostnaður við réttindaávinnslu fyrra tímabils sem er til orðinn vegna kerfisbreytingar, kostnaðar vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila sem er til orðinn vegna réttindaskerðingar og hagnaðar eða taps við uppgjör ef þau viðskipti eiga sér stað í sameiningu. Í sumum tilvikum á kerfisbreyting sér stað fyrir uppgjör, s.s. ef eining breytir kjörunum samkvæmt kerfinu og gerir breyttu kjörin upp síðar. Í slíkum tilvikum færir eining kostnað vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila áður en hún færir hagnað eða tap við uppgjör.

101 Uppgjör á sér stað ásamt breytingu á kerfinu og réttindaskerðingu ef kerfi er aflagt þannig að skuldbindingin er gerð upp og kerfið hættir að vera til. Aflögn kerfis er ekki uppgjör ef í stað kerfisins kemur nýtt kerfi sem veitir kjör sem eru í eðli sínu þau sömu.

101A Þegar kerfisbreyting, réttindaskerðing eða uppgjör á sér stað skal eining færa og meta allan kostnað vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila, eða hagnað eða tap við uppgjör, í samræmi við 99.–101. lið og 102.–112. lið. Í því sambandi skal eining ekki taka tillit til áhrifa efri marka eigna. Eining skal síðan ákvarða áhrif efri marka eigna eftir kerfisbreytinguna, réttindaskerðinguna eða uppgjörið og skal færa allar breytingar á þeim áhrifum í samræmi við d-lið 57. liðar.

Kostnaður við réttindaávinnslu fyrri tímabila

102 Kostnaður við réttindaávinnslu fyrra tímabils er hækkun á núvirði réttindatengdrar skuldbindingar sem er til orðin vegna kerfisbreytingar eða réttindaskerðingar.

103 Eining skal gjaldfæra kostnað vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila á þeirri dagsetningu sem ber fyrst upp af eftirfarandi:

a) þegar breyting á kerfinu eða réttindaskerðing á sér stað og

b) þegar eining færir tengdan kostnað vegna endurskipulagningar (sjá IAS-staðal 37) eða uppsagnarkjör (sjá 165. lið).

104 Breyting á kerfi verður þegar eining innleiðir réttindatengt kerfi, segir sig úr því, eða breytir kjörunum sem gerast upp samkvæmt réttindatengdu kerfi sem fyrir er.

105 Réttindaskerðing á sér stað ef eining dregur verulega úr fjölda starfsmanna sem falla undir kerfi. Réttindaskerðing getur orðið vegna einstakra atvika eins og lokunar verksmiðju, niðurlagningar starfsemi eða aflagningar eða frestunar kerfis.

106 Réttindaávinnsla fyrri tímabila getur annaðhvort verið jákvæð (þegar ávinnsla hefst eða henni er breytt svo að núvirði réttindatengdrar skuldbindingar eykst) eða neikvæð (þegar kjör eru afturkölluð eða breytt þannig að núvirði réttindatengdrar skuldbindingar minnkar).

107 Þegar eining lækkar kjör sem greiðast samkvæmt gildandi réttindatengdu kerfi og hækkar á sama tíma önnur kjör sem greiðast samkvæmt kerfinu vegna sömu starfsmanna fer einingin með breytinguna sem eina hreina breytingu.

108 Kostnaður við réttindaávinnslu fyrri tímabila tekur ekki til:

a) áhrifa mismunar á raunverulegum launahækkunum og launahækkunum, sem áður var gert ráð fyrir, á skuldbindinguna til að greiða kjör fyrir vinnuframlag á fyrri árum (það er enginn kostnaður við réttindaávinnslu fyrri tímabila vegna þess að tryggingafræðilegar forsendur taka tillit til framreiknaðra launa),

b) van- og ofmats á frjálsum lífeyrishækkunum þar sem eining ber ætlaða skuldbindingu til að veita slíkar hækkanir (það er enginn kostnaður við réttindaávinnslu fyrri tímabila vegna þess að tryggingafræðilegar forsendur taka tillit til slíkra hækkana),

c) mats á kjarabótum sem verða af tryggingafræðilegum hagnaði eða af ávöxtun eigna til greiðslu lífeyris sem hefur verið færður í reikningsskilin ef einingin er skuldbundin, annaðhvort samkvæmt formlegum skilmálum kerfis (eða ætlaðrar skuldbindingar sem gildir umfram þá skilmála) eða samkvæmt lögum, til að nota allan afgang úr kerfinu rétthöfum í kerfinu í hag jafnvel þó að kjarahækkunin hafi ekki verið formlega veitt (það er enginn kostnaður vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila þar sem hækkunin á skuldbindingunni, sem af þessu leiðir, er tryggingafræðilegt tap, sjá b-lið 88. liðar), og

d) hækkunar á óskilyrtum, áunnum kjörum (þ.e. kjörum sem ekki eru háð framtíðarstarfi, sjá 72. lið) þegar ekki er um að ræða ný eða bætt kjör og starfsmenn uppfylla kröfur um óskilyrt, áunnin kjör (það er enginn kostnaður við réttindaávinnslu fyrri tímabila vegna þess að einingin færði áætlaðan kostnað við kjörin sem kostnað við réttindaávinnslu tímabils þegar þjónustan var innt af hendi).

Hagnaður og tap við uppgjör

109 Hagnaðurinn eða tapið við uppgjör er mismunurinn á:

a) núvirði réttindatengdu skuldbindingarinnar sem gerð er upp, eins og það er ákvarðað á dagsetningu uppgjörs og

b) uppgjörsverðinu, þ.m.t. allar yfirfærðar eignir kerfis og greiðslur sem einingin framkvæmir beint í tengslum við uppgjörið.

110 Eining skal færa hagnað eða tap við uppgjör réttindatengds kerfis þegar uppgjörið á sér stað.

111 Uppgjör á sér stað þegar eining stofnar til viðskipta sem eyða öllum frekari lagalegum eða ætluðum skuldbindingum vegna hluta eða allra kjara sem veitt eru samkvæmt réttindatengdu kerfi (öðrum en greiðslu kjara til, eða fyrir hönd, starfsfólks í samræmi við skilmála kerfisins og talið er upp í tryggingafræðilegu forsendunum). Sem dæmi telst einstakur flutningur verulegrar skuldbindingar vinnuveitanda samkvæmt kerfinu til vátryggingafélags með kaupum á vátryggingarsamningi vera uppgjör; eingreiðsla í handbæru fé, samkvæmt skilmálum kerfisins, til rétthafa í kerfinu í skiptum fyrir rétt sinn til að fá tiltekin eftirlaunakjör telst ekki vera uppgjör.

112 Í sumum tilvikum kaupir eining vátryggingarsamning til að fjármagna sum eða öll starfskjör sem tengjast þjónustu starfsmanna á yfirstandandi og fyrri tímabilum. Kaup á slíku skírteini eru ekki uppgjör ef einingin heldur eftir lagalegri eða ætlaðri skuldbindingu (sjá 46. lið) til að greiða frekari fjárhæðir ef tryggingataki greiðir ekki þau starfskjör sem tilgreind eru í tryggingarskírteininu. Í 116. til 119. lið er fjallað um færslu og mat endurgreiðsluréttinda samkvæmt vátryggingarsamningum sem eru ekki eignir til greiðslu lífeyris.

Færsla og mat: eignir til greiðslu lífeyris

Gangvirði eigna til greiðslu lífeyris

113 Gangvirði eignar til greiðslu lífeyris er dregið frá núvirði réttindatengdrar skuldbindingar við ákvörðun á halla eða afgangi.

114 Eignir til greiðslu lífeyris taka ekki til ógreiddra iðgjalda einingarinnar sem reikningsskilin taka til, til sjóðsins, sem og allra óyfirfæranlegra fjármálagerninga sem einingin gefur út og eru í eigu sjóðsins. Eignir til greiðslu lífeyris eru lækkaðar um allar skuldir sjóðsins sem ekki tengjast starfskjörum, t.d. viðskiptaskuldir og aðrar skuldir og skuldir vegna afleiðugerninga.

115 Þegar eignir til greiðslu lífeyris taka til viðurkenndra tryggingasamninga og þeir stemma nákvæmlega við fjárhæð og tímasetningu allra eða hluta þeirra kjara, sem greiðast samkvæmt kerfinu, er gangvirði þessara tryggingasamninga ákvarðað sem núvirði tengdra skuldbindinga (með fyrirvara um alla lækkun sem kann að vera krafist ef fjárhæðirnar sem greiðast samkvæmt tryggingasamningunum eru ekki endurheimtanlegar að fullu).

Endurgreiðslur

116 Þá og því aðeins að nær öruggt sé að annar aðili endurgreiði öll eða hluta þeirra útgjalda, sem þarf til að gera upp réttindatengda skuldbindingu, skal eining:

a) færa endurgreiðslurétt sinn sem aðskilda eign. Fyrirtæki skal meta þá eign á gangvirði.

b) aðgreina og færa breytingar á gangvirði endurgreiðsluréttar síns á sama hátt og breytingar á gangvirði eigna til greiðslu lífeyris (sjá 124. og 125. lið). Þeir þættir réttindatengds kostnaðar sem færðir eru í samræmi við 120. lið má færa hreina að frádregnum fjárhæðum í tengslum við breytingar á bókfærðu verði réttinda til endurgreiðslu.

117 Stundum getur eining leitað til annars aðila, eins og vátryggjanda, til að greiða útgjöld, að hluta eða öllu leyti, sem þarf til að gera upp réttindatengda skuldbindingu. Viðurkennd tryggingarskírteini eins og þau eru skilgreind í 8. lið teljast eignir til greiðslu lífeyris. Eining færir viðurkennda tryggingarsamninga á sama hátt og allar aðrar eignir til greiðslu lífeyris og 116. liður á ekki við (sjá 46.–49. lið og 115. lið).

118 Þegar vátryggingarsamningur í eigu einingar er ekki viðurkenndur tryggingarsamningur telst slíkur samningur ekki eign til greiðslu lífeyris. Ákvæði 116. liðar gilda um slík tilvik: einingin færir réttindi sín til endurgreiðslu samkvæmt vátryggingarsamningnum sem sérstaka eign, frekar en sem frádrátt við ákvörðun á réttindatengdum halla eða afgangi. Í b-lið 140. liðar er gerð krafa um að einingin gefi stutta lýsingu á tengslunum milli endurgreiðsluréttindanna og tengdu skuldbindingarinnar.

119 Ef endurgreiðsluréttindi verða til samkvæmt vátryggingarsamningi sem stemmir nákvæmlega við fjárhæð og tíma setningu allra eða hluta kjaranna sem greiðast samkvæmt réttindatengdu kerfi er gangvirði endurgreiðsluréttindanna ákvarðað sem núvirði tengdra skuldbindinga (með fyrirvara um frádrátt sem kann að vera krafist ef endurgreiðslan er ekki endurheimtanleg að fullu).

Þættir réttindatengds kostnaðar

120 Eining skal færa þætti réttindatengds kostnaðar, nema að því marki sem gerð er krafa um það í öðrum alþjóðlegum reikningsskilastaðli eða það heimilað að þeir séu meðtaldir í kostnaðarverði eignar, eins og hér segir:

a) kostnað vegna réttindaávinnslu (sjá 66.–112. lið og lið 122A) í rekstrarreikning,

b) hreina vexti af hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign) (sjá 123.–126. lið) í rekstrarreikning, og

c) endurmat á hreinu réttindatengdu skuldbindingunni (eigninni) (sjá 127.–130. lið) í aðra heildarafkomu.

121 Í öðrum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) er gerð krafa um að sum starfskjör séu meðtalin í kostnaðarverði eigna, s.s. birgða og varanlegra rekstrarfjármuna (sjá IAS-staðal 2 og IAS-staðal 16). Allur kostnaður vegna kjara sem falla til eftir starfslok, sem meðtalinn er í kostnaðarverði slíkra eigna, felur í sér viðeigandi hlutfall af þáttunum sem taldir eru upp í 120. lið.

122 Endurmat á hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign) sem færð er í aðra heildarafkomu skal ekki endurflokka og færa í rekstrarreikning á síðara tímabili. Einingin getur þó flutt þær fjárhæðir sem færðar eru í aðra heildarafkomu innan eigin fjár.

Kostnaður við réttindaávinnslu tímabils

122A Eining skal ákvarða kostnað við réttindaávinnslu tímabilsins með því að nota tryggingafræðilegar forsendur sem ákvarðaðar voru við upphaf árlega reikningsskilatímabilsins. Ef eining endurmetur hreina réttindatengda skuldbindingu (eign) í samræmi við 99. lið skal hún þó ákvarða kostnað við réttindaávinnslu tímabilsins fyrir það sem eftir er af árlega reikningsskilatímabilinu eftir kerfisbreytingu, réttindaskerðingu eða uppgjör með því að nota þær tryggingafræðilegu forsendur sem notaðar voru til að endurmeta hreinu réttindatengdu skuldbindinguna (eignina) í samræmi við b-lið 99. liðar.

Hreinir vextir af hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign)

123 Eining skal ákvarða hreina vexti af hreinni réttindatengdri skuld (eign) með því að margfalda hreinu réttindatengdu skuldbindinguna (eignina) með afvöxtunarstuðlinum sem tilgreindur er í 83. lið.

123A Til að ákvarða hreina vexti í samræmi við 123. lið skal eining nota hreinu réttindatengdu skuldbindinguna (eignina) og afvöxtunarstuðulinn sem ákvörðuð voru við upphaf árlega reikningsskilatímabilsins. Ef eining endurmetur hreina réttindatengda skuldbindingu (eign) í samræmi við 99. lið skal hún þó ákvarða hreina vexti fyrir það sem eftir er af árlega reikningsskilatímabilinu eftir kerfisbreytingu, réttindaskerðingu eða uppgjör með því að nota:

a) hreinu réttindatengdu skuldbindinguna (eignina) sem ákvörðuð var í samræmi við b-lið 99. liðar og

b) afvöxtunarstuðulinn sem notaður var til að endurmeta hreinu réttindatengdu skuldbindinguna (eignina) í samræmi við b-lið 99. liðar.

Við beitingu liðar 123A skal einingin einnig taka tillit til allra breytinga á hreinu réttindatengdu skuldbindingunni (eigninni) á tímabilinu sem rekja má til iðgjalda- eða kjaragreiðslna.

124 Hreina vexti af réttindatengdri skuldbindingu (eign) má líta á sem vaxtatekjur af eignum til greiðslu lífeyris, vaxtagjöld af réttindatengdri skuldbindingu og vexti af áhrifum efri marka eigna sem minnst er á í 64. lið.

125 Vaxtatekjur af eignum til greiðslu lífeyris eru þáttur í ávöxtun eigna til greiðslu lífeyris og eru ákvarðaðar með því að margfalda gangvirði eigna til greiðslu lífeyris með afvöxtunarstuðlinum sem tilgreindur er í lið 123A. Eining skal ákvarða gangvirði eigna til greiðslu lífeyris við upphaf árlega reikningsskilatímabilsins. Ef eining endurmetur hreina réttindatengda skuldbindingu (eign) í samræmi við 99. lið skal hún þó ákvarða vaxtatekjur fyrir það sem eftir er af árlega reikningsskilatímabilinu eftir kerfisbreytingu, réttindaskerðingu eða uppgjör með því að nota þær eignir til greiðslu lífeyris sem notaðar voru til að endurmeta hreinu réttindatengdu skuldbindinguna (eignina) í samræmi við b-lið 99. liðar. Við beitingu 125. liðar skal einingin einnig taka tillit til allra breytinga á eignum til greiðslu lífeyris, í eigu einingarinnar á tímabilinu, sem rekja má til iðgjalda- eða kjaragreiðslna. Mismunurinn milli vaxtatekna af eignum til greiðslu lífeyris og ávöxtunar eigna til greiðslu lífeyris er tekinn með í endurmatinu á hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign).

126 Vextir af áhrifum efri marka eigna eru hluti af heildarbreytingu á áhrifum efri marka eigna og eru ákvarðaðir með því að margfalda áhrif efri marka eigna með afvöxtunarstuðlinum sem tilgreindur er í lið 123A. Eining skal ákvarða áhrif efri marka eigna við upphaf árlega reikningsskilatímabilsins. Ef eining endurmetur hreina réttindatengda skuldbindingu (eign) í samræmi við 99. lið skal hún þó ákvarða vexti af áhrifum efri marka eigna fyrir það sem eftir er af árlega reikningsskilatímabilinu eftir kerfisbreytingu, réttindaskerðingu eða uppgjör með því að taka tillit til allra breytinga á áhrifum efri marka eigna sem ákvarðaðar eru í samræmi við lið 101A. Mismunurinn milli vaxta af áhrifum efri marka eigna og heildarbreytingar á áhrifum efri marka eigna er tekinn með í endurmatinu á hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign).

Endurmat á hreinni réttindatengdri skuld (eign)

127 Í endurmati á hreinni réttindatengdri skuld (eign) felst:

a) tryggingafræðilegur hagnaður og tap (sjá 128. og 129. lið),

b) ávöxtun eigna til greiðslu lífeyris (sjá 130. lið), að undanskildum fjárhæðum sem teljast til hreinna vaxta af hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign) (sjá 125. lið), og

c) allar breytingar á áhrifum efri marka eigna, að undanskildum fjárhæðum sem teljast til hreinna vaxta af hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign) (sjá 126. lið).

128 Tryggingafræðilegur hagnaður og tap geta orðið vegna hækkana eða lækkana á núvirði réttindatengdrar skuldbindingar vegna breytinga á tryggingafræðilegum forsendum og reynsluleiðréttinga. Orsakir tryggingafræðilegs hagnaðar og taps eru t.d.:

a) óvenjulega hátt eða lágt hlutfall starfsmannaveltu, snemmtekin starfslok eða dánartíðni eða launahækkanir, kjörum (ef formlegir eða ætlaðir skilmálar kerfis kveða á um verðbólgutengdar kjarahækkanir) eða lækniskostnaði,

b) áhrif breytinga á forsendur varðandi valkosti vegna útgreiðslu kjara,

c) áhrif breytinga á mati á starfsmannaveltu, snemmteknum eftirlaunum eða dánartíðni í framtíðinni eða hækkunum á launum, kjörum (ef formlegir eða ætlaðir skilmálar kerfis kveða á um verðbólgutengdar kjarahækkanir) eða lækniskostnaði, og

d) áhrif breytinga á afvöxtunarstuðli.

129 Tryggingafræðilegur hagnaður og tap felur hvorki í sér breytingar á núvirði réttindatengdrar skuldbindingar vegna innleiðingar, breytingar, réttindaskerðingar eða uppgjörs réttindatengds kerfis né breytingar á kjörum sem eru til greiðslu samkvæmt réttindatengda kerfinu. Slíkar breytingar valda kostnaði vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila eða hagnað eða tap við uppgjör.

130 Við ákvörðun á ávöxtun eigna til greiðslu lífeyris dregur eining frá kostnað við stýringu eigna til greiðslu lífeyris og allan skatt sem kerfinu ber að greiða, aðra en skatta sem felast í tryggingafræðilegu forsendunum sem notaðar eru til að meta réttindatengdu skuldbindinguna (76. liður). Annan stjórnsýslukostnað skal ekki draga frá ávöxtun eigna til greiðslu lífeyris.

Framsetningarlag

Jöfnun

131 Eining skal jafna eign sem tengist einu kerfi á móti skuld sem tengist öðru kerfi því og þá aðeins að einingin:

a) hafi lagalega framfylgjanlegan rétt til að nota afgang í einu kerfi til að gera upp skuldbindingar sem tilheyra öðru kerfi, og

b) hafi annaðhvort í hyggju að gera upp skuldbindingarnar á hreinum grunni eða að innleysa afganginn í einu skerfi og gera upp skuldbindingu sína sem tilheyrir öðru kerfi samtímis.

132 Viðmiðanirnar fyrir samjöfnun eru sambærilegar þeim sem settar voru fyrir fjármálagerninga í IAS-staðli 32, fjármálagerningar: Framsetning.

Greining í skammtímaliði og langtímaliði

133 Sumar einingar aðgreina veltufjármuni og skammtímaskuldir frá fastafjármunum og langtímaskuldum. Í þessum staðli er ekki tilgreint hvort eining skuli aðgreina skammtíma- og langtímahluta eigna og skulda sem til verða vegna eftirlaunakjara.

Þættir réttindatengds kostnaðar

134 Í 120. lið er þess krafist að eining færi kostnað vegna réttindaávinnslu og hreina vexti af hreinu réttindatengdu skuldbindingunni (eigninni) í rekstrarreikning. Þessi staðall tilgreinir ekki með hvaða hætti eining skal setja fram kostnað vegna réttindaávinnslu og hreina vexti af hreinu réttindatengdu skuldbindingunni (eigninni). Eining setur fram þá þætti í samræmi við IAS-staðal 1.

Upplýsingagjöf

135 Eining skal birta upplýsingar sem:

a) útskýra eiginleika réttindatengdra kerfa hennar og áhættu sem tengist þeim (sjá 139. lið),

b) auðkenna og útskýra fjárhæðirnar í reikningsskilum hennar, sem leiða af réttindatengdum kerfum hennar (sjá 140.–144. lið), og

c) lýsa með hvaða hætti réttindatengd kerfi hennar geta haft áhrif á fjárhæð, tímasetningu og óvissu framtíðarsjóðstreymis einingarinnar (sjá 145.–147. lið).

136 Til að uppfylla markmiðin í 135. lið skal eining taka allt eftirfarandi til athugunar:

a) sundurliðun sem nauðsynleg er til að uppfylla birtingarkröfur,

b) hversu mikla áherslu ber að leggja á mismunandi kröfur,

c) hversu mikla samsöfnun eða aðgreiningu skal framkvæma og

d) hvort notendur reikningsskila þurfi viðbótarupplýsingar til að meta tölulegu upplýsingarnar sem eru birtar.

137 Ef birting upplýsinga í samræmi við kröfurnar í þessum staðli og öðrum IFRS-stöðlum eru ófullnægjandi til að uppfylla markmiðin í 135. lið skal eining birta viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla þessi markmið. Sem dæmi getur eining lagt fram greiningu á núvirði réttindatengdu skuldbindingarinnar þar sem greint er á milli eðlis, eiginleika og áhættu skuldbindingarinnar. Í slíkri birtingu upplýsinga væri unnt að greina:

a) á milli útistandandi fjárhæða til virkra félaga, félagsaðila sem eiga geymd réttindi og lífeyrisþega,

b) á milli áunninna kjara og uppsafnaðra kjara, sem ekki eru áunnin,

c) á milli skilyrtra kjara, fjárhæða sem eigna má framtíðarlaunahækkunum og annarra kjara.

138 Eining skal meta hvort aðgreina skuli birtar upplýsingar, í heild eða að hluta, til að greina á milli kerfa eða hópa kerfa með verulega mismunandi áhættu. T.d. getur eining aðgreint birtar upplýsingar um kerfi sem hafa einn eða fleiri eftirfarandi eiginleika:

a) mismunandi landfræðilega staðsetningu,

b) mismunandi eiginleika s.s. eftirlaunakerfi sem byggist á föstum launum, eftirlaunakerfi sem byggist á starfslokalaunum eða starfslokasjúkrakerfi,

c) mismunandi lagaumhverfi,

d) mismunandi skýrsluþætti,

e) mismunandi fjármögnunarfyrirkomulag (t.d. ófjármagnað að fullu, fjármagnað að fullu eða að hluta til).

Eiginleikar réttindatengdra kerfa og áhætta í tengslum við þau

139 Eining skal birta upplýsingar um:

a) upplýsingar um eiginleika réttindatengdra kerfa hennar, þ.m.t.:

i. eðli kjaranna sem kerfið býður upp á (t.d. réttindatengt kerfi sem byggist á starfslokalaunum eða kerfi sem byggist á iðgjöldum með ábyrgð),

ii. lýsingu á reglurammanum sem kerfið starfar innan, t.d. kröfur um lágmarksfjármögnun, og öll áhrif reglurammans á kerfið, s.s. efri mörk eigna (sjá 64. lið),

iii. lýsingu á allri annarri ábyrgð einingar vegna stjórnunar kerfisins, t.d. ábyrgð vegna fjárvörsluaðila eða stjórnarmeðlima kerfisins,

b) lýsingu á áhættu sem einingunni stafar af kerfinu, með áherslu á óvenjulega áhættu sem á sérstaklega við um einingunа eða kerfið, og á allri verulegri samþjöppun áhættu. T.d. ef eignir til greiðslu lífeyris eru aðallega fjárfestar í einum flokki fjárfestinga, t.d. fasteignum, getur einingunni stafað hætta af kerfinu vegna samþjöppunar í fasteignamarkaðsáhættu,

c) lýsingu á öllum kerfisbreytingum, réttindaskerðingu og uppgjörum.

Skýring á fjárhæðum í reikningsskilunum

140 Eining skal leggja fram afstemmingu frá upphafsstöðu til lokastöðu fyrir hvert og eitt eftirfarandi, ef við á:

a) hreina réttindatengda skuldbindingu (eign), sem sýnir aðgreindar afstemmingar fyrir:

i. eignir til greiðslu lífeyris,

ii. núvirði réttindatengdrar skuldbindingar,

iii. áhrif efri marka eigna,

b) öll endurgreiðsluréttindi. Eining skal einnig lýsa sambandinu milli endurgreiðsluréttinda og tengdrar skuldbindingar.

141 Hver afstemming sem skráð er í 140. lið skal sýna hvert og eitt eftirfarandi, ef við á:

a) kostnað við réttindaávinnslu tímabilsins,

b) vaxtatekjur eða gjöld,

c) endurmat á hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign), sem sýnir hvert í sínu lagi:

i. ávöxtun eigna til greiðslu lífeyris, að undanskildum fjárhæðum sem teljast með vöxtum í b-lið,

ii. tryggingafræðilegan hagnað og tap vegna breytinga á lýðfræðilegum forsendum (sjá a-lið 76. liðar),

iii. tryggingafræðilegan hagnað og tap vegna breytinga á fjárhagslegum forsendum (sjá b-lið 76. liðar),

iv. breytingar á áhrifum af takmörkun á hreinni réttindatengdri eign í samræmi við efri mörk eigna, að undanskildum fjárhæðum sem teljast með vöxtum í b-lið. Eining skal einnig birta upplýsingar um þann efnahagslega hámarksávinning sem er fáanlegur, þ.e. hvort þau kjör væru í formi endurgreiðslu, lækkunar á framtíðariðgjöldum eða samblands af þessu tvennu,

d) kostnað vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila og hagnaður og tap sem leiðir af uppgjöri. Eins og heimilað er í 100. lið þarf ekki að aðgreina kostnað vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila og hagnað og tap sem leiðir af uppgjöri ef það á sér stað saman,

e) áhrif gengisbreytinga í erlendum gjaldmiðlum,

f) iðgjöld til kerfisins, aðgreind eftir iðgjöldum vinnuveitanda og rétthafa í kerfinu,

g) greiðslur frá kerfinu, aðgreindar eftir fjárhæðum sem varða hvert uppgjör,

h) áhrif af sameiningum og sölu fyrirtækja.

142 Eining skal aðgreina gangvirði eigna til greiðslu lífeyris í flokka sem greina á milli eðlis og áhættu viðkomandi eigna, skipta niður hverjum flokki eigna til greiðslu lífeyris í eignir sem hafa skráð markaðsverð á virkum markaði (eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 13, *gangvirðismat*) og eignir sem hafa ekki skráð verð á markaði. Sem dæmi getur eining, að teknu tilliti til umfangs upplýsinga sem fjallað er um í 136. lið, greint á milli eftirfarandi þátta:

a) handbært fé og ígildi þess,

b) eiginfjárgerningar (aðgreindir eftir tegund atvinnugreinar, stærð fyrirtækis, staðsetningu o.s.frv.),

c) skuldagerningar (aðgreindir eftir tegund útgefanda, lánshæfisgæði, staðsetningu o.s.frv.),

d) fasteignir (aðgreindar eftir staðsetningu o.s.frv.),

e) afleiður (aðgreindar eftir tegund undirliggjandi áhættu í samningnum, t.d. vaxtasamningar, gjaldeyrissamningar, eiginfjársamningar, lánasamningar, skiptasamningar vegna langlífis o.s.frv.),

f) fjárfestingarsjóðir (aðgreindir eftir tegund sjóðs),

g) eignavarin verðbréf, og

h) skuldavafningar.

143 Eining skal birta gangvirði framseljanlegra fjármálagerninga einingarinnar sem eru eignir kerfisins og gangvirði eigna til greiðslu lífeyris sem eru fasteignir, eða aðrar eignir, sem einingin nýtir.

144 Eining skal birta upplýsingar um mikilvægar tryggingafræðilegar forsendur sem notaðar eru til að ákvarða núvirði réttindatengdrar skuldbindingar (sjá 76. lið). Slík birting upplýsinga skal sett fram sem algildi (t.d. sem algilt hlutfall og ekki aðeins sem bil milli mismunandi hlutfalla eða annarra breyta). Þegar eining veitir upplýsingar í heild fyrir hóp af kerfum eru slíkar upplýsingar gefnar í formi veginna meðaltala eða á hlutfallslega þröngu bili.

Fjárhæð, tímasetning og óvissa í framtíðarsjóðstreymi

145 Eining skal birta upplýsingar um:

a) næmisgreiningu á öllum mikilvægum tryggingafræðilegum forsendum (eins og birtar eru samkvæmt 144. lið) miðað við lok reikningsskilatímabils, sem sýnir hvernig réttindatengda skuldbindingin hefði orðið fyrir áhrifum af breytingum á viðeigandi tryggingafræðilegum forsendum sem voru auðveldlega mögulegar á þeirri dagsetningu,

b) aðferðirnar og forsendurnar sem notaðar eru við gerð næmisgreininganna sem krafist er í a-lið og takmarkanir þeirra aðferða,

c) breytingar frá fyrra tímabili á aðferðunum og forsendunum sem voru notaðar við gerð næmisgreininganna og ástæðunum fyrir slíkum breytingum.

146 Eining skal birta upplýsingar um allar aðferðir sem kerfið eða einingin notar við að para eignir og skuldbindingar, þ.m.t. notkun lífeyris og annars konar tækni, s.s. skiptasamningar vegna langlífis, til að stýra áhættu.

147 Til að gefa vísbendingu um áhrif réttindatengda kerfisins á framtíðarsjóðstreymi einingarinnar skal einingin birta:

a) lýsingu á öllu fjármögnunarfyrirkomulagi og fjármögnunarstefnu sem hefur áhrif á framtíðariðgjöld,

b) væntanleg iðgjöld til kerfisins á næsta árlega reikningsskilatímabili,

c) upplýsingar um binditímastig réttindatengdu skuldbindingarinnar. Í þessu felst veginn meðalgildistími réttinda tengdu skuldbindingarinnar og getur falið í sér aðrar upplýsingar um dreifingu tímasetningar útgreiðslu kjara, s.s. lánstímagreining kjaragreiðslnanna.

Sameiginleg kerfi margra launagreiðenda

148 Ef eining tekur þátt í sameiginlegu, réttindatengdu kerfi margra launagreiðenda skal einingin birta:

a) lýsingu á fjármögnunarfyrirkomulaginu, þ.m.t. aðferðinni sem notuð er til að ákvarða hlutfall iðgjalda einingar og allar kröfur um lágmarksfjármögnun,

b) lýsingu á því að hvaða marki einingin geti verið ábyrg gagnvart kerfinu vegna skuldbindinga annarra eininga samkvæmt skilmálum og skilyrðum sameiginlega kerfis margra launagreiðenda,

c) lýsingu á samþykktri úthlutun halla eða afgangs við:

i. slit kerfisins, eða

ii. úrsögn einingarinnar úr kerfinu.

d) ef einingin færir bókhald kerfisins eins og það væri iðgjaldatengt kerfi í samræmi við 34. lið, skal hún birta eftirfarandi upplýsingar, til viðbótar við upplýsingarnar sem krafist er í a- til c-lið og í staðinn fyrir upplýsingarnar sem krafist er í 139. til 147. lið:

i. að kerfið sé réttindatengt kerfi,

ii. ástæðu þess að ekki eru nægilegar upplýsingar fyrir hendi til að gera einingunni kleift að færa kerfið sem réttindatengt kerfi,

iii. væntanleg iðgjöld til kerfisins á næsta árlega reikningsskilatímabili,

iv. upplýsingar um halla eða afgang kerfisins sem gæti haft áhrif á fjárhæð framtíðariðgjalda, þ.m.t. grunnurinn sem notaður er til að ákvarða hallann eða afganginn og afleiðingar þess, ef einhverjar eru, fyrir einingunа,

v. vísbendingu um umfang þátttöku einingarinnar í kerfinu í samanburði við aðrar einingar sem taka þátt. Dæmi um ráðstafanir sem gætu veitt slíka vísbendingu eru m.a. hlutfall einingar af heildariðgjöldum til kerfisins eða hlutfall einingarinnar af heildarfjölda virkra rétthafa, rétthafa á eftirlaunum, og fyrrverandi rétthafa sem eiga rétt á kjörum, ef slíkar upplýsingar eru aðgengilegar.

Réttindatengd kerfi sem deila áhættunni milli eininga sem lúta sameiginlegum yfirráðum

149 Ef eining tekur þátt í réttindatengdu kerfi sem deilir áhættunni milli eininga sem lúta sameiginlegum yfirráðum skal hún birta:

a) samningsbundið samkomulag eða yfirlýsta stefnu um að gjaldfæra hreinan, réttindatengdan kostnað eða upplýsingar um að engin slík stefna sé til,

b) stefnu um ákvörðun framlagsins sem einingunni ber að greiða,

c) allar upplýsingar um kerfið í heild, eins og skráð er í 41. lið, ef einingin færir úthlutun hreins, réttindatengds kostnaðar sem krafist er í 135. til 147. lið,

d) upplýsingarnar um kerfið í heild sem gerð er krafa um í samræmi við 135. til 137. lið, 139. lið, 142. til 144. lið og a- og b-lið 147. liðar, ef einingin færir iðgjaldið til greiðslu á tímabilinu eins og tekið er fram í 41. lið.

150 Upplýsingarnar sem krafist er í c- og d-lið 149. liðar má birta með millivísun í birtingar reikningsskila annarrar einingar innan samstæðu ef:

a) reikningsskil þeirrar einingar innan samstæðu með aðgreindum hætti tilgreina og birta upplýsingarnar um kerfið sem krafist er og

b) reikningsskil þeirrar einingar innan samstæðu eru aðgengileg notendum reikningsskila með sömu skilmálum og reikningsskil einingarinnar og á sama tíma, eða áður en, reikningsskil einingarinnar.

Birtingarkröfur í öðrum IFRS-stöðlum.

151 Þegar þess er krafist í IAS-staðli 24 skal eining birta upplýsingar um:

a) viðskipti tengdra aðila við eftirlaunakerfi og

b) kjör lykilstarfsmanna í stjórnunarstöðum sem falla til eftir starfslok.

152 Þegar þess er krafist í IAS-staðli 37 veitir eining upplýsingar um óvissar skuldir sem verða til vegna eftirlauna kjaraskuldbindinga.

ÖNNUR LANGTÍMASTARFSKJÖR

153 Í öðrum langtímastarfskjörum felast liðir, svo sem eftirfarandi, ef þess er vænst að þau verði gerð upp að fullu áður en tólf mánuðir eru liðnir frá lokum árlega reikningsskilatímabilsins þegar starfsmennirnir inntu af hendi tengdu þjónustuna:

a) launaðar langtímafjarvistir eins og leyfi vegna hás starfsaldurs eða rannsóknarleyfi,

b) starfsafmæli eða önnur kjör vegna hás starfsaldurs,

c) varanlegar örorkubætur,

d) hagnaðarhlutdeild og kaupaukar og

e) frestuð starfskjör.

154 Mat annarra langtímastarfskjara er venjulega ekki háð sömu óvissu og mat eftirlaunakjara. Af þessum sökum er í þessum staðli krafist einfaldaðrar aðferðar við færslu annarra langtímastarfskjara. Ólíkt þeim reikningsskilum sem krafist er fyrir eftirlaunakjör þá er endurmat ekki fært í aðra heildarafkomu samkvæmt þessari aðferð.

Færsla og mat

155 Við færslu og mat á afgangi eða halla í öðru **langtímastarfskjarakerfi skal eining beita ákvæðum 56.–98. liðar og 113.–115. liðar. Eining skal beita 116.–119. lið við færslu og mat allra endurgreiðsluréttinda.**

156 Að því er varðar önnur langtímastarfskjör skal eining færa hreina samtölu eftirfarandi fjárhæða í rekstrarreikning, nema að því marki sem gerð er krafa um það í öðrum IFRS-staðli eða það heimilað að þær séu meðtaldar í kostnaðarverði eignar:

a) kostnaðar við réttindaávinnslu (sjá 66.–112. lið og lið 122A),

b) hreinna vaxta af hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign) (sjá 123.–126. lið) og

c) endurmats á hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign) (sjá 127.–130. lið).

157 Ein tegund annarra langtímastarfskjara eru varanlegar örorkubætur. Ef kjarastigið ræðst af starfsaldri verður skuldbinding til þegar vinnuframlagið er innt af hendi. Mat þeirrar skuldbindingar endurspeglar líkurnar á því að greiðslu verði krafist og hversu lengi búist er við að greiðslur þurfi að inna af hendi. Ef kjarastig er hið sama fyrir sérhvern starfsmann með örorku, óháð starfsaldri, er væntanlegur kostnaður við þessi kjör færður þegar atburður á sér stað sem veldur varanlegri örorku.

Upplýsingagjöf

158 Þó að í þessum staðli sé ekki gerð krafa um sérstakar upplýsingar um önnur langtímastarfskjör getur verið gerð krafa um upplýsingar í öðrum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Í IAS-staðli 24 er t.d. krafist upplýsinga um starfskjör lykilstarfsmanna í stjórnunarstöðum. Í IAS-staðli 1 er gerð krafa um upplýsingar um kostnað vegna starfskjara.

UPPSAGNARKJÖR

159 Í þessum staðli er fjallað um uppsagnarkjör sérstaklega, aðskilið frá öðrum starfskjörum, vegna þess að atburðurinn sem skapar skuldbindinguna er starfslok fremur en vinnuframlag starfsmanns. Uppsagnarkjör eru annaðhvort afleiðing ákvörðunar einingar um að segja upp starfsmanni áður en venjulegum eftirlaunaaldri er náð eða ákvörðunar starfsmanns um að þiggja tilboð um kjör í skiptum fyrir starfslok.

160 Uppsagnarkjör fela ekki i sér starfskjör sem eru afleiðing uppsagnar að ósk starfsmanns án þess að fyrir liggi tilboð einingar, eða afleiðing lögboðinna krafna um starfslok, vegna þess að slík kjör eru eftirlaunakjör. Sumar einingar veita lægra kjarastig fyrir uppsögn að beiðni starfsmanns (í eðli sínu kjör sem falla til eftir starfslok) en fyrir uppsögn að beiðni fyrirtækisins. Mismunurinn á kjörum fyrir uppsögn að beiðni starfsmanns og hærri kjörum fyrir uppsögn að beiðni fyrirtækisins eru uppsagnarkjör.

161 Form starfskjaranna segir ekki til um hvort þau séu veitt í skiptum fyrir vinnuframlag eða í skiptum fyrir starfslok starfsmanns. Uppsagnarkjör eru venjulega eingreiðslur, en geta stundum líka verið:

a) bætt eftirlaunakjör, annaðhvort óbeint í gegnum lífeyrissjóð eða beint,

b) laun til loka tilgreinds uppsagnarfrests ef starfsmaðurinn innir ekki af hendi frekara starfsframlag sem skapar efnahagslegan ávinning fyrir eininguna.

162 Vísbendingar um að starfskjör séu veitt fyrir vinnuframlag eru m.a. eftirfarandi:

a) kjörin eru með skilyrðum um að vinnuframlag verði veitt í framtíðinni (þ.m.t. kjör sem hækka ef frekari vinnuframlag er veitt),

b) kjörin eru veitt í samræmi við skilmála lífeyrissjóðskerfis.

163 Sum uppsagnarkjör eru veitt í samræmi við skilmála gildandi lífeyrissjóðskerfis. Þau geta t.d. verið tilgreind eftir lögum, ráðningarsamningi eða samkomulag samtaka, eða verið tilgreind sem afleiðing fyrri venja vinnuveitanda við veitingu sambærilegra kjara. Annað dæmi er ef eining gerir tilboð um kjör aðgengilegt um langt skeið, eða ef langur tími líður á milli tilboðsins og væntanlegrar dagsetningar uppsagnar í reynd, íhugar einingin hvort hún hafi komið á nýjum lífeyrissjóði og þar af leiðandi hvort kjörin sem boðin eru samkvæmt því kerfi séu uppsagnarkjör eða eftirlaunakjör. Starfskjör sem veitt eru í samræmi við skilmála lífeyrissjóðs eru uppsagnarkjör ef þau bæði leiða af ákvörðun einingar um að segja upp starfsmanni og eru ekki með skilyrði um veitingu vinnuframlags í framtíðinni.

164 Sum starfskjör eru veitt óháð því hvaða ástæða er fyrir því að starfsmaður hættir. Greiðsla slíkra kjara er örugg (með fyrirvara um kröfur um ávinnslu eða lágmarksstarfstíma) en tímasetning greiðslu þeirra er óviss. Þó að slík kjör séu nefnd uppsagnarbætur eða uppsagnarþóknun í sumum lögsögum þá eru þau kjör sem falla til eftir starfslok fremur en uppsagnarkjör og eining færir þau sem eftirlaunakjör.

Viðurkenning

165 Eining skal gjaldfæra skuld og útgjöld vegna uppsagnarkjara á þeirri dagsetningu sem ber upp fyrst af eftirfarandi:

a) þegar einingin getur ekki lengur afturkallað tilboðið um viðkomandi kjör og

b) þegar einingin færir kostnað vegna endurskipulagningar sem er innan gildissviðs IAS-staðals 37 og felur í sér greiðslu uppsagnarkjara.

166 Að því er varðar uppsagnarkjör sem eru til greiðslu vegna ákvörðunar starfsmanns um að þiggja tilboð um kjör í skiptum fyrir starfslok, er sú tímasetning sem eining getur ekki lengur afturkallað tilboðið um uppsagnarkjör sú fyrri af eftirfarandi:

a) þegar starfsmaður samþykkir tilboðið og

b) þegar takmörkun (þ.e. krafa samkvæmt lögum, reglum eða samningi eða önnur takmörkun) á getu einingar til að afturkalla tilboðið, tekur gildi. Þetta gæti verið þegar tilboðið er lagt fram, ef takmörkunin var til á þeim tíma.

167 Að því er varðar uppsagnarkjör sem eru til greiðslu vegna ákvörðunar einingar um að segja upp starfsmanni, getur einingin ekki lengur afturkallað tilboðið þegar einingin hefur tilkynnt viðkomandi starfsmanni áætlun um starfslok sem uppfyllir öll eftirfarandi viðmið:

a) aðgerðir, sem er krafist til að ljúka áætluninni, skulu gefa til kynna að ólíklegt sé að verulegar breytingar verði gerðar á henni,

b) áætlunin tilgreinir fjölda starfsmanna sem fyrirhugað er að segja upp, starfaflokkun eða starf þeirra og staðsetningu (en áætlunin þarf ekki að tilgreina hvern og einn starfsmann) og væntanlegan lokadag,

c) áætlunin fastsetur uppsagnarkjörin sem starfsmennirnir fá með nægilega sundurliðuðum hætti til að starfsmennirnir geta ákvarðað gerð og fjárhæð kjara sem þeir fá við starfslok.

168 Þegar eining færir uppsagnarkjör getur verið að einingin þurfi að færa breytingu á kerfinu eða réttindaskerðingu eða önnur starfskjör (sjá 103. lið).

Mæling

169 Eining skal meta uppsagnarkjör við upphafsfærslu og meta og færa síðari breytingar í samræmi við eðli starfskjaranna, að því tilskildu að ef uppsagnarkjörin eru bætt eftirlaunakjör, skal einingin beita kröfunum varðandi eftirlaunakjör. Að öðru leyti:

a) ef þess er vænst að uppsagnarkjörin verði gerð upp að fullu innan tólf mánaða frá lokum árlega reikningsskilatímabilsins sem uppsagnarkjörin eru færð í skal einingin beita kröfunum varðandi skammtímastarfskjör,

b) ef þess er ekki vænst að uppsagnarkjörin verði gerð upp að fullu innan tólf mánaða frá lokum árlega reikningsskilatímabilsins skal einingin beita kröfunum varðandi önnur langtímastarfskjör.

170 Vegna þess að uppsagnarkjör eru ekki veitt í skiptum fyrir þjónustu eru 70.–74. liður í tengslum við skiptingu kjarnanna á starfstíma ekki viðeigandi.

Dæmi til skýringar á 159.–170. lið

Bakgrunns

Vegna nýlegrar yfirtöku ætlar eining að loka verksmiðju eftir tíu mánuði og segja þá upp öllu starfsfólki sem þar starfar. Þar sem einingin þarf á sérþekkingu starfsmanna verksmiðjunnar að halda til að klára nokkra samninga, tilkynnir hún um áætlun um lokun eins og hér segir.

Hver starfsmaður sem starfar áfram og veitir vinnuframlag fram að lokun verksmiðjunnar mun á lokunardegi fá greiðslu í handbæru fé að fjárhæð 30 000 GE. Starfsmenn sem láta af störfum áður en verksmiðjunni er lokað munu fá 10 000 GE.

Í verksmiðjunni starfa 120 starfsmenn. Þegar áætlunin er kynnt væntir einingin þess að 20 þeirra hætti áður en verður lokað. Þess vegna er vænt útstreymi handbærs fjár samkvæmt áætluninni 3 200 000 GE (þ.e. 20 × 10 000 GE + 100 × 30 000 GE). Eins og krafist er í 160. lið færir einingin kjörin sem veitt eru í skiptum fyrir starfslok sem uppsagnarkjör og færir kjör sem veitt eru í skiptum fyrir vinnuframlag sem skammtímastarfskjör.

Uppsagnarkjör

Kjörin sem veitt eru í skiptum fyrir starfslok eru 10 000 GE. Þetta er fjárhæðin sem eining myndi þurfa að greiða fyrir starfslok án tillits til þess hvort starfsmaður starfar áfram og veitir vinnuframlag þar til verksmiðjunni er lokað eða hættir fyrir lokun. Jafnvel þótt starfsmenn geta hætt áður en lokað verður er uppsögn allra starfsmanna afleiðing af ákvörðun einingarinnar að loka verksmiðjunni og segja upp starfsmönnunum (þ.e. allir starfsmennirnir munu ljúka störfum þegar verksmiðjunni er lokað). Þess vegna færir eining skuldbindingu að fjárhæð 1 200 000 GE (þ.e. 120 × 10 000 GE) vegna uppsagnarkjaranna sem veitt eru í samræmi við lífeyrissjóðinn á þeim tíma sem hið fyrra á sér stað af tilkynningu um lokun eða þegar eining færir endurskipulagningarkostnað í tengslum við lokun verksmiðjunnar.

Kjör sem veitt eru í skiptum fyrir vinnuframlag.

Þær aukagreiðslur sem starfsmenn fá ef þeir veita vinnuframlag alla þá tíu mánuði sem eftir eru fram að lokun eru í skiptum fyrir vinnuframlag sem veitt er á því tímabili. Einingin færir þær sem skammtímastarfskjör vegna þess að eining væntir þess að gera þau upp áður en tólf mánuðir eru liðnir frá lokum árlega reikningsskilatímabilsins. Í þessu dæmi er afvöxtunar ekki krafist svo kostnaður að fjárhæð 200 000 GE (þ.e. 2 000 000 GE ÷ 10) er færður á hverjum mánuði á viðkomandi tíu mánaða þjónustutímabili, ásamt samsvarandi hækkun á bókfærðu verðmæti skuldbindingarinnar.

Upplýsingagjöf

171 Þó að í þessum staðli sé ekki gerð krafa um sérstakar upplýsingar um uppsagnarkjör getur verið gerð krafa um upplýsingar í öðrum IFRS-stöðlum. Í IAS-staðli 24 er t.d. krafist upplýsinga um starfskjör lykilstarfsmanna í stjórnunarstöðum. Í IAS-staðli 1 er gerð krafa um upplýsingar um kostnað vegna starfskjara.

UMBREYTING OG GILDISTÖKUDAGUR

172 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þessum staðli að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

173 Eining skal beita þessum staðli afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, að undanskildu því að:

a) eining þarf ekki að leiðrétta bókfært verðmæti eigna utan gildissviðs þessa staðals vegna breytinga á kostnaði vegna starfskjara sem var talinn með í bókfærðu verðmæti fyrir dagsetningu upphaflegrar beitingar. Dagsetning upphaflegrar beitingar er við upphaf fyrsta undangengna tímabilsins sem sett er fram í fyrstu reikningsskilum þar sem einingin beitir þessum staðli,

b) eining þarf ekki að setja fram samanburðarupplýsingar vegna birtingarinnar, sem er krafist í 145. lið um næmi réttindatengd skuldbindingarinnar, í reikningsskilum vegna tímabila sem hefjast fyrir 1. janúar 2014.

174 IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti skilgreiningunni á gangvirði í 8. lið og breytti 113. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

175 *Réttindatengd kerfi: iðgjöld starfsmanna* (breytingar á IAS-staðli 19), sem gefinn var út í nóvember 2013, fól í sér breytingar á 93.–94. lið. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

176 Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* (IFRS) *fyrir tímabilið* 2012-2014, sem voru gefnar út í september 2014, var 83. lið breytt og 177. lið bætt við. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

177 Eining skal beita breytingunum í 176. lið frá upphafi fyrsta samanburðartímabils sem sett er fram í fyrstu reiknings skilunum þar sem einingin beitir breytingunum. Upphaflegar leiðréttingar, sem verða til við beitingu breytinganna, skal færa sem óráðstafað eigið fé við upphaf þess tímabils.

178 IFRS-staðall 17, gefinn út í maí 2017, breytti neðanmálsgrein við 8. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 17.


179 *Kerfisbreyting, réttindaskerðing eða uppgjör* (breytingar á IAS-staðli 19), útgefið í febrúar 2018, bætti við liðum 101A, 122A og 123A og breytti 57., 99., 120., 123., 125., 126. og 156. lið. Eining skal beita þessum breytingum á kerfisbreytingar, réttindaskerðingar eða uppgjör sem eiga sér stað við eða eftir upphaf fyrsta árlega reikningsskilatímabilsins sem hefst 1. janúar 2019 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þessum breytingum fyrr skal hún greina frá því.

Viðbætir A

Leiðbeiningar um beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins. Hann lýsir beitingu 92.–93. liðar og hefur sama gildi og aðrir hlutar IFRS-staðalsins.

A1 Reikningsskilakröfur vegna framlaga frá starfsmönnum eða þriðju aðilum eru sýndar í neðangreindri skýringarmynd.



1) Þessi ör með punktalínu þýðir að einingu er heimilt að velja aðra hvora reikningsskilaaðferðina.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 20 (IAS-staðall 20)

Færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð (9)

GILDISSVIÐ

1 Þessum staðli skal beita við færslu og upplýsingagjöf um opinbera styrki og við upplýsingagjöf um annars konar opinbera aðstoð.

2 Í þessum staðli er ekki fjallað um:

a) þau sérstöku vandamál sem koma upp við færslu opinberra styrkja í reikningsskil sem endurspegla áhrif verð breytinga eða í viðbótarupplýsingum af sambærilegu tagi,

b) opinbera aðstoð sem er veitt einingu í formi ávinnings sem er fáanlegur við ákvörðun á skattskyldum hagnaði eða skattalegu tapi eða er ákvarðaður eða takmarkaður á grundvelli tekjuskattskyldu. Dæmi um slíkan ávinning eru tekjuskattslaus tímabil, skattaafsláttur vegna fjárfestinga, auknar afskriftaheimildir og lækkun tekjuskattshlutfalls,

c) þátttöku hins opinbera í eignarhaldi einingar,

d) opinbera styrki sem fjallað er um í IAS-staðli 41, *landbúnaður*.

SKILGREININGAR

3 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Opinber stofnun **er ríkisstjórn, ríkisstofnanir og álíka aðilar, hvort sem er á staðar- eða landsvísu eða á alþjóðavettvangi.**

Opinber aðstoð **er aðgerð hins opinbera í því skyni að veita sérstaklega einingu eða einingum, sem uppfylla tiltekin skilyrði, efnahagslegan ávinning. Með opinberri aðstoð er í þessum staðli ekki átt við ávinning sem aðeins er veittur óbeint með aðgerðum sem hafa áhrif á almenn viðskiptaskilyrði, s.s. grunngerð skipulags á þróunarsvæðum eða viðskiptahömlur sem lagðar eru á keppinauta.**

Opinberir styrkir **eru aðstoð sem hið opinbera veitir í formi yfirfærslu verðmæta til einingar að því tilskildu að eining hafi uppfyllt eða muni uppfylla skilyrði að því er varðar rekstrarhreyfingar hennar. Opinber aðstoð í tiltekinni mynd, sem ekki er með góðu móti unnt að verðleggja, og viðskipti við hið opinbera, sem ekki er unnt að aðgreina frá venjulegum viðskiptum fyrirtækisins, eru undanskilin** (10).

Eignatengdir styrkir **eru opinberir styrkir þar sem frumskilyrðið er að eining, sem uppfylla skilyrði fyrir styrk af því tagi, skuli kaupa, byggja eða með öðrum hætti afla eigna til langs tíma. Einnig kunna að fylgja önnur skilyrði sem takmarka gerð eða staðsetningu eigna eða tímabilið þegar þeirra skal aflað svo og tímabil eignarhalds.**

(9) Hluti af *Endurbótum á IFRS-stöðlum*, útgefnum í maí 2008, voru breytingar stjórnarinnar á hugtökum og hugtakanotkun í þessum staðli til samræmis við aðra alþjóðlega reikningsskilastaðla svo sem hér segir:
a) „skattskyldar tekjur“ var breytt í „skattskyldur hagnaður eða skattalegt tap“,
b) „færa sem tekjur/gjöld“ var breytt í „færa í rekstrarreikning“,
c) „færa beint sem eigið fé“ var breytt í „færa utan rekstrarreiknings“ og
d) [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

(10) Sjá einnig SIC-túlkun 10, *opinber aðstoð — engin ákveðin tengsl við rekstrarhreyfingar*.

Tekjutengdir styrkir **eru opinberir styrkir, aðrir en þeir sem eru eignatengdir.**

Eftirgefanleg lán **eru lán þar sem lánveitandi skuldbindur sig til að falla frá kröfu um endurgreiðslu við tiltekin skilyrði sem mælt er fyrir um.**

Gangvirði **er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13,** ***gangvirðismat*****.)**

4 Opinber aðstoð er til í ýmiss konar myndum og fer hún bæði eftir eðli aðstoðarinnar og þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla til að fá hana. Tilgangurinn með aðstoðinni getur verið að hvetja einingu til að hefjast handa við aðgerðir sem hún hefði að öðru jöfnu ekki ráðist í ef aðstoðin hefði ekki verið veitt.

5 Móttaka opinberrar aðstoðar af hálfu einingar kann að vera mikilvæg við gerð reikningsskila af tveimur ástæðum. Ef verðmæti hafa verið yfirfærð verður í fyrsta lagi að finna viðeigandi aðferð til að færa yfirfærsluna. Í öðru lagi er æskilegt að gefa vísbendingu um að hvaða marki einingin hefur haft ávinning af slíkri aðstoð á reikningsskilatímabilinu. Þetta auðveldar samanburð á reikningsskilum einingarinnar við reikningsskil fyrri tímabila og við reikningsskil annarra eininga.

6 Opinberir styrkir eru stundum nefndir öðrum nöfnum eins og framlög, fjárveitingar eða tillag.

OPINBERIR STYRKIR

7 Opinbera styrki, þ.m.t. ópeningalegir styrkir á gangvirði, skal ekki færa fyrr en nokkuð öruggt er:

a) að einingin muni uppfylla skilyrðin sem þeir eru veittir með og

b) að styrkirnir verði mótteknir.

8 Opinber styrkur er ekki færður fyrr en nokkuð öruggt er að einingin muni uppfylla þau skilyrði sem hann er veittur með og að styrkurinn verði móttekinn. Móttaka styrks sannar ekki í sjálfu sér með afgerandi hætti að skilyrðin, sem styrkurinn er veittur með, hafi verið eða verði uppfyllt.

9 Sá háttur, sem hafður er á við móttöku styrks, hefur ekki áhrif á hvaða reikningsskilaaðferð er tekin upp við meðferð hans. Styrkur er því færður með sama hætti hvort sem hann er móttekinn í handbæru fé eða sem lækkun á skuld við hið opinbera.

10 Eftirgefanlegt lán frá hinu opinbera er meðhöndlað sem opinber styrkur þegar nokkuð öruggt er að einingin muni uppfylla skilyrðin fyrir niðurfellingu lánsins.

10A Farið er með ávinning af opinberu láni á vöxtum sem eru undir markaðsvöxtum sem opinberan styrk. Lánið skal fært og metið í samræmi við IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar*. Ávinningur af vöxtum, sem eru undir markaðsvöxtum, skal metinn sem mismunurinn á upphaflegu bókfærðu virði lánsins, sem er ákvarðað í samræmi við IFRS-staðal 9, og ágóðann sem af hlýst. Ávinningur er færður í samræmi við þennan staðal. Einingin skal taka til athugunar skilyrði og skuldbindingar sem hafa verið, eða verða að vera, uppfylltar við greiningu á kostnaði sem ávinningnum af láninu er ætlað að bæta upp.

11 Þegar opinber styrkur er færður eru óvissar skuldir eða óvissar eignir, ef einhverjar eru, meðhöndlaðar í samræmi við IAS-staðal 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*.

12 Opinberir styrkir skulu færðir í rekstrarreikning á kerfisbundinn hátt á þeim tímabilum þegar einingin færir tengdan kostnað sem útgjöld sem styrkirnir eiga að jafna út.

13 Beita má tvenns konar aðferðum í reikningskilum fyrir opinbera styrki: eiginfjáraðferðinni, en samkvæmt henni er styrkur færður utan rekstrarreiknings, og tekjuaðferðinni, en samkvæmt henni er styrkur færður í rekstrarreikning á einu eða fleiri tímabilum.

14 Fylgjendur eiginfjáraðferðarinnar hafa sett fram eftirfarandi rök:

a) opinberir styrkir eru fjármögnunaraðferð og skal fara með þá sem slíka í yfirliti um fjárhagsstöðu fremur en að færa þá í rekstrarreikning til að jafna á móti þeim gjaldaliðum sem eru fjármagnaðir með þeim. Þar sem endurgreiðslu er ekki vænst skal færa slíka styrki utan rekstrarreiknings,

b) ekki er viðeigandi að færa opinbera styrki í rekstrarreikning þar sem ekki er unnið til þeirra heldur eru þeir hvatning sem hið opinbera veitir án tengds kostnaðar.

15 Rök til stuðnings tekjuaðferðinni eru eftirfarandi:

a) þar sem opinberir styrkir eru greiðslur frá öðrum en hluthöfum skal ekki færa þá beint á eigið fé heldur skal færa þá í rekstrarreikning á viðeigandi tímabilum,

b) opinberir styrkir eru sjaldan veittir án endurgjalds. Einingin ávinnur sér rétt til þeirra með því að uppfylla þau skilyrði, sem þeir eru veittir með, og þær skuldbindingar sem fyrirsjáanlegar eru. Því skal færa þá í rekstrareining á tímabilunum sem einingin færir tengdan kostað sem útgjöld sem styrknum er ætlað að vega á móti.

c) þar sem tekjuskattar og aðrir skattar eru útgjöld er rökrétt að fara á sama hátt með opinbera styrki, sem eru hluti af fjármálastefnu hins opinbera, í rekstrarreikningi.

16 Það er grundvallaratriði í tekjuaðferðinni að færa opinbera styrki í rekstarreikning með kerfisbundnum hætti á tímabili þar sem einingin færir tengdan kostnað sem útgjöld þar sem styrkurinn á að jafna út. Færsla opinberra styrkja í rekstrarreikning á grundvelli greiðslna er ekki í samræmi við forsenduna um reikningsskil á rekstrargrunni (sjá IAS-staðal 1, *framsetning reikningsskila*) og væri aðeins viðunandi ef enginn grundvöllur væri til að skipta styrk niður á önnur tímabil en móttökutímabilið.

17 Í flestum tilvikum er auðvelt að ákvarða á hvaða tímabilum eining færir kostnað eða gjöld sem tengjast opinberum styrk. Því eru styrkir, sem veittir eru vegna tilgreindra gjalda, færðir í rekstrarreikning á sama tímabili og viðeigandi gjöld. Á sama hátt eru styrkir, sem tengjast afskrifanlegum eignum, venjulega færðir í rekstrarreikning á þeim tímabilum og í þeim hlutföllum sem afskriftir vegna þeirra eigna eru færðar.

18 Vegna styrkja, sem tengjast óafskrifanlegum eignum, kann þess einnig að vera krafist að staðið verði við tilteknar skuldbindingar og verði þeir því færðir í rekstrarreikning á þeim tímabilum þar sem kostnaður fellur til við að standa við skuldbindingarnar. Styrkur í formi lands getur t.d. verið háður því skilyrði að reist verði bygging á svæðinu og það getur verið rétt að færa hann í rekstrarreikning á endingartíma byggingarinnar.

19 Styrkir eru stundum mótteknir sem hluti af fjárhagslegri eða efnahagslegri aðstoð sem bundin er ýmsum skilyrðum. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að gæta að því að tilgreina þau skilyrði sem leiða til kostnaðar eða gjalda sem ráða því á hvaða tímabili unnið er til styrksins. Það getur verið rétt að skipta hluta styrks samkvæmt einni aðferð og hluta samkvæmt annarri aðferð.

20 Opinberan styrk, sem er innheimtanlegur sem bætur vegna gjalda eða tapa sem þegar hefur verið stofnað til eða sem veittur er í því skyni að veita einingunni fjárhagsstuðning tafarlaust án nokkurs tengds kostnaðar í framtíðinni, skal færa í rekstrarreikning á því tímabili sem hann verður innheimtanlegur.

21 Við tilteknar aðstæður kann opinber styrkur að vera veittur í þeim tilgangi að veita einingu fjárhagsstuðning tafarlaust fremur en að hann sé hvatning til að hún taki á sig tiltekin útgjöld. Slíkir styrkir geta einskorðast við sérstaka einingu og ekki er víst að þeir bjóðist heilum flokki styrkþega. Við þær aðstæður getur verið réttlætanlegt að færa styrk í rekstrarreikning á því tímabili, sem einingin öðlast rétt á að hljóta hann, ásamt upplýsingum til að tryggja að áhrif hans séu auðskilin.

22 Eining getur móttekið opinberan styrk sem bætur vegna gjalda eða tapa sem stofnað var til á fyrra reikningsskilatímabili. Slíkur styrkur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann verður innheimtanlegur ásamt upplýsingum til að tryggja að áhrif hans séu auðskilin.

Ópeningalegir opinberir styrkir

23 Opinber styrkur getur verið í formi ópeningalegrar eignar, s.s. lands eða annarra verðmæta, sem einingin nýtir. Við þær aðstæður er gangvirði ópeningalegu eignarinnar venjulega metið og bæði styrkur og eign færð á því gangvirði. Önnur aðferð, sem er stundum beitt, er að skrá bæði eign og styrk á nafnverði.

Framsetning eignatengdra styrkja

24 Eignatengda opinbera styrki, þ.m.t. ópeningalegir styrkir í öðru formi en handbæru fé á gangvirði, skal setja fram í yfirliti um fjárhagsstöðu með því að tilgreina styrkinn sem frestaðar tekjur eða með því að draga styrkinn frá við útreikning á bókfærðu verði eignarinnar.

25 Tvær aðrar aðferðir við framsetningu eignatengdra styrkja í reikningsskilum (eða þá hluta styrkja sem við á) eru álitnir viðurkenndir kostir.

26 Samkvæmt annarri aðferðinni er styrkurinn færður sem frestaðar tekjur sem eru færðar í rekstrarreikning kerfisbundið og á skynsamlegan hátt sem tekjur á endingartíma eignarinnar.

27 Samkvæmt hinni aðferðinni er styrkurinn dreginn frá við útreikning á bókfærðu verði eignarinnar. Styrkurinn er færður í rekstrarreikning á endingartíma afskrifanlegrar eignar sem lægri gjaldfærsla á afskriftum.

28 Kaup á eignum og móttaka tengdra styrkja getur valdið verulegum hreyfingum á sjóðstreymi einingar. Af þessum sökum og til að sýna heildarfjárfestingu í eignum eru slíkar hreyfingar oft birtar sem sérstakir liðir í sjóðstreymisyfirliti, óháð því hvort styrkurinn er dreginn frá tengdu eigninni með tilliti til framsetningar í yfirliti um fjárhagsstöðu.

Framsetning tekjutengdra styrkja

29 Tekjutengdir styrkir eru settir fram sem hluti af rekstrarreikningi annaðhvort sérstaklega eða undir almennri fyrirsögn eins og „Aðrar tekjur“ eða þá þeir eru dregnir frá þegar tengd gjöld eru tilgreind.

29A [Felldur brott]

30 Þeir sem eru fylgjandi fyrrnefndu aðferðinni halda því fram að óviðeigandi sé að jafna tekju- og gjaldaliði og að aðgreining styrksins frá gjöldum auðveldi samanburð við önnur gjöld sem styrkur hefur ekki áhrif á. Að því er varðar síðarnefndu aðferðina er því haldið fram að sennilega hefði ekki verið stofnað til gjaldanna ef styrkurinn hefði ekki verið fáanlegur og því geti verið misvísandi að setja fram gjöldin án þess að netta styrkinn á móti.

31 Báðar aðferðir eru taldar viðurkenndar aðferðir við framsetningu tekjutengdra styrkja. Birting upplýsinga um styrkinn getur verið nauðsynleg svo að fullnægjandi skilningur á reikningsskilunum fáist. Yfirleitt er viðeigandi að veita upplýsingar um áhrif styrksins á hvern þann tekju- eða gjaldalið sem gerð er krafa um að sé tilgreindur sérstaklega.

Endurgreiðsla opinberra styrkja

32 Opinberan styrk sem þarf að endurgreiða skal færa sem breytingu á reikningshaldslegu mati (sjá IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*). Endurgreiðsla tekjutengds styrks skal fyrst jöfnuð á móti óafskrifuðum, frestuðum tekjum sem færðar hafa verið vegna styrksins. Að því marki sem endurgreiðslan er hærri en þessar frestuðu tekjur, ef einhverjar eru, eða þegar engar frestaðar tekjur eru fyrir hendi skal endurgreiðslan færð tafarlaust í rekstrarreikning. Endurgreiðsla eignatengds styrks skal færð með því að hækka bókfært verð eignarinnar eða með því að lækka frestaða tekjustöðu um þá fjárhæð sem skal endurgreidd. Uppsafnaðar viðbótarafskriftir, sem hefðu verið færðar í rekstrarreikning til tiltekinnar dagsetningar, ef styrkur hefði ekki verið til staðar, skulu færðar tafarlaust í rekstrarreikning.

33 Aðstæður, sem leiða til endurgreiðslu eignatengds styrks, geta haft í för með sér að nauðsynlegt sé að huga að hugsanlegri virðisrýrnun hins nýja bókfærða verðs eignarinnar.

OPINBER AÐSTOÐ

34 Í skilgreiningunni á opinberum styrkjum í 3. lið er undanskilin opinber aðstoð í tiltekinni mynd sem ekki er hægt að verðleggja með góðu móti og viðskipti við hið opinbera sem ekki er hægt að greina frá venjulegum viðskiptum fyrirtækisins.

35 Dæmi um aðstoð, sem ekki er hægt að verðleggja með góðu móti, er endurgjaldslaus ráðgjöf varðandi tæknimál eða markaðssetningu og ábyrgðarveitingar. Dæmi um aðstoð, sem ekki er hægt að greina frá venjulegum viðskiptum einingarinnar, er opinber innkaupastefna sem á að tryggja hluta af sölu einingarinnar. Tilvist slíks ávinnings kann að vera óumdeild en allar tilraunir til að skilja viðskipti frá opinberri aðstoð gætu orðið handahófskenndar.

36 Mikilvægi ávinningsins í dæmunum hér að framan getur verið það mikið að nauðsynlegt sé að birta upplýsingar um eðli, umfang og lengd aðstoðarinnar svo að reikningsskilin séu ekki villandi.

37 [Felldur brott]

38 Til opinberrar aðstoðar telst samkvæmt þessum staðli hvorki útvegun á grunnvirki, með endurbótum á almennum samgöngu- og fjarskiptakerfum, né á endurbættu veitukerfi, s.s. áveitu eða vatnsveitu, sem er til afnota í um óákveðinn tíma fyrir heilt sveitarfélag.

UPPLÝSINGAGJÖF

39 Greina skal frá eftirfarandi atriðum:

a) reikningsskilaaðferðinni sem beitt er á opinbera styrki, þ.m.t. framsetningaraðferðir sem beitt er í reiknings skilunum,

b) eðli og umfangi opinberra styrkja, sem færðir eru í reikningsskilin, og vísbendingum um annars konar opinbera aðstoð, sem einingin hefur haft beinan ávinning af, og

c) óuppfylltum skilyrðum og öðrum óvissuliðum sem fylgja opinberri aðstoð sem hefur verið færð.

UMBREYTINGARÁKVÆÐI

40 Eining, sem beitir staðlinum í fyrsta skipti, skal:

a) fara að kröfum um upplýsingagjöf þar sem við á og

b) annaðhvort:

i. lagfæra reikningsskilin eftir breytingu á reikningsskilaaðferð í samræmi við IAS-staðal 8, eða

ii. beita reikningsskilaákvæðum staðalsins aðeins á styrki eða hluta styrkja sem er úthlutað eða skal endurgreiða eftir gildistökudag staðalsins.

GILDISTÖKUDAGUR

41 Þessi staðall tekur gildi fyrir reikningsskil sem ná yfir tímabil sem hefjast 1. janúar 1984 eða síðar.

42 Með IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess bættist við liður 29A. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

43 Ákvæði 37. liðar voru felld brott og lið 10A bætt við með *Endurbótum á IFRS-stöðlum* sem gefnar voru út í maí 2008. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar ríkislán sem tekið er við á tímabili sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

44 [Felldur brott]

45 IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti skilgreiningunni á gangvirði í 3. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

46 *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti lið 29 og felldi brott lið 29A Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

47 [Felldur brott]

48 IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti lið 10A og felldi brott 44. og 47. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 21 (IAS-staðall 21)

Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla

MARKMIÐ

1 Eining getur stundað erlenda starfsemi á tvo vegu. Hún getur átt viðskipti í erlendum gjaldmiðli eða hún getur stundað rekstur erlendis. Auk þess getur eining sett fram reikningsskil sín í erlendum gjaldmiðli. Markmiðið með þessum staðli er að mæla fyrir um það hvernig skuli telja viðskipti í erlendum gjaldmiðli og rekstur erlendis með í reikningsskilum einingar og hvernig skuli umreikna reikningsskil yfir í framsetningargjaldmiðil.

2 Meginatriðin eru hvaða gengi skuli nota og hvernig skuli setja fram áhrif gengisbreytinga í reikningsskilunum.

GILDISSVIÐ

3 Staðlinum skal beita ([11]):

a) við reikningsskil á viðskiptum og stöðu í erlendum gjaldmiðlum, að undanskildum þeim afleiðuviðskiptum og -stöðum sem falla undir IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar*,

b) við umreikning rekstrarafkomu og fjárhagsstöðu erlends rekstrar sem talinn er með í reikningsskilum einingarinnar í samstæðureikningsskilum eða með hlutdeildaraðferð og

c) við umreikning á rekstrarárangri einingar og fjárhagsstöðu yfir í framsetningargjaldmiðil.

4 IFRS-staðall 9 gildir um margs konar afleiður í erlendum gjaldmiðlum og falla þær því utan gildissviðs þessa staðals. Á hinn bóginn falla þær afleiður í erlendum gjaldmiðlum sem falla ekki innan gildissviðs IFRS 9 (t.d. nokkrar afleiður í erlendum gjaldmiðli sem eru innbyggðar í aðra samninga) innan gildissviðs þessa staðals. Auk þess gildir þessi staðall þegar eining umreiknar fjárhæðir í tengslum við afleiður úr starfrækslugjaldmiðli yfir í framsetningargjaldmiðil.

5 Þessi staðall gildir ekki um áhættuvarnarreikningsskil liða í erlendum gjaldmiðlum, þ.m.t. áhættuvörn hreinnar fjár festingar í erlendum rekstri. IFRS-staðall 9 gildir um áhættuvarnarreikningsskil.

6 Þessi staðall gildir um framsetningu reikningsskila einingar í erlendum gjaldmiðli og í honum eru settar fram kröfur um slík reikningsskil sem skulu sögð fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS). Í þessum staðli eru tilgreindar þær upplýsingar sem skal veita um umreikning fjárhagsupplýsinga, sem ekki standast þær kröfur, yfir í erlendan gjaldmiðil.

7 Þessi staðall gildir ekki um framsetningu í sjóðstreymisyfirliti á sjóðstreymi sem verður til vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðli eða umreiknings á sjóðstreymi erlends rekstrar (sjá IAS-staðal 7, *yfirlit um sjóðstreymi*).

SKILGREININGAR

8 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

***Lokagengi* er stundargengið við lok reikningsskilatímabils.**

***Gengismunur* er munurinn sem hlýst af því að umreikna tiltekinn einingafjölda eins gjaldmiðils yfir í annan gjaldmiðil á mismunandi gengi.**

([11]) Sjá einnig SIC-túlkun 7: *upptaka evrunnar*.

***Gengi* er skiptihlutfall tveggja gjaldmiðla.**

***Gangvirði* er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13, *gangvirðismat*.)**

***Erlendur gjaldmiðill* er gjaldmiðill, annar en starfrækslugjaldmiðill einingarinnar.**

***Erlendur rekstur* er eining sem er dótturfélag, hlutdeildarfélag, samrekstur eða útibú einingarinnar sem reikningsskilin taka til og er starfsemi hennar staðsett eða starfrækt í öðru landi eða öðrum gjaldmiðli en starfsemi einingarinnar sem reikningsskilin taka til.**

***Starfrækslugjaldmiðill* er gjaldmiðill aðalefnahagsumhverfisins sem einingin er starfrækt í.**

***Samstæða* er móðurfélag og öll dótturfélög þess.**

***Peningalegir liðir* eru gjaldmiðilseiningar í eigu einingar og eignir og skuldir sem fást greiddar eða skulu greiddar í föstum eða útreiknanlegum fjölda gjaldmiðilseininga.**

***Hrein fjárfesting í erlendum rekstri* er fjárhæð hlutdeildar einingarinnar sem reikningsskilin taka til, í hreinum eignum þess rekstrar.**

***Framsetningargjaldmiðill* er sá gjaldmiðill sem reikningsskilin eru sett fram í.**

***Stundargengið* er gengi sem miðast við tafarlausa afhendingu.**

Ítarlegar skilgreiningar

Starfrækslugjaldmiðill

9 Aðalefnahagsumhverfið, sem eining er starfrækt í, er yfirleitt þar sem hún aðallega myndar og notar handbært fé. Eining kannar eftirfarandi þætti við ákvörðun á starfrækslugjaldmiðli:

a) gjaldmiðilinn:

i. sem hefur mest áhrif á söluverð vara og þjónustu (þetta er oft gjaldmiðillinn sem söluverð vara og þjónustu er tilgreint og greitt í) og

ii. í því landi sem einkum ákvarðar söluverð vara hennar og þjónustu fyrir tilstilli samkeppnisafla og -reglna,

b) gjaldmiðilinn sem hefur mest áhrif á kostnað við vinnu, efni og annað við afhendingu vara og þjónustu (þetta er gjarnan gjaldmiðillinn sem slíkur kostnaður er tilgreindur og greiddur í).

10 Eftirfarandi þættir kunna einnig að veita vísbendingar um starfrækslugjaldmiðil einingar:

a) gjaldmiðillinn sem fjármagn úr fjármögnunarhreyfingum (þ.e. útgáfa skuldabréfa og eiginfjárgerninga) er myndað í,

b) gjaldmiðillinn sem tekjur af rekstrarhreyfingum eru yfirleitt í.

11 Eftirfarandi viðbótarþættir eru kannaðir við ákvörðun á starfrækslugjaldmiðli rekstrar erlendis og því hvort starfrækslugjaldmiðill hans er sá sami og einingarinnar sem reikningsskilin eiga við (einingin sem reikningsskilin eiga við er í þessu sambandi einingin sem hefur á sínum vegum erlenda reksturinn sem dótturfélag, útibú, hlutdeildarfélag eða samrekstraraðila):

a) hvort starfsemi rekstrarins erlendis er eins og framlenging á einingunni sem reikningsskilin taka til fremur en að hún sé að verulegu leyti sjálfstæð. Dæmi um hið fyrrnefnda er þegar erlendur rekstur selur aðeins vörur, sem fluttar eru inn frá einingunni sem reikningsskilin taka til, og sendir ágóðann til hennar. Dæmi um hið síðarnefnda er þegar reksturinn safnar handbæru fé og öðrum peningalegum liðum, stofnar til gjalda, myndar tekjur og útvegar lán, allt að miklu leyti í gjaldmiðli þess lands sem reksturinn er í.

b) hvort viðskipti við eininguna sem reikningsskilin taka til, eru stór eða lítill hluti af starfsemi erlenda rekstrarins,

c) hvort sjóðstreymi frá starfsemi erlenda rekstrarins hefur bein áhrif á sjóðstreymi einingarinnar sem reikningsskilin taka til og stendur henni auðveldlega til ráðstöfunar sem tekjur,

d) hvort sjóðstreymi frá starfsemi rekstrarins erlendis er nægilegt til að standa undir þeim skuldbindingum sem fyrir eru og þeim sem alla jafna vænst án þess að einingin sem reikningsskilin taka til, þurfi að útvega fjármagn.

12 Þegar framangreindar vísbendingar blandast saman og ekki er ljóst hver starfrækslugjaldmiðillinn er beita stjórnendur því dómgreind sinni til að ákvarða hvaða starfrækslugjaldmiðill sem gefur hvað raunsannasta mynd af efnahagslegum áhrifum þeirra viðskipta, atburða og aðstæðna sem liggja til grundvallar. Hluti þessarar aðferðar er að stjórnendur veita aðalvísbendingunum í 9. lið forgang áður en þeir taka til skoðunar vísbendingarnar í 10. og 11. lið en þær eru til þess ætlaðar að veita viðbótarvísbendingar við ákvörðun starfrækslugjaldmiðils einingarinnar.

13 Starfrækslugjaldmiðill einingar endurspeglar þau viðskipti, atburði og aðstæður sem liggja til grundvallar og skipta máli fyrir eininguna. Af þeim sökum er starfrækslugjaldmiðlinum ekki breytt, þegar hann hefur einu sinni verið ákvarðaður, nema breyting verði á þeim viðskiptum, atburðum og aðstæðum sem liggja til grundvallar.

14 Ef starfrækslugjaldmiðillinn er gjaldmiðill í hagkerfi þar sem óðaverðbólga ríkir eru reikningsskil einingarinnar endurgerð í samræmi við IAS-staðal 29, *reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir*. Eining getur ekki komist hjá endurgerð í samræmi við IAS-staðal 29 með því t.d. að taka upp sem starfrækslugjaldmiðil annan gjaldmiðil en starfrækslugjaldmiðil sem er ákvarðaður í samræmi við þennan staðal (t.d. starfrækslugjaldmiðil móðurfélags hennar).

Hrein fjárfesting í erlendum rekstri

15 Eining getur verið með peningalegan lið sem er krafa á eða skuld við erlendan rekstur. Liður, sem ekki er ætlunin að gera upp og ólíklegt er að verði gerður upp í fyrirsjáanlegri framtíð, er í reynd hluti af hreinni fjárfestingu einingarinnar í erlenda rekstrinum og er færður í samræmi við 32. og 33. lið. Þess háttar peningalegir liðir geta falið í sér langtímakröfur eða -lán. Þeir fela ekki í sér viðskiptakröfur eða viðskiptaskuldir.

15A Einingin, sem á peningalegan lið, sem er viðskiptakrafa á eða viðskiptaskuld við erlendan rekstur, sem er lýst í 15. lið, getur verið dótturfélag samstæðunnar. Eining á sem dæmi tvö dótturfélög, A og B. Dótturfélag B er erlendur rekstur. Dótturfélag A veitir dótturfélagi B lán. Lán dótturfélagsins A, sem er krafa á dótturfélag B, verður hluti hreinnar fjárfestingar einingarinnar í dótturfélagi B ef ekki er ætlunin að gera lánið upp og ólíklegt er að það verði gert í fyrirsjáanlegri framtíð. Þetta ætti einnig við ef dótturfélag A væri sjálft erlendur rekstur.

Peningalegir liðir

16 Grundvallarþáttur peningalegs liðar er réttur til að fá afhentan (eða skuldbinding um að afhenda) fastan eða ákvarðanlegan fjölda gjaldmiðilseininga. Sem dæmi má nefna: eftirlaun og önnur starfskjör sem greiða skal í handbæru fé, reiknaðar skuldbindingar sem gera skal upp með handbæru fé, leiguskuldir og arðgreiðslur í handbæru fé sem eru færðar sem skuldbinding. Eins er samningur um að fá afhentan (eða að afhenda) breytilegan fjölda eigin eiginfjárgerninga einingarinnar eða breytilegt andvirði eigna þar sem gangvirðið, sem á að fást afhent (eða á að afhenda), er jafnt föstum eða ákvarðanlegum fjölda gjaldmiðilseininga, peningalegur liður. Á hinn bóginn er grundvallarþáttur ópeningalegs liðar sá að réttur til að fá afhentan (eða skuldbinding um að afhenda) fastan eða ákvarðanlegan fjölda gjaldmiðilseininga er ekki fyrir hendi. Sem dæmi má nefna: fyrirframgreiddar fjárhæðir fyrir vörur og þjónustu, viðskiptavild, óefnislegar eignir, birgðir, varanlegir rekstrarfjármunir, eignir með afnotarétti og reiknaðar skuldbindingar sem á að gera upp með afhendingu ópeningalegrar eignar.

SAMANTEKT Á AÐFERÐINNI SEM KRAFIST ER Í ÞESSUM STAÐLI

17 Við gerð reikningsskila skal sérhver eining — hvort sem hún er sjálfstæð eining, eining með erlendan rekstur (s.s. móðurfélag) eða rekstur erlendis (s.s. dótturfélag eða útibú) — ákvarða starfrækslugjaldmiðil sinn í samræmi við 9.–14. lið. Einingin umreiknar liði í erlendum gjaldmiðli inn í starfrækslugjaldmiðil og gerir grein fyrir áhrifunum af slíkum umreikningi í samræmi við 20.–37. og 50. lið.

18 Reikningsskil margra eininga ná yfir fjölda stakra eininga (í samstæðu eru t.d. móðurfélag og eitt eða fleiri dótturfélög). Ýmsar gerðir eininga, hvort sem þær eru innan samstæðu eða ekki, geta verið með fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eða samrekstri. Þær geta einnig átt dótturfélög. Nauðsynlegt er að umreikna rekstrarárangur og fjárhagsstöðu hverrar stakrar einingar, sem telst til einingarinnar sem reikningsskilin taka til, yfir í þann gjaldmiðil sem einingin sem reikningsskilin taka til, setur reikningsskilin fram í. Samkvæmt þessum staðli er einingu heimilt að nota hvaða gjaldmiðil (eða gjaldmiðla) sem er sem framsetningargjaldmiðil. Niðurstöður og fjárhagsstaða einstakrar einingar innan reikningsskilaeiningar þar sem starfrækslugjaldmiðill er frábrugðinn framsetningargjaldmiðli eru umreiknaðar í samræmi við liði 38-50.

19 Samkvæmt þessum staðli er einnig heimilt að sjálfstæð eining geri reikningsskil, eða eining sem gerir aðgreind reikningsskil í samræmi við IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil*, setji fram reikningsskil sín í hvaða gjaldmiðli (eða gjaldmiðlum) sem er. Ef framsetningargjaldmiðill einingar er annar en starfrækslugjaldmiðill hennar eru rekstrarárangur og fjárhagsstaða einnig umreiknuð yfir í framsetningargjaldmiðilinn í samræmi við 38.–50. lið.

VIÐSKIPTI Í ERLENDUM GJALDMIÐLI SETT FRAM Í STARFRÆKSLUGJALDMIÐLI

Upphafleg færsla

20 Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru viðskipti sem eru tilgreind eða skulu gerð upp í erlendum gjaldmiðli, þ.m.t. viðskipti þegar eining:

a) kaupir eða selur vöru eða þjónustu á verði sem tilgreint er í erlendum gjaldmiðli,

b) fær að láni eða lánar fjármagn þar sem endurgreiðslan er tilgreind í erlendum gjaldmiðli eða

c) kaupir eða selur á annan hátt eignir eða stofnar til eða gerir upp skuldir sem eru tilgreindar í erlendum gjaldmiðli.

21 Viðskipti í erlendum gjaldmiðli skal í upphafi skrá í starfrækslugjaldmiðlinum með því að umreikna fjárhæðina í erlenda gjaldmiðlinum út frá stundargengi starfrækslugjaldmiðilsins gagnvart erlenda gjaldmiðlinum á degi viðskiptanna.

22 Dagsetning viðskiptanna er sú dagsetning þegar viðskiptin uppfylla skilyrði fyrir færslu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla). Af hagkvæmnisástæðum er oft notað gengi sem er nálægt raunverulegu gengi á degi viðskiptanna, t.d. er hægt að nota meðalgengi viku eða mánaðar fyrir öll viðskipti í hverjum erlendum gjaldmiðli fyrir sig sem eiga sér stað á tímabilinu. Ef gengi sveiflast verulega er þó ekki rétt að nota meðalgengi fyrir tímabil.

Gagnaskil við lok næsta reikningsskilatímabils

23 Við lok hvers reikningsskilatímabils:

a) skal umreikna peningalega liði í erlendum gjaldmiðli á lokagengi,

b) skal umreikna ópeningalega liði, sem metnir eru á upphaflegu kostnaðarverði í erlendum gjaldmiðli, á genginu sem gilti á degi viðskiptanna og

c) skal umreikna ópeningalega liði, sem metnir eru á gangvirði í erlendum gjaldmiðli, á genginu sem gilti daginn sem gangverðið var metið.

24 Bókfært verð liðar er ákvarðað í tengslum við aðra viðeigandi staðla. Varanlega rekstrarfjármuni má t.d. meta á gangvirði eða upphaflegu kostnaðarverði í samræmi við IAS-staðal 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*. Ef fjárhæðin er ákvörðuð í erlendum gjaldmiðli er hún umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil í samræmi við þennan staðal hvort sem bókfært verð er ákvarðað miðað við upphaflegt kostnaðarverð eða gangvirði.

25 Bókfært verð nokkurra liða er ákvarðað með því að bera saman tvær eða fleiri fjárhæðir. Bókfært verð birgða er t.d. kostnaðarverð eða hreint söluvirði, hvort heldur er lægra, í samræmi við IAS-staðal 2, *birgðir*. Á sama hátt er bókfært verð eignar, sem vísbending er um að hafi rýrnað í verði, bókfært verð hennar fyrir hugsanlegt virðisrýrnunartap eða endurheimtanleg fjárhæð hennar, hvort heldur er lægra, í samræmi við IAS-staðal 36, *virðisrýrnun eigna*. Þegar slík eign er ópeningaleg og er metin í erlendum gjaldmiðli er bókfærða verðið ákvarðað með því að bera saman:

a) kostnaðarverð eða bókfært verð, eins og við á, umreiknað á gengi dagsins þegar sú fjárhæð var ákvörðuð (þ.e. genginu á degi viðskipta vegna liðar sem er metinn á upphaflegu kostnaðarverði), og

b) hreint söluvirði eða endurheimtanleg fjárhæð, eins og við á, umreiknað á gengi dagsins þegar það virði var ákvarðað (t.d. lokagengi við lok reikningsskilatímabils).

Áhrifin af þessum samanburði kunna að vera að virðisrýrnunartap sé fært í starfrækslugjaldmiðli en væri ekki fært í erlenda gjaldmiðlinum eða öfugt.

26 Þegar nokkrir möguleikar eru á gengi er notað það gengi sem framtíðarsjóðstreymi, sem kemur fram í viðskiptunum eða stöðunni, gæti hafa verið gert upp í ef sjóðstreymið hefði átt sér stað þann dag sem matið fór fram. Ef ekki er unnt að skipta tveimur gjaldmiðlum innbyrðis tímabundið er notað fyrsta gengið eftir að skipti urðu möguleg.

Færsla gengismunar

27 Eins og kemur fram í a-lið 3. liðar og 5. lið gildir IFRS-staðall 9 um áhættuvarnarreikningsskil fyrir liði í erlendum gjaldmiðli. Með beitingu áhættuvarnarreikningsskila er gerð krafa um að eining færi nokkrar gerðir gengismunar með öðrum hætti en með þeirri meðferð sem gerð er krafa um í þessum staðli. Í IFRS-staðli 9 er t.d. gerð krafa um að gengismunur á peningalegum liðum, sem flokkast undir áhættuvarnargerninga í sjóðstreymisvörn, sé upphaflega færður í aðra heildarafkomu að því marki sem vörnin skilar árangri.

28 Gengismun sem stafar af uppgjöri peningalegra liða eða umreikningi á peningalegum liðum einingar á öðru gengi en því sem þeir voru umreiknaðir á í upphaflegri færslu á tímabilinu eða í fyrri reikningsskilum, skal færa í rekstrarreikning á tímabilinu þegar hann verður til, nema að því leyti sem fram kemur í 32. lið.

29 Þegar peningalegir liðir orsakast af viðskiptum í erlendum gjaldmiðli og breyting verður á gengi frá viðskiptadegi til uppgjörsdags myndast gengismunur. Þegar viðskipti eru gerð upp á reikningsskilatímabilinu þegar þau áttu sér stað er allur gengismunur færður á það tímabil. Þegar viðskipti eru hins vegar gerð upp á síðara reikningsskilatímabili er gengismunurinn, sem færður er á hverju tímabili fram að greiðsludegi, ákvarðaður af þeim gengisbreytingum sem orðið hafa á hverju tímabili.

30 Þegar ágóði eða tap af ópeningalegum lið er tekju- eða gjaldfært í aðra heildarafkomu skal færa gengisþáttinn af þess háttar ágóða eða tapi í aðra heildarafkomu. Þegar ágóði eða tap á ópeningalegum lið er á hinn bóginn tekju- eða gjaldfært skal færa gengisþáttinn af þess háttar ágóða eða tapi í rekstrarreikning

31 Í öðrum IFRS-stöðlum er gerð krafa um að tiltekinn hagnaður og tiltekið tap skuli færast beint á aðra heildarafkomu. Í IAS-staðli 16 er t.d. gerð krafa um að tiltekinn hagnaður og tiltekið tap, sem leiðir af endurmati á varanlegum rekstrarfjármunum, sé fært beint á aðra heildarafkomu. Þegar slík eign er metin í erlendum gjaldmiðli er gerð krafa um það í c-lið 23. liðar í þessum staðli að endurmetin fjárhæð skuli umreiknuð á gengi dagsins þegar virðið er ákvarðað, sem leiðir til gengismunar sem er einnig færður á aðra heildarafkomu.

32 Gengismunur sem stafar af peningalegum lið sem er hluti af hreinni fjárfestingu einingarinnar sem reikningsskilin taka til, í erlendum rekstri (sjá 15. lið) skal færður í rekstrarreikning í aðgreindum reikningsskilum einingarinnar sem reikningsskilin taka til, eða eigin reikningsskilum erlenda rekstrarins, eins og við á. Í reikningsskilum sem ná yfir erlenda reksturinn og eininguna sem reikningsskilin taka til (t.d. samstæðureikningsskilum þegar erlendi reksturinn er dótturfélag), skal upphaflega færa þess háttar gengismun á aðra heildarafkomu og við ráðstöfun hreinnar fjárfestingar í samræmi við 48. lið skal endurflokka gengismuninn frá eigin fé í rekstrarreikning.

33 Þegar peningalegur liður er hluti af hreinni fjárfestingu einingarinnar sem reikningsskilin taka til, í erlendum rekstri og er tilgreindur í starfrækslugjaldmiðli einingarinnar sem reikningsskilin taka til, myndast gengismunur í eigin reikningsskilum erlenda rekstrarins í samræmi við 28. lið. Eins myndast gengismunur í samræmi við 28. lið í aðgreindum reikningsskilum einingarinnar sem reikningsskilin taka til, ef slíkur liður er tilgreindur í starfrækslugjaldmiðli erlenda rekstrarins. Ef slíkur liður er tilgreindur í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli einingarinnar sem reikningsskilin taka til, eða erlenda rekstrarins, myndast gengismunur í aðgreindum reikningsskilum einingarinnar sem reikningsskilin taka til, og í eigin reikningsskilum erlenda rekstrarins, í samræmi við 28. lið. Þess háttar gengismunur er færður í aðra heildarafkomuþátt í reikningsskilunum yfir erlenda reksturinn og eininguna sem reikningsskilin taka til (þ.e. reikningsskilum þar sem gerð er grein fyrir erlenda rekstrinum í samstæðureikningsskilum eða með eiginfjáraðferðinni).

34 Þegar reikningshald og skrár einingar eru í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli hennar eru allar fjárhæðir umreiknaðar yfir í starfrækslugjaldmiðilinn þegar einingin gerir reikningsskilin í samræmi við 20.–26. lið. Með þessu verða sömu fjárhæðir í starfrækslugjaldmiðlinum og hefði orðið ef liðirnir hefðu upphaflega verið skráðir í starfrækslugjaldmiðlinum. Peningalegir liðir eru t.d. umreiknaðir yfir í starfrækslugjaldmiðilinn á lokagengi og óperningalegir liðir, sem eru metnir samkvæmt kostnaðarverðsreglunni, eru umreiknaðir á gengi dagsins þegar viðskiptin, sem leiddu til færslu þeirra, áttu sér stað.

Breyting á starfrækslugjaldmiðli

35 Þegar breyting verður á starfrækslugjaldmiðli einingar **skal hún beita þeim umreikningsaðferðum, sem eiga við nýja starfrækslugjaldmiðilinn, framvirkt frá þeim degi sem breytingin verður.**

36 Eins og fram kemur í 13. lið endurspeglar starfrækslugjaldmiðill einingar þau viðskipti, atburði og aðstæður sem liggja til grundvallar og skipta máli fyrir eininguna. Af þeim sökum er ekki unnt að breyta starfrækslugjaldmiðlinum, þegar hann hefur einu sinni verið ákvarðaður, nema breyting verði á þeim viðskiptum, atburðum og aðstæðum sem liggja til grundvallar. Breyting á gjaldmiðli, sem hefur aðallega áhrif á söluverð vara og þjónustu, kann t.d. að leiða til breytingar á starfrækslugjaldmiðli einingar.

37 Áhrifin af breytingu á starfrækslugjaldmiðli eru færð framvirkt. Eining umreiknar, með öðrum orðum, alla liði yfir í nýja starfrækslugjaldmiðilinn á gengi dagsins sem breytingin er gerð. Farið er með þessar umreiknuðu fjárhæðir fyrir óperningalega liði sem upphaflegt kostnaðarverð. Gengismunur, sem stafar af umreikningnum á erlendum rekstri, sem áður var flokkaður í aðra heildarafkomu í samræmi við 32. lið og c-lið 39. liðar, er ekki endurflokkaður úr eigin fé í rekstrarreikning fyrr en við ráðstöfun rekstrarins.

NOTKUN ANNARS FRAMSETNINGARGJALDMIÐILS EN STARFRÆKSLUGJALDMIÐILS

Umreikningur yfir í framsetningargjaldmiðil

38 Eining getur sett fram reikningsskil sín í hvaða erlendum gjaldmiðli (eða gjaldmiðlum) sem er. Ef framsetn ingargjaldmiðill einingar er annar en starfrækslugjaldmiðill hennar umreiknar hún rekstrarárangur sinn og fjárhagsstöðu yfir í framsetningargjaldmiðilinn. Þegar í samstæðu eru t.d. stakar einingar með mismunandi starfrækslugjaldmiðla er rekstrarniðurstaða og fjárhagsstaða hverrar einingar tilgreind í sameiginlegum gjaldmiðli svo að unnt sé að setja fram samstæðureikningsskil.

39 Rekstrarniðurstöðu og fjárhagsstöðu einingar, sem notar starfrækslugjaldmiðil sem er ekki gjaldmiðill hagkerfis þar sem óðaverðbólga ríkir, skal umreikna yfir í annan framsetningargjaldmiðil með eftirfarandi aðferð:

a) eignir og skuldir í sérhverjum efnahagsreikningi, sem er settur fram (þ.e. ásamt samanburðartölum), skal umreikna á lokagengi miðað við dagsetningu þess efnahagsreiknings,

b) tekjur og gjöld fyrir sérhvert yfirlit um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu (þ.e. ásamt samanburðartölum) skal umreikna á gengi á viðskiptadögum, og

c) allan gengismismun, sem af því leiðir, skal færa á aðra heildarafkomu.

40 Af hagkvæmnisástæðum er oft notað gengi sem er nálgun á genginu á viðskiptadegi, t.d. er oft notað meðalgengi tímabilsins við umreikning tekju- og gjaldaliða. Ef gengi sveiflast verulega er þó ekki rétt að nota meðalgengi fyrir tímabil.

41 Gengismunurinn sem um getur í c-lið 39. liðar stafar af:

a) umreikningi tekna og gjalda á gengi þeirra daga, sem viðskiptin fara fram, og eigna og skulda á lokagengi,

b) umreikningi á upphafsstöðu hreinna eigna á lokagengi sem er annað fyrra lokagengi.

Þessi gengismunur er ekki færður í rekstrarreikning vegna þess að breytingarnar á genginu hafa lítil sem engin bein áhrif á núverandi sjóðstreymi eða framtíðarsjóðstreymi vegna rekstrarins. Uppsöfnuð fjárhæð gengismunar er sett fram í aðgreindum þætti meðal eigin fjár þar til erlenda rekstrinum hefur verið ráðstafað. Þegar gengismunur tengist erlendum rekstri sem er hluti af samstæðu en ekki að öllu leyti í eigu einingarinnar er uppsöfnuðum gengismun, sem hlýst af umreikningi og hægt er að rekja til hlutdeildar sem ekki er ráðandi, skipt niður á og færður sem hluti af hlutdeild sem ekki er ráðandi í efnahagsreikningi samstæðunnar.

42 Rekstrarniðurstöður og fjárhagsstöðu einingar, sem notar starfrækslugjaldmiðil sem er gjaldmiðill hagkerfis þar sem óðaverðbólga ríkir, skal umreikna yfir í annan framsetningargjaldmiðil með eftirfarandi aðferð:

a) allar fjárhæðir (þ.e. eignir, skuldir, eiginfjárliðir, tekjur og gjöld, ásamt samanburðartölum), skal umreikna á lokagengi miðað við dagsetningu nýjasta efnahagsreikningsins, nema

b) þegar fjárhæðir eru umreiknaðar yfir í gjaldmiðil hagkerfis þar sem ekki ríkir óðaverðbólga, en þá eru samanburðarfjárhæðirnar þær fjárhæðir sem voru settar fram sem fjárhæðir yfirstandandi árs í viðeigandi reikningsskilum frá fyrra ári (þ.e. ekki leiðréttar vegna síðari breytinga á verðlagi eða síðari breytinga á gengi).

43 Þegar starfrækslugjaldmiðill einingar er gjaldmiðill hagkerfis þar sem óðaverðbólga ríkir skal einingin endurgera reikningsskil sín í samræmi við IAS-staðal 29 áður en hún beitir umreikningsaðferðinni sem sett er fram í 42. lið, að undanskildum samanburðarfjárhæðum sem eru umreiknaðar yfir í gjaldmiðil hagkerfis þar sem óðaverðbólga ríkir ekki (sjá b-lið 42. liðar). Þegar óðaverðbólgu linnir í hagkerfinu og einingin verðleiðréttir ekki lengur reikningsskil sín í samræmi við IAS-staðal 29 skal hún nota fjárhæðirnar sem voru verðleiðréttar til verðlags dagsins þegar einingin hætti að verðleiðrétta reikningsskilin sem upphaflegt kostnaðarverð fyrir umreikning yfir í framsetningargjaldmiðilinn.

Umreikningur á erlendum rekstri

44 Auk 38.–43. liðar gildir 45.–47. liður þegar rekstrarniðurstöður og fjárhagsstaða erlends rekstrar eru umreiknaðar yfir í framsetningargjaldmiðil svo að hægt sé að telja erlenda reksturinn með í reikningsskilum einingarinnar sem reikningsskilin taka til, við umreikning á rekstrarniðurstöðu og fjárhagsstöðu erlends rekstrar í samstæðureikningsskilum eða reikningsskilum með hlutdeildaraðferð.

45 Sameining rekstrarniðurstaðna og fjárhagsstöðu erlends rekstrar við reikningsskil einingarinnar sem reikningsskilin taka til, er gerð eftir venjulegum aðferðum við gerð samstæðureikningsskila, s.s. með því að fella út stöður innan samstæðu og viðskipti dótturfélags innan samstæðu (sjá IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*). Ekki er þó hægt að fella út peningalegar eignir (eða skuldir) innan samstæðunnar, hvort sem þær eru til skamms eða langs tíma, á móti samsvarandi skuldum (eða eignum) án þess að sýna afleiðingar gengissveiflna í samstæðureikningsskilunum. Það stafar af því að peningalegum lið fylgir skuldbinding um að breyta einum gjaldmiðli í annan og einingin sem reikningsskilin taka til, verður þar með óvarin fyrir ágóða eða tapi vegna gengissveiflna. Í samræmi við þetta er slíkur gengismunur áfram færður í rekstrarreikning í samstæðureikningsskilum einingarinnar sem reikningsskilin taka til eða, ef hann verður til við þær aðstæður sem lýst er í 32. lið, er hann færður í aðra heildarafkomu og safnað upp í aðgreindum þætti meðal eigin fjár þar til erlenda rekstrinum hefur verið ráðstafað.

46 Þegar reikningsskil erlends rekstrar miðast við annan reikningsskiladag en reikningsskil einingarinnar sem reikningsskilin taka til, semur erlendi reksturinn oft viðbótaryfirlit sem miðast við sömu dagsetningu og reikningsskil einingarinnar sem reikningsskilin taka til. Þegar þetta er ekki gert er heimilt samkvæmt IFRS-staðli 10 að nota annan dag, að því tilskildu að ekki muni meira en þremur mánuðum og að leiðréttingar séu gerðar vegna áhrifa af umtalsverðum viðskiptum eða öðrum atburðum sem gerast á milli reikningsskiladaganna. Í slíkum tilvikum eru eignir og skuldir erlenda rekstrarins umreiknaðar á genginu sem var í gildi við lok reikningsskilatímabils erlenda rekstrarins. Leiðréttingar eru gerðar vegna verulegra breytinga á gengi fram til loka reikningsskilatímabils einingarinnar sem reikningsskilin taka til, í samræmi við IFRS-staðal 10. Sama aðferð er notuð þegar hlutdeildaraðferðinni er beitt á hlutdeildarfélög og samrekstur í samræmi við IAS-staðal 28 (eins og honum var breytt 2011).

47 Fara skal með viðskiptavild, sem verður til við kaup á erlendum rekstri, og þá gangvirðisleiðréttingu, sem kann að verða á bókfærðu verði eigna og skulda við kaupin á erlenda rekstrinum, sem eignir og skuldir erlenda rekstrarins. Þær skulu því tilgreindar í starfrækslugjaldmiðli erlenda rekstrarins og skulu umreiknaðar á lokagenginu í samræmi við 39. og 42. lið.

Ráðstöfun, eða ráðstöfun að hluta til, á erlendum rekstri

48 Við ráðstöfun á erlendum rekstri skal endurflokka uppsafnaða fjárhæð gengismunar sem tengist erlendum rekstri, sem var færð í aðra heildarafkomu og safnað upp í aðgreindan þátt meðal eigin fjár, úr eigin fé í rekstrarreikning (sem endurflokkunarleiðrétting) þegar færður er hagnaður eða tap af ráðstöfun (sjá IAS-staðal 1, *framsetning reikningsskila* (endurskoðaður 2007)).

48A Í viðbót við ráðstöfun heildarhlutdeildar einingar í erlendum rekstri er eftirfarandi ráðstöfun að hluta bókfærð sem ráðstafanir:

a) þegar ráðstöfunin að hluta sem felur í sér tap á yfirráðum yfir dótturfélagi sem nær yfir erlendan rekstur óháð því hvort einingin heldur hlut sem ekki er ráðandi í fyrrum dótturfélagi sínu eftir ráðstöfunina að hluta, og

b) þegar eftirstæðir hagsmunir eftir ráðstöfunum að hluta á hlutdeild í sameiginlegu fyrirkomulagi eða á hlutdeild í hlutdeildarfélagi sem nær yfir erlendan rekstur er fjáreign sem felur í sér erlendan rekstur.

48B Við ráðstöfun á dótturfélagi, sem nær yfir erlendan rekstur, skal uppsöfnuð fjárhæð gengismunar, sem tengist þessum erlenda rekstri, sem heyrir undir hlut sem ekki er ráðandi, afskráð en ekki endurflokkuð og færð í rekstrarreikning.

48C Sé dótturfélagi, sem nær yfir erlendan rekstur, ráðstafað að hluta til skal einingin færa hlutfallslegan hluta uppsafnaðrar fjárhæðar gengismunarins, sem færður er í aðra heildarafkomu, á hlut sem ekki er ráðandi í þeim erlenda rekstri. Í öllum öðrum tilvikum, þegar erlendum rekstri er ráðstafað að hluta til, skal einingin einungis endurflokka og færa í rekstrarreikning hlutfallslegan hluta uppsafnaðs gengismunar, sem færður er í aðra heildarafkomu.

48D Ráðstöfun að hluta til á hlutdeild einingar í erlendum rekstri er öll skerðing á eignarhaldi einingar í erlendum rekstri, nema þær skerðingar sem getið er um í lið 48A og eru færðar sem ráðstafanir.

49 Eining getur ráðstafað hlutdeild sinni í erlendum rekstri, að hluta til eða alveg, með sölu, félagsslitum, endurgreiðslu hlutafjár eða með því að leggja niður erlenda reksturinn að hluta til eða alveg. Niðurfærsla á bókfærðu verði erlends rekstrar, annaðhvort vegna eigin taps eða vegna virðisrýrnunar, sem fjárfestirinn færir, telst ekki ráðstöfun að hluta til. Til samræmis við það er enginn hluti gengishagnaðarins eða gengistapsins, sem færður er í aðra heildarafkomu, endurflokkaður í rekstrarreikning um leið og niðurfærslan á sér stað.

SKATTALEG ÁHRIF ALLS GENGISMUNAR

50 Hagnaður eða tap af viðskiptum í erlendum gjaldmiðli og gengismunur sem hlýst af umreikningi á rekstrarniðurstöðu og fjárhagsstöðu einingar (þ.m.t. erlendur rekstur) yfir í annan gjaldmiðil kann að hafa skattaleg áhrif. IAS-staðall 12, *tekjuskattar*, gildir um þessi skattalegu áhrif.

UPPLÝSINGAGJÖF

51 Í 53. og 55.–57. lið eiga tilvísanir í „starfrækslugjaldmiðil“, þegar um er að ræða samstæðu, við um starfrækslugjaldmiðil móðurfélagsins.

52 Eining skal birta upplýsingar um:

a) fjárhæð gengismunar, sem er færður í rekstrarreikning, nema þegar hann stafar af fjármálagerningum sem metnir eru á gangvirði í rekstrarreikningi í samræmi við IFRS-staðal 9 og

b) hreinan gengismun, sem er færður í aðra heildarafkomu og safnað upp í aðgreindan þátt meðal eigin fjár, og afstemmingu fjárhæðar slíks gengismunar við upphaf og lok tímabils.

53 Þegar framsetningargjaldmiðill er annar en starfrækslugjaldmiðill skal greina frá því ásamt því hver starfrækslugjaldmiðilinn er og ástæðu þess að notaður er annar gjaldmiðill en framsetningargjaldmiðillinn.

54 Þegar starfrækslugjaldmiðli annaðhvort einingarinnar sem reikningsskilin taka til, eða umtalsverðs, erlends rekstrar er breytt skal greina frá því og ástæðunni fyrir breytingunni á starfrækslugjaldmiðli.

55 Þegar eining setur fram reikningsskil sín í gjaldmiðli, sem er annar en starfrækslugjaldmiðill hennar, skal hún ekki segja reikningsskilin fylgja IFRS-stöðlum nema þau uppfylli allar kröfur sem gerðar eru í þessum stöðlum, þ.m.t. umreikningsaðferðinni sem er sett fram í 39. og 42. lið.

56 Eining setur stundum reikningsskil sín eða aðrar fjárhagsupplýsingar fram í gjaldmiðli, sem er ekki starfrækslugjaldmiðill hennar, án þess að hún uppfylli kröfur 55. liðar. Eining getur t.d. aðeins breytt völdum liðum í reikningsskilum sínum yfir í annan gjaldmiðil. Annað dæmi er eining sem hefur starfrækslugjaldmiðil, sem er ekki gjaldmiðill þar sem óðaverðbólga ríkir, sem breytir reikningsskilunum yfir í annan gjaldmiðil með því að umreikna alla liði á nýjasta lokagengi. Slík umbreyting er ekki í samræmi við IFRS-staðla og er gerð krafa um upplýsingar skv. 57. lið.

57 Þegar eining birtir reikningsskil sín eða aðrar fjárhagsupplýsingar í gjaldmiðli, sem er ekki starfrækslugjaldmiðill eða framsetningargjaldmiðill hennar og kröfur í 55. lið eru ekki uppfylltar, skal hún:

a) auðkenna upplýsingarnar greinilega sem viðbótarupplýsingar til að greina þær frá upplýsingunum sem fylgja IFRS-stöðlum,

b) greina frá gjaldmiðlinum sem viðbótarupplýsingarnar eru gefnar í og

c) greina frá starfrækslugjaldmiðlinum og umreikningsaðferðinni, sem er notuð til að ákvarða hvaða viðbótar-upplýsingar eru birtar.

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

58 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Hvatt er til fyrri beitingar. Ef eining beitir þessum staðli vegna tímabils sem hefst fyrir 1. janúar 2005 skal hún greina frá því.

58A Með breytingu á IAS-staðli 21, hrein fjárfesting í erlendum rekstri, sem var gefin út í desember 2005, bættist liður 15A við og 33. liður breyttist. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2006 eða síðar. Hvatt er til fyrri beitingar.

59 Eining skal beita 47. lið framvirkt á allar yfirtökur sem fara fram eftir að reikningsskilatímabilið, þegar þessum staðli er fyrst beitt, er hafið. Afturvirk beiting 47. liðar að því er varðar fyrri yfirtökur er heimil. Eigi að fara framvirkt með yfirtöku á erlendum rekstri, sem fer fram áður en þessum staðli er fyrst beitt, skal einingin ekki endurgera fyrri ár og til samræmis við það, þegar við á, fara með viðskiptavild og gangvirðisleiðréttingu, sem verður til vegna yfirtökunnar, sem eignir og skuldir einingarinnar fremur en eignir og skuldir erlenda rekstrarins. Af þeim sökum hafa viðskiptavild og gangvirðisleiðréttingar annaðhvort þegar verið settar fram í starfrækslugjaldmiðli einingarinnar eða eru óþeningalegir liðir í erlendum gjaldmiðli sem skráðir eru miðað við gengið á þeim degi þegar yfirtakan fór fram.

60 Allar aðrar breytingar, sem leiðir af beitingu þessa staðals, skal færa í samræmi við kröfur í IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*.

60A Með IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess er ákvæðum 27., 30.–33., 37., 39., 41., 45., 48. og 52. liðar breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

60B Með IAS-staðli 27 (með áorðnum breytingum árið 2008) bættust liðir 48A–48D við og 49. liður breyttist. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 27 (breytt 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

60C [Felldur brott]

60D Liður 60B breyttist með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)* sem gefnar voru út í maí 2010. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar. Fyrri beiting er heimil.

60E [Felldur brott]

60F IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, útgefnir í maí 2011 breyttu liðum 3 (b-lið), 8, 11, 18, 19, 33, 44–46 og 48A. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

60G IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti skilgreiningunni á gangvirði í 8. lið og breytti 23. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

60H *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti 39. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

60I [Felldur brott]

60J IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti 3., 4., 5., 27. og 52. lið og felldi brott liði 60C, 60E og 60I. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

60K IFRS-staðall 16, *leigusamningar* gefinn út í maí 2016, breytti 16. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

AFTURKÖLLUN ANNARRA YFIRLÝSINGA

61 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 21, *áhrif gengisbreytinga í erlendum gjaldmiðlum* (endurskoðaður 1993).

62 Þessi staðall kemur í stað eftirfarandi túlkana:

a) SIC-túlkun 11, *erlendir gjaldmiðlar — eignfærsla tapa sem hljótast af mjög mikilli gengislækkun gjaldmiðils*,

b) SIC- túlkun 19, *reikningsskilagjaldmiðill — mat og framsetning reikningsskila samkvæmt IAS-staðli 21 og IAS-staðli 29*, og

c) SIC-túlkun 30, *reikningsskilagjaldmiðill — umreikningur úr matsgjaldmiðli yfir í framsetningargjaldmiðil*.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 23 (IAS-staðall 23)

Fjármagnskostnaður

GRUNDVALLARREGLA

1 Fjármagnskostnaður, sem tengja má beint kaupum, byggingu eða framleiðslu á hæfri eign, skal vera hluti af kostnaðarverði þeirrar eignar. Annar fjármagnskostnaður er færður sem gjöld.

GILDISSVIÐ

2 Eining skal beita þessum staðli við færslu fjármagnskostnaðar.

3 Í staðlinum er ekki fjallað um raunverulegan eða reiknaðan kostnað vegna eigin fjár, þ.m.t. forgangshlutafjármagn sem ekki er flokkað sem skuld.

4 Ekki er gerð krafa um að eining beiti staðlinum á fjármagnskostnað sem tengja má beint kaupum, byggingu eða framleiðslu á:

a) hæfri eign sem er metin á gangvirði, t.d. lífrænni eign sem fellur undir gildissvið IAS-staðals 41, *landbúnaður*, eða

b) birgðum sem eru unnar eða framleiddar endurtekið á annan hátt í miklu magni.

SKILGREININGAR

5 Merking hugtaka, sem eru notuð í þessum staðli, er sem hér segir:

***Fjármagnskostnaður* er vextir og annar kostnaður sem eining stofnar til í tengslum við lántöku á fjármagni.**

***Hæf eign* er eign sem óhjákvæmilegt er að taki talsverðan tíma að gera tilbúna til fyrirhugaðrar notkunar eða sölu.**

6 Fjármagnskostnaður getur falið í sér:

a) vaxtakostnað sem er reiknaður með aðferð virkra vaxta eins og lýst er í IFRS-staðli 9,

b) [felldur brott]

c) [felldur brott]

d) vextir vegna leiguskulda sem eru færðir í samræmi við IFRS-staðal 16, *leigusamningar*, og

e) gengismun, sem hlýst af lántöku í erlendum gjaldmiðli, að því marki sem hann telst leiðrétting á vaxtakostnaði.

7 Hvert eftirfarandi getur verið hæf eign, allt eftir aðstæðum:

a) birgðir

b) verksmiðjur

c) orkuver

d) óefnislegar eignir

e) fjárfestingareignir

f) plöntur til framleiðslu.

Fjáreignir og birgðir, sem eru búnar til eða framleiddar á annan hátt á stuttu tímabili, eru ekki hæfar eignir. Eignir, sem tilbúnar eru til fyrirhugaðrar notkunar eða eru söluhæfar við kaup, eru ekki hæfar eignir.

FÆRSLA

8 Eining skal eignfæra fjármagnskostnað, sem tengja má beint kaupum, byggingu eða framleiðslu á hæfri eign, sem hluta af kostnaðarverði þeirrar eignar. Eining skal færa annan fjármagnskostnað sem gjöld á því tímabili sem hún stofnar til hans.

9 Fjármagnskostnaður sem tengja má beint kaupum, byggingu eða framleiðslu á hæfri eign telst með í kostnaðarverði þeirrar eignar. Slíkur fjármagnskostnaður er eignfærður sem hluti af kostnaði vegna eignarinnar þegar líklegt er að hann muni leiða til efnahagslegs ávinnings fyrir eininguna í framtíðinni og unnt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Þegar eining beitir IAS-staðli 29, *reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir*, færir hún sem gjöld þann hluta fjármagnskostnaðarins sem svarar til verðbólgunnar á sama tímabili í samræmi við 21. lið þess staðals.

Eignfæranlegur fjármagnskostnaður

10 Fjármagnskostnaður, sem tengja má beint kaupum, byggingu eða framleiðslu á hæfri eign, er sá fjármagnskostnaður sem komist hefði verið hjá ef útgjöld hefðu ekki orðið vegna hinnar hæfu eignar. Þegar eining fær fjármagn að láni sérstaklega í þeim tilgangi að afla tiltekinnar, hæfrar eignar er auðveldlega hægt að greina þann fjármagnskostnað sem tengist hæfu eigninni beint.

11 Erfitt getur verið að greina bein tengsl milli tiltekinnar lántöku og hæfrar eignar svo og að ákvarða hvaða lántöku hefði verið hægt að komast hjá með öðrum hætti. Erfiðleikar af því tagi koma t.d. upp þegar fjármögnunarhreyfingum einingar er miðstýrt. Erfiðleikar koma einnig upp þegar samstæða notar mismunandi tegundir lántökugerninga til að afla lánsfjár á mismunandi vöxtum og endurlánar öðrum fyrirtækjum í samstæðunni þetta fjármagn á mismunandi grundvelli. Önnur vandkvæði koma upp vegna lána sem gefin eru upp í eða tengd eru erlendum gjaldmiðlum þegar samstæðan starfar í efnahagskerfum þar sem verðbólga er mikil og vegna gengissveiflna. Af því leiðir að erfitt er að ákvarða fjárhæðir fjármagnskostnaðar sem tengja má beint kaupum á hæfri eign og þá er nauðsynlegt að beita mati.

12 Að því marki sem eining tekur fjármagn að láni í þeim sérstaka tilgangi að afla hæfrar eignar, skal einingin ákvarða fjárhæð eignfæranlegs fjármagnskostnaðar sem raunverulegan fjármagnskostnað sem stofnað er til með lántökunni á tímabilinu, að frádregnum eignatekjum af tímabundinni fjárfestingu þeirrar lántöku.

13 Fyrirkomulag fjármögnunar vegna hæfrar eignar getur leitt til þess að eining afli lánsfjár og stofni til tengds fjármagnskostnaðar áður en hluti fjármagnsins eða það allt er notað í útgjöld vegna hæfu eignarinnar. Í slíkum tilvikum er fjármagnið oft notað til tímabundinna fjárfestinga uns það er notað í útgjöld vegna hæfu eignarinnar. Við ákvörðun á fjárhæð eignfæranlegs fjármagnskostnaðar á einhverju tímabili eru fjárfestingartekjur af þessu fjármagni dregnar frá fjármagnskostnaðinum sem stofnað hefur verið til.

14 Að því marki sem eining tekur fjármagn að láni almennt og notar það í þeim tilgangi að afla hæfrar eignar skal einingin ákvarða fjárhæð eignfæranlegs fjármagnskostnaðar með því að beita eignfærsluhlutfalli á útgjöld vegna eignarinnar. Eignfærsluhlutfall skal vera vegið meðaltal fjármagnskostnaðar sem á við allar útistandandi lántökur einingar á tímabilinu. Eining skal þó undanskilja frá þessum útreikningum fjármagnskostnað sem á við lántökur, sem eru sérstaklega í þeim tilgangi að afla hæfrar eignar, þar til nánast allri nauðsynlegri starfsemi við að búa þá eign undir fyrirhugaða notkun eða sölu er lokið. Fjárhæð fjármagnskostnaðar, sem eining eignfærir á tímabili, skal ekki vera umfram fjárhæð fjármagnskostnaðar sem hún stofnaði til á því tímabili.

15 Við sumar aðstæður er viðeigandi að telja allar lántökur móðurfélags og dótturfélaga þess með við útreikning á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar. Við aðrar kringumstæður er viðeigandi að hvert dótturfélag fyrir sig noti vegið meðaltal fjármagnskostnaðar sem tengist eigin lántöku.

Bókfært verð hæfrar eignar umfram endurheimtanlega fjárhæð

16 Þegar bókfært verð eða vænt endanlegt kostnaðarverð hæfrar eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð eða hreint söluvirði hennar er bókfært verð niðurfært eða afskrifað í samræmi við kröfur annarra staðla. Í sumum tilvikum er niðurfærða eða afskrifaða fjárhæðin bakfærð í samræmi við þessa sömu staðla.

Upphaf eignfærslu

17 Eining skal hefja eignfærslu fjármagnskostnaðar, sem hluta af kostnaðarverði hæfrar eignar, á upphafsdagsetningunni. Upphafsdagsetning að því er varðar eignfærslu er sá dagur þegar eining uppfyllir fyrst öll eftirfarandi skilyrði:

a) hún stofnar til útgjalda vegna eignarinnar,

b) hún stofnar til fjármagnskostnaðar og

c) hún annast nauðsynlega starfsemi til að búa eignina undir fyrirhugaða notkun eða sölu.

18 Aðeins þau útgjöld, sem leitt hafa til greiðslna handbærs fjár, yfirfærslu annarra eigna eða stofnunar vaxtaberandi skulda teljast til útgjalda vegna hæfrar eignar. Útgjöld lækka við móttöku áfangagreiðslna og styrkja í tengslum við eignina (sjá IAS-staðal 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð*). Meðaltal bókfærðs verðs eignarinnar á tímabili, þ.m.t. áður eignfærður fjármagnskostnaður, er venjulega sanngjörn nálgun á því kostnaðarverði sem lagt er til grundvallar við eignfærslu vaxta á tímabilinu.

19 Sú starfsemi, sem er nauðsynleg til þess að búa eignina undir fyrirhugaða notkun eða sölu, felur í sér meira en að setja eignina saman efnislega. Hún felur í sér tæknilega vinnu og stjórnsýslustörf áður en efnisleg samsetning hefst, s.s. starfsemi sem tengist öflun leyfa áður en hin efnislega samsetning hefst. Slík starfsemi felur þó ekki í sér eignarhald á eign þegar engin framleiðsla eða þróun, sem breytir ástandi eignarinnar, á sér stað. Til dæmis er fjármagnskostnaður, sem stofnað er til á meðan skipulagning á landi stendur yfir, eignfærður á því tímabili sem starfsemi, sem tengist skipulagningunni, á sér stað. Fjármagnskostnaður, sem stofnað er til á meðan eignarhald er á landi, sem keypt hefur verið til byggingar en þar sem engin tengd skipulagningar- eða undirbúningsvinna fer fram, uppfyllir þó ekki skilyrði um eignfærslu.

Frestun eignfærslu

20 Eining skal fresta eignfærslu fjármagnskostnaðar þegar virkri skipulagningu hæfrar eignar er frestað í langan tíma í einu.

21 Eining getur stofnað til fjármagnskostnaðar í langan tíma í einu þegar hún frestar nauðsynlegri starfsemi til að búa eign undir fyrirhugaða notkun eða sölu. Slíkur kostnaður er kostnaður við eignarhald á eignum sem hefur verið lokið að hluta og uppfyllir ekki skilyrði um eignfærslu. Eining frestar þó ekki venjulega eignfærslu fjármagnskostnaðar á því tímabili þegar hún sinnir töluverðri tæknilegri vinnu og stjórnsýslustörfum. Eining frestar heldur ekki eignfærslu fjármagnskostnaðar þegar tímabundin töf er nauðsynlegur hluti ferlis við að búa eign undir fyrirhugaða notkun eða sölu. Eignfærsla heldur t.d. áfram á þeim langa tíma sem mikil vatnshæð seinkar brúarsmíði ef algengt er að vatnshæð sé mikil á smíðatímanum á því landsvæði sem um er að ræða.

Stöðvun eignfærslu

22 Eining skal stöðva eignfærslu fjármagnskostnaðar þegar nánast allri nauðsynlegri starfsemi til að búa hæfa eign undir fyrirhugaða notkun eða sölu er lokið.

23 Eign er venjulega tilbúin til fyrirhugaðrar notkunar eða sölu þegar efnislegri samsetningu eignarinnar er lokið jafnvel þótt reglubundin stjórnunarvinna kunni að halda áfram. Ef aðeins minni háttar breytingum er ólokið, s.s. að skreyta eign í samræmi við forskrift kaupanda eða notanda, bendir það til þess að nánast allri starfsemi sé lokið.

24 Þegar eining lýkur smíði hæfrar eignar í áföngum og hægt er að nota hvern áfanga fyrir sig á meðan smíði annarra áfanga heldur áfram, skal einingin stöðva eignfærslu fjármagnskostnaðar þegar hún lýkur nánast allri nauðsynlegri starfsemi við að búa þann áfanga undir fyrirhugaða notkun eða sölu.

25 Atvinnurekstrarsvæði, sem samanstendur af nokkrum byggingum sem sérhverja er hægt að nota sjálfstætt, er dæmi um hæfa eign þar sem hægt er að nota hvern áfanga fyrir sig á meðan smíði annarra áfanga heldur áfram. Dæmi um hæfa eign, sem þarf að ljúka áður en hægt er að nota nokkurn hluta, er iðjuver þar sem nokkur ferli eru framkvæmd í ákveðinni röð á mismunandi stöðum en á sama svæði, s.s. stálver.

UPPLÝSINGAGJÖF

26 Eining skal birta upplýsingar um:

a) fjárhæð fjármagnskostnaðar, sem eignfærð er á tímabilinu, og

b) eignfærsluhlutfallið sem notað er til að ákvarða fjárhæð eignfæranlegs fjármagnskostnaðar.

UMBREYTINGARÁKVÆÐI

27 Þegar beiting þessa staðals hefur í för með sér breytingu á reikningsskilaaðferð skal eining beita staðlinum á fjármagnskostnað sem varðar hæfar eignir með upphafsdagsetningu eignfærslu á gildistökudegi eða síðar.

28 Eining getur þó tilgreint hvaða dagsetningu sem er fyrir gildistökudag og beitt staðlinum á fjármagnskostnað sem varðar allar hæfar eignir með upphafsdagsetningu eignfærslu á þeim degi eða síðar.

28A Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) fyrir tímabilið 2015-2017*, sem voru gefnar út í desember 2017, var 14. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum á fjármagnskostnað sem stofnað er til við eða eftir upphaf þess árlega reikningsskilatímabils þegar einingin beitir þessum breytingum í fyrsta sinn.

GILDISTÖKUDAGUR

29 Eining skal beita staðlinum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir staðlinum fyrir 1. janúar 2009 skal hún greina frá því.

29A Ákvæðum 6. liðar var breytt með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* sem gefnar voru út í maí 2008. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

29B IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti 6. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

29C IFRS-staðall 16, gefinn út í janúar 2016, breytti 6. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

29D Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) fyrir tímabilið 2015-2017*, sem voru gefnar út í desember 2017, var 14. lið breytt og lið 28A bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þessum breytingum fyrr skal hún greina frá því.

AFTURKÖLLUN IAS-STAÐALS 23 (ENDURSKOÐAÐUR 1993)

30 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 23, *fjármagnskostnaður*, sem var endurskoðaður 1993.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 24 (IAS-staðall 24)

Upplýsingar um tengda aðila

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum staðli er að tryggja að í reikningsskilum einingar séu þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að vekja athygli á þeim möguleika að tengdir aðilar og viðskipti við þá og útistandandi fjárhæðir hjá þeim, þ.m.t. skuldbindingar, kunni að hafa haft áhrif á fjárhagsstöðu og hagnað eða tap einingarinnar.

GILDISSVIÐ

2 Staðlinum skal beita:

a) við að greina tengsl og viðskipti við tengda aðila,

b) við að greina útistandandi fjárhæðir, þ.m.t. skuldbindingar, milli einingar og tengdra aðila hennar,

c) við að greina aðstæður þar sem krafist er upplýsinga um liðina í a- og b-lið og

d) við að ákvarða hvaða upplýsingar skuli veita um þessa liði.

3 Í þessum staðli er gerð krafa um upplýsingar um sambönd tengdra aðila, viðskipti og útistandandi fjárhæðir, þ.m.t. skuldbindingar, hjá þeim í samstæðureikningsskilum og aðgreindum reikningsskilum móðurfélags, sameiginlegum yfirráðum eða verulegum áhrifum yfir félagi sem fjárfest er í, sem eru sett fram í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil* eða IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil*. Þessi staðall gildir einnig um eigin reikningsskil.

4 Greint er frá viðskiptum við tengda aðila og útistandandi fjárhæðum hjá öðrum einingum í samstæðu í reikningsskilum einingar. Viðskipti tengdra aðila og útistandandi fjárhæðir innan samstæðu, nema þau sem eru á milli fjárfestingareiningar og dótturfélaga hennar sem færð eru á gangvirði í rekstrarreikningi, eru felld út við gerð samstæðureikningsskila samstæðunnar.

TILGANGUR UPPLÝSINGA UM TENGDA AÐILA

5 Tengsl milli tengdra aðila eru eðlilegur hlutur í verslun og viðskiptum. Einingar reka t.d. oft hluta starfsemi sinnar í gegnum dótturfélög, samrekstur og hlutdeildarfélög. Við þær aðstæður getur einingin haft áhrif á fjárhagsstefnu og rekstrarstefnu einingar, sem fjárfest er í, með tilstyrk yfirráða, sameiginlegra yfirráða eða verulegra áhrifa.

6 Tengsl milli tengdra aðila geta haft áhrif á hagnað eða tap og fjárhagsstöðu einingar. Tengdir aðilar geta hafið viðskipti sem ótengdir aðilar hæfu ekki. Eining, sem t.d. selur móðurfélaginu vörur á kostnaðarverði, seldi ekki öðrum viðskiptavini á þessum kjörum. Einnig gætu fjárhæðir í viðskiptum milli tengdra aðila verið aðrar en fjárhæðir milli ótengdra aðila.

7 Samskipti milli tengdra aðila geta haft áhrif á hagnað eða tap og fjárhagsstöðu einingar jafnvel þótt engin viðskipti eigi sér stað milli tengdu aðilanna. Tengslin sjálf geta verið nóg til að hafa áhrif á viðskipti einingarinnar við aðra aðila. Dótturfélag getur t.d. slitið tengsl við viðskiptaaðila sinn við yfirtöku móðurfélagsins á öðru dótturfélagi sem stundar sams konar starfsemi og fyrrum viðskiptaaðili gerði. Einnig getur sá möguleiki verið fyrir hendi að einn aðili haldi aftur af sér vegna verulegra áhrifa annars, móðurfélag getur t.d. skipað dótturfélagi sínu að fást ekki við rannsóknir og þróun.

8 Af þessum ástæðum getur þekking á viðskiptum einingar við tengda aðila, útistandandi fjárhæðum, þ.m.t. skuld bindingum, og tengslum haft áhrif á mat notenda reikningsskila á rekstri einingar, þ.m.t. mat á áhættu og tækifærum sem einingin stendur frammi fyrir.

SKILGREININGAR

9 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Tengdur aðili **er aðili eða eining sem er tengd einingunni sem gerir reikningsskil sín (í þessum staðli nefnd „eining sem reikningsskil taka til“).**

a) Aðili eða einstaklingur í nánum fjölskyldutengslum við þann aðila er tengdur einingu sem reikningsskil taka til, ef sá aðili:

i. hefur yfirráð eða sameiginleg yfirráð yfir einingunni sem reikningsskilin taka til,

ii. hefur veruleg áhrif á einingunа sem reikningsskilin taka til, eða

iii. er lykilstarfsmaður í stjórnunarstöðu í einingunni sem reikningsskilin taka til, eða móðurfélagi hennar.

b) Eining er tengd einingu sem reikningsskilin taka til, ef eitthvert eftirfarandi skilyrða á við:

(i) Einingin og einingin sem reikningsskilin taka til, eru í sömu samstæðu (hvert móðurfélag, dótturfélag og dótturfélag sama móðurfélags eru þá tengd hvert öðru).

(ii) Ein eining er hlutdeildarfélag eða samrekstur hinnar einingarinnar (eða hlutdeildarfélag eða samrekstur aðila í samstæðu sem hin einingin er aðili að).

(iii) Báðar einingar eru samrekstur sama þriðja aðila.

(iv) Ein eining er samrekstur þriðju einingar og önnur einingin er hlutdeildarfélag þriðju einingarinnar.

(v) Einingin er eftirlaunakerfi til hagsbóta fyrir starfsfólk einingarinnar sem reikningsskilin taka til eða fyrir starfsfólk einingar sem tengist einingunni sem reikningsskilin taka til. Ef einingin sem reikningsskilin taka til er sjálf slíkt kerfi, eru vinnuveitendurnir, sem fjármagna hana, einnig tengdir einingunni sem reikningsskilin taka til.

(vi) Einingin lýtur yfirráðum eða sameiginlegri stjórn aðila sem tilgreindur er í a-lið.

(vii) Aðilinn, sem tilgreindur er í i. lið a-liðar, hefur veruleg áhrif á einingu eða er einn af lykilstarfsmönnum í stjórnunarstöðu einingar (eða í móðurfélagi einingarinnar).

(viii) Einingin eða sérhver aðili að samstæðu sem hún er hluti af innir af hendi störf lykilstjórnenda fyrir einingunа sem reikningsskil taka til, eða móðurfélag einingarinnar sem reikningsskil taka til.

Viðskipti milli tengdra aðila er færsla á verðmætum, þjónustu eða skuldbindingum milli einingar sem reikningsskil taka til, og tengds aðila, óháð því hvort slík viðskipti eru verðlögð.

Þeir sem eru í nánum fjölskyldutengslum við einstakling eru þeir fjölskyldumeðlimir sem ætla má að hafi áhrif á þann einstakling í samskiptum sínum við eininguna eða verði fyrir áhrifum af honum og til þeirra geta talist.

a) börn og maki eða sambýlismaður/-kona einstaklingsins,

b) börn maka eða sambýlismanns/-konu einstaklingsins og

c) einstaklingar á framfæri einstaklingsins eða maka einstaklingsins eða sambýlismanns/-konu hans.

Til launagreiðslna teljast öll starfskjör starfsfólks (eins og þau eru skilgreind í IAS-staðli 19, starfskjör), þ.m.t. starfskjör sem IFRS-staðall 2, eignarhlutatengdar greiðslur, gildir um. Starfskjör er hvers konar form endurgjalds , sem einingin hefur greitt, skuldar eða greitt hefur verið fyrir hönd hennar, í skiptum fyrir þjónustu sem einingunni hefur verið veitt. Til þeirra telst einnig slíkt endurgjald sem greitt er fyrir hönd móðurfélags einingarinnar að því er varðar eininguna. Til launagreiðslna teljast:

a) skammtímastarfskjör, s.s. laun og framlög til almannatrygginga, launað orlof og launað veikindaleyfi, hagnaðarhlutdeild og kaupauki (ef þau gjaldfalla innan tólf mánaða frá lokum tímabilsins) og ópeningaleg kjör (eins og læknisþjónusta, húsnæði, bifreiðar og ókeypis eða niðurgreiddar vörur eða þjónusta) til núverandi starfsmanna,

b) eftirlaunakjör, s.s. lífeyrir, önnur eftirlaunakjör, líftryggingar eða læknisþjónusta eftir starfslok,

c) önnur langtímastarfskjör, þ.m.t. leyfi vegna hás starfsaldurs eða rannsóknarleyfi, starfsafmæli eða önnur kjör vegna hás starfsaldurs, varanlegar örorkubætur og einnig hagnaðarskipting, kaupaukar og frestaðar launagreiðslur ef þau gjaldfalla ekki að öllu leyti innan tólf mánaða frá lokum tímabilsins,

d) uppsagnarkjör og

e) eignarhlutatengd greiðsla.

Lykilstarfsmenn í stjórnunarstöðum eru þeir einstaklingar sem hafa ákvörðunarrétt til og bera ábyrgð á að skipuleggja, stýra og stjórna starfsemi einingar, beint eða óbeint, þ.m.t. stjórnarmenn þeirrar einingar (hvort sem þeir starfa innan hennar eða ekki).

Opinber stofnun **er ríkisstjórn, ríkisstofnanir og álíka aðilar, hvort sem er á staðar- eða landsvísu eða á alþjóðavettvangi.**

Eining tengd hinu opinbera: eining sem lýtur yfirráðum, sameiginlegri stjórn eða verulegum áhrifum hins opinbera.

Hugtökin „yfirráð“ og „fjárfestingareining“, „sameiginleg yfirráð“ og „veruleg áhrif“ eru skilgreind í IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag* og IAS-staðli 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri* eftir því sem við á og eru notuð í þessum staðli í þeim skilningi sem tilgreindur er í þessum alþjóðlegu reikningsskilastöðlum.

10 Þegar sérhver möguleiki á tengslum milli tengdra aðila er skoðaður þarf að beina athyglinni að kjarna tengslanna en ekki aðeins lagalegu formi þeirra.

11 Í skilningi þessa staðals teljast eftirfarandi aðilar ekki tengdir:

a) tvær einingar af þeirri ástæðu einni að þær hafa sameiginlegan framkvæmdastjóra eða annan lykilstarfsmann í stjórnunarstöðu eða af þeirri ástæðu að lykilstarfsmaður í stjórnunarstöðu einnar einingar hefur veruleg áhrif á aðra einingu.

b) tveir samrekstraraðilar einfaldlega vegna þess að þeir hafa sameiginleg yfirráð yfir samrekstri.

c) i. fjármögnunaraðilar,

ii. verkalýðsfélög,

iii. opinberar þjónustustofnanir og

iv. ráðuneyti og stofnanir sem hafa ekki yfirráð yfir, sameiginlega stjórn né veruleg áhrif á einingunа sem reiknings-skilin taka til,

af þeirri ástæðu einni að þau eiga venjuleg viðskipti við einingu (enda þótt þau geti haft áhrif á athafnafrelsi einingarinnar eða tekið þátt í ákvarðanatöku hennar) og

d) viðskiptavinur, birgir, leyfishafi, dreifingaraðili eða almennur umboðsmaður sem eining á í verulegum viðskiptum við einungis vegna þess efnahagslega ósjálfstæðis sem það skapar.

12 Í skilgreiningunni á tengdum aðila nær hlutdeildarfélag yfir dótturfélög hlutdeildarfélagsins og samrekstur nær yfir dótturfélög samrekstrarins. Dótturfélag hlutdeildarfélags og fjárfestirinn sem hefur veruleg áhrif á hlutdeildarfélagið eru því t.d. tengdir hvor öðrum.

UPPLÝSINGAGJÖF

Allar einingar

13 Gera skal grein fyrir tengslum milli móðurfélags og dótturfélaga þess án tillits til þess hvort viðskipti hafi átt sér stað milli þeirra eða ekki. Eining skal greina frá heiti móðurfélags síns og þess aðila sem hefur æðsta ákvörðunarvald, ef móðurfélagið er ekki sá aðili. Ef hvorki móðurfélag einingarinnar né sá aðili sem hefur æðsta ákvörðunarvaldið leggur fram samstæðureikningsskil sem eru tiltæk almenningi skal einnig greina frá heiti þess móðurfélags sem næst stendur í valdaröðinni sem leggur fram reikningsskil.

14 Til að auðvelda notendum reikningsskila að mynda sér skoðun á áhrifum, sem tengsl milli tengdra aðila hafa á einingu, er viðeigandi að gera grein fyrir tengslunum milli tengdu aðilanna þegar um er að ræða stjórnunaráhrif, óháð því hvort viðskipti hafi átt sér stað milli tengdu aðilanna.

15 Krafan um upplýsingar um tengsl milli tengdra aðila í móðurfélagi og dótturfélögum þess er til viðbótar við upplýs ingaskylduna í IAS-staðli 27 og IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum*.

16 Í ákvæðum 13. liðar er vísað til þess móðurfélags sem er næst í valdaröðinni. Þetta er næsta móðurfélag í samstæðunni fyrir ofan móðurfélagið sem leggur fram samstæðureikningsskil sem eru tiltæk almenningi.

17 Eining skal greina frá launagreiðslum til lykilstarfsmanna í stjórnunarstöðum í heild og fyrir hvern eftirfarandi flokka:

a) skammtímastarfskjör,

b) eftirlaunakjör,

c) önnur langtímastarfskjör,

d) uppsagnarkjör og

e) eignarhlutatengd greiðsla.

17A Ef störf lykilstjórnenda eru innt af hendi fyrir einingu af annarri einingu („stjórnunareiningin“) er ekki gerð krafa um að einingin beiti kröfunum í 17. lið gagnvart greiðslunni sem stjórnunareiningin greiðir eða skal greiða starfsmönnum eða stjórnendum stjórnunareiningarinnar.

18 Ef einingin hefur átt viðskipti við tengda aðila á þeim tímabilum sem reikningsskilin taka til skal hún gera grein fyrir eðli tengslanna milli tengdu aðilanna og veita upplýsingar um viðskiptin og útistandandi fjárhæðir, þ.m.t. skuldbindingar, sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að skilja möguleg áhrif tengslanna á reikningsskilin. Þessar kröfur um upplýsingar eru til viðbótar við kröfurnar í 17. lið. Upplýsingarnar skulu a.m.k. taka til:

a) fjárhæðar viðskiptanna,

b) útistandandi fjárhæða, þ.m.t. skuldbindinga, og:

i. skilmála og skilyrða fyrir þeim, þ.m.t. hvort trygging er fyrir þeim, og eðli þess endurgjalds sem látið er í té við uppgjör og

ii. lýsingar á veittum eða mótteknum tryggingum,

c) reiknaðra skuldbindinga vegna vafasamra krafna í tengslum við útistandandi fjárhæðir og

d) kostnaðar sem er færður á tímabilinu vegna niðurfærslu viðskiptakrafna eða vafasamra krafna sem gjaldfallnar eru á tengda aðila.

18A Upplýsa skal um fjárhæðir sem eining leggur út fyrir að inna af hendi störf lykilstjórnenda, sem koma frá aðskilinni stjórnunareiningu.

19 Upplýsingarnar, sem gerð er krafa um í 18. lið, skal setja fram sérstaklega fyrir hvern eftirfarandi flokk:

a) móðurfélagið,

b) einingar, sem hafa sameiginleg yfirráð yfir einingunni eða hafa veruleg áhrif á hana,

c) dótturfélögum,

d) hlutdeildarfélög,

e) samrekstur sem einingin er samrekstraraðili í,

f) lykilstarfsmann í stjórnunarstöðu í einingunni eða móðurfélagi hennar og

g) aðra tengda aðila.

20 Flokkun fjárskuldbindinga og fjárkrafna á hendur tengdum aðilum eftir mismunandi flokkum, eins og krafist er í 19. lið, er viðbót við kröfur um upplýsingar í IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, varðandi upplýsingar sem annaðhvort skal setja fram í efnahagsreikningi eða í skýringum. Aukið er við flokkana til að alhliðagreining fáist á útistandandi fjárhæðum í viðskiptum tengdra aðila og gildir um viðskipti tengdra aðila.

21 Eftirfarandi eru dæmi um viðskipti sem greint er frá ef þau eru við tengdan aðila:

a) kaup eða sala á vörum (fullunnum eða í vinnslu),

b) kaup eða sala á fasteignum og öðrum eignum,

c) veitt eða móttekin þjónusta,

d) leigusamningar,

e) tilfærsla rannsóknar- og þróunarverkefna,

f) tilfærsla samkvæmt samningum um leyfisveitingar,

g) tilfærsla samkvæmt samningum um fjármögnun (þ.m.t. lán og eiginfjárframlög í reiðufé eða í fríðu),

h) veiting ábyrgða eða veða,

i) skuldbindingar um framkvæmd, eigi tiltekinn atburður sér stað í framtíðinni eða ekki, þ.m.t. óuppfylltir samningar ([12]), (færðir og ófærðir), og

j) uppgjör skulda í þágu einingarinnar eða af hálfu einingarinnar fyrir hönd þess tengda aðila.

22 Þátttaka móðurfélags eða dótturfélags í réttindatengdu kerfi þar sem áhættu er deilt milli eininga innan samstæðunnar er viðskipti tengdra aðila (sjá 42. lið í IAS-staðli 19 (með áorðnum breytingum í júní 2011)).

23 Upplýsingar um að viðskipti tengdra aðila hafi farið fram á sömu kjörum og gilda í viðskiptum ótengdra aðila eru því aðeins veittar að hægt sé að færa sönnur á að slík kjör séu fyrir hendi.

([12]) Í IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, eru óuppfylltir samningar skilgreindir sem samningar þar sem hvorugur aðilinn hefur uppfyllt skuldbindingar sínar eða báðir aðilar hafa að sama marki uppfyllt skuldbindingar sínar að hluta til.

24 Liði af sama toga má draga saman og tilgreina þannig nema þegar nauðsynlegt er að tilgreina þá sérstaklega til að auka skilning á áhrifum viðskipta milli tengdra aðila á reikningsskil einingarinnar.

Einingar tengdar hinu opinbera

25 Eining sem reikningsskil taka til, er undanþegin frá kröfum um upplýsingar í 18. lið í tengslum við viðskipti tengdra aðila og útistandandi fjárhæðir, þ.m.t. skuldbindingar, við:

a) hið opinbera, sem hefur yfirráð yfir einingunni sem reikningsskilin taka til, eða hefur sameiginleg yfirráð yfir, eða hefur veruleg áhrif á eininguna sem reikningsskil taka til, og

b) aðra einingu, sem er aðili tengdur sama opinbera stjórnvaldi, sem hefur yfirráð bæði yfir einingunni sem reikningsskilin taka til, og hinni einingunni eða, fer með sameiginleg yfirráð yfir þeim, eða hefur veruleg áhrif á þær.

26 Ef eining sem reikningsskil taka til, beitir undanþágunni í 25. lið skal hún birta eftirfarandi um viðskiptin og tengdar, útistandandi fjárhæðir sem um getur í 25. lið:

a) heiti opinbera yfirvaldsins og eðli tengsla þess við eininguna sem reikningsskilin taka til (þ.e. yfirráð, sameiginleg yfirráð eða veruleg áhrif),

b) eftirfarandi upplýsingar, nægjanlega ítarlegar til að gera notendum reikningsskila einingarinnar kleift að skilja áhrif viðskipta tengds aðila á reikningsskil hennar:

i. eðli og fjárhæð hverra einstakra viðskipta sem skipta máli og

ii. eigindleg eða megindleg vísbending um umfang annarra viðskipta sem skipta máli sameiginlega en ekki hver fyrir sig. Tegundir viðskipta ná yfir þau sem eru talin upp í 21. lið.

27 Einingin sem reikningsskilin taka til, skal, við ákvörðun þess hversu ítarlegar upplýsingar skulu vera í samræmi við kröfurnar, sem um getur í b-lið 26. liðar, taka til athugunar hve náin tengsl tengds aðila og annarra þátta sem skipta máli við ákvörðun marktektarkröfu viðskiptanna eru, t.d. hvort þau eru:

a) mikilvæg með tilliti til stærðar,

b) framkvæmd samkvæmt skilmálum utan markaða,

c) utan hefðbundinnar daglegrar viðskiptaþjónustu, s.s. kaup og sala fyrirtækja,

d) tilkynnt eftirlitsstofnunum,

e) tilkynnt yfirstjórn,

f) með fyrirvara um samþykki hluthafa.

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

28 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2011 eða síðar. Einingar tengdar hinu opinbera geta beitt staðlinum fyrr, annaðhvort í heild eða afmörkuðum undanþágum í 25.–27. lið. Ef eining beitir annaðhvort staðlinum í heild eða afmörkuðu undanþágunum vegna tímabils sem hefst fyrir 1. janúar 2011, skal hún greina frá því.

28A IFRS-staðall 10, IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag* og IFRS-staðall 12, útgefnir í maí 2011 breyttu liðum 3, 9, 11 (b-lið), 15, 19 (b-lið og e-lið) og 25. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12.

28B *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu 4. lið og 9. lið. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita liðnum *Fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningum* á sama tíma.

28C Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) fyrir tímabilið 2010-2012*, sem voru gefnar út í desember 2013, var 9. lið breytt og lið 17A og 18A bætt við. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

AFTURKÖLLUN IAS-STAÐALS 24 (2003)

29 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 24, *upplýsingar um tengda aðila*, (endurskoðaður 2003).

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 26 (IAS-staðall 26)

Reikningshald og reikningsskil eftirlaunasjóða

GILDISSVIÐ

1 Þessum staðli skal beita í reikningsskilum eftirlaunasjóða þegar slík reikningsskil eru gerð.

2 Stundum er vísað til eftirlaunasjóða undir ýmsum öðrum heitum, s.s. „lífeyriskerfi“, „jafngreiðslulífeyriskerfi“ eða „eftirlaunakerfi“. Í þessum staðli er litið á eftirlaunasjóð sem uppgjörsaðila með aðskilin reikningsskil frá reikningsskilum launagreiðenda sjóðfélaganna. Allir aðrir staðlar gilda um reikningsskil eftirlaunasjóða að því marki sem þessi staðall kemur ekki í stað þeirra.

3 Þessi staðall fjallar um reikningshald og reikningsskil eftirlaunasjóða fyrir alla sjóðfélaga sem hóp. Hann fjallar ekki um yfirlit sem send eru einstökum sjóðfélögum og sýna réttindi þeirra.

4 Í IAS-staðli 19, *starfskjör*, er fjallað um ákvörðun eftirlaunakostnaðar í reikningsskilum launagreiðenda sem hafa eftirlaunakerfi. Þessi staðall er þar af leiðandi viðbót við IAS-staðal 19.

5 Eftirlaunasjóðir geta verið iðgjaldatengdir eða réttindatengdir. Margir krefjast þess að stofnaðir séu sérstakir sjóðir til að taka á móti iðgjöldum og greiða lífeyri en þeir geta verið sjálfstæðir lögaðilar eða ekki og geta haft fjárvörsluaðila eða ekki. Þessi staðall gildir án tillits til þess hvort slíkur sjóður er stofnaður og án tillits til þess hvort hann hefur fjárvörsluaðila.

6 Eftirlaunasjóðir með eignir, sem þeir hafa falið tryggingafélögum umsjón með, falla undir sömu kröfur um reikningshald og fjármögnun og þeir sem annast sjálfir umsjón eignanna. Af því leiðir að þeir falla innan gildissviðs þessa staðals nema þegar samningurinn við tryggingafélagið er í nafni tiltekins sjóðfélaga eða hóps sjóðfélaga og eftirlaunaskuldbindingin þar með að öllu leyti á ábyrgð tryggingafélagsins.

7 Þessi staðall fjallar ekki um önnur starfskjör eins og starfslokagreiðslur, samninga um greiðslu hluta af launum eftir starfslok, orlofsréttindi vegna langs starfsaldurs, greiðslur vegna þess að látið er af störfum áður en eftirlaunaaldri er náð eða vegna umfremdar, sjúkrabætur og félagslegar bætur eða kaupaukakerfi. Opinber almannatryggingakerfi falla einnig utan gildissviðs þessa staðals.

SKILGREININGAR

8 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Eftirlaunasjóðir **eru fyrirkomulag sem felur í sér að fyrirtæki greiðir starfsmönnum sínum lífeyri við eða eftir starfslok (annaðhvort í formi árlegra tekna eða eingreiðslu) þegar hægt er að ákvarða eða áætla slíkan lífeyri eða iðgjöld launagreiðenda til þeirra, áður en að starfslokum kemur, á grundvelli ákvæða skjals eða starfsvenja fyrirtækisins.**

Iðgjaldatengdir eftirlaunasjóðir **eru eftirlaunasjóðir þar sem fjárhæð sem greiða skal sem lífeyri ákvarðast af iðgjöldum til sjóðsins að viðbættum fjárfestingartekjum af þeim.**

Réttindatengdir eftirlaunasjóðir **eru eftirlaunasjóðir þar sem fjárhæðin, sem greiða skal sem lífeyri, ákvarðast með reiknireglu sem venjulega byggist á tekjum og/eða starfsaldri starfsmanns.**

***Fjármögnun* er tilfærsla eigna til aðila (*sjóðsins*) sem er aðskilinn frá fyrirtæki launagreiðandans og ætlað er að mæta framtíðarskuldbindingum vegna greiðslu eftirlaunaskuldbindinga.**

Eftirfarandi hugtök eru einnig notuð í þessum staðli:

***Sjóðfélagar* eru þeir sem eru aðilar að eftirlaunasjóði og aðrir sem eiga rétt á lífeyri samkvæmt reglum sjóðsins.**

***Hrein eign til greiðslu eftirlauna* eru eignir eftirlaunasjóðs, að frádregnum öðrum skuldum en tryggingarfræðilegu núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga.**

***Tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga* er núvirði áætlaðra greiðslna eftirlaunasjóðs til núverandi og fyrrverandi starfsmanna vegna vinnuframlags sem þeir hafa þegar innt af hendi.**

***Óskilyrt, áunnin eftirlaunaréttindi* eru eftirlaunaréttindi sem eru óháð áframhaldandi ráðningu samkvæmt reglum eftirlaunasjóðsins.**

9 Þessi staðall gildir einnig um reikningsskil eftirlaunasjóða þar sem iðgjöld koma frá öðrum aðilum en launagreiðendum.

10 Flestir eftirlaunasjóðir byggjast á formlegum samningum. Sumir eftirlaunasjóðir eru óformlegir en hafa tekið á sig ákveðnar skuldbindingar sem stafa af viðteknum starfsvenjum launagreiðenda. Þótt sumir eftirlaunasjóðir heimili launagreiðendum að takmarka skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum er yfirleitt erfitt fyrir launagreiðanda að segja upp eftirlaunasjóðssamningi ef hann ætlar að halda starfsmönnum sínum. Sömu reikningshalds- og reikningsskilareglur gilda um óformlega eftirlaunasjóði og formlega eftirlaunasjóði.

11 Í reglum margra eftirlaunasjóða eru ákvæði um að settir séu á stofn sérstakir sjóðir til að taka við iðgjöldum og greiða lífeyri. Aðilar, sem starfa sjálfstætt við að stýra eignum þeirra, kunna að stjórna þessum sjóðum. Í sumum löndum eru þessir aðilar nefndir fjárvörsluaðilar. Hugtakið fjárvörsluaðili er notað í þessum staðli til þess að lýsa þessum aðilum óháð því hvort sjóður hafi verið stofnaður.

12 Eftirlaunasjóðir eru venjulega sagðir vera annaðhvort iðgjaldatengdir eftirlaunasjóðir eða réttindatengdir, sem hvorir um sig hafa sín sérkenni. Einnig kemur stundum fyrir að eftirlaunasjóðir hafi einkenni beggja. Slíkir blandaðir sjóðir eru flokkaðir með réttindatengdum eftirlaunasjóðum í þessum staðli.

IÐGJALDATENGDIR EFTIRLAUNASJÓÐIR

13 Í reikningsskilum iðgjaldatengds sjóðs skal vera yfirlit um hreina eign til greiðslu eftirlauna og lýsing á fjármögnunarstefnu.

14 Í iðgjaldatengdum sjóði ákvarðast fjárhæð framtíðareftirlauna sjóðfélaga af iðgjöldunum sem launagreiðandi, sjóðfélagi eða þeir báðir hafa greitt og rekstrarhagkvæmni og fjárfestingartekjum sjóðsins. Skuldbinding launagreiðenda fellur venjulega niður við greiðslu iðgjalda í sjóðinn. Að öllu jöfnu er ekki gerð krafa um ráðgjöf tryggingafræðings, þó að slík ráðgjöf sé stundum notuð til að meta framtíðarlífeyri sem hægt væri að greiða, miðað við núverandi iðgjöld og breytileg iðgjaldastig og fjárfestingartekjur í framtíðinni.

15 Sjóðfélagar hafa áhuga á starfsemi eftirlaunasjóðsins þar sem hún hefur bein áhrif á framtíðarlífeyri þeirra. Sjóðfélagar hafa áhuga á að vita hvort iðgjöld hafi skilað sér og hvort viðeigandi eftirliti hafi verið sinnt til að vernda réttindi eftirlaunaþega. Launagreiðandi hefur áhuga á skilvirkni eftirlaunasjóðsins og hvort hann er vel rekinn.

16 Markmiðið með reikningsskilum iðgjaldatengds eftirlaunasjóðs er að veita reglulega upplýsingar um sjóðinn og árangur af fjárfestingum hans. Þetta markmið næst venjulega með reikningsskilum sem fela í sér eftirfarandi atriði:

a) lýsingu á helstu þáttum í starfsemi tímabilsins og áhrifum breytinga, sem kunna að hafa orðið í tengslum við sjóðinn, sjóðfélaga og samningsákvæði,

b) yfirlit sem sýnir hreyfingar og árangur af fjárfestingum á tímabilinu og fjárhagsstöðu sjóðsins í lok tímabilsins og

c) lýsingu á fjárfestingarstefnum.

RÉTTINDATENGD KERFI

17 Í reikningsskilum réttindatengds sjóðs skal annaðhvort vera:

a) yfirlit sem sýnir:

i. hreina eign til greiðslu eftirlauna,

ii. tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga, þar sem greint er á milli óskilyrtra, áunninna eftirlaunaréttinda og skilyrtra eftirlaunaréttinda, og

iii. afgang eða halla, sem af hlýst, eða

b) yfirlit um hreina eign til greiðslu eftirlauna og er í því yfirliti annaðhvort:

i. skýring á tryggingafræðilegu núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga, þar sem greint er á milli óskilyrtra, áunninna eftirlaunaréttinda og skilyrtra eftirlaunaréttinda, eða

ii. tilvísun í þessar upplýsingar í meðfylgjandi skýrslu tryggingafræðings.

Ef tryggingafræðilegt virðismat hefur ekki farið fram við dagsetningu efnahagsreiknings skal nota síðasta virðismat sem grundvöll og tilgreina dagsetningu matsins.

18 Að því er varðar 17. lið skal tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga byggjast á áföllnum eftirlaunaskuldbindingum samkvæmt skilmálum eftirlaunasjóðsins fyrir vinnuframlag fram til þess dags með því að miða annaðhvort við núverandi eða framreiknað launastig og tilgreina hvor grundvöllurinn er notaður. Einnig skal greina frá öllum breytingum á tryggingafræðilegum forsendum sem hafa haft veruleg áhrif á tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga.

19 Í reikningsskilunum skal gera grein fyrir tengslunum milli tryggingafræðilegs núvirðis áfallinna eftirlaunaskuldbindinga og hreinnar eignar til greiðslu eftirlauna og þeirri stefnu sem fylgt er við fjármögnun áfallinna eftirlaunaskuldbindinga.

20 Í réttindatengdum eftirlaunasjóði er greiðsla áfallinna eftirlaunaskuldbindinga háð fjárhagsstöðu sjóðsins og getu iðgjaldagreiðenda til að greiða iðgjöld til hans í framtíðinni, sem og fjárfestingarárangri og rekstrarskilvirkni sjóðsins.

21 Réttindatengdur eftirlaunasjóður þarf reglulega á ráðgjöf tryggingafræðings að halda til að meta fjárhagsstöðu sjóðsins, endurskoða forsendur og gera tillögu um framtíðariðgjöld.

22 Markmiðið með reikningsskilum réttindatengds eftirlaunasjóðs er að leggja með reglulegu millibili fram upplýsingar um tiltækt fjármagn og starfsemi sjóðsins sem koma að gagni við mat á tengslunum milli uppsöfnunar fjármagns og eftirlaunaskuldbindingar í framtíðinni. Þessu markmiði er oftast náð með reikningsskilum sem innihalda eftirfarandi:

a) lýsingu á helstu þáttum í starfsemi tímabilsins og áhrifum breytinga, sem kunna að hafa orðið í tengslum við sjóðinn, sjóðfélaga og samningsákvæði,

b) yfirlit, sem sýna viðskipti og árangur af fjárfestingum á tímabilinu og fjárhagsstöðu sjóðsins í lok tímabilsins,

c) tryggingafræðilegar upplýsingar, annaðhvort sem hluti af reikningsskilunum eða sem sérstök skýrsla, og

d) lýsingu á fjárfestingarstefnum.

Tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga

23 Reikna má núvirði væntra greiðslna eftirlaunasjóðs, miðað við gildandi eða framreiknuð launastig, fram að starfslokum sjóðfélaga.

24 Ástæður fyrir því að nota gildandi launastig við útreikning eru m.a.:

a) tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga, sem er samtala þeirra fjárhæða sem hægt er að heimfæra á einstaka sjóðfélaga, er hægt að reikna á mun hlutlægari hátt en ef framreiknuð launastig eru notuð vegna þess að það felur í sér færri forsendur,

b) eftirlaunasjóður er skuldbundinn til að auka lífeyri vegna launahækkana þegar launahækkanirnar eiga sér stað og

c) fjárhæð tryggingafræðilegs núvirðis áfallinna eftirlaunaskuldbindinga, þegar miðað er við gildandi launastig, er yfirleitt nær þeirri fjárhæð sem greiða þarf ef sjóðurinn er lagður niður eða starfsemi hans hætt.

25 Ástæður fyrir því að nota framreiknuð launastig við útreikning eru m.a.:

a) að fjárhagsupplýsingar skulu miðast við áframhaldandi rekstrarhæfi án tillits til þeirra forsendna, sem gefa þarf, og þess mats sem þarf að framkvæma,

b) að í sjóðum, þar sem miðað er við starfslokalaun, ákvarðast lífeyrir út frá launum við eða nærri starfslokum og því þarf að framreikna laun, iðgjöld og ávöxtun og

c) að séu laun ekki framreiknuð, þegar fjármögnun byggist aðallega á framreikningi launa, getur það leitt til þess að í reikningsskilum eftirlaunasjóðs virðist hann offjármagnaður þegar hann er það í raun ekki eða fjármagn virðist nægilegt þegar sjóðurinn er í raun vanfjármagnaður.

26 Tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga, sem byggist á gildandi launastigi, er birt í reikningsskilum sjóðs til að gefa vísbendingu um áfallna skuldbindingu fram að dagsetningu efnahagsreiknings. Tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga, sem byggist á framreiknuðum launastigum, er birt til að gefa vísbendingu um stærð hugsanlegrar skuldbindingar miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi sem almennt er forsendan fyrir fjármögnun. Til viðbótar við birtingu á tryggingafræðilegu núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga getur þurft að gefa fullnægjandi skýringu á því í hvaða samhengi lesa skuli tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga. Slík skýring getur verið í formi upplýsinga um hvort áætluð framtíðarfjármögnun og fjármögnunarstefna, byggð á væntri launaþróun séu viðunandi. Þetta má tilgreina í fjárhagsupplýsingum eða í skýrslu tryggingafræðingsins.

Tíðni tryggingafræðilegs virðismats

27 Í mörgum löndum er tryggingafræðilegs virðismats ekki aflað oftar en þriðja hvert ár. Ef tryggingafræðilegt virðismat liggur ekki fyrir við dagsetningu efnahagsreiknings skal nota nýjasta matið sem grundvöll og tilgreina dagsetningu matsins.

Innihald reikningsskila

28 Í réttindatengdum eftirlaunasjóðum eru upplýsingar birtar með einhverju eftirfarandi sniða, sem endurspegla ólíkar venjur við birtingu og framsetningu tryggingafræðilegra upplýsinga:

a) yfirlit fylgir reikningsskilum sem sýnir hreina eign til greiðslu eftirlauna, tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga og þann afgang eða halla sem af þessu leiðir. Í reikningsskilum sjóðsins er einnig yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu eftirlauna og breytingar á tryggingafræðilegu núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga. Reikningsskilunum getur fylgt sérstök skýrsla tryggingafræðings til stuðnings tryggingafræðilegu núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga,

b) reikningsskil, sem innihalda yfirlit um hreina eign til greiðslu eftirlauna, og yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu eftirlauna. Í skýringum við reikningsskilin er greint frá tryggingafræðilegu núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga. Reikningsskilunum getur einnig fylgt skýrsla tryggingafræðings til stuðnings tryggingafræðilegu núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga og

c) reikningsskil sem innihalda yfirlit um hreina eign til greiðslu eftirlauna og yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu eftirlauna, ásamt tryggingafræðilegu núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga sem kemur fram í sérstakri skýrslu tryggingafræðings.

Einnig getur skýrsla fjárvörsluaðila fylgt á svipuðu sniði og skýrsla stjórnar eða framkvæmdastjóra og fjárfestingaskýrsla, hvaða snið sem notað er.

29 Þeir sem eru fylgjandi því sniði sem lýst er í a- og b-lið 28. liðar telja að tölulegar upplýsingar um fjárhæð áfallinna eftirlaunaskuldbindinga og aðrar upplýsingar, sem þar eru veittar, auðveldi notendum að meta núverandi stöðu sjóðsins og líkur þess að sjóðurinn standi við skuldbindingar sínar. Þeir eru einnig þeirrar skoðunar að fjárhagsskýrslur skuli vera heildstæðar en ekki byggjast á yfirlitum sem þeim fylgja. Á hinn bóginn er það skoðun sumra að sniðið, sem lýst er í a-lið 28. liðar, geti gefið til kynna að skuld sé til staðar þó að tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga hafi ekki öll einkenni skuldar að þeirra mati.

30 Þeir sem eru fylgjandi því sniði sem lýst er í c-lið 28. liðar eru þeirrar skoðunar að tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga skuli ekki birt í yfirliti um hreina eign til greiðslu eftirlauna, eins og í sniðinu sem lýst er í a-lið 28. liðar og skuli ekki heldur sett fram í skýringum eins og í b-lið 28. liðar, þar sem það verður borið beint saman við eignir eftirlaunasjóðsins og er ekki víst að slíkur samanburður sé réttmætur. Þeir halda því fram að tryggingafræðingar beri tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga ekki endilega saman við markaðsvirði fjárfestinga, heldur kunni þess í stað að meta núvirði þess sjóðstreymis sem vænst er að fjárfestingar skili. Af þeim sökum eru þeir sem eru fylgjandi þessu sniði þeirrar skoðunar að ólíklegt sé að slíkur samanburður endurspegli heildarmat tryggingafræðings á sjóðnum og að hætta sé á misskilningi. Þar að auki er það skoðun sumra að upplýsingar um áfallnar eftirlaunaskuldbindingar, án tillits til þess hvort þær séu tölulegar, skuli einungis birtar í sérstakri skýrslu tryggingafræðings þar sem hægt er að gefa nauðsynlegar skýringar.

31 Í þessum staðli eru viðurkennd þau viðhorf að heimila beri birtingu upplýsinga um áfallnar eftirlaunaskuldbindingar í sérstakri tryggingafræðilegri skýrslu. Í staðlinum er hafnað rökum sem færð eru gegn tölulegum upplýsingum um tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga. Þar af leiðandi eru sniðin, sem lýst er í a- og b-lið 28. liðar, talin viðunandi samkvæmt þessum staðli, sem og sniðið sem lýst er í c-lið 28. liðar, svo framarlega sem í fjárhagsupplýsingunum sé tilvísun í og þeim fylgi tryggingafræðileg skýrsla þar sem fram kemur tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga.

ALLIR EFTIRLAUNASJÓÐIR

Virðismat á eignum til greiðslu eftirlauna

32 Fjárfestingar eftirlaunasjóðs skal færa á gangvirði. Þegar um markaðsverðbréf er að ræða er litið á markaðsvirði sem gangvirði. Þegar ekki er mögulegt að meta fjárfestingar eftirlaunasjóðs á gangvirði skal gera grein fyrir ástæðu þess að gangvirði er ekki notað.

33 Þegar um markaðsverðbréf er að ræða er gangvirði yfirleitt markaðsvirði vegna þess að það er talið gagnlegasta mat á verðbréfunum við dagsetningu efnahagsreiknings og á árangur af fjárfestingum á tímabilinu. Þau verðbréf, sem hafa fast innlausnarvirði og hafa verið keypt til að mæta skuldbindingum eftirlaunasjóðsins eða sérstökum hlutum þeirra, má færa með fjárhæðum sem byggjast á lokainnlausnarvirði, miðað við fasta ávöxtunarkröfu á binditíma bréfsins. Þegar ekki er hægt að meta gangvirði fjárfestinga eftirlaunasjóðs, t.d. þegar eining er að fullu í eigu sjóðsins, skal í skýringum gera grein fyrir ástæðu þess að gangvirði er ekki notað. Í þeim tilvikum þegar fjárfestingar eru færðar með öðrum fjárhæðum en markaðsvirði- eða gangvirði, er yfirleitt einnig greint frá gangvirði. Eignir, sem notaðar eru í rekstri sjóðs, eru færðar í samræmi við ákvæði viðeigandi staðla.

Upplýsingagjöf

34 Reikningsskil eftirlaunasjóðs, hvort heldur um er að ræða réttindatengdan eða iðgjaldatengdan sjóð, skulu einnig innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu eftirlauna,

b) mikilvægar upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og

c) lýsingu á sjóðnum og áhrifum af öllum breytingum á sjóðnum á tímabilinu.

35 Reikningsskil eftirlaunasjóða fela í sér eftirfarandi atriði þegar við á:

a) yfirlit um hreina eign til greiðslu eftirlauna þar sem greint er frá:

i. eignum í lok tímabils, sem flokkaðar eru með viðeigandi hætti,

ii. grundvelli fyrir virðismati á eignum,

iii. nákvæmum upplýsingum um allar fjárfestingar sem eru annaðhvort yfir 5% af hreinni eign til greiðslu eftirlauna eða yfir 5% af einhverjum flokki eða tegund verðbréfa,

iv. nákvæmum upplýsingum um allar fjárfestingar í launagreiðandanum, og

v. skuldum, öðrum en tryggingafræðilegu núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga,

b) yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu eftirlauna sem sýnir eftirfarandi:

i. iðgjöld launagreiðenda,

ii. iðgjöld starfsmanna,

iii. fjárfestingatekjur, s.s. vexti og arð,

iv. aðrar tekjur,

v. lífeyri sem greiddur er eða greiða skal (flokkaður t.d. í elli-, maka-, barna- og örorkulífeyri og eingreiðslur),

vi. stjórnunarkostnað,

vii. önnur útgjöld,

viii. tekjuskatta,

ix. hagnað og tap af ráðstöfun fjárfestinga og matsbreytingar fjárfestinga og

x. réttindaflutning til og frá öðrum eftirlaunasjóðum,

c) lýsingu á fjármögnunarstefnu,

d) fyrir réttindatengda eftirlaunasjóði: tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga (sem greina má í réttindi sem eru óskilyrt, áunnin eftirlaunaréttindi og skilyrt réttindi) sem byggist á áföllnum lífeyri samkvæmt skilmálum sjóðsins og vinnuframlagi fram að dagsetningu efnahagsreiknings og miðast annaðhvort við gildandi eða framreiknuð launastig. Þessar upplýsingar má birta í meðfylgjandi skýrslu tryggingafræðings, sem skal lesin í tengslum við viðeigandi fjárhagsupplýsingar, og

e) fyrir réttindatengda eftirlaunasjóði, lýsingu á meginforsendum tryggingafræðings og aðferðinni sem notuð er til að reikna tryggingafræðilegt núvirði áfallinna eftirlaunaskuldbindinga.

36 Í reikningsskilum eftirlaunasjóðs er lýsing á sjóðnum, annaðhvort sem hluti af fjárhagsupplýsingum eða í sérstakri skýrslu. Slík lýsing kann að innihalda eftirfarandi atriði:

a) nöfn launagreiðenda og hópa launþega, sem sjóðurinn nær til,

b) fjölda sjóðfélaga, sem fá greiddan lífeyri, og fjölda annarra sjóðfélaga, sem eru flokkaðir með viðeigandi hætti,

c) tegund eftirlaunasjóðs, sem er iðgjaldatengdur eða réttindatengdur,

d) skýringu um hvort sjóðfélagar greiði í eftirlaunasjóðinn,

e) lýsingu á eftirlaunaréttindum sjóðfélaga,

f) lýsingu á skilyrðum, sem geta verið fyrir lokun eftirlaunasjóðsins, og

g) breytingar á a- til f-lið á tímabilinu sem reikningsskilin taka til.

Það er ekki óalgengt að vísa til annarra skjala sem þegar eru aðgengileg fyrir notendur og fela í sér lýsingu á eftirlaunasjóðnum og að í reikningsskilunum séu einungis upplýsingar um síðari breytingar.

GILDISTÖKUDAGUR

37 Þessi staðall gildir um reikningsskil eftirlaunasjóða sem taka til tímabila sem hefjast 1. janúar 1988 eða síðar.

38 *Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir*, sem breyta IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, og IFRS-verklagsreglum 2, *matsákvarðanir um mikilvægi*, og gefnar voru út í febrúar 2021, breyttu 34 lið. Eining skal beita þeirri breytingu að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2023 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 27 (IAS-staðall 27)

Aðgreind reikningsskil

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum staðali er að lýsa kröfunum um reikningshald og upplýsingagjöf fyrir fjárfestingar í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum þegar eining gerir aðgreind reikningsskil.

GILDISSVIÐ

2 Staðlinum skal beitt við færslu fjárfestinga í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum þegar eining velur að setja fram aðgreind reikningsskil eða krafa er um það í reglum þarlendra yfirvalda.

3 Í þessum staðli er ekki mælt fyrir um hvaða einingar skuli leggja fram aðgreind reikningsskil. Hann gildir þegar eining gerir aðgreind reikningsskil sem eru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

SKILGREININGAR

4 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

***Samstæðureikningsskil* eru reikningsskil samstæðu þar sem framsetning eigna, skulda, eigin fjár, tekna, gjalda og sjóðstreymis móðurfélags og dótturfélaga þess er eins og um eina efnahagslega einingu væri að ræða.**

***Aðgreind reikningsskil* eru reikningsskil sem eru sett fram af einingu þar sem einingin gæti valið, með fyrirvara um kröfurnar í þessum staðli, að færa fjárfestingar í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum annaðhvort á kostnaðarverði í samræmi við IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar*, eða með því að nota hlutdeildaraðferð, eins og lýst er í IAS-staðli 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*.**

5 Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í viðbæti A í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*, viðbæti A í IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag* og 3. lið IAS-staðals 28:

— hlutdeildarfélag

— yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í

— hlutdeildaraðferð

— samstæða

— fjárfestingareining

— sameiginleg yfirráð

— samrekstur

— samrekstraraðili

— móðurfélag

— veruleg áhrif

— dótturfélag.

6 Aðgreind reikningsskil eru reikningsskil sem eru sett fram til viðbótar samstæðureikningsskilum, eða til viðbótar reikningsskilum fjárfestis sem hefur ekki fjárfest í dótturfélögum en hefur fjárfest í hlutdeildarfélögum eða samrekstri, þar sem þess er krafist í IAS-staðli 28 að fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eða samrekstri séu færðar með hlutdeildaraðferðinni, nema í þeim aðstæðum sem settar eru fram í liðum 8–8A.

7 Reikningsskil einingar, sem ekki á dótturfélag, hlutdeild í hlutdeildarfélagi eða samrekstri, eru ekki aðgreind reikningsskil.

8 Eining, sem er undanþegin samstæðu í samræmi við a-lið 4. liðar í IFRS-staðli 10 eða því að nota hlutdeildaraðferð samkvæmt 17. lið IAS-staðals 28 (eins og honum var breytt 2011), getur sett fram aðgreind reikningsskil sem sín einu reikningsskil.

8A Fjárfestingareining, sem krafist er að beiti undanþágunni frá samstæðureikningsskilum á öllu yfirstandandi tímabili og öllum samanburðartímabilum sem sett eru fram fyrir öll dótturfélög sín í samræmi við 31. lið IFRS-staðals 10, setur fram aðgreind reikningsskil sem einu reikningsskil sín.

UNDIRBÚNINGUR AÐGREINDRA REIKNINGSSKILA

9 Aðgreind reikningsskil skulu gerð í samræmi við alla gildandi IFRS-staðla, að undanskildu því sem kveðið er á um í 10. lið.

10 Þegar eining gerir aðgreind reikningsskil skal hún gera grein fyrir fjárfestingum í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum, annaðhvort:

a) á kostnaðarverði,

b) í samræmi við IFRS-staðal 9 eða

c) með því að nota hlutdeildaraðferðina eins og lýst er í IAS-staðli 28.

Einingin skal beita sömu reikningsskilum fyrir hvern fjárfestingarflokk. Fjárfestingar, sem færðar eru á kostnaðarverði eða með því að nota hlutdeildaraðferðina, skulu færðar í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*, þegar þær eru flokkaðar sem haldið til sölu eða til úthlutunar (eða eru í ráðstöfunarflokki sem er flokkaður sem haldið til sölu eða til úthlutunar). Mati á fjárfestingum, sem færðar eru í samræmi við IFRS-staðal 9, er ekki breytt við slíkar aðstæður.

11 Velji eining, í samræmi við 18. lið IAS-staðals 28 (eins og honum var breytt 2011), að meta fjárfestingar sínar í hlutdeildarfélögum eða samrekstri á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS-staðal 9, skal hún einnig færa þessar fjárfestingar á sama hátt í aðgreindum reikningsskilum sínum.

11A Ef þess er krafist að móðurfélag, í samræmi við 31. lið IFRS-staðals 10, meti fjárfestingu sína í dótturfélagi á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS-staðal 9, skal það einnig færa þessar fjárfestingar í dótturfélagi á sama hátt í aðgreindum reikningsskilum sínum.

11B Þegar móðurfélag annaðhvort hættir að vera fjárfestingareining eða verður fjárfestingareining skal það gera grein fyrir breytingunni frá þeim degi sem breytingin á sér stað eins og hér segir:

a) þegar eining hættir að vera fjárfestingareining skal hún gera grein fyrir fjárfestingu í dótturfélagi í samræmi við 10. lið. Dagsetning breytingar á stöðu telst vera dagurinn sem talinn er kaupdagurinn. Gangvirði dótturfélagsins á þeim degi sem talinn er kaupdagur skal vera það yfirfærða talda endurgjald þegar gerð er grein fyrir fjárfestingunni í samræmi við 10. lið,

i. [felldur brott]

ii. [felldur brott]

b) þegar eining verður fjárfestingareining skal hún gera grein fyrir fjárfestingu í dótturfélagi á gangvirði í rekstrar reikningi í samræmi við IFRS-staðal 9. Færa skal mismuninn á milli fyrra bókfærðs verðs dótturfélagsins og gangvirðis þess daginn sem breyting á stöðu fjárfestisins á sér stað sem hagnað eða tap í rekstrarreikningi. Fara skal með uppsafnaða fjárhæð hvers kyns hagnaðar eða taps, sem þegar hefur verið færð sem önnur heildarafkoma að því er varðar þessi dótturfélög, eins og fjárfestingareiningin hafi ráðstafað þessum dótturfélögum daginn sem breytingin varð á stöðunni.

12 Arður frá dótturfélagi, samrekstri eða hlutdeildarfélagi er færður í aðgreind reikningsskil einingar þegar réttur einingarinnar til arðgreiðslunnar hefur verið ákvarðaður. Arður er færður í rekstrarreikning nema einingin velji að nota hlutdeildaraðferðina en þá er arðurinn færður til lækkunar á bókfærðu verði fjárfestingarinnar.

13 Þegar móðurfélag endurskipuleggur uppbyggingu samstæðu sinnar með því að koma á fót nýrri einingu sem móðurfélagi og eftirfarandi viðmiðanir eru uppfylltar:

a) nýja móðurfélagið fær yfirráð yfir gamla móðurfélaginu með því að gefa út eiginfjárgerninga í skiptum fyrir eiginfjárgerninga hins upphaflega móðurfélags,

b) eignir og skuldir nýju samstæðunnar og upphaflegu samstæðunnar eru þær sömu rétt fyrr og rétt eftir endurskipulagninguna og

c) eigendur upphaflega móðurfélagsins fyrir endurskipulagningu eiga sömu ótvíræðu og hlutfallslegu hagsmuna að gæta að því er varðar hreina eign upphaflegu samstæðunnar og nýju samstæðunnar rétt fyrir og rétt eftir endurskipulagninguna,

og nýja móðurfélagið gerir grein fyrir fjárfestingum sínum í upphaflega móðurfélaginu í samræmi við a-lið 10. liðar í aðgreindum reikningsskilum sínum, skal nýja móðurfélagið meta kostnað á bókfærðu verði síns hlutar af eigin fé sem fram kemur í aðgreindum reikningsskilum upphaflega móðurfélagsins daginn sem endurskipulagningin fer fram.

14 Á sama hátt gæti eining sem ekki er móðurfélag komið á fót nýrri einingu sem móðurfélagi sínu með þeim hætti sem uppfyllir viðmiðanirnar í 13. lið. Skilyrðin í 13. lið eiga jafnt við um slíka endurskipulagningu. Í þeim tilvikum eiga tilvísanir í „upphaflegt móðurfélag“ og „upphaflega samstæðu“ við um „upphaflegu eininguna“.

UPPLÝSINGAGJÖF

15 Eining skal beita öllum gildandi IFRS-stöðlum við veitingu upplýsinga í aðgreindum reikningsskilum sínum, þ.m.t. kröfunum í 16. og 17. lið.

16 Þegar móðurfélag, í samræmi við a-lið 4. liðar í IFRS-staðli 10, velur að gera ekki samstæðureikningsskil og ákveður þess í stað að gera aðgreind reikningsskil, skal hún, í aðgreindu reikningsskilunum, leggja fram upplýsingar um:

a) þá staðreynd að reikningsskilin eru aðgreind reikningsskil, að notuð hafi verið undanþága frá samstæðureikningsskilum, heiti félagsins og höfuðstöðvar (og landið þar sem það var stofnað, ef það er annað) einingarinnar sem hefur sett fram reikningsskil, til afnota fyrir almenning, sem fylgja IFRS-stöðlum ásamt heimilisfangi þar sem hægt er að fá þessi samstæðureikningsskil,

b) skrá yfir mikilvægar fjárfestingar í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum, þ.m.t.:

i. heiti félaganna sem fjárfest er í,

ii. höfuðstöðvar (og landið þar sem þau voru stofnuð, ef það er annað) félaganna sem fjárfest er í,

iii. hlutfall eignarhluta (og hlutfall atkvæðisréttar, ef það er annað) sem haldið er í félögunum sem fjárfest er í,

c) lýsingu á aðferðinni sem notuð er til að færa fjárfestingarnar sem skráðar eru undir b-lið.

16A Þegar fjárfestingareining sem er móðurfélag (annað en móðurfélag sem fellur undir 16. lið) gerir aðgreind reikningsskil, í samræmi við lið 8A, eins og það séu einu reikningsskil þess skal það birta upplýsingar um það. Fjárfestingareining skal einnig setja fram upplýsingarnar um fjárfestingareiningarnar sem krafist er í IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum*.

17 Þegar móðurfélag, (fyrir utan móðurfélag sem fellur undir liði 16–16A) eða fjárfestir með sameiginleg yfirráð eða veruleg áhrif yfir félagi sem fjárfest er í, gerir aðgreind reikningsskil, skal móðurfélagið eða fjárfestirinn auðkenna reikningsskilin sem gerð voru, í samræmi við IFRS-staðal 10, IFRS-staðal 11 eða IAS-staðal 28 (eins og honum var breytt 2011) sem tengjast þeim. Móðurfélagið eða fjárfestirinn skal einnig, í aðgreindu reikningsskilunum, veita upplýsingar um:

a) að reikningsskilin eru aðgreind reikningsskil og ástæður þess að reikningsskilin eru gerð, ef ekki er gerð krafa um þau í lögum,

b) skrá yfir mikilvægar fjárfestingar í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum, þ.m.t.:

i. heiti félaganna sem fjárfest er í,

ii. höfuðstöðvar (og landið þar sem þau voru stofnuð, ef það er annað) félaganna sem fjárfest er í,

iii. hlutfall eignarhluta (og hlutfall atkvæðisréttar, ef það er annað) sem haldið er í félögunum sem fjárfest er í,

c) lýsingu á aðferðinni sem notuð er til að færa fjárfestingarnar sem skráðar eru undir b-lið.

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

18 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum staðli fyrr, skal hún greina frá því og beita samtímis IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011) á sama tíma.

18A *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27) útgefnar í október 2012, breyttu liðum 5, 6, 17 og 18 og bætti við liðum 8A, 11A–11B, 16A og 18B–18I. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita breytingunum fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún birta upplýsingar um það og beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

18B Ef móðurfélag kemst að þeirri niðurstöðu, daginn sem breytingunum á *Fjárfestingareiningar* er beitt í fyrsta sinn (sem, í tilgangi þessa alþjóðlega reikningsskilastaðals, er upphaf árlega skýrslutímabilsins þegar þessum breytingum er beitt í fyrsta sinn), að það sé fjárfestingareining skal það beita liðum 18C–18I á fjárfestingu sína í dótturfélagi.

18C Á upphafsdegi beitingar skal fjárfestingareining, sem áður færði fjárfestingu sína í dótturfélagi á kostnaðarverði, þess í stað færa fjárfestinguna á gangvirði í rekstrarreikningi eins og kröfurnar í þessum IFRS-staðli hefðu ávallt verið í gildi. Fjárfestingareiningin skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar og leiðrétta óráðstafað eigið fé við upphaf næstliðna tímabilsins, með tilliti til alls mismunar á:

a) fyrra bókfærðu verði fjárfestingarinnar og

b) gangvirði fjárfestingar fjárfestisins í dótturfélaginu.

18D Á upphafsdegi beitingar skal fjárfestingareining, sem áður færði fjárfestingu sína í dótturfélagi á gangvirði í annarri heildarafkomu, halda áfram að færa þá fjárfestingu á gangvirði. Uppsöfnuð fjárhæð allra leiðréttinga á gangvirði sem áður hafa verið færðar undir heildarafkomu skal færa á óráðstafað eigið fé við upphaf næstliðna árlega tímabilsins fyrir upphafsdag beitingarinnar.

18E Á upphafsdegi beitingar skal fjárfestingareining ekki gera leiðréttingar á fyrri reikningsskilum vegna hagsmuna í dótturfélagi sem hún áður kaus að færa á gangvirði í rekstrarreikningi í samræmi við IFRS-staðal 9, eins og leyft er í 10. lið.

18F Fyrir dagsetninguna sem IFRS-staðall 13, *gangvirðismat* er samþykktur skal fjárfestingareining nota gangvirðis-fjárhæðirnar sem áður voru tilkynntar fjárfestum eða stjórn, ef þessar fjárhæðir sýna fjárhæðina sem hefði verið mögulegt að selja fjárfestinguna fyrir í viðskiptum milli ótengdra, upplýstra aðila sem voru fúsir til viðskiptanna á matsdeginum.

18G Ef ekki er hægt að framkvæma mat á fjárfestingu í dótturfélagi, í samræmi við liði 18C–18F (eins og skilgreint er í IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*), skal fjárfestingareining beita kröfum þessa IFRS-staðals við upphaf fyrsta tímabilsins sem unnt er að beita liðum 18C–18F, sem getur verið yfirstandandi tímabil. Fjárfestirinn skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar, nema að upphaf fyrsta tímabilsins, sem unnt er að beita þessum lið, sé yfirstandandi tímabil. Ef dagurinn þegar fjárfestingareiningin getur framkvæmt mat á gangvirði dótturfélagsins er fyrir upphaf næstliðna tímabilsins skal fjárfestirinn leiðrétta eigið fé við upphaf næstliðna tímabilsins fyrir mismuninum á:

a) fyrra bókfærðu verði fjárfestingarinnar og

b) gangvirði fjárfestingar fjárfestisins í dótturfélaginu.

Ef upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita þessum lið er yfirstandandi tímabil, skal færa leiðréttinguna á eigin fé við upphaf yfirstandandi tímabilsins.

18H Ef fjárfestingareining hefur losað sig við, eða misst yfirráð yfir, fjárfestingu í dótturfélagi fyrir þá dagsetningu sem breytingunum á *Fjárfestingareiningar* er fyrst beitt er þess ekki krafist að fjárfestingareiningin leiðrétti fyrri reikningsskil vegna þeirrar fjárfestingar.

18I Þrátt fyrir tilvísanir í næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar („næstliðna tímabilið“) í liðum 18C–18G, er einingu einnig heimilt að leggja fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil sem sett eru fram, en þess er ekki krafist. Leggi eining fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil, ber að líta á allar tilvísanir í „næstliðna tímabilið“ í liðum 18C–18G sem það „fyrsta af fyrri leiðréttum samanburðartímabilum, sem sett hafa verið fram“. Leggi eining fram óleiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil, skal hún auðkenna óleiðréttu upplýsingarnar með skýrum hætti, tilgreina að þær hafi verið unnar á öðrum grundvelli og gera grein fyrir þeim grundvelli.

18J Hlutdeildaraðferð í aðgreindum reikningsskilum (breytingar á IAS-staðli 27), útgefin í ágúst 2014, breytti lið 4–7, 10, 11B og 12. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Tilvísanir í IFRS-staðal 9

19 Beiti eining þessum staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísun í IFRS-staðal 9 sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.

AFTURKÖLLUN IAS-STAÐALS 27 (2008)

20 Þessi staðall er gefinn út á sama tíma og IFRS-staðall 10. Saman koma þessir tveir IFRS-staðlar í stað IAS-staðals 27, *samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil* (eins og honum var breytt 2008).

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 28 (IAS-staðall 28)

Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri

MARKMIÐ

1 Markmið þessa staðals er að lýsa færslu fjárfestinga í hlutdeildarfélögum og setja fram kröfur um beitingu á hlutdeildaraðferðinni við færslu fjárfestinga í hlutdeildarfélögum og samrekstri.

GILDISSVIÐ

2 Þessum staðli skal beita af öllum einingum sem eru fjárfestar með sameiginleg yfirráð eða veruleg áhrif yfir félagi sem fjárfest er í.

SKILGREININGAR

3 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Hlutdeildarfélag **er eining þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif.**

Samstæðureikningsskil **eru reikningsskil samstæðu þar sem framsetning eigna, skulda, eigin fjár, tekna, gjalda og sjóðstreymis móðurfélags og dótturfélaga hennar eru eins og um eina efnahagslega einingu væri að ræða.**

Hlutdeildaraðferðin **er reikningsskilaaðferð þar sem fjárfesting er upphaflega færð á kostnaðarverði og fjárhæðin síðan leiðrétt vegna breytingar á hlut fjárfestis í hreinum eignum félagsins sem fjárfest er í, eftir kaup. Hlutur fjárfestisins í hagnaði eða tapi félagsins, sem fjárfest er í, er innifalinn í hagnaði eða tapi fjárfestisins og önnur heildarafkoma fjárfestisins felur í sér hlut hans í annarri heildarafkomu félagsins sem fjárfest er í.**

Sameiginlegt fyrirkomulag **er fyrirkomulag þar sem tveir eða fleiri aðilar hafa sameiginleg yfirráð.**

Sameiginleg yfirráð **er samningsbundin skipting á stjórnun fyrirkomulags, sem er aðeins fyrir hendi þegar ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi krefjast einróma samþykkis aðilanna sem deila yfirráðunum.**

Samrekstur **er sameiginlegt fyrirkomulag þar sem aðilar sem hafa sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu hafa rétt til hreinna eigna fyrirkomulagsins.**

Samrekstraraðili **er aðili að samrekstri sem hefur sameiginleg yfirráð yfir þeim samrekstri.**

Veruleg áhrif **eru rétturinn til þátttöku í ákvörðunum um mótun fjárhags- og rekstrarstefnu félagsins sem fjárfest er í, en eru ekki yfirráð eða sameiginleg yfirráð yfir þessari stefnumótun.**

4 Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í 4. lið í IAS-staðli 27, *aðgreind reikningsskil* og í viðbæti A í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*, og eru notuð í þessum staðli í þeim merkingum sem tilgreindar eru í þeim IFRS-stöðlum sem þau eru skilgreind í:

— yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í

— samstæða

— móðurfélag

— aðgreind reikningsskil

— dótturfélag.

VERULEG ÁHRIF

5 Ef eining hefur 20% atkvæðisrétt eða meira, beint eða óbeint (t.d. í gegnum dótturfélög), í félaginu sem fjárfest er í, er gert ráð fyrir að einingin hafi veruleg áhrif nema hægt sé að sýna fram á með skýrum hætti að svo sé ekki. Ef einingin hefur á hinn bóginn minna en 20% atkvæðisrétt beint eða óbeint (t.d. í gegnum dótturfélög) í félaginu sem fjárfest er í, er gert ráð fyrir að einingin hafi ekki veruleg áhrif nema hægt sé að sýna fram á með skýrum hætti að svo sé. Þótt annar fjárfestir eigi verulegan hlut eða meirihluta þá útilokar það ekki einingu frá því að hafa veruleg áhrif.

6 Einn eða fleiri af eftirfarandi þáttum bera alla jafna vitni um veruleg áhrif einingar:

a) fulltrúi í stjórn eða í sambærilegri stjórnareiningu innan félagsins sem fjárfest er í,

b) þátttaka í ákvarðanatökuferli, þ.m.t. þátttaka í ákvörðunum um arð eða aðra úthlutun,

c) mikilvæg viðskipti milli einingarinnar og félagsins sem fjárfest er í,

d) innbyrðis skipti á stjórnendum eða

e) útvegun nauðsynlegra, tæknilegra upplýsinga.

7 Eining getur átt kaupheimild í hlutabréfum, kauprétt á hlutabréfum, skulda- eða eiginfjárgerninga, sem er hægt að breyta í almenn hlutabréf, eða átt sambærilega gerninga sem hugsanlega geta, ef þeir eru nýttir eða þeim breytt, gefið einingunni aukinn atkvæðisrétt eða minnkað atkvæðisrétt annars aðila í fjárhags- og rekstrarstefnu annarrar einingar (þ.e. mögulegur atkvæðisréttur). Kannað er hvort um sé að ræða mögulegan atkvæðisrétt sem er nýtanlegur eða breytanlegur eins og er, þ.m.t. mögulegur atkvæðisréttur sem aðrar einingar eiga, og áhrif slíks atkvæðisréttar, þegar metið er hvort eining hefur veruleg áhrif. Mögulegur atkvæðisréttur verður ekki nýttur eða breytt eins og er, t.d. þegar ekki er unnt að nýta hann eða breyta fyrr en á tilteknum degi í framtíðinni, eða þegar tiltekinn atburður á sér stað í framtíðinni.

8 Þegar einingin metur hvort mögulegur atkvæðisréttur stuðli að verulegum áhrifum kannar hún allar staðreyndir og aðstæður (þ.m.t. skilmálarnir fyrir nýtingu mögulegs atkvæðisréttar og aðrar samningsbundnar skyldur, saman eða hverja fyrir sig) sem hafa áhrif á mögulegan rétt, að undanskilinni fyrirætlun stjórnenda og fjárhagslegri getu til að nýta réttinn eða breyta þessum mögulega rétti.

9 Eining glatar verulegum áhrifum yfir félagi sem fjárfest er í, þegar hún missir réttinn til þátttöku í ákvörðunum um mótun fjárhags- og rekstrarstefnu þess félags sem fjárfest í. Tap á verulegum áhrifum getur átt sér stað með eða án breytinga á fullu eða hlutfallslegu eignarhaldi. Það getur t.d. gerst þegar hlutdeildarfélag fer undir stjórn hins opinbera, dómstóla, stjórnsýsluaðila eða eftirlitsaðila. Það getur einnig verið afleiðing samningsbundins fyrirkomulags.

HLUTDEILDARAÐFERÐ

10 Samkvæmt hlutdeildaraðferðinni er fjárfesting í hlutdeildarfélagi eða samrekstri upphaflega færð á kostnaðarverði og bókfært verð er hækkað eða lækkað til að færa hlutdeild fjárfestis í hagnaði eða tapi félagsins sem fjárfest er í, eftir yfirtökudag. Hlutur fjárfestisins í hagnaði eða tapi félagsins sem fjárfest er í, kemur fram í rekstrarreikningi fjárfestisins. Úthlutanir frá félagi sem fjárfest er í, lækka bókfært verð fjárfestingarinnar. Leiðréttingar á bókfærðu verði kunna einnig að vera nauðsynlegar vegna breytinga á hlutfallslegri eign fjárfestisins í félaginu sem fjárfest er í, sem stafa af breytingum á annarri heildarafkomu félags sem fjárfest er í. Til slíkra breytinga teljast þær breytingar sem stafa af endurmati á varanlegum rekstrarfjármunum og af gengismun. Hlutur fjárfestisins í þessum breytingum er færður í aðra heildarafkomu fjárfestisins (sjá IAS-staðal 1, framsetning reikningsskila).

11 Færsla tekna á grundvelli móttekinna úthlutana getur verið ófullnægjandi mælikvarði á tekjur fjárfestis af fjárfestingu í hlutdeildarfélagi eða samrekstri vegna þess að mótteknu úthlutanirnar kunna að eiga lítið skylt við árangur hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins. Vegna þess að fjárfestirinn hefur sameiginleg yfirráð yfir eða veruleg áhrif í félaginu sem fjárfest er í, á fjárfestirinn hlutdeild í árangri hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins og þar með arðsemi fjárfestingar sinnar. Fjárfestirinn færir þessa hlutdeild með því að auka umfang reikningsskila sinna þannig að þau taki til hlutar hans af hagnaði eða tapi slíks félags sem fjárfest er í. Með beitingu hlutdeildaraðferðarinnar fást því reikningsskil sem veita betri upplýsingar um hreinar eignir og hagnað eða tap fjárfestisins.

12 Þegar mögulegur atkvæðisréttur, eða aðrar afleiður sem fela í sér mögulegan atkvæðisrétt er til staðar er hlutdeild einingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri einungis ákvörðuð á grundvelli eignarhlutar og endurspeglar ekki hugsanlega beitingu eða breytingu mögulegs atkvæðisréttar og annarra afleiðugerninga, nema ákvæði 13. liðar gildi.

13 Við ákveðnar aðstæður hefur eining í raun og veru núverandi eignarhald sem leiðir af viðskiptum sem veitir einingunni eins og er aðgang að hagnaðinum sem tengist eignarhluta. Þegar svo háttar til skal ákvarða hlutinn, sem ráðstafað er til einingarinnar með tilliti til endanlegrar beitingar mögulegs atkvæðisréttar og annarra afleiðugerninga sem veita einingunni eins og er aðgang að hagnaðinum.

14 IFRS-staðall 9, *fjármálagerningar*, gildir ekki um hlutdeild í hlutdeildarfélögum og samrekstri sem er færð með hlutdeildaraðferðinni. Þegar gerningar sem fela í sér mögulegan atkvæðisrétt veita sem stendur aðgang að hagnaðinum sem tengist eignarhluta í hlutdeildarfélagi eða samrekstri, falla gerningarnir ekki undir IFRS-staðal 9. Í öllum öðrum tilvikum skal skrá gerninga sem fela í sér mögulegan atkvæðisrétt í hlutdeildarfélagi eða samrekstri í samræmi við IFRS-staðal 9.

14A Eining beitir einnig IFRS-staðli 9 gagnvart öðrum fjármálagerningum í hlutdeildarfélagi eða samrekstri þar sem hlutdeildaraðferðinni er ekki beitt. Þar með er talin langtímahlutdeild sem í raun myndar hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri (sjá 38. lið). Eining beitir IFRS-staðli 9 gagnvart slíkri langtímahlutdeild áður en hún beitir 38. lið og 40.–43. lið í þessum staðli. Við beitingu IFRS-staðals 9 tekur einingin ekki tillit til leiðréttinga á bókfærðu verði langtímahlutdeildar sem stafa af beitingu þessa staðals.

15 Ef fjárfesting eða hluti fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri er flokkaður undir haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*, skal flokka fjárfestinguna eða eftirstæða hagsmuni í fjárfestingunni, sem ekki er flokkuð undir haldið til sölu, undir fastafjármuni.

BEITING HLUTDEILDARAÐFERÐARINNAR

16 Eining með sameiginleg yfirráð, eða veruleg áhrif yfir félagi sem fjárfest er í skal færa fjárfestingu sína í hlutdeildarfélagi eða samrekstri með hlutdeildaraðferð, nema ef fjárfestingin uppfyllir kröfur um undanþágur í samræmi við liði 17–19.

Undanþága frá beitingu hlutdeildaraðferðarinnar

17 Eining þarf ekki að beita hlutdeildaraðferðinni á fjárfestingu sína í hlutdeildarfélagi eða samrekstri ef einingin er móðurfélag sem er undanþegið kröfunni um að gera samstæðureikningsskil, þar sem hún fellur undir undanþáguna í a-lið 4. liðar í IFRS-staðli 10, eða ef allt eftirfarandi á við:

a) einingin er dótturfélag, sem er að öllu leyti í eigu eins móðurfélags, eða er að hluta til í eigu annarrar einingar og aðrir eigendur þess, þ.m.t. þeir sem ekki hafa með öðrum hætti atkvæðisrétt, hafa fengið upplýsingar um og ekki andmælt því að einingin beiti ekki hlutdeildaraðferðinni,

b) engin viðskipti eru með skulda- eða eiginfjárgerninga einingarinnar á almennum markaði (innlendum eða erlendum kauphöllum eða opnum tilboðsmarkaði, þ.m.t. stað- og svæðisbundnir markaðir),

c) einingin hefur ekki lagt inn né er að leggja inn reikningsskil sín hjá verðbréfaeftirlitsstofnun eða annarri eftirlits stofnun í þeim tilgangi að gefa út flokk gerninga á almennum markaði,

d) endanlega móðurfélagið eða eitthvert millistigsmóðurfélag einingarinnar leggur fram reikningsskil, sem samræmast IFRS-stöðlum og eru tiltæk almenningi og honum til afnota, þar sem dótturfélög eru tekin með í samstæðureikningsskil eða metin á gangvirði í rekstrarreikningi í samræmi við IFRS-staðal 10.

18 Þegar fjárfestingu í hlutdeildarfélagi eða samrekstri er haldið af, eða er haldið með óbeinum hætti í gegnum, einingu sem er áhættufjármagnsfyrirtæki eða gagnkvæmur tryggingasjóður, fjárhaldssjóður og sambærilegar einingar, þ.m.t. fjárfestingartengdir tryggingasjóðir, getur einingin valið að meta þá fjárfestingu á gangvirði í rekstrarreikningi í samræmi við IFRS-staðal 9. Dæmi um fjárfestingartengdan tryggingasjóð er sjóður sem eining á sem undirliggjandi liði í flokki vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum. Að því er þetta val varðar fela vátryggingarsamningar í sér fjárfestingasamninga með valkvæðum þátttökuákvæðum. Eining skal vinna slíkt mat aðskilið fyrir hvert hlutdeildarfélag eða samrekstur við upphafsfærslu hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins. (Sjá IFRS-staðal 17, *vátryggingarsamningar*, fyrir hugtök sem eru notuð í þessum lið sem eru skilgreind í þeim staðli).

19 Þegar eining á fjárfestingu í hlutdeildarfélagi, og hluta hennar er haldið með óbeinum hætti í gegnum einingu sem er áhættufjármagnsfyrirtæki, verðbréfasjóður, fjárhaldssjóður eða sambærileg eining, þ.m.t. fjárfestingartengdir tryggingasjóðir, getur einingin valið að meta þann hluta fjárfestingarinnar í hlutdeildarfélaginu á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS-staðal 9, óháð því hvort áhættufjármagnsfyrirtæki, verðbréfasjóður, fjárhaldssjóður eða sambærileg eining, þ.m.t. fjárfestingartengdir tryggingasjóðir, hafi veruleg áhrif yfir þeim hluta fjárfestingarinnar. Velji eining það, skal hún beita hlutdeildaraðferðinni á eftirstandandi hlut fjárfestingar hennar í hlutdeildarfélagi sem ekki er haldið í gegnum áhættufjármagnsfyrirtæki, verðbréfasjóð, fjárhaldssjóð eða sambærilega einingu, þ.m.t. fjárfestingartengda tryggingasjóði.

Flokkunin haldið til sölu

20 Eining skal beita IFRS-staðli 5 á fjárfestingu, eða hluta fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri sem uppfyllir viðmiðið að vera flokkuð sem haldið til sölu. Eftirstandandi hluti fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri sem ekki hefur verið flokkaður sem haldið til sölu skal færður með hlutdeildaraðferð þar til hlutnum sem flokkaður er sem haldið til sölu hefur verið ráðstafað. Eftir að ráðstöfun hefur farið fram, skal eining færa alla eftirstandandi hluti í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum í samræmi við IFRS-staðal 9 nema eftirstandandi hluturinn haldi áfram að vera hlutdeildarfélag eða samrekstur, en í því tilviki skal einingin nota hlutdeildaraðferðina.

21 Þegar fjárfesting eða hluti fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri, sem áður var skilgreind sem fjárfesting sem haldið er til sölu, uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir þeirri skilgreiningu skal færa hana með hlutdeildaraðferðinni, afturvirkt, frá og með deginum þegar hún var skilgreind sem haldið til sölu. Reikningsskilum tímabilanna frá því að hún var skilgreind sem haldið til sölu skal breytt í samræmi við þetta

Notkun hlutdeildaraðferðarinnar hætt

22 Eining skal hætta að nota hlutdeildaraðferðina frá þeim degi sem fjárfesting hennar er ekki lengur hlutdeildarfélag eða samrekstur sem hér segir:

a) ef fjárfestingin verður dótturfélag, skal einingin færa fjárfestingu sína í samræmi við IFRS-staðal 3, *sameining fyrirtækja* og IFRS-staðal 10,

b) Ef eftirstandandi hlutdeild í fyrrum hlutdeildarfélagi eða samrekstri er fjáreign skal einingin meta eftirstandandi hlutdeild á gangvirði. Líta skal á gangvirði eftirstandandi hlutdeildar sem gangvirði hennar við upphafsfærslu sem fjáreign í samræmi við IFRS-staðal 9. Einingin skal færa allan mun á eftirfarandi í rekstrarreikning:

i. gangvirði allrar hlutdeildar, sem haldið er eftir, og alls ávinnings af ráðstöfun hluta hlutdeildarinnar í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum og

ii. bókfærðu verði fjárfestingarinnar daginn sem hætt var að nota hlutdeildaraðferðina,

c) ef eining hættir notkun hlutdeildaraðferðarinnar, skal einingin gera grein fyrir öllum fjárhæðum sem áður voru færðar í aðra heildarafkomu í tengslum við þá fjárfestingu á sama grundvelli og krafist væri ef félagið sem fjárfest er í hefði ráðstafað beint tengdum eignum eða skuldum.

23 Ef ágóði eða tap, sem félagið sem fjárfest er í færði áður í aðrar heildartekjur, er endurflokkað og fært í rekstrarreikning við ráðstöfun tengdra eigna og skulda endurflokkar einingin af þeim sökum ágóðann eða tapið úr eigin fé og yfir í rekstrarreikning (sem endurflokkunarleiðréttingu) þegar hún hættir að nota hlutdeildaraðferðina. Ef, t.d. hlutdeildarfélag eða samrekstur á uppsafnaðan gengismun sem tengist erlendum rekstri og einingin hættir að nota hlutdeildaraðferðina, skal hún endurflokka hagnað og tap, sem áður var flokkað í aðra heildarafkomu í tengslum við erlendan rekstur, í rekstrarreikning.

24 Þegar fjárfesting í hlutdeildarfélagi verður fjárfesting í samrekstri, eða fjárfesting í samrekstri verður fjárfesting í hlutdeildarfélagi, beitir einingin áfram hlutdeildaraðferðinni og endurmetur ekki eftirstandandi hlutdeild.

Breytingar á eignarhaldi

25 Þegar eignarhlutur einingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri minnkar en fjárfestingin er áfram flokkuð annaðhvort sem hlutdeildarfélag eða samrekstur skal einingin endurflokka í rekstrarreikning hlutfall hagnaðar eða taps, sem áður var flokkað í aðra heildarafkomu, í tengslum við minnkunina á eignarhlutanum ef þess verður krafist að hagnaður eða tap verði endurflokkað í rekstrarreikning við ráðstöfun á tengdum eignum eða skuldum.

Aðferðir í tengslum við hlutdeildaraðferðina

26 Mörgum þeirra aðferða, sem eiga við þegar hlutdeildaraðferðinni er beitt, svipar til aðferða við gerð samstæðureikningsskila sem lýst er í IFRS-staðli 10. Þar að auki eru þau hugtök sem liggja til grundvallar þeim aðferðum sem notaðar eru við færslu á yfirtöku á dótturfélagi einnig tekin upp við færslu vegna fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri.

27 Hlutur samstæðu í hlutdeildarfélagi eða samrekstri er samanlögð eignarhlutdeild móður- og dótturfélaga í því hlutdeildarfélagi eða þeim samrekstri. Litið er framhjá eignarhlutdeild samstæðunnar í öðrum hlutdeildarfélögum eða samrekstri að því er þetta varðar. Þegar hlutdeildarfélag eða samrekstur sem á dótturfélög, hlutdeildarfélög eða samrekstur, beitir hlutdeildaraðferðinni er tekið tillit til hagnaðar eða taps, heildarafkomu og hreinna eigna sem fært er í reikningsskilum hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins (þ.m.t. hlutur hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins í hagnaði eða tapi, heildarafkomu og hreinum eignum eigin hlutdeildarfélaga og samrekstrar), að loknum nauðsynlegum leiðréttingum sem gera kleift að nota samræmdar reikningsskilaaðferðir (sjá liði 35–36A).

28 Hagnaður og tap, sem rekja má til viðskipta „upp á við“ og „niður á við“ milli einingar (þ.m.t. dótturfélög hennar í samstæðunni) og eigin hlutdeildarfélags eða samrekstrar, er aðeins fært í reikningsskilum einingarinnar að því marki sem nemur eignarhluta ótengdra fjárfesta í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum. Viðskipti „upp á við“ eru t.d. sala á eignum frá hlutdeildarfélagi eða samrekstri til fjárfestisins. Viðskipti „niður á við“ eru t.d. sala eða framlegð á eignum frá fjárfesti til eigin hlutdeildarfélags eða samrekstrar. Hlut fjárfestisins, í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum, í hagnaði eða tapi sem verður vegna þessara viðskipta er eytt.

29 Þegar viðskipti niður á við veita vísbendingar um lækkun á hreinu söluvirði eignanna sem selja á eða leggja á til, eða um virðisrýrnunartap þessara eigna, skal fjárfestirinn færa tapið að fullu. Þegar viðskipti upp á við veita vísbendingu um lækkun á hreinu söluvirði eignanna sem kaupa á eða um virðisrýrnunartap á þessum eignum skal fjárfestirinn færa sinn hluta af tapinu.

30 Framlag á ópeningalegri eign til hlutdeildarfélags eða samrekstrar í skiptum fyrir eignarhlutdeild í því hlutdeildarfélagi eða samrekstri skal fært í samræmi við 28. lið, nema þegar framlagið er ekki viðskiptalegs eðlis, eins og hugtakinu er lýst í IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*. Ef framlagið er ekki viðskiptalegs eðlis, skal hagnaðurinn eða tapið teljast óinnleyst og er því ekki fært nema ákvæði 31. liðar eigi einnig við. Fella skal slíkan óinnleystan hagnað niður á móti færðu fjárfestingunni með hlutdeildaraðferðinni og hann skal ekki settur fram sem frestaður hagnaður eða tap í samstæðuefnahagsreikningi einingarinnar eða í efnahagsreikningi einingarinnar þar sem fjárfestingarnar eru færðar með hlutdeildaraðferðinni.

31 Ef eining fær peningalegar eða ópeningalegar eignir auk eignarhlutdeildar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri, skal einingin færa að fullu í rekstrarreikning hluta þess hagnaðar eða taps sem verður vegna ópeningalegra framlaga er tengjast peningalegum eða ópeningalegum eignum sem hún fær.

32 Fjárfesting í hlutdeildarfélagi er færð með hlutdeildaraðferðinni frá þeim degi sem hún verður að hlutdeildarfélagi eða samrekstri. Við kaup á fjárfestingunni er allur mismunur á milli kostnaðarverðs fjárfestingarinnar og hlutar einingarinnar í hreinu gangvirði aðgreinanlegra eigna og skulda félagsins sem fjárfest er í, færður eins og hér segir:

a) viðskiptavild sem tengist hlutdeildarfélagi eða samrekstri er innifalin í bókfærðu verði fjárfestingarinnar. Afskrift þeirrar viðskiptavildar er ekki heimiluð,

b) umframfjárhæð hluta einingarinnar í hreinu gangvirði aðgreinanlegra eigna og skulda félagsins sem fjárfest er í umfram kostnaðarverð fjárfestingarinnar er talin sem tekjur við ákvörðun hluta einingarinnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins á því tímabili sem ráðist er í fjárfestinguna.

Viðeigandi leiðréttingar eru gerðar á hlut einingarinnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins eftir yfirtökuna t.d. til að gera grein fyrir afskriftum af afskrifanlegum eignum sem miðast við gangvirði þeirra á yfirtökudegi. Á sama hátt eru gerðar viðeigandi leiðréttingar á hlut einingarinnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins eftir yfirtökuna vegna virðisrýrnunartaps s.s. fyrir viðskiptavild eða varanlega rekstrarfjármuni.

33 Þegar eining notar hlutdeildaraðferðina notar hún nýjustu reikningsskil hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins sem tiltæk eru. Ef lok reikningsskilatímabils einingarinnar eru önnur en hlutdeildarfélags eða samrekstrar miðar hlutdeildarfélagið eða samreksturinn reikningsskil sín, til afnota fyrir eininguna, við sömu dagsetningu og reikningsskil einingarinnar nema það sé ekki gerlegt.

34 Þegar reikningsskil hlutdeildarfélags eða samrekstrar, sem eru notuð við beitingu hlutdeildaraðferðarinnar, í samræmi við 33. lið, eru miðuð við annan reikningsskiladag en reikningsskil einingarinnar skal gera leiðréttingar vegna áhrifa af verulegum viðskiptum eða atburðum sem verða milli þess dags og reikningsskiladags einingarinnar. Hvað sem öðru líður skal ekki muna meira en þremur mánuðum á lokum reikningsskilatímabils hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins og lokum reikningsskilatímabils einingarinnar. Lengd reikningsskilatímabila og munur á lokum reikningsskilatímabila skal vera eins frá einu tímabili til annars.

35 Reikningsskil einingar skulu gerð með samræmdum reikningsskilaaðferðum fyrir sams konar viðskipti og atburði við sambærilegar aðstæður.

36 Að undanskildu því sem lýst er í lið 36A gildir að ef hlutdeildarfélag eða samrekstur notar aðrar reikningsskilaaðferðir en þær sem einingin notar fyrir sams konar viðskipti og atburði við sambærilegar aðstæður skal gera leiðréttingar til að samræma reikningsskilareglur hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins aðferðum einingarinnar þegar hún notar reikningsskil hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins við beitingu hlutdeildaraðferðarinnar.

36A Þrátt fyrir kröfuna í 36. lið getur eining, sem sjálf er ekki fjárfestingareining en á hagsmuni í hlutdeildarfélagi eða samrekstri, sem er fjárfestingareining, við beitingu hlutdeildaraðferðarinnar, kosið að halda því gangvirðismati sem sú fjárfestingareining sem er hlutdeildarfélag eða samrekstur notar vegna hagsmuna sinna í dótturfélögum. Slíkt mat er unnið aðskilið fyrir hvert hlutdeildarfélag eða samrekstur, sem er fjárfestingareining, á þeim degi sem síðar ber upp er a) hlutdeildarfélagið eða samreksturinn, sem er fjárfestingareining, er færður í upphafi, b) hlutdeildarfélagið eða samreksturinn verður fjárfestingareining og c) hlutdeildarfélagið eða samreksturinn, sem er fjárfestingareining, verður fyrst móðurfélag.

37 Ef í hlutdeildarfélagi eða samrekstri eru útistandandi forgangshlutir með uppsafnanlegan arðgreiðslurétt, sem eru í eigu annarra aðila en einingarinnar og flokkaðir sem eigin fé, reiknar einingin hlutdeild sína í hagnaði eða tapi eftir að tekið hefur verið tillit til arðs af slíkum hlutum, óháð því hvort tilkynnt hafi verið um að arður verði greiddur eða ekki.

38 Ef hlutur einingar í tapi hlutdeildarfélags eða samrekstrar er jafnmikill eða meiri en eignarhluti hennar í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum hættir einingin að færa sinn hlut í frekara tapi. Eignarhlutinn í hlutdeildarfélagi eða samrekstri er bókfærða verðið á fjárfestingunni í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum, sem ákvarðaður er með hlutdeildaraðferðinni ásamt hugsanlegri langtímahlutdeild sem í reynd myndar hluta hreinnar fjárfestingar fjárfestisins í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum. Liður, sem er ekki ætlunin að gera upp og ólíklegt er að verði gerður upp í

fyrirsjáanlegri framtíð, er til dæmis í eðli sínu aukning á fjárfestingu einingarinnar í því hlutdeildarfélagi eða samrekstri. Slíkir liðir geta verið forgangshlutir og langtímakröfur eða -lán en ekki viðskiptakröfur, viðskiptaskuldir eða langtímakröfur sem fullnægjandi veð er fyrir, s.s. veðlán. Tap, sem er fært með hlutdeildaraðferðinni í umframfjárfestingu einingarinnar í venjulegum hlutum, er jafnað á móti öðrum þáttum í eignarhlut einingarinnar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri í öfugri forgangsröð þeirra (þ.e. forgangsröð við félagsslit).

39 Eftir að eignarhlutur einingarinnar hefur lækkað niður í núll er gerð grein fyrir viðbótartöpum og skuld er færð en aðeins að því marki sem einingin hefur stofnað til lagalegra eða ætlaðra skuldbindinga eða greitt fyrir hönd hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins. Ef hlutdeildarfélagið eða samreksturinn skilar síðar hagnaði byrjar einingin einungis aftur að færa sinn hlut í þeim hagnaði eftir að hagnaðarhlutur hennar er orðinn jafnmikill og taphluturinn sem ekki var færður.

Virðisrýrnunartöp

40 Eftir að hlutdeildaraðferðinni hefur verið beitt, þ.m.t. færslur á tapi hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins í samræmi við 38. lið, beitir einingin liðum 41A–41C til að ákvarða hvort fyrir liggja hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun hreinnar fjárfestingar í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum

41 [Felldur brott]

41A Virði hreinnar fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri hefur þá og því aðeins rýrnað og virðisrýrnunartap átt sér stað að hlutlægar vísbendingar séu um virðisrýrnun vegna eins eða fleiri atburða, sem gerst hafa eftir upphafsfærslu hreinu fjárfestingarinnar („tapatburður“), og sá tapatburður (eða atburðir) hafa haft áhrif á áætlað framtíðarsjóðstreymi frá hreinu fjárfestingunni sem unnt er að meta með áreiðanlegum hætti. Ef til vill er ekki unnt að greina neinn einstakan atburð sem olli virðisrýrnuninni. Það eru fremur sameinuð áhrif nokkurra atburða sem kunna að hafa valdið virðisrýrnuninni. Tap er ekki fært, sem vænta má í kjölfar atburða í framtíðinni, hversu líklegir sem þeir eru. Hlutlægar vísbendingar um að virði hreinnar fjárfestingar hafi rýrnað fela í sér sannreynanlegar upplýsingar sem einingin veitir athygli um eftirfarandi tapatburði:

a) umtalsverða fjárhagserfiðleika hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins,

b) samningsbrot, s.s. greiðslufall eða vanskil á greiðslum hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins,

c) eining veitir hlutdeildarfélagi eða samrekstri tilslakanir af fjárhagslegum eða lagalegum ástæðum í tengslum við fjárhagserfiðleika hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins, sem eining tæki að öðrum kosti ekki í mál,

d) líkur á að hlutdeildarfélag eða samrekstur fari í gjaldþrot eða aðra fjármálalega endurskipulagningu eða

e) virkur markaður er ekki lengur fyrir hendi fyrir hreinu fjárfestinguna vegna fjárhagserfiðleika hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins.

41B Það að virkur markaður er ekki lengur fyrir hendi vegna þess að ekki er lengur verslað með eiginfjárgerninga eða fjármálagerninga hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins á almennum markaði er ekki vísbending um virðisrýrnun. Lækkun á lánshæfismati hlutdeildarfélags eða samrekstrar eða lækkun á gangvirði hlutdeildarfélags eða samrekstrar er í sjálfu sér ekki vísbending um virðisrýrnun, þótt það geti verið vísbending um virðisrýrnun þegar það er kannað ásamt öðrum tiltækum upplýsingum.

41C Auk atburða af því tagi, sem um getur í lið 41A, fela hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun hreinnar fjárfestingar í eiginfjárgerningi hlutdeildarfélags eða samrekstrar í sér upplýsingar um verulegar breytingar, sem hafa óhagstæð áhrif og hafa orðið í því tæknilega, markaðslega, efnahagslega eða lagalega umhverfi, sem hlutdeildarfélagið eða samreksturinn starfar í, og benda til þess að kostnaðarverð fjárfestingarinnar í eiginfjárgerningnum muni mögulega ekki endurheimtast. Veruleg eða langvarandi lækkun á gangvirði fjárfestingar í eiginfjárgerningi niður fyrir kostnaðarverð hans er einnig hlutlæg vísbending um virðisrýrnun.

42 Vegna þess að viðskiptavild, sem myndar hluta af bókfærðri fjárhæð hreinnar fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri, er ekki færð sérstaklega er ekki prófað sérstaklega hvort virðisrýrnunartap hafi orðið á henni með því að beita kröfunum um prófun á því hvort virðisrýrnun hafi orðið á viðskiptavild sem er í IAS-staðli 36, virðisrýrnun eigna. Þess í stað er prófað samkvæmt IAS-staðli 36 hvort virði allrar bókfærðrar fjárhæðar fjárfestingarinnar hafi rýrnað sem stök eign með því að bera saman endurheimtanlega fjárhæð hennar (hið hærra af notkunarvirði og gangvirði, að frádregnum ráðstöfunarkostnaði) við bókfærða fjárhæð hennar þegar beiting liða 41A–41C bendir til þess að virði hreinu fjárfestingarinnar hafi rýrnað. Virðisrýrnunartapi, sem er fært við þær aðstæður, er ekki útdeilt á neina eign, þ.m.t. viðskiptavild, sem myndar hluta af bókfærðu verði hreinu fjárfestingarinnar í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrinum. Til samræmis við það er bakfærsla á því virðisrýrnunartapi færð í samræmi við IAS-staðal 36 að því marki að endurheimtanleg fjárhæð hreinu fjárfestingarinnar eykst síðar. Við ákvörðun á notkunarvirði hreinu fjárfestingarinnar metur eining:

a) hlut sinn í núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis, sem búist er við að hlutdeildarfélagið eða samreksturinn muni skila, þ.m.t. sjóðstreymis vegna reksturs hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins og ágóða af endanlegri ráðstöfun fjárfestingarinnar, eða

b) núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis sem búist er við að verði til vegna arðgreiðslna af fjárfestingunni og endanlegrar ráðstöfunar hennar.

Með því að nota viðeigandi forsendur gefa báðar aðferðir sömu niðurstöðu.

43 Endurheimtanleg fjárhæð fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri er metin fyrir hvert hlutdeildarfélag eða samrekstur, nema hlutdeildarfélagið eða samreksturinn skapi ekki innstreymi handbærs fjár með áframhaldandi rekstri sem er að stórum hluta óháð öðrum eignum einingarinnar.

AÐGREIND REIKNINGSSKIL

44 Fjárfestingu í hlutdeildarfélagi eða samrekstri skal færa í aðgreind reikningsskil einingar í samræmi við 10. lið í IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2011).

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

45 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum IFRS-staðli fyrr, skal hún greina frá því og beita samtímis IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum* og IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2011).

45A IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti 40.–42. lið og bætti við liðum 41A–41C. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

45B *Hlutdeildaraðferð í aðgreindum reikningsskilum* (breytingar á IAS-staðli 27), útgefin í ágúst 2014, breytti lið 25. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

45D *Fjárfestingareiningar: beiting undanþágunnar frá samstæðureikningsskilum* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 28), útgefnar í desember 2014, breyttu liðum 17, 27 og 36 og bættu við lið 36A. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

45E Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) fyrir tímabilið 2014–2016*, sem voru gefnar út í desember 2016, var liðum 18 og 36A breytt. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8 að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

45F IFRS-staðall 17, gefinn út í maí 2017, breytti 18. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 17.

45G *Langtímahlutdeild í hlutdeildarfélögum og samrekstri*, útgefið í október 2017, bætti við lið 14A og felldi brott 41. lið. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8 að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar, að frátöldu því sem tilgreint er í liðum 45H-45K. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þessum breytingum fyrr skal hún greina frá því.

45H Eining, sem beitir breytingunum í lið 45G í fyrsta sinn á sama tíma og hún beitir IFRS-staðli 9 í fyrsta sinn, skal beita umbreytingarkröfum IFRS-staðals 9 gagnvart langtímahlutdeildinni sem lýst er í lið 14A.

45I Eining, sem beitir breytingunum í lið 45G í fyrsta sinn eftir að hún beitir IFRS-staðli 9 í fyrsta sinn, skal beita þeim umbreytingarkröfum í IFRS-staðli 9 sem nauðsynlegar eru til að beita kröfunum, sem settar eru fram í lið 14A, gagnvart langtímahlutdeild. Í því skyni skal lesa tilvísanir í upphafsdag beitingar í IFRS-staðli 9 sem vísun í upphaf þess árlega reikningsskilatímabils þegar einingin beitir breytingunum í fyrsta sinn (upphafsdagur beitingar breytinganna). Einingunni er ekki skylt að endurgera fyrri tímabil til að endurspegla beitingu breytinganna. Einingin getur endurgert fyrri tímabil því aðeins að slíkt sé hægt án eftiráskýringa.

45J Þegar breytingunum í lið 45G er beitt í fyrsta sinn er einingu, sem beitir tímabundinni undanþágu frá IFRS-staðli 9 í samræmi við IFRS-staðal 4, *vátryggingasamningar*, ekki skylt að endurgera fyrri tímabil til að endurspegla beitingu breytinganna. Einingin getur endurgert fyrri tímabil því aðeins að slíkt sé hægt án eftiráskýringa.

45K Ef eining endurgerir ekki fyrri tímabil, með því að beita lið 45I eða lið 45J, skal hún á upphafsdegi beitingar breytinganna færa í óráðstafað eigið fé (eða annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á) hvers kyns mismun milli:

a) fyrra bókfærðs verðs langtímahlutdeildar, sem lýst er í lið 14A, á þeim degi og

b) bókfærðs verðs þeirrar langtímahlutdeildar á þeim degi.

Tilvísanir í IFRS-staðal 9

46 Beiti eining þessum IFRS-staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísanirnar í IFRS-staðal 9 sem tilvísanir í IAS-staðal 39.

AFTURKÖLLUN IAS-STAÐALS 28 (2003)

47 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum* (endurskoðaður 2003).

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 29 (IAS-staðall 29)

Reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir [13]

GILDISSVIÐ

1 Beita skal þessum staðli við gerð reikningsskila, þ.m.t. samstæðureikningsskil, einingar sem hefur gjaldmiðil hagkerfis þar sem óðaverðbólga ríkir sem starfrækslugjaldmiðil.

2 Í hagkerfi þar sem óðaverðbólga ríkir koma upplýsingar um rekstrarniðurstöðu og fjárhagsstöðu í viðkomandi gjaldmiðli ekki að gagni nema endurgerð þeirra hafi farið fram. Kaupmáttur peninga rýrnar það hratt að samanburður fjárhæða úr viðskiptum og öðrum atburðum, sem áttu sér stað á mismunandi tíma, jafnvel innan saman reikningsskilatímabils, er villandi.

3 Í þessum staðli er ekki settur fram algildur mælikvarði á það hvenær óðaverðbólga er talin ríkja. Það er háð mati hvenær nauðsynlegt er að endurgera reikningsskil í samræmi við þennan staðal. Vísbendingar um óðaverðbólgu eru m.a. eftirfarandi einkenni á efnahagsumhverfi lands en takmarkast þó ekki við þau einkenni:

a) allur almenningur telur eigum sínum betur borgið í formi ópeningalegra eigna eða í tiltölulega stöðugum, erlendum gjaldmiðli. Fjárhæðir í innlendum gjaldmiðli eru umsvifalaust notaðar til fjárfestinga til þess að viðhalda kaupmætti,

b) allur almenningur mælir ekki peningafjárhæðir í innlendum gjaldmiðli heldur í tiltölulega stöðugum, erlendum gjaldmiðli. Verð kunna að vera gefin upp í þeim gjaldmiðli,

c) sala og kaup gegn greiðslufresti miðast við verð sem vegur upp á móti væntri rýrnun kaupmáttar á lánstímabilinu, jafnvel þótt tímabilið sé stutt,

d) vextir, laun og verð eru tengd verðvísitölu og

e) uppsöfnuð verðbólga á þriggja ára tímabili nálgast eða fer yfir 100%.

4 Æskilegt er að allar einingar, sem gera upp í gjaldmiðli sama hagkerfis þar sem óðaverðbólga ríkir, beiti þessum staðli frá sama degi. Þrátt fyrir þetta á þessi staðall við um reikningsskil allra eininga frá upphafi reikningsskilatímabilsins þegar einingin tilgreinir að óðaverðbólga ríki í landi gjaldmiðilsins sem er notaður í reikningsskilunum.

ENDURGERÐ REIKNINGSSKILA

5 Verð breytist með tímanum vegna áhrifa frá ýmsum sérstökum eða almennum stjórnmálalegum, hagfræðilegum og félagslegum öflum. Sérstök öfl, s.s. breytingar á framboði og eftirspurn og tæknibreytingar, geta valdið því að verð einstakrar vöru hækkar eða lækkar verulega og óháð verði annarra vara. Almenn öfl geta einnig valdið breytingum á almennu verðlagi og þar með almennum kaupmætti peninga.

6 Einingar sem byggja reikningsskil á kostnaðarverðsreglu reikningsskila gera það án þess að tillit sé tekið til breytinga á almennu verðlagi eða sérhækkunum á verði einstakra færðra eigna eða skulda. Undantekningar frá þessu eru þær eignir og skuldir sem einingin er skuldbundin til eða kýs að meta á gangvirði. Sem dæmi má nefna að heimilt er að endurmeta varanlega rekstrarfjármuni á gangvirði og þess er almennt krafist að lífrænar eignir séu metnar á gangvirði. Sumar einingar setja þó fram reikningsskil sem miðast við gangverðsaðferð sem endurspeglar áhrif sérstakra breytinga á verði eigna.

(13) Hluti af *Endurbótum á IFRS-stöðlum* útgefnum í maí 2008 voru breytingar stjórnarinnar á hugtökum og hugtakanotkun sem notaðir eru í IAS-29 til samræmis við aðra alþjóðlega reikningsskilastaðla sem hér segir: (a) „markaðsvirði“ var breytt í „gangvirði“ og (b) „rekstrarárangur“ og „hagnaður“ var breytt í „rekstrarreikningur“.

7 Í hagkerfi, þar sem óðaverðbólga ríkir, koma reikningsskil, hvort sem þau eru byggð á kostnaðarverðsaðferð eða gangverðsaðferð, einungis að gagni ef þau eru tilgreind samkvæmt þeirri mælieiningu sem gildir við lok reikningsskilatímabilsins. Af þessu leiðir að þessi staðall á við um reikningsskil eininga sem eru sett fram í gjaldmiðli hagkerfis þar sem óðaverðbólga ríkir. Ekki er heimilt að setja fram upplýsingar, sem gerð er krafa um í þessum staðli, sem viðbæti við reikningsskil sem ekki hafa verið endurgerð. Enn fremur er ráðið frá sérstakri framsetningu reikningsskila fyrir endurgerð.

8 Reikningsskil einingar, sem hefur gjaldmiðil hagkerfis þar sem óðaverðbólga ríkir sem starfrækslugjaldmiðil, hvort sem þau eru byggð á kostnaðarverðsaðferð eða gangverðsaðferð, skulu sett fram í þeirri mælieiningu sem er í gildi við lok reikningsskilatímabilsins. Samanburðarfjárhæðir fyrra tímabils, sem gerð er krafa um samkvæmt IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, (endurskoðaður 2007), og allar upplýsingar um fyrri tímabil, skulu einnig settar fram í mælieiningunni sem gildir miðað við lok reikningsskilatímabilsins. Um framsetningu samanburðarfjárhæða í öðrum framsetningargjaldmiðli gilda b-liður 42. liðar og 43. liður IAS-staðals 21, *áhrif gengisbreytinga í erlendum gjaldmiðlum*.

9 Ágóða eða tap af hreinni, peningalegri stöðu skal taka með í rekstrarreikningi og greina frá sérstaklega.

10 Við endurgerð reikningsskila í samræmi við þennan staðal er nauðsynlegt að beita tilteknum aðferðum sem og mati. Samræmd beiting þessara aðferða og mats frá einu tímabili til annars er mikilvægari en nákvæmni þeirra fjárhæða sem hún leiðir til í endurgerðum reikningsskilum.

Kostnaðarverðsreikningsskil

Efnahagsreikningur

11 Fjárhæðir efnahagsreiknings, sem ekki eru þegar tilgreindar í matseiningunni sem gildir við lok reikningsskilatímabilsins eru endurákvarðaðar miðað við almenna verðvísitölu.

12 Peningaliðir eru ekki endurákvarðaðir vegna þess að þeir eru þegar tilgreindir í matseiningunni sem gildir við lok reikningsskilatímabilsins. Peningaliðir eru peningaeign og liðir sem munu fást eða verða greiddir í peningum.

13 Eignir og skuldir, sem eru verðtryggðar samkvæmt samningi, s.s. vísitölutengd skuldabréf og lán, eru leiðrétt í samræmi við samninginn til að ákvarða útistandandi fjárhæð við lok reikningsskilatímabilsins. Þessir liðir eru færðir með þeirri fjárhæð í endurgerðum efnahagsreikningi.

14 Allar aðrar eignir og skuldir eru ópeningalegar. Sumir ópeningalegir liðir eru skráðir á því verðlagi sem gildir við lok reikningsskilatímabilsins, s.s. hreinu söluvirði og gangvirði, og fjárhæðirnar eru því ekki endurákvarðaðar. Allar aðrar ópeningalegar eignir og skuldir eru endurákvarðaðar.

15 Flestir ópeningalegir liðir eru færðir á kostnaðarverði, eða á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum, og eru því tilgreindir á verðlagi yfirtökudags. Endurgert kostnaðarverð, eða kostnaðarverð að frádregnum afskriftum, einstakra liða er ákvarðað með því að breyta kostnaðarverði og uppsöfnuðum afskriftum með hliðsjón af breytingum á almennri verðvísitölu frá yfirtökudegi til loka reikningsskilatímabilsins. Sem dæmi eru varanlegir rekstrarfjármunir, birgðir hráefna og fullunninna vara, viðskiptavild, einkaleyfi, vörumerki og sambærilegar eignir endurákvarðaðar frá kaupdegi þeirra. Birgðir hálfunninna og fullunninna vara eru endurákvarðaðar frá þeim degi þegar stofnað var til kostnaðar vegna kaupa og meðhöndlunar.

16 Vera kann að sundurliðuð skrá um yfirtökudaga einstakra varanlegra rekstrarfjármuna liggi ekki fyrir eða ekki sé hægt að áætla þá. Við þær fátíðu aðstæður getur verið nauðsynlegt á fyrsta tímabilinu, sem þessum staðli er beitt, að nota óháð sérfræðimat á verðmæti liðanna sem grunn að endurákvörðun þeirra.

17 Vera kann að almenn verðvísitala sé ekki tiltæk fyrir þau tímabil þegar krafa er gerð um endurákvörðun á varanlegum rekstrarfjármunum samkvæmt þessum staðli. Við þær kringumstæður getur verið nauðsynlegt að nota mat sem byggist t.d. á innbyrðis breytingum á gengi starfrækslugjaldmiðilsins og tiltölulega stöðugs, erlends gjaldmiðils.

18 Fjárhæðir sumra óþeningalegra liða eru færðar á öðru verðlagi en var á yfirtökudegi eða miðað við dagsetningu efnahagsreiknings, t.d. varanlegir rekstrarfjármunir sem hafa verið endurmetnir einhvern tíma áður. Í þessum tilvikum er bókfært verð endurákvarðað frá endurmatsdegi.

19 Þegar endurákvörðuð fjárhæð óþeningalegs liðar er hærri en sú fjárhæð sem er endurheimtanleg er hún lækkuð í samræmi við viðeigandi IFRS-staðla. Sem dæmi eru endurákvarðaðar fjárhæðir varanlegra rekstrarfjármuna, viðskiptavildar, einkaleyfa og vörumerkja lækkaðar í endurheimtanlegar fjárhæðir og endurákvarðaðar fjárhæðir birgða eru lækkaðar í hreint söluvirði.

20 Félag sem fjárfest er í og fært er samkvæmt hlutdeildaraðferðinni, getur gert upp í gjaldmiðli hagkerfis þar sem óðaverðbólga ríkir. Efnahagsreikningur og yfirlit um heildarafkomu slíks félags sem fjárfest er í eru endurgerð í samræmi við þennan staðal til að unnt sé að reikna hlutdeild fjárfestisins í hreinni eign þess og hagnaði eða tapi. Þegar endurgerð reikningsskil félags sem fjárfest er í eru gerð upp í erlendum gjaldmiðli eru þau umreiknuð miðað við lokagengi.

21 Áhrif verðbólgu eru venjulega færð með fjármagnskostnaði. Ekki er rétt bæði að endurákvarða fjárfestingagjöld sem fjármögnuð eru með lántökum og eignfæra þann hluta fjármagnskostnaðarins sem svarar til verðbólgunnar á sama tímabili. Þessi hluti fjármagnskostnaðarins er gjaldfærður á því tímabili sem stofnað er til hans.

22 Eining kann að kaupa eign samkvæmt samningi sem heimilar henni að fresta greiðslu án þess að það hafi í för með sér vaxtakostnað. Þegar ekki verður við komið að reikna fjárhæð vaxta eru slíkar eignir endurákvarðaðar frá greiðsludegi en ekki kaupdegi.

23 [Felldur brott]

24 Við upphaf fyrsta tímabilsins, sem þessum staðli er beitt, eru eiginfjárliðir, að undanskildu óráðstöfuðu eigin fé og öllu endurmati, endurákvarðaðir miðað við almenna verðvísitölu frá þeim tíma þegar framlag átti sér stað eða bættist við með öðrum hætti. Öllu endurmati sem kom til á fyrri tímabilum er eytt. Endurákvarðað óráðstafað eigið fé er leitt af öllum öðrum fjárhæðum í endurgerða efnahagsreikningnum.

25 Í lok fyrsta tímabilsins og á síðari tímabilum eru allir liðir eigin fjár endurákvarðaðir miðað við almenna verðvísitölu frá upphafi tímabilsins eða frá greiðsludegi, ef hann er síðar. Greina skal frá hreyfingum á eigin fé á tímabilinu í samræmi við IAS-staðal 1.

Yfirlit um heildarafkomu

26 Í þessum staðli er gerð krafa um að allir liðir í yfirlitinu um heildarafkomu séu tilgreindir miðað við þá matseiningu sem gildir við lok reikningsskilatímabilsins. Af þessum sökum þarf að endurákvarða allar fjárhæðir með því að beita breytingum á almennri verðvísitölu frá þeim dagsetningum þegar viðkomandi tekju- eða útgjaldaliðir voru upphaflega skráðir í reikningsskilin.

Ágóði eða tap af hreinni peningalegri stöðu

27 Á verðbólgutímabili tapar eining, sem á peningalegar eignir umfram peningalegar skuldir, kaupmætti og eining með peningalegar skuldir umfram peningalegar eignir öðlast meiri kaupmátt, að því marki sem eignir og skuldir eru ekki verðlagstengdar. Þennan ágóða eða tap af hreinni, peningalegri stöðu má fá fram sem þann mismun sem leiðir af endurákvörðun á óþeningalegum eignum, eigin fé og liðum í yfirliti um heildarafkomu og leiðréttingu á vísitölutengdum eignum og skuldum. Unnt er að áætla ágóðann eða tapið með því að nota breytingu á almennri verðvísitölu á vegið meðaltal mismunarins á peningalegum eignum og peningalegum skuldum á tímabilinu.

28 Ágóða eða tap af hreinni, peningalegri stöðu er tekið með í rekstrarreikningi. Leiðréttingin á þeim eignum og skuldum, sem samkvæmt samningi eru tengdar verðlagsbreytingum skv. 13. lið, er jöfnuð á móti ágóða eða tapi af hreinni peningalegri stöðu. Aðrir tekju- og gjaldaliðir, eins og vaxtatekjur og vaxtagjöld og gengismunur, sem er tilkominn vegna fjárfestinga eða lántöku, eru einnig tengdir hreinni, peningalegri stöðu. Þótt upplýsingar séu gefnar um þessa liði hvern fyrir sig kann að vera gagnlegt að setja þá fram saman með ágóða eða tapi á hreinni, peningalegri stöðu í yfirlitinu um heildarafkomu.

Gangverðsreikningsskil

Efnahagsreikningur

29 Liðir, sem eru settir fram á gangverði, eru ekki endurákvarðaðir vegna þess að þeir eru sýndir í matseiningu sem gildir við lok reikningsskilatímabilsins. Aðrir liðir í efnahagsreikningnum eru endurákvarðaðir í samræmi við 11.–25. lið.

Yfirlit um heildarafkomu

30 Yfirlitið um heildarafkomu á gangverði, áður en til endurgerðar kemur, sýnir venjulega gangverð á þeim tíma þegar viðskiptin eða atburðirnir, sem liggja að baki, áttu sér stað. Kostnaðarverð seldra vara og afskriftir eru skráð á gangverði á notkunartíma, sala og önnur útgjöld eru skráð í þeim fjárhæðum sem giltu þegar til þeirra var stofnað. Af þeim sökum þarf að endurákvarða allar fjárhæðir yfir í þá matseiningu sem var í gildi við lok reikningsskilatímabilsins með því að beita almennri verðvísitölu.

Ágóði eða tap af hreinni peningalegri stöðu

31 Ágóðinn eða tapið af hreinni, peningalegri stöðu er fært skv. 27. og 28. lið.

Skattar

32 Endurgerð reikningsskila í samræmi við þennan staðal getur leitt til mismunar á bókfærðu verði einstakra eigna og skulda í efnahagsreikningnum og skattverði þeirra. Slíkur mismunur er færður í samræmi við IAS-staðal 12, *tekjuskattar*.

Yfirlit um sjóðstreymi

33 Í þessum staðli er gerð krafa um að allir liðir í yfirlitinu um sjóðstreymi séu tilgreindir miðað við þá matseiningu sem gildir í lok reikningsskilatímabilsins.

Samanburðarfjárhæðir

34 Samanburðarfjárhæðir frá fyrra reikningsskilatímabili, hvort sem þær voru byggðar á kostnaðarverðsaðferð eða gangverðsaðferð, eru endurákvarðaðar miðað við almenna verðvísitölu til að samanburðarreikningsskilin séu sett fram miðað við mælieiningu sem var í gildi í lok reikningsskilatímabilsins. Upplýsingar, sem eru birtar um fyrri tímabil, eru einnig settar fram miðað við matseiningu sem var í gildi í lok reikningsskilatímabilsins. Um framsetningu samanburðarfjárhæða í öðrum framsetningargjaldmiðli gilda b-liður 42. liðar og 43. liður IAS-staðals 21.

Samstæðureikningsskil

35 Móðurfélag, sem gerir upp í gjaldmiðli hagkerfis þar sem óðaverðbólga ríkir, getur átt dótturfélög sem einnig gera upp í gjaldmiðlum hagkerfa þar sem óðaverðbólga ríkir. Reikningsskil allra slíkra dótturfélaga verður að endurgera með því að nota almenna verðvísitölu þess lands, þar sem gjaldmiðillinn sem notaður er í reikningsskilum gildir, áður en þau eru tekin inn í samstæðureikningsskil móðurfélagsins. Þegar slíkt dótturfélag er erlent eru endurgerð reikningsskil þess umreiknuð á lokagengi reikningsskilatímabilsins. Farið er með reikningsskil dótturfélaga, sem eru ekki gerð í gjaldmiðli hagkerfis þar sem óðaverðbólga ríkir, í samræmi við IAS-staðal 21.

36 Ef reikningsskil með mismunandi lok reikningsskilatímabila eru sameinuð í samstæðureikningsskilum þarf að endurákvarða alla liði, hvort sem þeir eru óþeningalegir eða peningalegir, þannig að þeir miðist við matseiningu sem gildir við dagsetningu samstæðureikningsskila.

Val og notkun á almennri verðvísitölu

37 Við endurgerð reikningsskila í samræmi við þennan staðal er nauðsynlegt að notuð sé almenn verðvísitala sem endurspeglar breytingar á almennum kaupmætti. Æskilegt er að allar einingar sem gera reikningsskil í gjaldmiðli sama hagkerfis noti sömu vísitöluna.

HAGKERFI ÞAR SEM ÓÐAVERÐBÓLGA RÍKIR EKKI LENGUR

38 Þegar óðaverðbólga ríkir ekki lengur í hagkerfi og eining hættir að gera og setja fram reikningsskil í samræmi við þennan staðal skal hún leggja fjárhæðirnar sem settar eru fram í matseiningu sem var í gildi í lok síðasta reikningsskilatímabils, til grundvallar fyrir bókfærðu verði í síðari reikningsskilum sínum.

UPPLÝSINGAGJÖF

39 Veita skal upplýsingar um eftirfarandi:

a) það að reikningsskilin og samanburðarfjárhæðir frá fyrri tímabilum hafa verið endurgerð vegna breytinga á almennum kaupmætti starfrækslugjaldmiðilsins, og eru þau þar af leiðandi tilgreind í mælieiningunni sem var í gildi við lok reikningsskilatímabilsins,

b) hvort reikningsskilin miðast við kostnaðarverðsaðferð eða gangverðsaðferð og

c) einkenni og stig verðvísitölunnar við lok reikningsskilatímabilsins og hreyfingar á vísitölunni á yfirstandandi og fyrri reikningsskilatímabilum.

40 Þær upplýsingar, sem gerð er krafa um að séu birtar samkvæmt þessum staðli, eru nauðsynlegar til að skýra grundvöll þess hvernig fjallað er um áhrif verðbólgu í reikningsskilunum. Þeim er einnig ætlað að veita aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að skilja þennan grundvöll og fjárhæðir sem af honum leiða.

GILDISTÖKUDAGUR

41 Þessi staðall tekur gildi fyrir reikningsskil sem ná yfir tímabil sem hefjast 1. janúar 1990 eða síðar.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 32 (IAS-staðall 32)

Fjármálagerningar: framsetning

MARKMIÐ

1 [Felldur brott]

2 Markmiðið með þessum staðli er að setja meginreglur um framsetningu fjármálagerninga sem skuldir eða eigið fé og um samjöfnun fjáreigna og fjárskulda. Hann gildir um flokkun fjármálagerninga, frá sjónarhóli útgefanda, í fjáreignir, fjárskuldir og eiginfjárgerninga, um flokkun tengdrar hlutdeildar, arðs, taps og ágóða, og um aðstæður þar sem fjáreignum og fjárskuldum skal jafnað saman.

3 Meginreglurnar í þessum staðli eru viðbót við meginreglurnar um færslu og mat fjáreigna og fjárskulda í IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*, og um upplýsingagjöf um þær í IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*.

GILDISSVIÐ

4 Allar einingar skulu beita þessum staðli á allar tegundir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) hlutdeild í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri sem er færð í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*. Í sumum tilvikum er þess þó krafist, eða það heimilað, samkvæmt IFRS-staðli 10, IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að eining færi hlutdeild í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri með því að nota IFRS-staðal 9, í þeim tilvikum skulu einingar beita kröfunum sem eru settar fram í þessum staðli. Einingar skulu einnig beita þessum staðli á allar afleiður sem tengjast hlutdeild í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri.

b) réttindi og skyldur vinnuveitenda vegna lífeyrissjóða sem IAS-staðall 19, *starfskjör*, gildir um,

c) [felldur brott]

d) vátryggingarsamninga eins og þeir eru skilgreindir í IFRS-staðli 17, *vátryggingarsamningar*, eða fjárfestingarsamninga með valkvæðum þátttökuákvæðum innan gildissviðs IFRS-staðals 17. Hins vegar gildir þessi staðall um:

i. afleiður sem eru innbyggðar í samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17 ef í IFRS-staðli 9 krafist er að einingin færi þær sérstaklega,

ii. fjárfestingarþætti sem eru aðgreindir frá samningum innan gildissviðs IFRS-staðals 17 ef í IFRS-staðli 17 krafist er slíkrar aðgreiningar nema ef aðgreindi fjárfestingarþátturinn er fjárfestingarsamningur með valkvæðum þátttökuákvæðum innan gildissviðs IFRS-staðals 17,

iii. réttindi og skyldur útgefanda sem eru til komin samkvæmt vátryggingarsamningum sem uppfylla skilgreininguna á samningi með fjárhagslegri tryggingu, ef útgefandi beitir IFRS-staðli 9 við færslu og mat á samningunum. Þó skal útgefandi beita IFRS-staðli 17 ef hann velur, í samræmi við e-lið 7. liðar IFRS-staðals 17, að beita IFRS-staðli 17 við færslu og mat á samningunum,

iv. réttindi og skyldur eininga sem eru vegna fjármálagerninga sem eru til komnir samkvæmt greiðslukortasamningum, eða svipuðum samningum þar sem kveðið er á um láns- eða greiðslufyrirkomulag, sem einingin gefur út og eru í samræmi við skilgreininguna á vátryggingarsamningi ef einingin beitir IFRS-staðli 9 að því er varðar þessi réttindi og skyldur í samræmi við h-lið 7. liðar IFRS-staðals 17 og iv. lið e-liðar í lið 2.1 í IFRS-staðli 9,

v. réttindi og skyldur einingar sem eru vegna fjármálagerninga sem eru til komnir samkvæmt vátryggingarsamningum sem eining gefur út og takmarka bætur fyrir tryggða atburði við fjárhæð sem annars væri krafist til að efna skuldbindingu vátryggingartaka sem stofnað er til með samningnum, ef einingin velur, í samræmi við lið 8A í IFRS-staðli 17, að beita IFRS-staðli 9 í staðinn fyrir IFRS-staðal 17 að því er varðar slíka samninga.

e) [felldur brott]

f) fjármálagerningar, samningar og skuldbindingar samkvæmt eignarhlutatengdum greiðslumiðlunum þar sem IFRS-staðli 2, *eignarhlutatengd greiðsla*, er beitt, að undanskildum:

i. samningum sem falla undir 8.–10. lið þessa staðals, og þessi staðall gildir um,

ii. ákvæðum 33. og 34. liðar þessa staðals sem skal beitt á eigin hlutabréf sem eru keypt, seld, gefin út eða innkölluð í tengslum við fyrirkomulag um hlutabréfavalrétti starfsmanna, kaupréttaráætlun starfsmanna og allt annað eignarhlutatengt greiðslufyrirkomulag.

5–7 [Felldur brott]

8 Þessum staðli skal beita á þá samninga um kaup eða sölu á ófjárhagslegum lið, sem hægt er að gera upp með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum líkt og samningarnir væru fjármálagerningar, að undanskildum samningum sem gerðir voru og ætlaðir eru til móttöku eða afhendingar ófjárhagslegs liðar í samræmi við þörf einingarinnar fyrir kaup, sölu eða notkun. Þó skal beita þessum staðli gagnvart þeim samningum sem eining tilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við lið 2.5 í IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*.

9 Ýmsar leiðir eru til að gera upp samning um kaup eða sölu á ófjárhagslegum lið með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum. Þetta felur í sér eftirfarandi:

a) þegar skilmálar samningsins heimila öðrum hvorum aðilanum að gera hann upp með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum,

b) þegar geta til að gera upp með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum er ekki ótvíræð í skilmálum samningsins og venja er hjá einingunni að gera upp sambærilega samninga með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum (hvort sem það er við mótaðilann, með því að gera jöfnunarsamninga eða með því að selja samninginn áður en hann er uppfylltur eða fyrnist),

c) þegar venja er hjá einingunni, hvað varðar sambærilega samninga, að taka við undirliggjandi gerningum og selja skömmu eftir afhendingu í þeim tilgangi að hagnast á skammtímasveiflum í verði eða hlutdeild söluaðila og

d) þegar auðvelt er að breyta ófjárhagslega liðnum, sem er efni samningsins, í handbært fé.

Samningur, sem b- eða c-liður gildir um, er ekki gerður í þeim tilgangi að taka við ófjárhagslega liðnum eða afhenda hann í samræmi við áætlaða þörf einingarinnar fyrir kaup, sölu eða notkun og fellur innan gildissviðs þessa staðals í samræmi við það. Aðrir samningar, sem liður 8 gildir um, eru metnir til að ákvarða hvort þeir voru gerðir og enn þá haldið í þeim tilgangi að taka við ófjárhagslega liðnum eða afhenda hann í samræmi við áætlaða þörf einingarinnar fyrir kaup, sölu eða notkun, og hvort þeir falla þar með innan gildissviðs þessa staðals.

10 Útgefinn valréttarsamningur um kaup eða sölu á ófjárhagslegum lið, sem hægt er að gera upp með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum í samræmi við a- eða d-lið í lið 9, fellur undir gildissvið þessa staðals. Slíkan samning er ekki hægt að gera í þeim tilgangi að taka við ófjárhagslega liðnum eða afhenda hann í samræmi við áætlaða þörf einingarinnar fyrir kaup, sölu eða notkun.

SKILGREININGAR (SJÁ EINNIG LIÐI AG3-AG23)

11 Í þessum staðli **er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:**

fjármálagerningur **er hver sá samningur sem leiðir til fjáreignar einnar einingar og fjárskuldbindingar eða eiginfjárgernings annarrar einingar,**

fjáreign **er sérhver eign sem fellst í:**

a) handbæru fé,

b) eiginfjárgerningi annarrar einingar,

c) samningsbundnum rétti:

i. til að taka við handbæru fé eða annarri fjáreign frá annarri einingu eða

ii. til að skiptast á fjáreignum eða fjárskuldum við aðra einingu samkvæmt skilyrðum, sem geta verið hagstæð einingunni, eða

d) samningi sem verður gerður eða hægt er að gera upp í eiginfjárgerningum einingarinnar og er:

i. óafleiddur gerningur sem einingin er eða kann að verða skuldbundin til að taka á móti breytilegum fjölda af eiginfjárgerningum einingarinnar fyrir,

ii. afleiða sem verður eða unnt er að gera upp með skiptum á fastri fjárhæð handbærs fjár eða annarri fjáreign fyrir fastan fjölda eiginfjárgerninga einingarinnar. Í þessu samhengi taka eiginfjárgerningar einingar ekki til innleysanlegra fjármálagerninga sem eru flokkaðir sem eiginfjárgerningar í samræmi við liði 16A og 16B, gerninga sem leggja þá skyldu á einingunа að afhenda öðrum aðila hlutfallslegan arð af hreinni eign einingar við félagsslit og eru flokkaðir sem eiginfjárgerningar í samræmi við liði 16C og 16D eða gerninga sem eru samningar fyrir framtíðarviðtöku eða afhendingu eiginfjárgerninga einingarinnar sjálfrar.

fjárskuld **er sérhver skuld sem felur í sér:**

a) samningsbundna skyldu:

i. til að afhenda annarri einingu handbært fé eða aðra fjáreign eða

ii. til að skiptast á fjáreignum eða fjárskuldum við aðra einingu samkvæmt skilyrðum, sem geta verið óhagstæð einingunni, eða

b) samning sem verður gerður eða hægt er að gera upp í eiginfjárgerningum einingarinnar og er:

i. óafleiddur gerningur sem einingin er eða kann að verða skuldbundin til að afhenda breytilegan fjölda af eiginfjárgerningum einingarinnar fyrir, eða

ii. afleiða sem verður eða unnt er að gera upp með skiptum á fastri fjárhæð handbærs fjár eða annarri fjáreign fyrir fastan fjölda eiginfjárgerninga einingarinnar. Í þessu samhengi eru réttindi, valréttur eða kaupréttur til að kaupa fastan fjölda af eiginfjárgerningum eignarinnar fyrir fasta fjárhæð í hvaða gjaldmiðli sem er, eiginfjárgerningar ef einingin býður öllum sínum núverandi eigendum í sama flokki óafleiddra eiginfjárgerninga réttindi, valrétt og kauprétt í réttu hlutfalli. Í þessu skyni taka eiginfjárgerningar einingar heldur ekki til innleysanlegra fjármálagerninga sem eru flokkaðir sem eiginfjárgerningar í samræmi við liði 16A og 16B, gerninga sem leggja þá skyldu á einingunа að afhenda öðrum aðila hlutfallslegan arð af hreinni eign einingar við félagsslit og eru flokkaðir sem eiginfjárgerningar í samræmi við liði 16C og 16D eða gerninga sem eru samningar fyrir framtíðarviðtöku eða afhendingu eiginfjárgerninga einingarinnar sjálfrar.

Gerningur, sem uppfyllir skilgreiningu fjárskuldar, flokkast í undantekningartilvikum sem eiginfjárgerningur, ef hann felur í sér öll einkenni og uppfyllir skilyrðin í liðum 16A og 16B eða í liðum 16C og 16D.

Eiginfjárgerningur **er hver sá samningur sem færir sönnur á eftirstæðan hluta í eignum einingar að frádregnum öllum skuldum þess.**

Gangvirði **er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13, *gangvirðismat*.)**

Innleysanlegur gerningur **er fjármálagerningur sem gefur handhafa rétt til að skila gerningnum aftur til útgefanda gegn reiðufé eða annarri fjáreign, eða er sjálfkrafa innleyst hjá útgefanda við óvissan framtíðaratburð eða við andlát eða starfslok handhafa gerningsins.**

12 Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í viðbæti A í IFRS-staðli 9 eða í 9. lið í IAS-staðli 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*, og eru notuð í þessum staðli í þeirri merkingu sem er tilgreind í IAS-staðli 39 og IFRS-staðli 9.

— afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar

— afskráning

— afleiða

— aðferð virkra vaxta

— samningur með fjárhagslegri tryggingu

— fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

— föst skuldbinding

— áætluð framtíðarviðskipti

— skilvirkni áhættuvarnar

— áhættuvarinn liður

— áhættuvarnargerningur

— veltuviðskipti

— reglubundin kaup eða sala

— viðskiptakostnaður.

13 Í þessum staðli vísar „samningur“ og „samningsbundinn“ til samnings milli tveggja eða fleiri aðila sem hefur skýrar efnahagslegar afleiðingar sem aðilarnir hafa fáar eða engar leiðir til að komast hjá, venjulega vegna þess að unnt er að framfylgja samningnum samkvæmt lögum. Samningar, og því einnig fjármálagerningar, geta verið af ýmsu tagi og þurfa ekki að vera skriflegir.

14 Í þessum staðli tekur „eining“ til einstaklinga, sameignarfélaga, skráðra aðila, fjárvörslusjóða og opinberra stofnana.

FRAMSETNING

Skuldir og eigið fé (sjá einnig liði AG13–AG14J og AG25–AG29A)

15 Útgefandi fjármálagernings skal í upphaflegri færslu flokka gerninginn eða einstaka hluta hans sem fjárskuld, fjáreign eða eiginfjárgerning í samræmi við efni samningsbundna fyrirkomulagsins og skilgreiningarnar á fjárskuld, fjáreign og eiginfjárgerningi.

16 Þegar útgefandi beitir skilgreiningunum í 11. lið til að ákvarða hvort fjármálagerningur sé fremur eiginfjárgerningur en fjárskuld er gerningurinn eiginfjárgerningur ef og aðeins ef skilyrðin í bæði a- og b-lið hér á eftir eru uppfyllt.

a) Gerningurinn felur ekki í sér samningsbundna skyldu:

   i. til að afhenda annarri einingu handbært fé eða aðra fjáreign eða

   ii. til að skiptast á fjáreignum eða fjárskuldum við aðra einingu samkvæmt skilyrðum, sem geta verið óhagstæð útgefandanum.

b) Ef gerningurinn verður gerður upp, eða hægt er að gera hann upp, í eiginfjárgerningum útgefandans, er hann:

   i. óafleiddur gerningur sem felur ekki í sér samningsbundna skyldu fyrir útgefandann um að afhenda breytilegan fjölda eiginfjárgerninga sinna eða

   ii. afleiða sem verður aðeins gerð upp þannig að útgefandi skipti á fastri fjárhæð handbærs fjár eða annarrar fjáreignar fyrir fastan fjölda sinna eigin eiginfjárgerninga. Í þessu samhengi eru réttindi, valréttur eða kaupréttur til að kaupa fastan fjölda af eiginfjárgerningum eignarinnar fyrir fasta fjárhæð í hvaða gjaldmiðli sem er, eiginfjárgerningar ef einingin býður öllum sínum núverandi eigendum í sama flokki óafleiddra eiginfjárgerninga réttindi, valrétt og kauprétt í réttu hlutfalli. Í þessu tilviki taka eiginfjárgerningar útgefanda ekki heldur til gerninga sem hafa öll einkenni og uppfylla skilyrðin, sem er lýst í liðum 16A og 16B eða liðum 16C og 16D, eða gerninga sem eru samningar um móttöku eða afhendingu eigin eiginfjárgerninga útgefandans í framtíðinni.

Samningsbundin skylda, þ.m.t. sú sem verður til vegna afleidds fjármálagernings, sem leiðir til, eða kann að leiða til, móttöku eða afhendingar eiginfjárgerninga útgefandans í framtíðinni en uppfyllir ekki skilyrði a) og b) hér að framan, er ekki eiginfjárgerningur. Gerningur, sem uppfyllir skilgreiningu fjárskuldar, flokkast í undantekningartilvikum sem eiginfjárgerningur, ef hann felur í sér öll einkenni og uppfyllir skilyrðin í liðum 16A og 16B eða í liðum 16C og 16D.

Innleysanlegir gerningar

16A Innleysanlegur fjármálagerningur felur í sér samningsbundna skyldu útgefanda til að endurkaupa eða innleysa þann gerning gegn handbæru fé eða annarri fjáreign við innlausn. Þrátt fyrir skilgreiningu á fjárskuld flokkast gerningur, sem felur í sér slíka skuldbindingu, sem eiginfjárgerningur ef hann felur í sér öll eftirfarandi einkenni:

a) Hann veitir handhafa rétt til hlutfallslegs arðs af hreinni eign einingar komi til félagsslita. Hrein eign einingar eru þær eignir sem standa eftir þegar allar aðrar kröfur í eignir hafa verið dregnar frá. Hlutfallslegur arður er ákvarðaður með því að:

   i. skipta hreinni eign einingar við félagsslit í einingar sömu fjárhæðar og

   ii. margfalda þá fjárhæð með fjölda eininga í eigu handhafa fjármálagerningsins.

b) Gerningurinn er í flokki gerninga sem er undirflokkur allra annarra flokka eiginfjárgerninga. Um gerning, sem tilheyrir slíkum flokki, gildir eftirfarandi:

   i. gerningurinn hefur engan forgang fram yfir aðrar kröfur í eignir einingar við félagsslit og

   ii. gerningnum þarf ekki að breyta til að hann sé í flokki gerninga sem er undirflokkur allra annarra flokka gerninga.

c) Allir fjármálagerningar í flokki gerninga, sem er undirflokkur allra annarra flokka gerninga, hafa sömu einkenni. Þeir verða t.d. allir að vera innleysanlegir og reikningsreglan, eða önnur aðferð, sem skal nota við útreikning endurkaups- eða innlausnarverðs, skal vera sú sama fyrir alla gerninga í þeim flokki.

d) Að undanskilinni samningsbundinni skyldu útgefanda til að endurkaupa eða innleysa gerninginn gegn handbæru fé eða öðrum fjáreignum, felur gerningurinn ekki í sér samningsbundna skyldu um að afhenda annarri einingu handbært fé eða aðrar fjáreignir eða til að deila peningalegum eignum eða fjárskuldum með annarri einingu með skilyrðum, sem geta verið óhagstæð einingunni, og hann er ekki samningur sem skal gera upp eða má gera upp með eiginfjárgerningum einingar, eins og kveðið er á um í b-undirlið skilgreiningar á fjárskuld.

e) Samanlagt vænt sjóðstreymi, miðað við gildistíma gerningsins, byggist að verulegu leyti á rekstrarreikningi, breytingum á færðri, hreinni eign eða breytingum á gangvirði færðrar og ófærðrar, hreinnar eignar einingar, á gildistíma gerningsins (að undanskildum áhrifum af gerningnum).

16B Til að gerningur geti flokkast sem eiginfjárgerningur skal hann fela í sér öll framangreind einkenni og útgefandinn skal ekki hafa aðra fjármálagerninga eða samninga, þar sem:

a) samanlagt sjóðstreymi byggist að verulegu leyti á rekstrarreikningi, breytingum á færðri hreinni eign eða breytingum á gangvirði færðrar og ófærðrar hreinnar eignar einingar (að undanskildum áhrifum gernings eða samnings) og

b) áhrifin af því skerða umtalsvert eða fastsetja eftirstæðan arð til handhafa innleysanlegra gerninga.

Við beitingu þessa skilyrðis skal einingin ekki taka til greina aðra samninga en fjárhagslega við handhafa gernings, sem lýst er í lið 16A, þar sem samningsskilmálar og skilyrði eru sambærileg við samningsskilmála og skilyrði samsvarandi samnings sem gæti komist á milli aðila, sem er ekki handhafi gernings, og útgáfueiningar. Ef einingin getur ekki ákvarðað hvort þetta skilyrði er uppfyllt skal hún ekki að flokka innleysanlega gerning sem eiginfjárgerning.

Gerningar eða þættir gerninga sem leggja þá skyldu á einingunа að afhenda við félagsslit öðrum aðila hlutfallslegan arð af hreinni eign einingarinnar

16C Sumir fjármálagerningar fela í sér samningsbundna skyldu útgáfueiningarinnar um að afhenda hlutfallslegan arð af hreinni eign til annarrar einingar við félagsslit. Skuldbindingin verður annaðhvort til þegar öruggt er að félagsslit verði og einingin hefur ekki stjórn á því (t.d. þegar um er að ræða einingu með takmarkaðan líftíma) eða óvíst er hvort verður en ákvörðun um það er á valdi handhafa gernings . Þrátt fyrir skilgreiningu á fjárskuld flokkast gerningur, sem felur í sér slíka skuldbindingu, sem eiginfjárgerningur ef hann felur í sér öll eftirfarandi einkenni:

a) Hann veitir handhafa rétt til hlutfallslegs arðs af hreinni eign einingar komi til félagsslita. Hrein eign einingar eru þær eignir sem standa eftir þegar allar aðrar kröfur í eignir hafa verið dregnar frá. Hlutfallslegur arður er ákvarðaður með því að:

   i. skipta hreinni eign einingar við félagsslit í einingar sem eru jafnar að fjárhæð og

   ii. margfalda þá fjárhæð með fjölda eininga í eigu handhafa fjármálagerningsins.

b) Gerningurinn er í flokki gerninga sem er undirflokkur allra annarra flokka eiginfjárgerninga. Um gerning, sem tilheyrir slíkum flokki, gildir eftirfarandi:

   i. gerningurinn hefur engan forgang fram yfir aðrar kröfur í eignir einingar við félagsslit og

   ii. gerningnum þarf ekki að breyta til að hann sé í flokki gerninga sem er undirflokkur allra annarra flokka gerninga.

c) Allir fjármálagerningar í flokki gerninga, sem er undirflokkur allra annarra flokka gerninga, verða að fela í sér sömu samningsbundnu skyldur fyrir útgáfueininguna að því er varðar afhendingu hlutfallslegs arðs af hreinni eign við félagsslit.

16D Til að gerningur geti flokkast sem eiginfjárgerningur skal hann fela í sér öll framangreind einkenni og útgefandinn skal ekki hafa aðra fjármálagerninga eða samninga, þar sem:

a) samanlagt sjóðstreymi byggist að verulegu leyti á rekstrarreikningi, breytingum á færðri hreinni eign eða breytingum á gangvirði færðrar og ófærðrar hreinnar eignar einingar (að undanskildum áhrifum gernings eða samnings) og

b) skerða umtalsvert eða fastsetja eftirstæðan arð til handhafa innleysanlegra gerninga.

Við beitingu þessa skilyrðis skal einingin ekki taka til greina aðra samninga en fjárhagslega við handhafa gernings, sem lýst er í lið 16C, þar sem samningsskilmálar og skilyrði eru sambærileg við samningsskilmála og skilyrði samsvarandi samnings sem komist gæti á milli aðila, sem er ekki handhafi gernings, og útgáfueiningar. Ef einingin getur ekki ákvarðað hvort þetta skilyrði sé uppfyllt, skal hún ekki flokka gerninginn sem eiginfjárgerning.

Endurflokkun innleysanlegra gerninga og gerninga sem leggja þá skyldu á eininguna að afhenda við félagsslit öðrum aðila hlutfallslegan arð af hreinni eign einingar

16E Eining skal flokka fjármálagerning sem eiginfjárgerning í samræmi við liði 16A og 16B eða liði 16C og 16D frá þeim degi þegar gerningurinn hefur öll einkenni og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í þessum liðum. Eining skal endurflokka fjármálagerning frá þeim degi þegar hann felur ekki lengur í sér öll einkenni eða uppfyllir ekki lengur öll skilyrði sem sett eru fram í þessum liðum. Innleysi eining t.d. alla útgefna, óinnleysanlega gerninga og innleysanlega gerninga, sem eru útistandandi og hafa öll einkenni og uppfylla öll skilyrði í liðum 16A og 16B, skal einingin endurflokka innleysanlega gerninga sem eiginfjárgerninga frá þeim degi sem óinnleysanlegir gerningar eru innleystir.

16F Eining skal gera grein fyrir endurflokkun gernings í samræmi við lið 16E sem hér segir:

a) Hún skal endurflokka eiginfjárgerning sem fjárskuldbindingu frá þeim degi sem gerningurinn hefur ekki öll einkenni eða uppfyllir skilyrðin í liðum 16A og 16B eða í liðum 16C og 16D. Fjárskuldbindinguna skal mæla á gangvirði gerningsins á endurflokkunardegi. Einingin skal færa í eigið fé allan mismun á bókfærðu verði eiginfjárgernings og gangvirðis fjárskuldbindingar á endurflokkunardegi.

b) Hún skal endurflokka fjárskuldbindingu sem eigið fé frá þeim degi sem gerningurinn hefur öll einkenni og uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í liðum 16A og 16B eða í liðum 16C og 16D. Eiginfjárgerninginn skal mæla á bókfærðu verði fjárskuldbindingar á endurflokkunardegi.

Engin samningsbundin skylda um að afhenda handbært fé eða aðrar fjáreignir (a-liður 16. liðar)

17 Að undanskildum þeim aðstæðum sem er lýst í liðum 16A og 16B eða liðum 16C og 16D er þýðingarmikill þáttur í því að gera greinarmun á fjárskuld og eiginfjárgerningi sú samningsbuna skylda annars aðilans að fjármálagerningnum (útgefanda) að afhenda hinum aðilanum (handhafa) annaðhvort handbært fé eða aðra fjáreign eða skiptast á fjáreignum eða fjárskuldum við handhafann samkvæmt skilyrðum sem eru hugsanlega óhagstæð útgefandanum. Þótt handhafi eiginfjárgernings kunni að eiga rétt á hlutfallslegum arði eða annarri útgreiðslu eigin fjár hvílir ekki samningsbundin skylda á útgefandanum um að inna af hendi slíkar útgreiðslur vegna þess að ekki er hægt að krefjast þess af honum að hann afhendi öðrum aðila handbært fé eða aðrar fjáreignir.

18 Efni fjármálagernings fremur en lagalegt form hans ræður flokkun hans í efnahagsreikningi einingarinnar. Efni og lagalegt form eru oft í samræmi við hvort annað, en ekki alltaf. Sumir fjármálagerningar eru í formi eigin fjár en eru í eðli sínu skuldir og aðrir kunna að sameina þætti sem tengjast eiginfjárgerningum og þætti sem tengjast fjárskuldum. Dæmi:

a) Forgangshlutur sem kveður á um skyldubundna innlausn af hálfu útgefanda fyrir fasta eða ákvarðanlega fjárhæð, ákveðinn eða ákvarðanlegan dag í framtíðinni, eða veitir handhafa rétt til að krefjast þess af útgefanda að hann innleysi gerninginn á tilteknum degi eða eftir tiltekinn dag fyrir fasta eða ákvarðanlega fjárhæð, er fjárskuld.

b) Fjármálagerningur, sem veitir handhafa rétt til að skila honum til útgefanda fyrir handbært fé eða aðra fjáreign (innleysanlegur gerningur), er fjárskuld, nema að því er varðar þá gerninga sem eru flokkaðir sem eiginfjárgerningar í samræmi við liði 16A og 16B eða liði 16C og 16D. Fjármálagerningurinn er fjárskuld, jafnvel þótt handbært fé eða aðrar fjáreignir séu ákvarðaðar á grundvelli vísitölu eða annars liðar sem getur hækkað eða lækkað. Það að handhafinn eigi rétt á að skila gerningnum aftur til útgefanda fyrir handbært fé eða aðra fjáreign þýðir að innleysanlegi gerningurinn samræmist skilgreiningunni á fjárskuld, nema að því er varðar þá gerninga sem eru flokkaðir sem eiginfjárgerningar í samræmi við liði 16A og 16B eða liði 16C og 16D. Sem dæmi kunna opnir verðbréfasjóðir, fjárgæslusjóðir, sameignarfélög og sumar einingar í samvinnurekstri að veita eigendum eininga sinna eða aðilum rétt til að innleysa hlut sinn í útgefandanum hvenær sem er fyrir handbært fé, sem leiðir til flokkunar á einingum eigenda eða aðila sem fjárskuld, nema að því er varðar þá gerninga sem eru flokkaðir sem eiginfjárgerningar í samræmi við liði 16A og 16B eða liði 16C og 16D. Flokkun sem fjárskuld útilokar þó ekki að notaðar séu lýsingar eins og „virði hreinnar eignar sem er rekjanlegt til eigenda eininga“ og „breyting á virði hreinnar eignar sem rekjanleg er til eigenda eininga“ í reikningsskilum einingar sem á ekkert hlutafé (eins og sumir verðbréfasjóðir og fjárhaldssjóðir, sjá skýringardæmi 7) eða notkun viðbótarupplýsinga til að sýna að heildarhlutdeild aðila samanstendur af liðum eins og varasjóðum sem samræmast skilgreiningunni á eigin fé og innleysanlegum gerningum sem gera það ekki (sjá skýringardæmi 8).

19 Ef eining hefur ekki skilyrðislausan rétt á að komast hjá því að afhenda handbært fé eða aðra fjáreign til að gera upp samningsbundna skyldu, samrýmist skyldan skilgreiningunni á fjárskuld, nema að því er varðar þá gerninga sem eru flokkaðir sem eiginfjárgerningar í samræmi við liði 16A og 16B eða liði 16C og 16D. Dæmi:

a) Takmörkun á getu einingar til að uppfylla samningsbundna skyldu, s.s. takmarkaður aðgangur að erlendum gjaldmiðlum eða þörf á að afla samþykkis fyrir greiðslu frá eftirlitsyfirvaldi, kemur ekki í veg fyrir samningsbundna skyldu einingarinnar eða samningsbundinn rétt handhafans samkvæmt gerningnum.

b) Samningsbundin skylda sem er háð því að mótaðili neyti réttar síns til að innleysa fjárskuld vegna þess að eining hefur ekki óskilyrtan rétt til þess að komast undan því að afhenda handbært fé eða aðra fjáreign.

20 Í fjármálagerningi sem kemur ekki afdráttarlaust á samningsbundinni skyldu um að afhenda handbært fé eða aðra fjáreign má koma skyldu á óbeint með skilmálum og skilyrðum í gerningnum. Dæmi:

a) Í fjármálagerningi getur falist ófjárhagsleg skylda sem verður að gera upp ef, og aðeins ef, einingunni tekst ekki að inna af hendi útgreiðslur eða að innleysa gerninginn. Ef eining getur ekki komist hjá því að yfirfæra handbært fé eða aðra fjáreign nema með því að gera upp ófjárhagslega skyldu er fjármálagerningurinn fjárskuld.

b) Fjármálagerningur er fjárskuld ef í honum er kveðið á um að við uppgjör muni einingin afhenda annaðhvort:

i. handbært fé eða aðra fjáreign eða

ii. eigin hlutabréf ef ákvarðað hefur verið að virði þeirra sé umtalsvert meira en virði handbærs fjár eða annarra fjáreigna.

Þó að einingin hafi ekki ótvíræða samningsbundna skyldu um að afhenda handbært fé eða aðra fjáreign er sá möguleiki að gera upp með hlutabréfum það mikils virði að einingin mun gera upp með handbæru fé. Í öllum tilvikum hefur handhafa í reynd verið tryggð viðtaka fjárhæðar sem er a.m.k. jöfn þeirri sem felst í möguleikanum að gera upp með handbæru fé (sjá 21. lið).

Uppgjör með eiginfjárgerningum einingar (b-liður 16. liðar)

21 Samningur er ekki eiginfjárgerningur einungis vegna þess að hann kann að leiða til viðtöku eða afhendingar eiginfjárgerninga einingarinnar. Eining getur haft samningsbundinn rétt til eða henni borið skylda til að taka við eða afhenda breytilegan fjölda eigin hlutabréfa eða annarra eiginfjárgerninga þannig að gangvirði eiginfjárgerninga einingarinnar, sem verða mótteknir eða afhentir, sé jafnt fjárhæð samningsbundna réttarins eða skyldunnar. Slíkur samningsbundinn réttur eða skylda getur verið föst fjárhæð eða fjárhæð sem sveiflast að hluta til eða í heild vegna breytinga á breytu sem er önnur en markaðsverð eiginfjárgerninga einingarinnar (t.d. vextir, hrávöruverð eða verð fjármálagerninga). Tvö dæmi um þetta eru: a) samningur um afhendingu nægjanlegs fjölda eiginfjárgerninga einingarinnar sem að virði er jafngilti 100 GE ([14]) og b) samningur um afhendingu nægjanlegs fjölda eiginfjárgerninga einingarinnar sem að virði er jafngilti 100 únsum af gulli. Slíkur samningur er fjárskuld einingarinnar jafnvel þótt einingin verði að gera eða geti gert hana upp með afhendingu eiginfjárgerninga sinna. Hann er ekki eiginfjárgerningur vegna þess að einingin notar breytilegan fjölda eiginfjárgerninga sinna í því skyni að gera upp samninginn. Af þessum sökum færir samningurinn ekki sönnur á eftirstæðan hluta í eignum einingarinnar eftir að allar skuldir hennar hafa verið dregnar frá.

22 Að undanskildu því sem tekið er fram í lið 22A er samningur, sem einingin gerir upp með því að (taka við eða) afhenda fastan fjölda eiginfjárgerninga sinna í skiptum fyrir fasta fjárhæð handbærs fjár eða annarrar fjáreignar, eiginfjárgerningur. Til dæmis er útgefinn valréttur að hlutum, sem veitir mótaðila rétt til að kaupa fastan fjölda hluta einingarinnar fyrir fast verð, eða fyrir tilgreinda fasta nafnverðsfjárhæð skuldabréfs, eiginfjárgerningur. Breytingar á gangvirði samnings, sem verða vegna breytinga á markaðsvöxtum sem hafa ekki áhrif á fjárhæð handbærs fjár eða annarra fjáreigna sem greiða skal eða taka á móti eða fjölda eiginfjárgerninga sem skal taka á móti eða afhenda við uppgjör samningsins, koma ekki í veg fyrir að samningurinn sé eiginfjárgerningur. Allar greiðslur sem mótteknar eru (s.s. yfirverð sem móttekið er fyrir samþykktan valrétt eða kaupheimild að hlutum einingarinnar) bætast beint við eigið fé. Allar greiðslur sem inntar eru af hendi, (eins og yfirverð sem greitt er fyrir keyptan valrétt) eru dregnar beint frá eigin fé. Breytingar á gangvirði eiginfjárgernings eru ekki færðar í reikningsskilin.

22A Ef eiginfjárgerningar einingarinnar, sem hún móttekur eða afhendir við uppgjör samnings, eru innleysanlegir fjármálagerningar, sem hafa öll einkenni og uppfylla skilyrðin, sem er lýst í liðum 16A og 16B, eða gerningar, sem leggja þá skyldu á eininguna að afhenda við félagsslit öðrum aðila hlutfallslegan arð af hreinni eign einingar, með öllum einkennum og uppfylla skilyrðin, sem er lýst í liðum 16C og 16D, er samningurinn fjáreign eða fjárskuld. Þetta gildir einnig um samning sem verður gerður upp af einingunni sem móttekur eða afhendir fastan fjölda slíkra eiginfjárgerninga í skiptum fyrir fasta fjárhæð handbærs fjár eða annarrar fjáreignar.

23 Sem undantekning frá aðstæðum, sem er lýst í liðum 16A og 16B eða í liðum 16C og 16D, skapar samningur, sem felur í sér þá skyldu einingar að kaupa eigin eiginfjárgerninga með handbæru fé eða annarri fjáreign, fjárskuld fyrir núvirði innlausnarverðsins (t.d. núvirði framvirks endurkaupsverðs, nýtingarverð valréttar eða annað innlausnarverð). Þetta á við jafnvel þó að samningurinn sjálfur sé eiginfjárgerningur. Eitt dæmi er skylda einingar samkvæmt framvirkum samningi til að kaupa eiginfjárgerninga sína með handbæru fé. Fjárskuldin er upphaflega færð á núvirði innlausnarverðsins og endurflokkuð úr eigin fé. Fjárskuldin er í framhaldi af því metin í samræmi við IFRS-staðal 9. Ef samningurinn rennur út án afhendingar er bókfært verð fjárskuldarinnar endurflokkað og fært í eigið fé. Samningsbundin skylda einingar til að kaupa eigin eiginfjárgerninga skapar fjárskuld fyrir núvirði innlausnarverðs jafnvel þó að skyldan til að kaupa sé háð því að mótaðilinn neyti réttar til innlausnar (t.d. samþykktur söluréttur sem veitir mótaðilanum rétt til að selja einingu eiginfjárgerninga einingarinnar á föstu verði).

24 Samningur sem einingin gerir upp með því að afhenda eða taka á móti föstum fjölda eiginfjárgerninga sinna í skiptum fyrir breytilega fjárhæð handbærs fjár eða aðra fjáreign er fjáreign eða fjárskuld. Dæmi um þetta er samningur um afhendingu einingar á 100 eiginfjárgerningum sínum í skiptum fyrir fjárhæð handbærs fjár sem hefur verið reiknað út að sé jöfn 100 únsum af gulli.

([14]) Í þessum staðli eru fjárhæðir tilgreindar í „gjaldmiðilseiningum“ (GE).

Skilyrtar greiðsluskuldbindingar

25 Í fjármálagerningi getur þess verið krafist að eining afhendi handbært fé eða aðra fjáreign eða geri hann upp með öðrum hætti þannig að hann yrði fjárskuld, í því tilviki að óvissir framtíðaratburðir ættu sér stað eða ættu sér ekki stað (eða við niðurstöðu úr óvissum aðstæðum) sem eru ekki á valdi útgefandans eða handhafa gerningsins, s.s. breyting á hlutabréfavísitölu, vísitölu neysluverðs, vöxtum eða skattkröfum, eða reglulegum framtíðartekjum útgefanda, hagnaði eða hlutfalli á milli skulda og eigin fjár. Útgefandi slíks gernings hefur ekki skilyrðislausan rétt til að komast hjá því að afhenda handbært fé eða aðra fjáreign (eða gera hann upp með öðrum hætti þannig að hann verði fjárskuld). Þess vegna er hann fjárskuld útgefanda nema:

a) sá hluti skilyrtu greiðsluskuldbindingarinnar þar sem krafist væri uppgjörs í handbæru fé eða með annarri fjáreign (eða með öðrum hætti þannig að hún yrði fjárskuld), sé ekki ósvikinn,

b) þess sé krafist að útgefandi geri einungis upp skuldbindinguna með handbæru fé eða annarri fjáreign (eða geri hana upp með öðrum hætti þannig að hann verði fjárskuld) ef kemur til félagsslita útgefanda.

c) gerningurinn hafi öll einkenni og uppfylli skilyrðin í liðum 16A og 16B.

Uppgjörsmöguleikar

26 Þegar afleiddur fjármálagerningur heimilar einum aðila að velja hvernig hann er gerður upp (útgefandi eða handhafi geta t.d. kosið að greiða í handbæru fé eða með því að skipta hlutum fyrir handbært fé) er hann fjáreign eða fjárskuld nema allir uppgjörsvalkostirnir myndu leiða til þess að hann yrði eiginfjárgerningur.

27 Dæmi um afleiddan fjármálagerning með uppgjörsmöguleika sem er fjárskuld er hlutabréfavalréttur sem útgefandi getur ákveðið að jafna saman með handbæru fé eða með því að skipta eigin hlutum fyrir handbært fé. Á sama hátt falla sumir samningar um kaup eða sölu ófjárhagslegs liðar í skiptum fyrir eiginfjárgerninga einingarinnar innan gildissviðs þessa staðals vegna þess að hægt er að gera þá upp annaðhvort með afhendingu ófjárhagslegs liðar eða handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi (sjá 8.–10. lið). Slíkir samningar eru fjáreignir eða fjárskuldir en ekki eiginfjárgerningar.

Samsettir fjármálagerningar (sjá einnig liði AG30–AG35 og skýringardæmi 9–12)

28 Útgefandi óafleidds fjármálagernings skal meta skilmála fjármálagerningsins til að ákvarða hvort hann feli í sér bæði skuldar- og eiginfjárhluta. Slíkir hlutar skulu flokkaðir sérstaklega sem fjárskuldir, fjáreignir eða eiginfjárgerningar í samræmi við 15. lið.

29 Eining færir sérstaklega þá hluta fjármálagernings sem a) skapar fjárskuld einingarinnar og b) gefur handhafa gerningsins kost á að breyta honum í eiginfjárgerning einingarinnar. Skuldabréf eða sambærilegur gerningur, sem handhafi getur breytt í fastan fjölda almennra hluta einingarinnar, er t.d. samsettur fjármálagerningur. Frá sjónarhóli einingarinnar felur slíkur gerningur í sér tvo hluta: fjárskuld (samningsbundið fyrirkomulag um að afhenda handbært fé eða aðra fjáreign) og eiginfjárgerning (kaupréttur sem veitir handhafa rétt í tiltekinn tíma til að breyta honum í fastan fjölda almennra hluta einingarinnar). Efnahagsleg áhrif þess að gefa út slíkan gerning eru í grundvallaratriðum hin sömu og þegar samtímis er gefinn út skuldagerningur með ákvæði um uppgreiðsluákvæði og kaupheimildir til kaupa á almennum hlutum eða þegar gefinn er út skuldagerningur með aðskiljanlegum kaupheimildum í nýjum hlutum. Í samræmi við þetta setur einingin fram í öllum tilvikum skuldar- og eiginfjárhlutann sérstaklega í efnahagsreikningi sínum.

30 Flokkun skuldarhluta og eiginfjárhluta í breytanlegum gerningi er ekki endurskoðuð í kjölfar þess að breyting verður á líkum þess að breytingavalrétturinn verði nýttur, jafnvel þegar svo gæti virst að nýting valréttarins sé orðin efnahagslega hagkvæm fyrir suma handhafa. Handhafar aðhafast ekki alltaf á þann hátt sem búast mætti við, t.d. vegna þess að skattaleg áhrif af breytingu geta verið mismunandi fyrir handhafa. Enn fremur breytast líkurnar á breytingu öðru hvoru. Samningsbundin skylda einingarinnar um að inna af hendi framtíðargreiðslur er útistandandi þar til hún fellur niður við breytingu, gjalddaga gernings eða önnur viðskipti.

31 IFRS-staðall 9 fjallar um mat fjáreigna og fjárskulda. Eiginfjárgerningar eru gerningar sem færa sönnur á eftirstæðan hluta í eignum einingar að frádregnum öllum skuldum hennar. Þegar upphaflegu bókfærðu verði samsetts fjármálagernings er skipt á eiginfjár- og skuldarhluta er eiginfjárþættinum úthlutuð hrakvirðisfjárhæðin eftir að fjárhæðin, sem var ákvörðuð sérstaklega fyrir skuldarhlutann, er dregin frá gangvirði gerningsins í heild. Virði afleiddra þátta (eins og kaupréttar) sem eru innbyggðir í samsettan fjármálagerning annarra en eiginfjárhlutans (eins og réttur til breytingar eigin fjár) er innifalið í skuldarhlutanum. Samtala bókfærðs verðs sem úthlutað er á skuldar- og eiginfjárhlutana við upphafsfærslu er alltaf jöfn gangvirðinu sem væri eignað gerningnum sem heild. Enginn hagnaður eða tap verður til ef upphafleg færsla hluta gerningsins er færð sérstaklega.

32 Samkvæmt aðferðinni sem lýst er í 31. lið ákvarðar útgefandi skuldabréfs sem hægt er að breyta í almenna hluti fyrst bókfært verð skuldarhlutans með því að meta gangvirði sambærilegrar skuldar (þ.m.t. innbyggðar afleiður sem hafa ekki eiginleika eigin fjár) sem hefur ekki neina tengingu við eiginfjárhluta. Bókfært verð eiginfjárgerningsins sem er sýnt með möguleikanum á að breyta gerningnum í almenna hluti er síðan ákvarðað með því að draga gangvirði fjárskuldarinnar frá gangvirði samsetta fjármálagerningsins í heild.

Eigin hlutir (sjá einnig lið AG36)

33 Ef eining endurkaupir eiginfjárgerninga sína skal draga þá gerninga (eigin hlutir) frá eigin fé. Enginn ágóði eða tap skal færður í rekstrarreikning við kaup, sölu, útgáfu eða ógildingu eiginfjárgerninga einingar. Einingin eða aðrir aðilar samstæðunnar mega kaupa og hafa eignarhald á slíkum eigin hlutum. Greiðsla sem innt er af hendi eða móttekin skal færð beint á eigið fé.

33A Sumar einingar starfrækja annaðhvort innri eða ytri fjárfestingarsjóð sem veitir fjárfestum ábata sem er ákvarðaður af hlutdeildarskírteinum í sjóðnum og færa fjárskuldir á fjárhæðum sem greiða skal þessum fjárfestum. Á svipaðan hátt gefa sumar einingar út flokka vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum og þessar einingar hafa undirliggjandi liði í vörslu sinni. Sumir slíkir sjóðir eða undirliggjandi liðir innihalda eigin hluti einingarinnar. Þrátt fyrir 33. lið getur eining valið að draga eigin hluti, sem eru hluti af slíkum sjóði eða undirliggjandi lið, frá eigin fé þá og því aðeins að eining endurkaupi eigin eiginfjárgerninga í slíkum tilgangi. Þess í stað getur einingin kosið að halda áfram að færa eigin hlut sem eigið fé og færa endurkeypta gerninginn eins og gerningurinn væri fjáreign og meta hana á gangvirði í rekstrarreikningi í samræmi við IFRS-staðal 9. Þetta val er óafturkræft og er framkvæmt fyrir hvern gerning fyrir sig. Að því er þetta val varðar fela vátryggingarsamningar í sér fjárfestingasamninga með valkvæðum þátttökuákvæðum. (Sjá IFRS-staðal 17 fyrir hugtök sem notuð eru í þessum lið sem eru skilgreind í þeim staðli.)

34 Greint er sérstaklega frá fjárhæð eigin hluta, annaðhvort í yfirliti efnahagsreiknings eða í skýringunum í samræmi við IAS-staðal 1, *framsetning reikningsskila*. Eining veitir upplýsingar í samræmi við IAS-staðal 24, *upplýsingar um tengda aðila*, ef einingin endurkaupir eiginfjárgerninga sína frá tengdum aðilum.

Vextir, arður, tap og ágóði (sjá einnig lið AG37)

35 Vextir, arður, tap og ágóði í tengslum við fjármálagerning eða þátt sem er fjárskuld skal færa sem tekjur eða gjöld í rekstrarreikningi. Einingin skal færa útgreiðslu til handhafa eiginfjárgernings beint á eigið fé. Færa skal viðskiptakostnað vegna viðskipta með eigið fé sem frádrátt frá eigin fé.

35A Tekjuskatt vegna útgreiðslu til handhafa eiginfjárgernings og viðskiptakostnað vegna viðskipta með eigið fé skal færa í samræmi við IAS-staðal 12, *tekjuskattar*.

36 Flokkun fjármálagernings sem fjárskuldar eða eiginfjárgernings ákvarðar hvort vextir, arður, tap og ágóði sem tengjast þeim gerningi eru færð sem tekjur eða gjöld í rekstrarreikning. Arðgreiðslur af hlutum sem eru að fullu skuldfærðir eru því færðar sem gjöld á sama hátt og vextir af skuldabréfi. Á sama hátt eru ágóði og tap sem tengjast innlausn eða endurfjármögnun fjárskulda færð í rekstrarreikning en innlausn eða endurfjármögnun eiginfjárgerninga er aftur á móti færð sem breytingar á eigin fé. Breytingar á gangvirði eiginfjárgernings eru ekki færðar í reikningsskilin.

37 Eining stofnar venjulega til ýmiss kostnaðar við útgáfu eða kaup á eigin eiginfjárgerningum. Til þessa kostnaðar geta talist skráningar- og önnur gjöld til eftirlitsyfirvalda, fjárhæðir greiddar fyrir sérfræðiþóknun til lögfræðiráðgjafa, endurskoðenda og annarra sérfræðiráðgjafa, prentunarkostnaður og stimpilgjöld. Færa skal viðskiptakostnað vegna viðskipta með eigið fé sem frádrátt frá eigin fé að því marki sem um er að ræða viðbótarkostnað sem tengist beint viðskiptunum með eigið fé sem annars hefði ekki komið til. Kostnaður vegna viðskipta með eigið fé sem hætt er við er færður sem gjöld.

38 Viðskiptakostnaði sem tengist útgáfu samsetts fjármálagernings er skipt á skuldar- og eiginfjárhluta gerningsins í hlutfalli við skiptingu ágóða. Viðskiptakostnaði sem tengist sameiginlega fleiri en einum viðskiptum (t.d. kostnaður við útboð tiltekinna hlutabréfa og kauphallarskráningu annarra hlutabréfa samtímis) er skipt á þau viðskipti á grundvelli skiptingar sem er skynsamleg og í samræmi við sambærileg viðskipti.

39 Fjárhæð viðskiptakostnaðar sem færð var til frádráttar frá eigin fé á tímabilinu er birt sérstaklega í samræmi við IAS-staðal 1.

40 Setja má arðgreiðslur sem flokkaðar eru sem gjöld fram í yfirliti eða yfirlitum um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu annaðhvort með vöxtum á aðrar skuldir eða sem aðgreindan lið Til viðbótar við kröfurnar í þessum staðli fellur upplýsingagjöf um vexti og arðgreiðslur undir kröfurnar í IAS-staðli 1 og IFRS-staðli 7. Við sumar aðstæður er æskilegt að greina frá vöxtum og arðgreiðslum með aðgreindum hætti í yfirlitinu eða yfirlitunum um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu vegna þess mismunar sem er á þessum liðum þegar kemur að málum eins og frádrætti frá sköttum. Upplýsingagjöf um skattaleg áhrif er gerð í samræmi við IAS-staðal 12.

41 Ágóði og tap sem tengjast breytingum á bókfærðu verði fjárskuldar eru færð sem tekjur eða gjöld í rekstrarreikning jafnvel þegar þau tengjast gerningi sem felur í sér rétt í eftirstæðum hluta eigna einingarinnar í skiptum fyrir handbært fé eða aðra fjáreign (sjá b-lið 18. liðar). Samkvæmt IAS-staðli 1 setur eining ágóða eða tap sem verður til við endurmat á slíkum gerningi fram sérstaklega í rekstrarreikningi þegar það skiptir máli við útskýringu á árangri einingarinnar.

Samjöfnun fjáreignar og fjárskuldar (sjá einnig liði AG38A–AG38F og AG39)

42 Fjáreign og fjárskuld skal jafnað saman og sú hreina fjárhæð sett fram í efnahagsreikningi þá og því aðeins að eining:

a) hefur, eins og sakir standa, lögvarinn rétt til að jafna saman færðum fjárhæðum og

b) ætlar annaðhvort að gera upp á hreinum grunni eða innleysa eignina og greiða skuldina samtímis.

Við færslu á yfirfærslu fjáreignar, sem er ekki viðurkennd fyrir afskráningu, skal einingin ekki jafna saman yfirfærðu eigninni og tengdu skuldinni (sjá lið 3.2.22 í IFRS-staðli 9).

43 Í þessum staðli er gerð krafa um framsetningu fjáreigna og fjárskulda á hreinum grunni þegar slík framsetning endurspeglar væntanlegt framtíðarsjóðstreymi einingar af uppgreiðslu tveggja eða fleiri fjármálagerninga. Þegar eining á rétt á að taka á móti eða greiða eina, hreina fjárhæð og hefur í hyggju að gera svo á hún í raun aðeins eina fjáreign eða fjárskuld. Við aðrar aðstæður eru fjáreignir og fjárskuldir settar fram sérstaklega í samræmi við eiginleika þeirra sem verðmæti eða skuldbindingar einingarinnar. Eining skal veita upplýsingarnar sem farið er fram á í liðum 13B–13E í IFRS-staðli 7, fyrir færða fjármálagerninga sem falla undir gildissvið liðar 13A í IFRS-staðli 7.

44 Samjöfnun færðrar fjáreignar og færðrar fjárskuldar og framsetning hreinu fjárhæðarinnar er ólík afskráningu fjáreignar eða fjárskuldar. Þótt samjöfnun leiði ekki til færslu ágóða eða taps, leiðir afskráning fjármálagernings ekki aðeins til þess að áður færður liður er fjarlægður úr efnahagsreikningi, heldur getur hún einnig leitt til færslu ágóða eða taps.

45 Réttur til jöfnunar er lagalegur réttur skuldara samkvæmt samningi, eða á annan hátt, til að gera upp eða eyða allri fjárhæð, eða hluta hennar, með einhverjum öðrum hætti, sem greiða ber skuldara með því að jafna á móti þeirri fjárhæð annarri útistandandi fjárhæð frá skuldara. Við óvenjulegar aðstæður kann skuldari að eiga lagalegan rétt á því að jafna fjárhæð frá þriðja aðila á móti fjárhæð sem greiða skal skuldara, að því tilskildu að til staðar sé samkomulag á milli aðilanna þriggja sem kveður skýrt á um rétt skuldarans til jöfnunar. Vegna þess að rétturinn til jöfnunar er lagalegur réttur geta skilyrðin sem styðja réttinn verið mismunandi frá einni lögsögu til annarrar og taka þarf tillit til þeirra laga sem gilda um sambandið á milli aðilanna.

46 Framfylgjanlegur réttur til að jafna saman fjáreign og fjárskuld hefur áhrif á réttindi og skyldur sem tengjast fjáreign og fjárskuld og getur haft áhrif á þá útlánaáhættu og greiðsluhæfisáhættu sem einingin er óvarin fyrir. Það að rétturinn sé til staðar er þó í sjálfu sér ekki nægjanlegur grundvöllur til samjöfnunar. Ef ekki eru áform um að neyta réttarins eða að gera upp samtímis verður fjárhæð og tímasetning framtíðarsjóðstreymis einingar ekki fyrir áhrifum. Þegar eining áformar að neyta réttarins eða að gera upp samtímis endurspeglar framsetning eignarinnar og skuldarinnar á hreinum grunni betur fjárhæðir og tímasetningu áætlaðs framtíðarsjóðstreymis og að auki þá áhættu sem sjóðstreymið getur orðið fyrir. Áform af hálfu annars aðila eða beggja um að gera upp á hreinum grunni án lagalegs réttar til þess nægir ekki til að réttlæta samjöfnun vegna þess að réttindi og skyldur sem tengjast einstakri fjáreign og fjárskuld eru áfram óbreytt.

47 Áform einingar með tilliti til þess að gera upp tilteknar eignir og skuldir kann að verða fyrir áhrifum af venjulegum viðskiptaháttum hennar, kröfum fjármálamarkaða og öðrum aðstæðum sem kunna að takmarka getu hennar til að gera upp á hreinum grunni eða að gera upp samtímis. Þegar eining hefur rétt til jöfnunar en hefur ekki í hyggju að nýta sér þann rétt eða að innleysa eignina og gera upp skuldina samtímis eru áhrif réttarins á útlánaáhættuna, sem einingin er óvarin fyrir, birt í samræmi við 36. lið í IFRS-staðli 7.

48 Það að tveir fjármálagerningar séu gerðir upp samtímis getur átt sér stað, t.d. með rekstri greiðslujöfnunarstöðvar á skipulögðum fjármálamarkaði eða viðskiptum sem eiga sér stað augliti til auglitis. Við þessar aðstæður er sjóðstreymið í reynd jafnt einni hreinni fjárhæð og engin hætta á útlána- eða greiðsluhæfisáhættu. Við aðrar aðstæður getur eining gert upp tvo gerninga með því að taka á móti og greiða aðgreindar fjárhæðir og verða þannig óvarin fyrir útlánaáhættu af heildarfjárhæð eignarinnar eða greiðsluhæfisáhættu af heildarfjárhæð skuldarinnar. Slík áhætta getur verið veruleg þó hún sé tiltölulega skammvinn. Í samræmi við það er innlausn fjáreigna og uppgjör fjárskulda því aðeins meðhöndluð sem framkvæmd samtímis að viðskiptin eigi sér stað á sama augnabliki.

49 Skilyrðunum, sem sett eru fram í 42. lið, er yfirleitt ekki fullnægt og samjöfnun á ekki við þegar:

a) nokkrir ólíkir fjármálagerningar eru notaðir til að líkja eftir eiginleikum einstaks fjármálagernings („tilbúinn gerningur“),

b) fjáreignir og fjárskuldir verða til af fjármálagerningum sem eru háðir sömu grunnáhættu (t.d. eignir og skuldir í safni framvirkra samninga eða annarra afleiddra gerninga) en taka til ólíkra mótaðila,

c) fjáreignir eða aðrar eignir eru veðsettar fyrir fjárskuldir sem ekki hafa endurkröfurétt vegna ófullnægjandi ábyrgðar,

d) skuldari setur fjáreignir til hliðar í fjárhaldssjóð til að standa við skuldbindingu án þess að þessar eignir hafi verið samþykktar af skuldara sem uppgjör fyrir skuldina (t.d. geymslusjóðsfyrirkomulag) eða

e) búist er við að skuldbindingar sem stofnað er til vegna atburða, sem leiða til taps, verði endurheimtar frá þriðja aðila með kröfu sem gerð er samkvæmt tryggingarsamningi.

50 Eining sem annast nokkur viðskipti með fjármálagerninga við einn mótaðila getur gert „rammasamkomulag um jöfnun fjáreigna og fjárskulda“ við þann mótaðila. Slíkur samningur kveður á um eitt uppgjör allra fjármálagerninga sem samningurinn tekur til á hreinum grunni ef kemur til vanefnda eða uppsagnar eins samnings. Fjármálastofnanir nota slíka samninga yfirleitt til að vernda sig gegn tapi ef til gjaldþrots kemur eða við aðrar aðstæður sem leiða til þess að mótaðili geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Rammasamkomulag um jöfnun fjáreigna og fjárskulda skapar yfirleitt rétt til jöfnunar sem verður einungis framfylgjanlegur og hefur einungis áhrif á innlausn eða uppgjör einstakra fjáreigna og fjárskulda í kjölfar tilgreindra vanefnda eða við aðrar aðstæður sem ekki er búist við að myndist í venjulegum rekstri. Rammasamkomulag um jöfnun fjáreigna og fjárskulda skapar ekki grunn til samjöfnunar nema að bæði skilyrðin í 42. lið séu uppfyllt. Þegar fjáreignum og fjárskuldum, sem falla undir rammasamkomulag um jöfnun fjáreigna og fjárskulda, er ekki jafnað saman eru áhrif samningsins á útlánaáhættu, sem einingin er óvarin fyrir, birt í samræmi við 36. lið í IFRS-staðli 7.

51–95 [Felldur brott]

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

96 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal ekki beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast fyrir 1. janúar 2005 nema hún beiti einnig IAS-staðli 39 (útg. í desember 2003), þ.m.t. breytingar sem gefnar voru út í mars 2004. Ef eining beitir þessum staðli vegna tímabils sem hefst fyrir 1. janúar 2005 skal hún greina frá því.

96A *Innleysanlegir fjármálagerningar og skuldbindingar sem verða til við félagsslit* (breytingar á IAS-staðli 32 og IAS-staðli 1), sem voru gefin út í febrúar 2008, höfðu í för með sér þá kröfu að fjármálagerningar, sem hafa öll einkenni og uppfylla skilyrðin í liðum 16A og 16B eða liðum 16C og 16D, séu flokkaðir sem eiginfjárgerningar, liðum 11, 16, 17–19, 22, 23, 25, AG13, AG14 og AG27 breytt og bætt við liðum 16A–16F, 22A, 96B, 96C, 97C, AG14A–AG14J og AG29A. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þessum breytingum, að því er varðar fyrra tímabil, skal hún greina frá því og beita jafnframt tengdum breytingum á IAS-staðli 1, IAS-staðli 39, IFRS-staðli 7 og IFRIC-túlkun 2 á sama tíma.

96B *Innleysanlegir fjármálagerningar og skuldbindingar sem verða til við félagsslit* innleiddu undantekningu á takmörkuðu gildissviði, eining má því ekki beita þessari undantekningu á hliðstæðan hátt.

96C Flokkun gerninga samkvæmt þessari undantekningu skal takmarka við reikningsskil samkvæmt IAS-staðli 1, IAS-staðli 32, IAS-staðli 39, IFRS-staðli 7 og IFRS-staðli 9. Gerninginn skal ekki skoða sem eiginfjárgerning samkvæmt öðrum reglum, t.d. IFRS-staðli 2.

97 Þessum staðli skal beita afturvirkt.

97A Með IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess breyttist 40. liður. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

97B Með IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja* (eins og hann var endurskoðaður 2008) var 4. liður felldur niður. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 3 (endurskoðaður 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar einnig gildi fyrir það fyrra tímabil. Breytingin gildir samt sem áður ekki um óvissa greiðslu sem stafar af sameiningu fyrirtækja þar sem yfirtökudagur er á undan beitingu IFRS-staðals 3 (endurskoðaður 2008). Þess í stað skal einingin reikningsfæra slíka greiðslu í samræmi við liði 65A–65E í IFRS-staðli 3 (breytt 2010).

97C Einingin skal, við beitingu breytinga, sem er lýst í lið 96A, skipta samsettum fjármálagerningi, með skuldbindingu um að afhenda, við félagsslit, öðrum aðila hlutfallslegan arð af hreinni eign einingar, í sérstaka skuldar- og eiginfjárþætti. Ef skuldarhlutinn er ekki lengur útistandandi felst afturvirk beiting þessara breytinga á IAS-staðli 32 í því að aðgreina tvo eiginfjárþætti. Fyrri þátturinn er í óráðstöfuðu eigin fé og sýnir uppsafnaða vexti á skuldarþættinum. Hinn þátturinn er upphaflegi eiginfjárþátturinn. Því þarf eining ekki að aðskilja þessa tvo þætti ef skuldarþátturinn er ekki lengur útistandandi þann dag sem breytingum er beitt.

97D Ákvæðum 4. liðar var breytt með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* sem gefnar voru út í maí 2008. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því og beita breytingunum á 3. lið IFRS-staðals 7, 1. lið IAS-staðals 28 og 1. lið IAS-staðals 31, sem gefnar voru út í maí 2008, vegna fyrra tímabils. Einingu er heimilt að beita breytingunni framvirkt.

97E Ákvæðum 11. og 16. liðar var breytt með *Flokkun forkaupsréttar* sem gefin var út í október 2009. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. febrúar 2010 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil.

97F [Felldur brott]

97G Liður 97B breyttist með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)* sem gefnar voru út í maí 2010. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar. Fyrri beiting er heimil.

97H [Felldur brott]

97I IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, sem gefnir voru út í maí 2011 breyttu a-lið 4. liðar og lið AG29. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

97J IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011 breytti skilgreiningunni á gangvirði í 11. lið og breytti liðum 23 og AG31. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

97K *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti 40. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

97L Með *Samjöfnun fjáreigna og fjárskulda* (breytingar á IAS-staðli 32) sem gefinn var út í desember 2011, var liður AG38 felldur brott og liðum AG38A–AG38F bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunum fyrir þá dagsetningu skal hún greina frá því og einnig frá þeim upplýsingum sem krafist er í *Upplýsingagjöf – samjöfnun fjáreigna og fjárskulda* (breytingar á IFRS-staðli 7) sem gefinn var út í desember 2011.

97M Með *Upplýsingagjöf – samjöfnun fjáreigna og fjárskulda* (breytingar á IFRS-staðli 7) sem gefinn var út í desember 2011 var 43. lið breytt þannig að einingu var gert skylt að veita upplýsingarnar sem krafist er í liðum 13B–13E í IFRS-staðli 7 um færðar fjáreignir sem eru innan gildissviðs liðar 13A í IFRS-staðli 7. Eining skal beita þeirri breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast þann 1. janúar 2013 eða síðar og árshluta innan þessara árlegu tímabila. Eining skal leggja fram upplýsingarnar sem breytingin krefst afturvirkt.

97N Með *Árlegum endurbótum tímabilið 2009-2011* sem gefnar voru út í maí 2012 var 35., 37. og 39. lið breytt og lið 35A bætt við. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

97O *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu 4. lið. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita *Fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

97P [Felldur brott]

97Q IFRS-staðall 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, gefinn út í maí 2014, breytti lið AG21. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

97R IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti liðum 3, 4, 8, 12, 23, 31, 42, 96C, AG2 og AG30 og felldi brott liði 97F, 97H og 97P. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

97S IFRS-staðall 16, *leigusamningar* gefinn út í maí 2016, breytti liðum AG9 og AG10. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

97T IFRS-staðall 17, gefinn út í maí 2017, breytti liðum 4, AG8 og AG36 og bætti við lið 33A. *Breytingar á IFRS-staðli 17*, gefnar út í júní 2020, breyttu 4. lið enn frekar. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 17.

AFTURKÖLLUN ANNARRA YFIRLÝSINGA

98 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 32, *fjármálagerningar: upplýsingar og framsetning*, endurskoðaður árið 2000 ([15]).

99 Þessi staðall kemur í stað eftirfarandi túlkana:

a) SIC-túlkunar 5: *flokkun fjármálagerninga — skilyrtar greiðsluskuldbindingar*,

b) SIC-túlkunar 16: *hlutafé — endurkeyptir eigin eiginfjárgerningar (eigin hlutir)*, og

c) SIC-túlkunar 17: *eigið fé – kostnaður við viðskipti með eigið fé*.

100 Með þessum staðli eru afturkölluð drög að SIC-túlkun D34, *fjármálagerningar – gerningar eða réttindi innleysanleg af handhafa*.

([15]) Í ágúst 2005 færði Alþjóðareikningsskilaráðið allar kröfur um upplýsingagjöf sem tengjast fjármálagerningum í IFRS-staðal 7, *fjármálagerningar: upplýsingar*.

Viðbætir

LEIÐBEININGAR UM BEITINGU

IAS-staðall 32, *fjármálagerningar*: *framsetning*

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti staðalsins.

AG1 Í þessum leiðbeiningum um beitingu er útskýrð beiting einstakra þátta staðalsins.

AG2 Staðallinn fjallar ekki um færslu eða mat fjármálagerninga. Kröfur um færslu og mat fjármálagerninga og fjárskulda er að finna í IFRS-staðli 9.

SKILGREININGAR (11–14. LIÐUR)

Fjáreignir og fjárskuldir

AG3 Gjaldmiðill (handbært fé) er fjáreign vegna þess að hann er viðskiptamiðill og er því sá grunnur sem öll viðskipti eru metin á og færð í reikningsskil. Innlegg handbærs fjár hjá banka eða sambærilegri fjármálastofnun er fjáreign vegna þess að það sýnir samningsbundinn rétt innlánseiganda til að fá handbært fé hjá stofnuninni eða fá útgefna ávísun eða sams konar gerning fyrir innstæðunni sem er í hag skuldara fyrir greiðslu fjárskuldar.

AG4 Algeng dæmi um fjáreignir sem sýna samningsbundinn rétt til að fá afhent handbært fé í framtíðinni og samsvarandi fjárskuldir sem sýna samningsbundna skyldu um að afhenda handbært fé í framtíðinni eru:

a) viðskiptakrafna og -skuldareikningar,

b) viðskiptakrafna og -skuldaviðurkenningar,

c) lánakröfur og -skuldir og

d) viðskiptakröfur og skuldabréf.

Í sérhverju tilviki er samningsbundinn réttur annars aðilans til að fá afhent (eða skyldan til að greiða) handbært fé jafnaður með samsvarandi skyldu hins aðilans til að greiða (eða réttinn til að fá afhent).

AG5 Önnur tegund fjármálagernings er þegar efnahagslegi ávinningurinn, sem taka skal við eða láta af hendi, er fjáreign önnur en handbært fé. Víxilskuld í ríkisskuldabréfum veitir t.d. handhafa samningsbundinn rétt til að fá afhent, og útgefandanum samningsbundna skyldu um að afhenda, ríkisskuldabréf en ekki handbært fé. Skuldabréfin eru fjáreignir vegna þess að þau sýna skyldu ríkisstjórnarinnar sem gefur þau út til að greiða handbært fé. Víxillinn er þess vegna fjáreign handhafa víxilsins og fjárskuld útgefanda víxilsins.

AG6 „Viðvarandi“ skuldagerningar (s.s. „viðvarandi“ skuldabréf, óverðtryggð skuldabréf og nafnverðsskuldabréf) veita handhafa venjulega samningsbundinn rétt til að fá greiðslur vegna vaxta á fastákveðnum dagsetningum um óákveðna framtíð, annaðhvort án réttar til að fá arð af höfuðstóli eða með rétti til arðs af höfuðstóli samkvæmt skilmálum sem gera það afar ólíklegt eða að það verði langt í ókominni framtíð. Eining kann t.d. að gefa út fjármálagerning sem skuldbindur hana til að inna af hendi árlegar, viðvarandi greiðslur um óákveðinn tíma sem jafngilda 8 prósent vöxtum af nafnverði eða af nafnverði höfuðstóls að fjárhæð 1000 GE ([16]). Að því gefnu að 8 prósent séu markaðsvextir gerningsins þegar hann er gefinn út tekur útgefandinn á sig samningsbundna skyldu um að inna af hendi röð vaxtagreiðslna í framtíðinni sem nema 1000 GE að gangvirði (núvirði) í upphaflegri færslu. Handhafi og útgefandi gerningsins eiga fjáreign og fjárskuld eftir því sem við á.

([16]) Í þessum leiðbeiningum eru fjárhæðir tilgreindar í „gjaldmiðilseiningum“ (GE).

AG7 Samningsbundinn réttur eða samningsbundin skylda til að fá í hendur, afhenda eða skipta á fjármálagerningum er fjármálagerningur í sjálfu sér. Röð samningsbundinna réttinda eða samningsbundinna skyldna samræmist skilgreiningunni á fjármálagerningi ef hún leiðir að lokum til viðtöku eða greiðslu handbærs fjár eða til yfirtöku eða útgáfu eiginfjárgernings.

AG8 Getan til að neyta samningsbundins réttar eða krafan um að efna samningsbundna skyldu kann að vera skilyrðislaus eða vera háð því að atburður eigi sér stað í framtíðinni. Fjárhagsleg trygging er t.d. samningsbundinn réttur lánveitanda til að fá handbært fé frá ábyrgðarveitanda og samsvarandi samningsbundin skylda ábyrgðarveitanda til að greiða lánveitandanum ef til vanefnda lántakanda kemur. Samningsbundinn réttur og skylda eru fyrir hendi vegna viðskipta eða atburðar í fortíðinni (stofnun ábyrgðarinnar) jafnvel þótt geta lánveitanda til að neyta réttar síns og krafan um að ábyrgðarveitandinn efni skyldu sína séu báðar háðar því að til vanefnda lántakanda komi í framtíðinni. Óviss réttur og skylda samrýmast skilgreiningunni á fjáreign og fjárskuld jafnvel þótt slíkar eignir og skuldir séu ekki alltaf færðar í reikningsskilin. Sum þessara skilyrtu réttinda og skyldna geta verið vátryggingarsamningar innan gildissviðs IFRS-staðals 17.

AG9 Almennt myndar leigusamningur rétt leigusala til að fá í hendur og skyldu leigutaka til að greiða röð greiðslna sem eru í meginatriðum hinar sömu og blandaðar greiðslur af höfuðstól og vöxtum samkvæmt lánasamningi. Leigusali færir fjárfestingu sína á fjárhæð sem honum er skulduð samkvæmt fjármögnunarleigu fremur en samkvæmt undirliggjandi eigninni sjálfri sem er í fjármögnunarleigu. Í samræmi við það lítur leigusalinn á fjármögnunarleigusamning sem fjármálagerning. Samkvæmt IFRS-staðli 16 færir leigusali ekki rétt sinn til að fá leigugreiðslur samkvæmt rekstrarleigusamningi. Leigusali heldur áfram að færa undirliggjandi eignina sjálfa fremur en fjárhæð sem hann fær í framtíðinni samkvæmt samningnum. Í samræmi við það lítur leigusali ekki á rekstrarleigusamninginn sem fjármálagerning nema þegar kemur að einstökum greiðslum, sem eru útistandandi og gjaldfallnar, af hálfu leigutaka.

AG10 Efnislegar eignir (s.s. birgðir, varanlegir rekstrarfjármunir), eignir með afnotarétti og óefnislegar eignir (s.s. einkaleyfi og vörumerki) eru ekki fjáreignir. Yfirráð yfir slíkum efnislegum eignum, eignum með afnotarétti og óefnislegum eignum skapa tækifæri til að mynda innstreymi handbærs fjár eða annarrar fjáreignar en veita ekki rétt til að fá handbært fé eða aðra fjáreign.

AG11 Eignir (s.s. fyrirframgreidd útgjöld), sem fjárhagslegur ávinningur er af í framtíðinni, er móttaka vöru eða þjónustu, fremur en réttur til að fá handbært fé eða aðra fjáreign, eru ekki fjáreignir. Á sama hátt eru liðir eins og frestaðar tekjur og flestar ábyrgðarskuldbindingar ekki fjárskuldir vegna þess að útstreymi efnahagslegs ávinnings sem er tengt þeim er afhending vara og þjónustu fremur en samningsbundin skylda til að greiða handbært fé eða aðra fjáreign.

AG12 Skuldir eða eignir sem eru ekki samningsbundnar (s.s. tekjuskattar sem koma til vegna lögboðinna krafna sem ríkisstjórnir setja) eru ekki fjárskuldir eða fjáreignir. Fjallað er um færslu tekjuskatta í IAS-staðli 12. Á sama hátt verða ætlaðar skuldbindingar, eins og þær eru skilgreindar í IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, ekki til vegna samninga og eru ekki fjárskuldir.

Eiginfjárgerningar

AG13 Dæmi um eiginfjárgerninga eru óinnleysanlegir, almennir hlutir, sumir innleysanlegir gerningar (sjá liði 16Aog 16B), einhverjir gerningar, sem leggja þá skyldu á einingunа að afhenda við félagsslit öðrum aðila hlutfallslegan arð af hreinni eign einingar (sjá liði 16C og 16D), sumar gerðir forgangshluta (sjá liði AG25 og AG26) og kaupheimildir eða útgefinn kaupréttur, sem heimilar handhafa að skrá sig fyrir eða kaupa fastan fjölda óinnleysanlegra, almennra hluta í einingunni, sem gefur þá út í skiptum fyrir fasta fjárhæð handbærs fjár eða aðra fjáreign. Skuldbinding einingar um að gefa út eða kaupa fastan fjölda eiginfjárgerninga sinna í skiptum fyrir fasta fjárhæð handbærs fjár eða aðra fjáreign er eiginfjárgerningur einingarinnar (að undanskildu því sem tekið er fram í lið 22A). Ef slíkur samningur felur hins vegar í sér skuldbindingu fyrir einingunа um að greiða með handbæru fé eða með annarri fjáreign (undantekning er samningur sem er flokkaður sem eigið fé í samræmi við liði 16A og 16B eða liði 16C og 16D), myndar hann einnig skuld fyrir núvirði innlausnarfjárhæðarinnar (sjá a-lið liðar AG27). Útgefandi óinnleysanlegra almennra hluta tekur á sig skuldbindingu þegar hann formlega innir af hendi útgreiðslu og verður lagalega skuldbundinn hluthöfunum af að gera það. Þetta getur t.d. átt við í kjölfar yfirlýsingar um arðgreiðslu eða þegar verið er að slíta einingunni og eftirstandandi eignum er skipt á milli hluthafa eftir fullnustu skuldbindinga.

AG14 Keyptur kaupréttur eða annar sambærilegur samningur, sem einingin kaupir og veitir henni rétt til að endurkaupa fastan fjölda eiginfjárgerninga sinna í skiptum fyrir að afhenda fasta fjárhæð handbærs fjár eða aðra fjáreign, er ekki fjáreign einingarinnar (að undanskildu því sem tekið er fram í lið 22A). Þess í stað er greiðsla sem greidd er fyrir slíkan samning dregin frá eigin fé.

Flokkur gerninga sem er undirflokkur allra annarra flokka (b-liður liðar 16A og b-liður liðar 16C).

AG14A Eitt af einkennunum í liðum 16A og 16C er að fjármálagerningurinn er í flokki gerninga sem er undirflokkur allra annarra flokka.

AG14B Við ákvörðun um undirflokkun gernings, metur eining kröfu gernings við félagsslit eins og innleysa eigi hann á deginum sem hún flokkar gerninginn. Eining skal endurmeta flokkun ef breyting hefur orðið á viðkomandi aðstæðum. Ef eining gefur t.d. út eða innleysir annan fjármálagerning getur það haft áhrif á hvort gerningurinn, sem um ræðir, sé í flokki gerninga sem er undirflokkur allra annarra flokka.

AG14C Gerningur sem hefur forgangsrétt við félagsslit einingar er ekki gerningur með rétt til hlutfallslegs arðs af hreinni eign einingarinnar. Gerningur hefur t.d. forgangsrétt við félagsslit ef hann veitir handhafa rétt á föstum arði við félagsslit, til viðbótar við hlut í hreinni eign einingar, þegar aðrir gerningar í undirflokknum, sem eiga rétt á hlutfallslegum arði af hreinni eign einingar, hafa ekki sama rétt við félagsslit.

AG14D Ef eining hefur einungis einn flokk fjármálagerninga, skal farið með þann flokk líkt og hann væri undirflokkur allra annarra flokka.

Samanlagt vænt sjóðstreymi sem rekja má til gerningsins frá upphafi (e-liður liðar 16A)

AG14E Samanlagt vænt sjóðstreymi á gildistíma gerningsins skal byggjast að verulegu leyti á rekstrarreikningi, breytingum á færðri, hreinni eign eða gangvirði færðrar og ófærðrar, hreinnar eignar einingarinnar á gildistíma gerningsins. Rekstrarreikning og breytingu á færðri, hreinni eign skal meta í samræmi við viðeigandi IFRS-staðla.

Viðskipti handhafa gernings þegar hann kemur ekki fram sem eigandi einingarinnar (liðir 16A og 16C)

AG14F Handhafi innleysanlegs fjármálagernings eða gernings, sem leggur þá skyldu á eininguna að afhenda við félagsslit öðrum aðila hlutfallslegan arð af hreinni eign einingar, getur átt viðskipti við eininguna í öðru hlutverki en eigandi. Handhafi gernings getur t.d. einnig verið starfsmaður einingar. Einungis skal skoða sjóðstreymi, samningsskilmála og skilyrði gernings, sem tengjast handhafa gernings sem eiganda einingar, þegar metið er hvort flokka eigi gerning sem eigið fé samkvæmt liðum 16A og 16C.

AG14G Dæmi er samlagsfélag sem er með félaga sem bera takmarkaða og ótakmarkaða ábyrgð. Einhverjir félagar sem bera ótakmarkaða ábyrgð geta veitt einingunni tryggingu og fengið greitt fyrir að veita þá ábyrgð. Ábyrgðin og tengt sjóðstreymi geta í slíkum tilvikum tengst handhöfum gernings í hlutverki þeirra sem ábyrgðaraðili, en ekki í hlutverkum þeirra sem eigendur einingar. Þess háttar ábyrgð og tengt sjóðstreymi myndu því ekki leiða til þess að félagar sem bera ótakmarkaða ábyrgð teldust vera lægra settir en félagar sem bera takmarkaða ábyrgð og yrði litið framhjá því við mat á því hvort samningsskilmálar gerninga samlagsfélags og gerningar sameignarfélags séu sambærilegir.

AG14H Annað dæmi er fyrirkomulag við skiptingu hagnaðar eða taps þar sem hagnaði eða tapi er úthlutað á handhafa gernings miðað við veitta þjónustu eða viðskipti sem hafa átt sér stað á yfirstandandi og fyrri árum. Slíkt fyrirkomulag eru viðskipti við handhafa gernings í hlutverki annars en eiganda og þarf ekki að taka tillit til við mat á þeim einkennum sem tilgreind eru í liðum 16A eða 16C. Á hinn bóginn stendur fyrirkomulag við skiptingu hagnaðar eða taps þar sem hagnaði eða tapi er úthlutað á handhafa gernings á grundvelli nafnverðs gerninga þeirra í hlutfalli við aðra gerninga í flokknum, fyrir viðskipti við handhafa gerninga í hlutverki þeirra sem eigendur og ætti að taka tillit til við mat á þeim einkennum sem tilgreind eru í liðum 16A eða 16C.

AG14I Sjóðstreymi, samningsskilmálar og skilyrði færslu á milli handhafa gernings (ekki í hlutverki eiganda) og útgáfueiningar verða að vera sambærileg við jafngild viðskipti sem gætu átt sér stað á milli aðila, sem er ekki handhafi gernings, og útgáfueiningar.

Enginn annar fjármálagerningur eða samningur þar sem heildarsjóðstreymi fastsetur eða takmarkar að verulegu leyti eftirstæðan arð til handhafa gernings (liðir 16B og 16D)

AG14J Skilyrði fyrir flokkun fjármálagernings sem eigið fé, sem stenst að öðru leyti viðmiðanir í lið 16A eða lið 16C, er að einingin hafi enga aðra fjármálagerninga eða samninga sem a) hafa samanlagt sjóðstreymi sem byggist að verulegu leyti á rekstrarreikningi, breytingum á færðri, hreinni eign eða breytingum á gangvirði færðrar og ófærðrar, hreinnar eignar einingarinnar og b) takmarki verulega eða fastsetji eftirstandandi arð. Ólíklegt er að eftirfarandi gerningar, sem gerðir eru miðað við venjulega viðskiptaskilmála við ótengda aðila, hindri að gerningar, sem að öðru leyti uppfylla skilyrðin í liðum 16A eða 16C, séu flokkaðir sem eigið fé:

a) gerningar þar sem heildarsjóðstreymi byggist í meginatriðum á tilteknum eignum einingar,

b) gerningar þar sem heildarsjóðstreymi byggist á hlutfalli af tekjum,

c) samningar ætlaðir til umbunar einstökum starfsmönnum fyrir þjónustu sem þeir inna af hendi fyrir eininguna,

d) samningar sem krefjast greiðslu óverulegs hlutfalls af hagnaði af veittri þjónustu eða afgreiddum vörum.

Afleiddir fjármálagerningar

AG15 Fjármálagerningar taka til grunnskjala (s.s. viðskiptakröfur, viðskiptaskuldir og eiginfjárgerningar) og afleiddra fjármálagerninga (s.s. fjárhagslegir valréttir, framtíðarsamningar og framvirkir samningar, vaxtaskiptasamningar og gjaldmiðlaskiptasamningar). Afleiddir fjármálagerningar samræmast skilgreiningunni á fjármálagerningum og eru til samræmis við það innan gildissviðs þessa staðals.

AG16 Afleiddir fjármálagerningar skapa réttindi og skyldur sem hafa þau áhrif að ein eða fleiri af þeim fjárhagslegu áhættum, sem fylgja grunnfjármálagerningi sem liggur að baki, flytjast á milli aðilanna að gerningnum. Þegar stofnað er til afleiddra fjármálagerninga veita þeir einum aðila samningsbundinn rétt til að skiptast á fjáreignum eða fjárskuldum við annan aðila við aðstæður sem hugsanlega eru hagstæðar eða samningsbundna skyldu til að skipast á fjáreignum eða fjárskuldum við annan aðila við aðstæður sem hugsanlega eru óhagstæðar. Þeir leiða hins vegar venjulega ([17]) ekki til yfirfærslu undirliggjandi grunnfjármálagerningsins þegar stofnað er til samningsins og slík yfirfærsla á sér ekki endilega stað á gjalddaga samningsins. Sumir gerningar fela bæði í sér rétt og skyldu til að framkvæma skipti. Vegna þess að skilmálar skiptanna eru ákvarðaðir þegar stofnað er til afleidda gerningsins geta verðbreytingar á fjármálamörkuðum gert þá skilmála annaðhvort hagstæða eða óhagstæða.

([17]) Þetta á við um flestar en ekki allar afleiður, t.d. er skipst á höfuðstóli í sumum vaxtaskiptasamningum milli gjaldmiðla þegar stofnað er til hans (og skipst aftur á gjalddaga).

AG17 Sölu- eða kaupréttur um að skiptast á fjáreignum eða fjárskuldum (þ.e. fjármálagerningum öðrum en eiginfjárgerningum einingar) veitir handhafa rétt á að öðlast hugsanlegan efnahagslegan ávinning í framtíðinni sem tengist breytingum á gangvirði fjármálagerningsins sem liggur að baki samningnum. Á hinn bóginn tekur útgefandi valréttar á sig skuldbindingu um að afsala sér hugsanlegum efnahagslegum ávinningi í framtíðinni eða taka á sig hugsanlegt tap á efnahagslegum ávinningi sem tengist breytingum á gangvirði fjármálagerningsins sem liggur að baki. Samningsbundinn réttur handhafa og skylda útgefanda samræmast skilgreiningunni á fjáreign og fjárskuld, eftir því sem við á. Fjármálagerningurinn sem liggur að baki valréttarsamningi getur verið hvaða fjáreign sem er, þ.m.t. hlutir í öðrum einingum og vaxtaberandi gerningar. Þess kann að vera krafist samkvæmt valrétti að útgefandi gefi út skuldagerning fremur en að yfirfæra fjáreign, en gerningurinn að baki valréttinum myndi teljast fjáreign handhafa ef valréttarins væri neytt. Réttur handhafa valréttarins til að skipta fjáreigninni við aðstæður sem hugsanlega eru hagstæðar og skylda útgefanda til að skipta fjáreigninni við aðstæður sem hugsanlega eru óhagstæðar eru skýrt aðgreindar frá undirliggjandi fjáreign sem hafa skal skipti á ef valréttarins er neytt. Líkur á því að valréttarins verði neytt hefur ekki áhrif á eðli réttar handhafans og skyldu útgefandans.

AG18 Annað dæmi um afleiddan fjármálagerning er framvirkur samningur sem gera á upp eftir sex mánuði þar sem annar aðilinn (kaupandi) heitir að afhenda 1 000 000 GE í handbæru fé í skiptum fyrir ríkisskuldabréf á föstum vöxtum að nafnverði 1 000 000 GE og hinn aðilinn (seljandi) heitir að afhenda ríkisskuldabréf á föstum vöxtum að nafnverði 1 000 000 GE í skiptum fyrir 1 000 000 GE í handbæru fé. Á sex mánaða tímabilinu hafa báðir aðilar samningsbundinn rétt og samningsbundna skyldu til að skiptast á fjármálagerningum. Ef markaðsverð ríkisskuldabréfanna hækkar yfir 1 000 000 GE verða aðstæður hagstæðar kaupandanum og óhagstæðar seljandanum, ef markaðsverðið fellur undir 1 000 000 GE verða áhrifin öfug. Kaupandi hefur samningsbundinn rétt (fjáreign), sem er sambærilegur réttinum samkvæmt kauprétti, og ber samningsbundna skyldu (fjárskuld), sem er sambærileg skuldbindingunni samkvæmt samþykktum sölurétti, seljandi hefur samningsbundinn rétt (fjáreign), sem er sambærilegur réttinum samkvæmt kauprétti, og ber samningsbundna skyldu (fjárskuld), sem er sambærileg skuldbindingunni samkvæmt samþykktum sölurétti. Eins og þegar um er að ræða valrétt eru þessi samningsbundnu réttindi og skyldur fjáreignir og fjárskuldir sem eru aðskildar frá undirliggjandi fjármálagerningum (skuldabréfunum og handbæru fé sem skiptst verður á). Báðum aðilum að framvirkum samningi ber skylda til að uppfylla hann á umsömdum tíma en uppfylling samkvæmt valréttarsamningi á sér aðeins stað ef og þegar handhafi valréttarins kýs að neyta hans.

AG19 Margar aðrar gerðir afleiddra gerninga fela í sér rétt eða skyldu til að framkvæma skipti í framtíðinni, þ.m.t. vaxtaskipta- og gjaldmiðlaskiptasamningar, vaxtaþök, -bil og -lágmörk, lánaskuldbindingar, sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og loforð um lánveitingu. Líta má á vaxtaskiptasamning sem afbrigði af framvirkum samningi þar sem aðilarnir samþykkja að framkvæma röð skipta í framtíðinni á handbæru fé þar sem önnur fjárhæðin er reiknuð út frá fljótandi vöxtum og hin út frá föstum vöxtum. Framtíðarsamningar eru annað afbrigði af framvirkum samningum, helsti munurinn er sá að samningarnir eru staðlaðir og viðskipti fara fram á verðbréfamarkaði.

Samningar um kaup eða sölu ófjárhagslegra liða (8–10. liður)

AG20 Samningar um kaup eða sölu á ófjárhagslegum liðum samræmast ekki skilgreiningunni á fjármálagerningi vegna þess að samningsbundinn réttur annars aðilans til að taka á móti ófjárhagslegri eign eða þjónustu og samsvarandi skylda hins aðilans skapar ekki núverandi rétt eða skyldu fyrir annan hvorn aðilann til að taka á móti, afhenda eða skiptast á fjáreign. Samningar, sem t.d. kveða aðeins á um greiðslu gegn móttöku eða afhendingu ófjárhagslegs liðar (t.d. valréttar, framtíðarsamnings eða framvirks samnings í silfri), eru ekki fjármálagerningar. Margir hrávörusamningar eru af þessari gerð. Sumir eru staðlaðir að formi og viðskipti með þá fara fram á skipulögðum mörkuðum á sama hátt og suma afleidda fjármálagerninga. Til dæmis kann að vera auðvelt að kaupa og selja framtíðarhrávörusamning fyrir handbært fé vegna þess að hann er skráður til sölu á markaði og kann að skipta oft um hendur. Aðilarnir sem kaupa og selja samninginn eru hins vegar í reynd að versla með hrávöruna sem liggur til grundvallar. Getan til að kaupa eða selja hrávörusamning fyrir handbært fé, hversu auðvelt er að kaupa eða selja hann, og möguleikinn á að semja um að gera upp skylduna til að taka á móti eða afhenda hrávöruna með handbæru fé breytir ekki grundvallareðli samningsins þannig að fjármálagerningur verði til. Engu að síður eru sumir samningar um kaup eða sölu ófjárhagslegra liða, sem hægt er að gera upp á hreinum grunni eða með því að skiptast á fjármálagerningum, eða þar sem auðvelt er að breyta ófjárhagslega liðnum í handbært fé, innan gildissviðs þessa staðals eins og þeir væru fjármálagerningar (sjá 8. lið).

AG21 Samningur, sem felur í sér móttöku eða afhendingu efnislegra eigna, myndar ekki fjáreign eins aðila og fjárskuld hins aðilans nema samsvarandi greiðslu sé frestað fram yfir dagsetninguna þegar efnislegu eignirnar eru yfirfærðar, sbr. þó kröfur IFRS-staðals 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*. Þessu er svo farið með kaup eða sölu vara með greiðslufresti

AG22 Sumir samningar eru tengdir hrávöru en fela ekki í sér greiðslu með efnislegri móttöku eða afhendingu hrávörunnar. Í þeim er tilgreint að greiðsla skuli fara fram með greiðslum í handbæru fé sem eru ákvarðaðar í samræmi við reiknireglu í samningnum fremur en með greiðslu fastra fjárhæða. Höfuðstólsfjárhæð skuldabréfs kann t.d. að vera reiknuð með því að beita markaðsverði olíu, sem í gildi er á gjalddaga skuldabréfsins, á fast magn olíu. Vísitala höfuðstólsins er ákvörðuð út frá hrávöruverði en hann er eingöngu gerður upp með handbæru fé. Slíkur samningur er fjármálagerningur.

AG23 Skilgreiningin á fjármálagerningi tekur líka til samnings sem skapar ófjárhagslega eign eða ófjárhagslega skuld til viðbótar við fjáreign eða fjárskuld. Slíkir fjármálagerningar veita oft aðila valrétt um að skipta á fjáreign fyrir ófjárhagslega eign. Skuldabréf sem tengist olíu kann t.d. að veita handhafa rétt til að fá afhentar fastar reglubundnar vaxtagreiðslur og fasta fjárhæð handbærs fjár á gjalddaga með valrétti til að skipta á höfuðstólsfjárhæðinni fyrir fast magn af olíu. Hversu æskilegt er að neyta þessa valréttar er breytilegt eftir því hvert gangvirði olíu er miðað við skiptihlutfall handbærs fjár fyrir olíu (skiptiverðið) sem er innbyggt í skuldabréfið. Ásetningur handhafa skuldabréfsins varðandi það að neyta valréttarins hefur ekki áhrif á eðli einstakra hluta eigna. Fjáreign handhafans og fjárskuld útgefandans gerir skuldabréfið að fjármálagerningi óháð öðrum gerðum eigna og skulda sem einnig myndast.

AG24 [Felldur brott]

FRAMSETNING

Skuldir og eigið fé (15.–27. liður)

Engin samningsbundin skylda um að afhenda handbært fé eða aðrar fjáreignir (17.–20. liður)

AG25 Gefa má út forgangshluti með ýmsum réttindum. Við ákvörðun þess hvort forgangshlutur er fjárskuld eða eiginfjárgerningur metur útgefandi þau tilteknu réttindi sem tilheyra hlutnum til að ákvarða hvort hann hafi grundvallareinkenni fjárskuldar. Forgangshlutur felur t.d. í sér fjárskuld ef kveðið er á um innlausn tiltekinn dag eða samkvæmt valrétti handhafans vegna þess að útgefandanum ber skylda til að yfirfæra fjáreignir til handhafa hlutarins. Þótt útgefandi geti hugsanlega ekki uppfyllt skyldu til að innleysa forgangshlut þegar hann er samningsbundinn til þess, hvort sem það er vegna fjármagnsskorts, lögboðinnar takmörkunar eða ófullnægjandi hagnaðar eða varasjóða, ógildir það ekki skylduna. Valréttur útgefanda til að innleysa hlutina fyrir handbært fé uppfyllir ekki skilgreininguna á fjárskuld vegna þess að útgefandinn er ekki skuldbundinn til að yfirfæra fjáreignir til hluthafa. Í þessu tilviki er innlausn hlutanna einungis ákveðin af útgefanda. Skylda kann hins vegar að verða til þegar útgefandi hlutanna neytir réttar síns, venjulega með því að tilkynna hluthöfum formlega um ætlun sína að innleysa hlutina.

AG26 Þegar forgangshlutir eru ekki innleysanlegir er viðeigandi flokkun ákvörðuð með hliðsjón af öðrum réttindum sem fylgja þeim. Flokkunin byggir á mati á eðli fyrirkomulags samningsins og skilgreiningunum á fjárskuld og eiginfjárgerningi. Þegar greiðslur til handhafa forgangshluta, hvort sem þær eru uppsafnaðar eða ekki, lúta ákvörðun útgefandans eru hlutirnir eiginfjárgerningar. Flokkun forgangshlutar sem eiginfjárgernings eða fjárskuldar verður t.d. ekki fyrir áhrifum af:

a) fyrri útgreiðslum,

b) fyrirætlun um að inna af hendi útgreiðslur í framtíðinni,

c) hugsanlegum neikvæðum áhrifum á verð almennra hluta útgefanda ef útgreiðslur eru ekki inntar af hendi (vegna takmarkana á greiðslu arðs af almennum hlutum ef arður er ekki greiddur af forgangshlutum),

d) fjárhæð varasjóða útgefanda,

e) væntingum útgefanda um hagnað eða tap á tímabili eða

f) getu eða vanhæfi útgefanda til að hafa áhrif á fjárhæð hagnaðar eða taps á tímabilinu.

Uppgjör með eiginfjárgerningum einingar (21.–24. liður)

AG27 Eftirfarandi dæmi skýra hvernig flokka skal ólíkar gerðir samninga í eiginfjárgerningum einingar:

a) samningur sem verður gerður upp af einingunni sem móttekur eða afhendir fastan fjölda eigin hluta án þess að fá framtíðargreiðslu eða sem skiptir föstum fjölda sinna eigin hluta fyrir fasta fjárhæð handbærs fjár eða aðra fjáreign er eiginfjárgerningur (að undanskildu því sem tekið er fram í lið 22A). Þess vegna er greiðslu sem er móttekin eða greidd fyrir slíkan samning bætt beint við eða dregin beint frá eigin fé. Dæmi um þetta er útgefinn valréttur að hlutum sem veitir mótaðila rétt til að kaupa fastan fjölda hluta einingarinnar fyrir fasta fjárhæð handbærs fjár. Ef þess er hins vegar krafist í samningnum að einingin kaupi (innleysi) sína eigin hluti fyrir handbært fé eða aðra fjáreign á fastákveðnum eða ákvarðanlegum degi eða þegar þess er krafist færir einingin einnig fjárskuld fyrir núvirði innlausnarfjárhæðarinnar (að frátöldum gerningum sem hafa öll einkenni og uppfylla skilyrðin í liðum 16A og 16B, eða í liðum 16C og 16D). Dæmi um þetta er skylda einingar, samkvæmt framvirkum samningi, til að endurkaupa fastan fjölda sinna eigin hluta fyrir fasta fjárhæð handbærs fjár,

b) Skylda einingar til að kaupa sína eigin hluti fyrir handbært fé skapar fjárskuld fyrir núvirði innlausnar-fjárhæðarinnar jafnvel þó að fjöldi hluta sem einingunni ber skylda til að endurkaupa sé ekki fastur eða ef skyldan er háð því að mótaðilinn neyti réttar til innlausnar (að undanskildu því sem tekið er fram í liðum 16A og 16B eða liðum 16C og 16D). Dæmi um skyldu háða skilyrðum er útgefinn valréttur þar sem þess er krafist að einingin endurkaupi eigin hluti fyrir handbært fé ef mótaðilinn neytir valréttarins.

c) Samningur, sem verður gerður upp með handbæru fé eða annarri fjáreign, er fjáreign eða fjárskuld jafnvel þó að fjárhæð handbæra fjárins eða annarrar fjáreignar sem móttekin eða afhent verður sé byggð á breytingum á markaðsverði eigin fjár einingarinnar (að undanskildu því sem tekið er fram í liðum 16A og 16B eða liðum 16C og 16D). Dæmi um slíkt er hlutabréfavalréttur sem gerður er upp með hreinu handbæru fé.

d) Samningur sem er gerður upp með breytilegum fjölda eigin hluta einingarinnar sem að virði er jafnt og föst fjárhæð eða fjárhæð sem byggist á breytingum á breytu sem liggur til grundvallar (t.d. hrávöruverði) er fjáreign eða fjárskuld. Dæmi er útgefinn valréttur um kaup á gulli sem, ef hann er nýttur, einingin gerir upp á hreinum grunni með eigin gerningum og afhendir þann fjölda gerninga sem að virði er jafnt og valréttarsamningurinn. Slíkur samningur er fjáreign eða fjárskuld jafnvel þó að breytan sem liggur til grundvallar sé verðið á hlutum einingarinnar fremur en gull. Á sama hátt er samningur fjáreign eða fjárskuld sem gerður er upp með föstum fjölda eigin hluta einingarinnar þar sem réttindin sem fylgja þeim hlutum eru breytileg þannig að virði uppgreiðslunnar sé jafnt fastri fjárhæð eða fjárhæð sem byggist á breytingum á breytu sem liggur til grundvallar.

Skilyrtar greiðsluskuldbindingar (25. liður)

AG28 Í 25. lið er þess krafist að ef hluti skilyrtrar greiðsluskuldbindingar, þar sem greiðslu gæti verið krafist í handbæru fé eða annarri fjáreign (eða á annan hátt sem myndi leiða til þess að gerningurinn væri fjárskuld), er ekki ósvikinn hefur greiðsluskuldbindingin ekki áhrif á flokkun fjármálagernings. Því er samningur sem krefst greiðslu í handbæru fé eða breytilegum fjölda eigin hluta einingarinnar því aðeins að atburður sem er afar fátíður, ákaflega óvanalegur og mjög ólíklegt að eigi sér stað, eiginfjárgerningur. Á sama hátt kann greiðsla með föstum fjölda eigin hluta einingar að vera útilokuð með samningi við aðstæður sem einingin getur ekki haft stjórn á, en ef enginn raunverulegur möguleiki er á að þessar aðstæður myndist er rétt að flokka gerninginn sem eiginfjárgerning.

Meðferð í samstæðureikningsskilum

AG29 Í samstæðureikningsskilum setur eining fram hlut sem ekki er ráðandi – þ.e. hlutdeild annarra aðila í eigin fé og tekjum dótturfélaga sinna – í samræmi við IAS-staðal 1 og IFRS-staðal 10. Þegar fjármálagerningur er flokkaður (eða hluti hans) í samstæðureikningsskilum tekur eining tillit til allra skilmála og skilyrða sem aðilar samstæðunnar og handhafar gerningsins samþykktu við ákvörðun á því hvort samstæðunni í heild beri skylda til að afhenda handbært fé eða aðra fjáreign vegna gerningsins eða til að greiða hann á þann hátt sem leiðir til þess að hann er flokkaður sem skuld. Þegar dótturfélag í samstæðu gefur út fjármálagerning og móðurfélag eða önnur eining í samstæðu samþykkir viðbótarskilyrði beint við handhafa gerningsins (t.d. ábyrgð) getur verið að útgreiðslur eða innlausn lúti ekki ákvörðun samstæðunnar. Þó að dótturfélagið geti flokkað gerninginn á viðeigandi hátt í reikningsskilum sínum án tillits til þessara viðbótarskilmála er tekið tillit til áhrifa annarra samkomulaga milli aðila samstæðunnar og handhafa gerningsins til að tryggja að samstæðureikningsskil endurspegli samninga og viðskipti samstæðunnar í heild. Að því marki sem slík skylda eða greiðsluskuldbinding er til staðar er gerningurinn (eða sá hluti hans sem skyldan tekur til) flokkaður sem fjárskuld í samstæðureikningsskilum.

AG29A Sumar gerðir gerninga sem leggja samningsbundnar skyldur á eininguna flokkast sem eiginfjárgerningur í samræmi við liði 16A og 16B eða liði 16C og 16D. Flokkun í samræmi við þessa liði er undantekning á meginreglum sem hafa að öðru leyti verið notaðar í þessum staðli við flokkun á gerningi. Þessari undantekningu er ekki bætt við flokkun þeirra hluta sem ekki eru ráðandi í samstæðureikningsskilum. Því eru gerningar, sem eru flokkaðir sem eiginfjárgerningar annaðhvort í samræmi við liði 16A og 16B eða liði 16C og 16D, í aðgreindum eða eigin reikningsskilum, sem eru ekki ráðandi hlutur, flokkaðir sem skuldir í samstæðureikningsskilum samstæðunnar.

Samsettir fjármálagerningar (28.–32. liður)

AG30 Ákvæði 28. liðar gilda aðeins um útgefendur samsettra óafleiddra fjármálagerninga. Í 28. lið er ekki fjallað um samsetta fjármálagerninga frá sjónarhóli handhafa. Í IFRS-staðli 9 er fjallað um flokkun og mat fjáreigna sem eru samsettir fjármálagerningar frá sjónarhóli handhafa.

AG31 Algengt form samsetts fjármálagernings er skuldagerningur með innbyggðum rétti til breytingar eins og skuldabréf sem breytanlegt er í almenna hluti útgefandans og sem hefur ekki aðra innbyggða afleidda þætti. Í 28. lið er þess krafist að útgefandi slíks fjármálagernings setji fram skuldarhlutann og eiginfjárhlutann aðskilda í efnahagsreikningnum sem hér segir:

a) Skylda útgefanda til að inna af hendi fastar vaxta- og höfuðstólsgreiðslur er fjárskuld sem er til staðar svo lengi sem gerningnum er ekki breytt. Við upphaflega færslu er gangvirði skuldarhlutans núvirði framtíðarsjóðstreymis sem er ákvarðað samkvæmt samningi og afvaxtað með sömu vöxtum og beitt var af markaðnum á þeim tíma gagnvart gerningum með sambærilegt lánstraust og sem skapa sjóðstreymi sem er að verulegu leyti eins, með sömu skilmálum en án réttarins til breytingar.

b) Eiginfjárgerningurinn er innbyggður valréttur til að breyta skuld í eigið fé útgefandans. Þessi valréttur hefur virði við upphaflega færslu jafnvel þó að hann sé í tapi.

AG32 Þegar breytanlegum gerningi er breytt á gjalddaga færir einingin skuldarhlutann út og færir hann sem eigið fé. Upphaflegi eiginfjárhlutinn er áfram eigið fé (þó að megi flytja hann frá einum lið til annars innan eigin fjár). Enginn ágóði eða tap verður við breytingu á gjalddaga.

AG33 Þegar eining ógildir breytanlegan gerning fyrir gjalddaga með innlausn eða endurkaupum, þar sem upphafleg réttindi til breytinga eru óbreytt, skiptir einingin greiðslunni sem greidd er og viðskiptakostnaði við endurkaup eða innlausn á skuldar- og eiginfjárhluta gerningsins á viðskiptadegi. Aðferðin sem notuð er við skiptingu greiðslunnar sem greidd er og viðskiptakostnaðar á aðskildu hlutana samræmist þeirri sem notuð var við upphaflega skiptingu hagnaðar sem einingin fékk þegar breytanlegi gerningurinn var gefinn út í samræmi við 28.–32. lið.

AG34 Þegar skipting greiðslunnar fer fram er farið með ágóða eða tap sem af henni leiðir í samræmi við reikningsskilareglur sem gilda um tengda hlutann sem hér segir:

a) fjárhæð ágóða eða taps sem tengist skuldarhlutanum er færð í rekstrarreikning, og

b) fjárhæð greiðslu sem tengist eiginfjárhlutanum er færð í eigið fé.

AG35 Eining kann að breyta skilmálum breytanlegs gernings til að hvetja til breytingar fyrr, t.d. með því að bjóða hagstæðara skiptihlutfall eða greiða viðbótargreiðslu ef til breytingar kemur fyrir tiltekna dagsetningu. Mismunurinn, þann dag sem skilmálunum er breytt, á milli gangvirðis greiðslunnar sem handhafinn tekur á móti við breytingu gerningsins samkvæmt endurskoðuðu skilmálunum og gangvirðis greiðslunnar sem handhafinn hefði tekið á móti samkvæmt upphaflegu skilmálunum er færður sem tap í rekstrarreikning.

Eigin hlutir (33. og 34. liður)

AG36 Eigin eiginfjárgerningar einingar eru ekki færðir sem fjáreign án tillits til þess hvers vegna þeir eru endurkeyptir. Í 33. lið er gerð krafa um að eining sem endurkaupir eiginfjárgerninga sína dragi þá eiginfjárgerninga frá eigin fé (en sjá einnig lið 33A). Þegar eining heldur hins vegar sínu eigin fé fyrir hönd annarra, t.d. fjármálastofnun sem heldur sínu eigin fé fyrir hönd viðskiptamanns, er um að ræða umboð og þær eignir eru því ekki taldar með í efnahagsreikningi einingarinnar.

Vextir, arður, tap og ágóði (35.–41. liður)

AG37 Eftirfarandi dæmi skýrir beitingu 35. liðar á samsettan fjármálagerning. Gerum ráð fyrir að skylt sé að innleysa forgangshlut sem ekki á rétt á uppsöfnuðum arðgreiðslum fyrir handbært fé eftir fimm ár en greiðsla arðsins sé háð ákvörðunarrétti einingarinnar fyrir innlausnardaginn. Slíkur gerningur er samsettur fjármálagerningur þar sem skuldarhlutinn er núvirði innlausnarfjárhæðarinnar. Breyting á afvöxtuninni að því er varðar þennan hluta er færð í rekstrarreikning og flokkuð sem vaxtagjöld. Arður sem greiddur er tengist eiginfjárhlutanum og er færður í samræmi við það sem útgreiðsla hagnaðar eða taps. Sambærileg meðferð ætti við ef innlausn væri ekki skylda heldur valréttur handhafans, eða ef skylda væri að breyta hlutnum í breytilegan fjölda almennra hluta sem reiknað hefur verið að séu jafnir fastri fjárhæð eða fjárhæð byggðri á breytingum á breytu sem liggur til grundvallar (t.d. hrávöru). Ef ógreiddum arði er hins vegar bætt við innlausnarfjárhæðina er gerningurinn í heild skuld. Í slíku tilviki er arður flokkaður sem vaxtagjöld.

Samjöfnun fjáreigna og fjárskulda (42.–50. liður)

AG 38 [Felldur brott]

Viðmiðun um að eining „hafi eins og sakir standa lögvarinn rétt til að jafna saman færðum fjárhæðum“ (a-liður 42. liðar)

AG38A Réttur til jöfnunar getur verið til staðar eins og sakir standa eða hann getur verið háður framtíðaratburði (t.d. getur verið að réttur skapist einungis eða hann orðið nýtanlegur ef einhver framtíðaratburður á sér stað, t.d. vanskil, ógjaldfærni eða gjaldþrot eins mótaðilans). Jafnvel þó réttur til jöfnunar sé ekki háður framtíðaratburði, getur verið að hann sé einungis framfylgjanlegur samkvæmt lögum þegar um venjubundin viðskipti er að ræða, eða ef um vanskil, ógjaldfærni eða gjaldþrot eins eða allra mótaðila er að ræða.

AG38B Til að uppfylla viðmiðunina í a-lið 42. liðar skal eining hafa eins og sakir standa lagalega framfylgjanlegan rétt til jöfnunar. Það felur í sér að rétturinn til jöfnunar:

a) má ekki vera háður framtíðaratburði og

b) verður að vera framfylgjanlegur samkvæmt lögum í öllum eftirfarandi aðstæðum:

i. þegar um venjubundin viðskipti er að ræða,

ii. þegar um vanskil eiga sér stað og

iii. við ógjaldfærni eða gjaldþrot

einingarinnar eða allra mótaðila.

AG38C Eðli og umfang réttarins til jöfnunar, þ.m.t. öll skilyrði sem fylgja honum og hvort að hann er enn til staðar ef um vanskil, ógjaldfærni eða gjaldþrot er að ræða, getur verið breytilegt frá einni lögsögu til annarrar. Af þessum sökum, er ekki hægt að gera ráð fyrir því að rétturinn til jöfnunar sé sjálfkrafa til staðar utan venjubundinna viðskipta. Sem dæmi geta lög um gjaldþrot og ógjaldfærni í einni lögsögu bannað eða takmarkað réttinn til jöfnunar, í einhverjum tilvikum, þegar um gjaldþrot eða ógjaldfærni er að ræða.

AG38D Taka þarf tillit til laganna sem gilda um tengsl milli aðilanna (t.d. samningsákvæði, lögin sem gilda um samninginn, eða lög um vanskil, ógjaldfærni eða gjaldþrot, sem gilda um aðilana) við ákvörðunina á því hvort rétturinn til jöfnunar er framfylgjanlegur þegar um ógjaldfærni eða gjaldþrot einingarinnar og allra mótaðila er að ræða í venjubundnum viðskiptum (eins og tilgreint er í b-lið liðar AG38B).

Viðmiðun um að eining „ætlar annaðhvort að gera upp á hreinum grunni eða innleysa eignina og greiða skuldina samtímis“ (b-liður 42. liðar)

AG38E Til að uppfylla viðmiðunina í b-lið 42. liðar verður eining annaðhvort að áforma að gera upp á hreinum grunni eða innleysa eignina og greiða skuldina samtímis. Þrátt fyrir að eining kunni að hafa rétt til að gera upp getur hún ennþá innleyst eignina og greitt skuldina sitt í hvoru lagi.

AG38F Geti eining gert upp fjárhæðir á þann hátt að niðurstaðan jafngildi í reynd uppgjöri á hreinum grunni, uppfyllir einingin viðmiðunina um uppgjör á hreinum grunni í b-lið 42. liðar. Þetta gerist ef, og einungis ef, vergt uppgjörsferli felur í sér þætti sem útiloka eða verða til þess að útlána- og greiðsluhæfisáhætta verði óveruleg, eða að viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir séu meðhöndlaðar í einu uppgjörsferli eða -hring. Sem dæmi myndi vergt uppgjörsferli sem hefur öll eftirfarandi einkenni uppfylla viðmiðunina um uppgjör á hreinum grunni í b-lið 42. liðar:

a) fjáreignir og fjárskuldbindingar, sem teljast hæfar til jöfnunar, eru lagðar fram samtímis til meðhöndlunar,

b) aðilarnir eru skuldbundnir til að uppfylla uppgjörskröfuna, þegar fjáreignirnar og fjárskuldbindingarnar eru lagðar fram til meðhöndlunar,

c) það er enginn möguleiki á því að sjóðstreymi sem leiðir frá eignum og skuldum breytist þegar búið er að leggja það fram til meðhöndlunar (nema að meðhöndlunin mistakist — sjá d-lið hér að neðan),

d) eignir og skuldir sem eru tryggðar með verðbréfum eru gerðar upp með yfirfærslu verðbréfa eða sambærilegu kerfi (t.d. afhending á móti greiðslu) þannig að ef yfirfærsla verðbréfa mistekst, þá mistekst einnig meðhöndlun tengdra viðskiptakrafna eða viðskiptaskulda sem tengjast verðbréfunum (og öfugt),

e) allar færslur sem mistakast, eins og tilgreint er í d-lið koma aftur til meðhöndlunar þar til þær eru uppgerðar,

f) uppgjörið er framkvæmt af sömu uppgjörsstofnuninni (t.d. uppgjörsbanka, seðlabanka eða verðbréfamiðstöð) og

g) lánsheimildir innan dags eru til staðar sem veita fullnægjandi yfirdráttarfjárhæðir til að heimila meðferð greiðslna á greiðsludegi fyrir hvern og einn aðila og nær öruggt er að lánsheimildin innan dags verði veitt ef kallað er eftir henni.

AG39 Í staðlinum er ekki kveðið á um sérstaka meðferð fyrir svokallaða „tilbúna gerninga“ sem eru flokkar aðskildra fjármálagerninga sem keyptir eru og haldið er til að líkja eftir eiginleikum annars gernings. Til dæmis myndar langtímaskuld á breytilegum vöxtum ásamt vaxtaskiptasamningi sem felur í sér móttöku breytilegra greiðslna og að fastar greiðslur séu inntar af hendi langtímaskuld á föstum vöxtum. Sérhver hinna einstöku fjármálagerninga sem saman mynda „tilbúinn gerning“ felur í sér samningsbundinn rétt eða skyldu með sínum eigin skilmálum og skilyrðum og sérhvern þeirra má yfirfæra eða gera upp sérstaklega. Sérhver fjármálagerningur er háður áhættu sem kann að vera ólík þeirri áhættu sem aðrir fjármálagerningar eru háðir. Þegar einn fjármálagerningur í „tilbúnum gerningi“ er eign og annar er skuld er þeim því ekki jafnað saman og þeir settir fram í efnahagsreikningi einingar á hreinum grunni nema þeir samrýmist forsendum um samjöfnun í 42. lið.

AG40 [Felldur brott]

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 33 (IAS-staðall 33)

Hagnaður á hlut

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum staðli er að setja fram reglur um ákvörðun og framsetningu hagnaðar á hlut til að bæta samanburð á árangri mismunandi eininga á sama tímabili og á mismunandi reikningsskilatímabilum sömu einingar. Þó að gögn um hagnað á hlut séu háð takmörkunum vegna þess að mismunandi reikningsskilaaðferðir kunna að vera notaðar til að ákvarða „hagnað“ bætir það reikningsskil ef nefnarinn er ákvarðaður með samræmdum hætti. Í þessum staðli er megináherslan lögð er á nefnarann í útreikningum á hagnaði á hlut.

GILDISSVIÐ

2 Þessi staðall gildir um:

a) aðgreind eða eigin reikningsskil einingar:

i. með almenna hluti eða vænta almenna hluti, sem viðskipti eru með á almennum markaði (innlendum eða erlendum verðbréfa- eða tilboðsmarkaði, þ.m.t. stað- og svæðisbundnir markaðir) eða

ii. sem leggur inn eða er að leggja inn reikningsskil sín hjá verðbréfaeftirlitsstofnun eða annarri eftirlitsstofnun í þeim tilgangi að gefa út almenna hluti á almennum markaði og

b) samstæðureikningsskil samstæðu með móðurfélag:

i. með almenna hluti eða vænta almenna hluti, sem viðskipti eru með á almennum markaði (innlendum eða erlendum verðbréfa- eða tilboðsmarkaði, þ.m.t. stað- og svæðisbundnir markaðir) eða

ii. sem leggur inn eða er að leggja inn reikningsskil sín hjá verðbréfaeftirlitsstofnun eða annarri eftirlits stofnun í þeim tilgangi að gefa út almenna hluti á almennum markaði.

3 Eining, sem birtir upplýsingar um hagnað á hlut, skal reikna og birta upplýsingar um hagnað á hlut í samræmi við þennan staðal.

4 Þegar eining setur fram bæði samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil, sem eru tekin saman í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil* og IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil*, þarf, eftir því sem við á, einungis að birta þær upplýsingar, sem gerð er krafa um samkvæmt þessum staðli, á samstæðugrundvelli. Eining sem velur að birta upplýsingar um hagnað á hlut á grundvelli aðgreindra reikningsskila skal aðeins setja fram slíkar upplýsingar um hagnað á hlut í aðgreindum rekstrarreikningi. Eining skal ekki setja fram slíkar upplýsingar um hagnað á hlut í samstæðureikningsskilunum.

4A Ef eining birtir liði rekstrarreiknings í aðgreindu yfirliti, eins og lýst er í lið 10A í IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila* (með áorðnum breytingum 2011), skal hún einungis sýna hagnað á hlut í því aðgreinda yfirliti.

SKILGREININGAR

5 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

***Þykking* er aukning á hagnaði á hlut eða lækkun á tapi á hlut sem stafar af því að breytanlegum gerningum er breytt, að valréttur eða kaupheimild er nýtt eða almennir hlutir eru gefnir út vegna þess að tilgreindum skilyrðum hefur verið fullnægt.**

***Skilyrt samkomulag* um hlut er samkomulag um útgáfu hluta sem er háð því að tilteknum skilyrðum sé fullnægt.**

***Skilyrtir, útgáfuhæfir almennir hlutir* eru almennir hlutir sem eru útgáfuhæfir gegn litlu eða engu handbæru fé eða öðru endurgjaldi þegar tilgreindum skilyrðum í skilyrtu samkomulagi um hlut er fullnægt.**

***Þynning* er lækkun á hagnaði á hlut eða aukning á tapi á hlut sem stafar af því að breytanlegum gerningum er breytt, að valréttur eða kaupheimild er nýtt eða almennir hlutir eru gefnir út vegna þess að tilgreindum skilyrðum hefur verið fullnægt.**

***Valréttur, kaupheimildir og ígildi þeirra* eru fjármálagerningar sem veita handhafa rétt til að kaupa almenna hluti.**

***Almennur hlutur* er eiginfjárgerningur sem er víkjandi gagnvart öllum öðrum flokkum eiginfjárgerninga.**

***Væntur almennur hlutur* er fjármálagerningur eða annar samningur sem kann að veita handhafa hans rétt til almennra hluta.**

***Söluréttur* á almennum hlutum er samningur sem veitir handhafa rétt til að selja almenna hluti á tilgreindu verði í tiltekinn tíma.**

6 Almennir hlutir fá hlutdeild í hagnaði á tímabilinu eftir að aðrir flokkar hluta, s.s. forgangshlutir, hafa fengið sína hlutdeild. Eining getur verið með fleiri en einn flokk almennra hluta. Almennir hlutir úr sama flokki eiga sama rétt á arði.

7 Dæmi um vænta, almenna hluti eru:

a) fjárskuldir eða eiginfjárgerningar, þ.m.t. forgangshlutir, sem eru breytanlegir í almenna hluti,

b) valréttur og kaupheimildir,

c) hlutir sem væru gefnir út að fullnægðum skilyrðum sem leiðir af samningsbundnu fyrirkomulagi, s.s. um kaup á fyrirtæki eða öðrum eignum.

8 Hugtök, sem skilgreind eru í IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning*, eru notuð í þessum staðli í þeirri merkingu sem er tilgreind í 11. lið IAS-staðals 32, nema annað sé tekið fram. Í IAS-staðli 32 eru skilgreind hugtökin fjármálagerningur, fjáreign, fjárskuld og eiginfjárgerningur og veittar leiðbeiningar um notkun þessara skilgreininga. IFRS-staðall 13, *gangvirðismat*, skilgreinir gangvirði og setur fram kröfur um beitingu þeirrar skilgreiningar.

MAT

Grunnhagnaður á hlut

9 Eining skal reikna grunnhagnað á hlut af hagnaði eða tapi sem flyst til almennra hluthafa móðureiningarinnar og af hagnaði eða tapi af áframhaldandi rekstri sem flyst til þessara hluthafa ef það er sett fram.

10 Grunnhagnað á hlut skal reikna með því að deila í hagnað eða tap, sem flyst til almennra hluthafa móðureiningarinnar (teljari), með vegnum meðalfjölda virkra, almennra hluta (nefnari) á tímabilinu.

11 Tilgangurinn með upplýsingum um grunnhagnað á hlut er að fá mat á hlutdeild hvers almenns hlutar móðureiningarinnar í árangri einingarinnar á reikningsskilatímabilinu.

Hagnaður

12 Þegar reikna skal grunnhagnað á hlut skulu fjárhæðirnar sem flytjast til almennra hluthafa móðureiningarinnar að því er varðar:

a) hagnað eða tap af áframhaldandi rekstri sem flyst til móðureiningarinnar og

b) hagnað eða tap sem flyst til móðureiningarinnar,

verða fjárhæðirnar í a- og b-lið, leiðréttar vegna fjárhæða, eftir skatta, forgangsarðs, mismunar, sem myndast vegna útgreiðslu vegna forgangshluta, og annarra sambærilegra áhrifa af forgangshlutum sem flokkaðir eru sem eigið fé.

13 Allir tekju- og gjaldaliðir, sem flytjast til almennra hluthafa móðureiningarinnar og eru færðir á tímabili, þ.m.t. skattgjöld og arður af forgangshlutum sem eru flokkuð sem skuldir, eru teknir með við ákvörðun hagnaðar eða taps á tímabilinu sem flyst til hluthafa móðureiningarinnar (sjá IAS-staðal 1).

14 Fjárhæð forgangsarðs eftir skatta, sem er dregin frá hagnaði eða tapi, er:

a) fjárhæð alls forgangsarðs af forgangshlutum með óuppsafnanlegan arðgreiðslurétt eftir skatta, sem er heimiluð á tímabilinu, og

b) heildarfjárhæð ógreidds forgangsarðs af forgangshlutum með uppsafnanlegan arðgreiðslurétt eftir skatta á tímabilinu, hvort sem hefur verið formlega tilkynnt um arðgreiðslur eða ekki. Í fjárhæð forgangsarðs á tímabilinu er ekki innifalin fjárhæð neins forgangsarðs af uppsöfnuðum forgangshlutum með uppsafnaðan arðgreiðslurétt sem greidd er eða hefur verið formlega tilkynnt um á yfirstandandi tímabili vegna fyrri tímabila.

15 Forgangshlutir, sem gefa lítinn arð í upphafi til að bæta einingu upp sölu á forgangshlutunum á undirverði eða eru með arðgreiðslu sem eru yfir markaðsaðstæðum á síðari tímabilum til að bæta fjárfestum kaup á forgangshlutum á yfirverði, eru stundum kallaðir forgangshlutir með arðsaukningu. Allur upphaflegur útgáfuafsláttur eða forgangshlutir með arðsaukningu er afskrifað á móti óráðstöfuðu eigin fé með aðferð virkra vaxta og meðhöndlað eins og forgangsarður í því skyni að reikna hagnað á hlut.

16 Forgangshluti má endurkaupa samkvæmt tilboði einingarinnar til hluthafa. Það sem er umfram gangvirði endurgjaldsins, sem forgangshluthöfum er greitt umfram bókfært verð forgangshlutanna, er ávöxtun hluthafanna af forgangshluta-bréfunum og gjaldfært á óráðstafað eigið fé einingarinnar. Þessi fjárhæð er dregin frá þegar reiknaður er hagnaður eða tap sem flyst til almennra hluthafa móðureiningarinnar.

17 Eining getur kallað fyrr fram breytingar á breytanlegum forgangshlutum með því að gera hagstæðar breytingar á upphaflegum breytingakjörum eða með því að greiða viðbótarendurgjald. Það sem er umfram gangvirði almennu hlutanna eða annað endurgjald, sem er greitt umfram gangvirði almennu hlutanna sem eru útgefanlegir samkvæmt upphaflegu breytingakjörunum, er ávöxtun forgangshluthafanna og er dregin frá þegar reiknaður er hagnaður eða tap sem flyst til hluthafa almennra hluta í móðurfélaginu.

18 Það sem bókfært verð forgangshlutanna er umfram gangvirði endurgjaldsins við uppgreiðslu þeirra er bætt við þegar reiknaður er hagnaður eða tap sem flyst til almennra hluthafa í móðurfélaginu.

Hlutir

19 Þegar reikna skal grunnhagnað á hlut skal fjöldi almennra hluta vera veginn meðalfjöldi virkra, almennra hluta á tímabilinu.

20 Með því að nota veginn meðalfjölda virkra, almennra hluta á tímabilinu er dreginn fram sá möguleiki að fjárhæð höfuðstóls hluthafa hafi verið breytileg á tímabilinu vegna þess að virkum hlutum hefur fjölgað eða fækkað á tímabilinu. Veginn meðalfjöldi virkra, almennra hluta á tímabilinu er fjöldi virkra, almennra hluta í upphafi tímabilsins, leiðréttur miðað við fjölda almennra hluta, sem er keyptur aftur eða gefinn út á tímabilinu, og margfaldaður með vegnum tímastuðli. Vegni tímastuðullinn er fjöldi daga, sem hlutirnir eru virkir, sem hlutfall af heildardagafjölda á tímabilinu en í mörgum tilvikum er hæfileg nálgun á vegnu meðaltali fullnægjandi.

21 Hlutir eru yfirleitt innifaldir í vegnum meðalfjölda hluta frá þeim degi sem endurgjaldið kemur til greiðslu (sem er yfirleitt útgáfudagur þeirra), t.d. eru:

a) almennir hlutir, sem eru gefnir út í skiptum fyrir reiðufé, taldir með þegar reiðuféð kemur til greiðslu,

b) almennir hlutir, sem eru gefnir út vegna frjálsrar endurfjárfestingar arðs í almennum hlutum eða forgangshlutum, taldir með þegar arður er endurfjárfestur,

c) almennir hlutir, sem eru gefnir út eftir að skuldagerningi hefur verið breytt í almenna hluti, taldir með frá þeim degi sem vextir falla ekki lengur á skuldina,

d) almennir hlutir, sem eru gefnir út í stað vaxta eða höfuðstóls annarra fjármálagerninga, taldir með frá þeim degi sem vextir falla ekki lengur á þá,

e) almennir hlutir, sem eru gefnir út til greiðslu á skuld einingarinnar, taldir með frá uppgjörsdegi,

f) almennir hlutir, sem eru gefnir út sem endurgjald vegna yfirtöku á eign annarri en handbæru fé, eru taldir með frá og með deginum sem kaupin eru færð og

g) almennir hlutir, sem eru gefnir út fyrir veitta þjónustu við eininguna, taldir með eftir því sem þjónustan er veitt.

Tímasetningin, sem miðað er við að almennu hlutirnir séu taldir með, af sérstökum skilmálum og skilyrðum sem tengjast útgáfu þeirra. Taka skal tilhlýðilegt tillit til efnis allra samninga sem tengjast útgáfunni.

22 Almennir hlutir, sem eru gefnir út sem hluti af yfirfærðu endurgjaldi vegna sameiningar fyrirtækja eru taldir með í vegnum meðalfjölda hluta frá yfirtökudegi. Þetta stafar af því að yfirtökuaðili fellir hagnað og tap yfirtekna aðilans inn í yfirlit um heildarafkomu frá þeim degi.

23 Almennir hlutir, sem verða gefnir út við breytingu á breytanlegum gerningi sem skylt er að breyta, eru teknir með í útreikningi á grunnhagnaði á hlut frá þeim degi sem samningurinn er gerður.

24 Farið er með skilyrta, útgáfuhæfa hluti sem virka og eru þeir ekki teknir með í útreikningi á grunnhagnaði á hlut fyrr en frá þeim degi sem öll nauðsynleg skilyrði hafa verið uppfyllt (þ.e. þegar atburðir hafa átt sér stað). Hlutir, sem einungis eru útgáfuhæfir að einhverjum tíma liðnum, eru ekki skilyrtir, útgáfuhæfir hlutir vegna þess að vissa er fyrir því að tíminn líði. Ekki er farið með virka, almenna hluti, sem unnt er að skila með tilteknum skilyrðum (þ.e. ástæða til innköllunar), sem virka og eru þeir ekki teknir með í útreikningi á grunnhagnaði á hlut fyrr en daginn sem hlutirnir eru ekki lengur háðir innköllun.

25 [Felldur brott]

26 Veginn meðalfjöldi virkra, almennra hluta á tímabilinu og á öllum tímabilum sem gerð er grein fyrir, skal leiðréttur vegna atburða sem hafa breytt fjölda virkra, almennra hluta, að undanskilinni breytingu á væntum, almennum hlutum, án þess að samsvarandi breyting hafi orðið á fjármagni.

27 Gefa má út almenna hluti eða fækka virkum, almennum hlutum án þess að samsvarandi breyting verði á fjármagni. Dæmi:

a) útgáfu hluta eða jöfnunarhluta (stundum nefnd arður í formi hluta),

b) þátt jöfnunarhluta í einhverri annarri útgáfu, t.d. þátt jöfnunarhluta í útgáfu hluta með forkaupsrétti til núverandi hluthafa,

c) hluti, sem er skipt í smærri hluti, og

d) hluti, sem eru sameinaðir í stærri hluti (sameining hluta).

28 Þegar um er að ræða útgáfu hluta eða jöfnunarhluta eða þegar hlutum er skipt í smærri hluti eru almennir hlutir gefnir út til núverandi hluthafa án nokkurrar viðbótargreiðslu. Fjöldi virkra, almennra hluta er því aukinn án þess að eigið fé aukist. Fjöldi virkra, almennra hluta fyrir atburðinn er leiðréttur vegna hlutfallslegrar breytingar á fjölda virkra, almennra hluta eins og atburðurinn hefði gerst í upphafi fyrsta tímabilsins þegar reikningsskilin eru sett fram. Þegar útgáfa jöfnunarhluta er t.d. þannig að tveir komi fyrir hvern einn er fjöldi virkra, almennra hluta fyrir útgáfuna margfaldaður með stuðlinum þremur til að fá nýjan heildarfjölda almennra hluta eða með stuðlinum tveimur til að fá fjölda almennu hlutanna sem bætast við.

29 Við sameiningu almennra hluta fækkar yfirleitt virkum, almennum hlutum án þess að samsvarandi breyting verði á eigin fé. Þegar á hinn bóginn heildaráhrifin eru endurkaup hluta á gangvirði stafar fækkun virkra, almennra hluta af samsvarandi lækkunar á eigin fé. Dæmi er sameining hluta ásamt sérstökum arði. Veginn meðalfjöldi virkra, almennra hluta á tímabilinu þegar sameinuðu viðskiptin fara fram er leiðréttur með tilliti til fækkunar almennra hluta frá þeim degi þegar sérstaki arðurinn er færður.

Þynntur hagnaður á hlut

30 Eining skal reikna þynntan hagnað á hlut af hagnaði eða tapi sem flyst til almennra hluthafa móðureiningarinnar og af hagnaði eða tapi, ef það er sett fram, af áframhaldandi rekstri sem flyst til þessara hluthafa.

31 Við útreikning á þynntum hagnaði á hlut skal eining leiðrétta hagnað eða tap sem flyst til almennra hluthafa móðureiningarinnar og veginn meðalfjölda virkra hluta vegna áhrifa af öllum væntum, almennum hlutum sem verða fyrir þynningaráhrifum.

32 Markmiðið með þynntum hagnaði á hlut er í samræmi við grunnhagnað á hlut — að leggja mat á hlutdeild hvers almenns hlutar í rekstrarárangri einingar — og jafnframt taka tillit til allra væntra, almennra hluta sem verða fyrir þynningaráhrifum og eru virkir á tímabilinu. Af þeim sökum er:

a) hagnaður eða tap á tímabilinu, sem flyst til almennra hluthafa móðureiningarinnar, hækkað um þá fjárhæð arðs og vaxta eftir skatta sem færð er á tímabilinu vegna væntra, almennra hluta, sem verða fyrir þynningaráhrifum, og leiðrétt vegna allra annarra breytinga á tekjum eða gjöldum sem gætu stafað af umbreytingu á væntu, almennu hlutunum, sem verða fyrir þynningaráhrifum, og

b) veginn meðalfjöldi virkra, almennra hluta aukinn um veginn meðalfjölda almennra hluta sem bætast við og hefðu verið virkir ef gert væri ráð fyrir breytingu allra væntra, almennra hluta sem verða fyrir þynningaráhrifum.

Hagnaður

33 Við útreikning á þynntum hagnaði á hlut skal eining leiðrétta hagnað eða tap sem flyst til almennra hluthafa móðureiningarinnar, eins og það er reiknað í samræmi við 12. lið, miðað við áhrif eftir skatta af:

a) öllum arði eða öðrum liðum í tengslum við væntа, almenna hluti sem verða fyrir þynningaráhrifum, sem hafa verið dregnir frá við útreikning á hagnaði eða tapi sem flyst til almennra hluthafa móðureiningarinnar, eins og það er reiknað í samræmi við 12. lið,

b) öllum vöxtum, sem færðir eru á tímabilinu í tengslum við vænta, almenna hluti, sem verða fyrir þynningaráhrifum, og

c) öllum öðrum breytingum á tekjum eða gjöldum sem stafa af umbreytingu á væntum, almennum hlutum sem verða fyrir þynningaráhrifum.

34 Þegar væntum, almennum hlutum hefur verið breytt í almenna hluti myndast liðirnir, sem tilgreindir eru í a- til c-lið 33. liðar, ekki lengur. Þess í stað veita nýju, almennu hlutirnir réttindi til hlutdeildar í hagnaði eða tapi sem flyst til almennra hluthafa móðureiningarinnar. Þess vegna er hagnaður eða tap, sem flyst til almennra hluthafa móðureiningarinnar, reiknað í samræmi við 12. lið, leiðrétt með tilliti til liðanna sem tilgreindir eru í a- til c-lið 33. liðar og viðeigandi skatta. Meðal útgjalda vegna væntra, almennra hluta eru kostnaður og afsláttur vegna viðskipta sem færð eru í samræmi við aðferð virkra vaxta (sjá IFRS-staðal 9).

35 Umbreyting væntra, almennra hluta getur síðar leitt til breytinga á tekjum og gjöldum. Lækkun vaxtagjalda af væntum, almennum hlutum og aukinn hagnaður eða minna tap á tímabilinu, sem af henni stafar, getur t.d. leitt til hækkunar á gjöldum vegna almenns hagnaðarhlutdeildarkerfis starfsmanna. Við útreikning á þynntum hagnaði á hlut er hagnaður eða tap á tímabilinu, sem flyst til almennra hluthafa móðureiningarinnar, leiðréttur með tilliti til allra slíkra breytinga á tekjum eða gjöldum sem verða í kjölfarið.

Hlutir

36 Við útreikning á þynntum hagnaði á hlut skal fjöldi almennra hluta vera veginn meðalfjöldi almennra hluta, sem reiknaður er í samræmi við 19. og 26. lið, að viðbættum vegnum meðalfjölda almennra hluta sem yrði gefinn út við breytingu á öllum væntum, almennum hlutum, sem verða fyrir þynningaráhrifum, yfir í almenna hluti. Telja skal að væntum, almennum hlutum hafi verið breytt yfir í almenna hluti í upphafi tímabilsins eða á útgáfudegi væntu, almennu hlutanna, sem verða fyrir þynningaráhrifum, ef það er síðar.

37 Væntir, almennir hlutir, sem verða fyrir þynningaráhrifum, skulu ákvarðaðir sérstaklega fyrir hvert tímabil sem sett er fram. Fjöldi væntra, almennra hluta, sem verða fyrir þynningaráhrifum og talinn er með í því sem af er árinu, er ekki veginn meðalfjöldi væntra, almennra hluta, sem varð fyrir þynningaráhrifum og er talinn með í árshlutaútreikningum.

38 Væntir, almennir hlutir eru vegnir fyrir tímabilið þegar þeir eru virkir. Væntir, almennir hlutir, sem eru afturkallaðir eða leyft að falla úr gildi á tímabilinu, eru aðeins teknir með í útreikningum á þynntum hagnaði á hlut þann hluta af tímabilinu sem þeir voru virkir. Væntir, almennir hlutir, sem er breytt í almenna hluti á tímabilinu, eru taldir með í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut frá upphafi tímabilsins til breytingardagsins; frá breytingardeginum eru almennir hlutir, sem verða til við þetta, taldir með bæði í grunnhagnaði á hlut og þynntum hagnaði á hlut.

39 Fjöldi almennra hluta, sem yrði gefinn út við breytingu á væntum, almennum hlutum, sem verða fyrir þynningaráhrifum, ákvarðast af skilmálum væntu, almennu hlutanna. Þegar fleiri en einn grundvöllur er fyrir breytingu er í útreikningunum gengið út frá hagstæðasta skiptihlutfallinu eða nýtingarverðinu frá sjónarmiði handhafa væntu, almennu hlutanna.

40 Dótturfélag, samrekstur eða hlutdeildarfélag getur gefið út til annarra aðila en móðurfélags eða fjárfesta með sameiginleg yfirráð, eða veruleg áhrif yfir væntum almennum hlut í félaginu sem fjárfest er í og er breytanlegur í almennan hlut í dótturfélaginu, samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu eða í almennan hlut í móðurfélaginu eða fjárfestinum með sameiginleg yfirráð eða veruleg áhrif (einingunni sem reikningsskilin taka til) yfir félaginu sem fjárfest er í. Ef þessir væntu, almennu hlutir dótturfélagsins, samrekstrarins eða hlutdeildarfélagsins hafa þynnandi áhrif á grunnhagnað á hlut í einingunni sem reikningsskilin taka til, eru þeir teknir með í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut.

Væntir, almennir hlutir sem verða fyrir þynningaráhrifum

41 Fara skal með vænta, almenna hluti sem þynnandi þá og því aðeins að breyting þeirra í almenna hluti verði til þess að draga úr hagnaði á hlut eða auka tap á hlut á áframhaldandi starfsemi.

42 Eining notar hagnað eða tap af áframhaldandi starfsemi, sem flyst til móðureiningarinnar, sem samanburðartölu til að ákvarða hvort væntir, almennir hlutir eru þynnandi eða þykkjandi. Hagnaður eða tap af áframhaldandi starfsemi, sem flyst til móðureiningarinnar, er leiðrétt í samræmi við 12. lið og liðir, sem tengjast starfsemi sem lögð hefur verið af, eru ekki teknir með.

43 Væntir, almennir hlutir eru þykkjandi ef breyting þeirra yfir í almenna hluti yrði til þess að auka hagnað á hlut af áframhaldandi, reglulegri starfsemi eða draga úr tapi á hlut af áframhaldandi, reglulegri starfsemi. Við útreikning á þynntum hagnaði á hlut er ekki gengið út frá breytingu, nýtingu eða annarri útgáfu á væntum, almennum hlutum sem hefðu þykkjandi áhrif á hagnað á hlut.

44 Við ákvörðun á því hvort væntir, almennir hlutir séu þynnandi eða þykkjandi er hver útgáfa eða flokkur væntra, almennra hluta athugaður sérstaklega fremur en í heild. Röðin, sem væntir, almennir hlutir eru athugaðir í, getur haft áhrif á það hvort þeir eru þynnandi. Hver útgáfa eða flokkur væntra, almennra hluta er því athuguð í röð frá þeim sem eru mest þynnandi til þeirra sem eru minnst þynnandi til að þynning á grunnhagnaði á hlut verði sem mest, þ.e. væntir, almennir hlutir með þynnandi áhrif, sem eru með minnstan „hagnað á viðbótarhlut“, eru tekin með í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut á undan þeim sem eru með meiri hagnað á viðbótarhlut. Valréttur og kaupheimildir eru yfirleitt teknar með fyrst vegna þess að þær hafa ekki áhrif á teljarann í útreikningnum.

Valréttur, kaupheimildir og ígildi þeirra

45 Við útreikning á þynntum hagnaði á hlut skal eining gera ráð fyrir nýtingu á þynnandi valrétti og kaupheimild einingarinnar. Telja skal áætlað andvirði þessara gerninga hafa verið vegna útgáfu á almennum hlutum á meðalmarkaðsverði almennra hluta á tímabilinu. Fara skal með mismun á fjölda útgefinna, almennra hluta og fjölda almennra hluta, sem hefðu verið gefnir út á meðalmarkaðsverði almennra hluta á tímabilinu, eins og útgáfu á almennum hlutum án endurgjalds.

46 Valréttur og kaupheimildir eru þynnandi ef þær leiða til útgáfu almennra hluta á lægra verði en almennu markaðsverði almennra hluta á tímabilinu. Fjárhæð þynningarinnar er meðalmarkaðsvirði almennra hluta á tímabilinu að frádregnu útgáfuverðinu. Í þeim tilgangi að reikna þynntan hagnað á hlut er því farið með vænta, almenna hluti eins og í þeim felist hvort tveggja af eftirfarandi:

a) samningur um að gefa út tiltekinn fjölda almennra hluta á meðalmarkaðsverði tímabilsins. Slíkir almennir hlutir teljast vera á sanngjörnu verði og hvorki þynnandi né þykkjandi. Ekki er tekið tillit til þeirra við útreikning á þynntum hagnaði á hlut,

b) samningur um að gefa út eftirstandandi almenna hluti án endurgjalds. Þessir almennu hlutir mynda ekkert söluverð og hafa engin áhrif á hagnað eða tap sem flyst á virka, almenna hluti. Þess vegna eru þessir hlutir þynnandi og þeim er bætt við fjölda virkra, almennra hluta við útreikning á þynntum hagnaði á hlut.

47 Valréttur og kaupheimildir hafa því aðeins þynnandi áhrif að meðalmarkaðsverð almennra hluta á tímabilinu sé hærra en nýtingarverð valréttarins eða kaupheimildanna (þ.e. í gróða (e. *in the money*)). Hagnaður á hlut, sem áður hefur verið greint frá, er ekki leiðréttur afturvirkt til að endurspegla breytingar á verði almennra hluta.

47A Að því er varðar eignarhlutavalrétt og annað eignarhlutatengt greiðslufyrirkomulag, þar sem IFRS-staðli 2, *eignarhluta-tengd greiðsla*, er beitt, skal útgáfuverðið, sem um getur í 46. lið, og innlausnarverðið, sem um getur í 47. lið, ná yfir gangvirði (metið í samræmi við IFRS-staðal 2) allra vara eða þjónustu sem skal veita einingunni í framtíðinni samkvæmt eignarhlutavalréttinum eða öðru eignarhlutatengdu greiðslufyrirkomulagi.

48 Farið er með eignarhlutavalrétt starfsmanna með föstum eða ákvarðanlegum skilmálum og skilyrta, almenna hluti eins og valrétt við útreikning á þynntum hagnaði á hlut, þrátt fyrir að þeir geti verið skilyrtir. Farið er með þá eins og þeir séu virkir á úthlutunardegi. Farið er með árangurstengdan eignarhlutavalrétt starfsmanna sem skilyrta útgáfuhæfa hluti vegna þess að útgáfa þeirra er háð því að uppfyllt séu tiltekin skilyrði í viðbót við framrás tímans.

Breytanlegir gerningar

49 Þynnandi áhrif breytanlegra gerninga skulu endurspeglast í þynntum hagnaði á hlut í samræmi við 33. og 36. lið.

50 Breytanlegir forgangshlutir eru alltaf þykkjandi þegar fjárhæð arðs, heimiluð eða uppsöfnuð á yfirstandandi tímabili af venjulegum hlut, sem fæst við breytingu á þeim, er hærri en grunnhagnaður á hlut. Sambærilegt er með breytilegan skuldagerning sem er alltaf þykkjandi þegar vextir af honum (eftir skatt og aðrar breytingar á tekjum eða gjöldum) á almennan hlut, sem fást við breytingu á honum, eru hærri en grunnhagnaður á hlut.

51 Innlausn eða framkölluð breyting á breytanlegum forgangshlutum kann að hafa áhrif á einungis hluta af áður virkum breytanlegum forgangshlutum. Í slíkum tilvikum er umframendurgjald, sem um getur í 17. lið, flutt á þá hluti sem eru innleystir eða er breytt í þeim tilgangi að ákvarða hvort þeir virkir hlutir, sem eftir eru, séu þynnandi. Þeir hlutir, sem eru endurleystir eða breytt, eru aðgreindir frá þeim sem eru ekki innleystir eða er ekki breytt.

Skilyrtir, útgáfuhæfir hlutir

52 Eins og í útreikningi á grunnhagnaði á hlut er farið með skilyrta, útgáfuhæfa almenna hluti sem virka og eru þeir teknir með í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut ef skilyrðin hafa verið uppfyllt (þ.e. atburðirnir hafa gerst). Skilyrtir, útgáfuhæfir hlutir eru taldir með frá upphafi tímabilsins (eða frá dagsetningu skilyrts samkomulags um hlutinn, ef hún er síðar). Ef skilyrðunum er ekki fullnægt er fjöldi skilyrtra, útgáfuhæfra hluta, sem er byggður á fjölda hluta, sem yrðu útgáfuhæfir ef lok tímabilsins væru þau sömu og lok skilyrðistímabilsins, innifalinn í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut. Endurgerð er ekki heimil ef skilyrðunum hefur ekki verið fullnægt þegar skilyrðistímabilinu lýkur.

53 Ef öflun eða viðhald tiltekins hagnaðar á tímabili er skilyrðið fyrir skilyrtri útgáfu og ef þeirri fjárhæð hefur verið náð í lok reikningsskilatímabilsins en viðhalda verður henni fram yfir lok reikningsskilatímabilsins í eitt tímabil í viðbót er farið með almenna hluti, sem bætast við, eins og þeir séu virkir ef áhrifin eru þynnandi þegar reiknaður er þynntur hagnaður á hlut. Í því tilviki er útreikningur þynnts hagnaðar á hlut byggður á fjölda almennra hluta sem væru gefnir út ef hagnaður á hlut í lok reikningsskilatímabilsins næmi sömu fjárhæð og hagnaður á hlut í lok skilyrðistímabilsins. Hagnaður á hlut getur breyst á síðari tímabilum og þess vegna eru skilyrtir, útgáfuhæfir almennir hlutir ekki teknir með í útreikningi á grunnhagnaði á hlut fyrr en í lok skilyrðistímabilsins þar sem öll nauðsynleg skilyrði hafa ekki verið uppfyllt.

54 Fjöldi skilyrtra, útgáfuhæfra almennra hluta getur farið eftir markaðsverði almennu hlutanna í framtíðinni. Í því tilviki, ef áhrifin eru þynnandi, er útreikningur þynnts hagnaðar á hlut byggður á fjölda almennra hluta sem yrðu gefnir út ef markaðsverðið í lok reikningsskilatímabilsins væri það sama og markaðsverðið í lok skilyrðistímabilsins. Ef skilyrðið byggist á meðalmarkaðsverði tímabils, sem nær fram yfir lok reikningsskilatímabilsins, er notað meðaltal þess tíma sem liðinn er. Markaðsverð getur breyst á tímabili í framtíðinni og þess vegna eru slíkir skilyrtir, útgáfuhæfir almennir hlutir ekki teknir með í útreikningi á grunnhagnaði á hlut fyrr en í lok skilyrðistímabilsins vegna þess að öll nauðsynleg skilyrði hafa ekki verið uppfyllt.

55 Fjöldi skilyrtra, útgáfuhæfra almennra hluta getur farið eftir hagnaði á hlut af almennu hlutunum og verði þeirra í framtíðinni. Í slíkum tilvikum miðast fjöldi almennra hluta, sem tekinn er með í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut, við bæði skilyrðin (þ.e. hagnað fram til þessarar dagsetningar og gildandi markaðsverð í lok reikningsskilatímabilsins). Skilyrtir, útgáfuhæfir almennir hlutir eru ekki innifaldir í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut nema báðum skilyrðum sé fullnægt.

56 Í öðrum tilvikum er fjöldi skilyrtra, útgáfuhæfra almennra hluta háður öðru skilyrði en hagnaði eða markaðsverði (t.d. opnun á tilteknum fjölda smásöluverslana). Í slíkum tilvikum eru skilyrtir, útgáfuhæfir almennir hlutir teknir með í útreikning á þynntum hagnaði á hlut í samræmi við stöðuna í lok reikningsskilatímabilsins, að því gefnu að núverandi staða skilyrðisins verði óbreytt til loka skilyrðistímabilsins.

57 Skilyrtir, útgáfuhæfir almennir hlutir (aðrir en þeir sem falla undir skilyrt samkomulag um hlut, eins og breytanlegir gerningar með skilyrtri útgáfu) eru teknir með í útreikning á þynntum útreikningi á hagnaði á hlut með eftirfarandi hætti:

a) eining ákvarðar hvort ætla megi að væntu, almennu hlutirnir séu útgefanlegir á grundvelli skilyrðanna sem tilgreind eru fyrir útgáfu þeirra í samræmi við ákvæðin um almenna hluti með skilyrta útgáfu í 52.–56. lið og

b) eigi þessir væntu, almennu hlutir að koma fram í þynntum hagnaði á hlut ákvarðar eining áhrif þeirra á útreikning á þynntum hagnaði á hlut með því að fylgja ákvæðum um valrétt og kaupheimildir í 45.–48. lið, ákvæðum um breytanlega gerninga í 49.–51. lið, ákvæðum um samninga sem má gera upp í almennum hlutum eða handbæru fé í 58.–61. lið eða öðrum ákvæðum, eins og við á.

Nýting eða breyting fer þó ekki fram í þeim tilgangi að reikna þynntan hagnað á hlut nema nýting eða breyting svipaðra væntra, almennra hluta sem eru virkir og ekki eru skilyrtir og útgáfuhæfir fari fram.

Samningar sem unnt er að greiða í almennum hlutum eða handbæru fé

58 Þegar eining hefur gefið út samning, sem má gera upp í almennum hlutum eða handbæru fé að vali einingarinnar**, skal einingin reikna með að samningurinn verði gerður upp í almennum hlutum og væntir, almennir hlutir, sem af því leiða, skulu innifaldir í þynntum hagnaði á hlut ef áhrifin eru þynnandi.**

59 Þegar slíkur samningur er settur fram í reikningsskilunum sem eign eða skuld eða felur í sér eiginfjárþátt og skuldarþátt, skal einingin leiðrétta teljarann vegna breytinga á hagnaði eða tapi sem hefði orðið á tímabilinu ef samningurinn hefði að öllu leyti verið flokkaður sem eiginfjárgerningur. Sú leiðrétting er sambærileg við leiðréttingarnar sem krafist er í 33. lið.

60 Fyrir samninga, sem að vali handhafa **má gera upp í almennum hlutum eða handbæru fé, skal nota handbært fé eða hluti eftir því hvort er meira þynnandi við útreikning á þynntum hagnaði á hlut.**

61 Dæmi um samning, sem má gera upp í almennum hlutum eða handbæru fé, er skuldargerningur sem á gjalddaga veitir einingunni ótakmarkaðan rétt til að gera upp höfuðstól hennar í handbæru fé eða í eigin, almennum hlutum. Annað dæmi er útgefinn söluréttur sem veitir handhafa val um að gera upp í almennum hlutum eða handbæru fé.

Keyptir valréttir

62 Samningar eins og keyptur söluréttur og keyptur kaupréttur (þ.e. valréttur sem einingin á í eigin, almennum hlutum) eru ekki teknir með í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut vegna þess að það hefði þykkjandi áhrif. Sölurétturinn væri því aðeins nýttur að nýtingarverðið væri hærra en markaðsverðið og kauprétturinn væri því aðeins nýttur að nýtingarverðið væri lægra en markaðsverðið.

Útgefinn söluréttur

63 Samningar þar sem krafa er gerð um að eining kaupi aftur eigin hluti, s.s. útgefinn sölurétt og framvirkan kauprétt, koma fram í útreikningum á þynntum hagnaði á hlut ef áhrifin eru þynnandi. Ef þessir samningar eru „í gróða“ á tímabilinu (þ.e. **nýting eða uppgreiðsluverð er yfir meðalmarkaðsverði þess tímabils) skal reikna vænt, þynnandi áhrif á hagnað á hlut með eftirfarandi hætti:**

a) gert skal ráð fyrir að í upphafi tímabilsins hafi nægilegt magn almennra hluta verið gefið út (á meðalmarkaðsverði almennra hluta á tímabilinu) til að standa við samninginn.

b) gert skal ráð fyrir að andvirði útgáfunnar sé notað til að standa við samninginn (þ.e. kaupa aftur almenna hluti), og

c) viðbót við almenna hluti (mismunurinn á fjölda almennra hluta, sem gert er ráð fyrir að hafi verið gefinn út, og fjölda almennra hluta sem fæst við að standa við samninginn) skal tekin með í útreikninginn á þynntum hagnaði á hlut.

AFTURVIRKAR LEIÐRÉTTINGAR

64 Ef fjöldi virkra, almennra hluta eða væntra, almennra hluta eykst í kjölfar útgáfu hluta, jöfnunarhluta eða við það að hlutum er skipt í smærri hluti eða hann minnkar við það að virkum hlutum er fækkað skal leiðrétta afturvirkt útreikning á grunnhagnaði á hlut og þynntum hagnaði á hlut fyrir öll tímabil sem eru birt. Ef þessar breytingar verða eftir reikningsskilatímabilið en áður en birting reikningsskilanna er heimiluð skulu útreikningar á hlut í þeim reikningsskilum og reikningsskilum fyrir öll fyrri tímabil byggjast á nýja hlutafjöldanum. Greina skal frá því að útreikningar á hlut endurspegli slíkar breytingar á fjölda hlutabréfa. Auk þess skal leiðrétta grunnhagnað og þynntan hagnað allra birtra tímabila með tilliti til áhrifa skekkna og leiðréttinga sem verða vegna breytinga á reikningsskilaaðferðum sem færðar eru afturvirkt.

65 Eining endurákvarðar ekki þynntan hagnað á hlut fyrra tímabils sem settur er fram vegna breytinga á forsendunum, sem byggt er á við útreikninga á hagnaði á hlut, eða vegna breytingar á væntum, almennum hlutum í almenna hluti.

FRAMSETNING

66 Eining skal setja fram á yfirliti um heildarafkomu grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut vegna hagnaðar eða taps af áframhaldandi starfsemi sem flyst til almennra hluthafa móðureiningarinnar og vegna hagnaðar eða taps sem flyst til almennra hluthafa móðureiningarinnar fyrir tímabilið í hverjum flokki almennra hluta sem eiga mismunandi rétt á hlut í hagnaði á tímabilinu. Eining skal sýna grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut jafn áberandi fyrir öll birt tímabil.

67 Hagnaður á hlut er settur fram fyrir hvert tímabil sem yfirlit um heildarafkomu er sett fram. Ef greint er frá þynntum hagnaði á hlut fyrir a.m.k. eitt tímabil skal greina frá honum fyrir öll tímabilin sem eru sett fram, jafnvel þótt hann sé jafn grunnhagnaði á hlut. Ef grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut er sama fjárhæð er unnt að ná fram tvöfaldri framsetningu í einni línu á yfirlitinu um heildarafkomu.

67A Ef eining birtir liði rekstrarreiknings í aðgreindu yfirliti, eins og lýst er í lið 10A í IAS-staðli 1 (með áorðnum breytingum 2011), sýnir hún grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut, eins og gerð er krafa um í 66. og 67. lið, í því aðgreinda yfirliti.

68 Eining, sem greinir frá því að starfsemi hafi verið lögð af, skal veita upplýsingar um grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut vegna starfseminnar sem lögð var af annaðhvort á yfirliti um heildarafkomu eða í skýringum.

68A Ef eining birtir liði rekstrarreiknings í aðgreindu yfirliti, eins og lýst er í lið 10A í IAS-staðli 1 (með áorðnum breytingum 2011), sýnir hún grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut fyrir aflagða starfsemi, eins og krafist er í 68. lið, í því aðgreinda yfirliti eða í skýringum.

69 Eining skal greina frá grunnhagnaði á hlut og þynntum hagnaði á hlut jafnvel þótt fjárhæðirnar, sem birtar eru, séu neikvæðar (þ.e. **tap á hlut).**

UPPLÝSINGAGJÖF

70 Eining skal birta upplýsingar um eftirfarandi:

a) fjárhæðir, sem eru notaðar sem teljarar við útreikning á grunnhagnaði á hlut og þynntum hagnaði á hlut og afstemmingu þeirra fjárhæða við hagnað eða tap sem flytjast til móðureiningarinnar á tímabilinu. Í afstemmingunni skulu felast sérstök áhrif einstakra flokka gerninga á hagnað á hlut,

b) veginn meðalfjölda almennra hluta sem eru notaðir sem nefnari við útreikning á grunnhagnaði á hlut og þynntum hagnaði á hlut og innbyrðis afstemmingu þessara nefnara. Í afstemmingunni skulu felast sérstök áhrif einstakra flokka gerninga á hagnað á hlut,

c) gerninga (þ.m.t. skilyrtir, útgáfuhæfir hlutir) sem gætu hugsanlega þynnt grunnhagnað á hlut í framtíðinni en voru ekki teknir með í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut vegna þess að þeir eru þykkjandi fyrir tímabilið eða tímabilin sem þeir eru settir fram á,

d) lýsingu á viðskiptum með almenna hluti eða væntа hluti, aðra en þá sem gerð er grein fyrir í samræmi við 64. lið, sem fara fram eftir reikningsskilatímabilið og sem hefði breytt verulega fjölda almennra hluta eða væntra, almennra hluta sem eru virkir í lok tímabilsins ef þessi viðskipti hefðu átt sér stað fyrir lok reikningsskilatímabilsins.

71 Dæmi um viðskipti í d-lið 70. liðar eru m.a.:

a) útgáfa nýrra hluta fyrir handbært fé,

b) útgáfa hluta þegar andvirðið er notað til að endurgreiða skuld eða virka forgangshluti sem eru virkir í lok reiknings skilatímabilsins,

c) innlausn virkra, almennra hluta,

d) breyting eða nýting væntra almennra hluta sem eru virkir í lok reikningsskilatímabilsins í almenna hluti,

e) útgáfa valréttar, kaupheimilda eða breytanlegra gerninga og

f) uppfylling skilyrða sem leiddu til útgáfu skilyrtra, útgáfuhæfra hluta.

Hagnaður á hlut er ekki leiðréttur vegna slíkra viðskipta sem verða eftir reikningsskilatímabilið vegna þess að slík viðskipti hafa ekki áhrif á eigið fé sem er notað til að mynda hagnað eða tap á tímabilinu.

72 Fjármálagerningar og aðrir samningar, sem mynda væntа, almenna hluti, geta falið í sér skilmála og skilyrði sem hafa áhrif á mat á grunnhagnaði á hlut og þynntum hagnaði á hlut. Í þessum skilmálum og skilyrðum kann að vera sagt til um hvort einhverjir væntir almennir hlutir eru þynnandi og, ef þeir eru það, hvaða áhrif þeir hafa á veginn meðalfjölda virkra hluta og allar síðari leiðréttingar á hagnaði eða tapi sem flyst til almennra hluthafa. Hvatt er til þess að upplýsingar séu veittar um skilmála og skilyrði slíkra fjármálagerninga og annarra samninga ef annars er ekki krafist (sjá IFRS-staðal 7, *fjármálagerningar, upplýsingagjöf*).

73 Ef eining greinir frá fjárhæðum á hlut, auk upplýsinga um grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut, og notar annan reikningsskilaþátt á yfirliti um heildarafkomu en þann sem gerð er krafa um í þessum staðli, skal útreikningur á slíkum fjárhæðum byggjast á vegnum meðalfjölda almennra hluta sem er ákvarðaður í samræmi við þennan staðal. Greina skal frá fjárhæðum grunnhagnaðar á hlut og þynnts hagnaðar á hlut, sem tengist slíkum þætti, á jafn áberandi hátt og skulu þær koma fram í skýringum. Eining skal tilgreina grundvöllinn sem teljari (einn eða fleiri) er ákvarðaður á, þ.m.t. hvort fjárhæðir á hlut eru fyrir eða eftir skatta. Ef notaður er þáttur í yfirliti um heildarafkomu sem er ekki tilgreindur í sérlínu í yfirlitinu um heildarafkomu, skal stemma af þáttinn, sem er notaður, við sérlínuna sem sýnd er á yfirlitinu um heildarafkomu.

73A Ákvæði 73. liðar eiga einnig við um einingu sem greinir frá, til viðbótar við grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut, fjárhæðum á hlut og notar annan lið rekstrarreikningsins en þann sem gerð er krafa um í þessum staðli.

GILDISTÖKUDAGUR

74 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Hvatt er til fyrri beitingar. Ef eining beitir staðlinum vegna tímabils sem hefst fyrir 1. janúar 2005 skal hún greina frá því.

74A Með IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess bættust við liðirnir 4A, 67A, 68A og 73A. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil gilda breytingarnar fyrir það fyrra tímabil.

74B IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, sameiginlegt fyrirkomulag, útgefnir í maí 2011 breyttu liðum 4, 40 og A11. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

74C IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti 8. lið og liðum 47A og A2. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

74D Framsetning liða í annarri heildarafkomu (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti liðum 4A, 67A, 68A og 73A. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IAS-staðli 1, (með áorðnum breytingum í júní 2011).

74E IFRS-staðall 9, *fjármálagerningar*, gefinn út í júlí 2014, breytti 34. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

AFTURKÖLLUN ANNARRA YFIRLÝSINGA

75 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 33, *hagnaður á hlut* (útg. 1997).

76 Þessi staðall kemur í stað SIC-túlkunar 24: *hagnaður á hlut — fjármálagerningar og aðrir samningar sem unnt er að greiða með hlutum*.

Viðbætir A

LEIÐBEININGAR UM BEITINGU

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti staðalsins.

Hagnaður eða tap sem flyst til móðureiningarinnar

A1 Við útreikning á grunnhagnaði á hlut samkvæmt samstæðureikningsskilunum skal hagnaður eða tap, sem flyst til móðureiningarinnar, vera hagnaður eða tap samstæðueiningarinnar eftir leiðréttingu vegna hlutar sem ekki er ráðandi.

Útgáfa hluta með forkaupsrétti

A2 Útgáfa almennra hluta við nýtingu eða breytingu á væntum almennum hlutum leiðir yfirleitt ekki til útgáfu jöfnunarhluta. Það stafar af því að væntir almennir hlutir eru yfirleitt gefnir út á gangvirði sem leiðir til hlutfallslegrar breytingar á fjármagninu sem einingin hefur til ráðstöfunar. Við útgáfu hluta með forkaupsrétti er nýtingarverðið þó oft lægra en gangvirði hlutanna. Þess vegna felur slík útgáfa hluta með forkaupsrétti í sér jöfnunarþátt, eins og fram kemur í b-lið 27. liðar. Ef útgáfa hluta með forkaupsrétti er boðin öllum hluthöfum, sem fyrir eru, er fjöldi almennra hluta, sem nota skal í útreikningi á grunnhagnaði á hlut og þynntum hagnaði á hlut fyrir öll tímabil fyrir útgáfu hluta með forkaupsrétti, er fjöldi virkra, almennra hluta fyrir útgáfuna margfaldaður með eftirfarandi stuðli:

$$\frac{\text{Gangvirði á hlut rétt fyrir nýtingu forkaupsréttar}}{\text{Fræðilegt gangvirði á hlut eftir nýtingu forkaupsréttar}}$$

Fræðilegt gangvirði á hlut eftir nýtingu forkaupsréttar er reiknað með því að bæta heildargangvirði hlutanna, eins og það stendur rétt fyrir nýtingu forkaupsréttar, við andvirðið af nýtingu forkaupsréttarins og deila með fjölda virkra hluta eftir að forkaupsréttur hefur verið nýttur. Ef viðskipti með forkaupsréttinn en ekki hlutina sjálfa eiga að fara fram á almennum markaði fyrir nýtingardag er gangvirðið metið við lok síðasta dags þegar hlutirnir eru seldir ásamt forkaupsréttinum.

Eftirlitstala

A3 Til að skýra hvernig eftirlitstalan, sem lýst er í 42. og 43. lið, er notuð er gert ráð fyrir að hagnaður einingar af áframhaldandi rekstri, sem flyst til móðureiningarinnar, sé 4800 GE ([18]), tap af starfsemi sem lögð var af og flyst til móðureiningarinnar (7200 GE), tap sem flyst til móðureiningarinnar sé (2400 GE) og 2000 almennir hlutir og 400 væntir, almennir hlutir séu virkir. Grunnhagnaður einingarinnar á hlut er 2,40 GE af áframhaldandi starfsemi, (3,60 GE) af starfsemi, sem leggja skal af, og (1,20 GE) af tapinu. Þessir 400 væntu, almennu hlutir eru teknir með í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut vegna þess að niðurstaðan, hagnaður sem nemur 2,00 GE á hlut af áframhaldandi starfsemi, er þynnandi ef ekki er gert ráð fyrir áhrifum af hagnaði eða tapi af þessum 400 væntu, almennu hlutum. Vegna þess að hagnaður af áframhaldandi starfsemi, sem flyst til móðureiningarinnar, er eftirlitstalan tekur einingin einnig með þessa 400 væntu, almennu hluti með í útreikningnum á öðrum fjárhæðum hagnaðar á hlut, þrátt fyrir að niðurstöðufjárhæðir hagnaðar á hlut séu þykkjandi á sambærilegan grunnhagnað á hlut, þ.e. tapið á hlut verður minna [(3,00 GE) á hlut vegna taps af starfsemi sem lögð var af og (1,00 GE) á hlut vegna tapsins].

Meðalmarkaðsverð almennra hluta

A4 Þegar reikna skal þynntan hagnað á hlut er meðalmarkaðsverð almennra hluta, sem gert er ráð fyrir að hafi verið gefnir út, reiknað á grundvelli meðalmarkaðsverðs almennu hlutanna á tímabilinu. Fræðilega væri hægt að taka með öll markaðsviðskipti með almenna hluti einingar við ákvörðun á meðalmarkaðsverði. Af hagkvæmnisástæðum nægir þó yfirleitt einfalt meðalverð á viku eða mánuði.

([18]) Í þessum leiðbeiningum eru fjárhæðir tilgreindar í „gjaldmiðilseiningum“ (GE).

A5 Venjulega nægir lokamarkaðsverð til að reikna meðalmarkaðsverðið. Þegar verð sveiflast mikið endurspeglar þó meðaltal hæsta og lægsta verðs yfirleitt betur verðið. Aðferðin, sem notuð er til að reikna meðalmarkaðsverð, er notuð með samræmdum hætti þar til hún endurspeglar ekki lengur verðið vegna breyttra aðstæðna. Sem dæmi gæti eining, sem notar lokamarkaðsverð til að reikna meðalmarkaðsverð í nokkur ár með tiltölulega stöðugu verði, skipt yfir í meðaltal á háu og lágu verði ef verð fer að sveiflast mikið og lokamarkaðsverðið endurspeglar ekki lengur meðalverð.

Valréttur, kaupheimildir og ígildi þeirra

A6 Valréttur eða kaupheimildir til kaupa breytanlegra gerninga teljast hafa verið nýttar þegar meðalverð bæði breytanlega gerningsins og almennu hlutanna, sem fást við breytinguna, er hærra en nýtingarverð valréttarins eða kaupheimildanna. Nýting telst þó ekki hafa átt sér stað nema einnig hafi verið um að ræða breytingu á sambærilegum, virkum, breytanlegum gerningum, ef einhverjir eru.

A7 Með valrétti eða kaupheimild getur verið heimilt eða gerð um það krafa að einingin (móðurfélag hennar eða dótturfélag) bjóði skuldagerning eða aðra gerninga til greiðslu alls eða hluta nýtingarverðsins. Við útreikning á þynntum hagnaði á hlut hefur þessi valréttur eða kaupheimild þynnandi áhrif ef a) meðalmarkaðsverð viðkomandi almennra hluta á tímabilinu er hærra en nýtingarverðið eða b) söluverð gerningsins, sem er boðinn út, er lægra en það sem gerningurinn kann að vera boðinn út á samkvæmt valréttar- eða kaupheimildarsamningi og mismunurinn, sem af því stafar, leiðir til raunnýtingarverðs sem er undir markaðsverði almennra hluta sem unnt er að fá við nýtingu. Við útreikning á þynntum hagnaði á hlut er litið svo á að þessi valréttur eða kaupheimild hafi verið nýtt og skuldagerningurinn eða aðrir gerningar teljast hafa verið boðnir sem greiðsla. Ef greiðsla í handbæru fé er hagstæðari fyrir handhafa valréttar eða kaupheimildar, og samningurinn leyfir greiðslu í handbæru fé, er litið svo á að greiðslan sé í handbæru fé. Vöxtum (eftir skatta) á skuldagerningi, sem telst vera boðinn, er bætt við sem leiðréttingu á teljaranum.

A8 Sambærilega meðferð fá forgangshlutir, sem falla undir sambærileg ákvæði, eða aðrir gerningar með skiptirétti sem heimila að fjárfestirinn megi staðgreiða gegn hagstæðara skiptihlutfalli.

A9 Í skilmálunum, sem liggja til grundvallar tilteknum valrétti eða kaupheimild, kann að vera gerð krafa um að andvirðið af nýtingu þessara gerninga verði notað til að endurheimta skuldagerninga eða aðra gerninga einingarinnar (eða móður- eða dótturfélags hennar). Við útreikning á þynntum hagnaði á hlut er litið svo á að þessi valréttur eða kaupheimild hafi verið nýtt og andvirðið notað til að kaupa skuldagerninginn á meðalmarkaðsverði fremur en til kaupa á almennum hlutum. Sú umframfjárhæð sem fæst við fyrirhugaða nýtingu, miðað við fjárhæðina vegna fyrirhugaðra kaupa skuldagerningsins, er þó tekin með (þ.e. telst vera notuð til að kaupa aftur almenna hluti) í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut. Vöxtum (eftir skatta) á skuldagerningi, sem telst vera keyptur, er bætt við sem leiðrétting á teljaranum.

Útgefinn söluréttur

A10 Til að skýra beitingu 63. liðar er gert ráð fyrir að eining hafi gefið út 120 sölurétti á almennum hlutum sínum á nýtingarverðinu 35 GE. Meðalmarkaðsverð almennra hluta hennar á tímabilinu er 28 GE. Við útreikning á þynntum hagnaði á hlut gerir einingin ráð fyrir að hún gefi út 150 hluti á 28 GE á hlut í upphafi tímabilsins til að uppfylla skyldu sína um 4200 GE. Mismunurinn á fjölda 150 almennra hluta, sem gefnir eru út og 120 almennra hluta sem fæst við að standa við samninginn um sölurétt (30 hluta viðbót við almenna hluti) skal tekin með í útreikninginn á hagnað á hlut eftir þynningu.

Gerningar dótturfélaga, samrekstrar og hlutdeildarfélaga

A11 Væntir, almennir hlutir í dótturfélagi, samrekstri eða hlutdeildarfélagi sem eru annaðhvort breytanlegir í almenna hluti í dótturfélaginu, samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu eða í almenna hluti í móðurfélaginu eða fjárfestinum með sameiginleg yfirráð eða veruleg áhrif (félagið sem reikningsskilin taka til) yfir félaginu sem fjárfest er í, eru teknir með í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut á eftirfarandi hátt:

a) gerningar, sem dótturfélag, samrekstrarfélag eða hlutdeildarfélag gefa út og gera handhöfum þeirra kleift að öðlast almenna hluti í dótturfélaginu, samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu, eru teknir með í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut í dótturfélaginu, samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu. Þessi hagnaður á hlut er síðan tekinn með í útreikningum einingarinnar sem reikningsskilin taka til á hagnaði á hlut sem byggist á eign einingarinnar, sem reikningsskilin taka til, á gerningum dótturfélagsins, samrekstrarins eða hlutdeildarfélagsins,

b) gerningar dótturfélags, samrekstrar eða hlutdeildarfélags, sem eru breytanlegir í almenna hluti einingarinnar sem reikningsskilin taka til, eru taldir með væntum, almennum hlutum einingarinnar, sem reikningsskilin taka til, í þeim tilgangi að reikna þynntan hagnað á hlut. Á sama hátt er valréttur eða kaupheimild, sem dótturfélag, samrekstur eða hlutdeildarfélag gefur út til að kaupa almenna hluti í einingunni, sem reikningsskilin taka til, talinn til væntra, almennra hluta einingarinnar, sem reikningsskilin taka til, í útreikningum á þynntum hagnaði á hlut í samstæðunni.

A12 Í þeim tilgangi að ákvarða áhrif hagnaðar á hlut á gerninga sem einingin, sem reikningsskilin taka til, gefur út og eru breytanlegir yfir í almenna hluti í dótturfélagi, samrekstri eða hlutdeildarfélagi teljast gerningarnir vera breyttir og teljarinn (hagnaður eða tap sem flyst til almennra hluthafa móðureiningarinnar) leiðréttir eftir þörfum í samræmi við 33. lið. Auk þessara leiðréttinga er teljarinn leiðréttur vegna breytinga á hagnaði eða tapi sem einingin, sem reikningsskilin taka til, skráir (s.s. inngreiddur arður eða tekjur af hlutdeildaraðferðinni) og rekja má til aukningar í fjölda almennra virkra hluta í dótturfélaginu, samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu vegna áætlaðrar breytingar. Þetta hefur ekki áhrif á útreikning á nefnara þynnts hagnaðar á hlut vegna þess að fjöldi almennra hluta einingarinnar, sem reikningsskilin taka til, sem eru virkir, breytist ekki við áætlaða breytingu.

Eiginfjárgerningar í rekstri (e. *participating equity instruments*) og tvíflokka, almennir hlutir (e. *two-class ordinary shares*)

A13 Til eigin fjár sumra eininga teljast:

a) gerningar með hlutdeild í arði ásamt almennum hlutum í samræmi við fyrirfram tilgreinda formúlu (t.d. tveir fyrir einn) stundum með efri mörk fyrir þátttöku (t.d. allt að en ekki umfram, tilgreinda fjárhæð á hlut),

b) flokkur almennra hluta með annað arðshlutfall en annar flokkur almennra hluta en án forgangsréttar.

A14 Við útreikning á þynntum hagnaði á hlut er gert ráð fyrir breytingu á þeim gerningum sem lýst er í lið A13 og eru breytanlegir í almenna hluti ef áhrifin eru þynnandi. Fyrir þá gerninga sem eru ekki breytanlegir yfir í flokk almennra hluta er hagnaði eða tapi á tímabilinu skipt á mismunandi flokka hluta og eiginfjárgerninga eftir hlutdeild í samræmi við rétt til arðs eða annan rétt á hlutdeild í óráðstöfuðum hagnaði. Til að reikna grunnhagnað og þynntan hagnað á hlut:

a) er hagnaður eða tap á tímabilinu, sem flyst til almennra hluthafa móðureiningarinnar, leiðrétt (hagnaður minnkaður og tap aukið) um þá fjárhæð arðs sem færð er á tímabilinu vegna hvers flokks hluta og samningsbundinnar fjárhæðar arðs (eða vaxta af hlutdeildarbréfum) sem verður að greiða fyrir tímabilið (t.d. ógreiddur, uppsafnaður arður),

b) er því, sem eftir er af hagnaði eða tapi, úthlutað á almenna hluti og hlutdeild eiginfjárgerninga, að því marki sem hver gerningur á hlut í hagnaðinum, eins og öllum hagnaðinum eða tapinu hafi verið skipt. Heildarhagnaður eða -tap, sem úthlutað er á hvern flokk eiginfjárgerninga, er ákvarðað með því að leggja saman fjárhæðina sem er úthlutað og fjárhæðina sem er úthlutað eftir hlutdeild,

c) er deilt í heildarhagnaðinn eða -tapið, sem úthlutað er á hvern flokk eiginfjárgerninga, með fjölda þeirra virku gerninga sem hagnaðinum er skipt á til að ákvarða hagnað á hlut á gerninginn.

Við útreikning á þynntum hagnaði á hlut eru allir væntir, almennir hlutir, sem teljast hafa verið gefnir út, innifaldir í virkum, almennum hlutum.

Hlutir sem eru greiddir að hluta til

A15 Þegar gefnir eru út almennir hlutir en þeir ekki greiddir að fullu, er farið með þá í útreikningi á hagnaði á hlut sem brot af almennum hlut að því marki sem þeim er ætluð hlutdeild í arði á tímabilinu að tiltölu við fullgreidda, almenna hluti.

A16 Að því marki sem hlutir, sem eru greiddir að hluta til, veita ekki rétt til úthlutunar arðs á tímabilinu er farið með þá sem ígildi kaupheimildar eða valréttar í útreikningi á þynntum hagnaði á hlut. Ógreiddi afgangurinn telst vera andvirðið sem notað er til kaupa á almennum hlutum. Fjöldi hluta sem er tekinn með í þynntum hagnaði á hlut er mismunurinn á fjölda skráðra hluta og fjölda þeirra sem teljast vera keyptir.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 34 (IAS-staðall 34)

Árshlutareikningsskil

MARKMIÐ

Markmið með þessum staðli er að mæla fyrir um lágmarksinnihald árshlutareikningsskila og mæla fyrir um reglur um færslu og mat í heildstæðum eða samandregnum reikningsskilum árshluta. Tímanleg og áreiðanleg árshlutareikningsskil auka getu fjárfesta, lánardrottna og annarra til að gera sér grein fyrir getu einingar til að mynda hagnað og sjóðstreymi og fjárhagsstöðu þess og greiðsluhæfi.

GILDISSVIÐ

1 Í þessum staðli er ekki mælt fyrir um hvaða einingar skuli krafðar um birtingu árshlutareikningsskila, hversu oft eða hversu fljótt eftir að árshluti er liðinn. Hins vegar er oft gerð krafa um það af hálfu ríkisstjórna, verðbréfaeftirlitsstofnana, kauphalla og reglusetningaraðila á reikningshaldssviði að einingar með skuldabréf eða hlutabréf á almennum markaði birti árshlutareikningsskil. Staðlinum skal beita ef einingu er skylt eða kýs að birta árshlutareikningsskil í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla). Alþjóðareikningsskilanefndin ([19]) hvetur einingar á almennum markaði til að birta árshlutareikningsskil sem samræmast þeim reglum um færslu, mat og upplýsingagjöf sem eru settar fram í þessum staðli. Einingar á almennum markaði eru sérstaklega hvattar til að:

a) birta árshlutareikningsskil a.m.k. við lok fyrri helmings fjárhagsárs síns og

b) hafa árshlutareikningsskil sín fyrirliggjandi eigi síðar en 60 dögum eftir lok árshlutans.

2 Samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) er metið fyrir hver árleg reikningsskil eða árshlutareikningsskil fyrir sig. Leggi eining ekki fram árshlutareikningsskil á tilteknu fjárhagsári eða hún leggur fram árshlutareikningsskil sem fylgja ekki þessum staðli kemur það ekki í veg fyrir að árleg reikningsskil einingarinnar samræmist alþjóðlegum reikningsskilastöðlum ef þau gera það að öðru leyti.

3 Ef árshlutareikningsskil einingar eru sögð fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum verða þau að fara að öllum kröfum þessa staðals. Í 19. lið er gerð krafa um tilteknar upplýsingar að því er þetta varðar.

SKILGREININGAR

4 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Árshluti **er reikningsskilatímabil sem er styttra en heilt fjárhagsár.**

Árshlutareikningsskil **eru reikningsskil sem innihalda annaðhvort heildstæð reikningsskil (eins og lýst er í IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila* (endurskoðaður 2007)) eða samandregin reikningsskil (eins og lýst er í þessum staðli) árshluta.**

INNIHALD ÁRSHLUTAREIKNINGSSKILA

5 Samkvæmt skilgreiningu í IAS-staðli 1 skulu eftirfarandi efnisþættir vera í heildstæðum reikningsskilum:

a) efnahagsreikningur við lok tímabilsins,

b) rekstrarreikningur og önnur heildarafkoma fyrir tímabilið,

c) yfirlit um breytingar á eigin fé á tímabilinu,

([19]) Alþjóðareikningsskilaráðið, sem hóf starfsemi sína árið 2001, tók við af alþjóðareikningsskilanefndinni.

d) yfirlit um sjóðstreymi á tímabilinu,

e) skýringar sem samanstanda af mikilvægum upplýsingum um reikningsskilaaðferðir, ásamt öðrum upplýsingum til skýringar,

ea) samanburðarupplýsingar að því er varðar fyrra tímabil eins og tilgreint er í liðum 38 og 38A í IAS-staðli 1, og

f) yfirlit um fjárhagsstöðu við upphaf næstliðins tímabils þegar eining beitir reikningsskilaaðferð afturvirkt eða endurákvarðar liði í reikningsskilum sínum afturvirkt eða þegar hún endurflokkar liði í reikningsskilum sínum í samræmi við liði 40A–40D í IAS-staðli 1.

Eining getur notað aðra titla fyrir yfirlitin en notaðir eru í þessum staðli. Til dæmis getur eining notað titilinn „Yfirlit um heildarafkomu“ í stað „Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu“.

6 Í því skyni að vera tímanlega, til að komast hjá kostnaði og til að forðast að endurtaka upplýsingar, sem áður hefur verið greint frá, kann einingu að vera skylt eða kjósa að veita minni upplýsingar við dagsetningu árshlutauppgjörs, samanborið við árleg reikningsskil þess. Samkvæmt þessum staðli er lágmarksinnihald árshlutareikningsskila skilgreint sem samandregin reikningsskil og valdar skýringar. Árshlutareikningsskilunum er ætlað að vera uppfærsla á síðustu, heildstæðu, árlegu reikningsskilunum. Þar af leiðandi miðast þau við nýja starfsemi, atburði og aðstæður og þar eru ekki endurteknar upplýsingar sem áður hefur verið greint frá.

7 Engu í þessum staðli er ætlað að banna eða aftra einingu frá því að birta heildstæð reikningsskil (eins og lýst er í IAS-staðli 1) í árshlutareikningsskilum sínum frekar en samandregin reikningsskil og valdar skýringar. Í þessum staðli er einingu heldur ekki bannað eða aftrað frá því að setja meira en aðeins lágmarksfjölda liða eða valdra skýringa í samandregin árshlutareikningsskil eins og sett er fram í þessum staðli. Leiðbeiningarnar um færslu og mat í þessum staðli eiga einnig við um heildstæð árshlutareikningsskil og slík yfirlit myndu innihalda allar upplýsingar sem gerð er krafa um í þessum staðli (einkum völdu skýringarnar sem greint er frá í lið 16A) auk þeirra sem gerð er krafa um í öðrum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Lágmarksefnisþættir árshlutareikningsskila

8 Í árshlutareikningsskilum skulu a.m.k. vera:

a) samandreginn efnahagsreikningur

b) samandregið eða samandregin yfirlit um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu,

c) samandregið yfirlit um breytingar á eigin fé,

d) samandregið yfirlit um sjóðstreymi á tímabilinu og

e) valdar skýringar.

8A Ef eining birtir liði hagnaðar eða taps í aðgreindu yfirliti eins og lýst er í lið 10A í IAS-staðli 1 (með áorðnum breytingum 2011), skal hún birta samandregnar árshlutaupplýsingar úr þessu aðgreinda yfirliti.

Framsetning og efni árshlutareikningsskila

9 Ef eining birtir heildstæð reikningsskil í árshlutareikningsskilum sínum skal framsetning og efni þeirra samræmast kröfum IAS-staðals 1 um heildstæð reikningsskil.

10 Ef eining birtir samandregin reikningsskil í árshlutareikningsskilum sínum skulu í þeim samandregnu skýrslum vera a.m.k. allar fyrirsagnir og millisamtölur sem voru í nýjustu, árlegu reikningsskilum þess og þær völdu skýringar sem gerð er krafa um samkvæmt þessum staðli. Aðrar sérlínur eða skýringar skulu vera með ef vöntun þeirra myndi gera samandregnu árshlutareikningsskilin villandi.

11 Í yfirliti sem sýnir þætti rekstrarreiknings á aðlögunartímabili skal eining birta upplýsingar um grunnfjárhæð hagnaðar á hlut og þynntan hagnaðarhlut fyrir viðkomandi tímabil þegar einingin er innan gildissviðs IAS-staðals 33, *hagnaður á hlut* ([20]).

11A Ef eining birtir liði hagnaðar eða taps í aðgreindu yfirliti eins og lýst er í lið 10A í IAS-staðli 1 (með áorðnum breytingum 2011), skal hún birta upplýsingar um grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut í þessu aðgreinda yfirliti.

12 Í IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) eru leiðbeiningar um uppbyggingu reikningsskila. Í Leiðbeiningum um framkvæmd á IAS-staðli 1 eru sýnd dæmi um framsetningu á efnahagsreikningi, yfirliti um heildarafkomu og yfirliti um breytingar á eigin fé.

14 Árshlutareikningsskil skulu gerð á samstæðugrundvelli ef nýjustu árlegu reikningsskil einingarinnar voru samstæðureikningsskil. Eigin reikningsskil móðurfélags eru ekki samrýmanleg eða sambærileg við samstæðureikningsskil í nýjustu árlegu reikningsskilunum. Ef í árlegum reikningsskilum einingar voru eigin reikningsskil móðurfélagsins til viðbótar við samstæðureikningsskil er hvorki skylt né óheimilt samkvæmt þessum staðli að hafa eigin reikningsskil móðurfélagsins innifalin í árshlutareikningsskilum einingarinnar.

Mikilvægir atburðir og viðskipti

15 Í árshlutareikningsskilum sínum skal eining skýra atburði og viðskipti sem skipta máli til skilnings á breytingum á fjárhagsstöðu og árangri einingarinnar frá lokum síðasta árlega reikningsskilatímabils. Upplýsingar sem birtar eru í tengslum við þessa atburði og viðskipti eiga að uppfæra viðeigandi upplýsingar sem settar eru fram í nýjustu árlegu reikningsskilum.

15A Notandi árshlutareikningsskila einingar hefur aðgang að nýjustu árlegu reikningsskilum þeirrar einingar. Því er ekki þörf á að í skýringum við árshlutareikningsskil komi fram tiltölulega smávægilegar uppfærslur á upplýsingum sem hafði verið greint frá í skýringum í nýjustu árlegu reikningsskilum.

15B Hér á eftir fer listi yfir atburði og færslur sem upplýsinga væri krafist fyrir væru þær mikilvægar: listinn er ekki tæmandi.

a) niðurfærsla birgða í hreint söluvirði og bakfærsla slíkrar niðurfærslu,

b) færsla taps vegna virðisrýrnunar fjáreigna, varanlegra rekstrarfjármuna, óefnislegra eigna, eigna sem verða til vegna samninga við viðskiptavini eða annarra eigna og bakfærsla slíkrar virðisrýrnunar,

c) bakfærsla reiknaðra skuldbindinga vegna kostnaðar við endurskipulagningu,

d) kaup og ráðstöfun á varanlegum rekstrarfjármunum,

e) skuldbindingar vegna kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum,

f) lok málaferla með sátt,

g) leiðréttingar á skekkjum frá fyrri tímabilum,

([20]) Þessum lið var breytt með *Endurbótum á IFRS-stöðlum*, útgefnum í maí 2008, til að skýra gildissvið IAS-staðals 34.

h) breytingar á atvinnurekstri eða efnahagsaðstæðum sem hafa áhrif á gangvirði fjáreigna einingar og fjárskuld bindingar, hvort sem þessar eignir eða skuldbindingar eru færðar á gangvirði eða afskrifuðu kostnaðarverði,

i) vanskil á láni eða rof á lánssamningi, sem hefur ekki verið bætt úr á eða fyrir lok reikningsskilatímabilsins,

j) viðskipti tengdra aðila,

k) yfirfærsla milli stiga notaðrar stigskiptingar gangvirðis við mat á gangvirði fjármálagerninga,

l) breytingar á flokkun fjáreigna sem afleiðing af breytingu á tilgangi eða notkun þessara eigna og

m) breytingar á óvissum skuldum eða óvissum eignum.

15C Í einstökum IFRS-stöðlum eru leiðbeiningar um birtingarkröfur fyrir marga af liðunum sem taldir eru upp í lið 15B. Þegar atburður eða færsla skiptir máli til skilnings á breytingum á efnahag eða árangri einingarinnar frá síðasta árlega reikningsskilatímabili ættu árshlutareikningsskil hennar að veita skýringar á, og uppfærslu viðeigandi upplýsinga sem eru hluti af reikningsskilum síðasta árlega reikningsskilatímabils.

16 [Felldur brott]

Aðrar upplýsingar

16A Til viðbótar við upplýsingar mikilvægra atburða og færslna í samræmi við liði 15–15C skal eining setja eftirfarandi upplýsingar í skýringar við árshlutareikningsskil sín eða annars staðar í árshlutareikningsskilunum. Eftirfarandi upplýsingar skulu annaðhvort koma fram í árshlutareikningsskilunum eða felldar inn í annað uppgjör með millivísun frá árshlutareikningsskilunum (s.s. í athugasemdum eða áhættuskýrslu stjórnenda), sem eru tiltækar notendum reikningsskilanna með sömu skilmálum og árshlutareikningsskilin og á sama tíma. Ef notendur reikningsskilanna hafa ekki aðgang að upplýsingunum sem eru felldar inn með millivísun með sömu skilmálum og á sama tíma eru árshlutareikningsskilin ófullkomin. Upplýsingarnar skulu almennt birtar á grundvelli þess sem er liðið af fjárhagsárinu.

a) yfirlýsingar um að sömu reikningsskila- og reikniaðferðum sé fylgt í árshlutareikningsskilunum og var gert í nýjustu árlegu reikningsskilunum eða, ef þeim aðferðum hefur verið breytt, lýsingu á eðli og áhrifum breytingarinnar,

b) útskýringa á árstíðaskiptingu eða lotueðli árshlutarekstrar,

c) eðli og fjárhæð liða sem hafa áhrif á eignir, skuldir, eigið fé, hagnað eða sjóðstreymi og eru óvenjulegir vegna eðlis, stærðar eða tíðni,

d) eðli og fjárhæð breytinga á mati á fjárhæðum sem greint var frá á fyrri aðlögunartímabilum yfirstandandi fjárhagsárs eða breytingum á mati á fjárhæðum sem greint var frá á fyrri fjárhagsárum,

e) útgáfu, endurkaupum og endurgreiðslu á skulda- og hlutabréfum,

f) arðgreiðslna (samanlögðum eða á hlut), aðgreindum fyrir venjuleg hlutabréf og önnur hlutabréf,

g) eftirfarandi starfsþáttaupplýsingum (aðeins er gerð krafa um birtingu starfsþáttaupplýsinga í árshluta-reikningsskilum einingar, ef krafa er gerð um það í IFRS-staðli 8, *starfsþættir*, að einingin veiti starfsþátta-upplýsingar í árlegum reikningsskilum sínum):

i. reglulegar tekjur vegna utanaðkomandi viðskiptamanna, ef þær eru teknar með í mati á hagnaði eða tapi af starfsþætti sem æðsti ákvarðanatökuaðili í daglegum rekstri hefur endurskoðað eða sem æðsta ákvarðanatökuaðila í daglegum rekstri eru annars veittar með reglubundnum hætti,

ii. reglulegar tekjur frá öðrum starfsþáttum, ef þær eru teknar með í hagnaði eða tapi eftir starfsþáttum sem æðsti ákvarðanatökuaðili í daglegum rekstri hefur endurskoðað eða sem æðsta ákvarðanatökuaðila í daglegum rekstri eru annars veittar með reglubundnum hætti,

iii. mat á hagnaði eða tapi eftir starfsþáttum,

iv. mat á heildareignum og skuldum fyrir tiltekinn rekstrarstarfsþátt ef slíkar fjárhæðir eru reglulega veittar æðsta ákvarðanatökuaðila í daglegum rekstri og ef verulegar breytingar hafa orðið á fjárhæð-inni sem birt er í síðustu árlegu reikningsskilum fyrir viðkomandi rekstrarstarfsþátt.

v. lýsing á mismuninum frá síðustu árlegu reikningsskilum á grundvelli flokkunar eftir starfsþáttum eða á grundvelli mats á hagnaði eða tapi eftir starfsþáttum,

vi. afstemming á samtölu mats á hagnaði eða tapi tilkynningarskylda rekstrarstarfsþáttarins við hagnað og tap einingarinnar fyrir skattkostnað (skatttekjur) og aflagða starfsemi. Ef eining úthlutar hins vegar liðum eins og skattkostnaði (skatttekjum) til rekstrarstarfsþátta, getur einingin stemmt af samtölu mats starfsþáttanna á hagnaði eða tapi við hagnað eða tap eftir þessa liði. Verulegir afstemmingarliðir skulu tilgreindir sérstaklega og þeim lýst í þeirri afstemmingu.

h) atburðir eftir árshlutann sem hafa ekki endurspeglast í reikningsskilum árshlutans,

i) áhrifum breytinga á samsetningu einingar á árshlutanum, þ.m.t. sameining fyrirtækja, öflun eða missir yfirráða yfir dótturfélögum og langtímafjárfestingum, endurskipulagning og aflögð starfsemi. Þegar um sameiningu fyrirtækja er að ræða skal einingin birta þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja*.

j) fyrir fjármálagerninga eru birtar þær upplýsingar um gangvirði sem krafist er í liðum 91–93 (h-lið), 94.–96., 98. og 99. lið í IFRS-staðli 13, *gangvirðismat*, og 25., 26. og 28.–30. lið í IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*.

k) fyrir einingar sem verða, eða hætta að vera, fjárfestingareiningar, eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*, upplýsingarnar í lið 9B í IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum*.

l) aðgreining tekna af samningum við viðskiptavini sem krafist er í 114.–115. lið IFRS-staðals 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*.

17–18 [Felldur brott]

Upplýsingagjöf um samræmi við IAS-staðla

19 Ef árshlutareikningsskil einingar samræmast þessum staðli skal greint frá því. Ekki skal lýsa árshluta-reikningsskilum þannig að þau séu í samræmi við IFRS-staðla nema í þeim sé farið að öllum kröfum í IFRS-stöðlum.

Tímabil sem gerð er krafa um að árshlutareikningsskil séu sett fram fyrir

20 Árshlutaskýrslur skulu innihalda eftirfarandi árshlutareikningsskil (samandregin eða heildstæð) fyrir eftirfarandi tímabil:

a) efnahagsreikning, miðað við lok yfirstandandi árshluta, og samanburðarefnahagsreikning, miðað við lok síðasta fjárhagsárs á undan,

b) yfirlit um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu fyrir yfirstandandi árshluta og uppsafnað yfirlit fyrir það sem af er yfirstandandi fjárhagsárs með tilsvarandi samanburðaryfirlitum um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu fyrir samsvarandi árshluta (yfirstandandi og það sem af er árinu) næstliðins fjárhagsárs til samanburðar. Eins og heimilt er samkvæmt IAS-staðli 1 (með áorðnum breytingum 2011) má setja fram í árshlutareikningsskilum fyrir hvert tímabil yfirlit um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu.

c) yfirlit yfir uppsafnaðar breytingar á eigin fé fyrir það sem af er núverandi fjárhagsári með samanburðaryfirliti fyrir samsvarandi tímabil á síðasta fjárhagsári á undan,

d) uppsafnað sjóðstreymisyfirlit fyrir það sem af er núverandi fjárhagsári með samanburðaryfirliti fyrir samsvarandi tímabil á síðasta fjárhagsári á undan.

21 Fjárhagsupplýsingar um það 12 mánaða tímabil, sem lýkur við dagsetningu árshlutareiknings, og samanburðarupplýsingar fyrir síðasta 12 mánaða tímabil á undan kunna að vera gagnlegar fyrir einingar sem stundar viðskipti sem eru afar árstíðabundin. Þess vegna eru einingar, sem stunda viðskipti sem eru afar árstíðabundin, hvattar til að íhuga að gera grein fyrir slíkum upplýsingum, að viðbættum upplýsingunum sem krafist er í málsgreininni á framan.

22 Tímabilin, sem gerð er krafa um að eining, sem semur reikningsskil á hálfs árs fresti, og eining, sem semur reikningsskil ársfjórðungslega, geri grein fyrir, eru sýnd í A-hluta skýringardæmanna sem fylgja þessum staðli.

Mikilvægi

23 Við ákvörðun um, hvernig skuli færa, meta, flokka eða greina frá lið í árshlutareikningsskilum, skal meta mikilvægi miðað við fjárhagsupplýsingar árshlutans. Við mat á mikilvægi verður að hafa í huga að árshlutamat kann að treysta á mat í meira mæli en mat á árlegum fjárhagsupplýsingum.

24 Í IAS-staðli 1 er hugtakið „mikilvægar upplýsingar“ skilgreint og gerð krafa um sérstakar upplýsingar um mikilvæga liði, þ.m.t. (til dæmis) aflagða starfsemi og í IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, er krafist upplýsinga um breytingar á reikningshaldslegu mati, skekkjum og breytingar á reikningsskilaaðferðum. Í stöðlunum tveimur eru ekki tölulegar leiðbeiningar um mikilvægi.

25 Þó að alltaf sé nauðsynlegt að nota eigin dómgreind þegar lagt er mat á hvað er mikilvægt byggist ákvörðun um færslu og upplýsingagjöf samkvæmt þessum staðli á gögnum um árshlutann einan og sér svo að árshlutatölurnar verði skiljanlegar. Þannig eru t.d. óvenjulegir liðir, breytingar á reikningsskilaaðferðum eða matsreglum og skekkjur færðar og birtar eftir því hversu mikilvægar þær eru í tengslum við árshlutagögn til að forðast að dregnar séu villandi ályktanir vegna þess að upplýsingar hafa ekki verið veittar. Höfuðmarkmiðið er að tryggja að í árshlutareikningsskilum séu allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að skilja efnahag einingar og árangur á árshlutanum.

UPPLÝSINGAGJÖF Í ÁRLEGUM REIKNINGSSKILUM

26 Ef mat á fjárhæð, sem skýrt var frá á árshluta, breytist verulega á síðasta árshluta fjárhagsársins en sérstök fjárhagsskýrsla er ekki gefin út fyrir þennan síðasta árshluta skal greina frá eðli og fjárhæð þeirrar matsbreytingar í skýringum við árleg reikningsskil þess fjárhagsárs.

27 Í IAS-staðli 8 er gerð krafa um að greint sé frá eðli og (ef unnt er) fjárhæð matsbreytingar sem hefur annaðhvort veruleg áhrif á núverandi tímabili eða vænst er að hafi veruleg áhrif á síðari tímabilum. Í d-lið liðar 16A þessa staðals er gerð krafa um sambærilega upplýsingagjöf í árshlutareikningsskilum. Dæmi eru m.a. breytingar á mati á síðasta árshluta sem tengjast niðurfærslu birgða, endurskipulagningu eða virðisrýrnunartapi sem gerð var grein fyrir á fyrri árshluta fjárhagsársins. Upplýsingaskyldan, sem gerð er krafa um í liðnum að framan, er í samræmi við kröfur í IAS-staðli 8 og er ætlað að hafa þröngt gildissvið — varða aðeins breytingu á mati. Einnig er ekki krafin um frekari fjárhagsupplýsingar um árshluta í árlegum reikningsskilum sínum.

FÆRSLA OG MAT

Sömu reikningsskilaaðferðir og í ársreikningi

28 Eining skal beita sömu reikningsskilaaðferðum í árshlutareikningsskilum og er beitt í árlegum reikningsskilum, að undanskildum breytingum á reikningsskilaaðferðum sem eru gerðar eftir reikningsskiladag nýjustu árlegu reikningsskila sem skulu endurspeglast í næstu árlegu reikningsskilum. Þó skal tíðni reikningsskila einingar (árleg, hálfsársleg eða ársfjórðungsleg) ekki hafa áhrif á mat á ársniðurstöðu þess. Til að ná því markmiði er mat vegna árshlutareikningsskila miðað við það sem liðið er af árinu til.

29 Þegar gerð er krafa um að eining beiti sömu reikningsskilaaðferðum í árshlutareikningsskilum og í árlegum reikningsskilum kann að virðast að árshlutamat sé gert eins og hver árshluti sé sjálfstætt uppgjörstímabil. Með því að setja sem skilyrði að tíðni reikningsskila einingar skuli ekki hafa áhrif á mat á ársniðurstöðu þess er staðfest skv. 28. lið að árshluti sé hluti af lengra fjárhagsári. Mat á því sem af er árinu kann að fela í sér breytingar á mati fjárhæða sem greint var frá á fyrri árshlutum núverandi fjárhagsárs. En reglurnar um færslu eigna, skulda, tekna og gjalda á árshlutum eru þær sömu og í árlegum reikningsskilum.

30 Dæmi til skýringar:

a) reglurnar um færslu og mat taps af niðurfærslu birgða, endurskipulagningu eða virðisrýrnun á árshluta eru þær sömu og þær sem eining færi eftir ef það semdi aðeins árleg reikningsskil. Ef slíkir liðir eru færðir og metnir á einum árshluta og matið breytist á síðari árshluta sama fjárhagsárs er upphaflega matinu þó breytt á síðari árshlutanum annaðhvort með fjárhæð viðbótartaps eða með því að láta áður færða fjárhæð ganga til baka,

b) kostnaður, sem fellur ekki að skilgreiningu á eign við lok árshluta, er ekki eignfærður í efnahagsreikningi annaðhvort af því að beðið er frekari upplýsinga um það, hvort hann falli að skilgreiningu á eign, eða til að jafna hagnað á árshluta fjárhagsárs, og

c) tekjuskattsgjöld eru færð á hverjum árshluta og byggjast á besta mati á vegnu meðaltali af árlegu tekjuskattshlutfalli sem vænst er fyrir fjárhagsárið í heild. Ef til vill þarf að lagfæra uppsafnaðar fjárhæðir vegna tekjuskattsgjalda á einum árshluta á síðari árshluta þess fjárhagsárs ef matið á tekjuskattshlutfallinu breytist.

31 Samkvæmt Hugtakaramma fyrir reikningsskil (Hugtakarammanum) er færsla það ferli að fanga liði sem uppfylla skilgreiningu á einni af frumeiningum reikningsskila til að fella inn í efnahagsreikning eða yfirlýsingu (yfirlýsingar) um rekstrarárangur. Skilgreiningar á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum eru undirstaða færslu, bæði við lok árlegra og árshlutalegra reikningsskilatímabila.

32 Að því er varðar eignir eiga sömu athuganir á væntanlegum, efnahagslegum ávinningi í framtíðinni við á reiknings skiladegi árshluta og við lok fjárhagsárs einingar. Kostnaður, sem eðli sínu samkvæmt myndi ekki teljast eign við lok fjárhagsárs, telst það þá ekki heldur á reikningsskiladegi árshluta. Á sama hátt verður skuld að endurspegla skuld á við lok tímabils árshlutareikningsskila sem er til staðar á þeim degi eins og við lok árlegs reikningsskilatímabils.

33 Mikilvægt einkenni tekna (reglulegra tekna) og gjalda er að innstreymi og útstreymi eigna og skulda sem þeim tengjast hefur þegar átt sér stað. Ef þetta innstreymi og útstreymi hefur átt sér stað eru tengdar tekjur og gjöld færð, annars eru þau ekki færð. Samkvæmt Hugtakarammanum er ekki heimilt að færa liði í efnahagsreikning sem uppfylla ekki skilgreiningu á eignum eða skuldum.

34 Við mat á eignum, skuldum, tekjum, gjöldum og sjóðstreymi, sem greint er frá í reikningsskilunum, getur eining, sem semur aðeins árleg reikningsskil, tekið tillit til upplýsinga sem koma fram yfir allt fjárhagsárið. Matið er í raun gert á grundvelli þess sem liðið er af árinu.

35 Eining, sem semur reikningsskil á hálfs árs fresti, notar upplýsingar, sem eru tiltækar um mitt árið eða fljótlega eftir það, við mat í reikningsskilum fyrir fyrra sex mánaða tímabilið og upplýsingar, sem eru tiltækar við árslok eða fljótlega eftir það, fyrir tólf mánaða tímabilið. Tólf mánaða mat endurspeglar hugsanlegar breytingar á mati fjárhæða sem greint var frá fyrir fyrra sex mánaða tímabilið. Fjárhæðirnar, sem greint var frá í árshlutareikningsskilum fyrir fyrra sex mánaða tímabilið, eru ekki leiðréttar afturvirkt. Í d-lið liðar 16A og 26. lið er gerð krafa um að greint sé frá eðli og fjárhæðum allra verulegra matsbreytinga.

36 Eining, sem semur reikningsskil oftar en á hálfs árs fresti, metur tekjur og gjöld á grundvelli þess sem er liðið af árinu fyrir hvern árshluta með þeim upplýsingum sem eru fáanlegar þegar viðkomandi reikningsskil eru gerð. Fjárhæðir tekna og gjalda sem greint er frá á yfirstandandi árshluta endurspegla allar matsbreytingar fjárhæða sem greint var frá á fyrri árshlutum fjárhagsársins. Fjárhæðirnar sem greint var frá á fyrri árshlutum eru ekki lagfærðar afturvirkt. Í d-lið liðar 16A og 26. lið er gerð krafa um að greint sé frá eðli og fjárhæðum allra verulegra matsbreytinga.

Árstíðabundnar, lotubundnar eða óreglulegar tekjur

37 Ekki skal gera ráð fyrir eða fresta árstíðabundnum, lotubundnum eða óreglulegum tekjum á fjárhagsári við dagsetningu árshlutareikningsskila ef ekki er viðeigandi að gera ráð fyrir þeim eða fresta þeim við lok fjárhagsárs einingar.

38 Til dæmis má nefna arðstekjur, rétthafagreiðslur og opinbera styrki. Að auki afla sumar einingar að jafnaði meiri tekna á tilteknum árshlutum fjárhagsársins en á öðrum árshlutum og má nefna sem dæmi árstíðabundnar tekjur smásala. Slíkar tekjur eru færðar þegar þær verða til.

Kostnaður sem fellur ekki jafnt til yfir fjárhagsárið

39 Gera skal ráð fyrir eða fresta kostnaði sem ekki fellur til jafnt á fjárhagsári einingar í árshlutareikningsskilum þá og því aðeins að einnig er viðeigandi að gera ráð fyrir eða fresta þeim kostnaðarlið við lok fjárhagsársins.

Beiting færslu- og matsreglna

40 Í B-hluta skýringardæmanna sem fylgja þessum staðli eru dæmi um beitingu almennu færslu- og matsreglnanna sem settar eru fram í 28.–39. lið.

Notkun á mati

41 Matsaðferðir, sem fylgja skal í árshlutareikningsskilum, skulu þannig gerðar að þær tryggi að upplýsingarnar, sem með þeim fást, séu áreiðanlegar og að gerð sé viðeigandi grein fyrir öllum mikilvægum fjárhags-upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir skilning á fjárhagsstöðu eða árangri einingar. Þó að mat bæði í árlegum fjárhagsskýrslum og árshlutareikningsskilum sé oft byggt á skynsamlegu mati þarf yfirleitt að styðjast enn frekar við matsaðferðir þegar árshlutareikningsskil eru gerð en þegar árlegar fjárhagsskýrslur eru samdar.

42 Í C-hluta skýringardæmanna sem fylgja þessum staðli eru dæmi um notkun mats í árshlutareikningsskilum.

ENDURGERÐ Á FYRRI ÁRSHLUTAREIKNINGSSKILUM

43 Breyting á reikningsskilaaðferð, þegar breytingin er ekki tilgreind með nýjum IFRS-staðli, skal sýnd með því að:

a) endurgera reikningsskil fyrri árshluta yfirstandandi fjárhagsárs og sambærilega árshluta allra fyrri fjárhagsára, sem verða endurgerðir í árlegum reikningsskilum í samræmi við IAS-staðli 8, eða

b) þegar ógerlegt er að ákvarða uppsöfnuð áhrif af því að beita nýrri reikningsskilaaðferð á öll fyrri tímabil í upphafi fjárhagsársins, að leiðrétta reikningsskil fyrri árshlutareikningsskila yfirstandandi fjárhagsárs og sambærileg árshlutareikningsskil fyrri fjárhags ára til þess að beita nýrri reikningsskilaaðferð framvirkt frá fyrsta degi sem það er gerlegt.

44 Eitt markmið reglunnar hér að framan er að tryggja að einni reikningsskilaaðferð sé beitt á tiltekinn flokk viðskipta á fjárhagsárinu í heild. Samkvæmt IAS-staðli 8 er breyting á reikningsskilaaðferð gefin til kynna með afturvirkri beitingu og því að fjárhagsupplýsingar fyrri tímabila eru endurgerðar eins langt aftur og gerlegt er. Ef ekki er gerlegt að ákvarða uppsafnaða fjárhæð leiðréttingar sem tengist fyrri fjárhagsárum er nýju aðferðinni hins vegar beitt framvirkt samkvæmt IAS-staðli 8 frá fyrsta degi sem það er gerlegt. Áhrif reglunnar í 43. lið eru að gerð er krafa um að á yfirstandandi fjárhagsári sé öllum breytingum á reikningsskilaaðferðum beitt annaðhvort afturvirkt eða, ef það er ekki gerlegt, framvirkt frá upphafi fjárhagsársins í það minnsta.

45 Ef leyft væri að endurspegla reikningshaldsbreytingar frá dagsetningu árshlutareikningsskila innan fjárhagsársins hefði það í för með sér að heimilt væri að beita tveimur ólíkum reikningsskilaaðferðum á tiltekinn flokk viðskipta á sama fjárhagsári. Afleiðingarnar yrðu erfiðleikar við skiptingu á árshluta, óljósar rekstrarniðurstöður og flókin greining og erfiðara yrði að greina og skilja árshlutaupplýsingar.

GILDISTÖKUDAGUR

46 Þessi staðall tekur gildi fyrir reikningsskil sem ná yfir tímabil sem hefjast 1. janúar 1999 eða síðar. Hvatt er til fyrri beitingar.

47 Með IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess breyttust 4., 5., 8., 11., 12. og 20., 13. liður var felldur brott og við bættust liðir 8A og 11A. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

48 Með IFRS-staðli 3 (endurskoðaður 2008) fellur i-liður 16. liðar niður. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 3 (endurskoðaður 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar einnig gildi fyrir það fyrra tímabil.

49 Liðum 15, 27, 35 og 36 var breytt, liðum 15A–15C og 16A var bætt við og liðir 16–18 voru felldir brott með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* (IFRS) sem gefnar voru út í maí 2010. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2011 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

50 IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, bætir j-lið við lið 16A. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

51 *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti liðum 8, 8A, 11A og 20. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IAS-staðli 1, (með áorðnum breytingum í júní 2011).

52 Með *Árlegum endurbótum tímabilið 2009-2011* sem gefnar voru út í maí 2012 var 5. lið breytt, sem er afleiðing af breytingunni á IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

53 Með *Árlegum endurbótum tímabilið 2009-2011* sem gefnar voru út í maí 2012 var lið 16A breytt. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

54 *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu lið 16A. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita *Fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

55 IFRS-staðall 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, gefinn út í maí 2014, breytti ákvæðum liða 15B og 16A. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

56 Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* (IFRS) *fyrir tímabilið 2012-2014*, sem voru gefnar út í september 2014, var lið 16A breytt. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir*, *breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

57 *Framtaksverkefni um upplýsingagjöf* (breytingar á IAS-staðli 1), útgefið í desember 2014, breytti 5. lið. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Heimilt er að beita þeirri breytingu fyrr.

58 Með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*, sem gefnar voru út 2018, var 31. og 33. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil ef eining beitir einnig á sama tíma öllum öðrum breytingum sem gerðar voru með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum.* Eining skal beita breytingunum á IAS-staðli 34 afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur.* Ef eining ákvarðar að afturvirk beiting væri ógerleg eða hefði í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn skal hún þó beita breytingunum á IAS-staðli 34 með tilvísun til 43.-45. liðar í þessum staðli og 23.–28. liðar, 50.–53. liðar og liðar 54F í IAS-staðli 8.

59 Með *Skilgreiningu á hugtakinu „mikilvægt“* (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8), sem birt var í október 2018, var 24. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir breytingunum á skilgreiningunni á hugtakinu „mikilvægt“ í 7. lið IAS-staðals 1 og 5. og 6. lið IAS-staðals 8.

60 *Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir*, sem breyta IAS-staðli 1 og IFRS-verklagsreglum 2, *matsákvarðanir um mikilvægi*, og gefnar voru út í febrúar 2021, breyttu 5. lið. Eining skal beita þeirri breytingu að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2023 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 36 (IAS-staðall 36)

Virðisrýrnun eigna

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum staðli er að mæla fyrir um þær aðferðir sem eining beitir til að tryggja að eignir hennar séu ekki bókfærðar á hærra verði en endurheimtanlegri fjárhæð. Eign er bókfærð á hærri fjárhæð en endurheimtanlegri fjárhæð ef bókfært verð er hærra en fjárhæðin sem endurheimtist með notkun eða sölu eignarinnar. Í þeim tilvikum er eignin sögð hafa rýrnað að virði og þess er krafist í staðlinum að eining færi virðisrýrnunartap. Í staðlinum er einnig tilgreint hvenær eining skuli bakfæra virðisrýrnunartap og í honum er mælt fyrir um upplýsingagjöf.

GILDISSVIÐ

2 Þessum staðli skal beita við færslu virðisrýrnunar allra eigna, annarra en:

a) birgða (sjá IAS-staðal 2, birgðir),

b) samningseigna og eigna sem verða til vegna kostnaðar við að fá eða efna samning sem eru færðar í samræmi við IFRS-staðal 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*.

c) frestaðra skattinneigna (sjá IAS-staðal 12, *tekjuskattar*),

d) eigna, sem myndast vegna starfsmannakjara (sjá IAS-staðal 19, *starfskjör*),

e) fjáreigna sem falla undir gildissvið IFRS-staðals 9, *fjármálagerningar*,

f) fjárfestingareigna, sem metnar eru á gangvirði (sjá IAS-staðal 40, *fjárfestingareignir*),

g) lífrænna eigna sem tengjast landbúnaðarstarfsemi sem falla innan gildissviðs IAS-staðals 41, *landbúnaður*, og metnar eru á gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði,

h) samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17, *vátryggingarsamningar*, sem eru eignir og allra eigna fyrir sjóðstreymi við öflun vátrygginga eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 17 og

i) fastafjármuna (eða ráðstöfunarflokka) sem eru skilgreindir sem haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*.

3 Þessi staðall gildir ekki um birgðir, eignir sem myndast vegna verksamninga, frestaðar skattinneignir, eignir sem myndast vegna starfskjara eða eignir sem eru flokkaðar sem haldið til sölu (eða eru í ráðstöfunarflokki sem er flokkaður sem haldið til sölu) vegna þess að í gildandi stöðlum, sem gilda um þessar eignir, eru þegar kröfur um færslu og mat á þessum eignum.

4 Þessi staðall gildir um fjáreignir flokkaðar sem:

a) dótturfélög, eins og þau eru skilgreind í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*,

b) hlutdeildarfélög, eins og skilgreind í IAS-staðli 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*, og

c) samrekstur, eins og skilgreindur í IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*.

Að því er varðar virðisrýrnun annarra fjáreigna vísast í IFRS-staðal 9.

5 Þessi staðall gildir ekki um fjáreignir innan gildissviðs IFRS-staðals 9, fjárfestingareign sem metin er á gangvirði innan gildissviðs IAS-staðals 40 eða lífrænar eignir sem tengjast landbúnaðarstarfsemi og metnar eru á gangvirði að frádregnum sölukostnaði innan gildissviðs IAS-staðals 41. Þessi staðall gildir þó um eignir sem eru bókfærðar á endurmetinni fjárhæð (þ.e. gangvirði á endurmatsdegi að undanskildum síðar uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnunartöpum) í samræmi við aðra IFRS-staðla, eins og endurmatslíkanið í IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir* og IAS-staðli 38, *óefnislegar eignir*. Beinn viðbótarkostnaður sem tengja má ráðstöfun eignarinnar er eini munurinn á milli gangvirðis eignar og gangvirðis hennar að frádregnum ráðstöfunarkostnaði.

a) i. ef ráðstöfunarkostnaður eignar er óverulegur er endurheimtanleg fjárhæð endurmetinnar eignar nálægt eða hærri en hin endurmetna fjárhæð hennar (þ.e. gangvirði). Eftir að endurmatskröfunum hefur verið beitt í þessu tilviki er ólíklegt að endurmetna eignin hafi rýrnað að virði og því þarf ekki að áætla endurheimtanlegu fjárhæðina.

ii. [felldur brott]

b) [felldur brott]

c) ef ráðstöfunarkostnaður eignar er ekki óverulegur verður gangvirði að frádregnum sölukostnaði endurmetnu eignarinnar lægra en gangvirði hennar. Þess vegna rýrnar virði endurmetnu eignarinnar ef notkunarvirði er lægra en endurmetin fjárhæð hennar. Eftir að endurmatskröfunum hefur verið beitt í þessu tilviki beitir eining þessum staðli til að ákvarða hvort eignin kunni að hafa rýrnað að virði.

SKILGREININGAR

6 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Bókfært verð **er sú fjárhæð sem færð er til eignar eftir frádrátt á öllum uppsöfnuðum afskriftum og uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum.**

Fjárskapandi eining **er minnsti skilgreinanlegi eignaflokkur sem skilar innstreymi handbærs fjár sem er að stærstum hluta óháð innstreymi handbærs fjár frá öðrum eignum eða eignaflokkum.**

Heildareignir fyrirtækis **eru eignir, aðrar en viðskiptavild, sem stuðla að framtíðarsjóðstreymi hjá fjárskapandi einingu, sem verið er að endurskoða, og hjá öðrum fjárskapandi einingum.**

Ráðstöfunarkostnaður **er viðbótarkostnaður, sem rekja má beint til ráðstöfunar eignar eða fjárskapandi einingar, að undanskildum fjármagnskostnaði og tekjuskattskostnaði.**

Afskrifanleg fjárhæð **er kostnaðarverð eignar eða önnur fjárhæð, sem kemur í stað kostnaðarverðs í reikningsskilunum, að frádregnu hrakvirði hennar.**

Afskriftir **eru kerfisbundin skipting afskrifanlegrar fjárhæðar eignar á nýtingartíma hennar** ([21]).

Gangvirði **er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13, *gangvirðismat*.)**

Virðisrýrnunartap **er sú fjárhæð sem bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar.**

([21]) Þegar um er að ræða óefnislega eign er hugtakið „afskriftir“ (e. *amortisation*) notað í stað enska hugtaksins „depreciation“ fyrir „afskriftir“. Bæði hugtökin merkja það sama.

Endurheimtanleg fjárhæð **eignar eða fjárskapandi einingar er sú fjárhæð sem er gangvirði að frádregnum sölukostnaði eða notkunarvirði hennar hvor heldur fjárhæðin er hærri.**

Nýtingartími **er annaðhvort:**

a) tímabilið, sem vænst er að eining noti eign,

b) fjöldi framleiðslueininga eða sambærilegra eininga sem vænta má að einingin afli með eigninni.

Notkunarvirði **er núvirði framtíðarsjóðstreymis sem vænst er að myndist af eign eða fjárskapandi einingu.**

AÐGREINING EIGNAR SEM GÆTI HAFA RÝRNAÐ AÐ VIRÐI

7 Í 8.–17. lið er tilgreint hvenær ákvarða skal endurheimtanlega fjárhæð. Í þessum kröfum er hugtakið „eign“ notað en kröfurnar gilda jafnt um einstaka eign eða fjárskapandi einingu. Að öðru leyti er staðallinn uppbyggður sem hér segir:

a) Í 18.–57. lið eru settar fram kröfur um mat á endurheimtanlegri fjárhæð. Í þessum kröfum er hugtakið „eign“ einnig notað en kröfurnar gilda jafnt um einstaka eign og fjárskapandi einingu.

b) Í 58.–108. lið eru settar fram kröfur um færslu og mat virðisrýrnunartaps. Fjallað er um færslu og mats virðisrýrnunartaps vegna einstakra eigna annarra en viðskiptavildar í 58.–64. lið. Í 65.–108. lið er fjallað um færslu og mat virðisrýrnunartaps vegna fjárskapandi eininga og viðskiptavildar.

c) Í 109.–116. lið eru settar fram kröfur um bakfærslu virðisrýrnunartaps sem fært var á eign eða fjárskapandi einingu á fyrri tímabilum. Í þessum kröfum er hugtakið „eign“ aftur notað en kröfurnar gilda jafnt um einstaka eign eða fjárskapandi einingu. Viðbótarkröfur eru settar fram fyrir einstaka eign í 117.–121. lið, fyrir fjárskapandi einingu í 122. og 123. lið og fyrir viðskiptavild í 124. og 125. lið.

d) Í 126.–133. lið eru tilgreindar upplýsingarnar sem gefa þarf um virðisrýrnunartap og bakfærslu virðisrýrnunartaps vegna eigna og fjárskapandi eininga. Í 134.–137. lið eru tilgreindar viðbótarkröfur um upplýsingar fyrir fjárskapandi einingar sem viðskiptavild eða óefnislegum eignum með ótakmarkaðan nýtingartíma hefur verið skipt á í þeim tilgangi að prófa hvort virðisrýrnun hafi orðið.

8 Eign hefur rýrnað að virði þegar bókfært verð hennar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Í 12.–14. lið er lýst vísbendingum um að virðisrýrnunartap hafi orðið. Ef einhver þessara vísbendinga er fyrir hendi er gerð krafa um að eining vinni formlegt mat á endurheimtanlegri fjárhæð. Ef engin vísbending er um hugsanlegt virðisrýrnunartap er ekki gerð krafa um það í þessum staðli að eining framkvæmi formlegt mat á endurheimtanlegri fjárhæð með þeirri undantekningu sem lýst er í 10. lið.

9 Eining skal í lok hvers reikningsskilatímabils meta hvort einhverjar vísbendingar séu um að eign kunni að hafa rýrnað að virði. Ef slík vísbending er fyrir hendi skal eining meta endurheimtanlega fjárhæð eignarinnar.

10 Óháð því hvort vísbending er fyrir hendi um að virðisrýrnun hafi orðið skal eining einnig:

a) kanna virðisrýrnun á óefnislegri eign með ótakmarkaðan nýtingartíma eða óefnislegri eign sem er ekki enn tiltæk til notkunar árlega með því að bera bókfært verð hennar saman við endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnunarprófið má framkvæma hvenær sem er á árlegu tímabili að því tilskildu að það sé framkvæmt á sama tíma ár hvert. Kanna má virðisrýrnun mismunandi óefnislegra eigna á mismunandi tímum. Ef slík óefnisleg eign var í upphafi færð á yfirstandandi árlegu tímabili skal þó kanna virðisrýrnun þeirrar óefnislegu eignar fyrir lok yfirstandandi árlega tímabilsins,

b) kanna árlega hvort virðisrýrnun hafi orðið á viðskiptavild sem yfirtekin er við sameiningu fyrirtækja í samræmi við 80.–99. lið.

11 Meiri óvissa ríkir um getu óefnislegrar eignar til að mynda nægan, efnahagslegan framtíðarávinning svo að bókfært verð hennar endurheimtist áður en eignin er tiltæk til notkunar heldur en eftir að hún er tiltæk til notkunar. Af þeirri ástæðu er gerð krafa um það í þessum staðli að eining kanni a.m.k. árlega virðisrýrnun á bókfærðu verði óefnislegrar eignar, sem er ekki enn tiltæk til notkunar.

12 Við mat á því hvort vísbendingar séu um að eign kunni að hafa rýrnað að virði skal eining a.m.k. taka tillit til eftirfarandi vísbendinga:

Ytri upplýsingar

a) sannreynanlegar vísbendingar eru um að verð eignar hafi lækkað mikið á því tímabili umfram það sem vænta mætti vegna framrásar tímans eða venjulegrar notkunar,

b) verulegar breytingar, sem hafa neikvæð áhrif á einingu, hafa átt sér stað á tímabilinu eða munu eiga sér stað í náinni framtíð í tæknilegu, markaðslegu, efnahagslegu eða lagalegu umhverfi, sem einingin starfar í, eða á þeim markaði sem eignin tengist tilheyrir.

c) markaðsvextir eða annað markaðshlutfall arðsemi fjárfestinga hefur hækkað á tímabilinu og hækkanirnar munu líklega hafa áhrif á afvöxtunarstuðulinn sem notaður er til að reikna notkunarvirði eignar og lækka endurheimtanlega fjárhæð eignar verulega,

d) bókfært verð hreinna eigna einingarinnar, sem reikningsskilin taka til, er hærra en markaðsvirði hennar.

Innri upplýsingar

e) vísbendingar eru fyrir hendi um úreldingu eða efnislegar skemmdir á eign,

f) verulegar breytingar, sem hafa neikvæð áhrif á eininguna, hafa átt sér stað á tímabilinu eða þess er vænst að þær muni eiga sér stað í náinni framtíð að því er varðar hversu mikið eða á hvaða hátt eign er notuð eða búist er við að hún verði notuð. Til þessara breytinga teljast tilvik þegar eignin er ekki notuð, áætlanir um stöðvun eða endurskipulagningu rekstrar, sem eign tilheyrir, og áætlanir um ráðstöfun eignar fyrir áður áætlaða dagsetningu og endurmat á að nýtingartími hennar sé sem takmarkaður fremur en ótakmarkaður ([22]),

g) í innri skýrslugerð eru fyrir hendi vísbendingar sem gefa til kynna að efnahagslegur árangur eignar sé eða muni verða verri en vænst hafði verið.

Arðgreiðsla frá dótturfélagi, samrekstri eða hlutdeildarfélagi

h) fyrir fjárfestingu í dótturfélagi, samrekstri eða hlutdeildarfélagi skal fjárfestir færa arð af fjárfestingunni og færa sönnur á:

i. að bókfært verð fjárfestingar í aðgreindum reikningsskilum sé hærra en bókfært verð hreinnar eignar í samstæðureikningsskilum þess félags sem fjárfest er í, þ.m.t. tengd viðskiptavild, eða

([22]) Þegar eign uppfyllir skilyrði um að vera flokkuð sem haldið til sölu (eða innifalin í ráðstöfunarflokki sem er flokkaður sem haldið til sölu) fellur hún utan gildissviðs þessa staðals og er færð í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*.

ii. að arðurinn sé hærri en samanlögð heildarafkoma dótturfélagsins, samrekstrarins eða hlutdeildarfélagsins á tímabilinu þegar arðurinn er gefinn upp.

13 Skráin í 12. lið er ekki tæmandi. Eining getur fundið aðrar vísbendingar um að eign kunni að hafa rýrnað að virði og þær útheimta að einingin ákvarði endurheimtanlega fjárhæð eignar eða þegar um er að ræða viðskiptavild að hún framkvæmi virðisrýrnunarpróf í samræmi við 80.–99. lið.

14 Vísbendingar úr innri skýrslugerð, sem gefa til kynna að eign kunni að hafa rýrnað að virði eru m.a.:

a) sjóðstreymi vegna kaupa á eigninni eða síðari þörf fyrir handbært fé til að reka eignina eða viðhalda henni, sem er umtalsvert meira en það sem upphaflega var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun,

b) raunverulegt, hreint sjóðstreymi eða rekstrarhagnaður eða -tap af eigninni, sem er umtalsvert meira en það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun,

c) umtalsverð lækkun á áætluðu, hreinu sjóðstreymi eða rekstrarhagnaði eða umtalsverð hækkun á áætluðu tapi vegna eignarinnar eða

d) rekstrartap eða hreint útstreymi handbærs fjár vegna eignarinnar þegar fjárhæðir yfirstandandi tímabils eru lagðar saman við fjárhæðir í framtíðarfjárhagsáætlun.

15 Eins og fram kemur í 10. lið er gerð krafa um það í þessum staðli að virðisrýrnun óefnislegrar eignar með ótakmarkaðan nýtingartíma eða sem er ekki enn tiltæk til notkunar og sem viðskiptavild sé prófuð a.m.k. árlega. Hugtakið um mikilvægi á við þegar reynt er að komast að því hvort meta þarf endurheimtanlega fjárhæð eignar að undanskildum þeim tilvikum þegar kröfur 10. liðar eiga við. Ef fyrri útreikningar sýna t.d. að endurheimtanleg fjárhæð eignar er umtalsvert hærri en bókfært verð hennar þarf einingin ekki að endurmeta endurheimtanlega fjárhæð eignarinnar ef engir atburðir hafa átt sér stað sem myndu eyða mismuninum. Á sama hátt kann fyrri greining að sýna að endurheimtanleg fjárhæð eignar er ekki háð einni (eða fleiri) af vísbendingunum sem taldar eru upp í 12. lið.

16 Til skýringar á 15. lið er ekki gerð krafa um að eining framkvæmi formlegt mat á endurheimtanlegri fjárhæð eignar í eftirfarandi tilvikum ef markaðsvextir eða aðrir markaðsávöxtunarstuðlar á fjárfestingar hafa hækkað á tímabilinu:

a) ef ólíklegt er að afvöxtunarstuðullinn sem notaður er til að reikna út notkunarvirði eignarinnar verði fyrir áhrifum af hækkun þessara markaðsvaxta. Til dæmis getur verið um að ræða að hækkanir á skammtímavöxtum hafi ekki mikilvæg áhrif á afvöxtunarstuðulinn, sem notaður er á eign sem á langan nýtingartíma eftir,

b) ef líklegt er að afvöxtunarstuðullinn, sem notaður er til að reikna út notkunarvirði eignarinnar, verði fyrir áhrifum af hækkun þessara markaðsvaxta en fyrri næmisgreining á endurheimtanlegri fjárhæð sýnir að:

i. ólíklegt er að veruleg lækkun verði á endurheimtanlegri fjárhæð vegna þess að framtíðarsjóðstreymi muni líklega einnig hækka (í sumum tilvikum gæti eining t.d. sýnt fram á að hún lagi tekjur sínar að hækkunum á markaðsvöxtum), eða

ii. að lækkunin á endurheimtanlegri fjárhæð muni líklega ekki leiða til verulegs virðisrýrnunartaps.

17 Ef vísbending er um að eign kunni að hafa rýrnað að virði getur það gefið til kynna að sá nýtingartími sem eftir er, afskriftaraðferð eða hrakvirði eignarinnar þarfnist endurskoðunar og aðlögunar samkvæmt þeim staðli sem á við um eignina jafnvel þó að ekkert virðisrýrnunartap sé fært vegna eignarinnar.

MAT Á ENDURHEIMTANLEGRI FJÁRHÆÐ

18 Í þessum staðli er endurheimtanleg fjárhæð skilgreind sem sú fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar sem er hærri af gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði eða notkunarvirði hennar. Í 19.–57. lið eru settar fram kröfur um mat á endurheimtanlegri fjárhæð. Í þessum kröfum er hugtakið „eign“ notað en kröfurnar gilda jafnt um einstaka eign eða fjárskapandi einingu.

19 Ekki er alltaf nauðsynlegt að ákvarða bæði gangvirði eignar að frádregnum ráðstöfunarkostnaði og notkunarvirði hennar. Ef önnur þessara fjárhæða er hærri en bókfært verð eignarinnar hefur eignin ekki rýrnað að virði og ekki er nauðsynlegt að meta hina fjárhæðina.

20 Jafnvel gæti verið mögulegt að meta gangvirði að frádregnum sölukostnaði ef ekki er um að ræða skráð verð á virkum markaði fyrir eins eign. Stundum er þó ekki mögulegt við ríkjandi markaðsaðstæður að meta gangvirði að frádregnum sölukostnaði vegna þess að enginn grundvöllur er til að framkvæma áreiðanlegt mat á fjárhæðinni sem fæst með sölu eignarinnar í viðskiptum markaðsaðila á matsdegi. Í því tilviki getur eining notað notkunarvirði eignarinnar sem endurheimtanlega fjárhæð hennar.

21 Ef engin ástæða er til að ætla að notkunarvirði eignar sé verulega hærra en gangvirði hennar að frádregnum ráðstöfunarkostnaði má nota gangvirði eignar að frádregnum ráðstöfunarkostnaði sem endurheimtanlega fjárhæð hennar. Þessu er oft háttað svo þegar um er að ræða eign sem ætluð er til ráðstöfunar. Þetta stafar af því að notkunarvirði eignar sem ætluð er til ráðstöfunar samanstendur aðallega af hreinu ráðstöfunarverði vegna þess líklegt er að framtíðarsjóðstreymi vegna áframhaldandi notkunar eignarinnar fram að ráðstöfun verði óverulegt.

22 Endurheimtanleg fjárhæð er ákvörðuð fyrir einstaka eign nema eignin skili ekki innstreymi handbærs fjár sem er að stórum hluta óháð því innstreymi sem myndast vegna annarra eigna eða eignaflokka. Í þeim tilvikum er endurheimtanleg fjárhæð ákvörðuð fyrir þá fjárskapandi einingu sem eignin tilheyrir (sjá 65.–103. lið) nema:

a) gangvirði eignarinnar að frádregnum ráðstöfunarkostnaði sé annaðhvort hærra en bókfært verð hennar

b) unnt sé að áætla að notkunarvirði eignarinnar sé nálægt gangvirði að frádregnum sölukostnaði hennar og unnt sé að meta gangvirðið að frádregnum sölukostnaði.

23 Í sumum tilvikum kann mat, meðaltöl og einfaldari reikningsaðferðir að veita raunhæfa nálgun á þeim ítarlegu útreikningum sem sýndir eru í þessum staðli til að ákvarða gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði eða notkunarvirði.

Mat á endurheimtanlegri fjárhæð óefnislegrar eignar með ótakmarkaðan nýtingartíma

24 Í 10. lið er gerð krafa um að virðisrýrnun óefnislegrar eignar með ótakmarkaðan nýtingartíma sé prófuð árlega með því að bera bókfært verð hennar saman við endurheimtanlega fjárhæð hennar óháð því hvort einhver vísbending sé um að hún hafi rýrnað að virði. Þó er heimilt að nota nýjasta ítarlega útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð slíkrar eignar sem gerður var á fyrra tímabili til að prófa hvort sú eign hafi rýrnað að virði á yfirstandandi tímabili að því tilskildu að öll eftirfarandi viðmið séu uppfyllt:

a) ef óefnislega eignin skilar ekki innstreymi handbærs fjár af áframhaldandi notkun sem er að stórum hluta óháð því innstreymi sem myndast vegna annarra eigna eða eignaflokka, og er því virðisrýrnunarprófuð sem hluti af fjárskapandi einingunni sem hún tilheyrir, hafa eignir og skuldir sem sú eining samanstendur af ekki breyst verulega frá nýjasta útreikningi á endurheimtanlegu fjárhæðinni,

b) niðurstaða nýjasta útreiknings á endurheimtanlegri fjárhæð var fjárhæð sem var umtalsvert hærri en bókfært verð eignarinnar og

c) byggt á greiningu atburða sem hafa átt sér stað og aðstæðna sem hafa breyst frá nýjasta útreikningi á endurheimtanlegri fjárhæð eru hverfandi líkur á því að gildandi ákvörðun á endurheimtanlegri fjárhæð sé lægri en bókfært verð eignarinnar.

Gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði

25–27 [Felldur brott]

28 Ráðstöfunarkostnaður, annar en sá sem þegar hefur verið skuldfærður, er dreginn frá við mat gangvirðis að frádregnum ráðstöfunarkostnaði. Dæmi um slíkan kostnað eru lögfræðikostnaður, stimpilgjald og sambærilegir viðskiptaskattar, kostnaður við að fjarlægja eign og beinn viðbótarkostnaður við að undirbúa eign til sölu. Þó eru uppsagnarkjör (eins og þau eru skilgreind í IAS-staðli 19) og kostnaður, sem tengist samdrætti eða endurskipulagningu fyrirtækis eftir ráðstöfun eignar, ekki beinn viðbótarkostnaður við ráðstöfun eignar.

29 Stundum krefst ráðstöfun eignar þess að kaupandi yfirtaki skuld og einungis eitt gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði er fáanlegt fyrir bæði eignina og skuldina. Í 78. lið er útskýrt hvernig farið skal með slík tilvik.

Notkunarvirði

30 Eftirfarandi þættir skulu endurspeglast í útreikningi á notkunarvirði eignar:

a) mat á framtíðarsjóðstreyminu sem einingin væntir að fá af eigninni,

b) væntingar um hugsanlegar breytingar á fjárhæð eða tímasetningu þessa framtíðarsjóðstreymis,

c) tímavirði peninga táknað með núverandi áhættulausum markaðsvöxtum,

d) verðið fyrir að taka á sig óvissuna sem felst í eigninni, og

e) aðrir þættir, eins og lausafjárskortur, sem markaðsaðilar myndu láta koma fram í verðlagningu framtíðarsjóðstreymis sem einingin væntir að fá af eigninni.

31 Mat á notkunarvirði eignar felur í sér eftirfarandi skref:

a) mat á inn- og útstreymi handbærs fjár í framtíðinni, sem mun fást af áframhaldandi notkun eignarinnar og endanlegri ráðstöfun hennar, og

b) beitingu viðeigandi afvöxtunarstuðuls gagnvart þessu framtíðarsjóðstreymi.

32 Þættina sem auðkenndir eru í b-, d- og e-lið 30. liðar má endurspegla sem leiðréttingar á framtíðarsjóðstreymi eða leiðréttingar á afvöxtunarstuðli. Sama hvaða aðferð eining notar til að endurspegla væntingar um hugsanlegar breytingar á fjárhæð eða tímasetningu framtíðarsjóðstreymis skal niðurstaðan endurspegla vænt núvirði framtíðarsjóðstreymis, þ.e. vegið meðaltal allra hugsanlegra niðurstaðna. Í viðbæti A eru frekari leiðbeiningar um notkun núvirðisaðferðar við mat á notkunarvirði eignar.

Grundvöllur mats á framtíðarsjóðstreymi

33 Við mat á notkunarvirði skal eining:

a) byggja sjóðstreymisspá á raunhæfum og rökstuddum forsendum sem sýna besta mat stjórnenda á efnahagsaðstæðunum sem munu vera fyrir hendi það sem eftir er af nýtingartíma eignarinnar. Ytri vísbendingar skulu hafa meira vægi,

b) byggja sjóðstreymisspár á nýjustu fjárhagsáætlunum sem stjórnendur hafa samþykkt en ekki taka tillit til inn- og útstreymis handbærs fjár í framtíðinni sem búist er við af fjárhagslegri framtíðarendurskipulagningu eða vegna þess að árangur eignarinnar er bættur eða lagaður. Spár, sem byggja á þessum fjárhagsáætlunum/spám, skulu að hámarki ná yfir fimm ára tímabil nema unnt sé að færa rök fyrir lengra tímabili,

c) meta sjóðstreymisspár fram yfir tímabilið sem nýjustu fjárhagsáætlanir/spár ná yfir með því að nota framreikning, byggðan á fjárhagsáætlununum/spánum með stöðugum eða lækkandi vaxtarhraða fyrir árin á eftir nema unnt sé að færa rök fyrir auknum hraða. Þessi vaxtarhraði skal ekki vera meiri en langtímameðalvaxtarhraði vörunnar, atvinnugreinarinnar eða landsins eða landanna, sem einingin starfar í, eða á þeim markaði þar sem eignin er notuð nema unnt sé að færa rök fyrir meiri hraða.

34 Stjórnendur meta réttmæti forsendnanna sem gildandi sjóðstreymisspár eru byggðar á með því að kanna ástæður fyrir mismun á fyrri sjóðstreymisspám og raunverulegu sjóðstreymi. Stjórnendur skulu tryggja að forsendurnar sem gildandi sjóðstreymisspár eru byggðar á séu í samræmi við fyrra raunverulegt sjóðstreymi að því tilskildu að áhrif síðari atburða eða aðstæðna sem voru ekki til staðar þegar raunverulega sjóðstreymið myndaðist geri það viðeigandi.

35 Ítarlegar, skýrar og áreiðanlegar fjárhagsáætlanir/-spár um framtíðarsjóðstreymi að því er tekur til tímabila, sem eru lengri en fimm ár, eru yfirleitt ekki fáanlegar. Af þessum sökum er mat stjórnenda á framtíðarsjóðstreymi byggt á nýjustu fjárhagsáætlunum/spám fyrir næstu fimm ár að hámarki. Stjórnendur mega nota sjóðstreymisspár sem eru byggðar á fjárhagsáætlunum/-spám fyrir tímabil sem er lengra en fimm ár ef þeir eru þess fullvissir að þessar spár séu áreiðanlegar og þeir geti sýnt fram á getu sína, sem byggist á fyrri reynslu, til að spá fyrir um sjóðstreymi á þessu lengra tímabili af nákvæmni.

36 Sjóðstreymisspár þar til að nýtingartíma eignar lýkur eru metnar með því að framreikna spár um sjóðstreymi sem eru byggðar á fjárhagsáætlunum/spám með því að nota vaxtarhraða fyrir árin á eftir. Þessi hraði er stöðugur eða fer lækkandi nema að aukning á hraðanum samsvari hlutlægum upplýsingum um mynstur á lífsskeiði vöru eða atvinnugreinar. Vaxtarhraðinn er núll eða neikvæður ef við á.

37 Þar sem skilyrði eru ákjósanleg er líklegt að samkeppnisaðilar komi inn á markað og takmarki vöxt. Þegar til lengri tíma er litið (t.d. 20 ár) munu því einingar eiga erfitt með að fara fram úr sögulegum meðalvaxtarhraða þeirra vara, atvinnugreina, eða lands eða landa, sem einingin starfar í, eða markaðarins þar sem eignin er notuð.

38 Þegar upplýsingar úr fjárhagsáætlunum/-spám eru notaðar skoðar eining hvort upplýsingarnar endurspegli raunhæfar og rökstuddar forsendur og sýni besta mat stjórnenda á þeim efnahagsaðstæðum sem verða það sem eftir er af nýtingartíma eignarinnar.

Samsetning mats á framtíðarsjóðstreymi

39 Mat á framtíðarsjóðstreymi skal fela í sér:

a) spár um innstreymi handbærs fjár af áframhaldandi notkun eignarinnar,

b) spár um útstreymi handbærs fjár, sem nauðsynlegt er að stofna til í þeim tilgangi að mynda innstreymi handbærs fjár af áframhaldandi notkun eignarinnar (þ.m.t. útstreymi handbærs fjár til að undirbúa eignina til notkunar) og sem rekja má beint eða ráðstafa til eignarinnar á raunhæfum og samræmdum grundvelli, og

c) hreint sjóðstreymi, ef eitthvert er, sem verður móttekið (eða greitt) vegna ráðstöfunar eignarinnar við lok nýtingartíma hennar.

40 Mat á framtíðarsjóðstreymi og afvöxtunarstuðullinn endurspegla svipaðar forsendur um verðhækkanir sem rekja má til almennrar verðbólgu. Ef afvöxtunarstuðullinn felur í sér áhrif verðhækkana sem rekja má til almennrar verðbólgu er framtíðarsjóðstreymi því metið á nafnvirði. Ef afvöxtunarstuðullinn felur ekki í sér áhrif verðhækkana sem rekja má til almennrar verðbólgu er framtíðarsjóðstreymi metið á raunvirði (en felur í sér sérstakar verðhækkanir eða verðlækkanir í framtíðinni).

41 Spár um útstreymi handbærs fjár taka til daglegs viðhalds á eigninni auk óbeins framtíðarkostnaðar sem rekja má beint til eða ráðstafa á notkun eignarinnar á raunhæfum og samræmdum grundvelli.

42 Þegar bókfært verð eignar felur ekki enn í sér allt útstreymi handbærs fjár sem stofnað verður til áður en hún er tilbúin til notkunar eða sölu felur mat á framtíðarútstreymi handbærs fjár í sér mat á frekara útstreymi handbærs fjár sem vænst er að stofnað verði til áður en eignin er tilbúin til notkunar eða sölu. Þetta á t.d. við um byggingu, sem verið er að reisa, eða þróunarverkefni sem ekki er enn lokið.

43 Til að forðast tvítalningu skal mat á framtíðarsjóðstreymi ekki fela í sér:

a) innstreymi handbærs fjár frá eignum, sem skila innstreymi handbærs fjár, sem er að stórum hluta óháð innstreymi handbærs fjár frá eigninni sem verið er að endurskoða (t.d. fjáreignir eins og viðskiptakröfur) og

b) útstreymi handbærs fjár sem tengist skuldbindingum sem hafa verið skuldfærðar (t.d. skuldir, lífeyrir eða áætlaðar skuldbindingar).

44 Meta skal framtíðarsjóðstreymi fyrir eignina í núverandi ástandi. Mat á framtíðarsjóðstreymi skal ekki fela í sér mat á inn- og útstreymi handbærs fjár sem búist er við að myndist vegna:

a) fjárhagslegrar framtíðarendurskipulagningar, sem einingin hefur ekki enn skuldbundið sig til, eða

b) þess að árangur eignarinnar er bættur eða lagaður.

45 Vegna þess að framtíðarsjóðstreymi er metið fyrir eignina í núverandi ástandi endurspeglar nýtingarvirði ekki:

a) framtíðarútstreymi handbærs fjár eða tengdan sparnað vegna lækkunar á kostnaði (t.d. lækkanir á starfsmanna kostnaði) eða ávinning sem vænst er að verði af fjárhagslegri framtíðarendurskipulagningu, sem eining hefur ekki enn skuldbundið sig til, eða

b) framtíðarútstreymi handbærs fjár sem bætir eða lagar efnahagslegan árangur eignarinnar eða tengt innstreymi handbærs fjár sem búist er við að myndist af slíku útstreymi.

46 Endurskipulagning er áætlun sem er skipulögð og stýrt af stjórnendum og breytir verulega umfangi viðskiptanna, sem eining fæst við, eða á hvaða hátt viðskiptin fara fram. Í IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, er að finna leiðbeiningar sem skýra hvenær eining telst skuldbundin til endurskipulagningar.

47 Þegar eining skuldbindur sig til endurskipulagningar er líklegt að hún hafi áhrif á sumar eignir. Þegar eining hefur skuldbundið sig til endurskipulagningar:

a) endurspeglast sparnaður vegna lækkunar á kostnaði og annar ávinningur af endurskipulagningunni í ákvörðun notkunarvirðis, mati á inn- og útstreymi handbærs fjár í framtíðinni (byggt á nýjustu fjárhagsáætlunum/-spám sem stjórnendur hafa samþykkt), og

b) er mat á framtíðarútstreymi handbærs fjár vegna endurskipulagningarinnar innifalið í endurskipulagningarákvæði samkvæmt IAS-staðli 37.

Skýringardæmi 5 sýnir áhrif framtíðarendurskipulagningar á útreikning notkunarvirðis.

48 Þar til eining stofnar til útstreymis handbærs fjár sem bætir eða eykur efnahagslegan árangur eignar felur mat á framtíðarsjóðstreymi ekki í sér mat á framtíðarinnstreymi handbærs fjár sem vænst er að verði vegna þessa útstreymis handbærs fjár (sjá skýringardæmi 6).

49 Mat á framtíðarsjóðstreymi inniheldur framtíðarútstreymi handbærs fjár sem er nauðsynlegt til að viðhalda því stigi efnahagslegs ávinnings sem vænst er að verði af eigninni í núverandi ástandi. Þegar fjárskapandi eining samanstendur af eignum með mismunandi áætlaðan nýtingartíma sem allar eru nauðsynlegar fyrir áframhaldandi rekstur einingarinnar er endurnýjun eigna með styttri nýtingartíma talin hluti af daglegu viðhaldi eignarinnar þegar framtíðarsjóðstreymi sem tengist einingunni er metið. Á sama hátt þegar einstök eign samanstendur af einingum með mismunandi áætlaðan nýtingartíma er endurnýjun eininga með styttri nýtingartíma talin hluti af daglegu viðhaldi eignarinnar þegar framtíðarsjóðstreymi sem eignin myndar er metið.

50 Mat á framtíðarsjóðstreymi skal ekki fela í sér:

a) inn- eða útstreymi handbærs fjár vegna fjármögnunarhreyfinga eða

b) endurgreiðslur eða greiðslur á tekjuskatti.

51 Mat á framtíðarsjóðstreymi endurspeglar forsendur sem samræmast því hvernig afvöxtunarstuðull er ákvarðaður. Að öðrum kosti eru áhrif sumra forsendna tvítalin eða litið er fram hjá þeim. Vegna þess að tímavirði peninga er tekið til skoðunar með því að afvaxta metið framtíðarsjóðstreymi felur þetta sjóðstreymi ekki í sér inn- eða útstreymi vegna fjármögnunarhreyfinga. Eins er framtíðarsjóðstreymi einnig metið fyrir skatta þar sem afvöxtunarstuðull er ákvarðaður fyrir skatta.

52 Mat á hreinu sjóðstreymi, sem verður móttekið (eða greitt) vegna ráðstöfunar eignar við lok nýtingartíma, skal vera sú fjárhæð sem eining væntir að fá fyrir ráðstöfun eignarinnar í viðskiptum ótengdra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskiptanna, að frádregnum áætluðum ráðstöfunarkostnaði.

53 Mat á hreinu sjóðstreymi sem verður móttekið (eða greitt) vegna ráðstöfunar eignar við lok nýtingartíma er ákvarðað á sambærilegan hátt og gangvirði eignar að frádregnum ráðstöfunarkostnaði nema að eftirfarandi gildir við mat á þessu hreina sjóðstreymi:

a) einingin notar það verð sem var í gildi á þeim degi, sem matið var unnið á sambærilegum eignum, sem hafa lokið nýtingartíma sínum og voru reknar við sambærilegar aðstæður og eignin verður notuð við.

b) einingin leiðréttir þetta verð vegna áhrifa af framtíðarverðhækkunum vegna almennrar verðbólgu og áhrifa af sérstökum framtíðarverðhækkunum eða -lækkunum. Ef ekki er tekið tillit til áhrifa af almennri verðbólgu í mati á framtíðarsjóðstreymi af áframhaldandi notkun eignarinnar og með afvöxtunarstuðli undanskilur einingin líka þessi áhrif mati á hreinu sjóðstreymi vegna ráðstöfunar.

53A Gangvirði er annað en notkunarvirði. Gangvirði endurspeglar forsendurnar sem markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu á eigninni. Gagnstætt því endurspeglar notkunarvirði áhrif af þáttum sem eiga sérstaklega við um eininguna en eiga ekki við um einingar almennt. Gangvirði endurspeglar t.d. ekki neinn af eftirfarandi þáttum, svo framarlega sem þeir eru ekki almennt tiltækir markaðsaðilum:

a) virðisauka, sem leiðir af hópi eigna (t.d. stofnun fjárfestingasafns með eignum með mismunandi staðsetningu),

b) samlegðaráhrif á milli eignarinnar sem metin er og annarra eigna,

c) lagaleg réttindi eða lagalegar hömlur, sem aðeins ná til núverandi eiganda eignarinnar og

d) skattalegan ávinning eða skattbyrði sem aðeins nær til núverandi eiganda eignarinnar.

Framtíðarsjóðstreymi í erlendum gjaldmiðli

54 Framtíðarsjóðstreymi er metið í þeim gjaldmiðli sem það verður til í og síðan afvaxtað með afvöxtunarstuðli sem er viðeigandi fyrir þann gjaldmiðil. Eining umreiknar núvirðið á stundargengi dagsetningar útreiknings notkunarvirðis.

Afvöxtunarstuðull

55 Afvöxtunarstuðullinn eða -stuðlarnir skal vera afvöxtunarstuðull eða –stuðlar fyrir skatta sem endurspegla núverandi markaðsmat á:

a) tímavirði peninga og

b) áhættuna sem fylgir þessari eign sérstaklega sem mat á framtíðarsjóðstreymi hefur ekki verið leiðrétt fyrir.

56 Stuðull, sem endurspeglar núverandi markaðsmat á tímavirði peninga og áhættuna sem fylgir eigninni sérstaklega, er sú ávöxtun sem fjárfestar myndu þarfnast ef þeir ættu að velja fjárfestingu sem myndi skila sjóðstreymi sem að fjárhæð, tímasetningu og áhættustefnu jafngilti því sem einingin væntir að fá af eigninni. Þessi stuðull er metinn út frá þeim stuðli, sem kemur óbeint fram í núverandi markaðsviðskiptum með sambærilegar eignir, eða út frá vegnum meðaltalskostnaði fjármagns skráðrar einingar sem á einstaka eign (eða eignasafn) sem er sambærilegt eigninni, sem er til endurskoðunar, með tilliti til þjónustugetu og áhættu. Þegar mat á framtíðarsjóðstreymi hefur verið leiðrétt vegna áhættu skal afvöxtunarstuðullinn eða -stuðlarnir sem notaðir eru til að meta notkunarvirði eignar ekki endurspegla þá áhættu. Að öðrum kosti eru áhrif sumra forsendna tvítalin.

57 Þegar stuðull, tengdur sérstakri eign, fæst ekki beint af markaðnum notar fyrirtæki staðgengla til að meta afvöxtun arstuðulinn. Í viðbæti A eru frekari leiðbeiningar um mat afvöxtunarstuðuls í slíkum tilvikum.

FÆRSLA OG MAT VIRÐISRÝRNUNARTAPS

58 Í 59.–64. lið eru settar fram kröfur um færslu og mat virðisrýrnunartaps á einstakri eign annarri en viðskiptavild. Fjallað er um færslu og mats virðisrýrnunartaps á fjárskapandi einingu og viðskiptavild í 65.–108. lið.

59 Þá og því aðeins að endurheimtanleg fjárhæð eignar sé lægri en bókfært verð hennar skal lækka bókfært verð eignarinnar í endurheimtanlega fjárhæð hennar. Sú lækkun er virðisrýrnunartap.

60 Virðisrýrnunartap skal strax fært í rekstrarreikningi nema eignin sé bókfærð á endurmetinni fjárhæð samkvæmt öðrum staðli (t.d. í samræmi við endurmatslíkanið í IAS-staðli 16). Virðisrýrnunartap á endurmetinni eign skal meðhöndlað sem endurmatslækkun í samræmi við hinn staðalinn.

61 Virðisrýrnunartap á eign sem hefur ekki verið endurmetin er fært í rekstrarreikningi. Þó er virðisrýrnunartap á endurmetinni eign fært í aðra heildarafkomu að því marki að virðisrýrnunartapið sé ekki hærra en fjárhæðin sem er á endurmatsreikningnum vegna sömu eignar. Slíkt virðisrýrnunartap á endurmetinni eign lækkar endurmatsreikning vegna sömu eignar.

62 Þegar fjárhæðin, sem metin er vegna virðisrýrnunartaps, er hærri en bókfært verð eignarinnar sem hún tengist skal eining færa skuld þá og því aðeins að gerð sé krafa um það í öðrum staðli.

63 Eftir færslu virðisrýrnunartaps skal leiðrétta afskriftagjaldfærslu vegna eignarinnar á framtíðartímabilum til að skipta endurmetnu bókfærðu verði eignarinnar, að frádregnu hrakvirði (ef eitthvað er), á kerfisbundinn hátt á það sem eftir er af nýtingartíma hennar.

64 Ef virðisrýrnunartap er fært eru tengdar, frestaðar skattinneignir eða -skuldir ákvarðaðar í samræmi við IAS-staðal 12 með því að bera endurmetið bókfært verð eignarinnar saman við skattstofn hennar (sjá skýringardæmi 3).

FJÁRSKAPANDI EININGAR OG VIÐSKIPTAVILD

65 Í 66.–108. lið og viðbæti C eru settar fram kröfur um skilgreiningu fjárskapandi eininga, sem eign tilheyrir, og ákvörðun bókfærðs verðs og færslu virðisrýrnunartaps fjárskapandi eininga og viðskiptavildar.

Skilgreining fjárskapandi einingar sem eign tilheyrir

66 Ef einhverjar vísbendingar eru um að eign kunni að hafa rýrnað að virði skal meta endurheimtanlega fjárhæð að því er varðar þá einstöku eign. Ef ekki er unnt að meta endurheimtanlega fjárhæð einstakrar eignar skal eining ákvarða endurheimtanlega fjárhæð fjárskapandi einingarinnar sem eignin tilheyrir (fjárskapandi eining sem eignin tilheyrir).

67 Ekki er unnt að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð einstakrar eignar ef:

a) ekki er unnt að meta notkunarvirði eignarinnar nálægt gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði (t.d. þegar ekki er unnt að meta framtíðarsjóðstreymi af áframhaldandi notkun eignar sem óverulegt) og

b) eignin myndar ekki innstreymi handbærs fjár sem er að stærstum hluta óháð því sem aðrar eignir skila.

Í slíkum tilvikum er einungis unnt að ákvarða notkunarvirði og þar af leiðandi endurheimtanlega fjárhæð fyrir fjárskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

Dæmi

Námueining á einkajárnbraut til stuðnings námurekstri sínum. Einkajárnbrautina væri aðeins unnt að selja fyrir hrakvirði og hún skilar ekki innstreymi handbærs fjár sem er að stórum hluta óháð innstreymi handbærs fjár frá öðrum eignum námunnar.

Ekki er unnt að meta endurheimtanlega fjárhæð einkajárnbrautarinnar vegna þess að ekki er unnt að ákvarða notkunarvirði hennar og það er sennilega annað en hrakvirði. Þess vegna metur einingin endurheimtanlega fjárhæð fjárskapandi einingarinnar sem einkajárnbrautin tilheyrir, þ.e. námunnar í heild.

68 Eins og skilgreint er í 6. lið er fjárskapandi eining, sem eign tilheyrir, minnsti eignaflokkurinn sem inniheldur eignina og skilar innstreymi handbærs fjár sem er að stórum hluta óháð innstreymi handbærs fjár frá öðrum eignum eða eignaflokkum. Aðgreining fjárskapandi einingar, sem eign tilheyrir, byggist á mati. Ef ekki er unnt að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð að því er varðar einstaka eign aðgreinir eining minnsta safn eigna sem skilar að miklu leyti sjálfstæðu innstreymi handbærs fjár.

Dæmi

Strætisvagnafyrirtæki veitir þjónustu samkvæmt samningi við sveitarfélag sem krefst lágmarksþjónustu á fimm aðskildum leiðum. Eignir, sem notaðar eru á hverri leið og sjóðstreymi af hverri leið, er unnt að skilgreina fyrir hverja leið um sig. Ein af leiðunum er rekin með talsverðu tapi.

Vegna þess að einingin á þess ekki kost að skerða einungis eina strætisvagnaleið er minnsta, skilgreinanlega innstreymi handbærs fjár, sem er að stórum hluta óháð innstreymi handbærs fjár frá öðrum eignum eða eignaflokkum, það innstreymi handbærs fjár sem leiðirnar fimm skila saman. Fjárskapandi einingin fyrir hverja leið er strætisvagnafyrirtækið í heild.

69 Peningalegt innstreymi er innstreymi handbærs fjár og ígildis þess sem er móttekið frá aðilum utan einingarinnar. Við skilgreiningu á því hvort innstreymi handbærs fjár frá eign (eða eignaflokki) sé að stórum hluta óháð innstreymi handbærs fjár frá öðrum eignum (eða eignaflokkum) tekur eining tillit til ýmissa þátta, þ.m.t. hvernig stjórnendur fylgjast með rekstri einingarinnar (eins og eftir vörulínum, starfsemi, einstökum staðsetningum, héruðum eða svæðum) eða hvernig stjórnendur taka ákvarðanir um áframhaldandi eignarhald eða ráðstöfun eigna og rekstrar einingarinnar. Skýringardæmi 1 er dæmi um skilgreiningu fjárskapandi einingar.

70 Ef virkur markaður er fyrir hendi fyrir afurðir sem eign eða eignaflokkur framleiðir skal sú eign eða eignaflokkur vera skilgreind sem fjárskapandi eining jafnvel þó að sumar eða allar afurðirnar séu notaðar innan fyrirtækisins. Ef innstreymi handbærs fjár sem eign eða fjárskapandi eining skilar verður fyrir áhrifum af innri milliverðlagningu skal eining nota besta mat stjórnenda á framtíðarmarkaðsverði sem fengist í viðskiptum ótengdra aðila við mat á:

a) framtíðarinnstreymi handbærs fjár sem notað er til að ákvarða notkunarvirði eignarinnar eða fjárskapandi einingarinnar og

b) framtíðarútstreymi handbærs fjár sem notað er til að ákvarða notkunarvirði annarra eigna eða fjárskapandi eininga sem verða fyrir áhrifum af innri milliverðlagningu.

71 Jafnvel þótt afurðir, sem eign eða eignaflokkur framleiðir, séu að hluta eða allar notaðar af öðrum einingum sem tilheyra einingunni (t.d. vörur á millistigi framleiðsluferlis) myndar þessi eign eða eignaflokkur sérstaka, fjárskapandi einingu ef einingin gæti selt afurðina á virkum markaði. Ástæðan er sú að þessi eign eða eignaflokkur gæti myndað innstreymi handbærs fjár sem myndi vera að miklu leyti óháð innstreymi handbærs fjár frá öðrum eignum eða eignaflokkum. Þegar notaðar eru upplýsingar, byggðar á fjárhagsáætlunum/spám sem tengjast slíkri fjárskapandi einingu, eða annarri eign eða fjárskapandi einingu sem verður fyrir áhrifum af innri milliverðlagningu, leiðréttir eining þessar upplýsingar ef innra millifærsluverð endurspeglar ekki besta mat stjórnenda á framtíðarmarkaðsverði sem fengist í viðskiptum ótengdra aðila.

72 Fjárskapandi einingar skulu skilgreindar á samræmdan hátt frá einu tímabili til annars fyrir sömu eignir eða gerðir eigna nema rök séu fyrir breytingu.

73 Ef eining ákvarðar að eign tilheyri annarri fjárskapandi einingu en hún gerði á fyrri tímabilum eða að gerðir eigna, sem lagðar eru saman, að því er varðar fjárskapandi einingunna, hafi breyst er í 130. lið krafist tiltekinna upplýsinga um fjárskapandi einingunna ef virðisrýrnunartap er fært eða bakfært vegna fjárskapandi einingarinnar.

Endurheimtanleg fjárhæð og bókfært verð fjárskapandi einingar

74 Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi einingar er gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði eða notkunarvirði fjárskapandi einingarinnar hvor heldur fjárhæðin er hærri. Þegar ákvarða skal endurheimtanlega fjárhæð fjárskapandi einingar skal lesa allar tilvísanir í 19.–57. lið til „eignar“ sem tilvísanir til „fjárskapandi einingar“.

75 Bókfært verð fjárskapandi einingar skal ákvarðað á grundvelli sem samræmist því hvernig endurheimtanleg fjárhæð hinnar fjárskapandi einingar er ákvörðuð.

76 Bókfært verð fjárskapandi einingar:

a) felur aðeins í sér bókfært verð þeirra eigna, sem unnt er að rekja beint til eða skipta á raunhæfan og samræmdan hátt á hina fjárskapandi einingu og sem munu skapa það framtíðarinnstreymi handbærs fjár sem metið er við ákvörðun notkunarvirðis fjárskapandi einingarinnar, og

b) felur ekki í sér bókfært verð allra færðra skulda nema ekki sé unnt að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð fjárskapandi einingarinnar án þess að taka tillit til skuldanna.

Þetta er vegna þess að gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði og notkunarvirði fjárskapandi einingar er ákvarðað, að undanskildu sjóðstreymi, sem tengist eignum sem eru ekki hluti af fjárskapandi einingunni og skuldum sem hafa þegar verið færðar (sjá 28. og 43. lið).

77 Þegar eignir eru flokkaðar vegna mats á endurheimtanleika er mikilvægt að telja til fjárskapandi einingarinnar allar eignir sem skila viðkomandi innstreymi handbærs fjár. Annars kann fjárskapandi einingin að virðast endurheimtanleg að fullu þegar í raun hefur átt sér stað virðisrýrnunartap. Í sumum tilvikum er ekki unnt að skipta tilteknum eignum á raunhæfan og samræmdan hátt á fjárskapandi einingu þó að frá þeim komi hluti áætlaðs framtíðarsjóðstreymis hinnar fjárskapandi einingar. Þetta kann t.d. að eiga við um viðskiptavild eða heildareignir fyrirtækis, s.s. eignir aðalskrifstofu. Í 80.–103. lið er útskýrt hvernig meðhöndla skal þessar eignir þegar prófað er hvort virðisrýrnunartap hafi átt sér stað á fjárskapandi einingu.

78 Það kann að vera nauðsynlegt að taka tillit til tiltekinna, bókfærðra skulda til að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð fjárskapandi einingar. Þetta getur gerst ef ráðstöfun fjárskapandi einingar hefur það í för með sér að kaupandi verður að yfirtaka skuld. Í þessu tilviki er gangvirði að frádregnum sölukostnaði (eða áætlað sjóðstreymi af endanlegri ráðstöfun) fjárskapandi einingarinnar verð eigna fjárskapandi einingarinnar og skuldarinnar samanlagt, að frádregnum ráðstöfunarkostnaði. Til þess að gera marktækan samanburð á bókfærðu verði fjárskapandi einingarinnar og endurheimtanlegri fjárhæð hennar er bókfært verð skuldarinnar dregið frá við ákvörðun bæði notkunarvirðis og bókfærðs verðs fjárskapandi einingarinnar.

Dæmi

Fyrirtæki rekur námu í landi þar sem gerð er krafa um það samkvæmt lögum að eigandi komi svæðinu í upprunalegt horf þegar námurekstri lýkur. Kostnaður við að koma því í upprunalegt horf felur í sér að endurnýja jarðvegsþekjuna sem verður að fjarlægja áður en námurekstur hefst. Áætluð skuldbinding vegna kostnaðarins við að endurnýja jarðvegsþekjuna var færð um leið og jarðvegsþekjan var fjarlægð. Fjárhæð skuldbindingarinnar var færð sem hluti af kostnaði námunnar og er afskrifuð á nýtingartíma námunnar. Bókfært verð skuldbindingarinnar vegna kostnaðar við að koma svæðinu í upprunalegt horf er 500 GE ([a]) sem jafngildir núvirði kostnaðarins við að koma svæðinu í upprunalegt horf.

Einingin er að prófa hvort virðisrýrnunartap hafi orðið á námunni. Fjárskapandi einingin fyrir námuna er náman í heild. Einingin hefur fengið ýmis tilboð um kaup á námunni á verði í kringum 800 GE. Þetta verð felur í sér að kaupandi yfirtekur skuldbindinguna um að endurnýja jarðvegsþekjuna. Kostnaður við að ráðstafa námunni er óverulegur. Notkunarvirði námunnar er u.þ.b. 1200 GE, að undanskildum kostnaði við endurgerð. Bókfært verð námunnar er 1000 GE.

Gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði fjárskapandi einingarinnar er 800 GE. Með þessari fjárhæð er tekið tillit til kostnaðar við að koma svæðinu í upprunalegt horf sem þegar hefur verið gert ráð fyrir. Af því leiðir að notkunarvirði fjárskapandi einingarinnar er ákvarðað með tilliti til kostnaðar við endurgerð og er áætlað 700 GE (1200 GE að frádregnum 500 GE). Bókfært verð fjárskapandi einingarinnar er 500 GE sem er bókfært verð námunnar (1000 GE), að frádregnu bókfærðu verði áætluðu skuldbindingarinnar vegna kostnaðar við að koma svæðinu í upprunalegt horf (500 GE). Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi einingarinnar er því hærri en bókfært verð hennar.

(a) Í þessum staðli eru fjárhæðir tilgreindar í „gjaldmiðilseiningum“ (GE).

79 Af hagkvæmnisástæðum er endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi einingar stundum ákvörðuð með tilliti til eigna, sem eru ekki hluti af fjárskapandi einingunni (t.d. viðskiptakröfur eða aðrar fjáreignir), eða skulda sem þegar hafa verið færðar (t.d. skuldir, lífeyrir og aðrar áætlaðar skuldbindingar). Í þeim tilvikum er bókfært verð fjárskapandi einingarinnar hækkað sem nemur bókfærðu verði þessara eigna og lækkað um bókfært verð þessara skulda.

Viðskiptavild

Skipting viðskiptavildar á fjárskapandi einingar

80 Í virðisrýrnunarprófi skal viðskiptavild, sem yfirtekin er við sameiningu fyrirtækja, skipt frá yfirtökudegi á allar fjárskapandi einingar yfirtökuaðilans eða fjárskapandi einingaflokka sem búist er við að njóti ávinnings af samvirkni sameiningarinnar, óháð því hvort öðrum eignum eða skuldum yfirtekna aðilans er ráðstafað til þeirra eininga eða einingaflokka. Sérhver eining eða einingaflokkur sem viðskiptavildinni er ráðstafað til skal:

a) sýna lægsta stig innan einingarinnar þar sem fylgst er með viðskiptavildinni vegna innri stjórnunar og

b) ekki vera stærri en starfsþáttur skv. skilningi 5. liðar IFRS-staðals 8, *starfsþættir*, fyrir samsöfnun.

81 Viðskiptavild sem færð er við sameiningu fyrirtækja og lýsir væntingum um efnahagslegan hagnað af öðrum yfirteknum eignum sem eru ekki sérstaklega skilgreindar og færðar. Viðskiptavild skapar ekki sjóðstreymi óháð öðrum eignum eða eignaflokkum og er oft framlag til sjóðstreymis fleiri en einnar fjárskapandi einingar. Stundum er ekki hægt að skipta viðskiptavild á einstakar fjárskapandi einingar þannig að það sé ekki tilviljanakennt, heldur aðeins á fjárskapandi einingaflokka. Af þessu leiðir að lægsta stig innan einingarinnar þar sem fylgst er með viðskiptavild vegna innri stjórnunar samanstendur stundum af nokkrum fjárskapandi einingum sem viðskiptavildin tengist en sem er ekki hægt að skipta henni á. Vísanir í 83.-99. lið og viðbæti C til fjárskapandi einingar sem viðskiptavild er skipt á skulu einnig lesast sem vísanir í fjárskapandi einingaflokk sem viðskiptavildinni er skipt á.

82 Beiting krafnanna í 80. lið leiðir til þess að kannað er hvort viðskiptavild hafi rýrnað að virði á stigi sem endurspeglar með hvaða hætti eining stjórnar rekstrinum og viðskiptavildin tengdist með eðlilegum hætti. Því er oftast ekki nauðsynlegt að þróa reikningsskilakerfi til viðbótar.

83 Verið getur að fjárskapandi eining sem viðskiptavild er deilt út á vegna virðisrýrnunarprófunar svari ekki til stigsins þar sem viðskiptavild er deilt út á í samræmi við IAS-staðal 21, áhrif gengisbreytinga í erlendum gjaldmiðlum, til að mæla gengishagnað og gengistap. Ef þess er t.d. krafist í IAS-staðli 21 að eining skipti viðskiptavild á tiltölulega lág stig til að mæla gengishagnað og gengistap er þess ekki krafist að hún geri virðisrýrnunarprófun á sama stigi nema að hún fylgist einnig með viðskiptavildinni á því stigi vegna innri stjórnunar.

84 Ef ekki er hægt að ljúka upphaflegri skiptingu viðskiptavildar sem var yfirtekin við sameiningu fyrirtækja fyrir lok árlega tímabilsins þegar sameining fyrirtækjanna fór fram skal þeirri upphaflegu skiptingu lokið fyrir lok fyrsta árlega tímabilsins sem hefst eftir yfirtökudag.

85 Ef ekki er hægt að ákvarða upphaflega færslu sameiningar fyrirtækja til bráðabirgða nema við lok tímabilsins þegar sameiningin á sér stað skal yfirtökuaðili í samræmi við IFRS-staðal 3, *sameining fyrirtækja*:

a) nota bráðabirgðagildin við færslu sameiningarinnar og

b) færa allar leiðréttingar á bráðabirgðagildunum sem gerðar eru við lok upphaflegrar færslu á matstímabilinu, innan tólf mánaða frá yfirtökudegi.

Í slíkum tilvikum er hugsanlegt að ekki sé hægt að ljúka upphaflegri skiptingu viðskiptavildar, sem var færð við sameininguna, áður en árlega tímabilinu, sem sameiningunni var komið til leiðar á, lýkur. Ef sú er raunin birtir einingin upplýsingarnar sem krafist er í 133. lið.

86 Ef viðskiptavild hefur verið útdeilt á fjárskapandi einingu og einingin ráðstafar rekstri innan einingarinnar skal viðskiptavildin sem tengist rekstrinum sem ráðstafað er:

a) innifalin í bókfærðu verði rekstrarins þegar hagnaðar eða tap er ákvarðaður við ráðstöfun og

b) metin á grundvelli hlutfallslegs virðis rekstursins sem ráðstafað var og þess hluta fjárskapandi einingarinnar sem haldið var eftir nema að einingin geti sýnt fram á að önnur aðferð endurspegli betur viðskiptavildina sem tengist rekstrinum sem er ráðstafað.

Dæmi

Eining selur rekstur sem var hluti af fjárskapandi einingu sem viðskiptavild hefur verið skipt á fyrir 100 GE. Ekki er hægt nema af handahófi að skilgreina eða tengja viðskiptavildina sem skipt er á eininguna eignaflokki eða stigi sem er lægra en sú eining. Endurheimtanleg fjárhæð þess hluta fjárskapandi einingarinnar sem haldið er eftir er 300 GE.

Vegna þess að ekki er hægt að skilgreina eða tengja viðskiptavildina sem skipt er á fjárskapandi eininguna eignaflokki á stigi sem er lægra en einingin þannig að það sé ekki tilviljunarkennt skal viðskiptavildin sem tengd er rekstrinum sem var ráðstafað metin á grundvelli hlutfallslegs virðis rekstrarins sem var ráðstafað og hluta einingarinnar sem haldið er eftir. Þess vegna eru 25% viðskiptavildarinnar sem skipt var á fjárskapandi eininguna innifalin í bókfærðu verði rekstrarins sem er seldur.

87 **Ef eining endurskipuleggur skipulag sitt á framsetningu skýrslna þannig að breytingar verði á samsetningu einnar eða fleiri fjárskapandi eininga sem viðskiptavild hefur verið skipt á skal viðskiptavildinni endurskipt á einingarnar sem verða fyrir áhrifum. Þessi endurskipting skal gerð með aðferðinni sem byggist á hlutfallslegu verðmæti og er sambærileg og sú sem er notuð þegar eining ráðstafar rekstri innan fjárskapandi einingar nema að einingin geti sýnt fram á að önnur aðferð endurspegli betur viðskiptavildina sem tengd er endurskipulögðum einingum.**

Dæmi

Viðskiptavild hefur áður verið skipt á fjárskapandi einingu A. Ekki er hægt að skilgreina eða tengja viðskiptavildina sem skipt er á A eignaflokki eða stigi sem er lægra en A nema af handahófi. Skipta á A upp og samþætta þremur öðrum fjárskapandi einingum, B, C og D.

Vegna þess að ekki er hægt að skilgreina eða tengja viðskiptavildina sem skipt er á A eignaflokki á stigi sem er lægra en A á hátt sem ekki er handahófskenndur er henni endurskipt á einingar B, C og D á grundvelli hlutfallslegs verðmætis þriggja hluta A áður en þeir eru samþættir B, C og D.

Prófun hvort virðisrýrnunartap hafi orðið á fjárskapandi einingu með viðskiptavild

88 **Þegar viðskiptavild tengist fjárskapandi einingu eins og lýst er í 81. lið en hefur ekki verið skipt á þá einingu skal ætíð prófað hvort einingin hafi virðisrýrnað þegar vísbending er fyrir hendi um að eignin hafi virðisrýrnað með því að bera saman bókfært verð eignarinnar án viðskiptavildar og endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnunartap skal fært í samræmi við 104. lið.**

89 Ef fjárskapandi eining sem lýst er í 88. lið innifelur í bókfærðu verði sínu óefnislega eign sem hefur ótakmarkaðan nýtingartíma eða er ekki enn tiltæk til notkunar og aðeins er hægt að prófa hvort sú eign hafi virðisrýrnað sem hluti af fjárskapandi einingu er þess einnig krafist í 10. lið að einingin sé virðisrýrnunarprófuð árlega.

90 **Fjárskapandi eining sem viðskiptavild hefur verið skipt á skal virðisrýrnunarprófuð árlega og ætíð þegar vísbending er fyrir hendi um að einingin hafi virðisrýrnað með því að bera saman bókfært verð einingarinnar að meðtalinni viðskiptavild og endurheimtanlega fjárhæð einingarinnar. Ef endurheimtanleg fjárhæð einingarinnar er hærri en bókfært verð einingarinnar skal einingin og viðskiptavildin sem skipt var á eininguna ekki talin hafa virðisrýrnað. Ef bókfært verð einingarinnar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð einingarinnar skal einingin færa virðisrýrnunartapið í samræmi við 104. lið.**

91–95 [Felldur brott]

Tímasetning virðisrýrnunarprófana

96 **Árlegt virðisrýrnunarpróf vegna fjárskapandi einingar sem viðskiptavild hefur verið skipt á má framkvæma hvenær sem er á árlegu tímabili að því tilskildu að prófunin sé framkvæmd á sama tíma ár hvert. Kanna má virðisrýrnun mismunandi fjárskapandi eininga á mismunandi tímum. Ef hluti eða öll viðskiptavild sem skipt var á fjárskapandi einingu var yfirtekin við sameiningu fyrirtækja á yfirstandandi árlega tímabilinu skal þó kanna virðisrýrnun þeirrar einingar fyrir lok yfirstandandi árlega tímabilsins.**

97 **Ef eignir sem fjárskapandi einingin samanstendur af og viðskiptavild hefur verið skipt á eru virðisrýrnunarprófaðar á sama tíma og einingin sem inniheldur viðskiptavildina skal virðisrýrnunarprófa þær á undan einingunni sem inniheldur viðskiptavildina. Á sama hátt ef fjárskapandi einingar sem samanstanda af flokki fjárskapandi eininga sem viðskiptavild hefur verið skipt á eru virðisrýrnunarprófaðar á sama tíma og einingaflokkurinn sem inniheldur viðskiptavildina skal virðisrýrnunarprófa einstakar einingar á undan einingaflokknum sem inniheldur viðskiptavildina.**

98 Þegar fjárskapandi eining sem viðskiptavild hefur verið skipt á er virðisrýrnunarprófuð kann að vera fyrir hendi vísbending um virðisrýrnun eignar innan einingarinnar sem inniheldur viðskiptavildina. Í slíkum tilvikum prófar einingin fyrst hvort eignin hafi orðið fyrir virðisrýrnunartapi og færir virðisrýrnunartap fyrir þá eign áður en hún prófar hvort virðisrýrnun hafi orðið á fjárskapandi einingunni sem inniheldur viðskiptavildina. Á sama hátt kann að vera fyrir hendi vísbending um að fjárskapandi eining innan flokks eininga sem inniheldur viðskiptavildina hafi virðisrýrnað. Í slíkum tilvikum prófar einingin fyrst hvort fjárskapandi einingin hafi orðið fyrir virðisrýrnunartapi og færir virðisrýrnunartap fyrir þá einingu áður en hún prófar hvort virðisrýrnun hafi orðið á einingaflokknum sem viðskiptavildinni er skipt á.

99 Þó er heimilt að nota nýjasta ítarlega útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð fjárskapandi einingar sem viðskiptavild hefur verið skipt á sem gerður var á fyrra tímabili til að prófa hvort sú eining hafi rýrnað að virði á yfirstandandi tímabili að því tilskildu að öll eftirfarandi viðmið séu uppfyllt:

a) eignirnar og skuldirnar sem einingin samanstendur af hafa ekki breyst verulega frá því að endurheimtanleg fjárhæð var síðast reiknuð,

b) niðurstaða nýjasta útreiknings á endurheimtanlegri fjárhæð var fjárhæð sem var umtalsvert hærri en bókfært verð einingarinnar og

c) byggt á greiningu atburða sem hafa átt sér stað og aðstæðna sem hafa breyst frá nýjasta útreikningi á endurheimtanlegri fjárhæð eru líkurnar á því að gildandi ákvörðun á endurheimtanlegri fjárhæð sé lægri en gildandi bókfært verð einingarinnar hverfandi.

Heildareignir fyrirtækis

100 Til heildareigna fyrirtækis teljast eignir samstæðu eða deilda eins og bygging þar sem höfuðstöðvar eða deild einingarinnar eru, tölvubúnaðarmiðstöð eða rannsóknarmiðstöð. Uppbygging einingar ákvarðar hvort eign falli að skilgreiningu þessa staðals á heildareignum fyrirtækis fyrir tiltekna, fjárskapandi einingu. Helstu einkenni heildareigna fyrirtækis eru að þær skapa ekki innstreymi handbærs fjár sem er óháð öðrum eignum eða eignaflokkum og bókfært verð þeirra er ekki unnt að rekja að fullu til fjárskapandi einingarinnar sem verið er að endurskoða.

101 Vegna þess að heildareignir fyrirtækis skapa ekki sérstakt innstreymi handbærs fjár er ekki unnt að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð einstakrar, sameiginlegrar eignar nema stjórnendur hafi ákveðið að ráðstafa eigninni. Af því leiðir að við vísbendingu um að sameiginleg eign hafi rýrnað að virði er endurheimtanleg fjárhæð ákvörðuð fyrir fjárskapandi eininguna eða flokk fjárskapandi eininganna sem sameiginlega eignin tilheyrir og hún borin saman við bókfært verð þessarar fjárskapandi einingar eða flokk fjárskapandi eininga. Virðisrýrnunartap er fært í samræmi við 104. lið.

102 Við prófun á því hvort virðisrýrnun hafi orðið á fjárskapandi einingu skal eining skilgreina allar heildareignir fyrirtækis sem tengjast fjárskapandi einingunni sem verið er að endurskoða. Ef hluta bókfærðs verðs heildareignar:

a) er hægt að skipta á raunhæfan og samræmdan hátt á þá einingu skal einingin bera saman bókfært verð einingarinnar, að meðtöldum þeim hluta bókfærðs verðs sameiginlegu eignarinnar sem skipt er á eininguna, og endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnunartap skal fært í samræmi við 104. lið.

b) er ekki hægt að skipta á raunhæfan og samræmdan hátt á þá einingu skal einingin:

i. bera saman bókfært verð einingarinnar, að frátalinni sameiginlegu eigninni, og endurheimtanlega fjárhæð hennar og færa virðisrýrnunartap í samræmi við 104. lið,

ii. skilgreina minnsta flokk fjárskapandi eininga sem inniheldur fjárskapandi eininguna, sem verið er að endurskoða, og unnt er að skipta hluta bókfærðs verð á á raunhæfan og samræmdan hátt og

iii. bera saman bókfært verð þess flokks fjárskapandi eininga, þ.m.t. þann hluta bókfærðs verðs sameiginlegu eignarinnar sem skipt er á þann flokk eininga, og endurheimtanlega fjárhæð einingaflokksins. Virðisrýrnunartap skal fært í samræmi við 104. lið.

103 Skýringardæmi 8 sýnir beitingu þessarar krafna á heildareignir fyrirtækis.

Virðisrýrnunartap fjárskapandi einingar

104 Virðisrýrnunartap skal fært fyrir fjárskapandi einingu (minnsta flokk fjárskapandi eininga sem viðskiptavild eða sameiginlegri eign hefur verið skipt á) ef, og aðeins ef, endurheimtanleg fjárhæð einingarinnar (flokks eininganna) er lægri en bókfært verð einingarinnar (flokks eininganna) Virðisrýrnunartapinu skal skipt til að lækka bókfært verð eigna einingarinnar (flokka eininganna) í eftirfarandi röð:

a) fyrst til að lækka bókfært verð viðskiptavildar sem skipt er á fjárskapandi eininguna (flokk eininganna), og

b) síðan á aðrar eignir einingarinnar (flokks eininganna) í hlutfalli við bókfært verð hverrar eignar í einingunni (flokki eininganna).

Þessar lækkanir á bókfærðu verði skulu meðhöndlaðar sem virðisrýrnunartöp einstakra eigna og færðar í samræmi við 60. lið.

105 Við skiptingu virðisrýrnunartaps í samræmi við 104. lið skal eining ekki lækka bókfært verð eignar niður fyrir það sem hæst er af:

a) gangvirði að frádregnum sölukostnaði (ef unnt er að meta það),

b) notkunarvirði (ef unnt er að ákvarða það) og

c) núll.

Fjárhæð virðisrýrnunartaps, sem hefði annars verið skipt á eignina, skal skipt í réttu hlutfalli á hinar eignir einingarinnar (flokk eininganna).

106 Ef engin hagkvæm leið er til að meta endurheimtanlega fjárhæð sérhverrar eignar fjárskapandi einingar er í þessum staðli krafist handahófskenndrar skiptingar á virðisrýrnunartapi milli eigna einingarinnar, annarra en viðskiptavildar, vegna þess að allar eignir fjárskapandi einingar vinna saman.

107 Ef ekki er unnt að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð einstakrar eignar (sjá 67. lið):

a) er virðisrýrnunartap fært á eignina ef bókfært verð hennar er hærra en það sem hærra er af gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði og niðurstöðum skiptingaraðferðanna, sem lýst er í 104. og 105. lið, og

b) ekkert virðisrýrnunartap er fært á eignina ef tengda, fjárskapandi einingin hefur ekki rýrnað að virði. Þetta á við jafnvel þó að gangvirði eignarinnar að frádregnum ráðstöfunarkostnaði sé lægra en bókfært verð hennar.

Dæmi

Vél hefur orðið fyrir skemmdum en virkar enn þá, þó ekki jafn vel og áður en hún skemmdist. Gangvirði vélarinnar að frádregnum ráðstöfunarkostnaði er lægra en bókfært verð hennar. Vélin skapar ekki sjálfstætt innstreymi handbærs fjár. Minnsti, skilgreinanlegi eignaflokkur, sem inniheldur vélina og skapar innstreymi handbærs fjár sem er að stærstum hluta óháð innstreymi handbærs fjár frá öðrum eignum, er framleiðslulínan sem vélin tilheyrir. Endurheimtanleg fjárhæð framleiðslulínunnar sýnir að framleiðslulínan í heild sinni hefur ekki rýrnað að virði.

1. forsenda: fjárhagsáætlanir/spár, sem stjórnendur hafa samþykkt, endurspegla enga skuldbindingu stjórnenda til að endurnýja vélina.

Endurheimtanlega fjárhæð vélarinnar er ekki unnt að meta eina og sér vegna þess að notkunarvirði vélarinnar:

a) *kann að vera annað en gangvirði hennar að frádregnum ráðstöfunarkostnaði,*

b) *er aðeins unnt að ákvarða fyrir fjárskapandi eininguna sem vélin tilheyrir (framleiðslulínuna).*

Framleiðslulínan hefur ekki rýrnað að virði. Þess vegna er ekkert virðisrýrnunartap fært á vélina. Samt sem áður getur verið að einingin þurfi að endurmeta afskriftatímabil eða afskriftaraðferð vélarinnar. Hugsanlega er þörf á styttra afskriftatímabili eða hraðari afskriftaraðferð til að endurspegla það sem áætlað er að verði eftir af nýtingartíma vélarinnar eða nýtingarmynstri efnahagslegs ávinnings sem vænst er að einingin neyti.

2. forsenda: fjárhagsáætlanir/spár, sem stjórnendur hafa samþykkt, endurspegla skuldbindingu stjórnenda til að endurnýja vélina og selja hana í náinni framtíð. Sjóðstreymi af áframhaldandi notkun vélarinnar þar til henni er ráðstafað er metið sem óverulegt.

Unnt er að áætla að notkunarvirði vélarinnar liggi nærri gangvirði hennar að frádregnum ráðstöfunarkostnaði. Þess vegna er unnt að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð vélarinnar og ekkert tillit er tekið til fjárskapandi einingarinnar sem vélin tilheyrir (þ.e. framleiðslulínunnar). Af því að gangvirði vélarinnar að frádregnum ráðstöfunarkostnaði er lægra en bókfært verð hennar er virðisrýrnunartap fært á vélina.

108 Eftir að kröfum í 104. og 105. lið hefur verið fullnægt skal færa skuld vegna fjárhæðar sem eftir er af virðisrýrnunartapi á fjárskapandi einingu þá og því aðeins að gerð sé krafa um það í öðrum IFRS-staðli.

BAKFÆRSLA VIRÐISRÝRNUNARTAPS

109 Í 110.–116. lið eru settar fram kröfur um bakfærslu virðisrýrnunartaps sem fært var á eign eða fjárskapandi einingu á fyrri tímabilum. Í þessum kröfum er hugtakið „eign“ notað en kröfurnar gilda jafnt um einstaka eign eða fjárskapandi einingu. Viðbótarkröfur eru settar fram fyrir einstaka eign í 117.–121. lið, fyrir fjárskapandi einingu í 122. og 123. lið og fyrir viðskiptavild í 124. og 125. lið.

110 Eining skal meta í lok hvers reikningsskilatímabils hvort einhverjar vísbendingar séu um að virðisrýrnunartap, sem fært var á eign aðra en viðskiptavild á fyrri tímabilum, sé e.t.v. ekki lengur til staðar eða hafi minnkað. Ef slík vísbending er fyrir hendi skal eining meta endurheimtanlega fjárhæð eignarinnar.

111 Við mat á því hvort einhverjar vísbendingar séu til um að virðisrýrnunartap, sem fært var á aðra eign en viðskiptavild á fyrri tímabilum, sé e.t.v. ekki lengur fyrir hendi eða hafi minnkað skal eining a.m.k. taka tillit til eftirfarandi vísbendinga:

Ytri upplýsingar

a) sannreynanlegar vísbendingar eru um að verð eignarinnar hafi hækkað verulega á tímabilinu.

b) verulegar breytingar, sem hafa jákvæð áhrif á einingu, hafa átt sér stað á tímabilinu eða munu eiga sér stað í náinni framtíð í tæknilegu, markaðslegu, efnahagslegu eða lagalegu umhverfi, sem einingin starfar í, eða á þeim markaði sem eign tilheyrir,

c) markaðsvextir eða annað markaðshlutfall arðsemi fjárfestinga hefur lækkað á tímabilinu og þessar lækkanir munu líklega hafa áhrif á afvöxtunarstuðulinn sem notaður er til að reikna notkunarvirði eignar og hækka endurheimtanlega fjárhæð eignarinnar verulega.

Innri upplýsingar

d) verulegar breytingar, sem hafa haft jákvæð áhrif á eininguna, hafa átt sér stað á tímabilinu eða vænst er að eigi sér stað í náinni framtíð að því marki eða eftir því á hvaða hátt eign er notuð eða vænst er að hún verði notuð. Þessar breytingar taka til kostnaðar, sem stofnað hefur verið til á tímabilinu til að bæta eða laga efnahagslegan árangur eignarinnar eða endurskipuleggja reksturinn, sem eignin tilheyrir,

e) vísbending er fyrir hendi í innri skýrslugerð sem gefur til kynna að efnahagslegur árangur eignarinnar sé eða verði betri en vænst hafði verið.

112 Vísbendingar um hugsanlega lækkun virðisrýrnunartaps í 111. lið endurspegla einkum vísbendingarnar um hugsanlegt virðisrýrnunartap í 12. lið.

113 Ef vísbending er um að virðisrýrnunartap, sem fært var á aðra eign en viðskiptavild, sé ekki lengur fyrir hendi eða hafi minnkað getur það gefið til kynna að endurskoða eða leiðrétta þurfi það sem eftir er af nýtingartíma, afskriftaraðferðinni eða hrakvirðinu í samræmi við þann IFRS-staðal sem á við um eignina jafnvel þó að ekkert virðisrýrnunartap sé bakfært vegna eignarinnar.

114 Virðisrýrnunartap, sem fært var á eign aðra en viðskiptavild á fyrri tímabilum, skal bakfært þá og því aðeins að átt hafi sér stað breyting á því mati sem notað er til að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð eignarinnar frá því að síðasta virðisrýrnunartap var fært. Í þeim tilvikum skal hækka bókfært verð eignarinnar að endurheimtanlegri fjárhæð með þeirri undantekningu sem lýst er í 117. lið. Sú hækkun er bakfærsla virðisrýrnunartaps.

115 Bakfærsla virðisrýrnunartaps endurspeglar aukna, áætlaða þjónustugetu eignar, annaðhvort vegna notkunar eða sölu, frá þeim degi þegar eining færði síðast virðisrýrnunartap af eigninni. Gerð er krafa í 130. lið að eining aðgreini þá breytingu á mati sem veldur hækkuninni á áætlaðri þjónustugetu. Dæmi um breytingar á mati eru:

a) breyting á grundvelli endurheimtanlegrar fjárhæðar (þ.e. hvort endurheimtanleg fjárhæð sé byggð á gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði eða notkunarvirði),

b) ef endurheimtanleg fjárhæð var byggð á notkunarvirði, breyting á fjárhæð eða tímasetningu áætlaðs framtíðar sjóðstreymis eða á afvöxtunarstuðli, eða

c) ef endurheimtanleg fjárhæð var byggð á gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði, breyting á mati einstakra þátta í gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði.

116 Notkunarvirði eignar kann að verða hærra en bókfært verð eignarinnar einfaldlega vegna þess að núvirði framtíðar innstreymis handbærs fjár eykst eftir því sem þau færast nær. Þjónustugeta eignarinnar hefur þó ekki aukist. Þess vegna er virðisrýrnunartap ekki bakfært einungis vegna framrásar tímans (stundum kallað „lúkning“ afvöxtunarstuðulsins) jafnvel þótt endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar verði hærri en bókfært verð hennar.

Bakfærsla virðisrýrnunartaps einstakrar eignar

117 Hækkað bókfært verð eignar annarrar en viðskiptavildar vegna bakfærslu virðisrýrnunartaps skal ekki vera hærra en það bókfærða verð sem hefði verið ákvarðað (að frádregnum afskriftum) hefði ekkert virðisrýrnunartap verið fært á eignina á fyrri árum.

118 Allar hækkanir á bókfærðu verði eignar annarrar en viðskiptavildar umfram bókfært verð, sem hefði verið ákvarðað (að frádregnum afskriftum) hefði ekkert virðisrýrnunartap verið fært á eignina á fyrri árum, eru endurmat. Við færslu slíks endurmats beitir eining þeim IFRS-staðli sem á við um eignina.

119 Bakfærslu virðisrýrnunartaps á eign aðra en viðskiptavild skal færa strax í rekstrarreikningi nema eignin sé bókfærð á endurmetinni fjárhæð samkvæmt öðrum IFRS-staðli (t.d. í samræmi við endurmatslíkanið í IAS-staðli 16). Bakfærsla alls virðisrýrnunartaps á endurmetinni eign skal meðhöndluð sem endurmatshækkun í samræmi við þann IFRS-staðal.

120 Bakfærsla virðisrýrnunartaps á endurmetinni eign er færð í aðra heildarafkomu til hækkunar á endurmatsreikningi vegna sömu eignar. Að því marki sem virðisrýrnunartap af sömu endurmetnu eign var áður fært í rekstrarreikning er bakfærsla virðisrýrnunartaps þó einnig færð í rekstrarreikning.

121 Eftir að bakfærsla virðisrýrnunartaps er færð skal leiðrétta afskriftagjaldfærslu vegna eignarinnar á framtíðartímabilum til að skipta endurmetnu bókfærðu verði eignarinnar að frádregnu hrakvirði (ef eitthvert er) á kerfisbundinn hátt á það sem eftir er af nýtingartíma hennar.

Bakfærsla virðisrýrnunartaps fjárskapandi einingar

122 Bakfærslu virðisrýrnunartaps fjárskapandi einingar skal skipta á eignir einingarinnar, að frátalinni við skiptavild, í hlutfalli við bókfært verð þeirra eigna. Þessar hækkanir á bókfærðu verði skulu meðhöndlaðar sem bakfærslur virðisrýrnunartapa af einstakri eign og færðar í samræmi við 119. lið.

123 Við skiptingu bakfærslu virðisrýrnunartaps af fjárskapandi einingu í samræmi við 122. lið skal bókfært verð eignar ekki hækkað umfram það sem lægra er af:

a) endurheimtanlegri fjárhæð (ef unnt er að ákvarða hana) og

b) bókfærðu verði sem hefði verið ákvarðað (að frádregnum afskriftum) hefði ekkert virðisrýrnunartap verið fært á eignina á fyrri árum.

Fjárhæð bakfærslu virðisrýrnunartaps, sem hefði annars verið skipt á eignina, skal skipt í réttu hlutfalli á hinar eignir einingarinnar aðrar en viðskiptavild.

Bakfærsla virðisrýrnunartaps viðskiptavildar

124 Virðisrýrnunartap sem er fært vegna viðskiptavildar skal ekki bakfært á síðara tímabili.

125 Samkvæmt IAS-staðli 38, *óefnislegar eignir*, er óheimilt að færa viðskiptavild sem myndast innan fyrirtækis. Líklegt er að hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð viðskiptavildar á tímabilunum eftir að virðisrýrnunartap er fært vegna þeirrar viðskiptavildar sé hækkun á viðskiptavild sem myndast innan fyrirtækis fremur en bakfærsla á virðisrýrnunartapi sem fært var vegna yfirteknu viðskiptavildarinnar.

UPPLÝSINGAGJÖF

126 Eining skal birta eftirfarandi fyrir sérhvern eignaflokk:

a) fjárhæð virðisrýrnunartapa, sem færð eru í rekstrarreikning á tímabilinu, og þá sérlínu (sérlínur) á yfirlit um heildarafkomu, sem þessi virðisrýrnunartöp teljast til.

b) fjárhæð bakfærslu virðisrýrnunartapa, sem færð eru í rekstrarreikning á tímabilinu, og þá sérlínu (sérlínur) á yfirlit um heildarafkomu, sem þessi virðisrýrnunartöp teljast til.

c) fjárhæð virðisrýrnunartapa á endurmetnum eignum, sem færð eru á aðra heildarafkomu á tímabilinu.

d) fjárhæð bakfærslna virðisrýrnunartapa á endurmetnum eignum, sem færð eru á aðra heildarafkomu á tímabilinu.

127 Eignaflokkur er hópur eigna sem eru sambærilegar að gerð og notaðar á sambærilegan hátt í rekstri einingarinnar.

128 Upplýsingarnar, sem gerð er krafa um í 126. lið, má setja fram með öðrum upplýsingum sem greint er frá fyrir þann eignaflokk. Þessar upplýsingar mega t.d. vera innifaldar í afstemmingu bókfærðs verðs varanlegra rekstrarfjármuna í upphafi og við lok tímabils eins og gerð er krafa um í IAS-staðli 16.

129 Eining sem gerir starfsþáttaskýrslur í samræmi við IFRS-staðal 8 skal greina frá eftirfarandi fyrir sérhvern rekstrarstarfsþátt:

a) fjárhæð virðisrýrnunartapa sem færð eru í rekstrarreikning og á aðra heildarafkomu á tímabilinu.

b) fjárhæð bakfærslna virðisrýrnunartapa sem færð eru í rekstrarreikning og á aðra heildarafkomu á tímabilinu.

130 Eining skal birta eftirfarandi fyrir sérstaka eign (þ.m.t. viðskiptavild) eða fjárskapandi einingu, sem virð isrýrnunartap hefur verið fært eða bakfært vegna á tímabilinu:

a) þá atburði og aðstæður, sem leiddu til færslu eða bakfærslu virðisrýrnunartapsins,

b) fjárhæð virðisrýrnunartapsins, sem var fært eða bakfært,

c) að því er varðar einstaka eign:

i. eðli eignarinnar og

ii. rekstrarstarfsþáttinn sem eignin tilheyrir, ef einingin gerir starfsþáttaskýrslu í samræmi við IFRS-staðal 8,

d) að því er varðar fjárskapandi einingu:

i. lýsingu á fjárskapandi einingunni (s.s. hvort hún er vörulína, verksmiðja, starfsemi, landssvæði, rekstrarstarfsþáttur eins og skilgreindur er í IFRS-staðli 8),

ii. fjárhæð virðisrýrnunartaps, sem fært er eða bakfært eftir eignaflokki, og, ef einingin gerir starfsþáttaskýrslu í samræmi við IFRS-staðal 8, eftir rekstrarstarfsþætti, og

iii. ef samanlagðar eignir til að skilgreina fjárskapandi einingu hafa breyst frá fyrra mati á endurheimtanlegri fjárhæð (ef einhver er) fjárskapandi einingarinnar, lýsingu á núverandi og fyrri aðferð við að leggja saman eignir og ástæðunum fyrir breytingunni á því hvernig fjárskapandi einingin er skilgreind,

e) endurheimtanlega fjárhæð eignarinnar (fjárskapandi einingarinnar) og hvort endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar (fjárskapandi einingarinnar) er gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði eða notkunarvirði,

f) ef endurheimtanlega fjárhæðin er gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði skal einingin birta eftirfarandi upplýsingar:

i. stig í stigskiptri flokkun gangvirðis (sjá IFRS-staðal 13) þar sem gangvirðismat eignarinnar (fjárskapandi einingarinnar) er flokkað í heild sinni (án þess að taka tillit til þess hvort „sölukostnaður“ sé sannreynanlegur),

ii. fyrir gangvirðismöt sem flokkuð eru innan 2. og 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis, lýsingu á virðismatsaðferðunum sem notaðar voru við mat á gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði. Ef breyting hefur orðið á virðismatsaðferð skal einingin gera grein fyrir þeirri breytingu/þeim breytingum og á hverju hún er byggð, og

iii. fyrir gangvirðismöt sem flokkuð eru innan 2. og 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis, sérhverja lykilforsendu sem stjórnendur hafa byggt ákvörðun sína á um gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði. Lykilforsendur eru þær sem endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar (fjárskapandi einingarinnar) er næmust fyrir. Einingin skal einnig birta upplýsingar um afvöxtunarstuðulinn eða -stuðlana sem notaðir eru við núverandi mat og fyrra mat ef gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði er metið með núvirðisaðferð,

g) afvöxtunarstuðulinn eða afvöxtunarstuðlana sem notaðir eru í núverandi mati og fyrra mati (ef það er fyrir hendi) á notkunarvirði ef endurheimtanleg fjárhæð er notkunarvirði.

131 Eining skal birta eftirfarandi upplýsingar fyrir samanlögð virðisrýrnunartöp og samanlagðar bakfærslur virðisrýrnunartapa sem færðar eru á tímabili sem engar upplýsingar eru birtar fyrir í samræmi við 130. lið:

a) helstu eignaflokka sem verða fyrir áhrifum af virðisrýrnunartöpum og helstu eignaflokka sem verða fyrir áhrifum af bakfærslu virðisrýrnunartapa,

b) helstu atburði og aðstæður, sem leiddu til færslu þessara virðisrýrnunartapa eða bakfærslu virðisrýrnunartapanna.

132 Eining er hvött til þess að greina frá forsendum sem notaðar eru til að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð eigna (fjárskapandi eininga) á tímabilinu. Í 134. lið er þess þó krafist að eining birti upplýsingar um matið sem notað er til að meta endurheimtanlega fjárhæð fjárskapandi einingar þegar viðskiptavild eða óefnisleg eign með ótakmarkaðan nýtingartíma er innifalin í bókfærðu verði einingarinnar.

133 Ef hluta viðskiptavildar sem yfirtekin er við sameiningu fyrirtækja á tímabilinu hefur ekki verið skipt á fjárskapandi einingu (einingaflokk) í samræmi við 84. lið í lok reikningsskilatímabilsins skal fjárhæð óskiptu viðskiptavildarinnar birt ásamt ástæðum þess að fjárhæðinni hefur ekki verið skipt.

Mat notað til að meta endurheimtanlegar fjárhæðir fjárskapandi eininga, sem innihalda viðskiptavild, eða óefnislegra eigna með ótakmarkaðan nýtingartíma

134 Eining skal birta upplýsingarnar sem krafist er í a- til f-lið fyrir sérhverja fjárskapandi einingu (einingaflokk) þar sem bókfært verð viðskiptavildar eða óefnislegra eigna með ótakmarkaðan nýtingartíma sem skipt er á þá einingu (einingaflokk) er verulegt í samanburði við bókfært heildarverð viðskiptavildar eða óefnislegra eigna með ótakmarkaðan nýtingartíma einingarinnar:

a) bókfært verð viðskiptavildar sem skipt er á eininguna (einingaflokkinn).

b) bókfært verð óefnislegra eigna með ótakmarkaðan nýtingartíma sem skipt er á eininguna (einingaflokkinn).

c) á hvaða grundvelli endurheimtanleg fjárhæð einingarinnar (einingaflokksins) hefur verið ákvörðuð á (þ.e. notkunarvirði eða gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði),

d) ef endurheimtanleg fjárhæð einingar (einingaflokks) er byggð á notkunarvirði:

i. sérhverja lykilforsendu sem stjórnendur hafa byggt sjóðstreymisspár sínar á fyrir tímabilið sem nýjustu fjárhagsáætlanir/-spár ná yfir. Lykilforsendur eru þær sem endurheimtanleg fjárhæð einingarinnar (einingaflokksins) er næmust fyrir,

ii. lýsingu á nálgun stjórnenda við ákvörðun á því virði sem sett er á sérhverja lykilforsendu hvort sem þetta virði endurspeglar fyrri reynslu eða, ef við á, samræmist ytri upplýsingum og ef svo er ekki hvernig og hvers vegna það er ólíkt fyrri reynslu eða ytri upplýsingum,

iii. tímabilið sem stjórnendur hafa gert sjóðstreymisspár fyrir og byggðar eru á fjárhagsáætlunum/-spám sem stjórnendur hafa samþykkt, og, þegar tímabil sem er lengra en fimm ár er notað fyrir fjárskapandi einingu (einingaflokk), útskýringu á því hvers vegna rök eru færð fyrir lengra tímabili,

iv. vaxtarhraðann sem notaður er til að framreikna sjóðstreymisspár fram yfir tímabilið sem nýjustu fjárhagsáætlanir/-spár ná yfir og rökin fyrir því að nota vaxtarhraða sem er meiri en langtímameðalvaxtarhraði varanna, atvinnugreinanna eða landsins eða landanna sem einingin starfar í eða markaðarins sem einingin (einingaflokkurinn) tilheyrir,

v. afvöxtunarstuðla sem gilda fyrir sjóðstreymisspárnar,

e) virðismatsaðferðirnar sem notaðar eru til að meta gangvirði að frádregnum sölukostnaði ef endurheimtanleg fjárhæð einingarinnar (einingaflokksins) er byggð á gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Eining þarf ekki að veita upplýsingarnar sem krafist er í IFRS-staðli 13. Eining skal birta eftirfarandi upplýsingar ef gangvirði að frádregnum sölukostnaði er ekki metið með því að nota skráð verð fyrir sambærilega einingu (einingaflokk):

i. sérhverja lykilforsendu sem stjórnendur hafa byggt ákvörðun sína á gangvirði að frádregnum sölukostnaði á. Lykilforsendur eru þær sem endurheimtanleg fjárhæð einingarinnar (einingaflokksins) er næmust fyrir,

ii. lýsingu á nálgun stjórnenda við ákvörðun á því virði sem sett er á sérhverja lykilforsendu hvort sem þetta virði endurspeglar fyrri reynslu eða, ef við á, samrýmist ytri upplýsingum og, ef svo er ekki, hvernig og hvers vegna það er ólíkt fyrri reynslu eða ytri upplýsingum,

iiA. stig í stigskiptri flokkun gangvirðis (sjá IFRS-staðal 13) þar sem gangvirðismat er flokkað í heild sinni (án þess að gefa gaum að sannreynanleika „sölukostnaðar“),

iiB. ef breyting hefur orðið á virðismatsaðferð, breytingin og á hverju hún er byggð.

Eining skal veita eftirfarandi upplýsingar, ef gangvirði að frádregnum sölukostnaði er metið með því að nota afvaxtaðar sjóðstreymisspár:

iii. tímabilið sem stjórnendur hafa gert sjóðstreymisspár fyrir,

iv. vaxtarhraðann sem notaður er til að framreikna sjóðstreymisspárnar,

v. afvöxtunarstuðla sem gilda fyrir sjóðstreymisspárnar,

f) ef raunhæf, möguleg breyting á lykilforsendu sem stjórnendur hafa byggt ákvörðun sína á endurheimtanlegri fjárhæð einingarinnar (einingaflokksins) á, myndi valda því að bókfært verð einingarinnar (einingaflokksins) yrði hærra en endurheimtanlegt bókfært verð:

i. fjárhæðin sem endurheimtanleg fjárhæð einingarinnar (einingaflokksins) er umfram bókfært verð hennar,

ii. virði lykilforsendna,

iii. fjárhæðina sem virði lykilforsendna verður að breytast um eftir að áhrif þeirrar breytingar á aðrar breytur sem notaðar eru til að meta endurheimtanlega fjárhæð hafa verið meðtalin svo að endurheimtanleg fjárhæð einingarinnar (einingaflokksins) verði jöfn bókfærðu verði hennar.

135 Ef hluta eða öllu bókfærðu verði viðskiptavildar eða óefnislegra eigna með ótakmarkaðan nýtingartíma er skipt á fleiri en eina fjárskapandi einingu (einingaflokk) og fjárhæðin sem þannig er skipt á hverja einingu (einingaflokk) er ekki veruleg í samanburði við bókfært heildarverð viðskiptavildar eða óefnislegra eigna með ótakmarkaðan nýtingartíma, skal greint frá því ásamt samanlögðu bókfærðu verði viðskiptavildar eða óefnislegra eigna með ótakmarkaðan nýtingartíma sem skipt er á þær einingar (einingaflokka). Að auki ef endurheimtanlegar fjárhæðir þessara eininga (einingaflokka) eru byggðar á sömu lykilforsendu eða -forsendum og samanlagt bókfært verð viðskiptavildar eða óefnislegra eigna með ótakmarkaðan nýtingartíma sem skipt er á þær er veruleg í samanburði við bókfært heildarverð viðskiptavildar einingarinnar eða óefnislegra eigna með ótakmarkaðan nýtingartíma skal einingin greina frá því ásamt:

a) samanlögðu bókfærðu verði viðskiptavildar sem skipt er á þessar einingar (einingaflokka),

b) samanlögðu bókfærðu verði óefnislegra eigna með ótakmarkaðan nýtingartíma sem skipt er á einingarnar (einingaflokkana),

c) lýsingu á lykilforsendu eða -forsendum,

d) lýsingu á nálgun stjórnenda við ákvörðun á því virði sem sett er á sérhverja lykilforsendu eða forsendur hvort sem þetta virði endurspeglar fyrri reynslu eða, ef við á, samræmist ytri upplýsingum og, ef svo er ekki, hvernig og hvers vegna það er ólíkt fyrri reynslu eða ytri upplýsingum.

e) ef raunhæf, möguleg breyting á lykilforsendu eða -forsendum myndi valda því að samanlagt bókfært verð fyrir eininganna (einingaflokkanna) yrði hærra en samanlögð endurheimtanleg fjárhæð þeirra:

i. fjárhæðina sem samanlagðar endurheimtanlegar fjárhæðir eininganna (einingaflokkanna) er umfram bókfært verð þeirra,

ii. virði lykilforsendu eða -forsendna,

iii. fjárhæðina sem virði lykilforsendu eða -forsendna verður að breytast um eftir að áhrif þeirrar breytingar á aðrar breytur sem notaðar eru til að meta endurheimtanlega fjárhæð hafa verið meðtalin svo að samanlögð endurheimtanleg fjárhæð eininganna (einingaflokkanna) verði jöfn samanlögðu bókfærðu verði þeirra.

136 Nýjasta ítarlega útreikning, gerðan á fyrra tímabili, á endurheimtanlegri fjárhæð fjárskapandi einingar (einingaflokks) má í samræmi við 24. eða 99. lið yfirfæra og nota við virðisrýrnunarprófun þeirrar einingar (einingaflokks) á yfirstandandi tímabili að því tilskildu að tiltekin viðmið séu uppfyllt. Ef sú er raunin tengjast upplýsingarnar um einninguna (einingaflokkinn) sem eru teknar með í upplýsingarnar sem krafist er í 134. og 135. lið yfirfærða útreikningnum á endurheimtanlegri fjárhæð.

137 Skýringardæmi 9 sýnir upplýsingarnar sem krafist er í 134. og 135. lið.

UMBREYTINGARÁKVÆÐI OG GILDISTÖKUDAGUR

138 [Felldur brott]

139 Eining skal beita þessum staðli:

a) á viðskiptavild og óefnislegar eignir sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja þar sem dagsetning samningsins er 31. mars 2004 eða síðar og

b) á allar aðrar eignir framvirkt frá upphafi fyrsta árlega tímabilsins sem hefst 31. mars 2004 eða síðar.

140 Einingar, sem 139. liður gildir um, eru hvattar til að beita kröfum þessa staðals fyrir gildistökudagana sem tilgreindir eru í 139. lið. Ef eining beitir á hinn bóginn kröfum þessa staðals fyrir gildistökudagana skal hún einnig beita IFRS-staðli 3 og IAS-staðli 38 (eftir endurskoðun 2004) samhliða.

140A Með IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess breyttust ákvæði 61., 120., 126. og 129. liðar. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

140B Með IFRS-staðli 3 (eins og hann var eftir endurskoðun 2008) breyttust 65., 81., 85. og 139. liður; 91.–95. og 138. liður voru felldir brott og viðbætir C bættist við. Eining skal beita þessum breytingum vegna árlegra tímabila sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 3 (endurskoðaður 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar einnig gildi fyrir það fyrra tímabil.

140C Ákvæðum e-liðar 134. liðar var breytt með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* sem gefnar voru út í maí 2008. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

140D *Kostnaðarverð fjárfestingar í dótturfélagi, sameiginlegri rekstrareiningu eða hlutdeildarfélagi* (Breytingar á IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla,* og IAS-staðli 27), útgefið í maí 2008, bættu við h-lið 12. liðar. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir tengdum breytingum á 4. lið og lið 38A í IAS-staðli 27 vegna fyrra tímabils skal einingin jafnframt beita breytingum á h-lið 12. liðar.

140E *Endurbætur á IFRS-stöðlum*, sem voru gefnar út í apríl 2009, höfðu í för með sér breytingar á b-lið 80. liðar. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2010 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

140F [Felldur brott]

140G [Felldur brott]

140H IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11 útgefnir í maí 2011, breyttu 4. lið, fyrirsögninni á undan h-lið 12. liðar og h-lið 12. liðar. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

140I Með IFRS-staðli 13, gefnum út í maí 2011, var 5., 6., 12., 20., 22., 28., 78., 105., 111., 130. og 134. lið breytt, 25.–27. liður voru felldir brott og liðum 25A og 53A var bætt við. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

140J Í maí 2013 var liðum 130 og 134 og fyrirsögninni yfir lið 138 breytt. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal ekki beita þessum breytingum á tímabilum (þ.m.t. samanburðartímabilum) þar sem hún beitir ekki einnig IFRS-staðli 13.

140K [Felldur brott]

140L IFRS-staðall 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, gefinn út í maí 2014, breytti 2. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

140M IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014 breytti 2., 4. og 5. lið og felldi brott liði 140F, 140G og 140K. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

140N IFRS-staðall 17, gefinn út í maí 2017, breytti 2. lið. *Breytingar á IFRS-staðli 17*, gefnar út í júní 2020, breyttu 2. lið enn frekar. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 17.

AFTURKÖLLUN IAS-STAÐALS 36 (ÚTG. 1998)

141 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 36, *virðisrýrnun eigna* (útgefinn 1998).

Viðbætir A

NOTKUN NÚVIRÐISAÐFERÐAR TIL AÐ META NOTKUNARVIRÐI

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti staðalsins. Í honum eru frekari leiðbeiningar um notkun núvirðisaðferðar við mat á notkunarvirði. Þó að í leiðbeiningunum sé hugtakið „eign“ notað, gildir það jafnt um eignaflokk sem myndar fjárskapandi einingu.

Hlutar núvirðismats

A1 Saman skýra eftirfarandi þættir efnahagslegan mismun á milli eigna:

a) mat á framtíðarsjóðstreyminu, eða í tilvikum sem eru flóknari, röð framtíðarsjóðstreyma, sem einingin væntir að fá af eigninni,

b) væntingar um hugsanlegar breytingar á fjárhæð eða tímasetningu þessa sjóðstreymis,

c) tímavirði peninga táknað með núverandi áhættulausum markaðsvöxtum,

d) verðið fyrir að taka á sig óvissuna sem felst í eigninni, og

e) aðrir þættir, sem stundum er ekki hægt að auðkenna (eins og lausafjárskortur), sem markaðsaðilar myndu endurspegla í verðlagningu framtíðarsjóðstreymis sem einingin væntir að fá af eigninni.

A2 Í þessum viðbæti eru bornar saman tvær aðferðir við að reikna núvirði sem hvora má nota til að meta notkunarvirði eignar eftir aðstæðum. Samkvæmt „hefðbundinni“ aðferð eru leiðréttingar vegna þátta í b- til e-liðum sem lýst er í lið A1 innifaldar í afvöxtunarstuðlinum. Samkvæmt aðferðinni fyrir „vænt sjóðstreymi“ valda þættirnir í b-, d- og e-lið leiðréttingum þegar vænt sjóðstreymi er reiknað leiðrétt vegna áhættu. Sama hvaða aðferð eining notar til að endurspegla væntingar um hugsanlegar breytingar á fjárhæð eða tímasetningu framtíðarsjóðstreymis skal niðurstaðan endurspegla vænt núvirði framtíðarsjóðstreymis, þ.e. vegið meðaltal allra hugsanlegra niðurstaðna.

Almennar meginreglur

A3 Aðferðirnar sem notaðar eru til að meta framtíðarsjóðstreymi og vexti eru mismunandi eftir aðstæðum, eftir því hverjar aðstæður eignarinnar sem um ræðir eru. Eftirfarandi meginreglur stýra hvers konar beitingu núvirðisaðferðar við mat á eignum:

a) Vextir sem notaðir eru til að afvaxta sjóðstreymi skulu endurspegla forsendur sem eru í samræmi við þær sem felast í vænta sjóðstreyminu. Að öðrum kosti eru áhrif sumra forsendna tvítalin eða litið er fram hjá þeim. T.d. gæti afvöxtunarstuðli sem nemur 12% verið beitt á samningsbundið sjóðstreymi lánveitingar. Sá stuðull endurspeglar væntingar um vanskil í framtíðinni á lánum með tiltekin einkenni. Þennan sama 12% stuðul skal ekki nota til að afvaxta vænt sjóðstreymi vegna þess að það streymi endurspeglar þegar ályktanir um vanskil í framtíðinni,

b) Vænt sjóðstreymi og afvöxtunarstuðlar skulu vera laus við hlutdrægni og þætti sem eru ótengdir eigninni sem um ræðir. T.d. skapar vanmat, sem gert er af ásettu ráði, á væntu sjóðstreymi til að auka sýndararðsemi í framtíðinni hlutdrægni í matinu,

c) vænt sjóðstreymi eða afvöxtunarstuðlar skulu endurspegla allar hugsanlegar niðurstöður frekar en líklegustu lágmarks- eða hámarksfjárhæðina staka.

Hefðbundin aðferð og aðferð fyrir vænt sjóðstreymi til að ákvarða núvirði

Hefðbundin aðferð

A4 Venjan er við beitingu núvirðis í reikningsskilum að nota eitt áætlað sjóðstreymi og einn afvöxtunarstuðul, oft lýst sem „stuðlinum sem er í réttu hlutfalli við áhættuna“. Hefðbundna aðferðin gerir í raun ráð fyrir að viðtekin regla um einn afvöxtunarstuðul geti tekið til allra væntinga um framtíðarsjóðstreymi og viðeigandi áhættustuðuls. Því leggur hefðbundna aðferðin mesta áherslu á val afvöxtunarstuðulsins.

A5 Í sumum tilvikum, eins og þeim þar sem hægt er að fylgjast með sambærilegum eignum á markaðinum, er tiltölulega einfalt að beita hefðbundinni aðferð. Fyrir eignir með samningsbundið sjóðstreymi er það í samræmi við þann hátt sem þátttakendur á markaði hafa við að lýsa eignum, eins og t.d. „12% skuldabréf“.

A6 Verið getur að hefðbundna aðferðin fjalli þó ekki á viðeigandi hátt um sum flókin vandamál við mat eins og mat ófjárhagslegra eigna þar sem enginn markaður eða sambærilegur hlutur er til fyrir hlutinn. Ítarleg leit að „stuðlinum sem er í réttu hlutfalli við áhættuna“ þarfnast greiningar á a.m.k. tveimur liðum – eign sem til er á markaði og hefur vexti sem hafa verið mældir og eigninni sem verið er að meta. Viðeigandi afvöxtunarstuðul fyrir sjóðstreymið sem verið er að meta verður að ályktа út frá mælanlegum vöxtum á hinni eigninni. Til að hægt sé að draga þá ályktun verða eiginleikar sjóðstreymis hinnar eignarinnar að vera svipaðir og hjá eigninni sem verið er að meta. Því verður sá sem metur að gera eftirfarandi:

a) skilgreina sjóðstreymið sem verður afvaxtað,

b) skilgreina aðra eign á markaðinum sem virðist hafa svipaða sjóðstreymiseiginleika,

c) bera saman sjóðstreymi frá báðum liðunum til að tryggja að þau séu svipuð (eru þau bæði t.d. samningsbundin sjóðstreymi eða er annað samningsbundið og hitt áætlað sjóðstreymi?),

d) meta hvort til staðar sé þáttur í öðrum liðnum sem er ekki til staðar í hinum (er t.d. erfiðara að breyta öðrum í handbært fé (e. *less liquid*) en hinum?) og

e) meta hvort líklegt sé að bæði sjóðstreymi hegði sér (þ.e. breytist) á svipaðan hátt við breytilegar efnahagsaðstæður.

Aðferð fyrir vænt sjóðstreymi

A7 Aðferðin fyrir vænt sjóðstreymi er í sumum tilvikum áhrifaríkara tæki til mats en hefðbundna aðferðin. Þegar mat er unnið notar aðferðin um vænt sjóðstreymi allar væntingar um hugsanlegt sjóðstreymi í stað líklegasta sjóðstreymis. Sjóðstreymi gæti t.d. verið 100 GE, 200 GE eða 300 GE og líkurnar á því verið 10%, 60%, og 30% fyrir hvert þeirra. Vænt sjóðstreymi er 220 GE. Aðferðin fyrir vænt sjóðstreymi er því ólík hefðbundnu aðferðinni að því leyti að hún leggur áherslu á beina greiningu á sjóðstreyminu sem um ræðir og afdráttarlausari yfirlýsingu þeirra forsendna sem notaðar eru við matið.

A8 Aðferðin fyrir vænt sjóðstreymi heimilar einnig notkun núvirðisaðferða þegar tímasetning sjóðstreymis er óviss. Sjóðstreymi að upphæð 1000 GE gæti t.d. verið móttekið á einu ári, tveimur árum eða þremur árum og líkurnar á því verið 10%, 60%, og 30% fyrir hvert þeirra. Dæmið hér á eftir sýnir útreikning væntsnúvirðis við þær aðstæður.

Núvirði 1000 GE á 1 ári með 5% afvöxtun	952,38 GE	
Líkindi	10,00%	95,24 GE
Núvirði 1000 GE á 2 árum með 5,25% afvöxtun	902,73 GE	
Líkindi	60,00%	541,64 GE
Núvirði 1000 GE á 3 árum með 5,50% afvöxtun	851,61 GE	
Líkindi	30,00%	255,48 GE
Vænt núvirði		892,36 GE

A9 Vænt núvirði að upphæð 892,36 GE er ólíkt hefðbundnu hugmyndinni um besta mat að upphæð 902,73 GE (60% líkur). Hefðbundinn útreikningur á núvirði sem beitt væri á þetta dæmi þarfnaðist ákvörðunar um hvaða hugsanlegu tímasetningu sjóðstreymis ætti að nota og myndi því í samræmi við það ekki endurspegla líkurnar á öðrum tímasetningum. Þetta er vegna þess að afvöxtunarstuðull í hefðbundnum útreikningi á núvirði getur ekki endurspeglað óvissa tímasetningu.

A10 Notkun líkinda er mikilvægur þáttur í aðferðinni fyrir vænt sjóðstreymi. Þeirri spurningu hefur verið varpað fram hvort það að setja líkur á afar huglægt mat gefi til kynna meiri nákvæmni en í raun er til staðar. Við rétta beitingu hefðbundnu aðferðarinnar (eins og henni er lýst í lið A6) er þó gerð krafa um sama mat og huglægni án þess að veita gagnsæi reikningsaðferða sem aðferðin fyrir vænt sjóðstreymi veitir.

A11 Mat sem er unnið samkvæmt gildandi venjum tekur oft óformlega til þátta vænts sjóðstreymis. Að auki standa endurskoðendur oft frammi fyrir þörfinni á því að meta eign út frá takmörkuðum upplýsingum um líkurnar á hugsanlegu sjóðstreymi. Endurskoðandi gæti t.d. staðið frammi fyrir eftirfarandi aðstæðum:

a) áætluð fjárhæð er einhversstaðar á milli 50 GE og 250 GE en engin fjárhæð á því sviði er líklegri en önnur. Byggt á þessum takmörkuðu upplýsingum er áætlað vænt sjóðstreymi 150 GE [(50 + 250)/2].

b) áætluð fjárhæð er einhversstaðar á milli 50 GE og 250 GE og líklegasta fjárhæðin er 100 GE. Líkurnar sem tengdar eru hverri fjárhæð eru þó óþekktar. Byggt á þessum takmörkuðu upplýsingum er áætlað vænt sjóðstreymi 133,33 GE [(50 + 100 + 250)/3].

c) áætluð fjárhæð verður 50 GE (10% líkur), 250 GE (30% líkur) eða 100 GE (60% líkur). Byggt á þessum takmörkuðu upplýsingum er áætlað vænt sjóðstreymi 140 GE [(50 × 0.10) +(250 × 0.30) + (100 × 0.60)].

Í sérhverju tilviki er líklegt að áætlað vænt sjóðstreymi gefi betra mat á notkunarvirði en lágmarks-, líklegasta eða hámarksfjárhæðin ein og sér.

A12 Beiting aðferðarinnar fyrir vænt sjóðstreymi er háð kostnaðar- og ábatahömlu. Í sumum tilvikum kann eining að hafa aðgang að yfirgripsmiklum gögnum og geta unnið margar sjóðstreymisaðstæður. Í öðrum tilvikum getur verið að eining geti ekki unnið meira en almennar upplýsingar um breytileika sjóðstreymis án þess að stofna til verulegs kostnaðar. Einingin þarf að halda jafnvægi milli kostnaðarins við að afla viðbótarupplýsinga og þess aukna áreiðanleika sem upplýsingarnar gefa matinu.

A13 Því hefur verið haldið fram að aðferðir fyrir vænt sjóðstreymi séu ekki viðeigandi til að meta stakan lið eða lið þar sem fjöldi hugsanlegra niðurstaðna eru takmarkaðar. því til stuðnings er gefið dæmi um eign með tvær hugsanlegar niðurstöður: 90% líkur á því að sjóðstreymi verði 10 GE og 10% líkur á því að sjóðstreymi verið 1000 GE. Bent er á að vænt sjóðstreymi í þessu dæmi er 109 GE og það gagnrýnt að niðurstaðan sýni hvoruga fjárhæðina sem kann að verða greidd að lokum.

A14 Yfirlýsingar eins og sú hér á undan endurspegla ósætti um markmið matsins. Ef markmiðið er að telja saman kostnaðinn sem stofnað verður til getur verið að vænt sjóðstreymi gefi ekki hlutfallslega áreiðanlegt mat á væntanlegum kostnaði. Þessi staðall fjallar hins vegar um mat á endurheimtanlegri fjárhæð eignar. Endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar í þessu dæmi er líklega ekki 10 GE jafnvel þó að það sé líklegasta sjóðstreymið. Það er vegna þess að mat á 10 GE tekur ekki til óvissunnar í sjóðstreyminu við matið á eigninni. Þess í stað er óvisst sjóðstreymi sett fram eins og það væri visst sjóðstreymi. Engin skynsamleg rekin eining myndi selja eign með þessa eiginleika fyrir 10 GE.

Afvöxtunarstuðull

A15 Hvaða aðferð sem eining notar til að meta notkunarvirði eignar skulu vextirnir sem notaðir eru til að afvaxta sjóðstreymi ekki endurspegla áhættu sem vænt sjóðstreymi hefur verið leiðrétt vegna. Að öðrum kosti eru áhrif sumra forsendna tvítalin.

A16 Þegar stuðull, tengdur sérstakri eign, fæst ekki beint af markaðnum notar fyrirtæki staðgengla til að meta afvöxtunarstuðulinn. Tilgangurinn er að áætla, að svo miklu leyti sem það er unnt, markaðsmat á:

a) tímavirði peninga á þeim tímabilum sem um er að ræða fram að því að nýtingartíma eignarinnar lýkur, og

b) þáttunum í b-, d- og e-lið sem lýst er í lið A1 að því marki sem þeir þættir hafa ekki valdið leiðréttingum þegar vænt sjóðstreymi er reiknað.

A17 Eining getur tekið tillit til eftirfarandi stuðla sem upphafspunkts við gerð slíks mats:

a) vegins meðaltalskostnaðar fjármagns einingar sem er ákvarðaður með aðferðum eins og líkaninu um verðlagningu eigna,

b) jaðarvaxtakjara einingarinnar og

c) annarra markaðsvaxtakjara.

A18 Þessa stuðla verður þó að aðlaga:

a) til að endurspegla hvernig markaðurinn myndi meta sértæka áhættu sem tengist væntu sjóðstreymi eignarinnar og

b) til að skilja undan áhættu sem skiptir ekki máli fyrir vænt sjóðstreymi eignarinnar eða sem vænt sjóðstreymi hefur verið lagfært vegna.

Tillit skal tekið til áhættu eins og þeirrar sem tengist tilteknu landi, gjaldmiðli, og verði.

A19 Afvöxtunarstuðullinn er óháður fjármagnsuppbyggingu einingarinnar og því hvernig einingin fjármagnaði kaup á eigninni vegna þess að framtíðarsjóðstreymi, sem vænst er að myndist vegna eignar, er ekki háð því hvernig einingin fjármagnaði kaup á eigninni.

A20 Í 55. lið er gerð krafa um það að afvöxtunarstuðullinn sem notaður er sé hlutfall fyrir skatta. Þegar hlutfallið sem notað er til að meta afvöxtunarstuðulinn er reiknað út eftir skatta er sá útreikningur leiðréttur þannig að hann endurspegli hlutfall fyrir skatta.

A21 Eining notar venjulega einn afvöxtunarstuðul fyrir mat á notkunarvirði eignar. Eining notar þó sérstaka afvöxtunarstuðla fyrir mismunandi framtíðartímabil þar sem notkunarvirði er háð mismunandi áhættu á mismunandi tímabilum eða vaxtaskilmálum.

Viðbætir C

VIRÐISRÝRNUNARPRÓFUN FJÁRSKAPANDI EININGA MEÐ VIÐSKIPTAVILD OG HLUTI SEM EKKI ERU RÁÐANDI

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti staðalsins.

C1 Í samræmi við IFRS-staðal 3 (eins og hann var eftir endurskoðun 2008) skal yfirtökuaðili meta og færa viðskiptavild frá og með yfirtökudegi, sem fjárhæðin í a-lið er umfram b-lið hér á eftir:

a) samtala:

i. yfirfærðs endurgjalds, sem metið í samræmi við IFRS-staðal 3, sem yfirleitt krefst gangvirðis á yfirtökudegi,

ii. fjárhæðar allra hluta, sem ekki eru ráðandi í yfirtekna aðilanum, sem metinn er í samræmi við IFRS-staðal 3, og

iii. við sameiningu fyrirtækja, sem fram fer í áföngum, gangvirðis á yfirtökudegi þeirra hluta sem yfirtökuaðili átti í yfirtekna aðilanum fyrir sameiningu,

b) nettófjárhæð yfirtekinna, aðgreinanlegra eigna og yfirtekinna skulda, sem metnar eru í samræmi við IFRS-staðal 3 á yfirtökudegi.

Úthlutun viðskiptavildar

C2 Samkvæmt 80. lið í þessum staðli skal úthluta viðskiptavild, sem yfirtekin er við sameiningu fyrirtækja, á allar fjárskapandi einingar yfirtökuaðila, eða fjárskapandi einingaflokka, sem búist er við að njóti ávinnings af samvirkni sameiningarinnar, óháð því hvort öðrum eignum eða skuldum yfirtekna aðilans er ráðstafað til þeirra eininga eða einingaflokka. Hugsanlegt er að hluta samvirkninnar, sem leiðir af sameiningu fyrirtækja, verði úthlutað á fjárskapandi einingu sem hluthafar, sem eru ekki ráðandi, eiga ekki hlutdeild í.

Virðisrýrnunarpróf

C3 Virðisrýrnunarpróf felur í sér samanburð á endurheimtanlegri fjárhæð fjárskapandi einingar og bókfærðu verði fjárskapandi einingar.

C4 Ef eining metur hlut, sem er ekki ráðandi, í réttu hlutfalli við hlutdeild í hreinni, aðgreinanlegri eign dótturfélags á yfirtökudegi, fremur en á gangvirði, er viðskiptavild, sem úthlutað er til hlutar, sem ekki er ráðandi, talin með í endurheimtanlegri fjárhæð tengdrar, fjárskapandi einingar en er ekki færð í samstæðureikningsskil móðurfélagsins. Af þeim sökum skal eining uppfæra bókfært verð viðskiptavildar, sem skipt er á eininguna, til að taka til viðskiptavildar hlutdeildar ekki ráðandi hluthafa. Þetta leiðrétta bókfærða verð er svo borið saman við endurheimtanlega fjárhæð einingarinnar til að ákvarða hvort fjárskapandi einingin hafi rýrnað að virði.

Úthlutun virðisrýrnunartaps

C5 Í 104. lið er gerð krafa um að öllu skilgreindu virðisrýrnunartapi skuli úthluta fyrst til lækkunar á bókfærðu verði viðskiptavildar sem úthlutað er á þá einingu og síðan á aðrar eignir einingarinnar í réttu hlutfalli við grundvöll bókfærðs verðs hverrar eignar í einingunni.

C6 Ef dótturfélag, eða hluti dótturfélags, með hlut, sem er ekki ráðandi, er sjálft fjárskapandi eining er virðisrýrnunartapi skipt á móður- og dótturfélag á sama grundvelli og hagnaði eða tapi er úthlutað.

C7 Ef dótturfélag, eða hluti dótturfélags, með hlut, sem er ekki ráðandi, er hluti stærri fjárskapandi einingar er virðisrýrnunartapi á viðskiptavild deilt á þá hluta fjárskapandi einingarinnar sem ekki eiga ráðandi hlut og þá hluta sem eiga ekki slíkan hlut. Virðisrýrnunartapi skal úthluta til hluta fjárskapandi einingar á grundvelli:

a) hlutfallslegs, bókfærðs virðis viðskiptavildar hlutanna fyrir virðisrýrnun, að því marki sem virðisrýrnunin tengist viðskiptavild fjárskapandi einingar, og

b) hlutfallslegs, bókfærðs virðis hreinna aðgreinanlegra eigna hlutanna fyrir virðisrýrnun, að því marki sem virðisrýrnun tengist aðgreinanlegum eignum fjárskapandi einingar. Allri slíkri virðisrýrnun er úthlutað á eignir hluta hverrar einingar í réttu hlutfalli við bókfært verð hverrar eignar í hlutanum.

Í þeim hlutum sem eiga hluti, sem ekki eru ráðandi, er virðisrýrnunartapi skipt milli móðurfélags og hlutar, sem er ekki ráðandi, á sama grundvelli og hagnaði eða tapi er úthlutað.

C8 Ef virðisrýrnunartap, sem úthluta má til hlutar, sem ekki er ráðandi, tengist viðskiptavild sem er ekki færð í samstæðu reikningsskilum móðurfélags (sjá lið C4), skal ekki færa þá virðisrýrnun sem virðisrýrnunartap á viðskiptavild. Í því tilviki skal aðeins færa það virðisrýrnunartap sem tengist viðskiptavild sem er úthlutað móðurfélagi sem virðisrýrnunartap á viðskiptavild.

C9 Skýringardæmi 7 skýrir virðisrýrnunarprófun fjárskapandi einingar með viðskiptavild sem er ekki að öllu leyti í eigu móðurfélags.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 37 (IAS-staðall 37)

Reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir

MARKMIÐ

Markmiðið með þessum staðli er að tryggja að viðeigandi skilyrði fyrir færslu og viðeigandi matsgrunnar séu notaðir um reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir og að nægilegar upplýsingar séu veittar í skýringum til að gera notendum kleift að skilja eðli, tímasetningu og fjárhæð þeirra.

GILDISSVIÐ

1 Allar einingar skulu beita þessum staðli þegar þær færa reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir nema:

a) þær sem stafa af óuppfylltum samningum nema þegar samningurinn er íþyngjandi og

b) [felldur brott]

c) þær sem annar staðall nær yfir.

2 Þessi staðall gildir ekki um fjármálagerninga (þ.m.t. ábyrgðir) sem falla innan gildissviðs IFRS-staðals 9, *fjármálagerningar*.

3 Óuppfylltir samningar eru skilgreindir sem samningar þar sem hvorugur aðilinn hefur uppfyllt skuldbindingar sínar eða báðir aðilar hafa að sama marki uppfyllt skuldbindingar sínar að hluta til. Þessi staðall tekur ekki til óuppfylltra samninga nema þeir séu íþyngjandi.

4 [Felldur brott]

5 Þegar annar staðall tekur til sérstakrar tegundar reiknaðrar skuldbindingar, óvissrar skuldar eða óvissrar eignar beitir eining þeim staðli í stað þessa staðals. Einnig er sem dæmi fjallað um nokkrar tegundir reiknaðra skuldbindinga í stöðlum er varða:

a) [felldur brott]

b) tekjuskatta (sjá IAS-staðal 12, *tekjuskattar*),

c) leigusamninga (sjá IFRS-staðal 16, *leigusamningar*), Þessi staðall gildir þó um leigusamninga sem verða íþyngjandi fyrir upphafsdagsetningu leigusamningsins eins og skilgreint er í IFRS-staðli 16. Þessi staðall gildir einnig um skammtímaleigusamninga og leigusamninga þar sem undirliggjandi eign er verðlítil og færð í samræmi við 6. lið IFRS-staðall 16 og sem hafa orðið íþyngjandi.

d) starfskjör (sjá IAS-staðal 19, *starfskjör*),

e) vátryggingarsamninga og aðra samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17, *vátryggingarsamningar*,

f) óvissar greiðslur yfirtökuaðila vegna sameiningar fyrirtækja (sjá IFRS-staðal 3, *sameining fyrirtækja*) og

g) reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini (sjá IFRS-staðal 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*). Vegna þess að IFRS-staðall 15 felur ekki í sér sérstakar kröfur um að mæta samningum við viðskiptavini sem eru, eða hafa orðið íþyngjandi, gildir þessi staðall um slík tilvik.

6 [Felldur brott]

7 Í þessum staðli eru varúðarniðurfærslur skilgreindar sem skuldir með óvissan greiðslutíma eða fjárhæð. Í sumum löndum er heitið „varúðarniðurfærsla“ einnig notað í tengslum við liði á borð við afskriftir, virðisrýrnun eigna og vafasamar kröfur: eru það leiðréttingar á bókfærðu verði eigna og ekki til umfjöllunar í þessum staðli.

8 Í öðrum stöðlum er tilgreint hvort fara skuli með útgjöld eins og eigir eða kostnað. Ekki er fjallað um þau atriði í þessum staðli. Til samræmis við það er hvorki bannað né þess krafist að kostnaðurinn sé eignfærður þegar varúðarniðurfærsla er gerð.

9 Þessi staðall gildir um reiknaðar skuldbindingar vegna endurskipulagningar (þ.m.t. aflögð starfsemi). Þegar endurskipulagning samræmist skilgreiningunni á aflagðri starfsemi kann þess að vera krafist í IFRS-staðli 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*, að birta skuli frekari upplýsingar.

SKILGREININGAR

10 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Reiknuð skuldbinding **er skuld með óvissa tímasetningu eða fjárhæð.**

Skuld [23] **er núverandi skuldbinding einingar sem er tilkomin vegna liðinna atburða og búist er við að uppgreiðsla skuldarinnar muni hafa í för með sér útstreymi verðmæta sem fela í sér efnahagslegan ávinning frá einingunni.**

Skuldbindandi atburður **er atburður sem leiðir af sér lagalega eða ætlaða skuldbindingu sem gerir það að verkum að fyrirtæki hefur engan annan kost en að gera upp skuldbindinguna.**

Lagaleg skuldbinding **er skuldbinding sem hlýst af:**

a) samningi (beinum eða óbeinum skilmálum hans),

b) löggjöf eða

c) öðrum lagalegum grundvelli.

Ætluð skuldbinding **er skuldbinding sem hlýst af aðgerðum einingar þegar:**

a) eining hefur, með viðteknum venjum, með yfirlýstri stefnu eða með gildandi og nægilega nákvæmri yfirlýsingu, gefið öðrum aðilum til kynna að hún muni taka á sig tilteknar skyldur og

b) einingin hefur af þeim sökum skapað réttmætar væntingar hjá þessum aðilum um að hún takist á hendur þessar skyldur.

Óviss skuld **er:**

a) möguleg skuldbinding sem stafar af liðnum atburðum og verður aðeins staðfest þegar einn eða fleiri óvissir atburðir, sem einingin hefur ekki fulla stjórn á, gerast eða gerast ekki í framtíðinni, eða

(23) Skilgreiningin á skuld í þessum staðli var ekki endurskoðuð eftir endurskoðun á skilgreiningunni á skuld í *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* sem gefinn var út 2018.

b) núverandi skuldbinding sem stafar af liðnum atburðum en er ekki færð vegna þess að:

i. ekki sé líklegt að krafist verði útstreymis efnahagslegs ávinnings til að gera upp skuldbindinguna, eða

ii. fjárhæð skuldbindingarinnar verður ekki mæld með nægjanlegri vissu.

Óviss eign **er möguleg skuldbinding sem stafar af liðnum atburðum og verður aðeins staðfest þegar einn eða fleiri óvissir atburðir, sem eining hefur ekki fulla stjórn á, eiga sér stað eða eiga sér ekki stað í framtíðinni, eða**

Íþyngjandi samningur **er samningur sem felur í sér að óhjákvæmilegur kostnaður við að standa við skuldbindingarnar sem fylgja samningnum, er meiri en efnahagslegur ávinningur sem vænta má að fáist samkvæmt honum.**

Endurskipulagning **er áætlun sem framkvæmdastjórn skipuleggur og stýrir og breytir verulega annaðhvort:**

a) umfangi rekstrar sem eining leggur stund á eða

b) því hvernig þeim rekstri er stjórnað.

Reiknaðar skuldbindingar og aðrar skuldir

11 Greina má reiknaðar skuldbindingar frá öðrum skuldum, eins og viðskiptaskuldum og áföllnum liðum, vegna þess að óvissa ríkir um tímasetningu eða fjárhæð útgjalda sem er nauðsynleg vegna uppgjörs í framtíðinni. Á hinn bóginn eru:

a) viðskiptaskuldir, skuldir vegna kaupa á vöru eða þjónustu, sem hefur verið móttekin eða veitt og reikningsfærð eða formlega samið um við birgi, og

b) áfallnir liðir, skuldir vegna kaupa á vöru eða þjónustu sem hefur verið móttekin eða veitt en ekki verið greidd, reikningsfærð eða formlega samið um við birgi, þ.m.t. fjárhæðir sem starfsmenn eiga inni (t.d. fjárhæðir sem tengjast áunnum orlofslaunum). Þótt nauðsynlegt kunni að vera að áætla fjárhæð eða tímasetningu áfallinna liða er óvissan yfirleitt mun minni en þegar um er að ræða reiknaðar skuldbindingar.

Áfallnir liðir eru oft tilgreindir sem hluti af viðskiptaskuldum og öðrum skuldum en reiknaðar skuldbindingar eru tilgreindar sérstaklega.

Sambandið milli reiknaðra skuldbindinga og óvissra skulda

12 Almennt séð eru allar reiknaðar skuldbindingar óvissar vegna þess að tímasetning eða fjárhæð þeirra er óviss. Í staðlinum er orðið „óviss“ hins vegar notað um skuldir og eignir sem eru ekki færðar í efnahagsreikning vegna þess að þær verða aðeins staðfestar þegar einn eða fleiri óvissir atburðir, sem einingin hefur ekki fulla stjórn á, gerast eða gerast ekki í framtíðinni Þar að auki er hugtakið „óviss skuld“ notað um skuldir sem uppfylla ekki skilyrði fyrir færslu í efnahagsreikningi.

13 Í þessum staðli er gerður greinarmunur á:

a) reiknuðum skuldbindingum — sem eru færðar sem skuldir (gert er ráð fyrir að möguleiki sé á áreiðanlegu mati þeirra) vegna þess að þær eru núverandi skuldbindingar og líklegt er talið að þörf verði á útstreymi verðmæta sem felast í efnahagslegum ávinningi til að gera skuldbindingarnar upp, og

b) óvissum skuldum — sem eru ekki færðar sem skuldir vegna þess að þær eru annaðhvort:

i. mögulegar skuldbindingar, þar sem ekki hefur verið staðfest hvort einingin sé með núverandi skuldbindingu sem getur leitt til útstreymis verðmæta sem felast í efnahagslegum ávinningi, eða

ii. núverandi skuldbindingar sem uppfylla ekki skilyrði fyrir færslu samkvæmt þessum staðli (annaðhvort vegna þess að ekki er talið líklegt að þörf verði á útstreymi verðmæta sem felast í efnahagslegum ávinningi til að gera skuldbindinguna upp eða vegna þess að ekki er hægt að meta fjárhæð skuldbindingarinnar á nógu áreiðanlegan hátt).

FÆRSLA

Reiknaðar skuldbindingar

14 Reiknaða skuldbindingu skal færa þegar:

a) eining er með núverandi skuldbindingu (lagalega eða ætlaða) vegna liðins atburðar,

b) líklegt er talið að þörf verði á útstreymi verðmæta sem felast í efnahagslegum ávinningi til að gera skuldbindinguna upp og

c) unnt er að meta fjárhæð skuldbindingarinnar á áreiðanlegan hátt.

Reiknaða skuldbindingu skal ekki færa nema að uppfylltum þessum skilyrðum.

Núverandi skuldbinding

15 Í undantekningartilvikum getur verið óljóst hvort fyrir hendi sé núverandi skuldbinding. Í slíkum tilvikum leiðir liðinn atburður til gildrar skuldbindingar ef, þegar tekið er tillit til allra tiltækra gagna, meiri líkur eru á því en minni að núverandi skuldbinding sé fyrir hendi í lok reikningsskilatímabilsins.

16 Í nær öllum tilvikum mun verða ljóst hvort liðinn atburður hafi leitt til núverandi skuldbindingar. Í undantekningartilvikum, t.d. í málaferlum, má deila um það hvort ákveðnir atburðir hafi gerst eða hvort atburðirnir leiði til núverandi skuldbindingar. Í slíkum tilvikum ákveður eining hvort núverandi skuldbinding sé fyrir hendi við lok skýrslutímabilsins með því að taka tillit til allra tiltækra gagna, m.a. álits sérfræðinga svo dæmi sé tekið. Einnig ætti að taka til athugunar viðbótarupplýsingar sem koma fram vegna atburða eftir að reikningsskilatímabilinu lýkur. Á grundvelli slíkra gagna:

a) færir einingin reiknaða skuldbindingu (að uppfylltum skilyrðum fyrir færslu) þegar meiri líkur eru á því en minni að fyrir hendi sé núverandi skuldbinding við lok reikningsskilatímabilsins, og

b) einingin upplýsir um óvissa skuld þegar meiri líkur eru á því en minni að engin núverandi skuldbinding sé fyrir hendi við lok reikningsskilatímabilsins, nema möguleikinn á útstreymi verðmæta sem felast í efnahagslegum ávinningi sé hverfandi (sjá 86. lið).

Liðinn atburður

17 Liðinn atburður, sem leiðir til núverandi skuldbindingar, nefnist skuldbindandi atburður. Nauðsynlegt er að einingin hafi ekki annan raunhæfan kost en að gera upp skuldbindinguna sem myndaðist vegna atburðarins til að atburður verði skuldbindandi atburður. Þetta á aðeins við:

a) þegar knýja má fram uppgjör á skuldbindingunni með lögum eða

b) þegar atburður (sem kann að vera aðgerð einingarinnar) skapar réttmætar væntingar hjá öðrum aðilum um að einingin standi við skuldbindinguna og þá er um að ræða ætlaða skuldbindingu.

18 Reikningsskil fjalla um fjárhagslega stöðu einingar í lok reikningsskilatímabils hennar en ekki hugsanlega stöðu hennar í framtíðinni. Þess vegna er reiknuð skuldbinding ekki færð vegna kostnaðar sem stofna þarf til vegna rekstrar í framtíðinni. Einu skuldirnar, sem eining skal færa í efnahagsreikning, eru þær sem eru fyrir hendi, við lok reikningsskilatímabilsins.

19 Aðeins skal færa sem reiknaðar skuldbindingar þær skuldbindingar sem hafa orðið til vegna liðinna atburða sem eru óháðir aðgerðum einingar í framtíðinni (þ.e. starfsháttum hennar í framtíðinni). Dæmi um slíkar skuldbindingar eru viðurlög eða kostnaður við hreinsun vegna ólögmætra umhverfisspjalla en hvort tveggja myndi leiða til útstreymis verðmæta sem felast í efnahagslegum ávinningi við uppgjör skulda án tillits til aðgerða einingarinnar í framtíðinni. Að sama skapi færir eining reiknaða skuldbindingu vegna kostnaðar við niðurrif á olíuvinnslustöð eða kjarnorkuveri, að því marki sem einingin er skuldbundin til að bæta tjón sem þegar hefur orðið. Á hinn bóginn má vera að eining geri ráð fyrir eða þurfi, af ástæðum er varða viðskiptalegan þrýsting eða lagalegar kröfur, að stofna til útgjalda til að starfa á ákveðinn hátt í framtíðinni (t.d. að koma fyrir reyksíum í tiltekinni tegund af verksmiðjum). Þar sem einingin getur forðast útgjöld í framtíðinni með framtíðaraðgerðum sínum, t.d. með því að breyta rekstrarháttum sínum, hefur hún enga núverandi skuldbindingu vegna þessara útgjalda í framtíðinni og engin reiknuð skuldbinding er færð í efnahagsreikning.

20 Skuldbinding felur alltaf í sér annan aðila, þ.e. þann sem skuldbindingin er gagnvart. Hins vegar er ekki nauðsynlegt að þekkja deili á aðilanum sem skuldbindingin er gagnvart — því raunar getur skuldbindingin verið gagnvart almenningi í heild. Vegna þess að skuldbinding felur alltaf í sér skuldbindingu gagnvart öðrum aðila er ljóst að ákvörðun framkvæmdastjórnar eða stjórnar leiðir ekki af sér ætlaða skuldbindingu við lok reikningsskilatímabilsins, nema þeim aðilum, sem ákvörðunin hefur áhrif á, hafi verið gerð nógu ítarleg grein fyrir henni fyrir lok reikningsskilatímabilsins til að vekja réttmætar væntingar hjá þeim um að einingin muni standa við ábyrgðir sínar.

21 Atburður, sem leiðir ekki af sér skuldbindingu strax, kann að gera það síðar vegna breytinga á lögum eða vegna þess að aðgerð (t.d. nægilega nákvæm, opinber yfirlýsing) einingar leiðir af sér ætlaða skuldbindingu. Til dæmis kann að vera að eining sé ekki á neinn hátt skuldbundin til að taka á sig afleiðingar umhverfisspjalla. Orsök tjónsins verður þó skuldbindandi atburður þegar ný lög krefjast þess að tjón, sem hefur orðið, sé bætt eða þegar eining tekur opinberlega á sig þá skyldu að bæta tjónið þannig að ætluð skuldbinding skapast.

22 Þegar fyrirhuguð, ný lög hafa ekki verið fullmótuð kemur ekki til skuldbindingar fyrr en nær fullvíst er að löggjöfin verði eins og drögin. Í þessum staðli er farið með slíka skuldbindingu sem lagalega skuldbindingu. Mismunandi aðstæður við lagasetningu gera það að verkum að ómögulegt er að tilgreina einstakan atburð sem kann að leiða til lagasetningar með nær fullri vissu. Í mörgum tilvikum getur reynst ómögulegt að segja fyrir um setningu laga með nær fullri vissu fyrr en þau hafa verið sett.

Líklegt útstreymi verðmæta sem fela í sér efnahagslegan ávinning

23 Ef skuld á að uppfylla skilyrði fyrir færslu þarf núverandi skuldbinding að vera fyrir hendi og jafnframt líkur á útstreymi verðmæta sem felast í efnahagslegum ávinningi til að gera skuldbindinguna upp. Í þessum staðli ([24]) telst útstreymi verðmæta eða annar atburður líklegur ef líkur eru á að atburðurinn gerist, þ.e. líkurnar á að atburðurinn gerist eru meiri en líkurnar á að hann gerist ekki. Þegar ekki er talið líklegt að fyrir hendi sé núverandi skuldbinding upplýsir einingin um óvissa skuld nema möguleikinn á útstreymi verðmæta sem felast í efnahagslegum ávinningi sé hverfandi (sjá 86. lið).

24 Þegar um er að ræða fjölda sambærilegra skuldbindinga (t.d. vöruábyrgðir eða sambærilega samninga) eru líkurnar á því að þörf verði á útstreymi við uppgjör ákvarðaðar með því að skoða uppgjör hvers flokks skuldbindinga í heild. Þótt líkurnar á útstreymi vegna einstakra liða séu litlar geta verið talsverðar líkur á því að þörf verði á einhverju útstreymi verðmæta til að gera upp flokk skuldbindinga í heild. Í því tilviki er reiknuð skuldbinding færð í efnahagsreikning (að uppfylltum öðrum skilyrðum fyrir færslu).

Áreiðanlegt mat á skuldbindingunni

25 Nauðsynlegt er að beita mati við gerð reikningsskila og dregur það ekki úr áreiðanleika þeirra. Þetta á einkum við um reiknaðar skuldbindingar sem eru í eðli sínu óvissari en flestir aðrir liðir í efnahagsreikningi. Nema í algjörum undantekningartilvikum, getur eining áætlað ýmsar mögulegar niðurstöður og getur því metið hvaða skuldbinding er nógu áreiðanleg til að nota við færslu reiknaðrar skuldbindingar.

26 Í því algjöra undantekningartilviki þegar ekki er hægt að gera áreiðanlegt mat er um að ræða skuld sem ekki er hægt að færa í efnahagsreikning. Upplýsa skal um slíka skuld sem óvissa skuld (sjá 86. lið).

([24]) Túlkunin á „líklegur“ í þessum staðli sem „meiri líkur en minni“ gildir ekki endilega í öðrum stöðlum.

Óvissar skuldir

27 Eining skal ekki færa óvissa skuld.

28 Upplýst er um óvissa skuld, eins og gerð er krafa um í 86. lið, nema möguleikinn á útstreymi verðmæta, sem felast í efnahagslegum ávinningi, sé hverfandi.

29 Þegar eining ber óskipta ábyrgð á skuldbindingu er farið með þann hluta skuldbindingarinnar, sem vænta má að aðrir aðilar standi við, sem óvissa skuld. Eining færir reiknaða skuldbindingu vegna þess hluta skuldbindingarinnar sem líkur eru á að leiði til útstreymis verðmæta, sem felast í efnahagslegum ávinningi, nema í þeim örfáu undantekningartilvikum þegar ekki er unnt að gera áreiðanlegt mat.

30 Óvissar skuldir kunna að þróast á annan hátt en upphaflega var vænst. Þess vegna eru þær metnar með reglubundnum hætti til að ákvarða hvort útstreymi verðmæta, sem felast í efnahagslegum ávinningi, sé orðið líklegt. Þegar líkur verða á því að útstreymi efnahagslegs ávinnings í framtíðinni verði nauðsynlegt vegna liðar sem áður var farið með sem óvissa skuld, er reiknuð skuldbinding færð í reikningsskil þess tímabils þegar breyting varð á líkum (nema í þeim örfáu undantekningartilvikum þegar ekki er unnt að gera áreiðanlegt mat).

Óvissar eignir

31 Eining skal ekki færa óvissa eign.

32 Óvissar eignir stafa yfirleitt af atburðum sem ekki voru áætlaðir eða öðrum óvæntum atburðum sem hafa í för með sér möguleika á innstreymi efnahagslegs ávinnings hjá einingunni. Dæmi um þetta er krafa sem eining sækir með málaferlum og niðurstaðan er óviss.

33 Óvissar eignir eru ekki færðar í reikningsskil vegna þess að það getur leitt til færslu tekna sem verða jafnvel aldrei innleystar. Aftur á móti þegar nær fullvíst er að tekjur verði innleystar er viðkomandi eign ekki óviss eign og því er rétt að færa hana.

34 Upplýst er um óvissa eign, eins og gerð er krafa um í 89. lið, þegar líkur eru á innstreymi efnahagslegs ávinnings.

35 Óvissar eignir eru metnar með reglubundnum hætti til að tryggja að þróun endurspeglist á viðeigandi hátt í reikningsskilum. Þegar það er nær fullvíst að innstreymi verði á efnahagslegum ávinningi eru eignin og viðkomandi tekjur færðar í reikningsskil þess tímabils þegar breytingin verður. Þegar innstreymi efnahagslegs ávinnings er orðið líklegt upplýsir eining um óvissu eignina (sjá 89. lið).

MAT

Besta mat

36 Fjárhæðin, sem er færð sem reiknuð skuldbinding, skal vera besta mat á útgjöldunum sem þarf til að gera upp núverandi skuldbindingu, við lok reikningsskilatímabilsins.

37 Besta mat á útgjöldunum, sem þarf til að gera upp núverandi skuldbindingu, er sú fjárhæð sem einingin myndi við rökréttar aðstæður greiða til að gera upp skuldbindinguna við lok reikningsskilatímabilsins eða til að færa hana yfir til þriðja aðila á þeim tíma Oft er ómögulegt eða óhóflega kostnaðarsamt að gera upp eða yfirfæra skuldbindingu, við lok reikningsskilatímabilsins. Hins vegar gefur mat á fjárhæðinni, sem rökrétt er að eining greiði til að gera upp eða yfirfæra skuldbindinguna, besta mat á útgjöldum sem þarf til að gera upp núverandi skuldbindingu við lok reiknings-skilatímabilsins.

38 Mat á niðurstöðu og fjárhagslegum áhrifum skal framkvæmdastjórn einingarinnar dæma um, ásamt reynslu af sambærilegum viðskiptum og í sumum tilvikum skýrslum óháðra sérfræðinga. Einnig ætti að taka til athugunar viðbótarupplýsingar sem koma fram vegna atburða eftir að reikningsskilatímabilinu lýkur.

39 Farið er með óvissu varðandi fjárhæðina, sem færa skal, sem reiknaða skuldbindingu á ýmsa vegu eftir aðstæðum. Þegar reiknaða skuldbindingin, sem er metin, felur í sér mikinn fjölda liða er skuldbindingin metin með því að skoða allar mögulegar niðurstöður út frá tengdum líkum. Þessi tölfræðilega aðferð við matsgerð nefnist „vænt virði“. Reiknuð skuldbinding verður því mismunandi eftir því hvort líkur á tapi á tiltekinni fjárhæð eru t.d. 60% eða 90%. Þegar mögulegar niðurstöður eru á samfelldu bili og allar niðurstöður á því bili eru jafn líklegar er miðgildi bilsins notað.

Dæmi

Eining selur vörur með ábyrgð sem felur í sér að viðskiptamenn eru tryggðir fyrir kostnaði vegna viðgerða á öllum framleiðslugöllum sem koma í ljós innan sex mánaða eftir kaupin. Ef minni háttar gallar kæmu fram á öllum seldum vörum yrði viðgerðarkostnaðurinn 1 milljón. Ef meiri háttar gallar kæmu fram á öllum seldum vörum yrði viðgerðar-kostnaðurinn 4 milljónir. Fyrri reynsla einingar og væntingar hennar til framtíðar benda til þess að á komandi ári verði 75% af seldum vörum án galla, 20% af seldum vörum með minni háttar galla og 5% af seldum vörum með meiri háttar galla. Í samræmi við 24. lið metur eining líkur á útstreymi vegna ábyrgðarskuldbindinga í heild.

Vænt virði viðgerðarkostnaðar er:

(75 % af núlli) + (20 % af 1 milljón) + (5 % af 4 milljónum) = 400 000

40 Þegar einstök skuldbinding er metin kann ein líklegasta niðurstaðan að vera besta mat á skuldinni. Jafnvel í slíku tilviki skoðar einingin þó aðrar mögulegar niðurstöður. Þegar aðrar mögulegar niðurstöður eru annaðhvort að mestu hærri eða að mestu lægri en líklegasta niðurstaðan verður besta mat hærri eða lægri fjárhæð. Ef eining þarf t.d. að lagfæra slæman galla í stórri verksmiðju, sem hún hefur byggt fyrir viðskiptamann, kann ein líklegasta niðurstaðan að vera að viðgerðin heppnist við fyrstu tilraun og kostnaðurinn verði 1.000 en hærri fjárhæð er áætluð ef umtalsverðar líkur eru á að þörf verði á frekari aðgerðum.

41 Reiknaða skuldbindingin er metin fyrir skatta þar sem fjallað er um skattaleg áhrif reiknuðu skuldbindingarinnar og breytingar á henni í IAS-staðli 12.

Áhætta og óvissa

42 Taka skal tillit til áhættunnar og óvissunnar sem óhjákvæmilega fylgir ýmsum atburðum og aðstæðum þegar leitast er við að finna besta mat á reiknaðri skuldbindingu.

43 Áhætta sýnir möguleika á ólíkum niðurstöðum. Leiðrétting vegna áhættu getur hækkað fjárhæðina sem skuld er metin á. Þörf er á gætni við mat þegar óvissa ríkir þannig að tekjur eða eignir séu ekki ofmetnar og gjöld eða skuldir séu ekki vanmetnar. Hins vegar réttlætir óvissa ekki að skuldbindingar séu óhóflega reiknaðar eða að skuldir séu vísvitandi ofmetnar. Ef áætlaður kostnaður vegna einkar óhagstæðrar niðurstöðu er t.d. metinn á varfærinn hátt er sú niðurstaða ekki vísvitandi talin líklegri en hún er í raun. Þörf er á gætni til að koma í veg fyrir að leiðréttingar vegna áhættu og óvissu séu gerðar í tvígang sem myndi leiða til ofmats á reiknaðri skuldbindingu.

44 Upplýsingar um óvissuna, sem felst í fjárhæð útgjaldanna, eru tilgreindar í b-lið 85. liðar.

Núvirði

45 Þegar áhrif tímavirðis peninga eru veruleg skal fjárhæð reiknaðrar skuldbindingar vera núvirði útgjalda sem vænta má að þurfi til að gera skuldbindinguna upp.

46 Vegna tímavirðis peninga eru reiknaðar skuldbindingar í tengslum við útstreymi handbærs fjár skömmu eftir dagsetningu efnahagsreiknings meira íþyngjandi en þær sem tengjast útstreymi handbærs fjár af sömu fjárhæð sem verður síðar. Reiknaðar skuldbindingar eru því afvaxtaðar þegar áhrifin eru veruleg.

47 Afvöxtunarstuðullinn eða -stuðlarnir skal vera afvöxtunarstuðull eða -stuðlar fyrir skatta sem endurspegla núverandi markaðsmat á tímavirði peninga og áhættuna sem fylgir skuldinni sérstaklega. Þegar mat á framtíðarsjóðstreymi hefur verið leiðrétt vegna áhættu skal afvöxtunarstuðullinn eða -stuðlarnir ekki endurspegla þá áhættu.

Atburðir í framtíðinni

48 Fjárhæð reiknaðrar skuldbindingar skal endurspegla atburði í framtíðinni sem geta haft áhrif á fjárhæðina sem þarf til að gera upp skuldbindingu þegar fullnægjandi, hlutlægar vísbendingar eru um að þeir muni gerast.

49 Atburðir, sem vænta má í framtíðinni, kunna að vera sérlega mikilvægir við mat á reiknuðum skuldbindingum. Eining kann t.d. að líta svo á að kostnaður við hreinsun á starfsvettvangi, þegar honum er lokað, muni lækka vegna tækniþróunar í framtíðinni. Fjárhæðin, sem er færð, endurspeglar sanngjarnar væntingar tæknilegra hæfra og hlutlægra aðila sem taka tillit til allra tiltækra gagna um tæknina sem verður fyrir hendi þegar að hreinsuninni kemur. Þess vegna er rétt að tiltaka m.a. væntanlega lækkun kostnaðar, sem tengist aukinni reynslu í beitingu tækni sem er fyrir hendi, eða væntanlegan kostnað við að beita tækni sem er fyrir hendi við stærri og flóknari hreinsunaraðgerðir en hafa farið fram áður. Hins vegar sér eining ekki fyrir þróun á algjörlega nýrri hreinsitækni nema það geti stutt það með fullnægjandi, hlutlægum gögnum.

50 Áhrif nýrrar löggjafar, sem kann að vera sett, eru tekin með í reikninginn við mat á núverandi skuldbindingu þegar fullnægjandi, hlutlægar vísbendingar liggja fyrir um að nær fullvíst sé að löggjöfin verði sett. Vegna þess að í framkvæmd eru fyrir hendi mismunandi aðstæður er ómögulegt að tilgreina einstakan atburð sem gefur fullnægjandi, hlutlægar vísbendingar í hverju tilviki fyrir sig. Gerð er krafa um bæði gögn um það hvers löggjöfin krefst og hvort nær fullvíst sé að hún verði sett og innleidd þegar þar að kemur. Í mörgum tilvikum liggja ekki fyrir fullnægjandi, hlutlæg gögn fyrr en nýja löggjöfin er sett.

Væntanleg ráðstöfun eigna

51 Ekki skal taka tillit til hagnaðar af væntanlegri ráðstöfun eigna við mat á reiknaðri skuldbindingu.

52 Ekki er tekið tillit til hagnaðar af væntanlegri ráðstöfun eigna við mat á reiknaðri skuldbindingu jafnvel þótt væntanleg ráðstöfun sé nátengd atburðinum sem leiddi til reiknuðu skuldbindingarinnar. Þess í stað skal eining færa hagnað af væntanlegri ráðstöfun eigna á þeim tíma sem tilgreindur er í staðlinum sem fjallar um viðkomandi eignir.

ENDURGREIÐSLUR

53 Þegar þess er vænst að annar aðili endurgreiði öll eða hluta útgjaldanna sem þörf er á til að gera upp reiknaða skuldbindingu, skal færa endurgreiðsluna þegar og aðeins þegar það er nær fullvíst að endurgreiðsla fari fram ef einingin gerir upp skuldbindinguna. Fara skal með endurgreiðsluna sem sérstaka eign. Fjárhæðin, sem færð er vegna endurgreiðslunnar, skal ekki vera hærri en fjárhæð reiknuðu skuldbindingarinnar.

54 Í rekstrarreikningnum má setja fram gjöld, sem tengjast reiknaðri skuldbindingu, að frádreginni fjárhæðinni sem er færð vegna endurgreiðslu.

55 Stundum getur eining treyst á að annar aðili greiði öll eða hluta útgjaldanna sem þörf er á til að gera upp reiknaða skuldbindingu (t.d. með vátryggingarsamningum, ákvæðum um bætur eða ábyrgðir söluaðila). Sá annar aðili getur annaðhvort endurgreitt fjárhæðir, sem einingin greiðir, eða greitt fjárhæðirnar beint.

56 Í flestum tilvikum ber einingin áfram ábyrgð á allri fjárhæðinni, sem um er að ræða, þannig að einingin þyrfti að gera upp alla fjárhæðina ef þriðji aðilinn greiðir ekki af einhverjum ástæðum. Við þessar aðstæður skal færa reiknaða skuldbindingu sem samsvarar allri fjárhæð skuldarinnar og færa skal sérstaka eign vegna væntanlegrar endurgreiðslu þegar það er nær fullvíst að endurgreiðsla fari fram ef einingin gerir upp skuldina.

57 Í sumum tilvikum ber einingin ekki ábyrgð á tilteknum kostnaði ef þriðji aðilinn greiðir ekki. Í slíku tilviki ber einingin ekki ábyrgð á kostnaðinum og hann er ekki meðtalinn í reiknuðu skuldbindingunni.

58 Skuldbinding sem eining ber óskipta ábyrgð á er óviss skuld, að því marki sem þess er vænst að þeir öðru aðilar geri upp skuldbindinguna eins og fram kemur í 29. lið.

BREYTINGAR Á REIKNUÐUM SKULDBINDINGUM

59 Reiknaðar skuldbindingar skal endurskoða við lok hvers reikningsskilatímabils og leiðrétta þannig að þær endurspegli núverandi besta mat. Þegar ekki er lengur líklegt að þörf verði á útstreymi verðmæta sem fela í sér efnahagslegan ávinning til að gera skuldbindinguna upp skal bakfæra reiknuðu skuldbindinguna.

60 Þegar afvöxtun er notuð eykst bókfært verð reiknaðrar skuldbindingar á hverju tímabili og endurspeglar þannig tímann sem líður. Þessi aukning er færð sem fjármagnskostnaður.

NOTKUN Á REIKNUÐUM SKULDBINDINGUM

61 Reiknaða skuldbindingu skal einungis nota vegna útgjalda sem reiknaða skuldbindingin var upphaflega færð vegna.

62 Aðeins skal jafna útgjöld á móti reiknuðu skuldbindingunni ef þau tengjast henni. Það að jafna útgjöld á móti reiknaðri skuldbindingu sem var upphaflega færð í öðrum tilgangi myndi leyna áhrifunum af tveimur ólíkum atburðum.

BEITING Á REGLUM UM FÆRSLU OG MAT

Rekstrartap í framtíðinni

63 Ekki skal færa reiknaðar skuldbindingar vegna rekstrartaps í framtíðinni.

64 Rekstrartap í framtíðinni uppfyllir ekki skilgreininguna á skuld í 10. lið og almenn skilyrði fyrir færslu sem sett eru fram í 14. lið vegna reiknaðra skuldbindinga.

65 Þegar búist er við rekstrartapi í framtíðinni má líta á það sem vísbendingu um að ákveðnar eignir, sem heyra undir reksturinn, kunni að hafa rýrnað að verðmæti. Í slíku tilviki athugar eining hvort verðmæti þessara eigna hafi rýrnað samkvæmt IAS-staðli 36, *virðisrýrnun eigna*.

Íþyngjandi samningar

66 Ef eining er með samning sem er íþyngjandi skal færa og meta núverandi skuldbindingu samkvæmt samningnum, sem reiknaða skuldbindingu.

67 Marga samninga (t.d. reglubundnar innkaupapantanir) er hægt að ógilda án þess að greiða hinum aðilanum bætur og því er ekki um neina skuldbindingu að ræða. Aðrir samningar ákvarða bæði réttindi og skuldbindingar sérhvers samningsaðila. Þegar atburðir leiða til þess að slíkur samningur verður íþyngjandi fellur samningurinn innan gildissviðs þessa staðals og er þá fyrir hendi skuld sem færa skal. Óuppfylltir samningar, sem eru ekki íþyngjandi, falla utan gildissviðs þessa staðals.

68 Í þessum staðli er íþyngjandi samningur skilgreindur sem samningur sem felur í sér að óhjákvæmilegur kostnaður við að uppfylla skuldbindingarnar, sem fylgja samningnum, er meiri en efnahagslegur ávinningur sem vænta má að fylgi honum. Óhjákvæmilegur kostnaður, sem felst í samningi, endurspeglar minnsta, hreina kostnaðinn við að slíta samningnum sem er annaðhvort kostnaðurinn við að uppfylla hann eða hvers kyns bætur eða viðurlög sem fylgja því að uppfylla hann ekki, hvor fjárhæðin sem er lægri.

68A Kostnaður við að uppfylla samning er kostnaður sem tengist samningnum með beinum hætti. Kostnaður sem tengist samningi með beinum hætti er bæði:

a) viðbótarkostnaður við að uppfylla samninginn — beinn launa- og efniskostnaður og

b) skipting annars kostnaðar sem tengist uppfyllingu samningsins beint — t.d. skipting afskrifta á varanlegum rekstrarfjármunalið sem notaður er til að efna þennan samning meðal annars.

69 Áður en sérstök reiknuð skuldbinding vegna íþyngjandi samnings er ákvörðuð skal eining færa allt virðisrýrnunartap sem hefur orðið á eignum sem notaðar eru til að uppfylla samninginn (sjá IAS-staðal 36).

Endurskipulagning

70 Eftirfarandi eru dæmi um atburði sem kunna að falla undir skilgreininguna á endurskipulagningu:

a) sala eða niðurlagning rekstrarsviðs,

b) lokun rekstrarsvæða í landi eða á landsvæði eða flutningur rekstrarstarfsemi frá einu landi eða landsvæði til annars,

c) breytingar á stjórnskipulagi, t.d. afnám stjórnunarstigs, og

d) grundvallarendurskipulagning sem hefur veruleg áhrif á eðli og áherslur í rekstri einingar.

71 Reiknuð skuldbinding vegna kostnaðar við endurskipulagningu er aðeins færð þegar almenn skilyrði fyrir færslu á reiknuðum skuldbindingum, sem sett eru fram í 14. lið, eru uppfyllt. Í 72.–83. lið er sett fram hvernig almenn skilyrði fyrir færslu taka til endurskipulagningar.

72 Ætluð skuldbinding um endurskipulagningu verður aðeins til þegar eining:

a) er með ítarlega og formlega áætlun um endurskipulagninguna þar sem a.m.k. er greint frá:

i. hlutaðeigandi rekstri eða hluta af þeim rekstri,

ii. helstu stöðum, sem hún hefur áhrif á,

iii. staðsetningu, hlutverki og áætluðum fjölda starfsmanna, sem hljóta bætur vegna starfsloka,

iv. útgjöldum, sem stofnað verður til og

v. hvenær áætluninni verður hrint í framkvæmd og

b) hefur vakið réttmætar væntingar hjá þeim sem endurskipulagningin hefur áhrif á um að fyrirtækið hrindi endurskipulagningunni í framkvæmd með því að setja áætlunina af stað eða geri þeim sem hún hefur áhrif á kunnugt um aðalatriði hennar.

73 Ef eining tekur verksmiðju úr notkun, selur eignir eða tilkynnir aðalatriði áætlunarinnar opinberlega er það vísbending um að einingin hafi hrint endurskipulagningu í framkvæmd. Opinber tilkynning um ítarlega áætlun um endurskipulagningu felur aðeins í sér ætlaða skuldbindingu um endurskipulagningu ef hún er nógu ítarleg (þ.e. aðalatriði áætlunarinnar eru tilgreind) og er þannig gerð að hún skapar réttmætar væntingar hjá öðrum aðilum, eins og viðskiptamönnum, birgjum og starfsmönnum (eða fulltrúum þeirra), um að einingin hrindi endurskipulagningunni í framkvæmd.

74 Ef áætlun á að leiða til ætlaðrar skuldbindingar þegar aðilum, sem hún hefur áhrif á, er greint frá henni þarf framkvæmd hennar að hefjast eins fljótt og auðið er og ljúka innan ákveðinna tímamarka sem gerir að verkum að verulegar breytingar á áætluninni séu ólíklegar. Þegar vænta má að mikil töf verði á því að endurskipulagning hefjist eða þegar vænta má að endurskipulagningin taki óeðlilega langan tíma er ólíklegt að áætlunin leiði til réttmætra væntinga hjá öðrum aðilum um að einingin sé að svo stöddu skuldbundin til að endurskipuleggja vegna þess að tímamörkin gefa einingunni færi á að breyta áætlunum sínum.

75 Ákvörðun stjórnenda eða stjórnar um endurskipulagningu, sem er tekin fyrir lok reikningsskilatímabilsins, leiðir ekki til ætlaðrar skuldbindingar við lok reikningsskilatímabilsins nema einingin hafi, fyrir lok reikningsskilatímabilsins:

a) hafist handa um framkvæmd áætlunar um endurskipulagningu eða

b) veitt þeim sem áætlunin um endurskipulagningu hefur áhrif á nægilega ítarlegar upplýsingar um meginatriði hennar til að vekja hjá þeim réttmætar væntingar um að einingin muni framkvæma endurskipulagninguna.

Ef eining hefst handa um framkvæmd endurskipulagningaráætlunar eða tilkynnir þeim sem verða fyrir áhrifum af henni um meginatriði hennar ekki fyrr en eftir reikningsskilatímabilið er krafist upplýsinga samkvæmt IAS-staðli 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*, ef endurskipulagningin er mikilvæg og ætla má að það að ekki sé greint frá henni gæti haft áhrif á ákvarðanir sem aðalnotendur almennra reikningsskila taka á grundvelli þessara reikningsskila, sem veita fjárhagsupplýsingar um tiltekna einingu sem reikningsskilin taka til.

76 Þótt ætluð skuldbinding myndist ekki einvörðungu vegna ákvörðunar framkvæmdastjórnar kann skuldbinding að stafa af öðrum fyrri atburðum ásamt slíkri ákvörðun. Í samningaviðræðum við starfsmannafulltrúa vegna starfslokagreiðslna eða við kaupendur vegna sölu rekstrar getur t.d. hafa verið komist að samkomulagi með fyrirvara um samþykki stjórnar. Þegar samþykki liggur fyrir og öðrum aðilum hefur verið greint frá því tekur einingin á sig ætlaða skuldbindingu um að endurskipuleggja ef skilyrði, sem sett eru fram í 72. lið, eru uppfyllt.

77 Í sumum löndum er endanlegt vald falið stjórn sem í eru fulltrúar annarra hagsmuna en hagsmuna framkvæmdastjórnar (t.d. starfsmanna) eða nauðsynlegt getur verið að slíkir fulltrúar fái tilkynningu áður en stjórnin tekur ákvörðun. Vegna þess að ákvörðun slíkrar stjórnar felur í sér miðlun upplýsinga til þessara fulltrúa kann hún að leiða til ætlaðrar skuldbindingar um endurskipulagningu.

78 Engin skuldbinding myndast við sölu rekstrar fyrr en einingin er skuldbundin til að selja, þ.e. þegar kominn er á bindandi sölusamningur.

79 Jafnvel þegar eining hefur tekið ákvörðun um að selja rekstur og tilkynnt það opinberlega er hún ekki skuldbundin til að selja fyrr en kaupandi er fundinn og bindandi sölusamningur liggur fyrir. Þar til bindandi sölusamningur liggur fyrir getur einingin skipt um skoðun og þarf reyndar að fara aðra leið ef enginn kaupandi finnst sem býður viðunandi kjör. Þegar litið er á sölu á rekstri sem hluta af endurskipulagningu er kannað hvort einhver virðisrýrnun hafi orðið á eignum rekstrarins, samkvæmt IAS-staðli 36. Þegar sala er aðeins hluti af endurskipulagningu getur ætluð skuldbinding orðið til vegna annarra hluta endurskipulagningarinnar áður en bindandi sölusamningur liggur fyrir.

80 Reiknuð skuldbinding vegna endurskipulagningar skal aðeins fela í sér bein útgjöld sem hafa komið til vegna endurskipulagningarinnar og eru hvort tveggja í senn:

a) óhjákvæmileg afleiðing endurskipulagningarinnar og

b) ótengd áframhaldandi starfsemi einingarinnar.

81 Reiknuð skuldbinding vegna endurskipulagningar felur ekki í sér kostnað á borð við:

a) endurmenntun eða flutning starfsmanna sem verða áfram við störf,

b) markaðssetningu eða

c) fjárfestingu í nýjum kerfum og dreifingarkerfum.

Þessi útgjöld tengjast starfsháttum rekstrarins í framtíðinni og eru ekki skuldir vegna endurskipulagningar við lok reikningsskilatímabilsins. Slík útgjöld eru færð á sama grundvelli og hefðu þau orðið til án tengsla við endurskipulagningu.

82 Í reiknaðri skuldbindingu er ekki tekið tillit til aðgreinanlegs framtíðarrekstrartaps fram að dagsetningu endurskipulagningarinnar nema það tengist íþyngjandi samningi eins og skilgreint er í 10. lið.

83 Eins og krafist er í 51. lið er ekki tekið tillit til hagnaðar af væntanlegri ráðstöfun á eignum við mat á reiknaðri skuldbindingu vegna endurskipulagningar jafnvel þótt litið sé á sölu eigna sem hluta af endurskipulagningunni.

UPPLÝSINGAGJÖF

84 Fyrir sérhvern flokk reiknaðra skuldbindinga skal eining upplýsa um:

a) bókfært verð við upphaf og lok tímabilsins,

b) reiknaðar skuldbindingar, sem bætast við á tímabilinu, þ.m.t. hækkun á reiknuðum skuldbindingum sem eru til staðar,

c) fjárhæðir sem voru notaðar (þ.e. til hækkunar eða lækkunar á reiknuðu skuldbindingunni) á tímabilinu,

d) ónotaðar fjárhæðir sem voru bakfærðar á tímabilinu og

e) hækkun á afvöxtuðu fjárhæðinni á tímabilinu vegna tímans sem líður og áhrifa af öllum breytingum sem kunna að verða á afvöxtunarstuðlinum.

Ekki er gerð krafa um samanburðarupplýsingar.

85 Eining skal birta eftirfarandi fyrir sérhvern flokk reiknaðra skuldbindinga:

a) stutta lýsingu á eðli skuldbindingarinnar og áætlaða tímasetningu útstreymis efnahagslegs ávinnings sem af henni hlýst,

b) tilgreiningu á þeirri óvissu sem fylgir fjárhæð eða tímasetningu útstreymisins. Þegar nauðsynlegt er að veita fullnægjandi upplýsingar skal eining greina frá helstu forsendum sem gefnar eru vegna atburða í framtíðinni eins og fjallað er um í 48. lið, og

c) fjárhæð endurgreiðslna sem vænta má þar sem fram kemur fjárhæð allra eigna sem færðar eru vegna hinnar væntanlegu endurgreiðslu.

86 Nema því aðeins að möguleikinn á útstreymi við uppgjör sé hverfandi skal eining birta stutta lýsingu á eðli óvissra skulda fyrir sérhvern flokk óvissra skulda við lok reikningsskilatímabilsins og, þegar gerlegt er:

a) mat á fjárhagslegum áhrifum hennar sem eru metin skv. 36.–52. lið,

b) tilgreiningu á þeirri óvissu sem fylgir fjárhæð eða tímasetningu útstreymis sem kann að verða og

c) möguleikann á endurgreiðslu.

87 Þegar ákvarða þarf hvaða reiknuðu skuldbindingar eða óvissu skuldir má taka saman í eina heild og mynda einn flokk er nauðsynlegt að athuga hvort eðli liðanna er nógu einsleitt til að ein skýrsla um þá uppfylli kröfurnar sem fram koma í a- og b-lið 85. liðar og a- og b-lið 86. liðar. Þar af leiðandi getur verið viðeigandi að fara með fjárhæðir, sem tengjast ábyrgðum á mismunandi vörum, sem einn flokk reiknaðra skuldbindinga. Hins vegar er ekki viðeigandi að fara með fjárhæðir, sem tengjast hefðbundnum ábyrgðum, og fjárhæðir, sem kunna að kalla á málaferli, sem einn flokk.

88 Þegar reiknuð skuldbinding og óviss skuld verða til við sömu aðstæður birtir eining upplýsingarnar sem krafist er í 84.–86. lið þannig að tengingin milli reiknuðu skuldbindingarinnar og óvissu skuldarinnar sé ljós.

89 Þegar líklegt er að innstreymi efnahagslegs ávinnings verði skal eining birta stutta lýsingu á eðli óvissu eignarinnar við lok reikningsskilatímabilsins og, þegar gerlegt er, mat á fjárhagslegum áhrifum þeirra, sem eru metin með því að nota reglurnar sem settar eru fram vegna reiknaðra skuldbindinga í 36.–52. lið.

90 Mikilvægt er að upplýsingar um óvissar eignir feli ekki í sér villandi vísbendingar um líkurnar á að tekjur myndist.

91 Þegar einhverjar upplýsingar, sem krafist er í 86. og 89. lið, eru ekki birtar vegna þess að það er ekki gerlegt skal taka það fram.

92 Í algjörum undantekningartilvikum getur birting upplýsinga, að hluta til eða í heild, sem krafist er skv. 84.–89. lið, reynst mjög skaðleg fyrir stöðu einingar sem á í deilum við aðra aðila um reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir eða óvissar eignir. Í slíkum tilvikum þarf eining ekki að birta upplýsingarnar en skal greina frá eðli deilunnar almennt og tilgreina að upplýsingarnar hafi ekki verið birtar og ástæðu þess.

UMBREYTINGARÁKVÆÐI

93 Áhrifin af því að innleiða þennan staðal á gildistökudegi hans (eða fyrr) skulu sett fram sem leiðrétting á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár á því tímabili sem staðallinn var fyrst innleiddur. Einingar eru hvattar til þess, en ekki er gerð krafa um það, að endurgera upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár á elsta samanburðartímabilinu, sem sett er fram, og að endurgera samanburðarupplýsingar. Ef samanburðarupplýsingar eru ekki endurgerðar skal greina frá því.

94 [Felldur brott]

94A Með *Íþyngjandi samningar — kostnaður við að uppfylla samning*, sem gefið var út í maí 2020, var lið 68A bætt við og lið 69 breytt. Einingar skulu beita þessum breytingum á samninga þar sem skuldbindingar hafa ekki allar verið uppfylltar í upphafi reikningsskilatímabilsins þegar hún beitir breytingunum fyrst (upphafsdagur beitingar). Einingin skal ekki endurgera samanburðarupplýsingar. Þess í stað skal einingin færa samlegðaráhrif af upphaflegri beitingu breytinganna sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár eða annars eiginfjárþáttar, eftir því sem við á, á upphafsdegi beitingar.

GILDISTÖKUDAGUR

95 Þessi staðall tekur gildi fyrir árleg reikningsskil sem ná yfir tímabil sem hefjast 1. júlí 1999 eða síðar. Hvatt er til fyrri beitingar. Ef eining beitir þessum staðli vegna tímabila sem hefjast fyrir 1. júlí 1999 skal hún greina frá því.

96 [Felldur brott]

97 [Felldur brott]

98 [Felldur brott]

99 Í *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012*, gefnar út í desember 2013, var lið 5 breytt, sem er breyting sem leiðir af breytingunni á IFRS-staðli 3. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt vegna sameiningu fyrirtækja sem breytingin á IFRS-staðli 3 á við um.

100 IFRS-staðall 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, gefinn út í maí 2014, breytti ákvæðum liðar 5 og felldi brott lið 6. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

101 IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti 2. lið og felldi brott 97. og 98. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

102 IFRS-staðall 16, gefinn út í janúar 2016, breytti 5. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

103 IFRS-staðall 17, gefinn út í maí 2017, breytti 5. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 17.

104 Með *Skilgreining á hugtakinu „mikilvægt“* (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8), sem birt var í október 2018, var 75. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir breytingunum á skilgreiningunni á hugtakinu „mikilvægt“ í 7. lið IAS-staðals 1 og 5. og 6. lið IAS-staðals 8.

105 Með *Íþyngjandi samningar — kostnaður við að uppfylla samning*, sem gefið var út í maí 2020, var liðum 68A og 94A bætt við og lið 69 breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2022 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 38 (IAS-staðall 38)

Óefnislegar eignir

MARKMIÐ

1 Markmið þessa staðals er að mæla fyrir um reikningshaldslega meðferð óefnislegra eigna sem ekki er fjallað sérstaklega um í öðrum staðli. Í þessum staðli er gerð krafa um að eining færi óefnislega eign þá og því aðeins að tilgreind skilyrði séu uppfyllt. Í staðlinum er einnig tilgreint hvernig á að meta bókfært verð óefnislegra eigna og gerð krafa um ákveðnar upplýsingar um óefnislegar eignir.

GILDISSVIÐ

2 Þessum staðli skal beitt við færslu óefnislegra eigna nema um sé að ræða:

a) óefnislegar eignir, sem falla innan gildissviðs annars staðals,

b) óefnislegar eignir eins og þær eru skilgreindar í IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning*,

c) færslu og mat á eignum vegna jarðefnaleitar og mats (sjá IFRS-staðal 6, *leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim*) og

d) útgjöld vegna þróunar og vinnslu á jarðefnum, olíu, jarðgasi og sambærilegum, óendurnýjanlegum auðlindum.

3 Ef annar staðall mælir fyrir um færslu tiltekinnar tegundar óefnislegrar eignar beitir eining þeim staðli í stað þessa staðals. Þessi staðall gildir t.d. ekki um:

a) óefnislegar eignir sem eining hefur til sölu í venjulegum viðskiptum (sjá IAS-staðal 2, *birgðir*).

b) frestaðra skattinneigna (sjá IAS-staðal 12, *tekjuskattar*),

c) eignaleigusamninga sem eru færðir í samræmi við IFRS-staðall 16, *leigusamningar*,

d) eigna, sem myndast vegna starfsmannakjara (sjá IAS-staðal 19, *starfskjör*),

e) fjáreignir, eins og þær eru skilgreindar í IAS-staðli 32. Fjallað er um færslu og mat á nokkrum fjáreignum í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðli 27, *aðgreind reikningsskil* og IAS-staðli 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*,

f) viðskiptavild, sem er yfirtekin við sameiningu fyrirtækja (sjá IFRS-staðal 3, *sameining fyrirtækja*).

g) samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17, *vátryggingarsamningar*, og allra eigna fyrir sjóðstreymi við öflun vátrygginga eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 17,

h) óefnislega fastafjármuni sem eru flokkaðir sem haldið til sölu (eða eru í ráðstöfunarflokki sem er flokkaður sem haldið til sölu) í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*.

i) eignir sem verða til vegna samninga við viðskiptavini sem eru færðar í samræmi við IFRS-staðal 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*.

4 Sumar óefnislegar eignir geta verið í eða á hlutkenndu formi eins og geisladiski (þegar um er að ræða hugbúnað), lagalegum skjölum (þegar um er að ræða leyfi eða einkaleyfi) eða filmu. Við ákvörðun á því hvort farið skuli með eign, sem býr yfir bæði efnislegum og óefnislegum þáttum, samkvæmt IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*, eða sem óefnislega eign samkvæmt þessum staðli er það einingarinnar að meta hvor þátturinn vegur þyngra. Tölvuhugbúnaður fyrir tölvustýrðan vélbúnað, sem er óstarfhæfur án slíks sérhæfðs hugbúnaðar, er t.d. óaðskiljanlegur hluti viðkomandi vélbúnaðar og er farið með hann sem varanlega rekstrarfjármuni. Það sama á við um stýrikerfi tölvu. Þegar hugbúnaðurinn er ekki óaðskiljanlegur hluti af viðkomandi vélbúnaði er farið með tölvuhugbúnaðinn sem óefnislega eign.

5 Þessi staðall gildir m.a. um útgjöld vegna auglýsinga, þjálfunar, stofnkostnaðar, rannsókna og þróunarstarfsemi. Rannsóknir og þróunarstarfsemi beinist að þróun þekkingar. Þó að slík starfsemi geti leitt til þess að til verði eign í hlutkenndu formi (t.d. frumgerð) er hlutkenndur þáttur eignarinnar ekki jafn mikilvægur og óefnislegi þátturinn, þ.e. þekkingin sem er fólgin í eigninni.

6 Réttindi leigutaka samkvæmt nytjaleyfissamningi fyrir liði eins og kvikmyndir, myndbandsupptökur, leikrit, handrit, einkaleyfi og höfundarrétt eru innan gildissviðs þessa staðals og undanskilin frá gildissviði IFRS-staðals 16.

7 Ef starfsemi eða viðskipti eru svo sérhæfð að þau falla ekki innan gildissviðs einhvers staðals verða þau tilefni reikningsskilalegra álitamála sem getur þurft að fást við á annan hátt. Slík mál koma upp við færslu útgjalda vegna leitar að olíu, jarðgasi og jarðefnum í námuiðnaði eða þróunar og vinnslu slíkra auðlinda og í vátryggingarsamningum. Þess vegna gildir þessi staðall ekki um útgjöld vegna slíkrar starfsemi og samninga. Þessi staðall á samt sem áður við um aðrar óefnislegar eignir sem notaðar eru (eins og tölvuhugbúnað) og önnur útgjöld sem stofnað er til (eins og upphafskostnað) í námurekstri eða af vátryggingafélögum.

SKILGREININGAR

8 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

***Afskriftir* eru kerfisbundin skipting afskrifanlegrar fjárhæðar óefnislegrar eignar á nýtingartíma hennar.**

Eign [25] **er verðmæti:**

a) sem er undir yfirráðum einingar vegna atburða í fortíðinni og

b) sem vænst er að efnahagslegur framtíðarávinningur streymi frá til einingarinnar.

***Bókfært verð* er sú fjárhæð sem eign er færð á í efnahagsreikningi eftir að allar uppsafnaðar afskriftir og öll uppsöfnuð virðisrýrnunartöp hafa verið dregin frá henni.**

([25]) Skilgreiningin á eign í þessum staðli var ekki endurskoðuð eftir endurskoðun á skilgreiningunni á eign í *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* sem gefinn var út 2018.

Kostnaðarverð **er sú fjárhæð handbærs fjár, eða ígildis þess, eða gangvirði annars endurgjalds sem innt er af hendi fyrir eign þegar hún er keypt eða byggð eða, þegar við á, fjárhæðin sem rakin er til þeirrar eignar þegar hún er upphaflega færð í samræmi við sérstakar kröfur annarra IFRS-staðla, t.d. IFRS-staðals 2, *eignarhlutatengd greiðsla*.**

Afskrifanleg fjárhæð **er kostnaðarverð eignar eða önnur fjárhæð, sem kemur í stað kostnaðarverðs, að frádregnu hrakvirði hennar.**

Þróun **er hagnýting rannsóknarniðurstaðna eða annarrar þekkingar til skipulagningar eða hönnunar fyrir framleiðslu nýrra eða verulega endurbættra efna, tækja, framleiðsluvara, ferla, kerfa eða þjónustu áður en framleiðsla fyrir markað eða notkun hefst.**

Virði fyrir sérstaka einingu **er núvirði þess sjóðstreymis sem hún væntir að fáist við áframhaldandi notkun eignar og af ráðstöfun hennar í lok nýtingartíma eða væntir að myndist við uppgjör skuldar.**

Gangvirði **er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13, *gangvirðismat*.)**

Virðisrýrnunartap **er sú fjárhæð sem bókfært verð eignar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar.**

Óefnisleg eign **er aðgreinanleg, ópeningaleg eign sem er ekki í hlutkenndu formi.**

Peninglegar eignir **eru peningar og eignir sem fást greiddar í föstum eða ákvarðanlegum peningafjárhæðum.**

Rannsóknir **eru skipulegar frumrannsóknir sem eru gerðar í því augnamiði að öðlast nýja vísindalega eða tæknilega þekkingu og skilning.**

Hrakvirði **óefnislegrar eignar er áætluð fjárhæð sem eining fengi nú við ráðstöfun á eigninni að frádregnum áætluðum ráðstöfunarkostnaði ef eignin væri þegar orðin jafn gömul og væri í sama ástandi og vænst er í lok nýtingartíma.**

Nýtingartími **er:**

a) tímabilið, sem vænta má að eign sé nýtanleg einum eða fleiri notendum, eða

b) fjöldi framleiðslueininga eða sambærilegra eininga sem vænta má að eining afli með eigninni.

Óefnislegar eignir

9 Einingar nota oft verðmæti eða stofna til skulda vegna yfirtöku, þróunar, viðhalds eða endurbóta á óefnislegum eignum, eins og vísinda- og tækniþekkingu, hönnun og innleiðingu nýrra ferla eða kerfa, leyfum, hugverkum, markaðsþekkingu og vörumerkjum (þ.m.t. vöruheiti og útgáfutitlar). Algeng dæmi um liði, sem falla innan þessara almennu flokka, eru tölvuhugbúnaður, einkaleyfi, höfundarréttur, kvikmyndir, viðskiptamannaskrár, réttindi til að innheimta fasteignaveðlán, fiskveiðiheimildir, innflutningskvótar, sérleyfi, sambönd við viðskiptamenn eða birgja, viðskiptavinatryggð, markaðshlutdeild og markaðssetningarréttur.

10 Hugtökin, sem lýst er í 9. lið, falla ekki öll að skilgreiningu á óefnislegri eign, þ.e. aðgreinanleiki, yfirráð yfir verðmætum og efnahagslegur framtíðarávinningur. Ef eign innan gildissviðs þessa staðals fellur ekki að skilgreiningu á óefnislegri eign eru útgjöld í þeim tilgangi að eignast hana eða mynda innan fyrirtækisins gjaldfærð þegar stofnað er til þeirra. Ef einingin yfirtekur eignina við sameiningu fyrirtækja er hún þó hluti viðskiptavildar sem er færð á yfirtökudegi (sjá 68. lið).

Aðgreinanleiki

11 Samkvæmt skilgreiningu á óefnislegri eign er nauðsynlegt að unnt sé að aðgreina óefnislega eign til að unnt sé að greina hana frá viðskiptavild. Viðskiptavild sem færð er við sameiningu fyrirtækja og lýsir væntingum um efnahagslegan hagnað af öðrum yfirteknum eignum sem eru ekki sérstaklega skilgreindar og færðar. Efnahagslegur framtíðarávinningur getur orðið til vegna samvirkni á milli aðgreinanlegu, yfirteknu eignanna eða vegna eigna sem uppfylla ekki hver fyrir sig skilyrði fyrir færslu í reikningsskilin.

12 Eign er aðgreinanleg ef hún annaðhvort:

a) er aðskiljananleg, þ.e. hægt er að aðgreina eða kljúfa hana frá einingunni og selja, yfirfæra, veita leyfi fyrir henni, leigja hana eða láta í skiptum ýmist eina og sér eða ásamt tengdum samningi, eign eða skuld, hvort sem eining ætlar sér að gera svo eður ei, eða

b) verður til vegna samningsbundinna eða annarra lagalegra réttinda, óháð því hvort þau réttindi eru yfirfæranleg eða aðskiljananleg frá einingunni eða frá öðrum réttindum og skyldum.

Eftirlit

13 Eining hefur yfirráð yfir eign ef hún hefur vald til að afla efnahagslegs framtíðarávinnings af verðmætum, sem liggja til grundvallar, og getur einnig takmarkað aðgang annarra að þessum ávinningi. Geta einingar til að ráða yfir efnahagslegum framtíðarávinningi af óefnislegri eign má að öllu jöfnu rekja til lagalegra réttinda sem unnt er að framfylgja með aðstoð dómstóla. Ef lagaleg réttindi eru ekki fyrir hendi er erfiðara að sýna fram á yfirráð. Þó er það ekki nauðsynlegt skilyrði fyrir yfirráðum að réttindum sé unnt að framfylgja í lagalegum skilningi vegna þess að eining kann að ráða yfir efnahagslegum framtíðarávinningi með einhverjum öðrum hætti.

14 Markaðs- og tækniþekking kann að mynda efnahagslegan framtíðarávinning. Eining ræður t.d. yfir þessum ávinningi ef þekkingin nýtur lagalegrar verndar eins og með höfundarrétti, takmörkun í viðskiptasamningi (þar sem það er heimilt) eða lagalegri trúnaðarskyldu á starfsmönnum.

15 Eining kann að hafa faglært starfsfólk í vinnu og kann að vera fær um að aðgreina aukna starfsfærni vegna þjálfunar sem leiðir til efnahagslegs framtíðarávinnings. Einingin kann einnig að vænta þess að hún njóti áfram færni starfsfólksins. Eining hefur þó yfirleitt ekki næga stjórn á væntanlegum efnahagslegum framtíðarávinningi af faglærðu starfsfólki og af þjálfun þess til að slíkir liðir falli undir skilgreininguna á óefnislegri eign. Af svipaðri ástæðu er ólíklegt að sérstakir stjórnunar- eða tæknihæfileikar falli undir skilgreininguna á óefnislegri eign nema beiting þeirra og öflun efnahagslegs framtíðarávinnings, sem vænta má af þeim, njóti verndar lagalegra nýtingarréttinda og þeir uppfylli einnig aðra hluta skilgreiningarinnar.

16 Eining getur átt hóp viðskiptamanna eða markaðshlutdeild og vænst þess, vegna viðleitni hennar til að byggja upp tengslin við viðskiptavinina og viðskiptatryggð þeirra, að þeir haldi áfram að skipta við fyrirtækið. Ef ekki er um að ræða neinn lagalegan rétt til að vernda eða stjórna með öðrum hætti sambandinu við viðskiptavini eða viðskiptatryggð þeirra við einingunа hefur einingin þó venjulega ekki nægilega stjórn á væntanlegum efnahagslegum ávinningi af sambandi viðskiptavina við hana og viðskiptatryggð þeirra til að slíkir liðir (t.d. hópur viðskiptamanna, markaðshlutdeild, samband fyrirtækisins við viðskiptavinina, viðskiptatryggð) falli undir skilgreiningu á óefnislegum eignum. Ef ekki er um að ræða lagaleg réttindi til að vernda tengsl við viðskiptavini, benda skipti á sömu eða sambærilegum, ósamningsbundnum tengslum við viðskiptavini (öðrum en þeim sem eru hluti af sameiningu fyrirtækja) til þess að einingin geti engu að síður stjórnað þeim efnahagslega framtíðarávinningi sem vænst er af eigninni og stafar af tengslum við viðskiptavini. Vegna þess að slík skipti benda einnig til þess að tengsl við viðskiptavini séu aðskiljananleg, falla þessi tengsl við viðskiptavini að skilgreiningunni á óefnislegri eign.

Efnahagslegur framtíðarávinningur

17 Í efnahagslegum framtíðarávinningi af óefnislegri eign geta falist reglulegar tekjur af sölu á framleiðsluvörum eða þjónustu, kostnaðarlækkanir eða annar ávinningur sem stafar af notkun einingarinnar á eigninni. Notkun hugverka í framleiðsluferli getur t.d. lækkað framtíðarframleiðslukostnað fremur en aukið reglulegar framtíðartekjur.

FÆRSLA OG MAT

18 Færsla liðar sem óefnislegrar eignar gerir kröfu um að eining sýni fram á að eignin samræmist:

a) skilgreiningunni á óefnislegri eign (sjá 8.–17. lið) og

b) skilyrðunum fyrir færslu (sjá 21.–23. lið).

Þessi krafa á við um kostnað sem stofnað er til upphaflega til að kaupa eða mynda óefnislega eign innan fyrirtækisins og kostnað, sem stofnað er til síðar, til að auka við hana, endurnýja hluta hennar eða til viðhalds.

19 Fjallað er í 25.–32. lið um hvernig skilyrðum fyrir færslu er beitt að því er varðar aðgreinanlega yfirtöku óefnislegra eigna og í 33.–43. lið um skilyrði fyrir færslu óefnislegra eigna, sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja. Í 44. lið er fjallað um upphaflegt mat óefnislegra eigna sem keyptar eru með opinberum styrk, í 45.–47. lið um skipti á óefnislegum eignum og í 48.–50. lið um meðferð viðskiptavildar sem myndast innan fyrirtækis. Í 51.–67. lið er fjallað um upphaflega færslu og upphaflegt mat á óefnislegum eignum sem myndast innan fyrirtækis.

20 Eðli óefnislegra eigna er á þann veg að í mörgum tilvikum er ekki um að ræða neinar viðbætur við þess háttar eign eða endurnýjun á hluta hennar. Af þeim sökum er líklegt að flest síðari útgjöld séu til viðhalds á væntum, efnahagslegum framtíðarávinningi, sem felst í núverandi óefnislegri eign, fremur en að þau samræmist skilgreiningunni á óefnislegri eign og færsluskilyrðunum í þessum staðli. Auk þess er oft erfitt að rekja síðari útgjöld beint til tiltekinnar, óefnislegrar eignar fremur en starfseminnar í heild. Þess vegna er það sjaldgæft að síðari útgjöld — útgjöld, sem stofnað er til eftir upphaflega færslu keyptrar, óefnislegrar eignar eða eftir að óefnisleg eign, sem myndast innan fyrirtækis, er fullbúin — séu innifalin í bókfærðu verði eignar. Í samræmi við 63. lið eru síðari útgjöld vegna vörumerkja, dagblaðshausa, útgáfutitla, viðskiptamannaskráa og liða, sem eru efnislega sambærilegir (hvort sem þeir eru aðkeyptir eða myndast innan fyrirtækis), alltaf færð í rekstrarreikning þegar til þeirra er stofnað. Þetta er vegna þess að ekki er hægt að greina slík útgjöld frá útgjöldum til viðgangs fyrirtækisins í heild.

21 Færa skal óefnislega eign þá og því aðeins að:

a) líklegt sé að væntanlegur efnahagslegur framtíðarávinningur, sem tengist eigninni, muni renna til einingarinnar og

b) unnt sé að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

22 Eining skal meta líkur á væntanlegum efnahagslegum framtíðarávinningi miðað við skynsamlegar og rökstuddar forsendur sem sýna besta mat stjórnenda á þeim efnahagsaðstæðum sem verða fyrir hendi á nýtingartíma eignarinnar.

23 Eining skal meta, á grundvelli þeirra gagna sem eru fyrir hendi þegar upphafleg færsla fer fram, hversu áreiðanlegt það streymi efnahagslegs framtíðarávinnings sem rekja má til notkunar eignarinnar er og skal ytri vísbendingum gefið meira vægi.

24 Óefnislega eign skal í upphafi meta á kostnaðarverði.

Aðgreinanleg yfirtaka

25 Yfirleitt mun verðið, sem eining greiðir vegna sérstakrar yfirtöku á óefnislegri eign, endurspegla væntingar um líkindin á að væntanlegur, efnahagslegur framtíðarávinningur, sem felst í eigninni, renni til einingarinnar. Einingin væntir þess m.ö.o. að það verði innstreymi efnahagslegs ávinnings, jafnvel þótt óvissa sé um tímasetningu eða upphæð innstreymis. Af þeim sökum er líkindaskilyrðið fyrir færslu í a-lið 21. liðar alltaf talið vera fullnægjandi vegna sérstakrar yfirtöku á óefnislegum eignum.

26 Auk þess er yfirleitt unnt að meta kostnaðarverð aðgreinanlegrar yfirtöku óefnislegrar eignar á áreiðanlegan hátt. Þetta á einkum við þegar kaupfjárhæðin er greidd með handbæru fé eða öðrum peningalegum eignum.

27 Til kostnaðarverðs óefnislegrar eignar í aðgreinanlegri yfirtöku telst:

a) kaupverð, þ.m.t. innflutningsgjöld og óafturkræfir skattar vegna kaupanna, að frádregnum viðskiptaafslætti og endurgreiðslum, og

b) allur beinn, rekjanlegur kostnaður við undirbúning eignarinnar fyrir fyrirhugaða notkun.

28 Dæmi um beinan, rekjanlegan kostnað eru:

a) útgjöld vegna starfsmannakjara (eins og þau eru skilgreind í IAS-staðli 19) sem rekja má beint til vinnu við að gera eignina starfhæfa

b) sérfræðiþóknun, sem hlýst beint af vinnu við að gera eignina starfhæfa, og

c) kostnaður við prófun á því hvort eignin starfar rétt.

29 Dæmi um útgjöld sem eru ekki hluti kostnaðarverðs óefnislegrar eignar eru:

a) kostnaður við að kynna nýja vöru eða þjónustu (þ.m.t. kostnaður við auglýsingar og kynningarstarfsemi),

b) kostnaður við að stjórna rekstri á nýjum stað eða með nýjum hópi viðskiptavina (þ.m.t. kostnaður við þjálfun starfsfólks) og

c) stjórnunarkostnaður og annar almennur, óbeinn kostnaður.

30 Hætt er að færa kostnað með í bókfærðu verði óefnislegrar eignar þegar eignin er komin í það ástand sem nauðsynlegt er til að hún sé starfhæf með þeim hætti sem stjórnendur áforma, Þess vegna er kostnaður, sem stofnað er til með notkun eða tilfærslu óefnislegrar eignar, ekki talinn með í bókfærðu verði þeirrar eignar. Sem dæmi eru eftirfarandi kostnaðarliðir ekki taldir með í bókfærðu verði óefnislegrar eignar:

a) kostnaður sem stofnað er til meðan eign, sem er í hæfu ástandi til að starfa með þeim hætti sem stjórnendur áforma, hefur ekki verið tekin í notkun og

b) rekstrartap í upphafi, t.d. það sem verður meðan eftirspurn eftir framleiðslu eignarinnar byggist upp.

31 Sum starfsemi fer fram í tengslum við þróun óefnislegrar eignar en er ekki nauðsynleg til að koma eigninni í það ástand sem þarf til að hún sé starfhæf með þeim hætti sem stjórnendur áforma. Þessi hliðarstarfsemi getur átt sér stað áður eða á meðan þróunarstarfsemi stendur yfir. Vegna þess að ekki er þörf á þessari hliðarstarfsemi til að koma eigninni í það ástand sem þarf til að hún sé starfhæf með þeim hætti sem stjórnendur áforma, eru tekjur og kostnaður í tengslum við hliðarstarfsemi færð í rekstrarreikningi þegar í stað í viðeigandi tekju- eða gjaldaflokkum.

32 Ef greiðslu fyrir óefnislega eign er frestað umfram eðlileg lánskjör er kostnaðarverð ígildi staðgreiðsluverðs. Mismunurinn á þessari fjárhæð og heildargreiðslum er færður sem vaxtagjöld á lánstímabilinu nema hann sé eignfærður í samræmi við IAS-staðal 23, fjármagnskostnaður.

Yfirtaka sem hluti sameiningar fyrirtækja

33 Ef fyrirtæki yfirtekur óefnislega eign við sameiningu fyrirtækja er kostnaðarverð þeirrar óefnislegu eignar, í samræmi við IFRS-staðal 3, *sameining fyrirtækja*, gangvirði hennar á yfirtökudegi. Gangvirði óefnislegrar eignar mun endurspegla væntingar markaðsaðila á yfirtökudegi um líkindin á að væntanlegur efnahagslegur framtíðarávinningur, sem felst í eigninni, renni til einingarinnar. Einingin væntir þess m.ö.o. að það verði innstreymi efnahagslegs ávinnings, jafnvel þótt óvissa sé um tímasetningu eða upphæð innstreymis. Af þeim sökum er alltaf talið að líkindaskilyrðinu fyrir færslu í a-lið 21. liðar sé fullnægt vegna óefnislegra eigna sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja. Ef eign, sem yfirtekin er við sameiningu fyrirtækja, er aðskiljanleg eða til komin vegna samningsbundinna eða annarra lögbundinna réttinda, eru það fullnægjandi upplýsingar fyrir áreiðanlegt mat á gangvirði eignarinnar. Af þeim sökum er alltaf talið að áreiðanleikaskilyrðinu vegna mats í b-lið 21. liðar sé fullnægt vegna óefnislegra eigna sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja.

34 Í samræmi við þennan staðal og IFRS-staðal 3 (eins og hann var eftir endurskoðun árið 2008) skal yfirtökuaðili á yfirtökudegi færa óefnislega eign yfirtekins aðila aðskilda frá viðskiptavild á yfirtökudegi, án tillits til þess hvort yfirtekni aðilinn hafi fært eignina fyrir sameiningu fyrirtækjanna. Þetta merkir að yfirtökuaðili færir sem eign yfirstandandi rannsóknar- og þróunarverkefni yfirtekna aðilans aðgreinda frá viðskiptavild ef verkefnið samræmist skilgreiningunni á óefnislegri eign. Rannsóknar- og þróunarverkefni yfirtekna aðilans samræmist skilgreiningunni á óefnislegri eign þegar það:

a) samrýmist skilgreiningunni á eign og

b) er aðgreinanlegt, þ.e. er hægt að aðskilja það eða er til komið vegna samningsbundinna eða lagalegra réttinda.

Óefnisleg eign sem er yfirtekin við sameiningu fyrirtækja

35 Ef óefnisleg eign, sem yfirtekin er við sameiningu fyrirtækja, er aðskiljananleg eða til komin vegna samningsbundinna eða annarra lögbundinna réttinda, eru það fullnægjandi upplýsingar fyrir áreiðanlegt mat á gangvirði eignarinnar. Þegar margar niðurstöður eru mögulegar með mismunandi líkum á matinu, sem notað er til að meta gangvirði óefnislegrar eignar, kemur sú óvissa fram í matinu á gangvirði eignarinnar.

36 Óefnisleg eign, sem er yfirtekin við sameiningu fyrirtækja, kann að vera aðskiljananleg en einungis ásamt tengdum samningi, aðgreinanlegri eign eða skuldbindingu. Í slíkum tilvikum færir yfirtökuaðilinn óefnislega eign aðgreinda frá viðskiptavild en ásamt tengdum lið.

37 Yfirtökuaðili getur fært flokk óefnislegra, tengdra eigna sem eina eign, að því tilskildu að eignirnar hafi hver um sig sambærilegan nýtingartíma. Sem dæmi má nefna að hugtökin „vara“ og „vöruheiti“ eru oft notuð sem samheiti fyrir vörumerki og önnur merki. Hin fyrrnefndu eru hins vegar almenn markaðshugtök sem eru yfirleitt notuð um flokk tengdra eigna, s.s. vörumerki (eða þjónustumerki) og tengd viðskiptaheiti, formúlur, uppskriftir og sérfræðilega tækniþekkingu.

38–41 [Felldur brott]

Síðari útgjöld vegna yfirstandandi rannsóknar- og þróunarverkefnis sem var yfirtekið

42 Rannsóknar- og þróunarkostnaður sem:

a) tengist yfirstandandi rannsókna- eða þróunarverkefni, í aðgreindri yfirtöku eða við sameiningu fyrirtækja og fært sem óefnisleg eign, og

b) er stofnað til eftir yfirtöku þess verkefnis skal færður í samræmi við 54.–62. lið.

43 Beiting krafnanna í 54.–62. lið hefur í för með sér að síðari útgjöld vegna yfirstandandi rannsókna- eða þróunarverkefnis, sem er yfirtekið sérstaklega eða við sameiningu fyrirtækja og færð sem óefnisleg eign, eru:

a) færð sem kostnaður þegar stofnað er til þeirra ef um er að ræða útgjöld til rannsókna,

b) færð sem kostnaður þegar stofnað er til þeirra ef um er að ræða útgjöld vegna þróunar sem uppfylla ekki færsluskilyrði sem óefnisleg eign í 57. lið og

c) lögð við bókfært verð yfirstandandi rannsókna- og þróunarverkefnis, sem er yfirtekið, ef um er að ræða útgjöld vegna þróunar sem uppfylla færsluskilyrðin í 57. lið.

Yfirtaka með opinberum styrkjum

44 Í sumum tilvikum er óefnisleg eign yfirtekin án útgjalda eða gegn vægu endurgjaldi með opinberum styrk. Þetta getur átt sér stað þegar stjórnvöld yfirfæra til einingar eða úthluta henni óefnislegum eignum, eins og lendingarleyfum á flugvöllum, leyfum til að starfrækja útvarps- eða sjónvarpsstöðvar, innflutningsleyfum eða kvótum eða veita afnotarétt af öðrum takmörkuðum auðlindum. Í samræmi við IAS-staðal 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð*, getur eining valið að færa í upphafi á gangvirði bæði óefnislegu eignina og styrkinn. Ef eining velur að færa ekki eignina upphaflega á gangvirði færir einingin eignina upphaflega á nafnverði (hin aðferðin sem er heimil samkvæmt IAS-staðli 20) ásamt öllum útgjöldum sem unnt er að rekja beint til undirbúnings eignarinnar fyrir fyrirhugaða notkun.

Skipti á eignum

45 Ein eða fleiri óefnislegar eignir kunna að vera fengnar í skiptum fyrir óþeningalega eign, eða eignir, eða sambland þeningalegra og óþeningalegra eigna. Í eftirfarandi umfjöllun er einfaldlega fjallað um skipti á einni óþeningalegri eign fyrir aðra en hún á jafnframt við um öll skipti sem lýst er í næstu málsgrein hér á undan. Kostnaðarverð þess háttar óefnislegrar eignar er metið á gangvirði nema a) skiptin séu ekki viðskiptalegs eðlis eða b) hvorki gangvirði eignarinnar, sem tekið er við, né eignarinnar, sem látin er af hendi, er metið með áreiðanlegum hætti. Eignin, sem tekið er við, er metin með þessum hætti jafnvel þótt einingin geti ekki fært eignina úr efnahagsreikningi, sem látin er af hendi, þegar í stað. Ef eignin, keypt er, er ekki metin á gangvirði er kostnaðarverð hennar metið á bókfærðu verði eignarinnar, sem látin er af hendi.

46 Eining ákvarðar hvort skipti séu viðskiptalegs eðlis með því að kanna umfang breytinga sem vænst er að verði á framtíðarsjóðstreymi hennar af völdum skiptanna. Skipti eru viðskiptalegs eðlis ef:

a) samsetning (þ.e. áhætta, tímasetning og fjárhæð) sjóðstreymis eignarinnar sem tekið er við er önnur en samsetning sjóðstreymis eignarinnar sem látin er af hendi eða

b) virðið sem á sérstaklega við um þann hluta rekstrar einingarinnar, sem viðskiptin hafa áhrif á, breytist af völdum skiptanna og

c) mismunurinn á a- og b-lið er verulegur miðað við gangvirði eignanna sem skipt er á.

Við ákvörðun á því hvort skipti séu viðskiptalegs eðlis skal virðið fyrir eininguna á þeim hluta rekstrar einingarinnar, sem skiptin hafa áhrif á, endurspegla sjóðstreymi eftir skatta. Niðurstaða þessarar greiningar getur verið skýr án þess að eining þurfi að gera ítarlega útreikninga.

47 Í b-lið 21. liðar er tilgreint að skilyrðið fyrir færslu óefnislegrar eignar sé að unnt sé að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Hægt er að meta óefnislega eign með áreiðanlegum hætti ef a) breytileiki á bilinu á eðlilegu gangvirðismati er ekki verulegur fyrir þá eign eða b) unnt er að meta með skynsamlegum hætti líkindin á mismunandi mati á því bili og nota til að meta gangvirði. Ef eining getur metið með áreiðanlegum hætti gangvirði annaðhvort eignarinnar, sem tekið er við, eða eignarinnar, sem látin er af hendi, er gangvirði eignarinnar, sem látin er af hendi, notað til að meta kostnaðarverðið nema gangvirði eignarinnar, sem tekið er við, liggi skýrar fyrir.

Viðskiptavild sem myndast innan fyrirtækis

48 Ekki skal eignfæra viðskiptavild sem myndast innan fyrirtækis.

49 Í sumum tilvikum er stofnað til útgjalda til að skapa efnahagslegan framtíðarávinning en það leiðir ekki til myndunar óefnislegrar eignar sem uppfyllir færsluskilyrðin í þessum staðli. Oft er slíkum útgjöldum lýst sem framlagi til myndunar viðskiptavildar innan fyrirtækisins. Viðskiptavild, sem myndast innan fyrirtækis, er ekki eignfærð vegna þess að hún er ekki aðgreinanleg verðmæti (þ.e. hún er hvorki aðskiljananleg né til komin vegna samningsbundinna eða annarra lagalegra réttinda) sem einingin stjórnar og unnt er að meta með áreiðanlegum hætti á kostnaðarverði.

50 Mismunur á gangvirði einingar og bókfærðu verði aðgreinanlegra, hreinna eigna hennar á tilteknum tíma getur stafað af ýmsum þáttum sem hafa áhrif á gangvirði einingarinnar. Slíkur mismunur sýnir þó ekki kostnaðarverð óefnislegra eigna sem einingin ræður yfir.

Óefnislegar eignir sem myndast innan fyrirtækis

51 Stundum er erfitt að meta hvort óefnisleg eign, sem myndast innan fyrirtækis, uppfylli færsluskilyrði vegna erfiðleika við:

a) að greina hvort og hvenær um er að ræða aðgreinanlega eign sem mun mynda væntanlegan, efnahagslegan framtíðarávinning og

b) að ákvarða kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Í sumum tilvikum er ekki unnt að greina kostnaðinn við að mynda óefnislega eign innan fyrirtækisins frá kostnaðinum við að viðhalda eða auka viðskiptavild sem myndast innan fyrirtækisins eða reka einingunа frá degi til dags.

Einingin skal því, til viðbótar við að uppfylla almennar kröfur um færslu og upphafsmat óefnislegrar eignar, beita kröfum og leiðbeiningum í 52.–67. lið á allar óefnislegar eignir sem myndast innan fyrirtækisins.

52 Við mat á því hvort óefnisleg eign, sem myndast innan fyrirtækis, uppfylli færsluskilyrðin skal eining flokka myndun eignarinnar í:

a) rannsóknarstig og

b) þróunarstig.

Þó að hugtökin „rannsókn“ og „þróun“ séu skilgreind hafa hugtökin „rannsóknarstig“ og „þróunarstig“ víðari merkingu að því er varðar þennan staðal.

53 Ef eining getur ekki greint rannsóknarstig frá þróunarstigi innra verkefnis sem felst í myndun óefnislegrar eignar fer einingin með útgjöldin við verkefnið eins og það hefði eingöngu stofnað til þeirra á rannsóknarstiginu.

Rannsóknarstig

54 Ekki skal færa óefnislega eign sem myndast vegna rannsókna (eða vegna rannsóknarstigs innra verkefnis). Útgjöld til rannsókna (eða á rannsóknarstigi innra verkefnis) skal gjaldfæra þegar stofnað er til þeirra.

55 Á rannsóknarstigi innra verkefnis getur eining ekki sýnt fram á að til sé óefnisleg eign sem muni sennilega mynda efnahagslegan framtíðarávinning. Þess vegna eru þessi útgjöld gjaldfærð þegar stofnað er til þeirra.

56 Dæmi um rannsóknarstarfsemi eru:

a) starfsemi sem miðar að því að afla nýrrar þekkingar,

b) leit að, mat og endanlegt val á hagnýtingarmöguleikum rannsóknarniðurstaðna eða annarrar þekkingar,

c) leit að efnum, tækjum, framleiðsluvörum, ferlum, kerfum eða þjónustu í stað þeirra sem fyrir eru og

d) mótun, hönnun, mat og lokaval á hugsanlegum kostum fyrir ný eða endurbætt efni, tæki, framleiðsluvörur, ferla, kerfi eða þjónustu.

Þróunarstig

57 Óefnislega eign, sem verður til vegna þróunarvinnu (eða á þróunarstigi innra verkefnis), skal færa þá og því aðeins að eining geti sýnt fram á alla eftirfarandi liði:

a) að það sé tæknilega framkvæmanlegt að ljúka við óefnislegu eignina þannig að hún verði tiltæk til notkunar eða sölu,

b) að hún ætli sér að ljúka við óefnislegu eignina og nota hana eða selja,

c) getu hennar til að nota eða selja óefnislegu eignina,

d) hvernig líklegur efnahagslegur framtíðarávinningur myndast af óefnislegu eigninni. Einingin skal m.a. sýna fram á að markaður sé fyrir framleiðslu óefnislegu eignarinnar eða óefnislegu eignina sjálfa eða, ef nota á hana innan einingarinnar, notagildi óefnislegu eignarinnar,

e) að fyrir hendi séu næg tæknileg, fjárhagsleg og önnur verðmæti til að ljúka þróuninni og til að nota eða selja óefnislegu eignina,

f) getu hennar til að meta með áreiðanlegum hætti útgjöldin sem rekja má til þróunar á óefnislegu eigninni.

58 Á þróunarstigi innra verkefnis getur eining í sumum tilvikum sérgreint óefnislega eign og sýnt fram á að eignin muni sennilega mynda efnahagslegan framtíðarávinning. Þetta stafar af því að þróunarstig verkefnis er komið lengra á veg en rannsóknarstigið.

59 Dæmi um þróunarstarfsemi eru:

a) hönnun, smíði og prófun forframleiðslufrumgerða eða fornotkunarfrumgerða og líkana,

b) hönnun verkfæra, tólhalda, móta og laða sem byggja á nýrri tækni,

c) hönnun, bygging og rekstur tilraunaverksmiðju, sem er ekki af þeirri stærð að hún sé efnahagslega hagkvæm fyrir markaðsframleiðslu, og

d) hönnun, bygging og prófun á öðrum kosti sem er valinn fyrir ný eða endurbætt efni, tæki, framleiðsluvörur, ferla, kerfi eða þjónustu.

60 Þegar eining sýnir fram á hvernig óefnisleg eign muni sennilega mynda efnahagslegan framtíðarávinning, metur einingin efnahagslegan ávinning af eigninni sem móttekin verður með því að nota meginreglurnar í IAS-staðli 36, *virðisrýrnun eigna*. Ef eignin myndar einungis efnahagslegan ávinning með öðrum eignum beitir einingin hugtakinu um fjárskapandi einingar í IAS-staðli 36.

61 Unnt er að sýna fram á að til staðar séu verðmæti til að ljúka við, nota og hljóta ávinning af óefnislegri eign, t.d. með viðskiptaáætlun sem sýnir þau tæknilegu, fjárhagslegu og önnur verðmæti sem þörf er fyrir og getu einingarinnar til að tryggja þau verðmæti. Í vissum tilvikum sýnir eining fram á að ytra fjármagn sé fáanlegt með því að afla sér viljayfirlýsingar lánveitanda um að hann fjármagni áætlunina.

62 Með kostnaðarkerfi einingar fæst oft áreiðanlegt mat á kostnaði við myndun óefnislegrar eignar innan fyrirtækisins eins og launum og öðrum útgjöldum sem er stofnað til við að tryggja sér höfundarrétt eða leyfi eða þróun á tölvuhugbúnaði.

63 Ekki skal færa vörumerki, dagblaðshausa, útgáfutitla, viðskiptamannaskrár og sambærilega liði, sem eru myndaðir innan fyrirtækisins og eru sambærilegir að efni til, sem óefnislegar eignir.

64 Ekki er unnt að greina útgjöld vegna vörumerkja, dagblaðshausa, útgáfutitla, viðskiptamannaskráa og sambærilegra liða, sem eru myndaðir innan fyrirtækisins og eru sambærilegir að efni til, frá öðrum kostnaði við þróun starfseminnar í heild. Af þeim sökum eru slíkir liðir ekki færðir sem óefnislegar eignir.

Kostnaðarverð óefnislegrar eignar sem myndast innan fyrirtækis

65 Kostnaðarverð óefnislegrar eignar, sem myndast innan fyrirtækis, er skv. 24. lið heildarútgjöldin, sem stofnað er til, frá þeim degi þegar óefnislega eignin uppfyllir færsluskilyrðin í 21., 22. og 57. lið. Skv. 71. lið er óheimilt að eignfæra útgjöld sem áður hafa verið gjaldfærð.

66 Í kostnaðarverði óefnislegrar eignar, sem myndast innan fyrirtækis, felst allur beinn, rekjanlegur kostnaður sem nauðsynlegur er til að mynda, framleiða og undirbúa eignina svo að hún verði rekstrarhæf með þeim hætti sem stjórnendur áforma. Dæmi um beinan, rekjanlegan kostnað eru:

a) kostnaður vegna efnisnotkunar og þjónustu, sem er nýtt við myndun óefnislegu eignarinnar,

b) kostnaður vegna starfsmannakjara (eins og hann er skilgreindur í IAS-staðli 19) sem rekja má beint til myndunar óefnislegu eignarinnar,

c) gjöld vegna skrásetningar á lagalegum rétti og

d) afskriftir af einkaleyfum og leyfum sem eru notuð til að mynda óefnislega eign.

Í IAS-staðli 23 eru tilgreind skilyrði fyrir færslu vaxta sem þáttar í kostnaðarverði óefnislegrar eignar sem er mynduð innan einingar.

67 Eftirfarandi þættir eru ekki hluti af kostnaðarverði óefnislegrar eignar sem myndast innan fyrirtækis:

a) sölu-, stjórnunarkostnaður og annar almennur, óbeinn kostnaður, nema unnt sé að telja þessi útgjöld beint til undirbúnings eignarinnar fyrir notkun,

b) sérgreind óskilvirkni og rekstrartap, sem stofnað er til í upphafi, áður en eignin nær áætluðum afköstum og

c) útgjöld vegna þjálfunar starfsfólks til að starfrækja eignina.

Dæmi til skýringar á 65. lið

Eining er að þróa nýjan framleiðsluferil. Á árinu 20X5 var stofnað til útgjalda að fjárhæð 1.000 GE (*), þar af var stofnað til 900 GE fyrir 1. desember 20X5 og 100 GE milli 1. desember 20X5 og 31. desember 20X5. Einingin getur sýnt fram á að 1. desember 20X5 hafi framleiðsluferlið uppfyllt skilyrði fyrir færslu sem óefnisleg eign. Endurheimtanleg fjárhæð vegna þekkingarinnar, sem er fólgin í ferlinu (þ.m.t. framtíðarútstreymi handbærs fjár til að ljúka við ferlið áður en það er tilbúið til notkunar), er metin á 500 GE.

Í lok ársins 20X5 er framleiðsluferlið fært sem óefnisleg eign á kostnaðarverðinu 100 GE (útgjöld sem stofnað er til frá þeim degi þegar færsluskilyrðin voru uppfyllt, þ.e. 1. desember 20X5). Útgjöldin 900 GE, sem stofnað var til fyrir 1. desember 20X5, eru gjaldfærð sem kostnaður vegna þess að færsluskilyrðin voru ekki uppfyllt fyrr en 1. desember 20X5. Þessi útgjöld verða aldrei hluti af kostnaðarverði framleiðsluferlisins sem er fært í efnahagsreikninginn.

Á árinu 20X6 eru útgjöldin 2.000 GE. Í lok ársins 20X6 er endurheimtanleg fjárhæð vegna þekkingarinnar, sem er fólgin í ferlinu (þ.m.t. framtíðarútstreymi handbærs fjár til að ljúka við ferlið áður en það er tilbúið til notkunar), metin á 1900 GE.

Í lok ársins 20X6 er kostnaðarverð framleiðsluferlisins 2.100 GE (útgjöld að fjárhæð 100 GE voru færð í lok ársins 20X5 að viðbættum útgjöldum að fjárhæð 2.000 GE sem eru færð 20X6). Einingin færir virðisrýrnunartap að fjárhæð 200 GE til að leiðrétta bókfært verð ferlisins á undan virðisrýrnunartapi (2.100 GE) í endurheimtanlega fjárhæð þess (1900). Þetta virðisrýrnunartap verður bakfært á síðara tímabili ef kröfur um bakfærslu virðisrýrnunartaps í IAS-staðli 36, eru uppfylltar.

(a) Í þessum staðli eru fjárhæðir tilgreindar í „gjaldmiðilseiningum“ (GE).

GJALDFÆRSLA

68 Útgjöld vegna óefnislegs liðar skal gjaldfæra þegar stofnað er til þeirra, nema:

a) þau séu hluti kostnaðarverðs óefnislegrar eignar sem uppfyllir færsluskilyrðin (sjá 18.–67. lið) eða

b) einingin yfirtaki liðinn við sameiningu fyrirtækja og geti ekki fært hann sem óefnislega eign. Í því tilviki myndar hann hluta fjárhæðarinnar sem færð er sem viðskiptavild á yfirtökudegi (sjá IFRS-staðal 3).

69 Í sumum tilvikum er stofnað til útgjalda til að afla einingunni framtíðarávinnings en ekki er unnt að færa neina óefnislega eign eða aðra eign sem er keypt eða mynduð. Ef um er að ræða afhendingu á vörum færir einingin slík útgjöld sem kostnað þegar hún á rétt á aðgangi að þeim vörum. Ef um er að ræða veitingu á þjónustu færir einingin útgjöldin sem kostnað þegar hún fær þá þjónustu. Sem dæmi eru útgjöld til rannsókna færð sem gjöld þegar stofnað er til þeirra (sjá 54. lið), nema þegar þau er yfirtekin sem hluti af sameiningu fyrirtækja. Önnur dæmi um útgjöld, sem eru gjaldfærð þegar stofnað er til þeirra, eru m.a.:

a) útgjöld við að hefja starfsemi (þ.e. upphafskostnaður) nema þessi útgjöld séu innifalin í kostnaðarverði varanlegs rekstrarfjármunaliðar í samræmi við IAS-staðal 16. Til upphafskostnaðar getur talist lögfræði- eða ritarakostnaður vegna stofnunar lögaðila, kostnaður vegna opnunar nýrrar starfsstöðvar eða fyrirtækis (þ.e. for-opnunarkostnaður) eða kostnaður sem stofnað er til áður en nýr rekstur hefst eða vegna kynningar á nýjum framleiðsluvörum eða -ferlum (þ.e. for-rekstrarkostnaður),

b) þjálfunarkostnaður,

c) útgjöld til auglýsinga og kynningarstarfsemi (þ.m.t. póstpöntunarlistar),

d) útgjöld vegna flutnings eða endurskipulagningar einingar að hluta til eða í heild.

69A Eining á rétt á aðgangi að vörum þegar hún á þær. Eins á hún rétt á aðgangi að vörum þegar afhendingaraðili hefur framleitt þær í samræmi við skilmála vörusamnings og getur einingin krafist afhendingar á þeim við greiðslu. Þjónusta er móttekin þegar þjónustuveitandi innir hana af hendi í samræmi við afhendingarsamning um þjónustu við eininguna en ekki þegar einingin notar hana til að veita aðra þjónustu, t.d. til að afhenda auglýsingu til viðskiptavina.

70 Ákvæði 68. liðar útiloka ekki einingu frá færslu fyrirframgreiðslu þegar greiðsla fyrir vörur eða þjónustu fer fram áður en einingin fær aðgang að þeim vörum. Að sama skapi útilokar 68. liður ekki eignfærslu fyrirframgreiðslu þegar greiðsla fyrir þjónustu fer fram áður en einingin fær þá þjónustu.

Fyrri útgjöld sem skal ekki eignfæra

71 Útgjöld vegna óefnislegs liðar, sem var upphaflega gjaldfærður, skal ekki færa síðar sem hluta af kostnaðarverði óefnislegrar eignar.

MAT EFTIR FÆRSLU

72 Eining skal velja annaðhvort kostnaðarverðslíkanið í 74. lið eða endurmatslíkanið í 75. lið sem reikningsskilaaðferð. Ef óefnisleg eign er færð með því að nota endurmatslíkanið skal nota sama líkan á allar aðrar eignir í sama flokki nema ekki sé til virkur markaður fyrir þær eignir.

73 Flokkur óefnislegra eigna er safn eigna sem eru sambærilegar að gerð og notkun í rekstri einingar. Liðir í sama flokki óefnislegra eigna eru endurmetnir samtímis til að komast hjá valkvæðu endurmati eigna og framsetningu fjárhæða í reikningsskilum þar sem blandað er saman kostnaði og verðgildi frá mismunandi tímum.

Kostnaðarverðslíkan

74 Eftir upphaflega færslu skal bókfært verð óefnislegrar eignar vera kostnaðarverð hennar að frádregnum öllum uppsöfnuðum afskriftum og öllum uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum.

Endurmatslíkan

75 Eftir upphaflega færslu skal færa óefnislega eign á endurmetinni fjárhæð sem er gangvirði hennar á endurmatsdegi að frádregnum öllum síðari uppsöfnuðum afskriftum og öllum síðari uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum. Að því er varðar endurmat samkvæmt þessum staðli skal meta gangvirði með hliðsjón af virkum markaði. Endurmat skal fara fram það reglulega að bókfært verð eignarinnar sé ekki verulega fjarri gangvirði hennar í lok reikningsskilatímabilsins.

76 Með endurmatslíkaninu er ekki heimilt:

a) að endurmeta óefnislegar eignir, sem hafa ekki áður verið eignfærðar, eða

b) að færa óefnislegar eignir upphaflega á öðru verði en kostnaðarverði.

77 Endurmatslíkaninu er beitt eftir að eign hefur upphaflega verið færð á kostnaðarverði. Þó má beita endurmatslíkaninu á slíka eign í heild ef aðeins hluti kostnaðarverðs óefnislegrar eignar er eignfærður vegna þess að eignin uppfyllti ekki færsluskilyrði fyrr en hún var að hluta til komin í gegnum ferlið (sjá 65. lið). Einnig má beita endurmatslíkaninu á óefnislega eign sem fengin var með opinberum styrk og færð er á nafnverði (sjá 44. lið).

78 Óalgengt er að virkur markaður sé til fyrir óefnislega eign, þó að svo geti orðið. Í nokkrum lögsagnarumdæmum getur t.d. verið til virkur markaður fyrir framseljanleg leigubílaleyfi, fiskveiðileyfi eða framleiðslukvóta. Virkur markaður getur þó ekki verið fyrir hendi fyrir vörumerki, dagblaðshausa, útgáfurétt á tónlist og kvikmyndum, einkaleyfi eða vörumerki vegna þess að sérhver slík eign er einstök. Einnig þótt óefnislegar eignir gangi kaupum og sölum eru samningar gerðir milli einstakra kaupenda og seljenda og viðskipti eru tiltölulega fátíð. Af þessum ástæðum getur verið að verðið, sem greitt er fyrir eina eign, gefi ónóga vísbendingu um gangvirði annarrar. Þar að auki hefur almenningur oft ekki aðgang að upplýsingum um verð.

79 Tíðni endurmats fer eftir óstöðugleika gangvirðis óefnislegu eignarinnar sem er verið að endurmeta. Ef gangvirði endurmetinnar eignar er verulega fjarri bókfærðu verði hennar er frekara endurmat nauðsynlegt. Gangvirði sumra óefnislegra eigna getur verið óstöðugt og tekið umtalsverðum breytingum sem gerir árlegt endurmat nauðsynlegt. Ekki þarf að endurmeta óefnislegar eignir svo oft ef gangvirði þeirra breytist aðeins óverulega.

80 Við endurmat á óefnislegri eign er bókfært verð þeirrar eignar lagfært að endurmetnu fjárhæðinni. Við dagsetningu endurmatsins er eignin meðhöndluð samkvæmt öðru hvoru af eftirfarandi:

a) vergt bókfært verð er lagfært þannig að það sé í samræmi við endurmat á bókfærðu verði eignarinnar. Sem dæmi er hægt að endurákvarða vergt bókfært verð með hliðsjón af mælanlegum markaðsgögnum eða hægt er að endurákvarða það í hlutfalli við breytingar á bókfærðu verði. Uppsafnaðar afskriftir á endurmatsdegi eru aðlagaðar þannig að þær samsvari mismuninum á vergu bókfærðu verði og bókfærðu verði eignarinnar þegar tekið hefur verið tillit til uppsafnaðs virðisrýrnunartaps eða

b) uppsöfnuðum afskriftum er eytt á móti vergu bókfærðu verði eignarinnar.

Fjárhæð leiðréttingarinnar á uppsöfnuðum afskriftum myndar hluta hækkunar eða lækkunar á bókfærðu verði sem er fært í samræmi við 85. og 86. lið.

81 Ef ekki er unnt að endurmeta óefnislega eign í flokki endurmetinna, óefnislegra eigna vegna þess að virkur markaður er ekki til fyrir eignina skal færa hana á bókfærðu verði að frádregnum öllum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnunartöpum.

82 Ef ekki er lengur unnt að meta gangvirði endurmetinnar, óefnislegrar eignar með hliðsjón af virkum markaði skal bókfært verð eignarinnar vera endurmetin fjárhæð hennar á síðasta endurmatsdegi með hliðsjón af virkum markaði, að frádregnum öllum síðari, uppsöfnuðum afskriftum og öllum síðari, uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum.

83 Ef virkur markaður er ekki lengur fyrir hendi fyrir endurmetna, óefnislega eign getur það bent til þess að verðgildi eignarinnar hafi rýrnað og þörf sé á að prófa það í samræmi við IAS-staðal 36.

84 Ef unnt er að meta gangvirði eignarinnar með hliðsjón af virkum markaði á síðari endurmatsdegi er endurmatslíkaninu beitt frá þeim degi.

85 Ef bókfært verð óefnislegrar eignar er hækkað vegna endurmats skal færa hækkunina í aðra heildarafkomu og uppsafnað í eigin fé undir fyrirsögninni endurmatsreikningur. Þessa hækkun endurmats skal þó færa í rekstrarreikning að því marki sem hún snýr við endurmatslækkun sömu eignar sem áður var færð í rekstrarreikning.

86 Ef bókfært verð óefnislegrar eignar er lækkað í kjölfar endurmats skal færa lækkunina í rekstrarreikning. Þó skal færa lækkunina í aðra heildarafkomu að því marki sem kreditstaða er á endurmatsreikningi vegna þeirrar eignar. Lækkunin, sem er færð í aðra heildarafkomu, lækkar uppsafnaða fjárhæð í eigin fé undir fyrirsögninni endurmatsreikningur.

87 Yfirfæra má uppsafnaðan endurmatsreikning, sem er innifalinn í eigin fé, beint á óráðstafað eigið fé þegar endurmatið er innleyst. Innleysa má allan endurmatsreikninginn við úreldingu eða ráðstöfun eignarinnar. Samt sem áður má innleysa hluta endurmatsins eftir því sem einingin notar eignina. Í því tilviki er fjárhæð endurmatsins, sem er innleyst, mismunurinn á afskriftum miðað við endurmetið bókfært verð eignarinnar og afskriftunum sem hefðu verið færðar miðað við upphaflegt kostnaðarverð eignarinnar. Tilfærslan af endurmatsreikningnum á óráðstafað eigið fé fer ekki gegnum rekstrarreikninginn.

NÝTINGARTÍMI

88 Eining skal meta hvort nýtingartími óefnislegrar eignar er takmarkaður eða ótakmarkaður og, ef hann er takmarkaður, lengd hans eða fjölda framleiðslueininga eða sambærilegra eininga sem myndar þann nýtingartíma. Einingin skal líta svo á að eign hafi ótakmarkaðan nýtingartíma, og byggja það á greiningu á öllum viðkomandi þáttum, þegar ekki eru nein fyrirsjáanleg takmörk á tímanum sem vænst er að eignin myndi innstreymi handbærs fjár til einingarinnar.

89 Færsla óefnislegrar eignar byggist á nýtingartíma hennar. Óefnisleg eign með takmörkuðum nýtingartíma er afskrifuð (sjá 97.–106. lið), en óefnisleg eign með ótakmörkuðum nýtingartíma er það ekki (sjá 107.–110. lið). Skýringardæmin, sem fylgja þessum staðli, sýna hvernig nýtingartími mismunandi óefnislegra eigna er ákvarðaður og síðari færslu þeirra eigna sem byggist á ákvörðunum um nýtingartímann.

90 Athugaðir eru margir þættir þegar nýtingartími óefnislegrar eignar er ákvarðaður, þ.m.t.:

a) væntanleg notkun einingarinnar á eigninni og hvort annað stjórnendateymi gæti með skilvirkum hætti séð um rekstur hennar,

b) dæmigerður lífsferill eignarinnar og opinberar upplýsingar um mat á nýtingartíma sambærilegra eigna sem eru notaðar á sambærilegan hátt,

c) tæknileg, tæknifræðileg, viðskiptaleg eða annars konar úrelding,

d) stöðugleiki atvinnugreinarinnar, sem eignin er rekin í, og breytingar á eftirspurn markaðarins á framleiðsluvörum eða þjónustu, sem eignin gefur af sér,

e) aðgerðir, sem vænta má af samkeppnisaðilum eða hugsanlegum samkeppnisaðilum,

f) útgjaldastig vegna viðhaldskostnaðar, sem þarf til að ná þeim efnahagslega framtíðarávinningi sem vænst er af eigninni, og geta einingarinnar og áform til að ná slíku stigi,

g) tímabilið, sem eining hefur yfirráð yfir eigninni, og lagalegar eða sambærilegar takmarkanir á notkun eignarinnar, s.s. lokadagsetningar tengdra leigusamninga, og

h) hvort nýtingartími eignarinnar er háður nýtingartíma annarra eigna einingarinnar.

91 Hugtakið „ótakmarkaður“ merkir ekki „óendanlegur“. Nýtingartími óefnislegrar eignar endurspeglar einungis það stig viðhaldskostnaðar í framtíðinni sem þarf til að viðhalda efnahagslegu hæfi eignarinnar eins og það er metið þegar nýtingartími eignarinnar er áætlaður og getu og áform fyrirtækisins um að ná slíku stigi. Niðurstaða þess efnis að nýtingartími óefnislegrar eignar sé ótakmarkaður skal ekki vera háð áætlunum um framtíðarútgjöld umfram það sem þörf er á til að viðhalda því efnahagslega hæfi eignarinnar.

92 Þegar litið er til þess hve tæknibreytingar eru örar er hætt við að tölvuhugbúnaður og margar aðrar óefnislegar eignir úreldist í tæknilegu tilliti. Þess vegna verður það oft reyndin að nýtingartími þeirra er stuttur. Væntanlegar niðurfærslur á söluverði liðar sem framleiddur var með því að nota óefnislega eign gætu verið vísbending um væntanlega tæknilega eða viðskiptalega úreldingu eignarinnar sem síðan gæti endurspeglað lækkun þess efnahagslega framtíðarávinnings sem felst í eigninni.

93 Nýtingartími óefnislegrar eignar getur verið mjög langur eða jafnvel ótakmarkaður. Óvissa réttlætir varfærnislegt mat á nýtingartíma óefnislegrar eignar en réttlætir hins vegar ekki að valinn sé líftími sem er svo stuttur að hann er óraunhæfur.

94 Nýtingartími óefnislegrar eignar, sem er til komin vegna samningsbundinna eða annarra lagalegra réttinda, skal ekki vera lengri en tímabil samningsbundnu eða lagalegu réttindanna, en getur verið skemmri með hliðsjón af tímabilinu sem einingin áætlar að nota eignina á. Ef samningsbundin eða önnur lögbundin réttindi gilda í takmarkaðan tíma, sem unnt er að endurnýja, skal því aðeins taka það eða þau endurnýjunartímabil með í nýtingartíma óefnislegu eignarinnar að gögn styðji endurnýjun einingarinnar án verulegs tilkostnaðar. Nýtingartími endurkeyptra réttinda sem færð eru sem óefnisleg eign við sameiningu fyrirtækja eru eftirstöðvar samningstíma þess samnings sem veitti réttindin og skal ekki fela í sér endurnýjunartímabil.

95 Bæði efnahagslegir og lagalegir þættir geta haft áhrif á nýtingartíma óefnislegrar eignar. Efnahagslegir þættir ákvarða það tímabil í framtíðinni sem einingin fær efnahagslegan ávinning. Lagalegir þættir geta takmarkað það tímabil sem einingin hefur yfirráð yfir aðgangi að þessum ávinningi. Nýtingartíminn er það tímabil sem er styttra og ákvarðað af þessum þáttum.

96 Þegar fyrir hendi eru m.a. eftirfarandi þættir bendir það til þess að eining gæti endurnýjað samningsbundin eða önnur lagaleg réttindi án verulegs tilkostnaðar:

a) vísbendingar, hugsanlega byggðar á fyrri reynslu, eru um að samningsbundnu réttindin eða önnur lagaleg réttindi verði endurnýjuð. Ef samþykki þriðja aðila er skilyrði fyrir endurnýjun felur það í sér vísbendingar um að þriðji aðilinn veiti samþykki sitt,

b) vísbendingar eru um að nauðsynleg skilyrði fyrir endurnýjun, ef einhver eru, verði uppfyllt og

c) kostnaður einingarinnar við endurnýjun er óverulegur samanborið við efnahagslegan framtíðarávinning sem vænst er að renni til einingarinnar eftir endurnýjun.

Ef kostnaður við endurnýjun er verulegur samanborið við efnahagslegan framtíðarávinning, sem vænst er að renni til einingarinnar eftir endurnýjun, er „endurnýjunarkostnaðurinn“ í reynd kostnaðurinn við að yfirtaka nýja óefnislega eign á endurnýjunardegi.

ÓEFNISLEGAR EIGNIR MEÐ TAKMARKAÐAN NÝTINGARTÍMA

Afskriftatímabil og afskriftaaðferð óefnislegra eigna

97 Afskrifanlegri fjárhæð óefnislegrar eignar með takmarkaðan nýtingartíma skal skipta kerfisbundið niður á nýtingartíma hennar. Afskriftir hefjast þegar eignin er tiltæk til notkunar, þ.e. þegar hún er á staðnum og í því ástandi sem nauðsynlegt er til að hún sé starfhæf með þeim hætti sem stjórnendur áforma. Afskriftum óefnislegra eigna skal hætt á þeim degi sem er fyrr, deginum sem eignin er skilgreind sem haldið til sölu (eða sett í ráðstöfunarflokk sem er flokkaður sem haldið til sölu) í samræmi við IFRS-staðal 5 eða deginum sem eignin er afskráð. Afskriftaraðferðin, sem er notuð, skal endurspegla mynstrið sem einingin væntir að verði á notkun hennar á efnahagslegum framtíðarávinningi af eigninni. Ef ekki er unnt að ákvarða mynstrið með áreiðanlegum hætti skal nota línulegu aðferðina. Afskriftaupphæð skal færa í rekstrarreikning á hverju tímabili nema heimilað sé eða gerð krafa um það í þessum eða öðrum staðli að hún sé innifalin í bókfærðu verði annarrar eignar.

98 Unnt er að nota fjölda afskriftaaðferða til að skipta afskrifanlegri fjárhæð eignar á kerfisbundinn hátt á nýtingartíma hennar. Meðal þessara aðferða eru línulega aðferðin, stigminnkandi aðferðin og framleiðslueiningaaðferðin. Aðferðin, sem er notuð, er valin á grundvelli væntanlegs notkunarmynsturs væntanlegs efnahagslegs framtíðarávinnings sem felst í eigninni og er beitt með samræmdum hætti frá einu tímabili til annars nema breyting verði á væntanlegu notkunarmynstri þessa efnahagslega framtíðarávinnings.

98A Það er hrekjanleg forsenda að afskriftaraðferð, sem byggist á tekjum sem myndast af starfsemi sem felur í sér notkun óefnislegrar eignar, sé ekki viðeigandi. Tekjur sem myndast af starfsemi sem felur í sér notkun óefnislegrar eignar endurspegla yfirleitt þætti sem tengjast ekki beint notkun hins efnahagslega ávinnings sem felst í óefnislegu eigninni. Til dæmis hefur annað ílag og önnur ferli, sölustarfsemi og breytingar á sölumagni og verði áhrif á tekjur. Verðbólga getur haft áhrif á verðþáttinn í tekjum sem hefur engin áhrif á það hvernig eign er notuð. Þessa forsendu er aðeins hægt að hrekja í þeim takmörkuðu kringumstæðum:

a) þegar hin óefnislega eign er gefin upp sem mæling á tekjum, eins og lýst er í lið 98C eða

b) þegar hægt er að sýna fram á að mikil fylgni sé milli teknanna og notkunar efnahagslegs ávinnings af hinni óefnislegu eign.

98B Þegar viðeigandi afskriftaaðferð er valin í samræmi við 98. lið gæti eining ákvarðað mikilvægasta takmarkandi þáttinn sem hin óefnislega eign felur í sér. Til dæmis gæti samningur þar sem settur er fram réttur einingar til notkunar á óefnislegri eign tilgreint notkun einingarinnar á hinni óefnislegu eign sem fyrirframákveðinn fjölda ára (þ.e. tíma), sem framleiddar einingar eða sem fasta heildarfjárhæð tekna sem eiga að myndast. Greining á slíkum ríkjandi, takmarkandi þætti gæti orðið upphafspunkturinn að greiningu á viðeigandi grunni afskrifta, en nota má annan grundvöll ef hann endurspeglar betur væntanlegt notkunarmynstur efnahagslegs ávinnings.

98C Við þær aðstæður þegar það að ná tekjumörkum er sá ríkjandi, takmarkandi þáttur sem óefnisleg eign felur í sér geta þær tekjur sem eiga að myndast verið viðeigandi grunnur afskrifta. Eining gæti til dæmis fengið sérleyfi til leitar og vinnslu gulls úr gullnámu. Það að samningur renni út gæti byggst á fastri fjárhæð heildartekna sem eiga að myndast af vinnslunni (samningur gæti t.d. heimilað vinnslu gulls úr námunni þar til uppsafnaðar heildartekjur af sölu gulls ná tveimur milljörðum gjaldmiðilseininga) og ekki á tímalengd eða magni unnins gulls. Í öðru dæmi gæti réttur til að starfrækja tollveg byggst á fastri heildarfjárhæð tekna sem eiga að skapast af uppsöfnuðum álögðum tolli (samningur gæti t.d. heimilað starfrækslu tollvegarins þar til uppsöfnuð fjárhæð tolls sem fæst af starfrækslu hans nær 100 milljónum gjaldmiðilseininga). Í tilviki þegar tekjur eru ákvarðaðar sem ríkjandi, takmarkandi þáttur samningsins um notkun óefnislegu eignarinnar gætu þær tekjur, sem eiga að skapast, verið viðeigandi grunnur afskrifta á óefnislegu eigninni, að því tilskildu að samningurinn tilgreini fasta heildarfjárhæð tekna sem eiga að skapast og afskrift á að byggjast á.

99 Afskriftir óefnislegra eigna eru yfirleitt færðar í rekstrarreikning. Stundum fer þó efnahagslegur framtíðarávinningur sem felst í eign í að framleiða aðrar eignir. Í því tilviki eru afskriftirnar hluti af kostnaðarverði hinnar eignarinnar og eru innifaldar í bókfærðu verði hennar. Sem dæmi eru afskriftir óefnislegra eigna, sem eru notaðar í framleiðsluferli, taldar með í bókfærðu verði birgða (sjá IAS-staðal 2, *birgðir*).

Hrakvirði

100 Hrakvirði óefnislegrar eignar með takmarkaðan nýtingartíma skal teljast núll nema:

a) þriðji aðili hafi skuldbundið sig til að kaupa eignina þegar nýtingartíma hennar lýkur eða

b) virkur markaður (eins og hann er skilgreindur í IFRS-staðli 13) sé fyrir eignina og:

i. unnt sé að ákvarða hrakvirði með hliðsjón af þeim markaði og

ii. líklegt sé að slíkur markaður verði fyrir hendi þegar nýtingartíma eignarinnar lýkur.

101 Afskrifanleg fjárhæð eignar með takmarkaðan nýtingartíma er ákvörðuð með því að draga hrakvirðið frá. Ef hrakvirði er ekki núll gefur það til kynna að einingin geri ráð fyrir því að hún ráðstafi óefnislegu eigninni áður en hagrænum endingartíma hennar lýkur.

102 Mat á hrakvirði eignar byggist á endurheimtanlegri fjárhæð við ráðstöfun með hliðsjón af ríkjandi verði á matsdegi eignarinnar við sölu á sambærilegri eign sem komin er að lokum áætlaðs nýtingartíma og hefur verið starfrækt við sambærilegar aðstæður og þær sem eignin verður notuð við. Hrakvirðið er endurskoðað a.m.k. við lok hvers fjárhagsárs. Breyting á hrakvirði eignar er færð sem breyting á reikningshaldslegu mati í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*.

103 Hrakvirði óefnislegrar eignar getur hækkað upp í fjárhæð sem er jöfn bókfærðu verði eignarinnar eða hærri. Ef það gerist eru afskriftir eignarinnar núll nema hrakvirði hennar lækki niður í fjárhæð sem er lægri en bókfært verð eignarinnar.

Endurskoðun á afskriftatímabili og afskriftaaðferð óefnislegra eigna

104 Endurskoða skal afskriftatímabil og afskriftaaðferð óefnislegrar eignar með takmarkaðan nýtingartíma a.m.k. við lok hvers fjárhagsárs. Ef væntanlegur nýtingartími eignarinnar er frábrugðinn fyrra mati skal breyta afskriftatímabilinu í samræmi við það. Ef breytingar hafa orðið á væntanlegu notkunarmynstri efnahagslegs framtíðarávinnings, sem felst í eigninni, skal breyta afskriftaaðferðinni þannig að hún endurspegli breytt mynstur. Gera skal grein fyrir slíkum breytingum sem breytingum á reikningshaldslegu mati í samræmi við IAS-staðal 8.

105 Komið getur í ljós á líftíma óefnislegrar eignar að mat á nýtingartíma hennar sé ekki rétt. Færsla á virðisrýrnunartapi getur t.d. bent til þess að breyta þurfi afskriftatímabilinu.

106 Notkunarmynstur fyrirtækisins á efnahagslegum framtíðarávinningi, sem er vænst að streymi til einingarinnar frá óefnislegri eign, getur breyst með tímanum. Það getur t.d. komið í ljós að stigminnkandi aðferðin við afskriftir henti betur en línulega aðferðin. Annað dæmi er ef fresta þarf nýtingu á réttindum, sem veitt eru með leyfi, þar til hreyfing kemst á aðra þætti viðskiptaáætlunarinnar. Í því tilviki fæst ekki efnahagslegur framtíðarávinningur af eigninni fyrr en á síðari tímabilum.

ÓEFNISLEGAR EIGNIR MEÐ ÓTAKMARKAÐAN NÝTINGARTÍMA

107 Ekki skal afskrifa óefnislega eign með ótakmarkaðan nýtingartíma.

108 Í samræmi við IAS-staðal 36 er gerð krafa um að eining prófi virðisrýrnun óefnislegrar eignar með ótakmarkaðan nýtingartíma með því að bera endurheimtanlega fjárhæð hennar saman við bókfært verð hennar:

a) árlega og

b) alltaf þegar vísbending er um að óefnisleg eign hafi rýrnað í verði.

Endurskoðun á mati á nýtingartíma

109 Endurskoða skal á hverju tímabili nýtingartíma óefnislegrar eignar, sem ekki er afskrifuð, til að ákvarða hvort atburðir og aðstæður styðji áfram mat á ótakmörkuðum nýtingartíma þeirrar eignar. Ef þau gera það ekki skal færa breytingu á mati á nýtingartímanum úr ótakmörkuðum yfir í takmarkaðan sem breytingu á reikningshaldslegu mati í samræmi við IAS-staðal 8.

110 Í samræmi við IAS-staðal 36 er endurmat á nýtingartíma óefnislegrar eignar sem takmörkuðum fremur en ótakmörkuðum vísbending um að virði eignarinnar hafi rýrnað. Af því leiðir að einingin prófar eignina með tilliti til virðisrýrnunar með því að bera saman endurheimtanlega fjárhæð hennar, sem er ákvörðuð í samræmi við IAS-staðal 36, og bókfært verð hennar og færir sem virðisrýrnunartap þá fjárhæð, sem bókfært verð er umfram endurheimtanlega fjárhæð.

ENDURHEIMTANLEIKI BÓKFÆRÐS VERÐS — VIRÐISRÝRNUNARTÖP

111 Þegar meta skal hvort virði óefnislegrar eignar hafi rýrnað beitir eining IAS-staðli 36. Í þeim staðli er útskýrt hvenær og hvernig eining endurskoðar bókfært verð eigna sinna, hvernig hún ákvarðar endurheimtanlega fjárhæð eignar og hvenær hún færir eða bakfærir virðisrýrnunartap.

ÚRELDINGAR OG RÁÐSTAFANIR

112 Óefnislega eign skal færa út:

a) við ráðstöfun eða

b) þegar ekki er vænst efnahagslegs framtíðarávinnings af notkun hennar eða ráðstöfun.

113 Ágóðinn eða tapið, sem verður þegar óefnisleg eign er færð út úr bókhaldi, skal ákvarðast sem mismunurinn á hreinu söluandvirði, ef um það er að ræða, og bókfærðu verði eignarinnar. Ágóðinn eða tapið skal fært í rekstrarreikning þegar eignin er færð út (nema gerð sé krafa um annað varðandi sölu og endurleigu í IFRS-staðli 16). Ágóði skal ekki flokkast sem reglulegar tekjur.

114 Ráðstöfun óefnislegrar eignar getur verið með ýmsum hætti (t.d. með sölu, fjármögnunarleigusamningi eða með gjöf). Ráðstöfunardagur óefnislegrar eignar er sá dagur þegar viðtakandinn öðlast yfirráð yfir þeirri eign í samræmi við kröfur um að ákvarða hvenær árangurstengd skuldbinding er efnd samkvæmt IFRS-staðli 15. IFRS-staðall 16 gildir um ráðstöfun með sölu og endurleigu.

115 Ef eining færir, í samræmi við færsluregluna í 21. lið, kostnaðinn vegna endurnýjunar á óefnislegri eign sem hluta af bókfærðu verði eignar, þá færir hún út bókfært verð þess hlutar sem var endurnýjaður. Ef ekki er gerlegt fyrir einingu að ákvarða bókfært verð endurnýjaða hlutans getur hún notað endurkaupaverð sem vísbendingu um það hvert kostnaðarverð endurnýjaða hlutans hafi verið þegar hann var keyptur eða þegar hann myndaðist í einingunni.

115A Þegar um er að ræða endurkeypt réttindi við sameiningu fyrirtækja skal, ef réttindin eru síðar endurútgefin (seld) til þriðja aðila, nota tengt bókfært verð, ef það er fyrir hendi, við útreikning á hagnaði eða tapi af endurútgáfunni.

116 Fjárhæð endurgjaldsins, sem telja skal með í hagnaði eða tapi sem rekja má til afskráningar óefnislegrar eignar, er ákvörðuð í samræmi við kröfur um ákvörðun viðskiptaverðs í 47.–72. lið IFRS-staðals 15. Síðari breytingar á áætlaðri fjárhæð endurgjaldsins, sem er talin með í hagnaði eða tapi, skal færa í samræmi við kröfur um breytingar á viðskiptaverði í IFRS-staðli 15.

117 Afskriftum óefnislegrar eignar með takmarkaðan nýtingartíma er ekki hætt þegar óefnislega eignin er ekki lengur í notkun nema eignin hafi verið að fullu afskrifuð eða sé flokkuð sem haldið til sölu (eða sé í ráðstöfunarflokki sem flokkaður er sem haldið til sölu) í samræmi við IFRS-staðal 5.

UPPLÝSINGAGJÖF

Almennt

118 Eining skal upplýsa um eftirfarandi fyrir hvern flokk óefnislegra eigna og gera greinarmun á óefnislegum eignum sem eru myndaðar innan einingarinnar og öðrum óefnislegum eignum:

a) hvort nýtingartími óefnislegrar eignar er takmarkaður eða ótakmarkaður og, ef hann er takmarkaður, nýtingartíma eða afskriftahlutföllum sem eru notuð,

b) afskriftaaðferðirnar sem notaðar eru á óefnislegar eignir með takmarkaðan nýtingartíma,

c) vergt, bókfært verð og uppsafnaðar afskriftir (samanlagt með uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum) við upphaf og lok tímabilsins,

d) lið eða liði í yfirliti um heildarafkomu þar sem afskriftir óefnislegra eigna eru innifaldar,

e) afstemmingu á bókfærðu verði við upphaf og lok tímabilsins sem sýnir:

i. viðbótareignir, þar sem sýndar eru aðgreindar þær sem verða til við innri þróun, þær sem aflað er sérstaklega og þær sem aflað er við sameiningu fyrirtækja,

ii. eignir, sem eru flokkaðar sem haldið til sölu eða eru í ráðstöfunarflokki sem er flokkaður sem haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5, og aðrar ráðstafanir,

iii. hækkanir eða lækkanir á tímabilinu sem má rekja til endurmats skv. 75., 85. og 86. lið og til virðisrýrnunartaps sem er fært eða bakfært í aðra heildarafkomu í samræmi við IAS-staðal 36 (ef við á),

iv. virðisrýrnunartöp, sem eru færð í rekstrarreikning á tímabilinu í samræmi við IAS-staðal 36 (ef við á),

v. virðisrýrnunartöp, sem eru bakfærð í rekstrarreikning á tímabilinu í samræmi við IAS-staðal 36 (ef við á),

vi. afskriftir óefnislegra eigna, sem eru færðar á tímabilinu,

vii. hreinan gengismun, sem stafar af umreikningi á reikningsskilunum yfir í framsetningargjaldmiðilinn og umreikningi á erlendum rekstri yfir í framsetningargjaldmiðil einingarinnar, og

viii. aðrar breytingar á bókfærðu verði á tímabilinu.

119 Flokkur óefnislegra eigna er safn eigna sem eru sambærilegar að gerð og notkun í rekstri einingar. Dæmi um aðgreinda flokka geta m.a. verið:

a) vöruheiti,

b) dagblaðshausar og útgáfutitlar,

c) tölvuhugbúnaður,

d) leyfi og sérleyfi,

e) höfundarréttur, einkaleyfi og annar eignarréttur í iðnaði, þjónustu- og rekstrarréttur,

f) uppskriftir, formúlur, líkön, hönnun og frumgerðir og

g) óefnislegar eignir í þróun.

Framangreindum flokkum skal skipt niður (eða safnað saman) í smærri (stærri) flokka ef það leiðir til þess að upplýsingarnar fá meira vægi fyrir notendur reikningsskilanna.

120 Eining birtir upplýsingar um óefnislegar eignir sem hafa orðið fyrir virðisrýrnun í samræmi við IAS-staðli 36 auk upplýsinganna sem gerð er krafa um í iii. til v. lið e-liðar 118. liðar.

121 Í IAS-staðli 8 er gerð krafa um að eining greini frá eðli og fjárhæð breytingar á reikningshaldslegu mati sem hefur veruleg áhrif á yfirstandandi tímabili eða vænst er að hafi veruleg áhrif á síðari tímabilum. Slíkar upplýsingar geta verið afleiðingar af breytingum á:

a) mati á nýtingartíma óefnislegrar eignar,

b) afskriftaaðferðum eða

c) hrakvirði.

122 Eining skal birta upplýsingar um:

a) fyrir óefnislega eign, sem er metin með ótakmarkaðan nýtingartíma, bókfært verð þeirrar eignar og ástæður sem styðja mat á nýtingartíma sem ótakmörkuðum. Þegar einingin tilgreinir þessar ástæður skal hún lýsa þeim þætti eða þáttum sem gegndu mikilvægu hlutverki þegar ákvarðað var að eignin hefði ótakmarkaðan nýtingartíma,

b) lýsingu, bókfært verð og eftirstöðvar afskriftatímabils sérhverrar óefnislegrar eignar, sem skiptir máli fyrir reikningsskil einingarinnar,

c) að því er varðar óefnislegar eignir sem einingin eignast með opinberum styrk og eru upphaflega færðar á gangvirði (sjá 44. lið):

i. upphaflega fært gangvirði þessara eigna,

ii. bókfært verð þeirra og

iii. hvort þær eru metnar eftir færslu samkvæmt kostnaðarverðslíkaninu eða endurmatslíkaninu,

d) hvort um er að ræða óefnislegar eignir með takmörkuðum eignarrétti og bókfært verð þeirra og bókfært verð óefnislegra eigna sem eru veðsettar til tryggingar á skuldum,

e) fjárhæð samningsbundinna skuldbindinga vegna kaupa á óefnislegum eignum.

123 Þegar eining lýsir þeim þætti eða þáttum, sem gegndu mikilvægu hlutverki við ákvörðun um ótakmarkaðan nýtingartíma óefnislegrar eignar, skoðar einingin þá þætti sem eru tilgreindir í 90. lið.

Óefnislegar eignir metnar eftir færslu með því að nota endurmatslíkanið

124 Ef óefnislegar eignir eru færðar í endurmetnum fjárhæðum skal eining birta upplýsingar um eftirfarandi:

a) eftir flokki óefnislegra eigna:

i. gildistökudegi endurmatsins,

ii. bókfærðu verði endurmetnu, óefnislegu eignanna og

iii. bókfærðu verði sem hefði verið fært ef endurmetinn flokkur óefnislegra eigna hefði verið metinn eftir færslu með því að nota kostnaðarverðslíkanið í 74. lið, og

b) fjárhæð endurmatsreikningsins, sem tengist óefnislegu eignunum við upphaf og lok tímabilsins, er sýnir breytingarnar á tímabilinu og allar takmarkanir á greiðslu af honum til hluthafa.

c) [felldur brott]

125 Nauðsynlegt getur verið að sameina flokka endurmetinna eigna í stærri flokka í upplýsingaskyni. Flokkar eru þó ekki lagðir saman ef það gæti leitt til þess að myndaður yrði flokkur óefnislegra eigna með fjárhæðum, sem metnar eru bæði samkvæmt kostnaðarverðslíkaninu og endurmatslíkaninu.

Rannsóknar- og þróunarkostnaður

126 Eining skal greina frá uppsafnaðri fjárhæð rannsóknar- og þróunarkostnaðar sem er gjaldfærð á tímabilinu.

127 Til rannsóknar- og þróunarkostnaðar teljast öll útgjöld sem unnt er að rekja beint til rannsóknar- og þróunarstarfsemi (sjá leiðbeiningar í 66. og 67. lið um það hvers konar útgjöld skuli telja með til að uppfylla kröfur um upplýsingagjöf í 126. lið).

Aðrar upplýsingar

128 Eining er hvött til, en þess ekki krafist af henni, að birta eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á öllum fullafskrifuðum, óefnislegum eignum, sem eru enn í notkun og

b) stutta lýsingu á mikilvægum, óefnislegum eignum sem einingin hefur yfirráð yfir en hefur ekki fært sem eignir vegna þess að þær uppfylla ekki færsluskilyrði samkvæmt þessum staðli eða vegna þess að þær voru yfirteknar eða mynduðust áður en útgáfa IAS-staðals 38, *óefnislegar eignir*, útg. 1998, tók gildi.

UMBREYTINGARÁKVÆÐI OG GILDISTÖKUDAGUR

129 [Felldur brott]

130 Eining skal beita þessum staðli:

a) við færslu óefnislegra eigna sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja og dagsetning samningsins er 31. mars 2004 eða síðar og

b) við færslu allra annarra óefnislegra eigna framvirkt frá upphafi fyrsta árlega tímabilsins sem hefst 31. mars 2004. Eining skal því ekki leiðrétta bókfært verð óefnislegu eignanna sem eru færðar á þeim degi. Einingin skal þó beita þessum staðli á þeim degi til að endurmeta nýtingartíma þess háttar óefnislegra eigna. Ef einingin breytir mati sínu á nýtingartíma eignar vegna þessarar breytingar á endurmatinu skal færa þá breytingu sem breytingu á reikningshaldslegu mati í samræmi við IAS-staðal 8.

130A Eining skal beita breytingunum í 2. lið vegna árlegra tímabila sem hefjast 1. janúar 2006 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 6 að því er varðar fyrra tímabil taka þessar breytingar gildi fyrir það fyrra tímabil.

130B Með IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess breyttust 85. og 86. liður og iii. liður e-liðar 118. liðar. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

130C Með IFRS-staðli 3 (endurskoðaður 2008) var 12., 33.–35., 68., 69., 94. og 130. lið breytt, 38. og 129. liður voru felldir brott og við bættist liður 115A. Með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum*, sem voru gefnar út í apríl 2009, var 36. og 37. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Af þeim sökum skal ekki leiðrétta fjárhæðir sem færðar eru vegna óefnislegra eigna og viðskiptavildar í fyrri sameiningu fyrirtækja. Ef eining beitir IFRS-staðli 3 (endurskoðaður 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil og einingin skal greina frá beitingunni.

130D Ákvæðum 69., 70 og 98. liðar var breytt og lið 69A bætt við með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* (IFRS) sem gefnar voru út í maí 2008. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

130E [Felldur brott]

130F IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, sem gefnir voru út í maí 2011 breyttu lið e-lið 3. liðar. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

130G Með IFRS-staðli 13, gefnum út í maí 2011, var 8., 33., 47., 50., 75., 78., 82., 84., 100. og 124. lið breytt, 39.–41. liður og liður 130E voru felldir brott. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

130H Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012*, sem voru gefnar út í desember 2013, var 80. lið breytt. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

130I Eining skal beita breytingunni, sem gerð er með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012*, við allt endurmat sem fært er á árleg tímabil sem hefjast á degi upphafsbeitingar þessarar breytingar eða eftir hann og á það næstliðið árlegt tímabil. Eining getur einnig sett fram aðlagaðar samanburðarupplýsingar fyrir tímabil sem sett eru fram en ekki er gerð krafa um að hún geri það. Leggi eining fram óleiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil skal hún auðkenna óleiðréttu upplýsingarnar með skýrum hætti, tilgreina að þær hafi verið lagðar fram á öðrum grundvelli og gera grein fyrir þeim grundvelli.

130J Með *Nánari útlistun á samþykktum aðferðum við afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna* (breytingar á IAS-staðli 16 og IAS-staðli 38), sem útgefnum í maí 2014, var 92. og 98. lið breytt og liðir 98A og 98C bættust við. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

130 K Í IFRS-staðli 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, gefinn út í maí 2014, var 3., 114. og 116. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

130L Í IFRS-staðli 16, gefinn út í janúar 2016, var 3., 6., 113. og 114. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

130M Í IFRS-staðli 17, gefinn út í maí 2017, var 3. lið breytt. Með *Breytingar á IFRS-staðli 17*, gefnar út í júní 2020, var 3. lið breytt frekar. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 17.

Skipti á sambærilegum eignum

131 Krafan í 129. lið og b-lið 130. liðar um að beita þessum staðli afturvirkt merkir að einingin endurgerir ekki bókfært verð eignarinnar, sem tekið er við, til að endurspegla gangvirði hennar á yfirtökudegi, ef skipti á eignum voru metin fyrir gildistökudag þessa staðals á grundvelli bókfærðs verðs eignarinnar sem látin er af hendi.

Fyrri beiting

132 Einingar, sem 130. liður gildir um, eru hvattar til að beita kröfum þessa staðals fyrir gildistökudagana sem tilgreindir eru í 130. lið. Ef eining beitir á hinn bóginn kröfum þessa staðals fyrir gildistökudagana skal hún einnig beita IFRS-staðli 3 og IAS-staðli 36 (eftir endurskoðun 2004) samhliða.

AFTURKÖLLUN IAS-STAÐALS 38 (ÚTG. 1998)

133 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 38, *óefnislegar eignir* (útg. 1998).

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 39 (IAS-staðall 39)

Fjármálagerningar: Færsla og mat

GILDISSVIÐ

2 **Allar einingar skulu beita þessum staðli gagnvart öllum fjármálagerningum innan gildissviðs IFRS-staðals 9, *fjármálagerningar*, og að því marki sem:**

a) IFRS-staðall 9 heimilar að kröfum um áhættuvarnarreikningsskil í þessum staðli sé beitt og

b) fjármálagerningurinn sé hluti af áhættuvarnartengslum sem uppfylla skilyrði um áhættuvarnar-reikningsskil í samræmi við þennan staðal.

2A–7 [Felldur brott]

SKILGREININGAR

8 Hugtökin, sem skilgreind eru í IFRS-staðli 13, IFRS-staðli 9 og IAS-staðli 32, eru notuð í þessum staðli í þeirri merkingu sem er tilgreind í viðbæti A í IFRS-staðli 13, viðbæti A í IFRS-staðli 9 og 11. lið IAS-staðals 32. Í IFRS-staðli 13, IFRS-staðli 9 og IAS-staðli 32 eru eftirfarandi hugtök skilgreind:

— afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar

— afskráning

— afleiða

— aðferð virkra vaxta

— virkir vextir

— eiginfjárgerningur

— gangvirði

— fjáreign

— fjármálagerningur

— fjárskuld

og leiðbeiningar veittar um beitingu þessara skilgreininga.

9 **Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:**

Skilgreiningar í tengslum við áhættuvarnarreikningsskil

Föst skuldbinding **er bindandi samningur um viðskipti með tilgreint magn verðmæta á tilgreindu verði á tilgreindum degi eða tilgreindum dögum í framtíðinni.**

Áætluð framtíðarviðskipti **eru viðskipti sem er vænst en fyrirtækið hefur ekki skuldbundið sig til.**

Áhættuvarnargerningur **er tilgreind afleiða eða (einungis sem áhættuvörn gegn breytingum á gengi erlendra gjaldmiðla) tiltekin, óafleidd fjáreign eða óafleidd fjárskuld þegar vænst er að gangvirði eða sjóðstreymi hennar jafni út breytingar á gangvirði eða sjóðstreymi tiltekins, varins liðar (í 72.–77. lið og liðum AG94–AG97 í viðbæti A er ítarlega gerð grein fyrir skilgreiningu á áhættuvarnargerningi).**

Áhættuvarinn liður **er eign, skuld, föst skuldbinding, afar líkleg, áætluð framtíðarviðskipti eða hrein fjárfesting í erlendum rekstri sem a) hefur í för með sér áhættu fyrir eininguna vegna breytinga á gangvirði eða framtíðarsjóðstreymi og b) er tilgreindur sem varinn (í 78.–84. lið og liðum AG98–AG101 í viðbæti A er gerð ítarlega grein fyrir skilgreiningu á áhættuvörðum liðum).**

Skilvirkni áhættuvarnar **kemur fram í því að hve miklu leyti breytingar á gangvirði eða sjóðstreymi, sem snerta varinn lið og rekja má til áhættu sem varið er gegn, eru jafnaðar út með breytingum á gangvirði eða sjóðstreymi áhættuvarnargerningsins (sjá liði AG105–AG113A í viðbæti A).**

10–70 [Felldur brott]

ÁHÆTTUVÖRN

71 **Ef eining beitir IFRS-staðli 9 og hefur ekki valið sem reikningsskilaaðferð sína að halda áfram að beita kröfum þessa staðals varðandi áhættuvarnarreikningsskil (sjá lið 7.2.21 í IFRS-staðli 9) skal hún beita kröfum 6. kafla í IFRS-staðli 9 varðandi áhættuvarnarreikningsskil. Eining getur þó, vegna gangvirðisvarnar vaxtaáhættu hluta af safni fjáreigna eða fjárskulda, í samræmi við lið 6.1.3 í IFRS-staðli 9, beitt kröfum þessa staðals í stað krafna í IFRS-staðli 9 að því er varðar áhættuvarnarreikningsskil. Í því tilviki verður einingin einnig að beita sértæku kröfunum að því er varðar áhættuvarnarreikningsskil á gangvirði fyrir safnvörn vegna vaxtaáhættu (sjá liði 81A, 89A og AG114–AG132).**

Áhættuvarnargerningar

Gerningar sem teljast áhættuvarnargerningar

72 Staðall þessi hefur ekki í för með sér takmarkanir á aðstæðum þar sem hægt er að tilgreina afleiðu sem áhættuvarnargerning, að uppfylltum skilyrðunum í 88. lið, nema í nokkrum útgefnum valréttum (sjá lið AG94 í viðbæti A). Óafleidda fjáreign eða óafleidda fjárskuld er þó einungis hægt að tilgreina sem áhættuvarnargerning ef um er að ræða vörn vegna gjaldmiðlaáhættu.

73 Í áhættuvarnarreikningsskilum er aðeins hægt að tilgreina gerninga sem taka til aðila utan einingarinnar sem reikningsskilin taka til (þ.e. utan samstæðunnar eða einstakrar einingar sem reikningsskilin taka til) sem áhættuvarnargerninga. Þó að einstakar einingar innan samstæðu eða deildir innan einingar geti tekið þátt í áhættuvarnarviðskiptum annarra eininga innan samstæðunnar eða deilda innan einingarinnar eru öll slík viðskipti innan samstæðu felld brott úr samstæðureikningsskilum. Þess vegna uppfylla slík áhættuvarnarviðskipti ekki skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil í samstæðureikningsskilum samstæðunnar. Þau geta á hinn bóginn uppfyllt skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil einstakra eininga eða aðgreind reikningsskil einstakra eininga innan samstæðunnar, að því tilskildu að þau fari fram utan einstakra eininga sem reikningsskilin taka til.

Tilgreining áhættuvarnargerninga

74 Venjulega er eitt gangvirði metið fyrir áhættuvarnargerning í heild og þættirnir, sem valda breytingum á gangvirði, eru innbyrðis háðir. Eining tilgreinir þannig áhættuvarnartengsl fyrir áhættuvarnargerning í heild. Einu leyfilegu undantekningarnar eru:

a) að aðgreina innra virði og tímavirði valréttarsamnings og tilgreina aðeins breytingar á innra virði valréttar samningsins sem áhættuvarnargerning en ekki breytingar á tímavirði hans og

b) að aðgreina vaxtaþáttinn og stundargengi framvirks samnings.

Þessar undantekningar eru leyfðar vegna þess að yfirleitt er hægt að meta hvort í sínu lagi innra virði valréttarins og yfirverð framvirks samnings. Öflug áhættuvarnaráætlun, sem tekur bæði til innra virðis og tímavirðis valréttarsamnings, getur uppfyllt skilyrði fyrir áhættuvarnarreikningsskilum.

75 Hægt er að tilgreina hlutfall af áhættuvarnargerningnum í heild sinni, t.d. 50% af grundvallarfjárhæðinni, sem áhættuvarnargerning í áhættuvarnartengslum. Ekki er þó hægt að tilgreina áhættuvarnartengsl aðeins fyrir hluta tímabilsins sem áhættuvarnargerningurinn er útistandandi.

76 Tilgreina má einn áhættuvarnargerning sem áhættuvörn fyrir áhættu af fleiri en einum toga, að því tilskildu a) að unnt sé að tilgreina greinilega áhættuna, sem varið er gegn, b) að unnt sé að sýna fram á árangur af áhættuvörninni og c) að unnt sé að tryggja að áhættuvarnargerningurinn sé tilgreindur sérstaklega fyrir mismunandi áhættustöður.

77 Líta má á tvær eða fleiri afleiður, eða hluta þeirra (eða, þegar um er að ræða vörn vegna gjaldmiðlaáhættu, tvo eða fleiri gerninga sem ekki eru afleiður eða hluta þeirra, eða samsetningu afleiðna og ekki afleiðna eða hluta þeirra) í samsetningum og tilgreina sameiginlega sem áhættuvarnargerninginn, einnig þegar áhætta vegna nokkurra afleiðna jafnar út áhættu vegna annarra afleiðna. Vaxtakragi, eða annar afleiðugerningur sem sameinar útgefinn valrétt og keyptan valrétt, uppfyllir ekki skilyrði fyrir áhættuvarnargerningi ef hann er í reynd hreinn, útgefinn valréttur (þ.e. fyrir hann fæst hreint yfirverð). Eins má aðeins tilgreina tvo eða fleiri gerninga (eða hluta þeirra) sem áhættuvarnargerninga ef einn þeirra er útgefinn valréttur eða hreinn, útgefinn valréttur.

Áhættuvarðir liðir

Liðir sem teljast varðir fyrir áhættu

78 Hægt er að færa áhættuvarinn lið sem eign eða skuld, ófærða, fasta skuldbindingu, afar líkleg, áætluð framtíðarviðskipti eða hreina fjárfestingu í erlendum rekstri. Áhættuvarði liðurinn getur verið a) ein eign, skuld, ein föst skuldbinding, ein afar líkleg, áætluð framtíðarviðskipti eða hrein fjárfesting í erlendum rekstri, b) flokkur eigna, skulda, fastra skuldbindinga, afar líklegra, áætlaðra framtíðarviðskipta eða hreinna fjárfestinga í erlendum rekstri með sambærilegum áhættueinkennum eða c) í safnvörn vegna vaxtaáhættu eingöngu, hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda sem sameiginlega bera áhættuna sem varið er gegn.

79 [Felldur brott]

80 Í áhættuvarnarreikningsskilum er aðeins hægt að tilgreina eignir, skuldir, fastar skuldbindingar eða afar líkleg, áætluð framtíðarviðskipti, sem varða aðila utan einingarinnar, sem áhættuvarða liði. Af þeim sökum má aðeins nota áhættuvarnarreikningsskil þegar um er að ræða viðskipti milli eininga innan sömu samstæðu í sérstökum eða aðgreindum reikningsskilum þessara eininga en ekki í samstæðureikningsskilum samstæðunnar, nema í samstæðureikningsskilum fjárfestingareiningar, eins og skilgreint er í IFRS-staðli 10, þar sem viðskipti milli fjárfestingareiningar og dótturfélaga hennar sem eru færð á gangvirði í rekstrarreikningi eru ekki felld út við gerð samstæðureikningsskilanna. Undantekning frá því er að gjaldmiðlaáhætta, sem varðar peningalið innan samstæðu (t.d. innbyrðis viðskiptaskuldir/viðskiptakröfur tveggja dótturfélaga), getur talist til áhættuvarinna liða í samstæðureikningsskilum ef hún leiðir til óvarinnar stöðu að því er varðar gengishagnað eða -tap sem ekki er að fullu eytt með samstæðureikningsskilum í samræmi við IAS-staðli 21, *áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla*. Í samræmi við IAS-staðal 21 er gengishagnaði eða -tapi á erlendum gjaldmiðlum að því er varðar peningalið innan samstæðu ekki að fullu eytt með samstæðureikningsskilum þegar peningaliðurinn felst í viðskiptum með hann milli tveggja eininga innan samstæðunnar sem hafa mismunandi starfrækslugjaldmiðla. Auk þess má telja að gjaldmiðlaáhætta í afar líklegum, áætluðum framtíðarviðskiptum innan samstæðu uppfylli skilyrði áhættuvarins liðar í samstæðureikningsskilum, að því tilskildu að viðskiptin séu tilgreind í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli einingarinnar, sem ætlar að eiga slík viðskipti og að gjaldmiðlaáhættan hafi áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar.

Tilgreining fjárhagsliða sem áhættuvarða liði

81 Ef áhættuvarði liðurinn er fjáreign eða fjárskuld getur hann verið varinn liður að því er varðar áhættu í tengslum við hluta sjóðstreymis frá liðnum eða gangvirðis hans (s.s. valið samningsbundið sjóðstreymi frá einum eða fleiri liðum, hlutar þess eða hlutfall gangvirðisins), að því tilskildu að unnt sé að mæla árangurinn. Sem dæmi getur skilgreinanlegur og sérmetanlegur hluti vaxtaáhættu vegna vaxtaberandi eignar eða vaxtaberandi skuldar verið tilgreindur sem áhættan sem varið er gegn (s.s. áhættulausir vextir eða viðmiðunarþáttur vaxta í heildar-vaxtaáhættu áhættuvarins fjármálagernings).

81A Í gangvirðisvörn vegna vaxtaáhættu safns fjáreigna eða fjárskulda (og einungis í þess háttar áhættuvörn) getur sá hluti, sem er varinn, verið tilgreindur sem fjárhæð í gjaldmiðli (t.d. fjárhæð í dölum, evrum, pundum eða rand) fremur en sem einstakar eignir (eða skuldir). Enda þótt safnið geti, í tilgangi áhættustýringar, falið í sér eignir og skuldir er fjárhæðin tilgreind sem fjárhæð eigna eða skulda. Ekki er leyfilegt að tilgreina nettófjárhæð að meðtöldum eignum og skuldum. Einingin getur varið hluta vaxtaáhættu sem tengist þessari tilgreindu fjárhæð. Þegar um er að ræða vörn vegna safns sem hefur að geyma fyrirframgreiddar eignir getur einingin t.d. varið breytingar á gangvirði, sem rekja má til breytingar á varinni vaxtaáhættu, miðað við væntanlega, fremur en samningsbundna, endurákvörðunardaga vaxtakjara. […].

Tilgreining ófjárhagslegra liða sem áhættuvarða liði

82 Ef áhættuvarði liðurinn er ófjárhagsleg eign eða ófjárhagsleg skuld skal tilgreina hann sem áhættuvarinn lið a) vegna gjaldmiðlaáhættu eða b) í heild vegna allrar áhættu vegna erfiðleika við að einangra og meta viðeigandi hluta sjóðstreymisins eða gangvirðisbreytinga sem rekja má til tiltekinnar áhættu annarrar en gjaldmiðlaáhættu.

Tilgreining flokka liða sem áhættuvarða liði

83 Sambærilegum eignum eða sambærilegum skuldum skal einungis safna saman og verja gegn áhættu sem flokk ef áhætta einstakra eigna eða einstakra skulda í flokknum er sameiginleg með tilliti til áhættunnar sem tilgreint er að verið sé að verjast. Enn fremur er þess vænst að breytingar á gangvirði, sem rekja má til vörðu áhættunnar vegna hvers einstaks liðar í flokknum, séu því sem næst í réttu hlutfalli við heildarbreytingu á gangvirði sem rekja má til vörðu áhættunnar vegna flokks liðanna.

84 Vegna þess að eining metur áhrif áhættuvarnar með því að bera saman breytinguna á gangvirði eða sjóðstreymi áhættuvarnargernings (eða flokks sambærilegra áhættuvarnargerninga) við áhættuvarða liðinn (eða flokk sambærilegra, áhættuvarinna liða), uppfyllir það, að bera áhættuvarnargerning saman við hreina heildarstöðu (t.d. allar hreinar eignir og skuldir með föstum vöxtum og sambærilega gjalddaga) fremur en saman við tiltekinn, áhættuvarinn lið, ekki skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil.

Áhættuvarnarreikningsskil

85 Jöfnunaráhrif af breytingum á gangvirði áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins koma fram í rekstrarreikningi áhættuvarnarreikningsskila.

86 Áhættuvarnartengsl eru þrenns konar:

a) *gangvirðisvörn*: áhættuvörn gegn breytingum á gangvirði færðrar eignar eða skuldar eða ófærðrar, fastrar skuldbindingar, eða skilgreindur hluti slíkrar eignar, skuldar eða fastrar skuldbindingar, sem rekja má til sérstakrar áhættu og gæti haft áhrif á rekstrarafkomu einingarinnar,

b) *sjóðstreymisvörn*: vörn gegn breytingum á sjóðstreymi sem i) má rekja til sérstakrar áhættu í tengslum við færða eign eða skuld (s.s. allar eða nokkrar framtíðarvaxtagreiðslur á breytilegum vöxtum) eða afar líklegra, áætlaðra framtíðarviðskipta og ii) gæti haft áhrif á rekstrarafkomu einingarinnar,

c) *vörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri* eins og skilgreint er í IAS-staðli 21.

87 Áhættuvörn vegna gjaldmiðlaáhættu í fastri skuldbindingu má færa sem gangvirðisvörn eða sem sjóðstreym isvörn.

88 Áhættuvarnartengsl uppfylla skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil skv. 89.–102. lið þá og því aðeins að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) þegar áhættuvörnin er tekin upp eru áhættuvarnartengsl hennar formlega tilgreind og birt gögn um þau ásamt markmiðum og áætlun einingarinnar vegna áhættuvarnarinnar. Í þessum gögnum skal vera skilgreining á áhættuvarnargerningnum, liðnum eða viðskiptunum sem áhættuvörnin tekur til, eðli áhættunnar, sem varið er gegn, og hvernig einingin muni meta áhrif áhættuvarnargerningsins við að jafna út áhættu vegna breytinga á gangvirði varða liðarins eða sjóðstreymisins sem rekja má til áhættunnar sem varið er gegn,

b) þess er vænst að áhættuvörnin sé afar skilvirk (sjá liði AG105–AG113A í viðbæti A) við að jafna út breytingar á gangvirði eða sjóðstreymi, sem rekja má til áhættunnar sem varið er gegn, í samræmi við upphafleg gögn um áhættustýringaráætlun fyrir þessi tilteknu áhættuvarnartengsl,

c) þegar sjóðstreymi er varið gegn áhættu verða áætluð framtíðarviðskipti, sem eru afar líkleg og eru viðfang áhættuvarnarinnar, að vera áhættusöm vegna breytinga á sjóðstreymi sem gætu að lokum haft áhrif á rekstrarafkomu einingarinnar,

d) unnt er að meta skilvirkni áhættuvarnarinnar með áreiðanlegum hætti, þ.e. unnt er að meta með áreiðanlegum hætti gangvirði eða sjóðstreymi varða liðarins, sem rekja má til áhættunnar sem varið er gegn, og gangvirði áhættuvarnargerningsins.

e) reglulegt mat fer fram á vörninni og hefur hún í reynd verið mjög skilvirk þau reikningsskilatímabil sem áhættuvörnin var tilgreind fyrir.

Gangvirðisvarnir

89 Ef gangvirðisvörn uppfyllir skilyrðin í 88. lið á tímabilinu skal færa hana á eftirfarandi hátt:

a) ágóði eða tap vegna endurmats á áhættuvarnargerningi á gangvirði (vegna afleidds áhættuvarn-argernings) eða þáttur erlendra gjaldmiðla í bókfærðu verði, sem metið er í samræmi við IAS-staðal 21 (vegna áhættuvarnargernings sem ekki er afleiða), skal fært í rekstrarreikning, og

b) hagnaðurinn eða tapið af varða liðnum, sem rekja má til áhættunnar sem varið er gegn, skal leiðrétta bókfært verð varða liðarins og færa í rekstrarreikning. Þetta gildir ef varði liðurinn er að öðru leyti metinn á kostnaðarverði. Færsla hagnaðar eða taps sem rekja má til áhættu sem varið er gegn í rekstrarreikningi á við ef áhættuvarði liðurinn er fjáreign sem er metin á gangvirði í gegnum heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2 A í IFRS-staðli 9.

89A Í gangvirðisvörn vegna vaxtaáhættu, sem tekur til hluta safns fjáreigna eða fjárskulda (og einungis í slíkri áhættuvörn), er hægt að fara að kröfunni í b-lið 89. liðar með því að setja fram ágóðann eða tapið, sem rekja má til varða liðarins, annaðhvort:

a) í einni sérlínu meðal eigna fyrir þau endurákvörðunarvaxtatímabil þegar varði liðurinn er eign eða

b) í einni sérlínu meðal skulda fyrir þau endurákvörðunarvaxtatímabil þegar varði liðurinn er skuld.

Sérlínurnar, sem um getur í a- og b-lið hér að ofan, skulu settar fram við hlið fjáreigna eða fjárskulda. Fjárhæðir í þessum sérlínum skal fjarlægja úr efnahagsreikningi þegar eignirnar eða skuldirnar, sem þær eiga við, eru afskráðar.

90 Ef einungis er varið gegn sérstakri áhættu, sem rekja má til áhættuvarinna liða, skal færa breytingar á gangvirði áhættuvörðu liðanna, sem eru ótengdar áhættu sem varið er gegn, eins og fram kemur í lið 5.7.1 í IFRS-staðli 9.

91 Eining skal hætta framvirkt þeim áhættuvarnarreikningsskilum, sem tilgreind eru í 89. lið, ef:

a) áhættuvarnargerningurinn rennur út eða er seldur, honum er slitið eða hann er nýttur. Þegar áhættuvarnargerningur er endurnýjaður eða framlengdur með öðrum áhættuvarnargerningi telst hann í þessu tilviki ekki renna út eða vera slitið ef slík skipti eða endurnýjun er hluti af staðfestri áhættuvarnaráætlun einingarinnar. Til viðbótar við þetta rennur áhættuvarnargerningur hvorki út né er slitið ef:

i. aðilar að áhættuvarnargerningnum koma sér saman um, vegna laga eða reglugerða eða innleiðingar á lögum eða reglugerðum, að einn eða fleiri mótaðilar komi í stað upphaflegs mótaðila þeirra og verði nýr mótaðili sérhvers aðila. Hvað þetta varðar er greiðslujöfnunarmótaðili miðlægur mótaðili (stundum kallaður „greiðslujöfnunarfyrirtæki“ eða „greiðslujöfnunarstofnun“) eða eining eða einingar, t.d. greiðslujöfnunaraðili greiðslujöfnunarfyrirtækis eða viðskiptavinur greiðslujöfnunaraðila eða greiðslujöfnunarfyrirtækis, sem kemur fram sem mótaðili við framkvæmd greiðslujöfnunar miðlægs mótaðila. Ef aðilarnir að áhættuvarnargerningnum skipta út upphaflegum mótaðilum sínum fyrir aðra mótaðila skal þessi liður þó aðeins gilda ef hver þessara aðila framkvæmir greiðslujöfnun hjá sama miðlæga mótaðila,

ii. aðrar breytingar, ef einhverjar eru, á áhættuvarnargerningnum takmarkast við þær sem eru nauðsynlegar til að framkvæma slík skipti á mótaðila. Slíkar breytingar takmarkast við þær sem eru í samræmi við skilmálana sem vænst er ef áhættuvarnargerningurinn væri upphaflega greiðslujafnaður hjá greiðslujöfnunarmótaðilanum. Þessar breytingar eru m.a. breytingar á kröfum um tryggingar, réttindum til að skuldajafna viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir og á álögðum gjöldum,

b) áhættuvörnin uppfyllir ekki lengur skilyrðin um áhættuvarnarreikningsskil í 88. lið eða

c) einingin afturkallar tilgreininguna.

92 Leiðréttingar, sem rekja má til b-liðar 89. liðar, á bókfærðu verði varins fjármálagernings, sem aðferð virkra vaxta er beitt á (eða, þegar um er að ræða safnvörn vegna vaxtaáhættu, á sérlínu í efnahagsreikningi, sem lýst er í lið 89A) skal afskrifa í rekstrarreikningi. Hefja má afskriftir jafnskjótt og leiðrétting hefur verið gerð og skal hefja þær eigi síðar en þegar hætt er að leiðrétta varða liðinn vegna breytinga á gangvirði hans sem rekja má til áhættunnar sem varið er gegn. Leiðréttingin miðast við endurreiknaða virka vexti daginn sem afskriftirnar hefjast. Aftur á móti ef, þegar um er að ræða gangvirðisvörn vegna vaxtaáhættu sem tekur til safns fjáreigna eða fjárskulda (og einungis í þess háttar áhættuvörn), ekki er gerlegt að afskrifa með því að nota endurreiknaða virka vexti, skal leiðréttingin afskrifuð með beinlínuaðferðinni. Leiðréttingin skal afskrifuð að fullu á gjalddaga fjármálagerningsins eða, þegar um er að ræða safnvörn vegna vaxtaáhættu, þegar viðkomandi endurákvörðunarvaxtatímabil rennur út.

93 Þegar ófærð, föst skuldbinding er tilgreind sem varinn liður eru síðari uppsafnaðar breytingar á gangvirði þessarar föstu skuldbindingar, sem rekja má til vörðu áhættunnar, færðar sem eign eða skuld og tilsvarandi ágóði eða tap er fært í rekstrarreikning (sjá b-lið 89. liðar). Breytingarnar á gangvirði áhættuvarnargerningsins eru einnig færðar í rekstrarreikning.

94 Þegar eining stofnar til fastrar skuldbindingar um að kaupa eign eða taka á sig skuld, sem er varinn liður í gangvirðisvörn, er upphaflegt bókfært verð eignarinnar eða skuldarinnar, sem fært er þegar einingin stendur við föstu skuldbindinguna, leiðrétt þannig að það taki til uppsafnaðrar breytingar á gangvirði föstu skuldbindingarinnar sem rekja má til áhættunnar sem varið er gegn og færð var í efnahagsreikninginn.

Sjóðstreymisvarnir

95 Ef sjóðstreymisvörn uppfyllir skilyrðin í 88. lið á tímabilinu skal færa hana á eftirfarandi hátt:

a) sá hluti ágóðans eða tapsins af áhættuvarnargerningnum, sem er ákvarðaður sem skilvirk áhættuvörn (sjá 88. lið), skal færður í aðra heildarafkomu og

b) óskilvirkur hluti ágóða eða taps af áhættuvarnargerningnum skal færður í rekstrarreikning.

96 Nánar tiltekið er sjóðstreymisvörn færð á eftirfarandi hátt:

a) sá aðgreindi þáttur meðal eigin fjár sem tengist varða liðnum er leiðréttur miðað við það sem lægra er af eftirfarandi (í hreinum fjárhæðum):

i. uppsafnaður hagnaður eða tap af áhættuvarnargerningnum frá því að vörnin tók gildi og

ii. uppsöfnuð breyting á gangvirði (núvirði) væntanlegs framtíðarsjóðstreymis áhættuvarða liðarins frá því vörnin tók gildi,

b) eftirstandandi ágóði eða tap af áhættuvarnargerningnum eða tilgreindum þætti hans (sem er ekki skilvirk áhættuvörn) er fært í rekstrarreikning og

c) ef skjalfest áhættustýringaráætlun einingar vegna sérstakra áhættuvarnartengsla útilokar tiltekinn þátt hagnaðarins eða tapsins eða tengds sjóðstreymis áhættuvarnargerningsins frá matinu á skilvirkni áhættuvarnar (sjá 74. og 75. lið og a-lið 88. liðar) er þátturinn, sem er útilokaður úr hagnaði eða tapi, færður í samræmi við lið 5.7.1 í IFRS-staðli 9.

97 Ef áhættuvörn vegna áætlaðra framtíðarviðskipta leiðir síðar til færslu fjáreignar eða fjárskuldar skal tengdur ágóði eða tap, sem var fært í aðra heildarafkomu í samræmi við 95. lið, endurflokkað úr eigin fé í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðrétting (sjá IAS-staðal 1 (endurskoðaður 2007)) á sama tímabili eða sömu tímabilum og áhættuvarið, áætlað framtíðarsjóðstreymi hefur áhrif á rekstrarreikning (s.s. á tímabilunum þegar vaxtatekjur eða vaxtagjöld eru færð). Ef eining væntir þess að allt tapið, sem fært er í aðra heildarafkomu, eða hluti þess, endurheimtist ekki á einu eða fleiri framtíðartímabilum skal hún þó endurflokka og færa í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu þá fjárhæð sem ekki er vænst að endurheimtist.

98 Ef áhættuvörn vegna áætlaðra framtíðarviðskipta leiðir síðar til færslu ófjárhagslegrar eignar eða ófjárhagslegrar skuldar eða áætluð framtíðarviðskipti vegna ófjárhagslegrar eignar eða ófjárhagslegrar skuldar verða að fastri skuldbindingu, sem áhættuvarnarreikningsskilum með gangvirðisvörn er beitt á, skal einingin annaðhvort beita a- eða b-lið hér fyrir neðan:

a) hún endurflokkar tengdan ágóða og tap, sem var fært í aðra heildarafkomu í samræmi við 95. lið, í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu (sjá IAS-staðal 1 (endurskoðaður 2007)) á sama tímabili eða sömu tímabilum og yfirtekna eignin eða skuldin hefur áhrif á rekstrarafkomu einingarinnar (s.s. á tímabilunum þegar færð eru afskriftagjöld eða sölukostnaður). Ef eining væntir þess að allt tapið, sem fært er í aðra heildarafkomu, eða hluti þess, endurheimtist ekki á einu eða fleiri framtíðartímabilum skal hún endurflokka úr eigin fé í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu þá fjárhæð sem ekki er vænst að endurheimtist.

b) hún fjarlægir tengdan ágóða og tap, sem var fært í annarri heildarafkomu í samræmi við 95. lið, og innifelur í upphaflegu kostnaðarverði eða öðru bókfærðu verði eignarinnar eða skuldarinnar.

99 **Eining skal taka upp annaðhvort a- eða b-lið í 98. lið sem reikningsskilaaðferð sína og skal beita henni með samræmdum hætti á allar áhættuvarnir sem 98. liður tekur til.**

100 **Að því er varðar sjóðstreymisvarnir, aðrar en þær sem fjallað er um í 97. og 98. lið, skal endurflokka fjárhæðir, sem hafa verið færðar í aðra heildarafkomu, úr eigin fé í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu (sjá IAS-staðal 1 (endurskoðaður 2007)) á sama tímabili eða sömu tímabilum og áætlaða, áhættuvarða sjóðstreymið hefur áhrif á rekstrarafkomu (t.d. þegar fyrirhuguð sala fer fram).**

101 **Þegar um er að ræða einhverjar af eftirfarandi aðstæðum skal eining hætta framvirkt þeim áhættureikningsskilum sem tilgreind eru í 95.–100. lið:**

a) áhættuvarnargerningurinn rennur út eða er seldur, honum er slitið eða hann er nýttur. Í því tilviki skal uppsafnaður ágóði eða tap af áhættuvarnargerningnum, sem hefur verið fært í aðra heildarafkomu frá því tímabili þegar vörnin var virk (sjá a-lið 95. liðar), áfram vera fært sérstaklega í eigin fé þar til áætluðu framtíðarviðskiptin fara fram. Þegar viðskiptin fara fram eiga 97., 98. og 100. liður við. Þegar áhættuvarnargerningur er endurnýjaður eða framlengdur með öðrum áhættuvarnargerningi telst hann, að því er varðar þennan undirlið, ekki renna út eða vera slitið ef slík skipti eða endurnýjun er hluti af staðfestri áhættuvarnaráætlun einingarinnar. Til viðbótar við þetta rennur áhættuvarnargerningur, að því er þennan lið varðar, hvorki út né er slitið ef:

i. aðilar að áhættuvarnargerningnum koma sér saman um, vegna laga eða reglugerða eða innleiðingar á lögum eða reglugerðum, að einn eða fleiri mótaðilar komi í stað upphaflegs mótaðila þeirra og verði nýr mótaðili sérhvers aðila. Hvað þetta varðar er greiðslujöfnunarmótaðili miðlægur mótaðili (stundum kallaður „greiðslujöfnunarfyrirtæki“ eða „greiðslujöfnunarstofnun“) eða eining eða einingar, t.d. greiðslujöfnunaraðili greiðslujöfnunarfyrirtækis eða viðskiptavinur greiðslujöfnunaraðila eða greiðslujöfnunarfyrirtækis, sem kemur fram sem mótaðili við framkvæmd greiðslujöfnunar miðlægs mótaðila. Ef aðilarnir að áhættuvarnargerningnum skipta út upphaflegum mótaðilum sínum fyrir aðra mótaðila skal þessi liður þó aðeins gilda ef hver þessara aðila framkvæmir greiðslujöfnun hjá sama miðlæga mótaðila,

ii. aðrar breytingar, ef einhverjar eru, á áhættuvarnargerningnum takmarkast við þær sem eru nauðsynlegar til að framkvæma slík skipti á mótaðila. Slíkar breytingar takmarkast við þær sem eru í samræmi við skilmálana sem vænst er ef áhættuvarnargerningurinn væri upphaflega greiðslujafnaður hjá greiðslujöfnunarmótaðilanum. Þessar breytingar eru m.a. breytingar á kröfum um tryggingar, réttindum til að skuldajafna viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir og á álögðum gjöldum,

b) áhættuvörnin uppfyllir ekki lengur skilyrðin um áhættuvarnarreikningsskil í 88. lið. Í því tilviki skal uppsafnaður ágóði eða uppsafnað tap af áhættuvarnargerningnum, sem hefur verið fært í aðra heildarafkomu frá því tímabili þegar vörnin var virk (sjá a-lið 95. liðar), áfram vera fært sérstaklega í eigin fé þar til áætluðu framtíðarviðskiptin fara fram. Þegar viðskiptin fara fram eiga 97., 98. og 100. liður við.

c) ekki er lengur vænst að áætluðu framtíðarviðskiptin fari fram, en í því tilviki skal sérhver tengdur uppsafnaður ágóði eða tap af áhættuvarnargerningnum sem fært var í aðra heildarafkomu frá því tímabili þegar vörnin var virk (sjá a-lið 95. liðar) endurflokkað úr eigin fé í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðrétting. Ennþá getur þess verið vænst að áætluð framtíðarviðskipti, sem eru ekki lengur afar líkleg (sjá c-lið 88. liðar), eigi sér stað,

d) einingin afturkallar tilgreininguna. Þegar um er að ræða varnir vegna áætlaðra framtíðarviðskipta skal halda áfram að færa sérstaklega í eigin fé þann uppsafnaða ágóða eða tap af áhættuvarnargerningnum sem hefur verið fært í aðra heildarafkomu frá því tímabili þegar vörnin var virk (sjá a-lið 95. liðar), þar til áætluðu framtíðarviðskiptin fara fram eða þess er ekki lengur vænst að þau fari fram. Þegar viðskiptin fara fram eiga 97., 98. og 100. liður við. Ef þess er ekki lengur vænst að viðskiptin fari fram skal uppsafnaði ágóðinn eða tapið sem hafði verið fært í aðra heildarafkomu endurflokkað úr eigin fé í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðrétting.

Áhættuvarnir hreinnar fjárfestingar

102 **Áhættuvarnir hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri, þ.m.t. varnir vegna peningaliðar sem er færður sem hluti hreinu fjárfestingarinnar (sjá IAS-staðal 21), skulu færðar með sambærilegum hætti og sjóðstreymisvarnir:**

a) sá hluti ágóðans eða tapsins af áhættuvarnargerningnum, sem er ákvarðaður sem skilvirk áhættuvörn (sjá 88. lið), skal færður í aðra heildarafkomu og

b) óskilvirki hlutinn skal færður í rekstrarreikning.

Ágóði eða tap af áhættuvarnargerningnum, sem tengist skilvirkum hluta áhættuvarnarinnar, sem hefur verið fært í aðra heildarafkomu, skal endurflokka úr eigin fé og færa í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu (sjá IAS-staðal 1 (endurskoðaður 2007)), í samræmi við 48.–49. lið í IAS-staðli 21, þegar erlenda rekstrinum eða hluta hans er ráðstafað.

Tímabundnar undanþágur frá beitingu sértækra krafna um áhættuvarnarreikningsskil

102A Eining skal beita liðum 102D–102N og 108G á áhættuvarnartengsl sem endurbætur á vaxtaviðmiðunum hafa bein áhrif á. Þessir liðir gilda eingöngu um slík áhættuvarnartengsl. Áhættuvarnartengsl verða aðeins fyrir beinum áhrifum af endurbótum á vaxtaviðmiðunum ef endurbæturnar leiða til óvissu um:

a) vaxtaviðmiðanir (tilgreindar í eða utan samninga) sem tilteknar eru sem áhætta sem varið er gegn og/eða

b) tímasetningu eða fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarins liðar eða áhættuvarnargernings sem byggir á vaxtaviðmiðun.

102B Við beitingu liða 102D–102N vísar hugtakið „endurbætur á vaxtaviðmiðunum“ til endurbóta á vaxtaviðmiðun á markaði, þ.m.t. að skipta vaxtaviðmiðun út fyrir aðra viðmiðunarvexti eins og þá sem leiða af tilmælunum sem sett eru fram í skýrslu ráðgjafarnefndarinnar um fjármálastöðugleika í júlí 2014 um „endurbætur á helstu vaxtaviðmiðunum“ ([26]).

([26]) Skýrslan „Endurbætur á helstu vaxtaviðmiðunum (e. Reforming Major Interest Rate Benchmarks)“ er tiltæk á http://www.fsb.org/wp-content/uploads/r_140722.pdf.

102C Í liðum 102D–102N eru aðeins veittar undanþágur frá kröfunum sem tilgreindar eru í þeim liðum. Eining skal áfram beita öllum kröfum um áhættuvarnarreikningsskil á áhættuvarnartengsl sem endurbætur á vaxtaviðmiðunum hafa bein áhrif á.

Krafa um „afar líkleg“ vegna sjóðstreymisvarna

102D Við beitingu kröfunnar í c-lið 88. liðar um að áætluð framtíðarviðskipti séu líkleg skal eining líta svo á að vaxtaviðmiðun, sem áhættuvarið sjóðstreymi (tilgreint í eða utan samninga) er byggt á, sé ekki breytt í kjölfar endurbóta á vaxtaviðmiðunum.

Endurflokkun uppsafnaðs hagnaðar eða taps sem fært er í aðra heildarafkomu

102E Við beitingu kröfunnar í c-lið 101. liðar til að ákvarða hvort áætluð framtíðarviðskipti séu ekki lengur líkleg skal eining líta svo á að vaxtaviðmiðun, sem áhættuvarið sjóðstreymi (tilgreint í eða utan samninga) er byggt á, sé ekki breytt í kjölfar endurbóta á vaxtaviðmiðunum.

Mat á skilvirkni

102F Við beitingu kröfunnar í b-lið 88. liðar og a-lið liðar AG105 skal eining líta svo á að vaxtaviðmiðun, sem áhættuvarið sjóðstreymi og/eða áhætta sem varið er gegn (tilgreind í eða utan samninga) er byggð á, eða vaxtaviðmiðun, sem sjóðstreymi í áhættuvarnargerningum er byggð á, sé ekki breytt í kjölfar endurbóta á vaxtaviðmiðunum.

102G Við beitingu kröfunnar í e-lið 88. liðar þarf eining ekki að leggja af áhættuvarnartengsl vegna þess að eiginlegar niðurstöður áhættuvarnarinnar uppfylla ekki kröfurnar í b-lið liðar AG105. Til að taka af allan vafa skal eining beita öðrum skilyrðum í 88. lið, þ.m.t. líkindamati í b-lið 88. liðar, til meta hvort leggja skuli áhættuvarnartengslin af.

Fjárhagsliðir tilgreindir sem áhættuvarðir liðir

102H Eining skal, nema þar sem liður 102I gildir, aðeins beita kröfunni í 81. lið og lið AG99F, um að tilgreinda hlutann skuli aðgreina sérstaklega, við upphaf áhættuvarnartengsla að því er varðar áhættuvarnir á viðmiðunarhluta vaxtaáhættu sem tilgreindar eru utan samninga.

102I Þegar eining, í samræmi við skjalfestingu áhættuvarnarinnar, endurstillir oft (þ.e. afleggur og hefur að nýju) áhættuvarnartengsl vegna þess að bæði áhættuvarnargerningurinn og áhættuvarði liðurinn breytast oft (þ.e. einingin notar sívirkt ferli þar sem bæði áhættuvörðu liðirnir og áhættuvarnargerningarnir, sem eru notaðir til að stjórna áhættuvarnarskuldbindingunni, eru ekki lengi eins), skal eining aðeins beita kröfunni í 81. lið og lið AG99F, um að tilgreinda hluta skuli aðgreina sérstaklega, þegar hún tilgreinir áhættuvarinn lið upphaflega í þeim áhættuvarnartengslum. Áhættuvarinn liður, sem hefur verið metinn þegar hann var upphaflega tilgreindur í áhættuvarnartengslunum, hvort sem það var við upphaf áhættuvarna eða síðar, er ekki endurmetinn við síðari endurtilgreiningu í sömu áhættuvarnartengslum.

Lok beitingar

102J Eining skal hætta framvirkt að beita lið 102D á áhættuvarinn lið við hið fyrra af eftirfarandi:

a) þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarins liðar sem byggð er á vaxtaviðmiðunum og

b) þegar áhættuvarnartengsl sem áhættuvarinn liður er hluti af eru aflögð.

102 K Eining skal hætta framvirkt að beita lið 102E við hið fyrra af eftirfarandi:

a) þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar tímasetningu og fjárhæð framtíðarsjóðstreymis áhættuvarins liðar sem byggð er á vaxtaviðmiðunum og

b) þegar uppsöfnuð heildarfjárhæð hagnaðar eða taps sem færð er í aðra heildarafkomu að því er varðar þessi aflögðu áhættuvarnartengsl hefur verið endurflokkuð í rekstrarreikning.

102L Eining skal hætta framvirkt að beita lið 102F:

a) á áhættuvarinn lið þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar áhættu sem varið er gegn eða tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarins liðar sem byggð er á vaxtaviðmiðunum og

b) á áhættuvarnargerning þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarnargerningsins sem byggð er á vaxtaviðmiðunum.

Ef áhættuvarnartengslin, sem áhættuvarði liðurinn og áhættuvarnargerningurinn eru hluti af, eru aflögð fyrr þann dag sem tilgreindur er í a-lið liðar 102L eða þann dag sem tilgreindur er í b-lið liðar 102L skal einingin hætta framvirkt að beita lið 102F á þau áhættuvarnartengsl á degi aflagningarinnar.

102M Eining skal hætta að beita lið 102G framvirkt á áhættuvarnartengsl þegar hið fyrra af eftirfarandi á sér stað:

a) þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar áhættu sem varið er gegn og tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarins liðar og áhættuvarnargernings sem byggð er á vaxtaviðmiðunum og

b) þegar áhættuvarnartengslin sem undanþágunni er beitt á eru lögð af.

102 N Þegar flokkur liða er tilgreindur sem áhættuvarinn liður eða sambland fjármálagerninga sem áhættuvarnargerningur skal eining hætta framvirkt að beita liðum 102D–102G á stakan efnahagslið eða fjármálagerning í samræmi við liði 102J, 102K, 102L eða 102M, eftir því sem við á, þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar áhættu sem varið er gegn og/eða tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis þess efnahagsliðar eða fjármálagernings sem byggð er á vaxtaviðmiðunum.

102O Eining skal hætta að beita liðum 102H og 102I framvirkt þegar hið fyrra af eftirfarandi á sér stað:

a) þegar breytingar sem krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum eru gerðar á tilgreindum ósamningsbundnum áhættuhlut með beitingu liðar 102P eða

b) þegar áhættuvarnartengslum, þar sem ósamningsbundni áhættuhlutinn er tilgreindur, lýkur.

Tímabundnar viðbótarundanþágur sem verða vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum

Áhættuvarnarreikningsskil

102P Þegar og ef kröfurnar í liðum 102D–102I hætta að gilda um áhættuvarnartengsl (sjá liði 102J–102O) skal eining breyta formlegri tilgreiningu þeirra áhættuvarnartengsla, eins og áður var skjalfest til að endurspegla breytingarnar sem krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum, þ.e. breytingarnar eru í samræmi við kröfurnar í liðum 5.4.6–5.4.8 í IFRS-staðli 9. Í þessu samhengi skal aðeins breyta áhættuvarnatilgreiningu til að gera eina eða fleiri af eftirfarandi breytingum:

a) tilgreina aðra viðmiðunarvexti (tilgreindir innan eða utan samninga) sem áhættu sem varið er gegn,

b) breyta lýsingunni á áhættuvarða liðnum, þ.m.t. lýsingunni á tilteknum hluta sjóðstreymisins eða gangvirðisins sem er áhættuvarið,

c) breyta lýsingunni á áhættuvarnargerningnum eða

d) breyta lýsingunni á því hvernig einingin muni meta skilvirkni áhættuvarnar.

102Q Eining skal einnig beita kröfunni í c-lið liðar 102P að uppfylltum eftirfarandi þremur skilyrðum:

a) einingin gerir breytingar sem krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum með annarri nálgun en að breyta grundvelli ákvörðunar um samningsbundið sjóðstreymi áhættuvarnargerningsins (eins og lýst er í lið 5.4.6 í IFRS-staðli 9),

b) upprunalegi áhættuvarnargerningurinn er ekki afskráður og

c) valin nálgun er fjárhagslega jafngild því að breyta grundvelli ákvörðunar um samningsbundið sjóðstreymi upprunalega áhættuvarnargerningsins (eins og lýst er í liðum 5.4.7 og 5.4.8 í IFRS-staðli 9).

102R Kröfurnar í liðum 102D–102I geta fallið úr gildi á mismunandi tímum. Við beitingu liðar 102P getur eining því verið krafin um að breyta formlegri tilgreiningu áhættuvarnartengsla sinna á mismunandi tímum eða verið krafin um að breyta formlegri tilgreiningu áhættuvarnartengsla oftar en einu sinni. Þá og því aðeins að slík breyting hafi verið gerð á tilgreiningu áhættuvarnarinnar skal eining beita liðum 102V–102Z2, eftir því sem við á. Eining skal einnig beita lið 89 (fyrir gangvirðisvörn) eða lið 96 (fyrir sjóðstreymisvörn) til að færa allar breytingar á gangvirði áhættuvörðu liðanna eða áhættuvarnargerningsins.

102S Eining skal breyta áhættuvarnartengslum eins og krafist er í lið 102P við lok reikningsskilatímabilsins þegar breyting sem krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum er gerð á áhættunni sem varið er gegn, áhættuvarða liðnum eða áhættuvarnargerningnum. Til að taka af allan vafa telst slík breyting á formlegri tilgreiningu á áhættuvarnartengslum hvorki aflagning áhættuvarnartengsla né tilgreining nýrra áhættuvarnartengsla.

102T Ef breytingar eru gerðar á fjáreigninni eða fjárskuldinni sem tilgreindar eru í áhættuvarnartengslunum til viðbótar við þær breytingar sem krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum (eins og lýst er í liðum 5.4.6–5.4.8 í IFRS-staðli 9) eða á tilgreiningu á áhættuvarnartengslunum (eins og krafist er í lið 102P) skal eining fyrst beita viðeigandi kröfum í þessum staðli til að ákveða hvort þessar viðbótarbreytingar leiði af sér aflagningu áhættuvarnarreikningsskila. Ef viðbótarbreytingarnar leiða ekki til aflagningar áhættuvarnarreikningsskila skal eining breyta formlegri tilgreiningu áhættuvarnartengslanna eins og tilgreint er í lið 102P.

102U Í liðum 102V–102Z3 eru aðeins veittar undanþágur frá kröfunum sem tilgreindar eru í þeim liðum. Eining skal beita öllum öðrum kröfum þessa staðals varðandi áhættuvarnarreikningsskil, þ.m.t. skilyrðunum sem á að uppfylla í lið 88, á áhættuvarnartengsl sem endurbætur á vaxtaviðmiðunum hafa bein áhrif á.

Reikningsskil sem uppfylla skilyrði áhættuvarnartengsla

Afturvirkt mat á skilvirkni

102V Í þeim tilgangi að leggja mat á afturvirka skilvirkni áhættuvarnartengsla á grundvelli uppsöfnunar með beitingu e-liðar liðar 88 og þá aðeins í þeim tilgangi getur eining kosið að núllstilla uppsafnaðar breytingar á gangvirði áhættuvarða liðarins og áhættuvarnargerningsins þegar hún hættir að beita lið 102G, eins og krafist er í lið 102M. Slíkt mat er unnið aðskilið fyrir hver áhættuvarnartengsl (þ.e. á einingargrunni fyrir hver áhættuvarnartengsl).

Sjóðstreymisvarnir

102 W Að því er varðar beitingu 97. liðar, þegar eining breytir lýsingunni á áhættuvörðum lið eins og krafist er í b-lið liðar 102P, telst uppsafnaður hagnaður eða tap í annarri heildarafkomu byggður á öðrum viðmiðunarvöxtum sem notaðir eru til að ákvarða áhættuvarða framtíðarsjóðstreymið.

102X Að því er varðar áhættuvarnartengsl sem eru lögð af, þegar vaxtaviðmiðinu, sem áhættuvarða framtíðar sjóðstreymið hafði verið byggt á, er breytt eins og krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum, að því er varðar beitingu c-liðar 101. liðar til að ákvarða hvort áhættuvarið framtíðarsjóðstreymi sé líklegt, skal sú fjárhæð sem safnast hefur sem önnur uppsöfnuð heildarafkoma fyrir þau áhættuvarnartengsl teljast byggð á öðrum viðmiðunarvöxtum sem áhættuvarða framtíðarsjóðstreymið verður byggt á.

Flokkar liða

102Y Þegar eining beitir lið 102P á flokka liða sem tilgreindir eru sem áhættuvarðir liðir á gangvirði eða sjóðstreym isvörn skal einingin ráðstafa áhættuvörðu liðunum til undirflokka á grundvelli þess að viðmiðunarvextir séu varðir og tilgreina viðmiðunarvextina sem áhættu sem varið er gegn fyrir hvern undirflokk. Sem dæmi er í áhættuvarnartengslum, þar sem flokkur liða er áhættuvarinn vegna breytinga á vaxtaviðmiðunum sem falla undir endurbætur á vaxtaviðmiðunum, hægt að breyta áhættuvörðu sjóðstreymi eða gangvirði tiltekinna liða í flokknum þannig að þeir vísi í aðra viðmiðunarvexti áður en öðrum liðum í flokknum er breytt. Í þessu dæmi, að því er varðar beitingu liðar 102P myndi einingin tilgreina aðra viðmiðunarvexti sem áhættuna sem varið er gegn fyrir þann viðkomandi undirflokk áhættuvarins liðar. Einingin myndi áfram tilgreina núverandi vaxtaviðmið sem áhættu sem varið er gegn fyrir aðra undirflokka áhættuvarins liðar þar til áhættuvarið sjóðstreymi eða gangvirði þeirra liða er breytt svo þeir vísi til annarra viðmiðunarvaxta eða að liðirnir renni út og þeim sé skipt út fyrir áhættuvarða liði sem vísa til annarra viðmiðunarvaxta.

102Z Eining skal meta sérstaklega hvort hver undirflokkur uppfylli kröfurnar í liðum 78 og 83 til að geta talist áhættuvarinn liður. Ef undirflokkur uppfyllir ekki kröfurnar í liðum 78 og 83 skal einingin hætta áhættuvarnar-reikningsskilum framvirkt fyrir áhættuvarnartengslin í heild sinni. Eining skal einnig beita kröfunum í liðum 89 eða 96 til að gera grein fyrir óskilvirkni sem tengist áhættuvarnartengslunum í heild sinni.

Fjárhagsliðir tilgreindir sem áhættuvarðir liðir

102Z1 Aðrir viðmiðunarvextir sem tilgreindir eru sem ósamningsbundnir áhættuhlutar sem ekki er hægt að greina sérstaklega (sjá 81. lið og lið AG99F) daginn sem þeir eru tilgreindir skulu aðeins teljast hafa uppfyllt þær kröfur frá og með þeim degi þá og því aðeins að einingin hafi ástæðu til að ætla að hægt verði að greina viðmiðunarvextina sérstaklega innan 24 mánaða. Þetta 24 mánaða tímabil gildir aðskilið um sérhverja aðra viðmiðunarvexti og hefst þann dag sem einingin tilgreinir aðra viðmiðunarvexti sem ósamningsbundna áhættuhluta í fyrsta sinn (þ.e. 24 mánaða tímabilið gildir sérstaklega fyrir hverja viðmiðunarvexti).

102Z2 Ef eining hefur síðar ástæðu til að ætla að hægt verði að tilgreina aðra viðmiðunarvexti innan 24 mánaða frá þeim degi að einingin tilgreindi þá í fyrsta sinn sem ósamningsbundna áhættuhluta skal einingin hætta að beita kröfunum í lið 102Z1 varðandi þá aðra viðmiðunarvexti og hætta áhættuvarnarreikningsskilum framvirkt frá þeim degi að endurmatið var gert fyrir öll áhættuvarnartengsl þar sem aðrir viðmiðunarvextir voru tilgreindir sem ósamningsbundnir áhættuhlutar.

102Z3 Til viðbótar við þessi áhættuvarnartengsl sem tilgreind eru í lið 102P skal eining beita kröfunum í liðum 102Z1 og 102Z2 varðandi ný áhættuvarnartengsl þar sem aðrir viðmiðunarvextir eru tilgreindir sem ósamningsbundnir áhættuhlutar (sjá 81. lið og lið AG99F) þegar ekki er hægt, vegna endurbóta á viðmiðunarvöxtum, að greina þann áhættuhluta aðskilið daginn sem hann er tilgreindur.

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

103 Eining skal beita þessum staðli (þ.m.t. breytingar sem gefnar voru út í mars 2004) að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal ekki beita þessum staðli (þ.m.t. breytingar sem gefnar voru út í mars 2004) að því er varðar árleg tímabil sem hefjast fyrir 1. janúar 2005 nema að hún beiti einnig IAS-staðli 32 (útg. í desember 2003). Ef eining beitir þessum staðli vegna tímabils sem hefst fyrir 1. janúar 2005 skal hún greina frá því.

103A [Felldur brott]

103B [Felldur brott]

103C Með IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess er liðum 95 (a-liður), 97, 98, 100, 102, 108 og AG99B breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

103D [Felldur brott]

103E IAS-staðall 27 (með áorðnum breytingum árið 2008) breytti 102. lið. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 27 (breytt 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

103F [Felldur brott]

103G Eining skal beita liðum AG99BA, AG99E, AG99F, afturvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir *Hæfir áhættuvarðir liðir* (breyting á IAS-staðli 39) á tímabil sem hefjast fyrir 1. júlí 2009 skal hún greina frá því.

103H–103J [Felldur brott]

103 K Með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum*, sem voru gefnar út í apríl 2009, var 2. lið (g-lið), 97. og 100. lið breytt. Eining skal beita breytingunum gagnvart þessum liðum framvirkt á alla óútrunna samninga að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2010 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

103L–103P [Felldur brott]

103Q IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti liðum 9, 13, 28, 47, 88, AG46, AG52, AG64, AG76, AG76A, AG80, AG81 og AG96, bætti við lið 43A og felldi brott liði 48-49, AG69–AG75, AG77–AG79 og AG82. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

103R *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu 2. lið og 80. lið. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita liðnum *Fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

103S [Felldur brott]

103T IFRS-staðall 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, gefinn út í maí 2014, breytti liðum 2, 9, 43, 47, 55, AG2, AG4 og AG48 og bætti við liðum 2A, 44A, 55A og AG8A–AG8C. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

103U IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti liðum 2, 8, 9, 71, 88–90, 96, AG95, AG114, AG118 og fyrirsögnum liðar AG133 og felldi brott liði 1, 4–7, 10–70, 103B, 103D, 103F, 103H–103J, 103L–103P, 103S, 105–107A, 108E–108F, AG1–AG93 og AG96. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

103V [Þessum lið var bætt við vegna einingar sem hafði ekki innleitt IFRS-staðal 9.]

104 Þessum staðli skal beitt afturvirkt nema að því leyti sem tilgreint er í 108. lið. Upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár frá fyrsta fyrra tímabili sem sett er fram og allar sambærilegar fjárhæðir skal leiðrétta eins og þessi staðall hefði alltaf verið í notkun, nema ógerlegt sé að endurgera upplýsingarnar. Ef ógerlegt er að endurgera upplýsingarnar skal einingin greina frá því og tilgreina að hve miklu leyti upplýsingarnar voru endurgerðar.

105–107A [Felldur brott]

108 Eining skal ekki leiðrétta bókfært verð ófjárhagslegra eigna og ófjárhagslegra skulda til að útiloka ágóða og tap sem tengist sjóðstreymisvörnum meðtöldum í bókfærðu verði fyrir upphaf fjárhagsársins þegar þessum staðli er beitt fyrst. Við upphaf fjárhagstímabilsins, þegar þessum staðli er beitt fyrst, skal endurflokka sem eign eða skuld allar fjárhæðir sem eru færðar utan rekstrarreiknings (sem eru færðar í aðra heildarafkomu eða beint á eigin fé) þegar um er að ræða vörn vegna fastrar skuldbindingar, sem samkvæmt þessum staðli er færð sem gangvirðisvörn, nema þegar um er að ræða vörn vegna gjaldmiðlaáhættu sem áfram er farið með sem sjóðstreymisvörn.

108A Eining skal beita síðasta málslið 80. liðar og liðum AG99A og AG99B að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2006 eða síðar. Hvatt er til fyrri beitingar. Ef eining hefur tilgreint áætluð framtíðarviðskipti utan samstæðu sem áhættuvarinn lið sem:

a) er tilgreindur í starfrækslugjaldmiðli einingarinnar sem á aðild að viðskiptunum,

b) veldur óvarinni stöðu sem hefur áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar (þ.e. hann er tilgreindur í öðrum gjaldmiðli en framsetningargjaldmiðli samstæðunnar) og

c) hefði uppfyllt skilyrði áhættuvarnarreikningsskila ef hann hefði ekki verið tilgreindur í starfrækslugjaldmiðli einingarinnar sem mun eiga viðskiptin,

getur hún beitt áhættuvörnum í samstæðureikningsskilunum á tímabilinu (tímabilunum) fyrir þann dag sem síðasta málslið 80. liðar og liða AG99A og AG99B er beitt.

108B Eining þarf ekki að beita lið AG99B á samanburðarupplýsingar sem tengjast tímabilum fyrir þann dag sem síðasta málsliðar 80. liðar og liðar AG99A er beitt.

108C Ákvæðum 73. liðar og liðar AG8 var breytt með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* (IFRS) sem gefnar voru út í maí 2008. Ákvæðum 80. liðar var breytt með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)* sem gefnar voru út í apríl 2009. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Heimilt er að beita öllum breytingunum fyrr. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

108D Með *Skuldskeyting afleiðna og áframhald áhættureikningsskila* (breytingar á IAS-staðli 39), útgefnum í júní 2013, var 91. og 101. lið breytt og lið AG113A bætt við. Eining skal beita þessum liðum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

108E–108F [Felldur brott]

108G Með *Endurbótum á vaxtaviðmiðunum*, sem breyttu IFRS-staðli 9, IAS-staðli 39 og IFRS-staðli 7, sem gefnar voru út í september 2019, var liðum 102A-102N bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt að því er varðar þau áhættuvarnartengsl sem lágu fyrir við upphaf fyrsta reikningsskilatímabilsins þar sem einingin beitti þessum kröfum fyrst eða voru tilgreind eftir það, og að því er varðar hagnað eða tap sem fært er í aðra heildarafkomu sem lá fyrir við upphaf reikningsskilatímabilsins þar sem einingin beitti þessum breytingum fyrst.

108H Með *Endurbótum á vaxtaviðmiðunum - 2. áfanga*, sem breytti IFRS-staðli 9, IAS-staðli 39, IFRS-staðli 7, IFRS-staðli 4 og IFRS-staðli 16, sem gefnar voru út í ágúst 2020, var liðum 102O–102Z3 og 108I–108K bætt við og lið 102M breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2021 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8 nema að því leyti sem tilgreint er í liðum 108I–108K.

108I Eining skal einungis tilgreina ný áhættuvarnartengsl (t.d. eins og lýst er í lið 102Z3) framvirkt (þ.e. einingu er ekki heimilt að tilgreina ný áhættuvarnartengsl á fyrri tímabilum). Eining skal hins vegar koma aflögðum áhættuvarnartengslum aftur á þá og því aðeins að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) að einingin hafi lagt þau áhættuvarnartengsl af einungis vegna breytinga sem krafist var vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum og að einingin hefði ekki þurft að leggja þau áhættuvarnartengsl af ef þeim breytingum hefði verið beitt á þeim tíma og

b) að aflögðu áhættuvarnartengslin uppfylli skilyrðin fyrir áhættuvarnarreikningsskil (eftir að hafa tekið tillit til þessara breytinga) í upphafi reikningsskilatímabilsins þegar eining beitir þessum breytingum í fyrsta sinn (upphafsdagur beitingar þessara breytinga).

108J Ef eining kemur aflögðum áhættuvarnartengslum aftur á við beitingu liðar 108I skal einingin lesa tilvísanir í liðum 102Z1 og 102Z2 í þá dagsetningu, þegar aðrir viðmiðunarvextir eru tilgreindir sem ósamningsbundnir áhættuhlutarnir í fyrsta sinn, sem svo að það eigi við um upphafsdag beitingar þessara breytinga (þ.e. 24 mánaða tímabilið fyrir þá aðra viðmiðunarvexti sem tilgreindir eru sem ósamningsbundnir áhættuhlutar hefst á upphafsdegi beitingar þessara breytinga).

108 K Einingu er ekki skylt að endurgera fyrri tímabil til að endurspegla beitingu þessara breytinga. Einingin getur endurgert fyrri tímabil þá og því aðeins að slíkt sé hægt án eftiráskýringa. Ef eining endurgerir ekki fyrri tímabil skal hún færa hvers kyns mismun milli fyrra bókfærðs verðs og bókfærðs verðs við upphaf árlegs reikningsskilatímabils, sem tekur til upphafsdags beitingar þessara breytinga, í upphaflegt óráðstafað eigið fé (eða annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á) á árlega reikningsskilatímabilinu sem felur í sér upphafsdag beitingar þessara breytinga.

AFTURKÖLLUN ANNARRA YFIRLÝSINGA

109 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*, endurskoðaður í október 2000.

110 Þessi staðall og meðfylgjandi leiðbeiningar um framkvæmd koma í stað leiðbeininga um framkvæmd sem nefndin um framkvæmdaleiðbeiningar á IAS-staðli 39, og fyrri alþjóðareikningsskilanefnd (IASC) kom á fót, gaf út.

Viðbætir A

Leiðbeiningar varðandi beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti staðalsins.

AG1–AG93 [Felldur brott]

ÁHÆTTUVÖRN (71.–102. liður)

Áhættuvarnargerningar (72.–77. liður)

Gerningar sem teljast áhættuvarnargerningar (72. og 73. liður)

AG94 Hugsanlegt tap af valrétti, sem eining gefur út, gæti verið umtalsvert meira en möguleg virðisaukning tengds áhættuvarins liðar. Útgefinn valréttur dregur með öðrum orðum ekki með virkum hætti úr áhættu vegna áhættuvarins liðar sem hefur áhrif á rekstrarafkomu einingarinnar. Af þeim sökum telst útgefinn valréttur ekki vera áhættuvarnargerningur nema hann sé tilgreindur sem jöfnun á móti keyptum valrétti, þ.m.t. valréttur sem er innbyggður í annan fjármálagerning (t.d. útgefinn kaupréttur sem notaður er til að verja innkallanlega skuld). Gagnstætt því hefur keyptur valréttur í för með sér hugsanlegan ágóða, sem er jafn eða hærri en tapið, og getur þess vegna mögulega dregið úr áhættu vegna breytinga á gangvirði eða sjóðstreymi sem hafa áhrif á rekstrarafkomu einingarinnar. Í samræmi við það getur hann talist áhættuvarnargerningur.

AG95 Tilgreina má fjáreign, sem metin er á afskrifuðu kostnaðarverði, sem áhættuvarnargerning ef um er að ræða vörn vegna gjaldmiðlaáhættu.

AG96 [Felldur brott]

AG97 Eiginfjárgerningar einingar eru ekki fjáreignir eða fjárskuldir einingarinnar og þess vegna er ekki hægt að tilgreina þá sem áhættuvarnargerninga.

Áhættuvarðir liðir (78.–84. liður)

Liðir sem teljast áhættuvarðir (78.–80. liður)

AG98 Föst skuldbinding um að yfirtaka fyrirtæki við sameiningu fyrirtækja getur ekki verið áhættuvarinn liður nema gegn gengisáhættu erlendra gjaldmiðla, vegna þess að ekki er hægt að skilgreina sérstaklega og meta aðra áhættu sem varið er gegn. Önnur áhætta, sem hér er vísað til, er almenn áhætta í viðskiptum.

AG99 Fjárfesting með hlutdeildaraðferðinni getur ekki verið áhættuvarinn liður í gangvirðisvörn vegna þess að með hlutdeildaraðferðinni er færður hlutur fjárfestisins í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélagsins fremur en breytingar á gangvirði fjárfestingarinnar. Eins getur fjárfesting í dótturfélagi í samstæðu ekki verið áhættuvarinn liður í gangvirðisvörn vegna þess að samstæðan færir hagnað eða tap dótturfélagsins í rekstrarreikningi fremur en breytingar á gangvirði fjárfestingarinnar. Annað gildir um áhættuvörn fyrir hreina fjárfestingu í erlendum rekstri vegna þess að það er vörn gegn áhættu vegna eignar í erlendum gjaldmiðli en ekki gangvirðisvörn gegn breytingu á virði fjárfestingarinnar.

AG99A Í 80. lið kemur fram að í samstæðureikningsskilum geti gjaldmiðlaáhætta í afar líklegum, áætluðum framtíðarviðskiptum innan samstæðu uppfyllt skilyrði sem áhættuvarinn liður í sjóðstreymisvörnum, að því tilskildu að viðskiptin séu tilgreind í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli einingarinnar að viðskiptunum, og að gjaldmiðlaáhættan hafi áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar. Einingin, sem í hlut á, getur verið móðurfélag, dótturfélag, hlutdeildarfélag, samrekstur eða útibú. Ef gjaldmiðlaáhætta í áætluðum framtíðarviðskiptum innan samstæðu hefur ekki áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar uppfylla viðskipti innan samstæðu ekki skilyrði um áhættuvarinn lið. Þetta á yfirleitt við um greiðslu umboðslauna, vaxtagreiðslur eða stjórnunarþóknanir milli aðila sömu samstæðu nema um sé að ræða tengd viðskipti utan samstæðunnar. Ef gjaldmiðlaáhætta í áætluðum framtíðarviðskiptum innan samstæðu hefur áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar geta viðskiptin innan samstæðunnar uppfyllt skilyrði sem áhættuvarinn liður. Dæmi um þetta er áætluð sala eða kaup á birgðum milli aðila í sömu samstæðu ef selja á birgðirnar áfram til aðila utan samstæðunnar. Eins getur áætluð sala rekstrarfjármuna innan samstæðu frá einingu innan samstæðunnar, sem framleiðir rekstrarfjármunina, til einingar innan samstæðunnar, sem notar þá í starfsemi sinni, haft áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar. Þetta getur t.d. gerst vegna þess að einingin, sem kaupir, afskrifar rekstrarfjármunina og fjárhæðin, sem upphaflega er færð vegna rekstrarfjármunanna, kann að breytast ef áætluð viðskipti innan samstæðunnar eru tilgreind í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli einingarinnar sem kaupir.

AG99B Ef áhættuvörn vegna áætlaðra viðskipta innan samstæðu uppfyllir skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil skal endurflokka allan ágóða eða tap, sem fært er í aðra heildarafkomu í samræmi við a-lið 95. liðar, úr eigin fé í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu á sama tímabili eða tímabilum sem gjaldmiðlaáhættan í áhættuvörðu viðskiptunum hefur áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar.

AG99BA Eining getur tilgreint allar breytingar á sjóðstreymi eða gangvirði áhættuvarins liðar í áhættuvarnartengslum. Eining getur einnig einungis tilgreint breytingar á sjóðstreymi eða gangvirði áhættuvarins liðar sem eru hærri eða lægri en tilgreint verð eða önnur breyta (einhliða áhætta). Innra virði keypts valréttar sem er áhættuvarnargerningur (að því gefnu að hann hafi sömu aðalskilmála og tilgreinda áhættan), en ekki tímavirði hans, endurspeglar einhliða áhættu áhættuvarins liðar. Sem dæmi getur eining tilgreint breytileika í framtíðarsjóðstreymi sem verður vegna verðhækkunar væntra innkaupa hrávöru. Við slíkar aðstæður, er einungis sjóðstreymistap sem verður vegna hækkunar á verði yfir tilgreint stig tilnefnt. Áhætta sem varið er gegn nær ekki yfir tímavirði keypts valréttar því tímavirðið er ekki hluti áætlaðra framtíðarviðskipta sem hafa áhrif á rekstrarreikning (b-liður 86. liðar).

Tilgreining fjárhagsliða sem áhættuvarða liði (81. liður og liður 81A)

AG99C […] Einingin getur tilgreint allt sjóðstreymi allrar fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar sem varða liðinn og varið hana fyrir aðeins einni tiltekinni áhættu (t.d. einungis fyrir breytingum sem rekja má til breytinga á LIBOR-vöxtum). Þegar t.d. er um að ræða fjárskuld með virkum vöxtum, sem eru 100 grunnstigum fyrir neðan LIBOR-vexti, getur eining tilgreint heildarskuldina sem áhættuvarinn lið (þ.e. höfuðstól að viðbættum vöxtum miðað við LIBOR-vexti að frádregnum 100 grunnstigum) og varið breytinguna á gangvirði eða sjóðstreymi heildarskuldarinnar sem rekja má til breytinga á LIBOR-vöxtum. Einingin getur einnig valið annað áhættuvarnarhlutfall en einn á móti einum til að bæta skilvirkni varnarinnar, eins og lýst er í lið AG100.

AG99D Auk þess getur einingin, ef fjármálagerningur með föstum vöxtum er varinn eftir að til hans er stofnað og vextir hafa breyst í millitíðinni, tilgreint hluta sem er jafn viðmiðunarvöxtum […]. Ef eining stofnar t.d. til fjáreignar að fjárhæð 100 GE á föstum vöxtum og virkir vextir hennar eru 6% á sama tíma og LIBOR-vextir eru 4%. Hún byrjar að verja þessa eign gegn áhættu nokkru síðar þegar LIBOR-vextir hafa hækkað í 8% og gangvirði eignarinnar hefur lækkað í 90 GE. Einingin reiknar út að ef hún hefði keypt eignina daginn þegar hún tilgreindi hana sem varinn lið, sem þá var að gangvirði 90 GE, hefðu virku vextirnir verið 9,5%. […]. Einingin getur tilgreint LIBOR-vaxtahluta sem nemur 8% sem er að hluta samningsbundið vaxtasjóðstreymi og að hluta mismunurinn á gangvirðinu (þ.e. 90 GE) og fjárhæðinni sem skal endurgreiðast á gjalddaga (þ.e. 100 GE).

AG99E Ákvæði 81. liðar heimila einingu að tilgreina eitthvað annað en breytingu á heildargangvirði eða breytileika sjóðstreymis fjármálagernings. Dæmi:

a) unnt er að tilgreina allt sjóðstreymi fjármálagernings til breytinga á sjóðstreymi eða gangvirði í tengslum við tiltekna (en ekki alla) áhættu eða

b) unnt er að tilgreina tiltekið (en ekki allt) sjóðstreymi fjármálagernings til breytinga á sjóðstreymi eða gangvirði í tengslum við alla eða aðeins tiltekna áhættu (þ.e.a.s. hægt er að tilgreina „hluta“ sjóðstreymis fjármálagernings vegna breytinga í tengslum við alla eða aðeins tiltekna áhættu).

AG99F Til að uppfylla skilyrði áhættuvarnarreikningsskila verða tilgreind áhætta og hlutar að vera aðgreinanlegir og sanngreinanlegir þættir fjármálagerningsins, og skal vera unnt að meta breytingar á sjóðstreymi eða gangvirði alls fjármálagerningsins, sem verða við breytingar á tilgreindri áhættu og hlutum, með áreiðanlegum hætti. Dæmi:

a) þegar fjármálagerningur ber fasta vexti og er áhættuvarinn gegn breytingum á gangvirði, sem rekja má til breytinga á áhættulausum vöxtum eða viðmiðunarvöxtum, teljast áhættulausir vextir eða viðmiðunarvextir að jafnaði vera bæði aðskildir og sanngreinanlegir þættir fjármálagerningsins og unnt að meta þá með áreiðanlegum hætti,

b) verðbólga er ekki sanngreinanleg ein og sér og verður ekki metin með áreiðanlegum hætti og ekki er unnt að tilgreina hana sem áhættu eða hluta fjármálagernings nema kröfurnar í c-lið séu uppfylltar,

c) verðbólguhluti sjóðstreymis, sem er í skilmálum viðurkennds, verðbólgutengds skuldabréfs (að því gefnu að engar kröfur séu um að reikna innbyggða afleiðu sérstaklega), er aðgreinanlegur og sanngreinanlegur og unnt er að meta hann með áreiðanlegum hætti svo framarlega sem annað sjóðstreymi gerningsins verði ekki fyrir áhrifum af verðbólguhluta.

Tilgreining ófjárhagslegra lið sem áhættuvarða liði (82. liður)

AG100 Breytingar á verði hluta eða þáttar í ófjárhagslegri eign eða ófjárhagslegri skuld hafa yfirleitt ekki fyrirsjáanleg áhrif, sem hægt er að meta sérstaklega, á verð liðarins sem eru t.d. sambærileg við áhrif breytingar á markaðsvöxtum á verð verðbréfs. Þannig er ófjárhagsleg eign eða ófjárhagsleg skuld aðeins varinn liður sem heild eða sem gengisáhætta erlendra gjaldmiðla. Ef mismunur er á skilmálum áhættuvarnargerningsins og varða liðarins (eins og áhættuvörn fyrir áætluð innkaup á brasilísku kaffi með því að nota framvirkan samning um að kaupa kólumbískt kaffi með annars sambærilegum skilmálum) geta áhættuvarnartengslin engu að síður uppfyllt kröfur um áhættuvarnartengsl, að því tilskildu að skilyrðin í 88. lið séu uppfyllt, m.a. það að vænst er að áhættuvörnin sé mjög skilvirk. Í þessum tilgangi má fjárhæð áhættuvarnargerningsins vera hærri eða lægri en fjárhæð áhættuvarða liðarins ef það eykur skilvirkni áhættuvarnartengslanna. Unnt væri t.d. að gera aðhvarfsgreiningu til að greina tölfræðilegt samband milli áhættuvarða liðarins (t.d. viðskipta með brasilískt kaffi) og áhættuvarnargerningsins (t.d. viðskipta með kólumbískt kaffi). Ef um er að ræða gilt tölfræðilegt samband milli tveggja breytna (þ.e. milli einingarverðs brasilíska kaffisins og kólumbíska kaffisins) er hægt að nota hallann á aðhvarfslínunni til að ákvarða varnarhlutfallið sem hámarkar vænta skilvirkni. Ef hallinn á aðhvarfslínunni er t.d. 1,02 hámarkar áhættuvarnarhlutfall byggt á 0,98 einingum af áhættuvörðum liðum að magninu 1,00 af áhættuvarnargerningnum áætluðu skilvirknina. Áhættuvarnartengslin geta þó leitt til óskilvirkni sem er færð í rekstrarreikning á meðan áhættuvarnartengslin vara.

Tilgreining flokka liða sem áhættuvarða liði (83. og 84. liður)

AG101 Áhættuvörn hreinnar heildarstöðu (t.d. hreinar heildareignir á föstum vöxtum og hreinar heildarskuldir á föstum vöxtum með sambærilega gjalddaga) í stað sérstaks áhættuvarins liðar uppfyllir ekki skilyrði fyrir áhættuvarnarreikningsskilum. Hægt er þó að fá fram nær sömu áhrif á rekstrarafkomu einingarinnar með áhættuvarnarreikningsskilum af þessari gerð ef hluti liðanna, sem liggja til grundvallar, er tilgreindur sem áhættuvarði liðurinn. Ef banki á t.d. eignir að fjárhæð 100 GE og skuldirnar nema 90 GE, með sambærilegri áhættu og skilmálum, og hann ver hreina eign, sem nemur 10 GE, gegn áhættu, getur hann tilgreint 10 GE sem áhættuvarða liðinn af þessum eignum. Hægt er að nota þessa tilgreiningu ef slíkar eignir og skuldir eru gerningar á föstum vöxtum, sem er þá gangvirðisvörn, eða ef þær eru gerningar á breytilegum vöxtum, sem er þá sjóðstreymisvörn. Eins getur eining, ef hún hefur gert fasta skuldbindingu um innkaup í erlendum gjaldmiðli að fjárhæð 100 GE og fasta skuldbindingu um að selja í erlenda gjaldmiðlinum fyrir andvirði 90 GE, varið nettófjárhæð sem nemur 10 GE með því að kaupa afleiðu og tilgreina hana sem áhættuvarnargerning í tengslum við þessar 10 GE í föstu skuldbindingunni um innkaup að fjárhæð 100 GE.

Áhættuvarnarreikningsskil (85.–102. liður)

AG102 Dæmi um gangvirðisvörn er vörn gegn áhættu vegna breytinga á gangvirði skuldagernings á föstum vöxtum í kjölfar breytinga á vöxtum. Útgefandi eða handhafi geta komið sér upp þess háttar áhættuvörn.

AG103 Dæmi um sjóðstreymisvörn er notkun skiptasamnings til að breyta skuld með breytilegum vöxtum yfir í skuld með föstum vöxtum (þ.e. áhættuvörn fyrir framtíðarviðskipti þegar framtíðarsjóðstreymi, sem er verið að verja, er vaxtagreiðslurnar í framtíðinni).

AG104 Áhættuvörn fastrar skuldbindingar (t.d. vörn gegn breytingu á eldsneytisverði í tengslum við ófærða, samnings bundna skuldbindingu rafveitu um að kaupa eldsneyti á föstu verði) er áhættuvörn gegn áhættu vegna breytinga á gangvirði. Í samræmi við það er þess háttar áhættuvörn gangvirðisvörn. Skv. 87. lið væri þó einnig hægt að færa vörn vegna gjaldmiðlaáhættu í fastri skuldbindingu sem sjóðstreymisvörn.

Mat á skilvirkni áhættuvarnar

AG105 Áhættuvörn er einungis talin afar skilvirk ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) Þess er vænst þegar stofnað er til áhættuvarnarinnar og á síðari tímabilum að áhættuvörnin sé afar skilvirk við að hafa gagnstæð áhrif á breytingar á gangvirði eða sjóðstreymi sem rekja má til varinnar áhættu á tímabilinu sem áhættuvörnin er tilgreind. Hægt er að sýna fram á slíkar væntingar á ýmsa vegu, m.a. með samanburði á breytingum, sem hafa orðið á gangvirði eða sjóðstreymi áhættuvarða liðarins og rekja má til áhættunnar sem varið er gegn, við breytingar sem hafa orðið á gangvirði eða sjóðstreymi áhættuvarnargerningsins eða með því að sýna fram á að mikil tölfræðileg fylgni sé á milli gangvirðis eða sjóðstreymis áhættuvarða liðarins og gangvirðis eða sjóðstreymis áhættuvarnargerningsins. Einingin getur valið annað varnarhlutfall en einn á móti einum til að bæta skilvirkni áhættuvarnarinnar, eins og lýst er í lið AG100.

b) Raunverulegur árangur af áhættuvörninni er á bilinu 80–125%. Ef raunverulegur árangur er t.d. sá að tapið af áhættuvarnargerningnum er 120 GE og ágóði af staðgreiðslugerningunum er 100 GE er hægt að meta gagnstæðu áhrifin með 120/100, sem er 120%, eða með 100/120, sem er 83%. Ef gert er ráð fyrir að áhættuvörnin uppfylli skilyrðin í a-lið yrði niðurstaða einingarinnar í þessu dæmi að áhættuvörnin hafi verið afar skilvirk.

AG106 Skilvirkni er metin, miðað við lágmark, þegar einingin gerir árleg reikningsskil eða árshlutareikningsskil sín.

AG107 Í þessum staðli er ekki tilgreind nein sérstök aðferð til að meta skilvirkni áhættuvarnar. Aðferðin, sem eining beitir til að meta skilvirkni áhættuvarnar, fer eftir áhættustýringaráætlun hennar. Ef áhættustýringaráætlun einingarinnar er t.d. að leiðrétta fjárhæð áhættuvarnargerningsins reglulega til að endurspegla breytingar á áhættuvarnaraðstæðum þarf einingin aðeins að sýna fram á að þess sé vænst að áhættuvörnin sé afar skilvirk á tímabilinu þar til fjárhæð áhættuvarnargerningsins er leiðrétt næst. Í sumum tilvikum beitir eining mismunandi aðferðum á mismunandi gerðir áhættuvarna. Meðal gagna einingar um áhættuvarnaráætlun eru matsaðferðir fyrir skilvirkni. Í þessum aðferðum er tekið fram hvort í matinu felist allur ágóði eða allt tap af áhættuvarnargerningi eða hvort tímaviðri gerningsins sé undanskilið.

AG107A […].

AG108 Ef aðalskilmálar áhættuvarnargerningsins og áhættuvörðu eignarinnar, skuldarinnar, föstu skuldbindingarinnar eða afar líklegu, áætluðu framtíðarviðskiptanna eru eins er líklegt að breytingar á gangvirði og sjóðstreymi, sem rekja má til áhættu sem er varið gegn, jafni hver aðra að fullu út, bæði þegar áhættuvörnin er tekin upp og eftir það. Líklegt er t.d. að vaxtaskiptasamningur sé skilvirk vörn ef grundvallarfjárhæð og höfuðstóll, gildistími, endurákvörðunardagar vaxtakjara, dagsetningar greiðslna og vaxta og afborgana og grundvöllur vaxtamats eru þær sömu fyrir áhættuvarnargerninginn og áhættuvarða liðinn. Auk þess er áhættuvörn fyrir afar líkleg, vænt innkaup hrávöru með framvirkum samningi líkleg til að vera afar skilvirk ef:

a) framvirki samningurinn er um innkaup á sama magni af sömu hrávöru á sama tíma og stað og áhættuvörðu, væntu innkaupin,

b) gangvirði framvirka samningsins er núll þegar hann tekur gildi og

c) annaðhvort er breytingin á undirverðinu eða yfirverðinu á framvirka samningnum undanskilin frá mati á skilvirkni og færð í rekstrarreikning eða breytingin á áætluðu sjóðstreymi á afar líklegu, fyrirhuguðu viðskiptunum er byggð á framvirku verði hrávörunnar.

AG109 Stundum jafnar áhættuvarnargerningurinn aðeins út hluta af áhættunni sem er varin. Áhættuvörn væri t.d. ekki fyllilega skilvirk ef áhættuvarnargerningurinn og áhættuvarði liðurinn væru tilgreindir í mismunandi gjaldmiðlum sem fylgdust ekki að. Einnig væri vaxtaáhættuvörn, sem styddist við afleiðu, ekki fyllilega skilvirk ef hluta af breytingu á gangvirði afleiðunnar mætti rekja til útlánaáhættu mótaðila.

AG110 Ef áhættuvörn á að uppfylla skilyrði áhættuvarnarreikningsskila verður vörnin að tengjast sérstaklega skilgreindri og tilgreindri áhættu en ekki eingöngu almennri áhættu í viðskiptum einingarinnar, og verður um síðir að hafa áhrif á rekstrarafkomu einingarinnar. Áhættuvörn vegna úreldingar efnilegrar eignar eða áhætta vegna eignarnáms fasteignar af hálfu ríkisvaldsins kemur ekki til álita í áhættuvarnarreikningsskilum, vegna þess að ekki er hægt að meta skilvirkni þess háttar áhættuvarnar með áreiðanlegum hætti.

AG110A Ákvæði a-liðar 74. liðar heimila einingu að aðskilja innra virði og tímavirði valréttarsamnings og að tilgreina sem áhættuvarnargerning einungis breytinguna sem verður á innra virði valréttarsamningsins. Slík tilgreining getur leitt til áhættuvarnartengsla sem geta fullkomlega jafnað út breytingar á sjóðstreymi sem rekja má til áhættuvarinnar, einhliða áhættu áætlaðra framtíðarviðskipta, ef helstu skilmálar áætlaðra framtíðarviðskipta og áhættuvarnargernings eru þeir sömu.

AG110B Ef eining tilgreinir keyptan valrétt í heild sem áhættuvarnargerning vegna einhliða áhættu, sem verður til vegna áætlaðra framtíðarviðskipta, verða áhættuvarnartengslin ekki fullkomlega skilvirk. Það stafar af því að yfirverðið sem greitt er fyrir valréttinn felur í sér tímavirði og, eins og tilgreint er í lið AG99BA, tilgreind einhliða áhætta felur ekki í sér tímavirði valréttar. Því verður í þessari stöðu engin jöfnun milli sjóðstreymis, sem tengist tímavirði greidds yfirverðs valréttar og tilgreindrar áhættu sem varið er gegn.

AG111 Þegar um er að ræða vaxtaáhættu kann að vera unnt að meta skilvirkni áhættuvarnar með því að semja áætlun um gjalddaga fyrir fjáreignir og fjárskuldir sem sýnir nettóvaxtaáhættu á hverju tímabili, að því tilskildu að nettóáhættan tengist tiltekinni eign eða skuld (eða tilteknum flokki eigna eða skulda eða tilteknum hluta þeirra) sem veldur áhættunni, og skilvirkni áhættuvarnar er metin með tilliti til þeirrar eignar eða skuldar.

AG112 Við mat á skilvirkni áhættuvarnar tekur eining yfirleitt tillit til tímavirðis peninga. Fastir vextir áhættuvarins liðar þurfa ekki að vera nákvæmlega þeir sömu og fastir vextir vaxtaskiptasamnings sem tilgreindur er sem gangvirðisvörn. Breytilegir vextir vaxtaberandi eignar eða skuldar þurfa ekki heldur að vera þeir sömu og breytilegir vextir vaxtaskiptasamnings sem tilgreindur er sem sjóðstreymisvörn. Gangvirði vaxtaskiptasamnings ákvarðast af nettógreiðslum hans. Hægt er að breyta föstum og breytilegum vöxtum vaxtaskiptasamnings án þess að það hafi áhrif á nettógreiðsluna ef hvorum tveggja er breytt um sömu fjárhæð.

AG113 Ef eining uppfyllir ekki skilyrði fyrir skilvirkni áhættuvarnar hættir einingin áhættuvarnarreikningsskilum frá síðasta degi sem sýnt var fram á að farið var að skilyrðunum fyrir skilvirkni áhættuvarnar. Ef á hinn bóginn einingin skilgreinir atburðinn eða breytinguna á aðstæðum sem ollu því að áhættuvarnartengslin fullnægðu ekki skilyrðum fyrir skilvirkni og sýnir fram á að áhættuvörnin hafi verið skilvirk fyrir atburðinn eða breytinguna á aðstæðum hættir einingin áhættuvarnarreikningsskilum frá þeim degi sem atburðurinn eða breytingin á aðstæðum verður.

AG113A Til að taka af allan vafa skal endurspegla áhrif þess að skipta út upphaflega mótaðilanum fyrir greiðslujöfnunarmótaðila og áhrif þess að gera tengdar breytingar, eins og lýst er í ii-lið a-liðar 91. liðar og ii-lið a-liðar 101. liðar, í matinu á áhættuvarnargerningnum og þar af leiðandi í matinu á skilvirkni áhættuvarnar og mælingunni á skilvirkni áhættuvarnar.

Áhættuvarnarreikningsskil á gangvirði fyrir safnvörn vegna vaxtaáhættu

AG114 Fyrir gangvirðisvörn vegna vaxtaáhættu í tengslum við safn fjáreigna eða fjárskulda fullnægir eining kröfunum í þessum staðli ef hún fer eftir aðferðunum sem settar eru fram í a- til i-lið og liðum AG115–AG132 hér á eftir:

a) eining skilgreinir, sem hluta af áhættustýringarferlinu, safn liða sem hún vill verja gegn vaxtaáhættu. Í safninu kunna að vera eingöngu eignir, eingöngu skuldir eða bæði eignir og skuldir. Einingin getur skilgreint tvö eða fleiri söfn en þá fer hún eftir leiðbeiningunum hér á eftir fyrir hvert safn fyrir sig.

b) einingin greinir safnið í endurákvörðunarvaxtaímabil út frá væntanlegum, fremur en samningsbundnum, endurákvörðunardögum vaxtakjara. Greininguna í endurákvörðunarvaxtatímbil má framkvæma á ýmsan hátt, m.a. með því skipta sjóðstreymi niður á tímabilin, þegar vænst er að það komi inn, eða skipta grundvallarfjárhæðunum niður á öll tímabil þar til vænst er að vaxtaákvörðun eigi sér stað,

c) á grundvelli þessarar greiningar ákveður einingin fjárhæðina sem hún vill verja. Einingin tilgreinir sem áhættuvarða liðinn fjárhæð eigna eða skulda (en ekki nettófjárhæð) úr skilgreinda safninu sem er jöfn fjárhæðinni sem hún vill tilgreina sem áhættuvarða, […].

d) einingin tilgreinir vaxtaáhættuna sem hún ver. Þessi áhætta getur verið hluti af vaxtaáhættu hvers liðar í áhættuvörðu stöðunni, s.s. viðmiðunarvextir (t.d. LIBOR-vextir),

e) einingin tilgreinir einn áhættuvarnargerning eða fleiri fyrir hvert endurákvörðunarvaxtatímabil,

f) með því að nota tilgreiningarnar í c- til e-lið hér að ofan metur einingin í upphafi og á síðari tímabilum hvort vænta megi að áhættuvörnin verði afar skilvirk á tímabilinu sem vörnin er tilgreind fyrir,

g) einingin metur með reglulegu millibili þá breytingu á gangvirði áhættuvarða liðarins (eins og tilgreint er í c-lið) sem rekja má til áhættunnar, sem varið er gegn (eins og tilgreint er í d-lið), […]. Að því tilskildu að ákvarðað hafi verið að áhættuvörnin hafi raunverulega verið afar skilvirk, þegar hún var metin með því að nota skjalfesta aðferð einingarinnar um mat á skilvirkni, færir einingin breytinguna á áhættuvarða liðnum sem ágóða eða tap í rekstrarreikningi og í einni eða tveimur sérlínum í efnahagsreikningi, eins og lýst er í lið 89A. Ekki þarf að skipta breytingunni á gangvirði niður á einstakar eignir eða skuldir,

h) einingin metur breytinguna á gangvirði áhættuvarnargerningsins (-gerninganna) (eins og tilgreint er í e-lið) og færir hana sem ágóða eða tap í rekstrarreikningi. Gangvirði áhættuvarnargerningsins (-gerninganna) er fært sem eign eða skuld í efnahagsreikningi,

i) óskilvirkni ([27]) er færð í rekstrarreikning sem mismunur á breytingunni á gangvirði sem um getur í g-lið og breytingunni sem um getur í h-lið.

AG115 Þessari aðferð er lýst ítarlegar hér á eftir. Aðferðinni skal aðeins beita á gangvirðisvörn vegna vaxtaáhættu í tengslum við safn fjáreigna eða fjárskulda.

AG116 Í safninu, sem skilgreint er í a-lið liðar AG114, gætu verið eignir og skuldir. Í safninu gætu líka verið eingöngu eignir eða eingöngu skuldir. Safnið er notað til að ákvarða fjárhæð eignanna eða skuldanna sem einingin vill verja gegn áhættu. Sjálft safnið er þó ekki tilgreint sem áhættuvarinn liður.

AG117 Þegar b-lið liðar AG114 er beitt ákvarðar einingin væntan endurákvörðunardag vaxtakjara liðar miðað við þann dag sem er fyrr, annaðhvort væntanlegan gjalddaga liðarins eða þegar ákvarðað er miðað við markaðsvexti. Væntir endurákvörðunardagar vaxtakjara eru metnir þegar áhættuvörninni er komið á og á meðan hún er í gildi út frá fyrri reynslu og öðrum tiltækum upplýsingum, þar á meðal upplýsingum og væntingum um uppgreiðsluhlutfall og vexti og víxlverkan þar á milli. Einingar, sem hafa enga reynslu sem á sérstaklega við um þær eða ófullnægjandi reynslu, nota reynslu sambærilegra (e. *peer group*) eininga. Þetta mat má endurskoða reglulega og uppfæra það með hliðsjón af fenginni reynslu. Þegar um er að ræða lið á föstum vöxtum sem er uppgreiðanlegur er væntur endurákvörðunardagur vaxtakjara uppgreiðsludagurinn nema vaxtaákvörðun miðist við markaðsvexti á degi sem er fyrr. Fyrir flokk sambærilegra liða getur skiptingin á tímabil, sem byggð er á væntum endurákvörðunardögum vaxtakjara, verið í þeirri mynd að skipta tilteknum hundraðshluta af flokknum, fremur en einstökum liðum, á hvert tímabil. Eining getur beitt annarri aðferðafræði við slíka úthlutun. Hún getur t.d. notað uppgreiðsluhlutfall sem margfaldara til að skipta afskrifanlegum útlánum á tímabil eftir væntum endurákvörðunardögum vaxtakjara. Aðferðafræðin fyrir slíka skiptingu skal þó vera í samræmi við áhættustýringaraðferðir og -markmið einingarinnar.

AG118 Sem dæmi um tilgreininguna, sem sett er fram í c-lið í lið AG114, má taka að eining, sem metur á tilteknu endurákvörðunarvaxtatímabili eignir á föstum vöxtum að fjárhæð 100 GE og skuldir á föstum vöxtum að fjárhæð 80 GE, og ef hún ákveður að áhættuverja alla nettófjárhæðina, 20 GE, tilgreinir hún sem áhættuvarða liðinn eignir að fjárhæð 20 GE (hluta eignanna). Tilgreiningin er sett fram sem „fjárhæð í gjaldmiðli“ (þ.e. fjárhæð í dölum, evrum, pundum eða rand) fremur en sem einstakar eignir. Af því leiðir að allar eignirnar (eða skuldirnar) sem varða fjárhæðin er tekin af — þ.e. allar 100 GE eignanna í dæminu hér að framan — verða að vera liðir sem taka gangvirðisbreytingum í samræmi við breytingar á vöxtunum sem verið er að áhættuverja […].

AG119 Einingin fylgir einnig hinni tilgreiningunni og kröfum um skjalfestingu sem sett er fram í a-lið 88. liðar. Að því er varðar safnvörn vegna vaxtaáhættu er stefna einingarinnar varðandi allar breytur, sem eru notaðar til að skilgreina fjárhæðina sem er áhættuvarin, og hvernig skilvirkni er metin tekin sérstaklega fram í þessari tilgreiningu og skjalfestingu, þ.m.t. eftirfarandi:

a) hvaða eignir og skuldir á að taka með í safnvörninni og á hvaða grundvelli skuli fjarlægja þær úr safninu,

([27]) Sama tillit verður að taka til mikilvægis í þessu sambandi og í öllum IFRS-stöðlunum.

b) hvernig einingin metur endurákvörðunardaga vaxtakjara, m.a. hvaða vaxtaforsendur liggi til grundvallar mati á uppgreiðsluhlutfalli og á hvaða grundvelli skuli breyta þessu mati. Sama aðferð er notuð bæði fyrir upphaflega matið, sem fer fram þegar eign eða skuld er tekin með í áhættuvarið safn, og fyrir síðari endurskoðanir á þess háttar mati,

c) fjöldi og lengd endurákvörðunarvaxtatímabila,

d) hve oft einingin mun prófa skilvirkni […],

e) aðferðafræðin, sem einingin notar til að ákvarða fjárhæð eigna eða skulda, sem er tilgreind sem varði liðurinn […],

f) […]hvort einingin muni prófa skilvirkni fyrir hvert endurákvörðunarvaxtatímabil, fyrir öll tímabilin í heild eða með því að nota einhvers konar sambland af þessu tvennu.

Stefnumiðin, sem tekin eru sérstaklega fram í tilgreiningu og skjalfestingu á áhættuvarnartengslum, skulu vera í samræmi við áhættustýringaraðferðir og -markmið einingarinnar. Breytingar á stefnumiðum skulu ekki vera geðþóttaákvarðanir. Þær skulu helgast af breytingum á markaðsaðstæðum og öðrum þáttum og byggjast á og samræmast áhættustýringaraðferðum og -markmiðum einingarinnar.

AG120 Áhættuvarnargerningurinn, sem um getur í e-lið liðar AG114, getur verið ein afleiða eða safn afleiðna, sem allar eru í vaxtaáhættunni sem varið er gegn og tilgreind er í d-lið liðar AG114 (t.d. safn vaxtaskiptasamninga sem allir eru háðir LIBOR-vöxtum). Í slíku safni afleiðna geta verið áhættustöður sem jafna hver aðra út. Í því mega þó ekki vera útgefnir valréttir eða útgefnir nettóvalréttir vegna þess að ekki er heimilt samkvæmt staðlinum ([28]) að tilgreina þess háttar valrétti sem áhættuvarnargerninga (nema þegar útgefinn valréttur er tilgreindur sem jöfnun á móti keyptum valrétti). Ef áhættuvarnargerningurinn ver fjárhæðina, sem er tilgreind í c-lið liðar AG114, lengur en í eitt endurákvörðunarvaxtatímabil er honum skipt á öll tímabilin sem hann ver. Áhættuvarnargerningnum í heild verður hins vegar að skipta á þessi endurákvörðunarvaxtatímabil vegna þess að ekki er heimilt samkvæmt staðlinum ([29]) að tilgreina aðeins áhættuvarnartengsl fyrir hluta tímabilsins sem áhættuvarnargerningurinn er útistandandi.

AG121 Þegar einingin metur breytinguna á gangvirði uppgreiðanlegs liðar í samræmi við g-lið liðar AG114 hefur breyting á vöxtum áhrif á gangvirði uppgreiðanlega liðarins á tvo vegu: hún hefur áhrif á gangvirði samningsbundins sjóðstreymis og gangvirði uppgreiðsluréttarins sem felst í uppgreiðanlega liðnum Einingu er heimilt skv. 81. lið staðalsins að tilgreina hluta fjáreignar eða fjárskuldar, sem er í sameiginlegri áhættu, sem áhættuvarða liðinn, að því tilskildu að hægt sé að meta skilvirknina. […].

AG122 Í staðlinum er ekki tekið fram hvaða aðferðir skuli notaðar til að ákvarða fjárhæðina, sem um getur í g-lið liðar AG114, þ.e.a.s. breytinguna á gangvirði áhættuvarða liðarins sem rekja má til áhættunnar sem varið er gegn. […]. Ekki er rétt að gera ráð fyrir að breytingar á gangvirði áhættuvarða liðarins séu jafnar breytingum á virði áhættuvarnargerningsins.

AG123 Í lið 89A er gerð krafa um það að breyting á virði eignarinnar sé sett fram í sérlínu undir eignum, ef áhættuvarði liðurinn á tilteknu endurákvörðunarvaxtaímabili er eign. Ef áhættuvarinn liður á tilteknu endurákvörðunarvaxtatímabili er hins vegar skuld, er breytingin á virði hennar sett fram í sérlínu undir skuldum. Þetta eru sérlínurnar sem getið er um í g-lið liðar AG114. Ekki er krafist sérstakrar skiptingar niður á einstakar eignir (eða skuldir).

AG124 Í i-lið liðar AG114 kemur fram að óskilvirkni nemur því marki sem breytingin á gangvirði áhættuvarða liðarins, sem rekja má til vörðu áhættunnar, er ólík breytingunni á gangvirði áhættuvörðu afleiðunnar. Slíkur mismunur getur orðið til við margar aðstæður, m.a.:

a) […],

b) virði liða í áhættuvarða safninu rýrnar eða þeir eru afskrifaðir,

([28]) Sjá 77. lið og lið AG94
([29]) Sjá 75. lið.

c) greiðsludagar áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins eru ekki þeir sömu og

d) aðrar ástæður […].

Þess háttar óskilvirkni ([30]) skal skilgreina og færa í rekstrarreikning.

AG125 Yfirleitt batnar skilvirkni áhættuvarnarinnar:

a) ef einingin áætlar liði með mismunandi uppgreiðslueiginleikum þannig að tekið er tillit til mismunandi upp greiðsluhegðunar,

b) þegar fjöldi liða í safninu er stærri. Þegar aðeins fáir liðir eru í safninu er líklegt að óskilvirkni verði tiltölulega mikil ef einn liðanna er greiddur upp fyrr eða síðar en vænst er. Hins vegar verða spár um uppgreiðsluhegðun nákvæmari þegar margir liðir eru í safninu,

c) þegar notuð eru skemmri endurákvörðunarvaxtatímabil (endurákvörðunarvaxtatímabilin eru t.d. einn mánuður í stað þriggja). Skemmri endurákvörðunarvaxtatímabil draga úr áhrifum mispörunar á endurákvörðunardögum vaxtakjara og greiðsludagsetningum (innan endurákvörðunarvaxtatímabilsins) áhættuvarða liðarins og sömu dagsetningum áhættuvarnargerningsins,

d) því oftar sem fjárhæð áhættuvarnargerningsins er leiðrétt til að endurspegla breytingar á áhættuvarða liðnum (t.d. vegna breytinga á væntingum um uppgreiðslu).

AG126 Eining prófar skilvirkni með reglulegu millibili. […]

AG127 Þegar skilvirkni er metin greinir einingin endurskoðun á áætluðum endurákvörðunardögum vaxtakjara fyrirliggjandi eigna (eða skulda) frá stofnun nýrra eigna (eða skulda) þar sem einungis þær fyrrnefndu valda óskilvirkni. Þegar óskilvirkni hefur verið færð, eins og greint er frá hér að framan, fastsetur einingin nýtt mat á heildareignum (eða -skuldum) á hverju endurákvörðunarvaxtatímabili, þ.m.t. nýjar eignir (eða skuldir), sem hefur verið stofnað til frá því skilvirknin var prófuð síðast, og tilgreinir nýja fjárhæð áhættuvarða liðarins og nýja hundraðstölu sem áhættuvörðu hundraðstöluna. […]

AG128 Liðir, sem voru upphaflega áætlaðir innan endurákvörðunarvaxtatímabils, kunna að vera afskráðir vegna þess að uppgreiðsla eða niðurfærsla áttu sér stað fyrr en vænst var vegna virðisrýrnunar eða sölu. Þegar þetta gerist skal fjarlægja fjárhæð breytingar á gangvirðinu, sem innifalin er í sérlínunni sem um getur í g-lið liðar AG114 og tengist afskráða liðnum, úr efnahagsreikningnum og taka hana með í ágóða eða tapi sem stafar af afskráningu liðarins. Í þessu skyni er nauðsynlegt að kunna skil á endurákvörðunarvaxtatímabilinu (-tímabilunum), sem afskráði liðurinn var áætlaður á, vegna þess að það ákvarðar endurákvörðunarvaxtatímabilið (-tímabilin) sem þarf að fjarlægja hann úr og þar af leiðandi fjárhæðina sem á að fella brott úr sérlínunni sem um getur í g-lið liðar AG114. Þegar liður er afskráður, ef unnt er að ákvarða innan hvaða tímabils hann var, er hann felldur brott úr því tímabili. Ef ekki, er hann felldur brott úr elsta tímabilinu, ef afskráningin stafaði af því að uppgreiðslan var hærri en vænst var eða er skipt niður á öll tímabilin, sem afskráði liðurinn var í, á kerfisbundnum og skynsamlegum grundvelli, ef liðurinn var seldur eða rýrnaði í verði.

AG129 Auk þess eru allar fjárhæðir, sem tengjast tilteknu tímabili og hafa ekki verið afskráðar þegar tímabilið rennur út, færðar í rekstrarreikning á þeim tíma (sjá lið 89A). […]

AG130 […].

AG131 Ef áhættuvarða fjárhæðin er lækkuð á endurákvörðunarvaxtatímabili án þess að tengdar eignir (eða skuldir) séu afskráðar, skal afskrifa fjárhæðina, sem er innifalin í sérlínunni sem um getur í g-lið AG114 og tengist lækkuninni, í samræmi við 92. lið.

([30]) Sama tillit verður að taka til mikilvægis í þessu sambandi og í öllum IFRS-stöðlunum.

AG132 Eining getur óskað eftir að beita aðferðinni, sem sett er fram í liðum AG114–AG131, á safnvörn sem hefur áður verið færð sem sjóðstreymisvörn í samræmi við IAS-staðal 39. Þess háttar eining myndi afturkalla fyrri tilgreiningu á sjóðstreymisvörn í samræmi við d-lið 101. liðar og fara að kröfunum sem settar eru fram í þeim lið. Hún myndi einnig endurtilgreina áhættuvörnina sem gangvirðisvörn og beita aðferðinni, sem sett er fram í liðum AG114–AG131 framvirkt, á síðari reikningstímabil.

UMBREYTING (liðir 103–108C)

AG133 Eining getur hafa tilgreint áætluð viðskipti innan samstæðunnar sem áhættuvarinn lið í upphafi árlegs tímabils, sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar (eða, vegna endurgerðar á samanburðarupplýsingum, í upphafi fyrra samanburðartímabils), í áhættuvörn sem myndi uppfylla skilyrði um áhættuvarnareikningsskil í samræmi við þennan staðal (eins og honum var breytt með síðasta málslið 80. liðar). Slík eining gæti notað þá flokkun til að beita áhættuvörnum í samstæðureikningsskilum frá upphafi árlegs tímabils sem hefst 1. janúar 2005 (eða í upphafi fyrra samanburðartímabils). Slík eining skal einnig beita liðum AG99A og AG99B frá upphafi árlega tímabilsins sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar. Í samræmi við lið 108B þarf þó ekki að beita lið AG99B að því er varðar samanburðarupplýsingar frá fyrri tímabilum.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 40 (IAS-staðall 40)

Fjárfestingareignir

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum staðli er að mæla fyrir um reikningsskilalega meðferð fjárfestingareigna og hvaða viðeigandi upplýsinga er krafist

GILDISSVIÐ

2 Þessum staðli skal beitt við færslu, mat og upplýsingagjöf vegna fjárfestingareigna.

3 [Felldur brott]

4 Þessi staðall gildir ekki um:

a) lífrænar eignir sem tengjast landbúnaðarstarfsemi (sjá IAS-staðal 41, landbúnaður, og IAS-staðli 16, varanlegir rekstrarfjármunir) og

b) jarðefnaréttindi og jarðefnaauðlindir, s.s. olíu, jarðgas og sambærilegar, óendurnýjanlegar auðlindir.

SKILGREININGAR

5 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

***Bókfært verð* er fjárhæð eignar í efnahagsreikningi eftir að allar uppsafnaðar afskriftir og öll uppsöfnuð virðisrýrnunartöp hafa verið dregin frá henni.**

***Kostnaðarverð* er sú fjárhæð handbærs fjár, eða ígildis þess, eða gangvirði annars endurgjalds sem innt er af hendi fyrir eign þegar hún er keypt eða byggð eða, eftir því sem við á, fjárhæðin sem er eignuð þeirri eign þegar hún er upphaflega færð í samræmi við sérstakar kröfur annarra IFRS-staðla, t.d. IFRS-staðals 2, *eignarhlutatengdar greiðslur*.**

***Gangvirði* er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13, *gangvirðismat*.)**

***Fjárfestingareign* er fasteign (land eða húseign — eða hluti húseignar — eða hvort tveggja) í eigu (eigandans eða leigutakans sem eign með afnotarétti) til öflunar leigutekna eða til verðmætisaukningar eða hvors tveggja fremur en til:**

a) nota við framleiðslu eða afhendingu á vörum eða þjónustu eða í stjórnunarlegum tilgangi eða

b) sölu í reglubundinni starfsemi.

***Fasteign, sem eigandinn nýtir*, er fasteign sem einhver hefur til umráða (eigandi eða leigutaki sem eign með afnotarétti) til nota í framleiðslu eða við afhendingu á vöru eða þjónustu eða í stjórnunarlegum tilgangi.**

FLOKKUN EIGNAR SEM FJÁRFESTINGAREIGNAR EÐA FASTEIGNAR SEM EIGANDI NÝTIR

6 [Felldur brott]

7 Fjárfestingareign er eign til öflunar leigutekna eða til verðmætisaukningar eða hvors tveggja. Þess vegna myndar fjárfestingareign sjóðstreymi sem er að mestu óháð öðrum eignum einingarinnar. Þetta greinir fjárfestingareign frá fasteign sem eigandinn nýtir. Framleiðsla vara eða afhending á vörum eða þjónustu (eða notkun fasteignar í stjórnunarlegum tilgangi) myndar sjóðstreymi sem er ekki unnt að rekja einvörðungu til fasteignar heldur einnig til annarra eigna sem eru notaðar í framleiðslunni eða afhendingarferlinu. IAS-staðall 16 gildir um fasteign sem eigandi nýtir og IFRS-staðall 16, *leigusamningar*, gildir um fasteign sem eigandi nýtir sem leigutaki hefur til umráða sem eign með afnotarétti.

8 Eftirfarandi eru dæmi um fjárfestingareignir:

a) land, ætlað til verðmætisaukningar á löngum tíma fremur en til sölu innan skamms tíma í reglubundinni starfsemi,

b) land sem ekki hefur verið ákveðin notkun á í framtíðinni. (Ef eining hefur ekki ákvarðað að það noti landið annaðhvort sem fasteign, sem eigandi nýtir, eða til sölu innan skamms tíma í reglubundinni starfsemi er landið talið vera til verðmætisaukningar.)

c) húseign sem einingin á (eða eign með afnotarétti í tengslum við húseiningu sem eining á) og er leigð út samkvæmt einum rekstrarleigusamningi eða fleirum,

d) húseign sem er auð en ætluð til leigu samkvæmt einum rekstrarleigusamningi eða fleirum.

e) fasteign sem er í byggingu eða breytingu til nota í framtíðinni sem fjárfestingareign.

9 Eftirfarandi eru dæmi um liði sem eru ekki fjárfestingareignir og falla því utan gildissviðs þessa staðals:

a) fasteign, sem ætluð er til sölu í reglubundinni starfsemi eða í byggingu eða breytingu fyrir slíka sölu (sjá IAS-staðal 2, *birgðir*), t.d. fasteign sem eingöngu er keypt í þeim tilgangi að selja hana í náinni framtíð eða til breytinga og endursölu,

b) [felldur brott]

c) fasteign, sem eigandinn nýtir (sjá IAS-staðal 16 og IFRS-staðal 16), þ.m.t. (m.a.) fasteignir til nota í framtíðinni sem fasteignir sem eigandinn nýtir, fasteignir til breytinga í framtíðinni og síðari nota sem fasteignir sem eigandinn nýtir, fasteignir, sem starfsmenn nýta, (hvort sem starfsmennirnir greiða markaðsleigu eða ekki) og fasteignir, sem eigandinn nýtir og bíða sölu eða annarrar ráðstöfunar,

d) [felldur brott]

e) fasteign sem er leigð annarri einingu í fjármögnunarleigu.

10 Sumar fasteignir falla undir hluta sem er til öflunar leigutekna eða verðmætisaukningar og annan hluta sem er til nota í framleiðslu eða til afhendingar á vörum eða þjónustu eða í stjórnunarlegum tilgangi. Ef unnt er að selja þessa hluta aðskilda (eða leigja þá aðskilda samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu) aðgreinir einingin þá hvorn fyrir sig í reikningsskilunum. Ef ekki er unnt að selja hlutana aðskilda er fasteignin því aðeins fjárfestingareign að óverulegur hluti hennar sé í notkun í framleiðslu eða við afhendingu á vörum eða þjónustu eða í stjórnunarlegum tilgangi.

11 Í sumum tilvikum er eining með viðbótarþjónustu við íbúa fasteignar sem það hefur umráð yfir. Eining skal fara með slíka fasteign sem fjárfestingareign ef þjónustan er óverulegur hluti af heildarsamkomulaginu. Dæmi um það er þegar eigandi skrifstofuhúsnæðis sér um öryggis- og viðhaldsþjónustu fyrir leigutakana í húseigninni.

12 Í öðrum tilvikum er þjónustan, sem er veitt, viðameiri. Nefna má sem dæmi einingu sem á og rekur hótel en þá er þjónusta við gestina verulegur hluti af rekstrinum í heild. Þess vegna er eigandarekið hótel fasteign sem eigandi nýtir fremur en fjárfestingareign.

13 Erfitt getur verið að ákvarða hvort viðbótarþjónusta er svo umfangsmikil að fasteignin fullnægi ekki kröfum sem fjárfestingareign. Eigandi hótels felur t.d. þriðja aðila nokkra ábyrgð samkvæmt rekstrarsamningi. Skilmálar slíkra samninga eru mjög breytilegir. Annars vegar gæti eigandinn í reynd haft þá afstöðu að vera hlutlaus fjárfestir. Hins vegar kynni eigandinn einfaldlega að hafa útvistað daglega starfsemi og haldið verulegri áhættu sem felst í sjóðstreymissveiflum í rekstri hótelsins.

14 Það fer eftir mati sem byggist á eigin dómgreind hvort fasteign uppfyllir skilyrði sem fjárfestingareign. Hjá einingu eru þróaðar viðmiðanir svo að hún geti beitt mati á samræmdan hátt í samræmi við skilgreiningu á fjárfestingareign og með tilheyrandi leiðbeiningum í 7.–13. lið. Í ákvæðum c-liðar 75. liðar er gerð sú krafa að eining greini frá þessum viðmiðunum þegar flokkunin er vandasöm.

14A Mati þarf einnig að beita til að ákvarða hvort yfirtaka fjárfestingareignar er yfirtaka eignar eða eignaflokks eða sameining fyrirtækja innan gildissviðs IFRS-staðals 3, *sameining fyrirtækja*. Vísa ætti til IFRS-staðals 3 til að ákvarða hvort um sameiningu fyrirtækja sé að ræða. Umfjöllunin í 7.–14. lið í þessum staðli tengist því hvort eign sé fasteign sem eigandi nýtir eða fjárfestingareign en tengist því ekki hvort yfirtaka eignarinnar sé sameining fyrirtækja eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3. Til að ákvarða hvort tiltekin viðskipti falli undir skilgreininguna á sameiningu fyrirtækja eins og hún er skilgreind í IFRS-staðli 3 og hafi að geyma fjárfestingareign eins og hún er skilgreind í þessum staðli krefst þess að báðum stöðlum sé beitt aðskilið.

15 Í sumum tilvikum á eining fasteign sem er leigð og nýtt af móðurfélagi hennar eða öðru dótturfélagi. Fasteignin uppfyllir ekki skilyrði fjárfestingareignar í samstæðureikningsskilunum vegna þess að eigandinn nýtir fasteignina séð frá sjónarhorni samstæðunnar. Ef á hinn bóginn er aðeins miðað við eininguna, sem á hana, er fasteignin fjárfestingareign ef hún fellur að skilgreiningunni í 5. lið. Af þeim sökum fer leigusalinn með fasteignina eins og fjárfestingareign í eigin reikningsskilum.

FÆRSLA

16 Einungis skal færa eigin fjárfestingareign sem eign þá og því aðeins að:

a) líklegt sé talið að efnahagslegur ávinningur í framtíðinni, sem rekja má til fjárfestingareignarinnar, renni til einingarinnar og

b) unnt sé að meta með áreiðanlegum hætti kostnaðarverð fjárfestingareignarinnar.

17 Eining metur samkvæmt þessari færslureglu allan kostnað við fjárfestingareignina um leið og til hans er stofnað. Þess háttar kostnaður er m.a. kostnaður sem varð til vegna upphaflegra kaupa á fjárfestingareign og kostnaður sem stofnað er til síðar til að auka við hana, endurnýja hluta hennar eða til viðhalds eigninni.

18 Samkvæmt færslureglunni í 16. lið færir eining ekki kostnað við daglegt viðhald fjárfestingareignar með í bókfærðu verði slíkrar eignar. Þessi kostnaður er þess í stað færður í rekstrarreikning þegar stofnað er til hans. Kostnaður við daglegt viðhald er einkum kostnaður við laun og rekstrarvörur en getur innifalið kostnaðarverð smáhluta. Tilgangurinn með þessum útgjöldum er oft sagður vera „viðgerðir og viðhald“ eignarinnar.

19 Hlutar fjárfestingareigna kunna að hafa verið keyptir til endurnýjunar. Innveggirnir geta t.d. hafa komið í stað upprunalegu veggjanna. Samkvæmt færslureglunni færir eining kostnað vegna endurnýjunar á hluta fjárfestingareignar með í bókfærðu verði fjárfestingareignar, sem fyrir er, þegar stofnað er til kostnaðarins, að uppfylltum skilyrðum fyrir færslu. Bókfært verð þeirra hluta, sem eru endurnýjaðir, er fært úr í samræmi við afskráningarákvæði þessa staðals.

19A Fjárfestingareign sem leigutaki hefur til umráða sem eign með afnotarétti skal færð í samræmi við IFRS-staðal 16.

MAT VIÐ FÆRSLU

20 Í upphafi skal meta eigin fjárfestingareign á kostnaðarverði. Viðskiptakostnaður skal vera innifalinn í upphaflega matinu.

21 Í kostnaðarverði keyptrar fjárfestingareignar felast kaupverð og útgjöld sem rekja má beint til kaupanna. Útgjöld sem rekja má beint til kaupa fela til dæmis í sér þóknun fyrir sérfræðistörf, lögfræðiþjónustu, skatta á framsal eigna og annan viðskiptakostnað.

22 [Felldur brott]

23 Kostnaðarverð fjárfestingareignar hækkar ekki vegna:

a) upphafskostnaðar (nema hann sé nauðsynlegur til að koma eigninni í það ástand sem nauðsynlegt er til að hún sé starfhæf með þeim hætti sem stjórnendur áforma),

b) rekstrartaps, sem verður áður en fjárfestingareignin nær áætluðu nýtingarstigi, eða

c) óeðlilegrar eyðslu efnis, vinnu eða annarra aðfanga við byggingu eða breytingu eignarinnar.

24 Ef greiðslu fyrir fjárfestingareign er frestað er kostnaðarverð ígildi staðgreiðsluverðs. Mismunurinn á þessari fjárhæð og heildargreiðslum er færður sem vaxtagjöld á lánstímabilinu.

25 [Felldur brott]

26 [Felldur brott]

27 Ein eða fleiri fjárfestingareignir kunna að vera fengnar í skiptum fyrir ópeningalega eign eða eignir, eða sambland peningalegra og ópeningalegra eigna. Í eftirfarandi umfjöllun er fjallað um skipti á einni ópeningalegri eign fyrir aðra en hún á jafnframt við um öll skipti sem lýst er í næstu málsgrein hér á undan. Kostnaðarverð þess háttar fjárfestingareignar er metið á gangvirði nema a) skiptin séu ekki viðskiptalegs eðlis eða b) hvorki gangvirði eignarinnar, sem tekið er við, né eignarinnar, sem látin er af hendi, er metið með áreiðanlegum hætti. Eignin, sem tekið er við, er metin með þessum hætti jafnvel þótt einingin geti ekki fært eignina, sem látin er af hendi, úr efnahags-reikningi þegar í stað. Ef eignin, sem keypt er, er ekki metin á gangvirði er kostnaðarverð hennar metið á bókfærðu verði eignarinnar, sem látin er af hendi.

28 Eining ákvarðar hvort skipti séu viðskiptalegs eðlis með því að kanna umfang breytinga sem vænst er að verði á framtíðarsjóðstreymi hennar af völdum skiptanna. Skipti eru viðskiptalegs eðlis ef:

a) samskipan (þ.e. áhætta, tímasetning og fjárhæð) sjóðstreymis, sem stafar af eigninni sem tekið er við er önnur en samskipan sjóðstreymis eignarinnar sem látin er af hendi eða

b) virðið á sérstaklega við um þann hluta rekstrar einingarinnar, sem viðskiptin hafa áhrif á, sem breytist af völdum skiptanna og

c) mismunurinn á a- og b-lið er verulegur miðað við gangvirði eignanna sem skipt er á.

Við ákvörðun á því hvort skipti séu viðskiptalegs eðlis skal virðið fyrir eininguna á þeim rekstri einingarinnar, sem skiptin hafa áhrif á, endurspegla sjóðstreymi eftir skatta. Niðurstaða þessarar greiningar getur verið skýr án þess að eining þurfi að gera ítarlega útreikninga.

29 Unnt er að meta gangvirði eignar með áreiðanlegum hætti ef a) breytileiki á bilinu, þar sem er að finna skynsamlegt virðismat fyrir viðkomandi eign, er ekki þýðingarmikill eða b) unnt er að meta með skynsamlegum hætti líkindi mats á því bili og nota til að meta gangvirði. Ef einingin getur ákvarðað með áreiðanlegum hætti gangvirði annaðhvort eignarinnar, sem tekið er við, eða eignarinnar, sem látin er af hendi, er gangvirði eignarinnar, sem látin er af hendi, notað til að meta kostnaðarverðið nema gangvirði eignarinnar, sem tekið er við, liggi skýrar fyrir.

29A Fjárfestingareign sem leigutaki hefur til umráða sem eign með afnotarétti skal upphaflega metin á kostnaðarverði í samræmi við IFRS-staðal 16.

MAT EFTIR FÆRSLU

Reikningsskilastefna

30 Með undantekningunni, sem tilgreind er í lið 32A, skal eining velja annaðhvort gangvirðislíkanið í 33.–55. lið eða kostnaðarverðslíkanið í 56. lið sem reikningsskilaaðferð og skal beita þeirri aðferð á allar fjárfestingareignir sínar.

31 Í IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, er kveðið á um að breytingu á reikningsskilaaðferðum að eigin frumkvæði skuli aðeins gera ef sú breyting verður til þess að reikningsskilin veiti áreiðanlegri og meira viðeigandi upplýsingar um áhrif af viðskiptum, öðrum atburðum eða aðstæðum á fjárhagsstöðu einingarinnar, rekstrarárangur eða sjóðsstreymi. Það er afar ólíklegt að breyting úr gangvirðislíkaninu yfir í kostnaðarverðslíkanið leiði til þess að sú framsetning eigi betur við.

32 Í þessum staðli er gerð krafa um að allar einingar meti gangvirði fjárfestingareignar annaðhvort til mats (ef einingin notar gangvirðislíkanið) eða til upplýsingagjafar (ef hún notar kostnaðarverðslíkanið). Einingar eru hvattar til þess, en ekki er gerð krafa um það, að þær meti gangvirði fjárfestingareigna á grundvelli mats sjálfstæðs matsmanns sem hefur viðurkennda og viðeigandi sérfræðimenntun og er kunnugur viðkomandi landsvæði og tegund þeirrar fjárfestingareignar sem meta skal.

32A Eining getur:

a) valið annaðhvort gangvirðislíkanið eða kostnaðarverðslíkanið fyrir allar fjárfestingareignir að baki skuldbindingum sem greiða ávöxtun sem tengist beint gangvirði eða ávöxtun á tilgreindum eignum þ.m.t. fjárfestingareignin, og

b) valið annaðhvort gangvirðislíkanið eða kostnaðarverðslíkanið fyrir allar aðrar fjárfestingareignir óháð valinu í a-lið.

32B Sumar einingar starfrækja innri eða ytri fjárfestingarsjóð sem veitir fjárfestum ábata sem er ákvarðaður af hlutdeild arskírteinum í sjóðnum. Á svipaðan hátt gefa sumar einingar út vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum þar sem undirliggjandi liðir innihalda fjárfestingareignir. Að því er varðar liði 32A–32B eingöngu, innihalda vátryggingarsamningar fjárfestingarsamninga með valkvæðum þátttökuákvæðum. Liður 32A leyfir einingum ekki að meta eignir í eigu sjóðsins (eða eignir sem eru undirliggjandi liðir) að hluta til á kostnaðarverði og að hluta til á gangvirði. (Sjá IFRS-staðal 17, *vátryggingarsamningar*, fyrir hugtök sem eru notuð í þessum lið sem eru skilgreind í þeim staðli).

32C Ef eining velur önnur líkön fyrir flokkana tvo, sem lýst er í lið 32A, skal færa sölu fjárfestingareigna milli eignasafna sem metin eru með ólíkum líkönum á gangvirði og uppsafnaða breytingu á gangvirði skal færa í rekstrarreikning. Af þeim sökum, ef fjárfestingareign er seld úr safni þar sem gangvirðislíkanið er notað til safns þar sem kostnaðarverðslíkanið er notað, verður gangvirði eignarinnar á söludegi kostnaðarverð hennar.

Gangvirðislíkan

33 Eftir upphaflega færslu skal eining, sem velur gangvirðislíkanið, meta allar fjárfestingareignir sínar á gangvirði nema í þeim tilvikum sem lýst er í 53. lið.

34 [Felldur brott]

35 Ágóði eða tap, sem stafar af breytingum á gangvirði fjárfestingareigna, skal fært í rekstrarreikning á því tímabili sem það verður rakið til.

36–39 [Felldur brott]

40 Við mat á gangvirði fjárfestingareigna í samræmi við IFRS-staðal 13 skal einingin tryggja að gangvirðið endurspegli m.a. leigutekjur af gildandi leigusamningum og aðrar forsendur sem markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu á fjárfestingareignum við ríkjandi markaðsaðstæður.

40A Þegar leigutaki notar gangvirðislíkan til að meta fjárfestingareign sem hann hefur til umráða sem eign með afnotarétti skal hann meta þá eign með afnotarétti, en ekki undirliggjandi eign, á gangvirði.

41 Í IFRS-staðli 16 er tilgreindur grundvöllur fyrir upphaflega færslu kostnaðarverðs fjárfestingareignar sem leigutaki hefur til umráða sem eign með afnotarétti. Í 33. lið er gerð krafa um að fjárfestingareignin, sem leigutaki hefur til umráða sem eign með afnotarétti, verði endurmetin, ef nauðsyn krefur, á gangvirði ef einingin velur gangvirðislíkanið. Þegar leigugreiðslur eru á markaðsvirði skal gangvirði fjárfestingareignar sem leigutaki hefur til umráða sem eign með afnotarétti við yfirtöku, að frádregnum öllum væntum leigugreiðslum (þ.m.t. þær sem tengjast færðum leiguskuldum), vera núll. Þegar mati á eign með afnotarétti er breytt frá kostnaðarverði í samræmi við IFRS-staðal 16 yfir í gangvirði í samræmi við 33. lið (að teknu tilliti til krafnanna í 50. lið) ætti það ekki að leiða til neins upphaflegs ágóða eða taps, nema gangvirðið sé metið á mismunandi tíma. Þetta gæti gerst þegar valið er að beita gangvirðislíkaninu eftir upphaflega færslu.

42–47 [Felldur brott]

48 Í undantekningartilvikum hafa þó komið fram skýrar vísbendingar um það að eining geti ekki með áreiðanlegum hætti ákvarðað gangvirði fjárfestingareignar til langframa fyrst eftir að hún kaupir fjárfestingareign (eða fyrst eftir að fasteign, sem einingin á fyrir, verður að fjárfestingareign vegna breytingar á notkun), fyrir því að breytileikinn í skynsamlegu gangvirðismati sé svo mikill og að erfiðleikarnir við að meta líkindi mismunandi niðurstaðna eru það miklir að notagildi eins gangvirðismats er ekkert. Þetta kann að benda til þess að ekki sé hægt að meta gangvirðismat fasteignar til langframa með áreiðanlegum hætti (sjá 53. lið).

49 [Felldur brott]

50 Þegar bókfært verð fjárfestingareignar, samkvæmt gangvirðislíkaninu, er ákvarðað forðast einingar að tvítelja eignir eða skuldir sem eru færðar sem aðgreindar eignir og skuldir. Dæmi:

a) tæki eins og lyftur eða loftkælingarbúnaður eru oft óaðskiljanlegur hluti byggingar og þau eru yfirleitt talin með í gangvirði fjárfestingareignar fremur en að þau séu færð sérstaklega sem varanlegir rekstrarfjármunir,

b) ef skrifstofa er í leigu með húsgögnum er gangvirði húsgagnanna alla jafna innifalið í gangvirði skrifstofunnar vegna þess að leigutekjurnar eiga við um skrifstofuna með húsgögnum. Þegar húsgögn eru talið með í gangvirði fjárfestingareignar færir eining húsgögnin ekki sem aðgreinda eign,

c) fyrirframgreiddar eða áfallnar tekjur af rekstrarleigu falla ekki undir gangvirði fjárfestingareignar vegna þess að einingin færir þær sem sérstakar skuldir eða eignir,

d) gangvirði fjárfestingareignar, sem leigutaki hefur til umráða sem eign með afnotarétti, endurspeglar vænt sjóðstreymi (þ.m.t. breytilegar leigugreiðslur sem vænst er að komi til greiðslu). Þetta leiðir af sér að ef greiðslur, sem vænst er að verði inntar af hendi, eru ekki inni í mati á eign er af þeim sökum nauðsynlegt að leggja allar færðar leiguskuldir aftur við til að finna bókfært verð fjárfestingareignarinnar með því að nota gangvirðislíkan.

51 [Felldur brott]

52 Í sumum tilvikum væntir eining þess að núvirði greiðslna sem tengjast fjárfestingareignunum (annarra en greiðslna í tengslum við færðar skuldbindingar) verði meira en núvirði þeirra innborgana er tengjast þeim. Eining beitir IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, til að ákvarða hvort færa skuli skuld og þá hvernig skuli meta hana.

Þegar ekki er unnt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti

53 Það er hrekjanleg forsenda að eining geti með áreiðanlegum hætti metið gangvirði fjárfestingareignar til langframa. Í undantekningartilvikum hafa þó komið fram skýrar vísbendingar um það að eining geti ekki með áreiðanlegum hætti metið gangvirði fjárfestingareignar til langframa fyrst eftir að hún kaupir fjárfestingareign (eða fyrst eftir að fasteign, sem einingin á fyrir, verður að fjárfestingareign vegna breytingar á notkun). Þetta kemur upp þá og því aðeins þegar markaðurinn með sambærilegar fasteignir er óvirkur (t.d. að lítið sé um nýleg viðskipti, verðskrár eru gamlar eða ef sannreynanleg verð í viðskiptum gefa til kynna að seljandinn hafi verið þvingaður til að selja) og annað áreiðanlegt gangvirðismat (sem t.d. er byggt á afvöxtuðu, framreiknuðu sjóðstreymi) er ekki fyrir hendi. Ef eining kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé unnt að meta með áreiðanlegum hætti gangvirði fjárfestingareignar sem er í byggingu en væntir þess að hægt sé að meta gangvirði eignarinnar með áreiðanlegum hætti þegar byggingu hennar lýkur skal hún meta fjárfestingareignina, sem er í byggingu, á kostnaðarverði þar til unnt er að meta gangvirði hennar með áreiðanlegum hætti eða byggingu hennar lýkur (eftir því hvort er á undan). Ef eining kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé unnt að meta gangvirði fjárfestingareignar (annarrar en fjárfestingareignar í byggingu) til langframa, skal einingin meta fjárfestingareignina með kostnaðarverðslíkaninu í IAS-staðli 16 fyrir eigin fjárfestingareign eða í samræmi við IFRS-staðli 16 fyrir fjárfestingareign sem leigutaki hefur til umráða sem eign með afnotarétti. Hrakvirði fjárfestingareignarinnar skal vera talið vera núll. Einingin skal halda áfram að beita IAS-staðli 16 eða IFRS-staðli 16 þar til fjárfestingareigninni hefur verið ráðstafað.

53A Þegar eining getur metið á áreiðanlegan hátt gangvirði fjárfestingareignar sem er í byggingu og eignin hefur áður verið metin á kostnaðarvirði skal hún meta eignina á gangvirði hennar. Þegar byggingu þeirrar eignar lýkur er gert ráð fyrir að unnt sé að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti. Ef þetta á ekki við skal, í samræmi við 53. lið, færa eignina með kostnaðarverðslíkaninu í samræmi við IAS-staðal 16 að því er varðar eignir í eignarhaldi eða IFRS-staðal 16 að því er varðar fjárfestingareign sem leigutaki hefur umráð yfir sem eign með afnotarétti.

53B Einungis er hægt að hrekja þá ályktun að gangvirði fjárfestingareignar í byggingu sé hægt að meta á áreiðanlegan hátt við upphafsfærslu. Einingu, sem hefur metið fjárfestingareignarlið, sem er í byggingu, á gangvirði, er ekki heimilt að áætla að ekki sé unnt að meta gangvirði tilbúinnar fjárfestingareignar með áreiðanlegum hætti.

54 Í þeim undantekningartilvikum þegar einingu er skylt, af ástæðum sem eru tilgreindar í 53. lið, að meta fjárfestingareign með því að nota kostnaðarverðslíkanið í samræmi við IAS-staðal 16 eða IFRS-staðal 16, metur hún allar aðrar fjárfestingareignir sínar á gangvirði, þ.m.t. fjárfestingareignir í byggingu. Þó að eining kunni að nota kostnaðarverðslíkanið fyrir eina fjárfestingareign skal hún í þessum tilvikum halda áfram að gera grein fyrir eignunum sem eftir eru með því að nota gangvirðislíkanið.

55 Ef eining hefur áður metið fjárfestingareign á gangvirði skal hún halda áfram að meta fasteignina á gangvirði þar til henni verður ráðstafað (eða þar til eignin verður að fasteign sem eigandinn nýtir eða einingin hefst handa um breytingu á fasteigninni til sölu í reglubundinni starfsemi síðar) jafnvel þótt sambærileg markaðsviðskipti verði fátíðari eða torveldara verði að afla upplýsinga um markaðsverð.

Kostnaðarverðslíkan

56 Eftir upphafsfærslu skal eining, sem velur kostnaðarverðslíkanið, meta fjárfestingareign:

a) í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*, þegar hún uppfyllir skilyrði fyrir því að vera flokkuð sem haldið til sölu (eða eru í ráðstöfunarflokki sem er flokkaður sem haldið til sölu),

b) í samræmi við IFRS-staðal 16 ef leigutaki hefur umráð yfir henni sem eign með afnotarétti og henni er ekki haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5 og

c) í samræmi við kröfur IAS-staðals 16 að því er varðar kostnaðarverðslíkan í öllum öðrum tilvikum.

TILFÆRSLUR

57 Eining skal færa eign í eða úr fjárfestingareign þegar, og aðeins þegar, breyting verður á notkun. Breyting á notkun verður þegar eignin uppfyllir, eða hættir að uppfylla, skilgreiningu á fjárfestingareign og ljóst er að breyting er á notkun. Breyting á fyrirætlunum yfirstjórnar varðandi notkun á eign nægir í sjálfu sér ekki sem sönnun á því að breyting hafi orðið á notkun. Dæmi um sönnun á því að breyting hafi orðið á notkun er m.a.:

a) þegar eigandi byrjar að nýta fasteignina, eða þegar breyting er í þágu þess að eigandi nýti fasteignina sjálfur, fyrir tilfærslu úr flokki fjárfestingareigna yfir í flokk fasteigna sem eigandi nýtir,

b) þegar breytingar hefjast með sölu í huga, færist eignin úr flokki fjárfestingareigna yfir í birgðir,

c) þegar eigandi hættir að nýta fasteign, fyrir tilfærslu úr flokki fyrir fasteign sem eigandi nýtir, yfir í flokk fjárfestingareigna og

d) þegar rekstrarleiga til annars aðila hefst, fyrir tilfærslu úr birgðum yfir í fjárfestingareign.

e) [felldur brott]

58 Þegar eining ákveður að ráðstafa fjárfestingareign án breytinga heldur hún áfram að fara með eignina sem fjárfestingareign þar til hún er afskráð (fjarlægð af efnahagsreikningi) en endurflokkar hana ekki sem birgðir. Þegar eining hefur breytingar á fjárfestingareign, sem hún á fyrir, til áframhaldandi framtíðarnotkunar sem fjárfestingareign, er eignin áfram fjárfestingareign og er ekki endurflokkuð sem eign, sem eigandi nýtir, meðan á breytingunum stendur.

59 Í 60.–65. lið er kveðið á um þætti varðandi færslu og mat sem koma upp þegar eining notar gangvirðislíkanið á fjárfestingareign. Þegar eining notar kostnaðarverðslíkanið breyta tilfærslur milli fjárfestingareignar, fasteignar, sem eigandi nýtir, og birgða ekki bókfærðu verði fasteignarinnar sem er færð til og þær tilfærslur breyta ekki kostnaðarverði þeirrar fasteignar í mati eða upplýsingagjöf.

60 Við tilfærslu úr fjárfestingareign, sem færð er á gangvirði, yfir í fasteign, sem eigandi nýtir, eða birgðir skal kostnaðarverð eignarinnar til færslu eftirleiðis í samræmi við IAS-staðal 16, IFRS-staðal 16 eða IAS-staðal 2 teljast vera gangvirði hennar daginn sem breytingin verður á notkun.

61 Ef fasteign, sem eigandi nýtir, verður að fjárfestingareign sem verður færð á gangvirði skal eining beita IAS-staðli 16 að því er varðar eign sem eigandi nýtir og IFRS-staðli 16 að því er varðar fasteign sem leigutaki hefur umráð yfir sem eign með afnotarétti fram til dagsins þegar breytingin verður á notkun. Einingin skal fara með allan mismun á bókfærðu verði fasteignarinnar í samræmi við IAS-staðal 16 eða IFRS-staðal 16 og gangvirði hennar þann dag eins og endurmat í samræmi við IAS-staðal 16.

62 Fram til þess dags sem fasteign, sem eigandinn nýtir, verður fjárfestingareign á gangvirði afskrifar eining fasteignina og færir allt virðisrýrnunartap sem hefur orðið. Einingin fer með hvers kyns mismun á bókfærðu verði fasteignarinnar í samræmi við IAS-staðal 16 eða IFRS-staðal 16 og á gangvirði hennar þann dag eins og endurmat í samræmi við IAS-staðal 16. Með öðrum orðum:

a) öll lækkun á bókfærðu verði, sem stafar af því, er færð í rekstrarreikning. Að því marki sem fjárhæð hefur verið færð í endurmatsreikning vegna þeirrar fasteignar, er lækkunin þó færð í aðra heildarafkomu og lækkar endurmatsreikninginn innan eigin fjár.

b) farið er með alla hækkun á bókfærðu verði á eftirfarandi hátt:

i) að því marki, sem hækkunin snýr við fyrri virðisrýrnun vegna þeirrar fasteignar, er hækkunin færð í rekstrarreikning. Fjárhæðin, sem færð er í rekstrarreikning, er ekki hærri en fjárhæðin sem þarf til að hækka bókfært verð upp í það bókfærða verð sem hefði verið ákvarðað (að frádregnum afskriftum) ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

ii) ef eitthvað stendur eftir af hækkuninni er það fært í aðra heildarafkomu og hækkar endurmatsreikning innan eigin fjár. Við ráðstöfun fjárfestingareignarinnar síðar er heimilt að tilfæra endurmatsreikninginn, sem er innifalinn í eigin fé, yfir á óráðstafað eigin fé. Tilfærslan af endurmatsreikningnum á óráðstafað eigið fé fer ekki gegnum rekstrarreikninginn.

63 Vegna tilfærslu af birgðum yfir á fjárfestingareign, sem verður færð á gangvirði, er allur mismunur á gangvirði fasteignarinnar á þeim degi og fyrra bókfærðu verði hennar færður í rekstrarreikning.

64 Meðferð á tilfærslum birgða yfir á fjárfestingareign, sem verða færðar á gangvirði, er í samræmi við meðferð á sölu birgða.

65 Þegar eining lýkur eigin framkvæmd á byggingu eða breytingu á fjárfestingareign sem verður færð á gangvirði skal færa allan mismun á gangvirði fasteignarinnar á þeim degi og fyrra bókfærðu verði hennar í rekstrarreikning.

RÁÐSTAFANIR

66 Fjárfestingareign skal afskráð (fjarlægð af efnahagsreikningi) við sölu eða þegar fjárfestingareignin er endanlega tekin úr notkun og ekki er að vænta neins efnahagslegs ávinnings af ráðstöfun hennar í framtíðinni.

67 Ráðstöfun fjárfestingareignar getur farið fram með sölu eða með því að setja hana í fjármögnunarleigu. Ráðstöfunardagur fjárfestingareignar er sá dagur þegar viðtakandinn öðlast yfirráð yfir fjárfestingareigninni í samræmi við kröfur um að ákvarða hvenær árangurstengd skuldbinding er efnd skv. IFRS-staðli 15. IFRS-staðall 16 gildir um ráðstöfun sem á sér stað þegar gerður er samningur um fjármögnunarleigu og um sölu og endurleigu.

68 Ef eining, í samræmi við færslureglurnar í 16. lið, færir endurstofnverð hluta fjárfestingareignar með í bókfærðu verði eignar, færir hún úr efnahagsreikningi bókfært verð hlutans sem var endurnýjaður. Fyrir fjárfestingareign, sem er færð samkvæmt kostnaðarverðslíkaninu, má endurnýjaði hlutinn ekki vera hluti sem var afskrifaður sérstaklega. Ef ekki er gerlegt fyrir einingu að ákvarða bókfært verð endurnýjaða hlutans getur hún notað endurstofnverðið sem vísbendingu um það hvert kostnaðarverð endurnýjaða hlutans hafi verið þegar hann var keyptur eða byggður. Ef gangvirðislíkanið er notað kann gangvirði fjárfestingareignarinnar þegar að sýna að hlutinn, sem á að skipta út, hafi glatað verðgildi sínu. Í öðrum tilvikum getur reynst erfitt að átta sig á því hve mikið gangvirðið skal lækka vegna hlutans sem verið er að skipta út. Önnur aðferð við að lækka gangvirðið vegna hlutans sem er skipt út, þegar þetta er ekki gerlegt, er að taka endurstofnverðið með í bókfærðu verði eignarinnar og endurmeta síðan gangvirðið eins og krafist væri vegna viðbóta sem ekki fela í sér endurnýjun.

69 Ágóði eða tap vegna niðurlagningar eða ráðstöfunar fjárfestingareignar skal ákvarðast sem mismunur á hreinum afrakstri ráðstöfunar og bókfærðs verðs eignarinnar og skal færður í rekstrarreikning (nema gerð sé krafa um annað vegna sölu og endurleigu í IFRS-staðli 16).

70 Fjárhæð endurgjalds, sem telja skal með í hagnaði eða tapi og rekja má til afskráningar fjárfestingareignar, er ákvörðuð í samræmi við kröfur um ákvörðun viðskiptaverðs í 47.–72. lið IFRS-staðals 15. Síðari breytingar á áætlaðri fjárhæð endurgjaldsins, sem er talin með í hagnaði eða tapi, skal færa í samræmi við kröfur um breytingar á viðskiptaverði í IFRS-staðli 15.

71 Eining beitir IAS-staðli 37 eða öðrum stöðlum, eftir því sem við á, á skuldir sem hvíla á henni eftir ráðstöfun fjárfestingareignar.

72 Bætur frá þriðja aðila vegna fjárfestingareigna, sem höfðu rýrnað í verði, tapast eða verið látnar af hendi, skulu færðar í rekstrarreikning þegar bæturnar verða að viðskiptakröfu.

73 Virðisrýrnun eða tap á fjárfestingareignum, tengdar kröfur um eða greiðslur á bótum frá þriðju aðilum og kaup eða bygging eigna síðar, sem koma í stað annarra eigna, eru aðskildir, efnahagslegir atburðir og skal færa þá sérstaklega eins og hér segir:

a) virðisrýrnun fjárfestingareignar er færð í samræmi við IAS-staðal 36,

b) úrelding eða ráðstafanir fjárfestingareigna er færð í samræmi við 66.–71. lið í þessum staðli,

c) bætur frá þriðju aðilum vegna fjárfestingareigna, sem höfðu rýrnað í verði, tapast eða verið látnar af hendi, skulu vera færðar í rekstrarreikning þegar þær verða að viðskiptakröfu og

d) kostnaðarverð eigna, sem eru gerðar upp, keyptar eða endursmíðaðar, er ákvarðað í samræmi við 20.–29. lið í þessum staðli.

UPPLÝSINGAGJÖF

Gangvirðislíkan og kostnaðarverðslíkan

74 Kröfur um upplýsingar hér á eftir gilda til viðbótar þeim sem settar eru fram í IFRS-staðli 16. Í samræmi við IFRS-staðal 16 skal eigandi fjárfestingareignar gefa sömu upplýsingar um leigusamninga, sem hann hefur gert, og leigusali. Leigutaki sem hefur umráð yfir fjárfestingareign sem eign með afnotarétti veitir upplýsingar leigutaka eins og krafist er í IFRS-staðli 16 og upplýsingar leigusala eins og krafist er í IFRS-staðli 16 að því er varðar rekstrarleigusamninga sem hann hefur gert.

75 Eining skal birta upplýsingar um:

a) hvort hún notar gangvirðislíkanið eða kostnaðarverðslíkanið,

b) [felldur brott]

c) viðmiðanir, sem hún notar til að greina á milli fjárfestingareignar, fasteignar, sem eigandi nýtir, og fasteignar sem er til sölu í reglubundinni starfsemi þegar flokkun er vandasöm (sjá 14. lið),

d) [felldur brott]

e) að hve miklu leyti gangvirði fjárfestingareignar (eins og það er metið eða birt í reikningsskilunum) er byggt á mati sjálfstæðs matsmanns, sem hefur viðurkennda og viðeigandi sérfræðimenntun og er kunnugur viðkomandi landsvæði og tegund þeirrar fjárfestingareignar sem meta skal. Ef ekkert slíkt mat hefur farið fram skal greina frá því að svo sé,

f) fjárhæðirnar, sem færðar eru í rekstrarreikning, að því er varðar:

i. leigutekjur af fjárfestingareignum,

ii. beinan rekstrarkostnað (þ.m.t. viðgerðir og viðhald), sem stafar af fjárfestingareignum sem gáfu af sér leigutekjur á tímabilinu

iii. beinan rekstrarkostnað (þ.m.t. viðgerðir og viðhald), sem stafar af fjárfestingareignum sem gáfu ekki af sér leigutekjur á tímabilinu, og

iv. uppsafnaða breytingu á gangvirði sem færð er í rekstrarreikning við sölu fjárfestingareignar úr safni eigna þar sem kostnaðarverðslíkanið er notað í safn þar sem gangvirðislíkanið er notað (sjá lið 32C).

g) hömlur á innlausn fjárfestingareigna eða ráðstöfun tekna og afraksturs vegna ráðstöfunar og fjárhæðir í því sambandi,

h) samningsskuldbindingar til að kaupa, byggja eða breyta fjárfestingareign eða vegna viðgerða, viðhalds eða endurbóta.

Gangvirðislíkan

76 Auk upplýsinganna, sem gerð er krafa um skv. 75. lið, skal eining, sem notar gangvirðislíkanið í 33.–55. lið, greina frá afstemmingu milli bókfærðs verðs fjárfestingareigna í upphafi og við lok tímabilsins og skal þar koma fram eftirfarandi:

a) viðbætur, þar sem tilgreindar eru sérstaklega viðbætur sem rekja má til kaupa og útgjalda sem fallið hafa til síðar og eru innifalin í bókfærðu verði eignar,

b) viðbætur, sem stafa af kaupum við sameiningu fyrirtækja,

c) eignir, sem eru skilgreindar sem haldið til sölu eða eru í ráðstöfunarflokki sem er flokkaður sem haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5, og aðrar ráðstafanir,

d) hreinn ágóði eða hreint tap vegna leiðréttinga á gangvirði,

e) hreinan gengismun, sem leiðir af umreikningi á reikningsskilunum yfir í annan framsetningargjaldmiðil og af umreikningi á erlendum rekstri yfir í framsetningargjaldmiðil einingarinnar sem reikningsskilin taka til,

f) tilfærslur í og frá birgðum og fasteignum, sem eigandi nýtir, og

g) aðrar breytingar.

77 Þegar mat, sem fram fer á fjárfestingareign, er verulega leiðrétt fyrir reikningsskilin, t.d. til að komast hjá tvítalningu eigna eða skulda, sem eru færðar sem aðgreindar eignir og skuldir eins og lýst er í 50. lið, skal einingin greina frá afstemmingu milli matsins, sem fram fór, og leiðréttа matsins, sem er innifalið í reikningsskilunum og sýnir aðgreinda uppsafnaða fjárhæð færðra leiguskuldbindinga, sem hafa verið bakfærðar, og allar aðrar leiðréttingar sem skipta máli.

78 Í undantekningartilvikunum, sem um getur í 53. lið, þegar eining metur fjárfestingareign með því að nota kostnaðarverðslíkanið í IAS-staðli 16 eða í samræmi við IFRS-staðal 16, skal í afstemmingunni, sem gerð er krafa um í 76. lið, gerð grein fyrir fjárhæðum, sem tengjast þeirri fjárfestingareign, aðgreindum frá fjárhæðum sem tengjast öðrum fjárfestingareignum. Auk þess skal eining birta:

a) lýsingu á fjárfestingareigninni,

b) skýringu á því hvers vegna ekki er hægt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti,

c) matsbil sem gangvirðið er að öllum líkindum á, ef unnt er, og

d) við ráðstöfun fjárfestingareignar sem er ekki færð á gangvirði:

i. upplýsingar um að einingin hafi ráðstafað fjárfestingareign, sem var ekki færð á gangvirði,

ii. upplýsingar um bókfært verð þeirrar fjárfestingareignar, þegar hún er seld og

iii. fjárhæð sem er færð í rekstrarreikning.

Kostnaðarverðslíkan

79 Auk upplýsinga, sem gerð er krafa um í 75. lið, skal eining, sem styðst við kostnaðarverðslíkanið í 56. lið, greina frá:

a) þeim afskriftaraðferðum, sem eru notaðar,

b) nýtingartíma eða afskriftahlutföllum, sem eru notuð,

c) vergu, bókfærðu verði og uppsöfnuðum afskriftum (lögðum saman við uppsöfnuð virðisrýrnunartöp) við upphaf og lok tímabilsins

d) afstemmingu á bókfærðu verði fjárfestingareignar við upphaf og lok tímabils sem sýnir eftirfarandi:

(i) **viðbætur, þar sem tilgreindar eru sérstaklega viðbætur sem rekja má til kaupa og útgjalda sem fallið hafa til síðar og eru færð sem eign,**

(ii) **viðbætur, sem stafa af kaupum við sameiningu fyrirtækja,**

(iii) **eignir, sem eru flokkaðar sem haldið til sölu eða eru í ráðstöfunarflokki sem er flokkaður sem haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5, og aðrar ráðstafanir,**

(iv) **afskriftir,**

(v) **fjárhæðir færðra virðisrýrnunartapa og fjárhæðir virðisrýrnunartapa, sem hafa verið bakfærðar á tímabilinu í samræmi við IAS-staðal 36,**

(vi) **hreinan gengismun, sem leiðir af umreikningi á reikningsskilunum yfir í annan framsetningargjaldmiðil og af umreikningi á erlendum rekstri yfir í framsetningargjaldmiðil einingarinnar sem reikningsskilin taka til,**

(vii) **tilfærslu í og frá birgðum og fasteignum, sem eigandi nýtir, og**

(viii) **aðrar breytingar.**

e) gangvirði fjárfestingareignar. Í þeim undantekningartilvikum, sem lýst er í 53. lið, þegar eining getur ekki metið með áreiðanlegum hætti gangvirði fjárfestingareignarinnar, skal einingin greina frá eftirfarandi:

(i) lýsingu á fjárfestingareigninni,

(ii) skýringu á því hvers vegna ekki er hægt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti og

(iii) ef unnt er, matsbilið sem gangvirðið er að öllum líkindum á.

UMBREYTINGARÁKVÆÐI

Gangvirðislíkan

80 Eining, sem hefur áður beitt IAS-staðli 40 (2000) og velur í fyrsta sinn að flokka og færa nokkrar eða allar viðeigandi eignarhlutdeildir, sem hún hefur samkvæmt rekstrarleigusamningum, sem fjárfestingareign skal færa áhrifin af því vali sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár á því tímabili þegar valið á sér stað. Auk þess gildir eftirfarandi:

a) ef einingin hefur áður birt opinberlega (í reikningsskilum eða annars staðar) hvert hafi verið gangvirði þessarar eignarhlutdeildar á fyrri tímabilum (og mat þess uppfyllir skilyrði skilgreiningarinnar á gangvirði í IFRS-staðli 13) er einingin hvött til, en ekki krafin um, að:

(i) leiðrétta upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár á fyrsta tímabilinu sem var tilgreint og slíkt gangvirði var birt opinberlega og

(ii) endurgera samanburðarupplýsingar fyrir þessi tímabil og

b) ef einingin hefur ekki áður birt opinberlega upplýsingarnar, sem lýst er í a-lið, skal hún ekki endurgera samanburðarupplýsingar og skal greina frá því að svo sé.

81 Í þessum staðli er gerð krafa um aðra meðferð en í IAS-staðli 8. Í IAS-staðli 8 er gerð krafa um að samanburðar upplýsingar séu endurgerðar nema slík endurgerð sé ógerleg.

82 Þegar eining beitir þessum staðli í fyrst sinn er endurflokkun allra fjárhæða í endurmatsreikningi vegna fjárfesting areigna talin með við leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár.

Kostnaðarverðslíkan

83 IAS-staðall 8 gildir um allar breytingar á reikningsskilaaðferðum sem eru gerðar þegar eining beitir þessum staðli í fyrsta sinn og velur að nota kostnaðarverðslíkanið. Meðal áhrifa af breytingunum á reikningsskilaaðferðum er endurflokkun allra fjárhæða sem eru á endurmatsreikningi vegna fjárfestingareigna.

84 Kröfunum í 27.–29. lið varðandi upphaflegt mat á fjárfestingareign, sem er fengin í eignaskiptum, skal aðeins beitt framvirkt á framtíðarviðskipti.

Sameining fyrirtækja

84A Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) fyrir tímabilið 2011-2013*, sem voru gefnar út í desember 2013, var bætt við lið 14A og fyrirsögn á undan 6. lið. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt, að því er varðar kaup á fjárfestingareignum, frá upphafi fyrsta tímabilsins sem það samþykkir umrædda breytingu fyrir. Af því leiðir að ekki skal leiðrétta reikningsskilameðferð vegna kaupa á fjárfesting-areignum á fyrri tímabilum. Hins vegar er einingu heimilt að velja að beita breytingunni gagnvart einstökum kaupum á fjárfestingareignum, sem áttu sér stað fyrir upphaf fyrsta árlega tímabilsins, sem varð við eða eftir gildistökudaginn, þá og því aðeins að upplýsingar sem þarf til að beita breytingunni gagnvart þessum fyrri viðskiptum séu tiltækar fyrir einingu.

IFRS 16

84B Eining sem beitir IFRS-staðli 16, og tengdum breytingum hans á þennan staðal, í fyrsta sinn skal beitir yfirfærslukröfunni í viðbæti C í IFRS-staðli 16 gagnvart fjárfestingareign sinni sem haldið er sem eign með afnotarétti.

Tilfærsla fjárfestingareigna

84C Með *Tilfærslu fjárfestingareigna* (breytingar á IAS-staðli 40), útgefnar í desember 2016, var 57.–58. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum á breytingar á notkun sem verða við eða eftir upphaf árlegs reikningsskilatímabils þegar eining beitir breytingunum í fyrsta sinn (upphafsdagur breytinga). Á upphafsdegi beitingar skal eining endurmeta flokkun eignar sem er í vörslu hennar þann dag og, ef við á, endurflokka eignir og beita til þess ákvæðum 7.–14. liðar til að endurspegla aðstæður á þeim degi.

84D Þrátt fyrir kröfurnar í lið 84C er einingu heimilt að beita breytingunum á 57.–58. lið afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8 þá og því aðeins að slíkt sé hægt án skýringa eftir á.

84E Ef eining endurflokkar eign á upphafsdegi beitingar, í samræmi við lið 84C, skal einingin:

a) gera grein fyrir endurflokkuninni í samræmi við kröfurnar í 59.–64. lið. Þegar ákvæðum 59.–64. liðar er beitt skal eining:

i) túlka allar tilvísanir í daginn sem breyting er gerð sem upphafsdag beitingar og

ii) færa allar fjárhæðir sem, í samræmi við ákvæði 59.–64. liðar, hefðu verið færðar í rekstrarreikning sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár á upphafsdegi beitingar.

b) birta upplýsingar um fjárhæðir sem eru endurflokkaðar í eða úr fjárfestingareign í samræmi við lið 84C. Einingin skal birta upplýsingar um þessar fjárhæðir sem endurflokkaðar eru sem hluti af afstemmingu á bókfærðu verði fjárfestingareignar í upphafi og við lok tímabilsins eins og krafist er í 76. og 79. lið.

GILDISTÖKUDAGUR

85 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Hvatt er til fyrri beitingar. Ef eining beitir þessum staðli vegna tímabils sem hefst fyrir 1. janúar 2005 skal hún greina frá því.

85A Með IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess breyttist 62. liður. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

85B Ákvæðum 8., 9., 48., 53., 54. og 57. liðar var breytt, ákvæði 22. liðar voru felld brott og liðum 53A og 53B var bætt við með *Endurbótum á IFRS-stöðlum* sem gefnar voru út í maí 2008. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Einingu er heimilt að beita breytingunum á fjárfestingareign sem er í byggingu frá degi sem er fyrir 1. janúar 2009, að því tilskildu að gangvirði fjárfestingareignar í byggingu hafi verið metið á þeim dögum. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því og beita breytingum á 5. lið og lið 81E í IAS-staðli 16, varanlegir rekstrarfjármunir.

85C IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti skilgreiningunni á gangvirði í 5. lið, breytti 26., 29., 32., 40., 48., 53. lið og lið 53B, 78–80 og 85B og felldi brott 36.–39., 42.–47., 49. og 51. lið og d-lið 75. liðar. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

85D Með *Árlegum endurbótum* 2011–2013, sem gefnar voru út í desember 2013, var bætt við fyrirsögnum á undan 6. lið og á eftir 84. lið og liðum 14A og 84A. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

85E IFRS-staðall 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, gefinn út í maí 2014, breytti b-lið 3. liðar og 9., 67. og 70. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

85F IFRS-staðall 16, gefinn út í janúar 2016, breytti gildissviði IAS-staðals 40 með því að skilgreina fjárfestingareign þannig að hún taki bæði til fjárfestingareignar og eignar sem leigutaki hefur sem eign með afnotarétti. IFRS-staðall 16 breytti liðum 5, 7, 8, 9, 16, 20, 30, 41, 50, 53, 53A, 54, 56, 60, 61, 62, 67, 69, 74, 75, 77 og 78, bætti við liðum 19A, 29A, 40A og 84B og fyrirsögnum þeirra og felldi brott liði 3, 6, 25, 26 og 34. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

85G Með *Tilfærslu fjárfestingareigna* (breytingar á IAS-staðli 40), útgefnum í desember 2016, var 57.–58. lið breytt og liðum 84C–84E bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

85H IFRS-staðall 17, gefinn út í maí 2017, breytti lið 32B. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 17.

AFTURKÖLLUN IAS-STAÐALS 40 (2000)

86 Þessi staðall kemur í stað IAS-staðals 40, *fjárfestingareignir* (útg. 2000).

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 41 (IAS-staðall 41)

Landbúnaður

MARKMIÐ

Markmið þessa staðals er að mæla fyrir um reikningshaldslega meðferð og upplýsingagjöf sem tengist landbúnaðarstarfsemi.

GILDISSVIÐ

1 Þessum staðli skal beitt til að gera grein fyrir eftirfarandi atriðum þegar þau tengjast landbúnaðarstarfsemi:

a) lifrænum eignum, þó ekki plöntum til framleiðslu,

b) landbúnaðarafurðum við uppskeru og

c) opinberum styrkjum sem fjallað er um í 34. og 35. lið.

2 Þessi staðall gildir ekki um:

a) land sem tengist landbúnaðarstarfsemi (sjá IAS-staðal 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*, og IAS-staðal 40, *fjárfestingareignir*),

b) plöntur til framleiðslu sem tengjast landbúnaðarstarfsemi (sjá IAS-staðal 16). Þessi staðall gildir þó um afurðir þessara plantna til framleiðslu,

c) opinbera styrki sem tengjast plöntum til framleiðslu (sjá IAS-staðal 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð*),

d) óefnislegar eignir sem tengjast landbúnaðarstarfsemi (sjá IAS-staðal 38, *óefnislegar eignir*).

e) eignir með afnotarétti sem leiðir af leigu á landi í tengslum við landbúnaðarstarfsemi (sjá IFRS-staðal 16, *leigusamningar*).

3 Þessum staðli er beitt á landbúnaðarafurðir sem eru afurðir byggðar á uppskeru lifrænna eigna einingarinnar á upp skerutíma þeirra. Eftir það skal beita IAS-staðli 2, *birgðir*, eða öðrum viðeigandi staðli. Samkvæmt því fjallar þessi staðall ekki um vinnslu landbúnaðarafurða að uppskeru lokinni, t.d. framleiðslu vínbónda á víni úr þrúgum sem hann hefur ræktað sjálfur. Þó að slík vinnsla geti verið rökrænt og eðlilegt framhald landbúnaðarstarfsemi og atburðirnir, sem eiga sér stað, geti verið að nokkru leyti sambærilegir við líffræðilegar breytingar er slík framleiðsla ekki hluti af skilgreiningu á landbúnaðarstarfsemi í þessum staðli.

4 Í töflunni hér á eftir eru gefin dæmi um lifrænar eignir, landbúnaðarafurðir og vörur sem eru afrakstur framleiðslu að lokinni uppskeru:

Lifrænar eignir	Landbúnaðarafurðir	Afurðir sem eru afrakstur framleiðslu að lokinni uppskeru
Sauðfé	Ull	Garn, teppi
Tré í ræktuðum skógi	Felld tré	Trjábolir, timbur
Mjólkurkýr	Mjólk	Ostur
Svín	Skrokkur	Pylsur, verkuð skinka

Lífrænar eignir	Landbúnaðarafurðir	Afurðir sem eru afrakstur framleiðslu að lokinni uppskeru
Baðmullarplöntur	Uppskorin baðmull	Þráður, fatnaður
Sykurreyr	Uppskorinn sykurreyr	Sykur
Tóbaksplöntur	Tínd lauf	Verkað tóbak
Terunnar	Tínd lauf	Te
Vínviður	Tíndar þrúgur	Vín
Aldintré	Tínd aldin	Unnir ávextir
Olíupálmar	Tínd aldin	Pálmaolía
Gúmmítré	Uppskorið latex	Gúmmívörur

Sumar plöntur, t.d. terunnar, vínviður, olíupálmar og gúmmítré samrýmast venjulega skilgreiningu á plöntu til framleiðslu og falla undir gildissvið IAS-staðals 16. Þær afurðir sem plöntur til framleiðslu gefa af sér, t.d. telauf, þrúgur, aldin olíupálma og latex, falla undir gildissvið IAS-staðals 41.

SKILGREININGAR

Skilgreiningar tengdar landbúnaði

5 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

***Landbúnaðarstarfsemi* er stjórn einingar á líffræðilegri breytingu og uppskeru lífrænna eigna í þeim tilgangi að selja þær eða breyta þeim í landbúnaðarafurðir eða í aðrar lífrænar eignir**

***Landbúnaðarafurð* er afurð sem einingin uppsker af lífrænum eignum sínum.**

***Planta til framleiðslu* er lifandi planta sem:**

a) er notuð til að framleiða eða láta í té landbúnaðarafurð,

b) er ætlað að gefa af sér afurð í meira en eitt tímabil og

c) ólíklegt er að verði seld sem landbúnaðarafurð nema við sölu á tilfallandi úrgangi.

***Lífræn eign* er lifandi dýr eða planta.**

***Líffræðileg breyting* nær til vaxtar, hrörnunar, framleiðslu og tímgunar sem veldur breytingum á lífrænni eign sem varða eiginleika hennar eða magn.**

***Sölukostnaður* er viðbótarkostnaður, sem rekja má beint til ráðstöfunar eignar, að undanskildum fjármagnskostnaði og tekjuskatti.**

***Flokkur lífrænna eigna* er samsafn sambærilegra lifandi dýra eða plantna.**

***Uppskera* er aðgreining afurðar frá lífrænni eign eða lok á lífsferli lífrænnar eignar.**

5A Eftirfarandi er ekki talið til plantna til framleiðslu:

a) plöntur sem eru ræktaðar til uppskeru sem landbúnaðarafurðir (t.d. tré sem eru ræktuð til notkunar sem timbur),

b) plöntur sem eru ræktaðar til að gefa af sér landbúnaðarafurðir þegar það er alls ekki ólíklegt að einingin muni einnig uppskera og selja plöntuna sem landbúnaðarafurð, ekki aðeins sem sölu á tilfallandi úrgangi (t.d. tré sem eru ræktuð bæði vegna aldina sinna og eru ætluð í timbur) og

c) einærar nytjaplöntur (t.d. maís og hveiti).

5B Þegar plöntur til framleiðslu eru ekki lengur notaðar til að gefa af sér afurðir væri hægt að skera þær og selja sem úrgang, t.d. sem eldivið. Slík sala á tilfallandi úrgangi kemur ekki í veg fyrir að plantan fullnægi skilyrðunum til að teljast vera planta til framleiðslu.

5C Afurð sem vex á plöntum til framleiðslu er lífræn eign.

6 Landbúnaðarstarfsemi nær til ýmiss konar starfsemi, t.d. búskapar, skógræktar, ræktunar einærra eða fjölærra plantna, ræktunar aldingarða eða plantekra, blómaræktar og lagareldis (þ.m.t. fiskeldi). Þessi ólíka starfsemi hefur tiltekna, sameiginlega þætti:

a) *Hæfileiki til að breytast*. Lifandi dýr og plöntur geta tekið líffræðilegum breytingum,

b) *Stjórnun breytinga.* Stjórnun auðveldar líffræðilega breytingu með því að bæta eða a.m.k. gera stöðug þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að ferlið eigi sér stað (t.d. næringarstig, rakastig, hitastig, frjósemi og ljós). Slík stjórnun greinir landbúnaðarstarfsemi frá annarri starfsemi. Til dæmis er uppskera auðlinda, sem ekki er stjórnað (s.s. fiskveiðar í hafi og skógeyðing), ekki landbúnaðarstarfsemi og

c) *Mat á breytingum*. Breytingar á eiginleikum (t.d. erfðafræðilegt gildi, þéttleiki, þroski, fitulag, prótínmagn og styrkur trefja) eða magni (t.d. afkvæmi, þyngd, rúmmetrar, lengd eða þvermáli trefja og fjöldi blómhnappa) sem fengið er með líffræðilegri breytingu eða uppskeru er metið og vaktað að staðaldri og er hluti af stjórnuninni.

7 Líffræðileg breyting leiðir til eftirfarandi útkomu:

a) breytingar á eignum vegna i) vaxtar (aukning á magni eða eiginleikar dýrs eða plöntu batna), ii) hrörnunar (minna magn eða eiginleikar dýrs eða plöntu hnigna) eða iii) tímgunar (ný lifandi dýr eða plöntur verða til) eða

b) framleiðslu landbúnaðarafurðar, s.s. latex, telaufa, ullar eða mjólkur.

Almennar skilgreiningar

8 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

***Bókfært verð* er fjárhæð eignar í efnahagsreikningi eftir að allar uppsafnaðar afskriftir og öll uppsöfnuð virðisrýrnunartöp hafa verið dregin frá henni.**

***Gangvirði* er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13, *gangvirðismat*.)**

***Opinberir styrkir*, eins og þeir eru skilgreindir í IAS-staðli 20.**

9 [Felldur brott]

FÆRSLA OG MAT

10 Eining skal einungis færa lífræna eign eða landbúnaðarafurð, þegar og aðeins þegar:

a) einingin stjórnar eigninni í kjölfar liðinna atburða,

b) að líklegt sé að efnahagslegur ávinningur, sem tengist eigninni, renni til einingarinnar og

c) unnt sé að meta gangvirði eða kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

11 Vísbendingar um stjórnun í landbúnaðarstarfsemi má t.d. sjá út frá löglegu eignarhaldi á nautgripum og brennimerki eða annarri merkingu nautgripa við kaup, fæðingu eða afvenslun. Framtíðarávinningur er yfirleitt metinn með því að meta mikilvæga, efnislega eiginleika.

12 Lífræna eign skal meta þegar hún er færð í fyrsta sinn og í lok hvers reikningsskilatímabils á gangvirði, að frádregnum kostnaði við sölu, nema í tilvikinu sem lýst er í 30. lið, þar sem ekki er unnt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti.

13 Landbúnaðarafurðir, sem eru uppskera af lífrænum eignum einingar, skal meta á gangvirði þeirra, að frádregnum áætluðum kostnaði við sölu á uppskerutíma. Þetta mat er kostnaðurinn á þeim degi sem IAS-staðli 2, *birgðir*, eða öðrum viðeigandi staðli er beitt.

14 [Felldur brott]

15 Gangvirðismat lífrænnar eignar eða landbúnaðarafurðar má auðvelda með því að flokka lífrænar eignir eða landbúnaðarafurðir eftir mikilvægum eiginleikum, t.d. eftir aldri eða gæðum. Eining velur þessa eiginleika í samræmi við þá eiginleika sem markaðurinn notar sem grundvöll verðlagningar.

16 Einingar gera oft framvirka samninga um að selja lífrænar eignir sínar eða landbúnaðarafurðir. Verð samkvæmt samningi er ekki óhjákvæmilega það sem miða skal við þegar gangvirði er metið vegna þess að gangvirði endurspeglar ríkjandi aðstæður á markaði þar sem markaðsaðilar, kaupendur og seljendur, eiga viðskipti. Af þeim sökum er gangvirði lífrænnar eignar eða landbúnaðarafurðar ekki lagfært á grundvelli þess að samningur hefur verið gerður. Í sumum tilvikum getur samningur um sölu á lífrænni eign eða landbúnaðarafurð verið íþyngjandi samningur, eins og skilgreint er í IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*. IAS-staðall 37 gildir um íþyngjandi samninga.

17–21 [Felldur brott]

22 Eining telur ekki með sjóðstreymi fyrir fjármögnun eigna eða endurnýjun lífrænna eigna eftir uppskeru (t.d. kostnað við að planta aftur trjám í ræktuðum skógi eftir skógarnyt).

23 [Felldur brott]

24 Kostnaðarverð getur stundum nálgast gangvirði einkum ef:

a) fáar líffræðilegar breytingar hafa orðið frá því að fyrst var stofnað til kostnaðarins (t.d. þegar ungplöntur eru gróðursettar stuttu fyrir lok reikningsskilatímabils eða þegar um er að ræða nýlega keypt búfé) eða

b) þess er ekki vænst að áhrif líffræðilegu breytingarinnar á verð séu veruleg (t.d. byrjunarvöxturinn á þrjátíu ára framleiðsluskeiði í ræktuðum barrskógi).

25 Lífrænar eignir eru oft efnislega fastar við jörð (t.d. tré í ræktuðum skógi). Ef til vill er ekki til sérstakur markaður fyrir lífrænar eignir sem eru fastar við jörð en hugsanlegt er að virkur markaður sé til fyrir eignirnar til samans, þ.e. fyrir lífrænar eignir, óunnið land og umbætur á landi í einu lagi. Eining getur notað upplýsingar um eignirnar til samans til að meta gangvirði lífrænu eignanna. Til dæmis má draga gangvirði óunnins lands og umbóta á landi frá gangvirði eignanna til samans og fá þannig gangvirði lífrænu eignanna.

Hagnaður og tap

26 Ágóði eða tap, sem verður við upphafsfærslu lífrænnar eignar á gangvirði, að frádregnum kostnaði við sölu, og vegna breytinga á gangvirði á lífrænni eign, að frádregnum kostnaði við sölu, skal vera innifalið í rekstrarreikningi þess tímabils þegar ágóðinn eða tapið myndast.

27 Tap getur myndast þegar lífræn eign er færð í fyrsta sinn vegna þess að sölukostnaður er dreginn frá þegar ákvarðað er gangvirði að frádregnum sölukostnaði lífrænnar eignar. Ágóði getur myndast þegar lífræn eign er færð í fyrsta sinn, t.d. þegar kálfur fæðist.

28 Ágóði eða tap, sem myndast við upphaflega færslu landbúnaðarafurðar á gangvirði, að frádregnum sölukostnaði, skal vera innifalinn í hagnaði eða tapi þess tímabils þegar ágóðinn eða tapið myndast

29 Ágóði eða tap getur myndast við upphaflega færslu landbúnaðarafurðar vegna uppskeru hennar.

Þegar ekki er unnt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti

30 Gengið er út frá því að unnt sé að meta gangvirði lífrænnar eignar á áreiðanlegan hátt. Þeirri forsendu er þó einungis hægt að hafna við upphafsfærslu lífrænnar eignar þegar skráð markaðsverð er ekki fyrir hendi og annað mat á gangvirði hennar er augljóslega óáreiðanlegt. Í því tilviki skal meta þessa lífrænu eign á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum. Þegar unnt er að meta með áreiðanlegum hætti gangvirði slíkrar lífrænnar eignar skal eining meta hana á gangvirði, að frádregnum sölukostnaði. Þegar lífrænir fastafjármunir, sem eru skilgreindir sem haldið til sölu (eða eru í ráðstöfunarflokki sem er flokkaður sem haldið til sölu) í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*, er gert ráð fyrir að unnt sé að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti.

31 Forsendunni, sem sett er fram í 30. lið, er einungis hægt að hafna við upphafsfærslu. Eining, sem hefur áður metið lífræna eign á gangvirði að frádregnum sölukostnaði metur lífrænu eignina áfram á gangvirði að frádregnum sölukostnaði þar til henni er ráðstafað.

32 Í öllum tilvikum metur eining landbúnaðarafurð við uppskeru á gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Þessi staðall endurspeglar það sjónarmið að ævinlega sé unnt að meta á áreiðanlegan hátt gangvirði landbúnaðarafurðar við uppskeru.

33 Við ákvörðun kostnaðarverðs, uppsafnaðra afskrifta og uppsafnaðra virðisrýrnunartapa skal eining taka tillit til IAS-staðals 2, IAS-staðals 16 og IAS-staðals 36, *virðisrýrnun eigna*.

OPINBERIR STYRKIR

34 Opinberan styrk, sem ekki er háður skilyrðum og tengist lífrænni eign sem metin er á gangvirði, að frádregnum kostnaði við sölu, skal færa í rekstrarreikning þá og því aðeins þegar opinberi styrkurinn verður innheimtanlegur.

35 Ef opinber styrkur, sem tengist lífrænni eign, sem metin er á gangvirði, að frádregnum sölukostnaði, er skilyrðum háður, þ.m.t. ef skilyrði fyrir opinberum styrk er að eining fáist ekki við tiltekna landbúnaðarstarfsemi, skal eining færa opinbera styrkinn í rekstrarreikning þá og því aðeins þegar skilyrðin, sem fylgja opinbera styrknum, eru uppfyllt.

36 Skilmálar og skilyrði fyrir opinberum styrkjum eru breytileg. Sem dæmi getur styrkur verið háður því skilyrði að einingin reki bú á sérstökum stað í fimm ár og að einingin skili öllum styrknum ef hún rekur búið ekki í fimm ár. Í slíku tilviki er styrkurinn ekki færður í rekstrarreikning fyrr en að fimm árum liðnum. Ef skilyrði styrksins heimila á hinn bóginn að hluta hans sé haldið eftir í samræmi við þann hluta tímans sem liðinn er færir einingin þann hluta í rekstrarreikning eftir því sem líður á tímabilið.

37 Ef opinber styrkur tengist lífrænni eign sem metin er á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum (sjá 30. lið), skal beita IAS-staðli 20.

38 Í þessum staðli er krafist annars konar meðferðar en í IAS-staðli 20 ef opinber styrkur tengist lífrænni eign, sem metin er á gangvirði að frádregnum sölukostnaði eða ef opinber styrkur er háður því skilyrði að eining fáist ekki við tilgreinda landbúnaðarstarfsemi IAS-staðli 20 skal aðeins beita þegar um er að ræða opinberan styrk sem tengist lífrænni eign sem metin er á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi.

UPPLÝSINGAGJÖF

39 [Felldur brott]

Almennt

40 Eining skal greina frá uppsöfnuðum ágóða eða tapi sem myndast á yfirstandandi tímabili þegar lífrænar eignir og landbúnaðarafurðir eru færðar í fyrsta sinn og sem verður við breytingar á gangvirði, að frádregnum kostnaði við sölu lífrænna eigna.

41 Eining skal gefa lýsingu á hverjum flokki lífrænna eigna.

42 Upplýsingarnar, sem gerð er krafa um í 41. lið, geta verið lýsing í orðum eða lýsing sem tekur til magns.

43 Eining er hvött til þess að veita lýsingu, sem tekur til magns, á hverjum flokki lífrænna eigna og greina á milli lífrænna eigna til neyslu og lífrænna eigna til framleiðslu eða milli þroskaðra og óþroskaðra lífrænna eigna eftir því sem við á. Eining getur t.d. tilgreint bókfært verð lífrænna eigna til neyslu og lífrænna eigna til framleiðslu eftir flokkum, Eining getur skipt þessu bókfærða verði í þroskaðar og óþroskaðar eignir. Þessi greinarmunur veitir upplýsingar sem geta komið að gagni við mat á tímasetningu á framtíðarsjóðstreymi. Fyrirtæki greinir frá þeim forsendum sem liggja að baki slíkum greinarmun.

44 Lífrænar eignir til neyslu eru eignir sem eru uppskornar sem landbúnaðarafurðir eða seldar sem lífrænar eignir. Dæmi um lífrænar eignir til neyslu er búfé sem ætlað er til kjötframleiðslu, búfé sem ætlað er til sölu, fiskur í eldi, maís- og hveitiuppskera, afurðir plöntu til framleiðslu og tré sem eru ræktuð og ætluð í timbur. Lífrænar eignir til framleiðslu eru aðrar eignir en lífrænar eignir til neyslu, t.d. búfé sem gefur mjólk og aldintré og tré sem aldinin eru nýtt af. Lífrænar eignir til framleiðslu eru ekki landbúnaðarafurðir heldur eru frekar notaðar til að gefa af sér afurðir .

45 Lífrænar eignir má flokka annaðhvort sem þroskaðar, lífrænar eignir eða óþroskaðar, lífrænar eignir. Þroskaðar, lífrænar eignir eru eignir, sem hafa náð uppskerustigi, (á við um lífrænar eignir til neyslu) eða eignir sem hægt er að nýta til reglulegrar framleiðslu (á við um lífrænar eignir til framleiðslu).

46 Eining skal skýra frá eftirfarandi ef ekki er greint frá því með öðrum upplýsingum sem eru birtar í reikningsskilunum:

a) eðli þeirrar starfsemi sem lýtur að hverjum flokki lífrænna eigna og

b) ófjárhagslegu mati eða mati á efnislegu magni:

(i) hvers flokks lífrænna eigna einingarinnar í lok tímabilsins og

(ii) framleiðslu landbúnaðarafurða á tímabilinu.

47–48 [Felldur brott]

49 Eining skal birta upplýsingar um:

a) hvort um er að ræða lífrænar eignir með takmörkuðum eignarrétti og bókfært verð þeirra og bókfært verð lífrænna eigna, sem eru veðsettar til tryggingar á skuldum,

b) fjárhæð skuldbindinga fyrir þróun eða kaupum á lífrænum eignum og

c) aðferðum við að stjórna fjárhagslegri áhættu sem tengist landbúnaðarstarfsemi.

50 Eining skal setja fram afstemmingu á breytingum sem verða á bókfærðu verði lífrænna eigna frá upphafi yfirstandandi tímabils til loka þess. Afstemmingin skal taka til:

a) ágóða eða taps sem verður vegna breytinga á gangvirði, að frádregnum sölukostnaði,

b) aukningar sem verður vegna kaupa,

c) lækkunar sem verður vegna sölu og lífrænna eigna, sem eru flokkaðar sem haldið til sölu (eða eru í ráðstöfunarflokki sem er flokkaður sem haldið til sölu) í samræmi við IFRS-staðal 5,

d) lækkunar sem verður vegna uppskeru,

e) aukningar sem stafar af sameiningu fyrirtækja,

f) hreins gengismunar, sem myndast vegna umreiknings á reikningsskilum yfir í annan framsetningargjaldmiðil og umreiknings á erlendum rekstri yfir í framsetningargjaldmiðil einingarinnar sem reikningsskilin taka til, og

g) annarra breytinga.

51 Gangvirði að frádregnum sölukostnaði lífrænnar eignar getur breyst bæði vegna efnislegra breytinga og verðbreytinga á markaðnum. Sérgreind upplýsingagjöf um efnislegar breytingar og verðbreytingar er gagnleg þegar meta skal árangur yfirstandandi tímabils og framtíðarhorfur, einkum þegar framleiðsluskeiðið er lengra en eitt ár. Í þeim tilvikum er eining hvött til þess að greina frá, eftir flokkum eða á annan hátt, fjárhæð breytingar á gangvirði að frádregnum sölukostnaði sem er meðtalin í hagnaði eða tapi af völdum efnislegra breytinga og verðbreytinga. Þessar upplýsingar eru yfirleitt ekki jafn gagnlegar ef framleiðsluskeiðið er styttra en eitt ár (t.d. við kjúklingaeldi eða ræktun korntegunda).

52 Líffræðileg breyting hefur í för með sér margs konar efnislegar breytingar — vöxt, hrörnun, framleiðslu, tímgun og hægt er að fylgjast með og meta þær allar. Sérhver þessara efnislegu breytinga er í beinum tengslum við efnahagslegan ávinning í framtíðinni. Breyting á gangvirði lífrænnar eignar vegna uppskeru hennar er einnig efnisleg breyting.

53 Landbúnaðarstarfsemi er oft í hættu vegna loftslags, sjúkdóma og annarrar náttúruvár. Ef atburður á sér stað sem hefur í för með sér verulegan tekju- eða gjaldalið er gerð grein fyrir eðli og fjárhæð þess liðar í samræmi við IAS-staðal 1, framsetning reikningsskila. Dæmi um slíkan atburð eru skæðir sjúkdómsfaraldrar, flóð, miklir þurrkar eða frost og skordýraplágur.

Viðbótarupplýsingar um lífrænar eignir ef ekki er unnt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti

54 Ef eining metur lífrænar eignir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum (sjá 30. lið) við lok tímabilsins skal einingin greina frá eftirfarandi um slíkar lífrænar eignir:

a) lýsingu á lífrænu eignunum,

b) skýringu á því hvers vegna ekki er hægt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti,

c) því matsbili sem gangvirðið er að öllum líkindum á, ef unnt er,

d) þeirri afskriftaraðferð sem er notuð,

e) endingartíma eða afskriftahlutföllum sem eru notuð og

f) vergu, bókfærðu verði og uppsöfnuðum afskriftum (lögðum við uppsöfnuð virðisrýrnunartöp) við upphaf og lok tímabilsins.

55 Ef eining metur lífrænar eignir á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum (sjá 30. lið), á yfirstandandi tímabili skal einingin greina frá öllum ágóða eða tapi sem fært er við sölu þessara lífrænu eigna og í afstemmingunni, sem gerð er krafa um í 50. lið, skal greina sérstaklega frá fjárhæðum sem tengjast þessum lífrænu eignum. Auk þess skulu í afstemmingunni koma fram eftirfarandi fjárhæðir sem eru meðtaldar í hagnaði eða tapi og tengjast þessum lífrænu eignum:

a) virðisrýrnunartöp,

b) viðsnúningur á virðisrýrnunartöpum og

c) afskriftir.

56 Ef gangvirði lífrænna eigna, sem áður voru metnar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum, verður metanlegt með áreiðanlegum hætti á yfirstandandi tímabili skal eining greina frá eftirfarandi varðandi slíkar lífrænar eignir:

a) lýsingu á lífrænu eignunum,

b) skýringu á því hvers vegna nú er hægt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti og

c) áhrifum breytingarinnar.

Opinberir styrkir

57 Eining skal greina frá eftirfarandi atriðum, sem tengjast landbúnaðarstarfsemi og þessi staðall nær til:

a) eðli og umfangi opinberra styrkja sem færðir eru í reikningsskil,

b) óuppfylltum skilyrðum og öðrum óvissum liðum sem fylgja opinberum styrkjum og

c) verulegum lækkunum sem vænst er að verði á opinberum styrkjum.

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

58 Þessi staðall tekur gildi fyrir árleg reikningsskil sem ná yfir tímabil sem hefjast 1. janúar 2003 eða síðar. Hvatt er til fyrri beitingar. Ef eining beitir þessum staðli vegna tímabila sem hefjast fyrir 1. janúar 2003 skal hún greina frá því.

59 Í þessum staðli eru ekki sett fram nein sérgreind bráðabirgðaákvæði. Gerð er grein fyrir innleiðingu þessa staðals í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*.

60 Ákvæðum 5., 6., 17., 20. og 21. liðar var breytt og ákvæði 14. liðar voru felld brott með *Endurbótum á IFRS-stöðlum* sem gefnar voru út í maí 2008. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

61 IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti 8., 15., 16., 25. og 30. lið og felldi brott 9., 17.–21., 23., 47. og 48. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

62 *Landbúnaður: plöntur til framleiðslu* (breytingar á IAS-staðli 16 og IAS-staðli 41), útgefnar í júní 2014, breyttu liðum 1–5, 8, 24 og 44 og bættu við liðum 5A–5C og 63. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8.

63 Á reikningsskilatímabilinu þegar *Landbúnaður: plöntur til framleiðslu* (breytingar á IAS-staðli 16 og IAS-staðli 41) kemur til beitingar í fyrsta sinn þarf eining ekki að leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir yfirstandandi tímabil. Þó skal eining leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir hvert undanfarandi tímabil sem sett er fram.

64 IFRS-staðall 16, gefinn út í janúar 2016, breytti 2. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

65 Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2018-2020*, sem gefið var út í maí 2020, var lið 22 breytt. Eining skal beita þeirri breytingu á gangvirðismat við eða eftir upphaf fyrsta árlega reikningsskilatímabils sem byrjar 1. janúar 2022 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 1 (IFRS-staðall 1)

Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum IFRS-staðli er að tryggja að í *fyrstu IFRS-reikningsskilum* einingar og árshlutareikningsskilum hennar, sem ná yfir hluta þess tímabils sem reikningsskilin taka til, séu vandaðar og áreiðanlegar upplýsingar sem:

a) eru notendum ljósar og samburðarhæfar fyrir öll tímabil, sem sett eru fram,

b) mynda viðeigandi upphafsstað fyrir reikningsskil samkvæmt *alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS-stöðlum)* og

c) unnt er að setja fram án þess að tilkostnaðurinn verði hærri en ávinningur.

GILDISSVIÐ

2 Eining skal beita þessum IFRS-staðli:

a) á fyrstu reikningsskil sín samkvæmt IFRS-stöðlum og

b) á hver árshlutareikningsskil, ef einhver eru, sem hún setur fram samkvæmt IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil*, fyrir hluta þess tímabils sem fyrstu IFRS-reikningsskilin taka til.

3 Fyrstu IFRS-reikningsskil einingar eru fyrstu árlegu reikningsskilin þar sem eining innleiðir IFRS-staðla með ótvíræðri og afdráttarlausri yfirlýsingu í reikningsskilunum um að IFRS-stöðlum sé fylgt. Reikningsskil samkvæmt IFRS-stöðlum eru fyrstu reikningsskil einingar samkvæmt IFRS-stöðlum ef einingin t.d.:

a) setti fram nýjustu, undanfarandi reikningsskil sín:

i) samkvæmt innlendum kröfum, sem eru ekki að öllu leyti í samræmi við IFRS-staðla,

ii) í samræmi við IFRS-staðla að öllu leyti nema því að í reikningsskilunum væri ekki ótvíræð og afdráttarlaus yfirlýsing um að farið væri að IFRS-stöðlum,

iii) með ótvíræðri og afdráttarlausri yfirlýsingu um að sumum en ekki öllum IFRS-stöðlum sé fylgt,

iv) samkvæmt innlendum kröfum, sem eru ekki í samræmi við IFRS-staðla, með því að nota einstaka IFRS-staðla til að skrá liði, sem innlendar kröfur eru ekki til um eða

v) samkvæmt innlendum kröfum með afstemmingu sumra fjárhæða við fjárhæðir sem eru ákvarðaðar í samræmi við IFRS-staðla,

b) samdi reikningsskil í samræmi við IFRS-staðla eingöngu til innri notkunar, án þess að gera þau aðgengileg fyrir eigendur einingarinnar eða aðra ytri notendur,

c) samdi safn yfirlita í samræmi við IFRS-staðla fyrir samstæðureikningsskil án þess að gera heildstæð reikningsskil eins og þau eru skilgreind í IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, (endurskoðaður 2007) eða

d) setti ekki fram reikningsskil fyrir fyrri tímabil.

4 Þessi IFRS-staðall gildir þegar eining innleiðir IFRS-staðla í fyrsta sinn. Hann gildir t.d. ekki þegar eining:

a) hættir að setja fram reikningsskil í samræmi við innlendar kröfur, en hefur áður sett þau fram ásamt öðrum reikningsskilum með ótvíræðri og afdráttarlausri yfirlýsingu um að IFRS-stöðlum sé fylgt,

b) setti fram reikningsskil á fyrra ári í samræmi við innlendar kröfur og í þeim reikningsskilum var ótvíræð og afdráttarlaus yfirlýsing um að IFRS-stöðlum sé fylgt,

c) setti fram reikningsskil á fyrra ári með ótvíræðri og afdráttarlausri yfirlýsingu um að IFRS-stöðlum sé fylgt jafnvel þó að endurskoðendur hafi áritað reikningsskilin með fyrirvara.

4A Þrátt fyrir kröfurnar í 2. og 3. lið skal eining sem hefur beitt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum á fyrra reikningsskilatímabili, án þess að ótvíræð og afdráttarlaus yfirlýsing hafi verið í nýjustu fyrri árlegu reikningsskilum hennar um að IFRS-stöðlum sé fylgt, annaðhvort beita þessum alþjóðlegu reikningsskilastöðlum eða beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum með afturvirkum hætti í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur* eins og einingin hafi aldrei hætt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

4B Þegar eining kýs að beita ekki þessum alþjóðlega reikningsskilastaðli í samræmi við lið 4A skal einingin þó beita birtingarkröfunum í liðum 23A-23B í IFRS-staðli 1 til viðbótar birtingarkröfunum í IAS-staðli 8.

5 Þessi IFRS-staðall gildir ekki um breytingar á reikningsskilaaðferðum sem gerðar eru af einingu sem þegar beitir IFRS-stöðlum. Um slíkar breytingar er fjallað í:

a) kröfum um breytingar á reikningsskilaaðferðum í IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur* og

b) sértækum umbreytingarkröfum í öðrum IFRS-stöðlum.

FÆRSLA OG MAT

Upphafsefnahagsreikningur samkvæmt IFRS-stöðlum

6 Eining skal gera *upphafsefnahagsreikning samkvæmt IFRS-stöðlum daginn sem skipt er yfir í IFRS-staðla*. Þetta er upphafsstaður reikningsskila hennar í samræmi við IFRS-staðla.

Reikningsskilaaðferðir

7 Eining skal nota sömu reikningsskilaaðferðir í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum og á öllum tímabilum sem eru sett fram í fyrstu IFRS-reikningsskilunum. Þessar reikningsskilaaðferðir skulu fylgja öllum IFRS-stöðlum sem eru í gildi við lok *reikningsskilatímabils fyrstu reikningsskilanna samkvæmt IFRS-stöðlum*, nema að því leyti sem er tilgreint í 13.–19. lið og í viðaukum B–E.

8 Eining skal ekki beita öðrum útgáfum af IFRS-stöðlum sem voru í gildi áður. Eining má beita nýjum IFRS-staðli sem ekki er enn lögboðinn ef sá IFRS-staðall heimilar fyrri beitingu.

Dæmi: Samræmd beiting nýjustu útgáfu IFRS-staðla

Bakgrunnur

Reikningsskiladagur fyrstu reikningsskila einingar A samkvæmt IFRS-stöðlum er 31. desember 20X5. Eining A ákveður að setja aðeins fram samanburðarupplýsingar fyrir eitt ár í reikningsskilunum (sjá 21. lið). Þess vegna er umbreytingardagsetning yfir í IFRS-staðla upphaf viðskipta þann 1. janúar 20X4 (eða, jafngilt, lok viðskipta þann 31. desember 20X3). Eining A setti fram reikningsskil í samræmi við *góðar reikningsskilavenjur (GAAP), sem áður var fylgt*, til 31. desember á hverju ári til og með 31. desember 20X4.

Beiting krafna

Gerð er krafa um að eining A beiti IFRS-stöðlum sem gilda fyrir tímabil sem lýkur 31. desember 20X5 við:

a) gerð og framsetningu upphafsefnahagsreiknings samkvæmt IFRS-stöðlum 1. janúar 20X4 og

b) gerð og framsetningu efnahagsreiknings 31. desember 20X5 (þ.m.t. samanburðarupplýsingar fyrir 20X4), yfirlits um heildarafkomu, yfirlits um breytingar á eigin fé og yfirlits um sjóðstreymi ársins til 31. desember 20X5 (þ.m.t. samanburðarfjárhæðir fyrir 20X4) og upplýsingagjafar (þ.m.t. samanburðarupplýsingar fyrir 20X4).

Ef nýr IFRS-staðall er ekki enn lögboðinn en heimilar fyrri beitingu er einingu A heimilt, en þess ekki krafist, að beita þeim IFRS-staðli við fyrstu reikningsskil sín samkvæmt IFRS-stöðlum.

9 Umbreytingarákvæðin í öðrum IFRS-stöðlum gilda um breytingar á reikningsskilaaðferðum sem eining, sem þegar notar IFRS-staðla, gerir þau eiga ekki við um skipti *notanda, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn*, yfir í IFRS-staðla, nema að því leyti sem tilgreint er í viðaukum B–E.

10 Með þeirri undantekningu sem lýst er í 13.– 19. lið og viðaukum B–E, skal eining í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum:

a) færa allar eignir og skuldir sem gerð er krafa um samkvæmt IFRS-stöðlum að séu færðar,

b) ekki færa liði sem eignir eða skuldir ef slík færsla er ekki heimiluð í IFRS-stöðlum,

c) endurflokka liði sem hún skráði í samræmi við fyrri góðar reikningsskilavenjur sem eina tegund eignar, skuldar eða eiginfjárþáttar, en eru önnur tegund eignar, skuldar eða eiginfjárþáttar í samræmi við IFRS-staðla og

d) beita IFRS-stöðlum við mat á öllum færðum eignum og skuldum.

11 Reikningsskilaaðferðirnar sem eining beitir í upphafsefnahagsreikningi sínum samkvæmt IFRS-stöðlum geta verið aðrar en þær sem hún beitti að því er varðar sömu dagsetningu með góðri reikningsskilavenju sem áður var fylgt. Síðari leiðréttingar vegna atburða og viðskipta fyrir umbreytingardagsetningu yfir í IFRS-staðla. Af þessum sökum skal eining færa þær leiðréttingar beint á óráðstafað eigin fé (eða, ef við á, á annan flokk eigin fjár) á umbreytingardagsetningu yfir í IFRS-staðla.

12 Þessi IFRS-staðall fastsetur tvo flokka undanþága frá meginreglunnar um að upphafsefnahagsreikningur einingar samkvæmt IFRS-stöðlum skuli fylgja öllum IFRS-stöðlum:

a) Í 14.–17. lið og viðauka B er afturvirk beiting sumra þátta annarra IFRS-staðla bönnuð.

b) Í viðauka C-E eru veittar undanþágur frá sumum kröfum annarra IFRS-staðla.

Undanþágur frá afturvirkri beitingu annarra IFRS-staðla

13 Í þessum IFRS-staðli er afturvirk beiting sumra þátta annarra IFRS-staðla bönnuð. Þessar undantekningar eru settar fram í 14.–17. lið og í viðauka B.

Möt

14 Möt einingar í samræmi við IFRS-staðla á umbreytingardagsetningu yfir í IFRS-staðla skulu vera í samræmi við mötin að því er varðar sömu dagsetningu samkvæmt fyrri góðri reikningsskilavenju (að loknum leiðréttingum til að endurspegla hvers konar mismun á reikningsskilaaðferðum), nema um sé að ræða hlutlægar vísbendingar um að þau möt hafi verið röng.

15 Eining getur fengið upplýsingar eftir umbreytingardagsetningu yfir í IFRS-staðla um möt sem hún hefur gert samkvæmt fyrri góðri reikningsskilavenju. Í samræmi við 14. lið skal eining fara með viðtöku slíkra upplýsinga á sama hátt og atburði eftir lok reikningsskilatímabils, sem ekki kalla á lagfæringu í samræmi við IAS-staðal 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*. Til dæmis, gera ráð fyrir að umbreytingardagsetning einingar yfir í IFRS-staðla sé 1. janúar 20X4 og nýjar upplýsingar þann 15. júlí 20X4 krefjast endurskoðunar á mati sem gert var í samræmi við fyrri góðar reikningsskilavenjur þann 31. desember 20X3. Einingin skal ekki endurspegla þessar nýju upplýsingar í upphafsefnahagsreikningi sínum samkvæmt IFRS-stöðlum (nema mötin kalli á lagfæringu vegna mismunandi reikningsskilaaðferða eða um sé að ræða hlutlægar vísbendingar um að mötin hafi verið röng). Þess í stað skal einingin sýna að þessar nýju upplýsingar séu í rekstrarreikningi (eða í annarri heildarafkomu, ef við á) fyrir árið sem lýkur 31. desember 20X4.

16 Eining gæti þurft að framkvæma möt í samræmi við IFRS-staðla á umbreytingardagsetningu yfir í IFRS-staðla sem ekki var krafist á þeim degi samkvæmt fyrri góðri reikningsskilavenju. Til að ná fram samræmi við IAS-staðal 10, atburðir eftir reikningsskilatímabilið, skulu þessi möt í samræmi við IFRS-staðla endurspegla aðstæður sem voru fyrir hendi á umbreytingardagsetningu yfir í IFRS-staðla. Einkum ættu mötin á umbreytingardagsetningunni yfir í IFRS-staðla á markaðsvirði, vöxtum eða gjaldeyri að endurspegla markaðsaðstæður á þeirri dagsetningu.

17 Ákvæði 14.–16. liðar gilda um upphafsefnahagsreikning samkvæmt IFRS-stöðlum. Þau gilda einnig um samanburðartímabil sem sett er fram í fyrstu reikningsskilum samkvæmt IFRS-stöðlum, þar sem í stað tilvísana í umbreytingardagsetningu yfir IFRS-staðla komi tilvísanir í lok þess samanburðartímabils.

Undanþágur frá öðrum IFRS-stöðlum

18 Eining getur kosið að nota eina eða fleiri undanþágur úr viðaukum C–E. Eining skal ekki beita þessum undanþágum á hliðstæðan hátt á aðra fjármunaliði.

19 [Felldur brott]

FRAMSETNING OG UPPLÝSINGAGJÖF

20 Þessi IFRS-staðall setur ekki fram undanþágur frá kröfunum um framsetningu og upplýsingagjöf í öðrum IFRS-stöðlum.

Samanburðarupplýsingar

21 Í fyrsta ársreikningi einingar samkvæmt IFRS-stöðlum skulu a.m.k. vera þrír efnahagsreikningar, tveir rekstrarreikningar og yfirlit yfir aðra heildarafkomu, tveir aðgreindir rekstrarreikningar (ef þau er lögð fram), tvö yfirlit um sjóðstreymi og tvö yfirlit um breytingar á eigin fé og viðeigandi skýringar, þ.m.t. samanburðarupplýsingar fyrir öll yfirlit sem sett eru fram.

Samanburðarupplýsingar og samantektir sem falla ekki undir IFRS-staðla

22 Sumar einingar setja fram samantekt eldri valinna gagna fyrir tímabil sem fóru á undan fyrsta tímabilinu sem þær setja fram heildstæðar samanburðarupplýsingar fyrir í samræmi við IFRS-staðla. Þessi IFRS-staðall krefst þess ekki að slíkar samantektir uppfylli kröfurnar um færslu og mat samkvæmt IFRS-stöðlum. Þar að auki setja sumar einingar fram samanburðarupplýsingar í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt til viðbótar við samanburðarupplýsingarnar sem gerð er krafa um samkvæmt IAS-staðli 1. Eining skal í öllum reikningsskilum sem innihalda samantektir eða samanburðarupplýsingar í samræmi við fyrri góðar reikningsskilavenjur:

a) merkja skýrt og greinilega að upplýsingar samkvæmt góðum reikningsskilavenjum sem áður var fylgt, hafi ekki verið teknar saman í samræmi við IFRS-staðla og

b) greina frá eðli helstu leiðréttinga sem þyrfti til að þær fari að IFRS-stöðlunum. Eining þarf ekki að setja þessar leiðréttingar fram í tölum.

Útskýring á umskiptum yfir í IFRS-staðla

23 Eining skal útskýra hvernig umbreyting úr góðum reikningsskilavenjum sem áður var fylgt yfir í IFRS-staðla hafði áhrif á efnahagsreikninginn sem settur var fram, rekstrarárangur og sjóðstreymi.

23A Eining sem hefur beitt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum á fyrra tímabili, eins og lýst er í lið 4A, skal greina frá:

a) ástæðu þess að hún hætti að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og

b) ástæðu þess að hún hóf að nýju að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

23B Þegar eining, í samræmi við lið 4A, kýs að beita ekki IFRS-staðli 1 skal einingin útskýra ástæður þess að hún kýs að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eins og hún hafi aldrei látið af því að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Afstemmingar

24 Til þess að farið sé að 23. lið skal í fyrstu reikningsskilum einingar samkvæmt IFRS-stöðlum vera eftirfarandi:

a) afstemming eigin fjár skráð í samræmi við góðar reikningsskilavenjur, sem áður var fylgt, við eigið fé í samræmi við IFRS-staðla fyrir báðar eftirfarandi dagsetningar:

i) umbreytingardagsetningu yfir í IFRS-staðla og

ii) lok síðasta tímabils sem sett er fram í nýjustu, árlegu reikningsskilum einingar í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt.

b) afstemming samanlagðrar heildarafkomu sem greint var frá í samræmi við góðar reikningsskilavenjur, sem áður var fylgt, fyrir síðasta tímabil í nýjustu, árlegu reikningsskilum einingarinnar. Upphafsstaður afstemmingar á að vera samanlögð heildarafkoma í samræmi við góðar reikningsskilavenjur, sem áður var fylgt, fyrir sama tímabil, eða ef eining skilaði ekki slíkri samtölu, rekstrarreikningur samkvæmt fyrri góðum reikningsskilavenjum.

c) ef einingin færði eða bakfærði öll virðisrýrnunartöp í fyrsta skipti við gerð upphafsefnahagsreiknings samkvæmt IFRS-stöðlum, þær upplýsingar sem gerð hefði verið krafa um í IAS-staðli 36, *virðisrýrnun eigna*, ef einingin færði eða bakfærði þessi virðisrýrnunartöp á tímabilinu sem hófst á umbreytingardagsetningu yfir í IFRS-staðla.

25 Afstemmingarnar sem krafist er skv. a- og b-lið 24. liðar skulu vera nægjanlega ítarlegar til að gera notendum kleift að skilja helstu leiðréttingar á efnahagsreikningnum og yfirlitinu um heildarafkomu. Ef eining setti fram sjóðstreymisyfirlit samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem áður var fylgt skal hún einnig útskýra verulegar leiðréttingar á sjóðstreymisyfirlitinu.

26 Ef eining verður vör við skekkjur sem gerðar voru samkvæmt góðri reikningsskilavenju, sem áður var fylgt, skal afstemmingin, sem gerð er krafa um í a- og b-lið 24. liðar, greina á milli leiðréttinga á þessum skekkjum og breytinga á reikningsskilaaðferðum.

27 IAS-staðall 8 gildir ekki um breytingar á reikningsskilaaðferðum einingar þegar hún innleiðir IFRS-staðlana eða um breytingar á þessum aðferðum þar til eftir að hún leggur fram fyrstu reikningsskil sín samkvæmt IFRS-stöðlum. Þess vegna gilda kröfurnar í IAS-staðli 8 varðandi breytingar á reikningsskilaaðferðum ekki um fyrstu reikningsskil einingar samkvæmt IFRS-stöðlum.

27A Breyti eining reikningsskilaaðferðum á fyrsta tímabilinu sem fyrstu reikningsskil fara fram samkvæmt IFRS-stöðlum, eða notkun undanþága þessa IFRS-staðals, skal hún útskýra breytingarnar á milli fyrstu árshlutareikningsskila samkvæmt IFRS-stöðlum og fyrstu reikningsskila samkvæmt IFRS-stöðlum, í samræmi við 23. lið og skal hún uppfæra afstemmingarnar sem gerð er krafa um í a- og b-lið 24. liðar.

28 Ef eining setti ekki fram reikningsskil á fyrri tímabilum skal greina frá því í fyrstu reikningsskilum samkvæmt IFRS-stöðlum að svo sé.

Tilgreining á fjáreignum eða fjárskuldum

29 Einingu er heimilt að tilgreina áður færða fjáreign sem fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við lið D19A. Einingin skal greina frá gangvirði fjáreigna, sem tilgreindar eru með þeim hætti á tilgreiningardegi ásamt flokkun þeirra og bókfærðu verði í fyrri reikningsskilum.

29A Einingu er heimilt að tilgreina áður færða fjárskuld sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við lið D19. Einingin skal greina frá gangvirði fjárskulda, sem tilgreindar eru með þeim hætti á tilgreiningardegi ásamt flokkun þeirra og bókfærðu verði í fyrri reikningsskilum.

Notkun gangvirðis sem áætlaðs kostnaðarverðs

30 Ef eining notar gangvirði í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum sem áætlað kostnaðarverð fyrir varanlegan rekstrarfjármunalið, fjárfestingareign, óefnislega eign eða eign með afnotarétti (sjá liði D5 og D7) skal í fyrstu reikningsskilum einingar samkvæmt IFRS-stöðlum greina frá eftirfarandi fyrir hverja sérlínu í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum:

a) heildartölu þessa gangvirðis og

b) samanlagðar leiðréttingar á bókfærðu verði sem sett er fram samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem áður var fylgt.

Notkun áætlaðs kostnaðarverðs vegna fjárfestingar í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum

31 Ef eining notar áætlað kostnaðarverð í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum fyrir fjárfestingu í dótturfélagi, samrekstri eða hlutdeildarfélagi í aðgreindum reikningsskilum (sjá lið D15) skal að sama skapi setja eftirfarandi fram í fyrstu reikningsskilum einingar samkvæmt IFRS-stöðlum:

a) samanlagðan áætlaðan kostnað við þær fjárfestingar, ef sá áætlaði kostnaður er bókfært verð samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem áður var fylgt,

b) samanlagðan áætlaðan kostnað við þær fjárfestingar, ef sá áætlaði kostnaður er gangvirði og

c) samanlagðar leiðréttingar á bókfærðu verði sem sett er fram samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem áður var fylgt.

Notkun áætlaðs kostnaðarverðs olíu- og gaseigna.

31A Ef eining beitir þeirri undanþágu sem um getur í b-lið liðar D8A að því er varðar olíu- og gaseignir skal hún greina frá því og á hvaða grundvelli er úthlutað bókfærðu verði, sem ákvarðað er samkvæmt góðri reikningsskilavenja, sem áður var fylgt.

Notkun áætlaðs kostnaðarverðs fyrir gjaldstýrðar aðgerðir

31B Ef eining beitir þeirri undanþágu sem um getur í lið D8B að því er varðar gjaldstýrðar aðgerðir skal hún greina frá því og á hvaða grundvelli bókfærðu verði er úthlutað, sem ákvarðað er samkvæmt góðri reikningsskilavenju, sem áður var fylgt.

Notkun áætlaðs kostnaðarverðs eftir alvarlega óðaverðbólgu

31C Ef eining kýs að meta eignir og skuldir á gangvirði og nota það gangvirði sem áætlað kostnaðarverð í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-staðli vegna alvarlegrar óðaverðbólgu (sjá liði D26–D30) skal í fyrstu reikningsskilum hennar samkvæmt IFRS-stöðlum birta útskýringu á því hvernig og hvers vegna einingin hafði, og hætti síðan að hafa, starfrækslugjaldmiðil með bæði eftirfarandi einkenni:

a) áreiðanleg almenn verðvísitala er ekki aðgengileg öllum einingum sem stunda viðskipti og hafa stöður í gjaldmiðlinum,

b) ekki er unnt að skipta á gjaldmiðlinum og tiltölulega stöðugum erlendum gjaldmiðli.

Árshlutareikningsskil

32 Til þess að fara að 23. lið skal eining, sem setur fram árshlutareikningsskil í samræmi við IAS-staðal 34 fyrir hluta tímabilsins sem fyrstu reikningsskilin samkvæmt IFRS-stöðlum taka til, uppfylla eftirfarandi kröfur auk krafnanna í IAS-staðli 34:

a) hver árshlutareikningsskil skulu, ef einingin setti fram árshlutareikningsskil fyrir sambærilegan árshluta næsta fjárhagsárs á undan, innihalda:

i) afstemmingu eigin fjár í samræmi við góðar reikningsskilavenjur, sem áður var fylgt, við lok þessa sambærilega árshluta og eigin fjár samkvæmt IFRS-stöðlum á þeim degi og

ii) afstemmingu samanlagðrar heildarafkomu í samræmi við IFRS-staðla fyrir þann sambærilega árshluta (yfirstandandi og það sem af er árinu). Upphafsstaður afstemmingar skal vera samanlögð heildarafkoma í samræmi við góðar reikningsskilavenjur, sem áður var fylgt, fyrir það tímabil, eða ef eining skilaði ekki slíkri samtölu, rekstrarreikningur í samræmi við fyrri góðar reikningsskilavenjur.

b) Auk þeirra afstemminga, sem gerð er krafa um í a-lið, skulu fyrstu árshlutareikningsskil einingar í samræmi við IAS-staðal 34 fyrir hluta tímabilsins, sem fyrstu IFRS-reikningsskilin taka til, innhalda þær afstemmingar sem lýst er í a- og b-lið 24. liðar (að viðbættum upplýsingum sem krafist er í 25. og 26. lið) eða millivísun í annað útgefið skjal sem inniheldur þessar afstemmingar.

c) Breyti eining reikningsskilaaðferðum eða notkun undanþága þessa IFRS-staðals, skal hún útskýra breytingarnar í hverjum slíkum árshlutareikningsskilum í samræmi við 23. lið og uppfæra afstemmingarnar sem krafist er í a- og b-lið.

33 Í IAS-staðli 34 er gerð krafa um að veittar séu lágmarksupplýsingar sem byggjast á þeirri forsendu að notendur árshlutareikningsskila hafi einnig aðgang að nýjustu árlegu reikningsskilunum. Í IAS-staðli 34 er þess þó einnig krafist að eining greini frá „öllum atburðum eða viðskiptum sem máli skipta til skilnings á yfirstandandi árshluta“. Þess vegna skal í árshlutareikningsskilum birta þær upplýsingar eða millivísun í annað útgefið skjal sem inniheldur þær ef notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn birtir ekki upplýsingar sem máli skipta til skilnings á yfirstandandi árshluta í nýjustu árshlutareikningsskilum samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem áður var fylgt.

GILDISTÖKUDAGUR

34 Eining skal beita þessum IFRS-staðli ef fyrstu reikningsskil hennar samkvæmt IFRS-stöðlum eru fyrir tímabil sem hefst 1. júlí 2009 eða síðar. Fyrri beiting er heimil.

35 Eining skal beita breytingunum í n-lið liðar D1 og lið D23 að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 23, *fjármagnskostnaður* (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

36 IFRS staðall 3, *sameining fyrirtækja* (endurskoðaður 2008) breytti liðum 19, C1 og C4 (f- og g-lið). Ef eining beitir IFRS-staðli 3 (endurskoðaður 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar einnig gildi fyrir það fyrra tímabil.

37 IAS-staðall 27, *samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil* (eins og honum var breytt 2008) breytti liðum B1 og B7. Ef eining beitir IAS-staðli 27 (breytt 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

38 *Kostnaðarverð fjárfestingar í dótturfélagi, sameiginlegri rekstrareiningu eða hlutdeildarfélagi* (breytingar á IFRS-staðli 1 og IAS-staðli 27), útgefið í maí 2008, bættu við liðum 31, D1(g), D14 og D15. Eining skal beita þessum liðum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir liðunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

39 Lið B7 var breytt með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* (IFRS) sem gefnar voru út í maí 2008. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 27 (breytt 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

39A Með *Viðbótarundanþágum vegna innleiðingar* (breytingar á IFRS-staðli 1), sem gefnar voru út í júlí 2009, var liðum 31A, D8A, D9A og D21A bætt við og c-, d- og l-lið liðar D1 breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2010 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

39B [Felldur brott]

39C IFRIC-túlkun 19, greiðsla skulda með eiginfjárgerningum bætti við lið D25. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRIC-staðli 19.

39D [Felldur brott]

39E Með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* (IFRS) sem gefnar voru út í maí 2010 var liðum 27A, 31B og D8B bætt við og liðum 27, 32, D1 (c-liður) og D8 breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2011 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Einingum sem innleiddu IFRS-staðla á tímabili fyrir gildistökudag IFRS-staðals 1 eða beittu IFRS-staðli 1 á fyrra tímabili er heimilt að nota breytinguna á lið D8 afturvirkt á fyrsta árlega tímabilið eftir að breytingin tekur gildi. Eining sem beitir lið D8 afturvirkt skal greina frá því.

39F [Felldur brott]

39G [Felldur brott]

39H *Alvarleg óðaverðbólga og afnám fastsettra dagsetninga fyrir notendur sem innleiða staðla* (breytingar við IFRS-staðal 1), gefnar út í desember 2010, gerði breytingar á liðum B2, D1 og D20 og liðum 31C og D26–D30 var bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2011 eða síðar. Fyrri beiting er heimil.

39I IFRS-staðall 10, *samstæðureikningsskil* og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, gefnir út í maí 2011, breyttu liðum 31, B7, C1, D1, D14 og D15 og lið D31 var bætt við. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

39J IFRS-staðall 13, *gangvirðismat*, gefinn út í maí 2011, felldi brott 19. lið, breytti skilgreiningu gangvirðis í viðbæti A og breytti liðum D15 og D20. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

39K *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti 21. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

39L Í IAS-staðli 19, *starfskjör*, (með áorðnum breytingum í júní 2011) var lið D1 breytt og liðir D10 og D11 felldir brott. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IAS-staðli 19, (með áorðnum breytingum í júní 2011).

39M IFRIC-túlkun 20, *kostnaður við hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu*, bætti lið D32 við og breytti lið D1. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRIC-staðli 20.

39N Með *Ríkislán* (breytingar á IFRS-staðli 1), útgefnum í mars 2012, var liðunum B1 (f-liður) og B10-B12 bætt við. Eining skal beita þessum liðum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Fyrri beiting er heimil.

39O Liðir B10 og B11 vísa til IFRS-staðals 9. Beiti eining þessum IFRS-staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísanirnar í liði B10 og B11 í IFRS-staðli 9 sem tilvísanir í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar*: *færsla og mat*.

39P *Árlegar endurbætur tímabilið 2009-2011*, gefnar út í maí 2012, bættu við liðum 4A–4B og 23A–23B. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

39Q *Árlegar endurbætur tímabilið 2009-2011*, gefnar út í maí 2012, breyttu lið D23. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

39R *Árlegar endurbætur tímabilið 2009-2011*, gefnar út í maí 2012, breyttu 21. lið. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

39S *Samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12) útgefnar í júní 2012, var lið D31 breytt. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 11 (eins og honum var breytt í júní 2012).

39T *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefið í október 2012, breytti liðum D16, D17 og viðbæti C. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita liðnum *Fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

39U [Felldur brott]

39V IFRS-staðall 14 *eignir og skuldir vegna verðtakmarkana*, gefinn út í maí 2014, breytti lið D8B. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir IFRS-staðli 14 að því er varðar fyrra tímabil tekur þessi breyting gildi fyrir það fyrra tímabil.

39 W *Reikningsskilameðferð vegna yfirtöku á hlutdeild í sameiginlegum rekstri* (breytingar á IFRS-staðli 11), gefin út í maí 2014, breytti lið C5. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Ef eining beitir tengdum breytingum á IFRS-staðli 11 úr *Reikningsskilameðferð vegna yfirtöku á hlutdeild í sameiginlegum rekstri* (breytingar á IFRS-staðli 11) á fyrra tímabili skal beita breytingum á lið C5 fyrir það fyrra tímabil.

39X IFRS-staðall 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, gefinn út í maí 2014, breytti lið D1, felldi brott lið D24 og tengda fyrirsögn og bætti við liðum D34–D35 og tengdum fyrirsögnum. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

39Y IFRS-staðall 9, *fjármálagerningar*, gefinn út í júlí 2014, breytti liðum 29, B1–B6, D1, D14, D15, D19 og D20, felldi brott liði 39B, 39G og 39U og bætti við liðum 29A, B8–B8G, B9, D19A–D19C, D33, E1 og E2. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

39Z *Hlutdeildaraðferð í aðgreindum reikningsskilum* (breytingar á IAS-staðli 27), útgefin í ágúst 2014, breytti lið D14 og bætti við lið D15A. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

39AA [Felldur brott]

39AB IFRS-staðall 16, *leigusamningar,* gefinn út í janúar 2016, breytti liðum 30, C4, D1, D7, D8B og D9, felldi brott lið D9A og bætti við liðum D9B–D9E. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

39AC IFRIC-túlkun 22, *viðskipti í erlendum gjaldmiðli og fyrirframgreiðsla*, bætti við lið D36 og breytti lið D1. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRIC-staðli 22.

39AD Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* (IFRS-stöðlum) fyrir tímabilið 2014–2016, sem voru gefnar út í desember 2016, voru gerðar breytingar á liðum 39L og 39T og liðir 39D, 39F, 39AA og E3–E7 felldir brott. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar.

39AE Með IFRS-staðli 17, *vátryggingarsamningar*, gefnum út í maí 2017, breyttust liðir B1 og D1, fyrirsögnin á undan lið D4 og lið D4 var felld brott og á eftir lið B12 var bætt við fyrirsögn og lið B13. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 17.

39AF IFRIC-túlkun 23, *óvissa varðandi tekjuskattsmeðferð*, bætti lið E8 við. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRIC-túlkun 23.

39AG Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* (IFRS) 2018-2020, sem gefið var út í maí 2020, var f-lið liðar D1 breytt og lið D13A bætt við. Eining skal beita þeirri breytingu að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2022 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil.

39AH *Frestaður skattur í tengslum við eignir og skuldir sem koma til vegna stakra viðskipta*, sem gefinn var út í maí 2021, fól í sér breytingar á lið B1 og bætti lið B14 við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2023 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil.

AFTURKÖLLUN IFRS-STAÐALS 1 (ÚTG. 2003)

40 Þessi IFRS-staðall kemur í stað IFRS-staðals 1 (gefinn út 2003 og breytt í maí 2008).

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

umbreytingardagsetning yfir í IFRS-staðla	Upphaf fyrsta tímabils sem eining leggur fram allar samanburðarupplýsingar samkvæmt IFRS-staðli í **fyrstu reikningsskilum samkvæmt IFRS-stöðlum.**
áætlað kostnaðarverð	Fjárhæð sem notuð er sem staðgengill kostnaðar eða afskrifað kostnaðarverð á tiltekinni dagsetningu. Síðari afskriftir eða endurmat gerir ráð fyrir að einingin hafi upphaflega fært eignina eða skuldina á tiltekinni dagsetningu og að kostnaðurinn hafi verið jafn áætluðum kostnaði.
gangvirði	verðið sem fengist við sölu á eign eða yrði greitt til yfirfærslu skuldar í eðlilegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13.)
fyrstu reikningsskil samkvæmt IFRS-stöðlum	Fyrstu árlegu reikningsskilin þar sem rekstrareining tekur upp **alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla)** með ótvíræðri og afdráttarlausri yfirlýsingu um að IFRS-stöðlum sé fylgt.
fyrsta reikningsskilatímabil samkvæmt IFRS-stöðlum	Síðasta reikningsskilatímabil sem **fyrstu reikningsskil einingar samkvæmt IFRS-stöðlum** ná yfir.
notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn	Eining sem setur fram **fyrstu reikningsskil sín samkvæmt IFRS-stöðlum.**
Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS-staðlar)	Staðlar og túlkanir sem Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) hefur gefið út. Þeir samanstanda af: a) alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS-stöðlum), b) alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS-stöðlum), c) IFRIC-túlkunum, og d) SIC-túlkunum ([31]).
upphafsefnahagsreikningur samkvæmt IFRS-stöðlum	Efnahagsreikningur einingar **daginn sem skipt er yfir í IFRS-staðla.**
góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt	Grunnur reikningsskila sem **notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn** notaði áður en hann tók upp IFRS-staðla.

([31]) Skilgreiningu á IFRS-stöðlum breytt eftir nafnabreytingarnar sem voru gerðar með endurskoðaðri stofnskrá Alþjóðlegu reikningsskilastaðlastofnunarinnar árið 2010.

Viðbætir B

Undanþágur frá afturvirkri beitingu annarra IFRS-staðla

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

B1 Eining skal beita eftirfarandi undantekningum:

a) afskráning fjáreigna og fjárskulda (liðir B2 og B3),

b) áhættuvarnarreikningsskil (liðir B4–B6),

c) hlutir sem ekki eru ráðandi (liður B7),

d) flokkun og mat fjáreigna (liðir B8–B8C),

e) virðisrýrnun fjáreigna (liðir B8D–B8G),

f) innbyggðar afleiður (liður B9),

g) ríkislán (liðir B10–B12),

h) vátryggingarsamningar (liður B13) og

i) frestaður skattur í tengslum við leigusamninga og skuldbindingar vegna starfsemi sem leggja skal niður, enduruppbyggingar og sambærilegs (liður B14).

Afskráning fjáreigna og fjárskulda

B2 Notandi, sem innleiðir staðlana, skal fara framvirkt að afskráningarkröfunum í IFRS-staðli 9 fyrir viðskipti á umbreytingardegi til IFRS-staðla eða síðar, að undanskildu því sem heimilt er samkvæmt lið B3. Til dæmis skal notandi sem innleiðir staðlana ekki færa þær eignir og skuldir í samræmi við IFRS-staðla (nema þær uppfylli skilyrði fyrir færslu vegna síðari viðskipta eða atburðar) ef hann afskráði óafleiddar fjáreignir eða fjárskuldir í samræmi við góða reikningsskilavenju, sem áður var fylgt, í kjölfar viðskipta er áttu sér stað fyrir umbreytingadaginn til IFRS-staðla.

B3 Þrátt fyrir lið B2 má eining beita afskráningarkröfunum í IFRS-staðli 9 afturvirkt frá þeim degi, sem einingin velur, að því tilskildu að upplýsingarnar, sem þarf til að beita IFRS-staðli 9 á fjáreignir og fjárskuldir, sem hafa verið afskráðar vegna fyrri viðskipta, hafi legið fyrir þegar þau viðskipti voru upphaflega færð.

Áhættuvarnarreikningsskil

B4 Í IFRS-staðli 9 er gerð krafa um að á þeim degi sem skipt er yfir í IFRS-staðla skuli eining:

a) meta allar afleiður á gangvirði og

b) eyða öllu frestuðu tapi og hagnaði af afleiðum, sem gerð var grein fyrir samkvæmt góðri reikningsskilavenju, sem áður var fylgt, eins og um væri að ræða eignir eða skuldir.

B5 Í upphafsefnahagsreikningi sínum samkvæmt IFRS-stöðlum skal eining ekki endurspegla áhættuvarnartengsl sem eru þannig að þau uppfylli ekki skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil í samræmi við IFRS-staðal 9 (t.d. ýmiss konar áhættuvarnartengsl þar sem áhættuvarnargerningurinn er sjálfstæður, útgefinn valréttarsamningur eða hreinn, útgefinn valréttarsamningur eða þar sem áhættuvarði liðurinn er hrein staða eða sjóðstreymisvörn fyrir aðra áhættu en gengisáhættu erlendra gjaldmiðla). Ef eining tilgreindi engu að síður hreina stöðu sem áhættuvarinn lið í samræmi við góðar reikningsskilavenjur, sem áður var fylgt, getur hún tilgreint sem áhættuvarinn lið í samræmi við IFRS-staðla stakan lið innan hreinnar stöðu, eða hreina stöðu ef það fullnægir kröfum í lið 6.6.1 í IFRS-staðli 9, svo framarlega sem það er ekki gert síðar en á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla.

B6 Ef eining hefur tilgreint viðskipti sem áhættuvörn fyrir þann tíma sem skipt var yfir í IFRS-staðla en áhættuvörnin uppfyllir ekki skilyrði áhættuvarnarreikningsskila í IFRS-staðli 9 skal einingin beita liðum 6.5.6 og 6.5.7 í IFRS-staðli 9 til að hætta áhættuvarnarreikningsskilum. Viðskipti, sem eiga sér stað áður en skipt er yfir í IFRS-staðla, skal ekki tilgreina afturvirkt sem áhættuvörn.

Hlutir, sem ekki eru ráðandi

B7 Notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, skal beita eftirfarandi kröfum IFRS-staðals 10 framvirkt frá þeim degi sem skipt var yfir í IFRS-staðla:

a) kröfunni í lið B94 um að samanlögð heildarafkoma skuli færð á eigendur móðurfélagsins og á hluti sem ekki eru ráðandi, jafnvel þó að það leiði til þess að halli verði á þeim hlutum sem ekki eru ráðandi,

b) kröfunum í liðum 23 og B96 um reikningsskil vegna breytinga á eignarhaldi móðurfélags í dótturfélagi sem leiða ekki til þess að yfirráð tapist og

c) kröfunum í liðum B97–B99 um reikningsskil vegna taps á yfirráðum yfir dótturfélagi og tengdum kröfum í lið 8A í IFRS-staðli 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*.

Ef notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn kýs að beita IFRS-staðli 3 afturvirkt á fyrri sameiningar fyrirtækja, skal hann einnig beita IFRS-staðli 10 í samræmi við lið C1 í þessum IFRS-staðli.

Flokkun og mat fjármálagerninga

B8 Eining skal meta hvort fjáreign uppfylli skilyrði liðar 4.1.2 í IFRS-staðli 9 eða skilyrði liðar 4.1.2A í IFRS-staðli 9 á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem eru fyrir hendi á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla.

B8A Ef það er ógerlegt að meta breytt tímavirði peningaþáttar í samræmi við liði B4.1.9B–B4.1.9D í IFRS-staðli 9 á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem eru fyrir hendi á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla skal eining meta einkenni samningsbundins sjóðstreymis fjáreignarinnar á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem fyrir hendi voru á þeim degi þegar skipt var yfir í IFRS-staðal án hliðsjónar af kröfum er varða breytingu á tímavirði peningaþáttar í liðum B4.1.9B–B4.1.9D í IFRS-staðli 9. (Í því tilviki skal eining einnig beita lið 42R í IFRS-staðli 7 en líta skal á tilvísanir í „lið 7.2.4 í IFRS-staðli 9“ sem tilvísanir í þennan lið og tilvísanir í „upphafsfærslu fjáreignar“ sem „þann dag þegar skipt er yfir í IFRS-staðla“).

B8B Ef ógerlegt er að meta hvort gangvirði uppgreiðsluþáttar sé óverulegt í samræmi við c-lið í lið B4.1.12 í IFRS-staðli 9 á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem fyrir hendi eru á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla skal eining meta einkenni samningsbundins sjóðstreymis fjáreignarinnar á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem fyrir hendi voru á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla án hliðsjónar af undantekningunni fyrir uppgreiðsluþætti í lið B4.1.12 í IFRS-staðli 9. (Í því tilviki skal eining einnig beita lið 42S í IFRS-staðli 7 en líta skal á tilvísanir í „lið 7.2.5 í IFRS-staðli 9“ sem tilvísanir í þennan lið og tilvísanir í „upphafsfærslu fjáreignar“ sem „þann dag þegar skipt er yfir í IFRS-staðla“).

B8C Ef það er ógerlegt (eins og skilgreint er í IAS-staðli 8) fyrir einingu að beita afturvirkt aðferð virkra vaxta í IFRS-staðli 9 skal gangvirði fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðlana vera nýtt bókfært verð fjáreignarinnar eða nýtt afskrifað kostnaðarverð þeirrar fjárskuldar á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla.

Virðisrýrnun fjáreigna

B8D Eining skal beita virðisrýrnunarkröfum í þætti 5.5 í IFRS-staðli 9 afturvirkt með fyrirvara um liði B8E-B8G og E1-E2 í þeim staðli.

B8E Á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla skal eining nota raunhæfar og rökstuddar upplýsingar, sem hægt er að nálgast án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar, til að ákvarða útlánaáhættu á þeim degi þegar fjármálagerningarnir voru fyrst færðir (eða vegna lánsskuldbindinga og samninga með fjárhagslegri tryggingu á þeim degi þegar einingin gerðist aðili að óafturkræfri skuldbindingu í samræmi við lið 5.5.6 í IFRS-staðli 9), og bera þær saman við útlánaáhættu á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla (sjá einnig liði B7.2.2–B7.2.3 í IFRS-staðli 9).

B8F Við ákvörðun á því hvort útlánaáhætta hefur aukist umtalsvert frá upphafsfærslu getur einingin beitt:

a) kröfunum í liðum 5.5.10 og B5.5.22–B5.5.24 í IFRS-staðli 9 og

b) þeirri hrekjanlegu forsendu í lið 5.5.11 í IFRS-staðli 9 varðandi samningsbundnar greiðslur, sem eru komnar 30 daga fram yfir gjalddaga, ef hún beitir virðisrýrnunarákvæðum með því að greina verulega aukna útlánaáhættu frá upphafsfærslu fyrir þessa fjármálagerninga á grundvelli upplýsinga um fjárhæðir sem fallnar eru í gjalddaga.

B8G Ef það krefst óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla að ákvarða hvort útlánaáhætta hafi aukist verulega frá upphafsfærslu fjármálagernings skal eining færa niðurfærslu taps sem fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi á lánstímanum á hverjum reikningsskiladegi þar til fjármálagerningur er afskráður (nema fjármálagerningurinn beri litla útlánaáhættu á reikningsskiladegi en í því tilviki er a-lið í lið B8F beitt).

Innbyggðar afleiður

B9 Notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, skal meta hvort greina þarf innbyggða afleiðu frá grunnsamningnum og færa hana sem afleiðu á grundvelli aðstæðna sem voru fyrir hendi þann dag þegar hann varð fyrst aðili að samningnum og þann dag þegar gera þarf endurmatið að kröfu liðar B4.3.11 í IFRS-staðli 9, hvor þeirra sem ber upp síðar.

Ríkislán

B10 Notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, skal flokka öll ríkislán sem fengin eru, sem fjárskuldbindingu eða eiginfjárgerning í samræmi við IAS-staðal 32, *fjármálagerningar: Framsetning*. Að undanskildu því sem er heimilað í lið B11 ber notanda, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn að beita kröfunum í IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar* og IAS-staðli 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð* framvirkt á ríkislán sem voru til á umbreytinga-degi í IFRS-staðla og skal ekki færa samsvarandi ávinning af ríkisláni á vöxtum sem eru undir markaðsvöxtum sem opinberan styrk. Af þessum sökum, ef notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn hefur ekki fært og metið ríkislán á vöxtum undir markaðsvöxtum á þeim grunni sem samræmist kröfum alþjóðlegra reikningsskilastaðla, samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem áður var fylgt, skal hann nota bókfært verð láns á þeim degi, sem skipt var yfir í IFRS-staðla samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem bókfært verð lánsins í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum. Eining skal beita IFRS-staðli 9 við mat slíkra lána eftir þann dag sem skipt var yfir í IFRS-staðla.

B11 Þrátt fyrir lið B10 getur eining beitt kröfunum í IFRS-staðli 9 og IAS-staðli 20 framvirkt á sérhvert ríkislán sem varð til fyrir þann dag sem skipt var yfir í IFRS-staðla, að því tilskildu að upplýsingarnar sem nauðsynlegar eru þess vegna hafi legið fyrir þegar þau lán voru upphaflega færð.

B12 Kröfurnar og leiðbeiningarnar í liðum B10 og B11 útiloka einingu ekki frá því að geta notað undanþágurnar sem lýst er í liðum D19–D19C varðandi auðkenningu fjármálagerninga á gangvirði sem hafa áður verið færðir í rekstrarreikning.

Vátryggingarsamningar

B13 Eining skal beita umbreytingarákvæðum liða C1–C24 og C28 í viðbæti C við IFRS-staðal 17 að því er varðar samninga sem falla undir gildissvið IFRS-staðals 17. Lesa skal tilvísanir í þessum liðum í IFRS-staðli 17 í umbreytingardagsetningu sem þann dag sem einingin skiptir yfir í IFRS-staðla.

Frestaður skattur í tengslum við leigusamninga og skuldbindingar vegna starfsemi sem leggja skal niður, enduruppbyggingar og sambærilegs

B14 Í 15. og 24. lið í IAS-staðli 12, *tekjuskattar*, er eining undanþegin færslu frestaðrar skattinneignar eða skattskuldbindingar við tilteknar aðstæður. Notandi sem innleiðir IFRS-staðla skal, þrátt fyrir þessa undanþágu og á þeim degi sem skipt er yfir í IFRS-staðla, færa frestaða skattinneign — að því marki sem líklegt er að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar sem frádráttarbær tímabundinn mismunur nýtist á móti — og frestaða skattskuldbindingu fyrir allan frádráttarbæran og skattskyldan tímabundinn mismun í tengslum við:

a) eignir með afnotarétti og skuldir vegna leigusamninga og

b) skuldbindingar vegna starfsemi sem leggja skal niður, enduruppbyggingar og sambærilegs og samsvarandi fjárhæðir sem færðar eru sem hluti af kostnaðarverði tengdrar eignar.

Viðbætir C

Undanþágur vegna sameiningar fyrirtækja

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins. Eining skal beita eftirfarandi kröfum til sameiningar fyrirtækja sem einingin færði fyrir daginn sem skipt var yfir í IFRS-staðla. Þessum viðbæti skal aðeins beita á sameiningu fyrirtækja innan gildissviðs IFRS-staðals 3, sameining fyrirtækja.

C1 Notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, getur kosið að beita ekki IFRS-staðli 3 afturvirkt á fyrri sameiningu fyrirtækja (sameiningu fyrirtækja sem átti sér stað fyrir þann dag sem skipt var yfir í IFRS-staðla). Hins vegar ef notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, endurgerir útreikninga vegna sameiningar fyrirtækja til að fylgja IFRS-staðli 3, skal hann endurgera útreikninga vegna allra síðari sameininga fyrirtækja og skal einnig beita IFRS-staðli 10, frá sama degi. Ef notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn kýs t.d. að endurgera útreikninga vegna sameiningar fyrirtækja sem átti sér stað 30. júní 20X6 skal hann endurgera útreikninga vegna hvers konar sameiningar fyrirtækja sem áttu sér stað milli 30. júní 20X6 og dagsins sem skipt var yfir í IFRS-staðla og skal einnig beita IFRS-staðli 10 frá 30. júní 20X6.

C2 Eining þarf ekki að beita IAS-staðli 21, *áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla*, afturvirkt á gangvirðisleiðréttingar og viðskiptavild í sameiningum fyrirtækja sem áttu sér stað fyrir þann dag sem skipt var yfir í IFRS-staðla. Ef einingin beitir ekki IAS-staðli 21 afturvirkt á leiðréttingar á gangvirði og á viðskiptavild skal hún fara með þess háttar liði eins og eignir og skuldir einingarinnar fremur en eignir og skuldir yfirtekna aðilans. Af þeim sökum hafa viðskiptavild og gangvirðisleiðréttingar annaðhvort þegar verið settar fram í starfrækslugjaldmiðli einingarinnar eða eru ópeningalegir liðir í erlendum gjaldmiðli sem skráðir eru miðað við gengið sem var notað samkvæmt góðum reikningsskilavenjum, sem áður var fylgt.

C3 Eining getur beitt IAS-staðli 21 afturvirkt á leiðréttingar á gangvirði og viðskiptavild sem myndast annaðhvort:

a) við alla sameiningu fyrirtækja sem varð áður en IFRS-staðlar eru teknir upp eða

b) við alla sameiningu fyrirtækja sem einingin velur að endurgera til að fylgja IFRS-staðli 3, eins og heimilt er skv. C1-lið hér að framan.

C4 Ef aðili sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn beitir ekki IFRS-staðli 3 afturvirkt á fyrri sameiningu fyrirtækja hefur það eftirfarandi afleiðingar á þá sameiningu fyrirtækja:

a) Notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn skal halda sömu flokkun (annaðhvort sem yfirtaka löglegs yfirtökuaðila, yfirtaka með dulbúinni hlutabréfaskráningu hins löglega yfirtekna aðila eða sameining hagsmuna) og í reikningsskilum samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem áður var fylgt.

b) Notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn skal færa allar eignir og skuldir á þeim degi sem skipt var yfir í IFRS-staðla, sem voru yfirteknar eða notandinn tók á sig við fyrri sameiningu fyrirtækja, aðrar en:

i) sumar fjáreignir og fjárskuldir sem voru afskráðar í samræmi við góðar reikningsskilavenjur, sem áður var fylgt (sjá lið B2) og

ii) eignir, þ.m.t. viðskiptavild, og skuldir sem voru ekki færðar í samstæðuefnahagsreikning yfirtökuaðila í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt og myndu enn fremur ekki uppfylla skilyrði fyrir færslu í samræmi við IFRS-staðla í sérstakan efnahagsreikning yfirtekna aðilans (sjá f- til i-lið hér á eftir).

Aðili sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn skal færa allar breytingar sem af því verða með því að leiðrétta óráðstafað eigið fé (eða, ef við á, annan flokk eigin fjár), nema ef breytingin leiðir af færslu óefnislegrar eignar sem áður var talið til viðskiptavildar (sjá i. lið g-liðar hér að neðan).

c) Notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn skal undanskilja úr upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum liði sem voru færðir í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt sem uppfylla ekki skilyrði fyrir færslu sem eign eða skuld samkvæmt IFRS-stöðlum. Notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn skal gera grein fyrir breytingum sem verða á eftirfarandi hátt:

i) notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn getur hafa flokkað fyrri sameiningu fyrirtækja sem kaup og fært óefnislega eign sem lið sem ekki uppfyllir skilyrði fyrir færslu sem eign í samræmi við IAS-staðall 38, *óefnislegar eignir*. Hann skal endurflokka þann lið (og frestaðan skatt og hlutdeild minnihluta í tengslum við hann, ef einhver er) sem hluta af viðskiptavild (nema hann hafi dregið viðskiptavild beint af eigin fé í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt, sjá i. lið g-liðar og i-lið hér að neðan).

ii) notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn skal færa allar aðrar breytingar sem verða á óráðstöfuðu eigin fé ([32]).

d) Í IFRS-stöðlum er gerð krafa um síðara mat á tilteknum eignum og skuldum á grundvelli sem miðast ekki við upphaflegt kostnaðarverð, s.s. gangvirði. Notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, skal meta þessar eignir og skuldir á þeim grundvelli í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum jafnvel þó að hann hafi yfirtekið þær eða tekið þær á sig við fyrri sameiningu fyrirtækja. Hann skal færa allar breytingar sem verða á bókfærðu verði með því að leiðrétta óráðstafað eigið fé (eða, ef við á, annan flokk eigin fjár), frekar en viðskiptavild.

e) Strax eftir sameiningu fyrirtækja skal bókfært verð, í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt, yfirtekinna eigna og yfirtekinna skulda í þeirri sameiningu fyrirtækja vera áætlað kostnaðarverð þeirra í samræmi við IFRS-staðla á þeim degi. Ef í IFRS-stöðlum er gerð krafa um mat á þeim eignum og skuldum síðar skal það áætlaða kostnaðarverð vera grundvöllur afskrifta frá þeim degi þegar fyrirtækin sameinast.

f) Ef eign eða skuld, sem var yfirtekin við fyrri sameiningu fyrirtækja, var ekki færð í samræmi við góðar reiknings skilavenjur sem áður var fylgt, er áætlað kostnaðarverð hennar ekki núll í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum. Þess í stað skal yfirtökuaðili færa og meta hana í efnahagsreikningi samstæðu á þeim grundvelli sem gerð væri krafa um samkvæmt IFRS-stöðlum í efnahagsreikningi aðilans sem er yfirtekinn. Dæmi til skýringar: ef yfirtökuaðili hefði ekki í samræmi við góðar reikningsskilavenjur, sem áður var fylgt, eignfært leigu sem hann eignaðist við fyrri sameiningu fyrirtækja þar sem yfirtekinn aðili var leigutaki skal hann eignfæra þá leigu í samstæðureikningsskilum sínum eins og gerð væri krafa um í IFRS-staðli 16, leigusamningar að aðilinn, sem yfirtekinn er, gerði í IFRS efnahagsreikningi sínum. Með sama hætti, ef yfirtökuaðili hefur ekki fært óvissa skuld sem enn er til staðar á þeim degi sem skipt er yfir í notkun IFRS-staðla í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt, skal yfirtökuaðili færa þá óvissu skuld á þeim degi nema IAS-staðall 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir* myndi banna færslu hennar í reikningsskil yfirtekins aðila. Ef eign eða skuld var á hinn bóginn felld undir viðskiptavild í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt en hefði verið færð sér samkvæmt IFRS-staðli 3, verður sú eign eða skuld áfram í viðskiptavild nema þess sé krafist samkvæmt IFRS-stöðlum að hún sé færð í reikningsskil yfirtekna aðilans.

g) Bókfært verð viðskiptavildar í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum skal vera bókfært verð í samræmi við góða reikningsskilavenju, sem áður var fylgt, á þeim degi sem skipt var yfir í IFRS-staðla eftir að eftirfarandi tvær leiðréttingar hafa verið gerðar:

i) Ef gerð er krafa um það í i-lið c-liðar hér að framan skal notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn hækka bókfært verð viðskiptavildar þegar hann endurflokkar lið sem var færður sem óefnisleg eign í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt. Á sama hátt, ef þess er krafist í f-lið hér að framan að notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn færi óefnislega eign sem var felld undir færða viðskiptavild í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt skal notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn lækka bókfært verð viðskiptavildar sem því nemur (og lagfæra frestaðan skatt og hlutar, sem ekki er ráðandi, ef við á).

ii) Óháð því hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun viðskiptavildar skal notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn prófa samkvæmt IAS-staðli 36 hvort viðskiptavildin hafi virðisrýrnað frá þeim degi sem skipt var yfir í IFRS-staðla og við færslu á virðisrýrnun á óráðstöfuðu eigin fé (eða, ef þess er krafist skv. IAS-staðli 36, á endurmatsreikningi). Virðisrýrnunarprófið skal byggt á aðstæðum á umbreytingardagsetning yfir í IFRS-staðla.

([32]) Til slíkra breytinga telst endurflokkun í eða úr óefnislegum eignum ef viðskiptavild var ekki færð sem eign í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt. Þetta gerist ef einingin a) dró viðskiptavild beint frá eigin fé eða b) fór ekki með sameiningu fyrirtækjanna sem yfirtöku í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt.

h) Ekki skal gera frekari leiðréttingar á bókfærðu verði viðskiptavildar á umbreytingardagsetning yfir í IFRS-staðla. Notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn skal t.d. ekki endurákvarða bókfært verð viðskiptavildar:

   i) til að undanskilja yfirstandandi rannsóknar- og þróunarstarfsemi sem keypt er í viðkomandi sameiningu fyrirtækja (nema tengdar óefnislegar eignir myndu uppfylla skilyrði fyrir færslu í samræmi við IAS-staðal 38 í efnahagsreikningi yfirtekna aðilans),

   ii) til að leiðrétta fyrri afskriftir viðskiptavildar,

   iii) til að bakfæra leiðréttingar á viðskiptavild sem IFRS-staðall 3 myndi ekki heimila, en voru gerðar í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt vegna leiðréttinga á eignum og skuldum milli dagsetningar sameiningar fyrirtækja og umbreytingardagsetningar yfir í IFRS-staðla.

i) Ef notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn færir viðskiptavild í samræmi við við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt sem frádráttur frá eigin fé:

   i) skal hann ekki færa þá viðskiptavild í upphafsefnahagsreikningi sínum samkvæmt IFRS-stöðlum. Enn fremur skal hann ekki endurflokka viðskiptavildina í rekstrarreikning ef hann ráðstafar dótturfélaginu eða ef virði fjárfestingarinnar í dótturfélaginu rýrnar.

   ii) Leiðréttingar, sem stafa af því að óvissu er eytt í kjölfarið sem hefur áhrif á kaupverð, skal færa sem óráðstafað eigið fé.

j) Í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt má notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn ekki hafa samið samstæðureikningsskil fyrir dótturfélag sem hann eignaðist við fyrri sameiningu fyrirtækja (t.d. vegna þess að móðurfélagið leit ekki á það sem dótturfélag í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem áður var fylgt eða gerði ekki samstæðureikningsskil). Notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn skal lagfæra bókfært verð eigna og skulda dótturfélagsins að fjárhæðunum sem IFRS-staðlar myndu krefjast í efnahagsreikningi dótturfélagsins. Áætlað kostnaðarverð viðskiptavildar jafngildir mismuninum á umbreytingardagsetningu yfir í IFRS-staðla á milli:

   i) hlutdeildar móðurfélagsins í lagfærða bókfærða verðinu og

   ii) kostnaðarins í aðgreindum reikningsskilum móðurfélagsins við fjárfestingu í dótturfélaginu.

k) Mat hlutar sem ekki er ráðandi og frestaðra skatta leiðir af mati annarra eigna og skulda. Þessar leiðréttingar á færðum eignum og skuldum hafa því áhrif á hluti sem ekki eru ráðandi og frestaðan skatt.

C5 Undanþágan vegna fyrri sameininga fyrirtækja gildir einnig um fyrri yfirtökur á fjárfestingum í hlutdeildarfélögum, hlutdeild í samrekstri og hlutdeild í sameiginlegum rekstri þar sem starfsemi sameiginlega rekstrarins myndar fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í IFRS-staðli 3. Enn fremur á sú dagsetning sem valin er fyrir lið C1 jafnt við um allar slíkar yfirtökur.

Viðbætir D

Undanþágur frá öðrum IFRS-stöðlum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

D1 Eining getur kosið að nota eina eða fleiri af eftirfarandi undanþágum:

a) eignarhlutatengdar greiðslur (liðir D2 og D3),

b) [felldur brott]

c) áætlað kostnaðarverð (liðir D5–D8B),

d) leigusamningar (liðir D9 og D9B–D9E)

f) uppsafnaður gengismunur (liðir D12 til D13A),

g) fjárfestingar í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum (liðir D14 og D15A),

h) eignir og skuldir dótturfélaga, hlutdeildarfélaga og samrekstrar (liðir D16 og D17),

i) samsettir fjármálagerningar (liður D18),

j) tilgreining áður færðra fjármálagerninga (liðir D19–D19C),

k) mat á gangvirði fjáreigna eða fjárskulda við upphaflega færslu (liður D20),

l) skuldbindingar vegna starfsemi, sem leggja skal niður, innifaldar í kostnaðarverði varanlegra rekstrarfjármuna (liðir D21 og D21A)

m) fjáreign eða óefnislegar eignir færðar í samræmi við IFRIC-túlkun 12, *samningar um þjónustuívilnun* (liður D22),

n) fjármagnskostnaður (liður D23),

o) [felldur brott]

p) ógilding fjárskulda með eiginfjárgerningum (liður D25),

q) alvarleg óðaverðbólga (liðir D26–D30),

r) sameiginlegt fyrirkomulag (liður D31),

s) hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu (liður D32),

t) tilgreining samninga um kaup eða sölu ófjárhagslegra liða (liður D33),

u) reglulegar tekjur (liðir D34 og D35) og

v) viðskipti í erlendum gjaldmiðli og fyrirframgreiðsla (liður D36).

Eining skal ekki beita þessum undanþágum á hliðstæðan hátt á aðra fjármunaliði.

Eignarhlutatengdar greiðslur

D2 Notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, er hvattur til, en þess er ekki krafist, að hann beiti IFRS-staðli 2 *eignarhlutatengdar greiðslur* að því er varðar eiginfjárgerninga sem voru veittir fyrir 7. nóvember 2002 eða síðar. Notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta skipti, er einnig hvattur til, en þess ekki krafist, að hann beiti IFRS-staðli 2 að því er varðar eiginfjárgerninga sem voru veittir eftir 7. nóvember 2002 og áunnust a) áður en IFRS-staðlarnir eru teknir upp eða b) fyrir 1. janúar 2005, hvort heldur ber síðar að. Ef notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta skipti, beitir hins vegar IFRS-staðli 2 að því er varðar slíka eiginfjárgerninga er honum það einungis heimilt ef einingin hefur greint frá því opinberlega hvert sé gangvirði þessara eiginfjárgerninga, sem ákvarðast á matsdegi, og er skilgreint í IFRS-staðli 2. Að því er varðar alla veitingu eiginfjárgerninga, þar sem IFRS-staðli 2 hefur ekki verið beitt (t.d. eiginfjárgerninga sem var úthlutað fyrir 7. nóvember 2002), skal notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, þó birta upplýsingarnar sem krafist er skv. 44. og 45. lið í IFRS-staðli 2. Ef notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, breytir skilmálum eða skilyrðum fyrir veitingu eiginfjárgerninga þar sem IFRS-staðli 2 hefur ekki verið beitt, er þess ekki krafist að einingin beiti 26.–29. lið IFRS-staðals 2 ef breytingin var gerð áður en IFRS-staðlarnir eru teknir upp.

D3 Notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, er hvattur til, en þess er ekki krafist, að hann beiti IFRS-staðli 2 á skuldbindingar sem stafa af eignarhlutatengdum greiðslum sem voru gerðar upp fyrir umbreytingardagsetningu yfir í IFRS-staðla. Notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, er einnig hvattur til, en þess er ekki krafist, að beita IFRS-staðli 2 að því er varðar skuldir sem voru gerðar upp fyrir 1. janúar 2005. Að því er varðar skuldir, þar sem IFRS-staðli 2 er beitt, er þess ekki krafist að notandi, sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn, leiðrétti samanburðarupplýsingar þegar um er að ræða upplýsingar í tengslum við tímabil eða dag fyrir 7. nóvember 2002.

D4 [Felldur brott]

Áætlað kostnaðarverð

D5 Eining getur kosið að meta varanlegan rekstrarfjármunalið daginn, sem skipt var yfir í IFRS-staðla, á gangvirði og nota það gangvirði sem áætlað kostnaðarverð á þeim degi.

D6 Notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn getur valið að nota endurmat samkvæmt góðum reikningsskilavenjum sem áður var fylgt á eignir, tækjakost og búnað á, eða fyrir, umbreytingardagsetningu yfir í IFRS-staðla sem áætlaðan kostnað á endurmatsdegi ef endurmatið var, á degi endurmats, nokkurn veginn sambærilegt við:

a) gangvirði eða

b) kostnað eða afskrifað kostnaðarverð í samræmi við IFRS-staðla sem hefur verið lagfært til að endurspegla breytingar á almennri eða tiltekinni verðvísitölu.

D7 Valkostina í liðum D5 og D6 er einnig hægt að nota að því er varðar:

a) fjárfestingareignir ef eining kýs að nota kostnaðarverðslíkanið í IAS-staðli 40, *fjárfestingareignir*,

aa) eignir með afnotarétti (IFRS-staðall 16, *leigusamningar*) og

b) óefnislegar eignir sem standast:

i. skilyrði fyrir færslu samkvæmt IAS-staðli 38 (þ.m.t. áreiðanlegt mat á upphaflegum kostnaðarverði) og

ii. skilyrðin í IAS-staðli 38 fyrir endurmat (þ.m.t. að um virkan markað sé að ræða).

Eining skal ekki nota þessa kosti að því er varðar aðrar eignir eða að því er varðar skuldir.

D8 Notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, kann að hafa ákvarðað áætlað kostnaðarverð í samræmi við góðar reikningsskilavenjur, sem áður var fylgt, fyrir sumar eða allar eignir sínar og skuldir með því að meta þær á gangvirði á ákveðnum degi vegna atburðar á borð við einkavæðingu eða fyrsta útboð verðbréfa.

a) Sé matsdagurinn *á* þeim degi sem skipt var yfir í IFRS-staðla, eða *fyrir* hann, getur einingin notað slíkt gangvirðismat, sem rekja má til atburða sem áætlað kostnaðarverð að því er varðar IFRS-staðla á þeim degi sem þetta mat er gert.

b) Sé matsdagurinn *eftir* daginn sem skipt var yfir í IFRS-staðla, en á tímabilinu þegar fyrstu reikningsskil samkvæmt IFRS-stöðlum fara fram er hægt að nota gangvirðismat, sem rekja má til atburða, sem áætlað kostnaðarverð þegar atburðurinn á sér stað. Eining skal færa þær leiðréttingar sem verða vegna breytinga beint á óráðstafað eigin fé (eða, ef við á, á annan flokk eigin fjár) á matsdegi. Á þeim degi sem skipt er yfir í alþjóðlegan reikningsskilastaðal skal einingin annaðhvort ákvarða áætlaða kostnaðarverðið með því að beita skilyrðinu í liðum D5–D7 eða meta eignir og skuldir í samræmi við hinar kröfurnar í þessum IFRS-staðli.

D8A Samkvæmt tilteknum, landsbundnum kröfum um reikningsskil er gerð grein fyrir rannsóknar- og þróunarkostnaði vegna olíu- og gaseigna á þróunar- eða framleiðslustigi á kostnaðarstöðum sem taka til allra eigna á stóru landsvæði. Notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn og notar þess háttar reikningsskil samkvæmt góðri reikningsskilavenju, sem áður var fylgt, getur valið að meta olíu- og gaseignir á þeim degi sem skipt er yfir í IFRS-staðla með eftirfarandi hætti:

a) eignir vegna jarðefnaleitar og mats á þeirri fjárhæð sem ákvörðuð er samkvæmt góðri reikningsskilavenju, sem áður var fylgt og

b) eignir á þróunar- eða framleiðslustigi við þeirri fjárhæð sem ákvörðuð er vegna kostnaðarstaðar samkvæmt góðri reikningsskilavenju einingar, sem áður var fylgt. Einingin skal úthluta þessari fjárhæð á þær eignir sem liggja til grundvallar kostnaðarstaðnum í réttu hlutfalli við magn eða virði birgða á þeim degi.

Einingin skal kanna eignir vegna jarðefnaleitar og mats og eignir á þróunar- eða framleiðslustigi vegna virðisrýrnunar á þeim degi sem skipt er yfir í IFRS-staðla í samræmi við IFRS-staðal 6, *leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim* eða IAS-staðal 36, eftir því sem við á og, ef nauðsyn krefur, lækka þá fjárhæð sem ákvörðuð er í samræmi við a- eða b-lið hér að framan. Að því er varðar þennan lið, taka olíu- og gaseignir eingöngu til þeirra eigna sem notaðar eru við jarðefnaleit, mat, þróun eða framleiðslu olíu og gass.

D8B Einhverjar einingar nota varanlega rekstrarfjármuni, eignir með afnotarétti eða óefnislegar eignir, eða hafa áður notað þær í gjaldstýrðum aðgerðum. Bókfært verð slíkra liða gæti náð yfir fjárhæðir sem voru ákvarðaðar samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem áður var fylgt, en uppfylla ekki skilyrði eignfærslu í samræmi við IFRS-staðla. Sé þetta tilfellið getur notandi, sem innleiðir staðlana, kosið að nota fyrra bókfært verð samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem áður var fylgt, fyrir slíkan lið á þeim degi þegar skipt var yfir í IFRS-staðla sem áætlað kostnaðarverð. Ef eining beitir þessari undanþágu á lið þarf hún að beita henni á alla liði. Á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla skal eining athuga virðisrýrnun hvers liðar, sem undanþágan er notuð fyrir, í samræmi við IAS-staðal 36. Að því er þessa málsgrein varðar eru aðgerðir gjaldstýrðar ef þær falla undir ramma um að koma á verði til viðskiptavina fyrir vörur eða þjónustu og þessi rammi fellur undir eftirlit og/eða samþykki eftirlitsaðila verðtakmarkana (eins og skilgreint er í IFRS-staðli 14, *eignir og skuldir vegna verðtakmarkana*).

Leigusamningar

D9 Notandi, sem innleiðir staðlana, getur metið hvort samningur, sem er fyrir hendi á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla, feli í sér leigusamning með því að beita 9.–11. lið í IFRS-staðli 16 gagnvart þessum samningum á grundvelli málavaxta og aðstæðna sem voru fyrir hendi á þeim degi.

D9A [Felldur brott]

D9B Þegar notandi, sem innleiðir staðlana, er leigutaki, færir leiguskuldir og eignir með afnotarétti getur hann beitt eftirfarandi nálgun gagnvart öllum leigusamningum sínum (með fyrirvara um hentugu úrræðin sem lýst er í lið D9D):

a) metið leiguskuld á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla. Leigutaki sem fylgir þessari nálgun skal meta þessa leiguskuld á núvirði eftirstandandi leigugreiðslna (sjá lið D9E), afvaxtað með því að nota vaxtakjör leigutaka á nýju lánsfé (sjá lið D9E) á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla,

b) metið eign með afnotarétti á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla. Leigutakinn skal velja, sérstaklega fyrir hvern leigusamning, að meta eign með afnotarétti annaðhvort á:

i. bókfærðu verði hennar líkt og IFRS-staðli 16 hefði verið beitt frá upphafsdegi leigusamningsins (sjá lið D9E) en afvaxta með því að nota vaxtakjör leigutakans á nýju lánsfé á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla eða

ii. fjárhæð sem er jöfn leiguskuldinni, leiðrétt fyrir þeirri fjárhæð fyrirframgreiddra eða uppsafnaðra leigu greiðslna sem tengist færslu leigusamningsins í efnahagsreikninginn strax fyrir þann dag þegar skipt er yfir í IFRS-staðla,

c) beitt IAS-staðli 36 gagnvart eignum með afnotarétti á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla.

D9C Þrátt fyrir kröfur liðar D9B skal notandi, sem innleiðir staðlana, meta eign með afnotarétti á gangvirði á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla að því er varðar leigusamninga sem uppfylla skilgreiningu á fjárfestingareign í IAS-staðli 40 og eru metnir með því að nota gangvirðislíkanið í IAS-staðli 40 frá þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla.

D9D Notandi, sem innleiðir staðlana og er leigutaki, getur gert eitt eða fleiri af eftirfarandi á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla, sérstaklega fyrir hvern og einn leigusamning:

a) beitt einum afvöxtunarstuðli á eignasafn leigusamninga með nokkuð líkum einkennum (t.d. svipaðan eftirstandandi leigutíma fyrir svipaðan flokk undirliggjandi eigna í svipuðu efnahagsumhverfi),

b) valið að beita ekki kröfum liðar D9B að því er varðar leigusamning þar sem leigutímanum (sjá lið D9E) lýkur innan 12 mánaða frá þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla. Þess í stað skal eining gera grein fyrir þessum leigusamningum (m.a. með upplýsingum um þá) líkt og þeir væru skammtímaleigusamningar sem gerð er grein fyrir í samræmi við 6. lið í IFRS-staðli 16,

c) valið að beita ekki kröfum liðar D9B að því er varðar leigusamninga þar sem virði undirliggjandi eignar er lágt (eins og lýst er í liðum B3–B8 í IFRS-staðli 16). Þess í stað skal eining gera grein fyrir þessum samningum (m.a. með upplýsingum um þá) í samræmi við 6. lið í IFRS-staðli 16,

d) undanskilja upphaflegan beinan kostnað (sjá lið D9E) frá mati á eign með afnotarétti á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla,

e) nýta eftirhyggju, s.s. til þess að ákvarða leigutímann ef samningurinn býður upp á möguleika á því að framlengja eða segja leigusamningnum upp.

D9E Leigugreiðslur, leigutaki, vaxtakjör leigutaka á nýju lánsfé, upphafsdagur leigusamningsins, upphaflegur beinn kostnaður og leigutími eru skilgreind hugtök í IFRS-staðli 16 og notuð í þessum staðli í sömu merkingu.

D10-D11 [Felldur brott]

Uppsafnaður gengismunur

D12 Í IAS-staðli 21 er gerð krafa um að eining:

a) færi suman gengismun í aðra heildarafkomu og safna honum saman í aðskilinn eiginfjárþátt og

b) endurflokki við ráðstöfun erlends rekstrar uppsafnaðan gengismun fyrir þann erlenda rekstur (þ.m.t., ef við á, ágóði og tap af tengdri baktryggingu) frá eigin fé í rekstrarreikning, sem hluta af ágóða eða tapi við ráðstöfun.

D13 Notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn þarf þó ekki að fara að þessum kröfum um uppsafnaðan gengismun sem er til staðar á umbreytingardagsetningu yfir í IFRS-staðla. Ef notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, notar þessa undanþágu:

a) telst uppsafnaður gengismunur fyrir allan erlendan rekstur vera núll á umbreytingardagsetningu yfir í IFRS-staðla og

b) skal ágóði eða tap vegna síðari ráðstöfunar á hvers konar erlendum rekstri vera án gengismunar sem verð til fyrir umbreytingardagsetningu yfir í IFRS-staðla og og innihalda síðari gengismun.

D13A Í stað þess að beita lið D12 eða lið D13 getur dótturfélag sem notar undanþáguna í a-lið liðar D16 valið að meta uppsafnaðan gengismun í reikningsskilum fyrir allan erlendan rekstur á bókfærðu verði, sem talið væri með í samstæðureikningsskilum móðurfélagsins, miðað við þann dag sem móðurfélagið skipti yfir í IFRS-staðla ef engar leiðréttingar voru gerðar varðandi aðferðir við samstæðureikningsskil og varðandi áhrif sameiningar fyrirtækja, þegar móðurfélagið yfirtók dótturfélagið. Svipað val er í boði fyrir hlutdeildarfélag eða samrekstur sem notar undanþáguna í a-lið liðar D16.

Fjárfestingar í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum

D14 Þegar eining gerir aðgreind reikningsskil skal hún samkvæmt IAS-staðli 27 gera grein fyrir fjárfestingum í dótturfélögum, samrekstri og hlutdeildarfélögum, annaðhvort:

a) á kostnaðarverði,

b) í samræmi við IFRS-staðal 9 eða

c) með því að nota hlutdeildaraðferðina eins og lýst er í IAS-staðli 28.

D15 Ef notandi sem beitir alþjóðlegum reikningsskilastaðli í fyrsta sinn, metur slíka fjárfestingu á kostnaðarverði í samræmi við IAS-staðal 27 skal hann meta þá fjárfestingu í samræmi við eina af eftirfarandi fjárhæðum í aðgreindum upphafsefnahagsreikningi samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS):

a) kostnaðinn sem ákvarðaður er í samræmi við IAS-staðal 27 eða

b) áætlaðan kostnað. Áætlaður kostnaður slíkrar fjárfestingar skal vera:

i. gangvirði þann dag sem einingin skiptir yfir í IFRS-staðal í aðgreindum reikningsskilum sínum eða

ii. fyrra bókfært verð samkvæmt góðum reikningsskilavenjum á þeim degi.

Notandi, sem beitir alþjóðlegum reikningsskilastaðli í fyrsta sinn, getur valið fjárhæðina í i. eða ii. lið hér að framan til að meta fjárfestingu sína í hverju dótturfélagi, samrekstri eða hlutdeildarfélagi sem hann kýs til að meta fjárfestinguna samkvæmt áætluðum kostnaði.

D15A Ef notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, færir slíka fjárfestingu með því að nota hlutdeildaraðferðina eins og lýst er í IAS-staðli 28:

a) beitir notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, undanþágunni fyrir fyrri sameiningu fyrirtækja (viðbætir C) við kaup á fjárfestingunni,

b) ef einingin beitir stöðlunum í fyrsta sinn á aðgreind reikningsskil sín fyrr en á samstæðureikningsskil sín og

i. síðar en móðurfélag hennar skal einingin beita ákvæðum liðar D16 í aðgreindum reikningsskilum sínum,

ii. síðar en dótturfélag hennar skal einingin beita ákvæðum liðar D17 í aðgreindum reikningsskilum sínum.

Eignir og skuldir dótturfélaga, hlutdeildarfélaga og samrekstrar

D16 Ef dótturfélag beitir stöðlunum í fyrsta sinn síðar en móðurfélag þess skal dótturfélagið meta eignir og skuldir í eigin reikningsskilum annaðhvort á:

a) bókfærðu verði, sem talið væri með í samstæðureikningsskilum móðurfélagsins, miðað við þann dag sem móðurfélagið skipti yfir í IFRS-staðla ef engar leiðréttingar voru gerðar varðandi aðferðir við samstæðureikningsskil og varðandi áhrif sameiningar fyrirtækja, þegar móðurfélagið yfirtók dótturfélagið (þetta val er ekki í boði sé dótturfélag í eigu fjárfestingareiningar, eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 10, og þess er krafist að það sé fært á gangvirði í gegnum rekstrarreikning), eða

b) bókfærðu verði sem gerð er krafa um í því sem eftir er af þessum IFRS-staðli, miðað við þann dag sem dótturfélagið skipti yfir í IFRS-staðla. Þetta bókfærða verð getur verið frábrugðið því sem lýst er í a-lið:

i. ef undanþágurnar í þessum IFRS-staðli hafa í för með sér að möt sem eru háð umbreytingardagsetningunni yfir í IFRS-staðla.

ii. þegar reikningsskilaaðferðirnar, sem eru notaðar í reikningsskilum dótturfélagsins, eru frábrugðnar þeim sem eru notaðar í samstæðureikningsskilunum. Dótturfélagið getur t.d. notað kostnaðarverðslíkanið í IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*, sem reikningsskilaaðferð, þegar samstæðan notar endurmatslíkanið.

Svipað val er í boði fyrir hlutdeildarfélag eða samrekstur sem verður notandi sem beitir IFRS-stöðlum í fyrsta sinn síðar en eining sem hefur veruleg áhrif eða sameiginleg yfirráð yfir honum.

D17 Ef rekstrareining beitir stöðlunum í fyrsta sinn síðar en dótturfélag hennar (eða hlutdeildarfélag eða samrekstur) skal rekstrareiningin þó meta eignir og skuldir dótturfélagsins (eða hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins) í samstæðureikningsskilum sínum á sama bókfærða verði og í reikningsskilum dótturfélagsins (eða hlutdeildarfélagsins eða samrekstrarins) eftir að leiðrétt hefur verið með tilliti til samstæðureikningsskila og hlutdeildaraðferðar og með tilliti til áhrifa af sameiningu fyrirtækjanna þegar einingin yfirtók dótturfélagið. Þrátt fyrir þessa kröfu má eining, sem ekki er fjárfestingareining, ekki beita undanþágunni frá samstæðureikningsskilum sem eitthvað af dótturfélögum fjárfestingareiningar notar. Eins skal móðurfélag, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, á aðgreind reikningsskil sín, fyrr eða síðar en á samstæðureikningsskil sín, meta eignir og skuldir miðað við sömu fjárhæðir í hvorum tveggja reikningsskilanna nema að því er varðar leiðréttingar vegna samstæðureikningsskila.

Samsettir fjármálagerningar

D18 Í IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning*, er gerð krafa um að eining skipti samsettum fjármálagerningum í upphafi í sérstaka skuldar- og eiginfjárþætti. Ef skuldarhlutinn er ekki lengur útistandandi felst afturvirk beiting á IAS-staðli 32 í því að aðgreina tvo eiginfjárþætti. Fyrri þátturinn er í óráðstöfuðu eigin fé og sýnir uppsafnaða vexti á skuldarþættinum. Hinn þátturinn er upphaflegi eiginfjárþátturinn. Í samræmi við þennan IFRS-staðal þarf notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, þó ekki að aðgreina þessa tvo hluta ef skuldarhlutinn er ekki lengur útistandandi á þeim degi sem skipt er yfir í IFRS-staðla.

Tilgreining á áður færðum fjármálagerningum

D19 Samkvæmt IFRS-staðli 9 er heimilt að tilgreina fjárskuld sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (að því tilskildu að hún uppfylli tiltekin skilyrði). Þrátt fyrir þessa kröfu er einingu heimilt að tilgreina, á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla, fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, að því tilskildu að skuldin uppfylli skilyrðin í lið 4.2.2 í IFRS-staðli 9 á þeim degi.

D19A Eining getur tilgreint fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við lið 4.1.5 í IFRS-staðli 9 á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem eru fyrir hendi á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla.

D19B Eining getur tilgreint fjárfestingu í eiginfjárgerningi á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.5 í IFRS-staðli 9 á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem fyrir hendi eru á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla.

D19C Eining skal, að því er varðar fjárskuld sem er tilgreind sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, ákvarða hvort meðferðin í lið 5.7.7 í IFRS-staðli 9 myndi leiða til reikningsskilalegs ósamræmis í rekstrarreikningi á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem fyrir hendi eru á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla.

Mat á gangvirði fjáreigna eða fjárskulda við upphafsfærslu

D20 Þrátt fyrir kröfur í 7. og 9. lið má eining beita kröfunum í b-lið í lið B5.1.2A(b) í IFRS-staðli 9 framvirkt fyrir viðskipti sem gengið er til á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla eða síðar.

Skuldbindingar vegna starfsemi, sem leggja skal niður, sem eru innifaldar í kostnaðarverði varanlegra rekstrarfjármuna

D21 Í IFRIC-túlkun 1, *breytingar á núverandi skuldbindingum vegna starfsemi, sem leggja skal niður, enduruppbyggingu eða sambærilegum skuldbindingum*, er þess krafist að tilteknum breytingum á skuldbindingum vegna starfsemi sem leggja skal niður, enduruppbyggingu eða sambærilegum skuldbindingum sé bætt við eða þær dregnar frá kostnaðarverði eignarinnar sem þær tengjast. Hin leiðrétta, afskrifanlega fjárhæð eignar er afskrifuð framvirkt á nýtingartíma hennar. Notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, þarf þó ekki að uppfylla þessar kröfur vegna breytinga á slíkum skuldum sem áttu sér stað fyrir dagsetningu skiptanna yfir í IFRS-staðlana. Ef notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn notar þessa undanþágu skal hann:

a) meta skuld eins og á degi skiptanna yfir í IFRS-staðla í samræmi við IAS-staðal 37,

b) að því marki sem skuldin fellur innan gildissviðs IFRIC-túlkunar 1, meta fjárhæðina sem hefði verið innifalin í kostnaðarverði tengdu eignarinnar þegar skuldin varð fyrst til með því að afvaxta skuldina að þeim degi með því að nota besta mat á upphaflegum afvöxtunarstuðli, sem leiðréttur hefur verið vegna áhættu, sem hefði verið beitt á þá skuld á tímabilinu þar á milli og

c) reikna uppsafnaðar afskriftir af þeirri fjárhæð eins og á degi breytingarinnar yfir í IFRS-staðla á grundvelli gildandi mats á nýtingartíma eignarinnar með notkun afskriftaaðferðarinnar sem einingin samþykkti í samræmi við IFRS-staðla.

D21A Eining, sem beitir undanþágunni í b-lið liðar D8A (að því er varðar olíu- og gaseignir á þróunar- eða fram leiðslustigi, samkvæmt góðri reikningsskilavenju, sem áður var fylgt, og gerð var grein fyrir á kostnaðarstöðum sem ná yfir allar eignir á stóru landsvæði), skal í stað þess að beita lið D21 eða IFRIC-túlkun 1:

a) meta starfsemi, sem leggja skal niður, enduruppbyggingu og sambærilegar skuldbindingar eins og á degi skiptanna yfir í IFRS-staðla í samræmi við IAS-staðal 37 og

b) færa beint á óráðstafað eigið fé allan mismun á þeirri fjárhæð og bókfærðu verði þeirra skuldbindinga, daginn sem skipt er yfir í IFRS-staðlana, sem ákvarðaðar eru samkvæmt góðri reikningsskilavenju einingar sem áður var fylgt.

Fjáreign eða óefnisleg eign færð í samræmi við IFRIC-túlkun 12

D22 Notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn getur beitt bráðabirgðaákvæðunum í IFRIC-túlkun 12.

Fjármagnskostnaður

D23 Notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, getur kosið að beita kröfunum í IAS-staðli 23 frá þeim degi sem skipt er yfir eða frá fyrri dagsetningu eins og heimilað er í 28. málsgrein IAS-staðals 23. Frá þeim degi sem eining sem beitir þessari undanþágu byrjar að beita IAS-staðli 23 skal einingin:

a) ekki endurákvarða fjármagnskostnaðarþáttinn sem var eignfærður samkvæmt fyrri góðri reikningsskilavenju og sem var tekin með í bókfært verð eigna á þeim degi og

b) gera grein fyrir fjármagnskostnaði sem stofnað er til á þeim degi eða eftir þann dag í samræmi við IAS-staðal 23, þ.m.t. sá fjármagnskostnaður sem stofnað er til þann dag eða eftir þann dag vegna hæfra eigna sem þegar eru í byggingu.

D24 [Felldur brott]

Greiðsla skulda með eiginfjárgerningum|

D25 Notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn getur beitt bráðabirgðaákvæðunum í IFRIC-túlkun 19, *greiðsla skulda með eiginfjárgerningum*.

Alvarleg óðaverðbólga

D26 Eining skal ákvarða, ef hún hefur starfrækslugjaldmiðil sem var eða er gjaldmiðill í hagkerfi þar sem óðaverðbólga ríkir, hvort hún hafi fallið undir alvarlega óðaverðbólgu fyrir umbreytingardagsetninguna til IFRS-staðla. Þetta gildir um einingar sem eru að innleiða IFRS-staðla og einnig þær sem hafa beitt þeim áður.

D27 Gjaldmiðilinn í hagkerfi þar sem óðaverðbólga ríkir fellur undir alvarlega óðaverðbólgu ef hann hefur bæði eftirfarandi einkenni:

a) áreiðanleg almenn verðvísitala er ekki aðgengileg öllum einingum sem stunda viðskipti og hafa stöður í gjaldmiðlinum,

b) ekki er unnt að skipta á gjaldmiðlinum og tiltölulega stöðugum erlendum gjaldmiðli.

D28 Starfrækslugjaldmiðill einingar hættir að falla undir alvarlega óðaverðbólgu á stöðlunardegi starfrækslugjaldmiðilsins. Hér um ræðir daginn þegar starfrækslugjaldmiðillinn hefur annaðhvort eða bæði einkennin í lið D27, eða þegar starfrækslugjaldmiðill einingarinnar breytist í gjaldmiðil sem fellur ekki undir alvarlega óðaverðbólgu.

D29 Þegar umbreytingardagur einingar til IFRS-staðla á stöðlunardegi starfrækslugjaldmiðilsins eða síðar getur einingin valið að meta allar eignir og skuldir, sem hún hafði í vörslu sinni fyrir stöðlunardag starfrækslugjaldmiðilsins, á gangvirði á umbreytingardegi til IFRS-staðla. Einingin getur notað þetta gangvirði sem áætlaðan kostnað við þessar eignir og skuldir í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum.

D30 Þegar stöðlunardagur starfrækslugjaldmiðilsins fellur innan 12 mánaða samanburðartímabils getur það verið styttra en 12 mánuðir að því tilskildu að kveðið sé á um reikningsskil í heild sinni (eins og krafist er í 10. lið IAS-staðals 1) fyrir viðkomandi skemmra tímabil.

Sameiginlegt fyrirkomulag

D31 Notandi sem beitir staðlinum í fyrsta sinn getur beitt bráðabirgðaákvæðunum í IFRS-staðli 11, með eftirfarandi undantekningum:

a) við beitingu á bráðabirgðaákvæðunum í IFRS-staðli 11, skal notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn beita þessum ákvæðum á þeim degi sem skipt er yfir í IFRS-staðla.

b) við breytinguna frá hlutfallslegum samstæðureikningsskilum yfir í hlutdeildaraðferð, skal notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn prófa samkvæmt IAS-staðli 36, hvort fjárfestingin hafi virðisrýrnað frá þeim degi sem skipt var yfir í IFRS-staðla, óháð því hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun fjárfestingarinnar. Öll virðisrýrnun sem af þessu leiðir skal færð sem leiðrétt óráðstafað, eigið fé á þeim degi sem skipt er yfir í IFRS-staðla.

Kostnaður við hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu

D32 Notandi sem innleiðir staðla getur beitt bráðabirgðaákvæðum sem sett eru fram í liðum A1–A4 í IFRIC-túlkun 20, *kostnaður við hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu*. Í þeim lið skal túlka vísanir í gildistökudag sem 1. janúar 2013 eða við upphaf fyrsta reikningsskilatímabils IFRS-staðla, eftir því hvort þeirra er síðar.

Tilgreining samninga um kaup eða sölu ófjárhagslegra liða

D33 Í IFRS-staðli 9 er gefin heimild fyrir því að samningar um að kaupa eða selja ófjárhagslegan lið verði tilgreindur í upphafi á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (sjá lið 2.5 í IFRS-staðli 9). Þrátt fyrir þessa kröfu er einingu heimilt að tilgreina, á þeim degi þegar skipt er yfir í IFRS-staðla, samninga sem liggja þegar fyrir á þeim degi á gangvirði í gegnum rekstrarreikning en aðeins ef þeir uppfylla kröfur liðar 2.5 í IFRS-staðli 9 á þeim degi og einingin tilgreinir alla sambærilega samninga.

Reglulegar tekjur

D34 Notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, getur beitt umbreytingarákvæðunum í lið C5 í IFRS-staðli 15. Í þessum liðum skal túlka tilvitnanir í „upphafsdag beitingar“ sem upphaf fyrsta reikningsskilatímabils IFRS-staðla. Ef notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, ákveður að beita þessum umbreytingarákvæðum skal hann einnig beita lið C6 í IFRS-staðli 15.

D35 Notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, þarf ekki að endurmeta samninga sem voru efndir fyrir fyrsta tímabilið sem sett er fram. Efndur samningur er samningur þar sem eining hefur yfirfært allar viðkomandi vörur eða þjónustu í samræmi við góðar reikningsskilavenjur fyrri tíma.

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli og fyrirframgreiðsla

D36 Notandi, sem beitir túlkuninni í fyrsta sinn, þarf ekki að beita IFRIC-túlkun 22, *viðskipti í erlendum gjaldmiðli og fyrirframgreiðsla*, að því er varðar eignir, gjöld og tekjur á gildissviði þeirrar túlkunar sem voru upphaflega færð fyrir þann dag þegar skipt var yfir í IFRS-staðla.

Viðbætir E

Skammtímaundanþágur frá IFRS-stöðlum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

Undanþága frá kröfunni um að endurgera samanburðarupplýsingar fyrir IFRS-staðal 9

E1 Ef fyrstu reikningsskil samkvæmt IFRS-stöðlum hefjast fyrir 1. janúar 2019 og einingin beitir endanlegri útgáfu IFRS-staðals 9 (gefinn út 2014) þurfa samanburðarupplýsingar í fyrstu reikningsskilum samkvæmt IFRS-stöðlum ekki að vera í samræmi við IFRS-staðal 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf* eða endanlega útgáfu IFRS-staðals 9 (gefinn út 2014) að því marki sem sú upplýsingagjöf, sem er krafist samkvæmt IFRS-staðli 7, varðar liði innan gildissviðs IFRS-staðals 9. Fyrir slíkar einingar þýða tilvísanir í „daginn þegar skipt er yfir í IFRS-staðla“ í tengslum við IFRS-staðal 7 og IFRS-staðal 9 (2014) aðeins, upphaf fyrstu reikningsskila samkvæmt IFRS-stöðlum.

E2 Eining, sem kýs að setja fram samanburðarupplýsingar sem samrýmast ekki IFRS-staðli 7 og endanlegri útgáfu af IFRS-staðli 9 (gefinn út 2014) á fyrsta umbreytingarárinu, skal:

a) beita kröfum í þeim góðu reikningsskilavenjum, sem hún notaði áður, í stað krafna IFRS-staðals 9 í tengslum við samanburðarupplýsingar um liði innan gildissviðs IFRS-staðals 9,

b) greina frá því ásamt grunninum sem þessar upplýsingar eru byggðar á,

c) fara með hvers kyns leiðréttingar milli efnahagsreiknings á reikningsskiladegi samanburðartímabils (þ.e. efnahagsreiknings sem tekur til samanburðarupplýsinga samkvæmt fyrri góðri reikningsskilavenju) og efnahagsreiknings við upphaf fyrsta reikningsskilatímabils samkvæmt IFRS-stöðlum (þ.e. fyrsta tímabils sem inniheldur upplýsingar sem samrýmast IFRS-staðli 7 og endanlegri útgáfu IFRS-staðals 9 (gefinn út 2014)) eins og þær hafi orðið til vegna breytingar á reikningsskilaaðferð og greina frá upplýsingunum sem krafist er í a- til e-lið 28. liðar og i. lið f-liðar í IAS-staðli 8. Ákvæði i. liðar í f-lið 28. liðar gildir aðeins um fjárhæðir sem settar eru fram í efnahagsreikningi á reikningsskiladegi samanburðartímabilsins,

d) beita c-lið 17. liðar í IAS-staðli 1 til að veita viðbótarupplýsingar þegar ekki nægir að fara að sérstökum kröfum, sem gerðar eru í IFRS-stöðlunum, til að gera notendum kleift að skilja áhrif tiltekinna viðskipta, annarra atburða og aðstæðna á fjárhagsstöðu og rekstrarárangur einingarinnar.

E3 – E7 [Felldur brott]

Óvissa varðandi tekjuskattsmeðferð

E8 Notandi sem innleiðir staðlana og skiptir yfir í IFRS-staðla fyrir 1. júlí 2017 getur valið að endurspegla ekki beitingu IFRIC-túlkunar 23, *óvissa varðandi tekjuskattsmeðferð*, í samanburðarupplýsingum í fyrstu reikningsskilunum samkvæmt IFRS-stöðlum. Eining sem velur þetta skal færa samlegðaráhrif af því að beita IFRIC-túlkun 23 sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár (eða annars eiginfjárþáttar, eftir því sem við á) í upphafi reikningsskilatímabils fyrstu reikningsskilanna samkvæmt IFRS-stöðlum.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 2 (IFRS-staðall 2)

Eignarhlutatengd greiðsla

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum IFRS-staðli er að tilgreina reikningsskil einingar þegar hún stundar *eignarhlutatengda greiðslumiðlun.* Í staðlinum er þess einkum krafist að eining sýni í rekstrarreikningi sínum og fjárhagsstöðu hver áhrif eignarhlutatengdra greiðslumiðlana eru, þ.m.t. útgjöld í tengslum við viðskipti þar sem starfsmönnum er veittur *hlutabréfavalréttur*.

GILDISSVIÐ

2 Eining skal beita þessum IFRS-staðli við færslu eignarhlutartengdra greiðslna, hvort sem einingin getur auðkennt sérstaklega móttekna vöru eða þjónustu að nokkru eða öllu leyti, þ.m.t.:

a) *eignarhlutatengdar greiðslur sem gerðar eru upp með eiginfjárgerningum*,

b) *eignarhlutatengdar greiðslur sem gerðar eru upp í handbæru fé* og

c) viðskipti þar sem einingin er viðtakandi eða kaupandi vara eða þjónustu og skilmálar samkomulagsins gefa annaðhvort einingunni eða þeim sem býður þessar vörur eða þjónustu kost á að velja hvort einingin geri upp viðskiptin í handbæru fé (eða öðrum eignum) eða með útgáfu eiginfjárgerninga,

nema að því leyti sem tilgreint er í liðum 3A–6. Ef ekki eru fyrir hendi vörur eða þjónusta sem má skilgreina sérstaklega geta aðrar kringumstæður gefið til kynna að vörur eða þjónusta hafi verið (eða verði) mótteknar en þegar svo ber undir gildir þessi IFRS-staðall.

3 [Felldur brott]

3A Önnur eining innan samstæðu (eða hluthafi í einingu innan samstæðu) getur gert upp eignarhlutartengda greiðslu fyrir hönd þeirrar einingar sem er viðtakandi eða kaupandi vöru eða þjónustu. Ákvæði 2. liðar eiga einnig við um einingu

a) sem er viðtakandi vöru eða þjónustu þegar önnur eining í sömu samstæðu (eða hluthafi í einhverri einingu innan samstæðu) er skuldbundin til að gera upp eignarhlutartengda greiðslu eða

b) sem er skuldbundin að gera upp eignarhlutartengda greiðslu þegar önnur eining í sömu samstæðu er viðtakandi vöru eða þjónustu,

nema augljóst sé að tilgangur viðskiptanna sé annar en að greiða fyrir vörur eða þjónustu sem voru send til viðtöku-einingar.

4 Að því er varðar þennan IFRS-staðal eru viðskipti við starfsmann (eða annan aðila) sem handhafa eiginfjárgerninga einingarinnar ekki eignarhlutatengd greiðslumiðlun. Ef eining veitir t.d. öllum handhöfum eiginfjárgerninga sinna í tilteknum flokki rétt til að kaupa viðbótareiginfjárgerninga af einingunni á verði sem er lægra en gangvirði eiginfjár-gerninganna og starfsmaður fær slíkan rétt vegna þess að hann er handhafi eiginfjárgerninga í viðkomandi flokki fellur veiting eða nýting þessa réttar ekki undir kröfurnar í þessum IFRS-staðli.

5 Eins og tilgreint er í 2. lið gildir þessi IFRS-staðall um eignarhlutatengdar greiðslumiðlanir þar sem eining kaupir eða móttekur vörur eða þjónustu. Til vara teljast birgðir, hjálparefni, varanlegir rekstrarfjármunir, óefnislegar eignir og aðrar eignir sem eru ekki peningalegar eignir. Eining skal þó ekki beita þessum IFRS-staðli vegna viðskipta þar sem hún fær vörur sem hluta af hreinni eign við sameiningu fyrirtækja, eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja*, (endurskoðaður 2008), við sameiningu eininga eða fyrirtækja, sem lúta sameiginlegum yfirráðum, eins og lýst er í liðum B1–B4 í IFRS-staðli 3, eða framlag fyrirtækis við stofnun samrekstrar eins og skilgreint er í IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*. Þar af leiðandi heyra eiginfjárgerningar, sem gefnir eru út við sameiningu fyrirtækja í skiptum fyrir yfirráð yfir yfirtekna aðilanum, ekki undir gildissvið þessa IFRS-staðals. Hins vegar heyra eiginfjárgerningar, sem veittir eru til starfsmanna yfirtekna aðilans (t.d. í skiptum fyrir áframhaldandi starf), undir gildissvið þessa IFRS-staðals. Á sama hátt skal færa innköllun, skipti eða aðrar breytingar á *eignarhlutatengdu greiðslufyrirkomulagi* vegna sameiningar fyrirtækja eða annarrar endurskipulagningar eigin fjár, í samræmi við þennan IFRS-staðal. Í IFRS-staðli 3 eru veittar leiðbeiningar

um ákvörðun á því hvort eiginfjárgerningar, sem útgefnir eru vegna sameiningar fyrirtækja, séu hluti af yfirfærðu endurgjaldi fyrir yfirráð í yfirteknum aðila (og þar af leiðandi innan gildissviðs IFRS-staðals 3) eða séu fyrir áframhaldandi þjónustu sem færa skal á tímabilinu eftir sameiningu (og þar af leiðandi innan gildissviðs þessa IFRS-staðals).

6 Þessi IFRS-staðall gildir ekki um eignarhlutatengdar greiðslur þar sem einingin tekur við eða kaupir vörur eða þjónustu samkvæmt samningi sem heyrir undir gildissvið 8.–10. liðar IAS-staðals 32, *fjármálagerningar: framsetning* (endurskoðaður 2003) ([33]) eða liða 2.4–2.7 í IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*.

6A Í þessum IFRS-staðli er hugtakið „gangvirði“ notað að sumu leyti með öðrum hætti en skilgreining þess segir til um í IFRS-staðli 13, *gangvirðismat*. Því þarf eining að meta gangvirði í samræmi við þennan IFRS-staðal, ekki IFRS-staðal 13, þegar hún beitir IFRS-staðli 2.

FÆRSLA

7 Eining skal færa vörurnar eða þjónustuna sem hún tekur við eða kaupir með eignarhlutatengdri greiðslumiðlun þegar hún fær vörurnar eða meðan þjónustan er innt af hendi. Einingin skal færa tilsvarandi aukningu eigin fjár ef vörurnar eða þjónustan var móttekin með eignarhlutatengdri greiðslumiðlun, sem gerð er upp með eiginfjárgerningum, eða skuld ef vörurnar eða þjónustan var fengin með eignarhlutatengdri greiðslu sem gerð er upp í handbæru fé.

8 Ef vörurnar eða þjónustan, sem eru fengnar eða keyptar með eignarhlutatengdri greiðslumiðlun, uppfylla ekki skilyrði fyrir færslu sem eign skal færa þær sem kostnað.

9 Yfirleitt er stofnað til kostnaðar við notkun vara eða þjónustu. Til dæmis er þjónusta yfirleitt nýtt tafarlaust og í því tilviki er kostnaður færður þegar mótaðilinn veitir þjónustu. Vörur er hægt að nota á tilteknu tímabili eða, ef um birgðir er að ræða, selja síðar en í því tilviki er kostnaður færður þegar vörurnar eru notaðar eða seldar. Stundum er þó nauðsynlegt að færa kostnað áður en vörurnar eða þjónustan er nýtt eða seld vegna þess að þær uppfylla ekki skilyrði fyrir færslu sem eign. Til dæmis gæti eining keypt vörur sem hluta af rannsóknaráfanga verkefnis til að þróa nýja vöru. Þó að þessar vörur hafi ekki verið nýttar uppfylla þær e.t.v. ekki skilyrði fyrir færslu sem eign samkvæmt gildandi IFRS-staðli.

EIGNARHLUTATENGDAR GREIÐSLUR SEM GERÐAR ERU UPP MEÐ EIGINFJÁRGERNINGUM

Yfirlit

10 Við eignarhlutatengdar greiðslumiðlanir, sem gerðar eru upp með eiginfjárgerningum, skal einingin meta vörurnar eða þjónustuna sem hún tekur við og tilsvarandi aukningu eigin fjár beint á gangvirði vörunnar eða þjónustunnar sem er móttekin nema ekki sé unnt að meta gangvirðið með áreiðanlegum hætti. Ef einingin getur ekki metið gangvirði varanna eða þjónustunnar, sem hún móttekur, með áreiðanlegum hætti skal hún meta virði þeirra og tilsvarandi aukningu eigin fjár óbeint með tilvísun til gangvirðis ([34]) veittra eiginfjárgerninga.

11 Til að beita kröfunum í 10. lið í viðskiptum við *starfsmenn og aðra sem veita sambærilega þjónustu* ([35]) skal einingin meta gangvirði móttekinnar þjónustu með tilvísun til gangvirðis veittra eiginfjárgerninga vegna þess að yfirleitt er ekki mögulegt að meta gangvirði móttekinnar þjónustu með áreiðanlegum hætti, eins og útskýrt er í 12. lið. Gangvirði þessara eiginfjárgerninga skal metið á *samningsdegi*.

([33]) Heiti IAS-staðals 32 var breytt árið 2005.

([34]) Í þessum IFRS-staðli er notað orðalagið „með tilvísun til“ en ekki „á“ vegna þess að viðskiptin eru að lokum metin með því að margfalda gangvirði veittra eiginfjárgerninga á þeim degi sem tilgreindur er í 11. eða 13. lið (eftir því sem við á) með fjölda eiginfjárgerninga sem ávinnast, eins og útskýrt er í 19. lið.

([35]) Framvegis í þessum IFRS-staðli ná vísanir í starfsmenn einnig yfir aðra sem veita svipaða þjónustu.

12 Yfirleitt er hlutabréfum, hlutabréfavalréttum eða öðrum eiginfjárgerningum veitt til starfsmanna sem hluta af launakjörum þeirra til viðbótar við launagreiðslur í handbæru fé og önnur starfskjör. Yfirleitt er ekki unnt að meta beint þjónustu sem er móttekin fyrir einstaka þætti í launakjörum starfsmanns. Hugsanlega er ekki heldur unnt að meta gangvirði heildarlaunakjara án þess að meta beint gangvirði veittra eiginfjárgerninga. Enn fremur er hlutabréf eða hlutabréfavalréttur stundum veittur sem hluti af kaupaukasamkomulagi frekar en hluta af grunnlaunakjörum, t.d. sem hvati fyrir starfsmenn til að starfa áfram hjá einingunni eða til að umbuna þeim fyrir framlag sitt til að bæta rekstrarárangur einingarinnar. Með veitingu hlutabréfa eða hlutabréfavalréttar til viðbótar við önnur launakjör er einingin að greiða viðbótarlaun til að fá aukinn ávinning. Líklegt er að erfitt reynist að meta gangvirði þessa aukaávinnings. Vegna þess hve erfitt er að meta beint gangvirði móttekinnar þjónustu skal einingin meta gangvirði móttekinnar þjónustu starfsmanna með tilvísun til gangvirðis veittra eiginfjárgerninga.

13 Til að beita kröfunum í 10. lið í viðskiptum við aðra aðila en starfsmenn skal það vera hrekjanleg forsenda að unnt sé að mæla gangvirði móttekinna vara eða þjónustu með áreiðanlegum hætti. Gangvirðið skal metið á þeim degi er einingin fær vörurnar eða mótaðilinn veitir þjónustuna. Í undantekningartilvikum ef einingin hrekur þessa forsendu vegna þess að hún getur ekki metið gangvirði móttekinna vara eða þjónustu með áreiðanlegum hætti skal einingin meta mótteknar vörur eða þjónustu og tilsvarandi aukningu eigin fjár óbeint með tilvísun í gangvirði veittra eiginfjárgerninga sem metið er á þeim degi sem einingin tekur við vörunum eða mótaðilinn veitir þjónustuna.

13A Ef skilgreinanlegt endurgjald (ef eitthvert er), sem einingin hefur tekið við, virðist vera lægra en gangvirði eiginfjárgerninga, sem látnir eru í té, eða skuldar, sem stofnað var til, benda þessar aðstæður yfirleitt til þess að einingin hafi tekið (eða muni taka) við öðru endurgjaldi (þ.e. vöru eða þjónustu sem ekki er skilgreinanleg). Einingin skal meta mótteknar, skilgreinanlegar vörur eða þjónustu í samræmi við þennan IFRS-staðal. Einingin skal meta vörur eða þjónustu, sem eru ekki skilgreinanlegar og hafa verið (eða verða) mótteknar, sem mismuninn á gangvirði eignarhlutatengdu greiðslunnar og gangvirði allra skilgreinanlegra vara eða þjónustu sem hafa verið mótteknar (eða verða mótteknar). Einingin skal meta mótteknar vörur eða þjónustu sem eru ekki skilgreinanlegar á samningsdegi. Að því er varðar viðskipti sem eru gerð upp með handbæru fé skal skuldin þó endurmetin við lok hvers reikningsskilatímabils þar til hún hefur verið gerð upp í samræmi við 30.–33. lið.

Viðskipti þar sem þjónusta er móttekin

14 Ef eiginfjárgerningarnir *ávinnast* samstundis er ekki gerð krafa um að mótaðilinn ljúki ákveðnu starfstímabili áður en hann á skilyrðislausan rétt á þessum eiginfjárgerningum. Ef ekki eru til gögn sem sýna fram á annað skal einingin líta svo á að hún hafi móttekið þjónustu, sem mótaðilinn skal inna af hendi, sem endurgjald fyrir eiginfjárgerningana. Í því tilviki skal einingin færa móttekna þjónustu að fullu með tilsvarandi aukningu á eigin fé á samningsdegi.

15 Ef veittir eiginfjárgerningar ávinnast ekki fyrr en mótaðilinn lýkur ákveðnu starfstímabili skal einingin líta svo á að þjónustan sem mótaðilinn skal inna af hendi sem endurgjald fyrir þessa eiginfjárgerninga verði móttekin síðar á *ávinnslutímabilinu*. Einingin skal færa þessa þjónustu er mótaðilinn innir hana af hendi á ávinnslutímabilinu með tilsvarandi aukningu eigin fjár. Dæmi:

a) ef starfmanni er veittur hlutabréfavalréttur sem er háður því að starfsmaður hafi lokið þriggja ára starfstímabili skal einingin líta svo á að þjónustan, sem starfsmaðurinn skal inna af hendi sem endurgjald fyrir valréttinn, verði móttekin síðar á þessu þriggja ára ávinnslutímabili,

b) ef starfsmanni er veittur eignarhlutavalréttur sem er háður því að starfsmaður uppfylli *skilyrði um frammistöðu* og hann haldi áfram störfum í einingunni þar til hann hefur uppfyllt skilyrðið um frammistöðu og lengd ávinnslutímabilsins er misjafnlega löng, og lengd þess er háð því hvenær skilyrðið um frammistöðu er uppfyllt, skal einingin líta svo á að þjónustan, sem starfsmaðurinn skal inna af hendi sem endurgjald fyrir valréttinn, verði móttekin síðar á ávinnslutímabilinu. Einingin skal meta lengd væntanlegs ávinnslutímabils á samningsdegi á grundvelli líklegustu niðurstöðu skilyrðisins um frammistöðu. Ef skilyrðið um frammistöðu er *markaðsskilyrði* skal áætlun um lengd væntanlegs ávinnslutímabils vera í samræmi við forsendur sem notaðar eru til að meta gangvirði veitts valréttar og það skal ekki endurskoðað síðar. Ef skilyrðið um frammistöðu er ekki markaðsskilyrði skal einingin endurskoða mat sitt um lengd ávinnslutímabilsins, ef nauðsyn krefur, ef síðari upplýsingar gefa til kynna að lengd ávinnslutímabilsins sé önnur en í fyrra mati.

Viðskipti sem metin eru með tilvísun til gangvirðis veittra eiginfjárgerninga

Ákvörðun gangvirðis veittra eiginfjárgerninga

16 Að því er varðar viðskipti sem eru metin með tilvísun til gangvirðis veittra eiginfjárgerninga skal eining meta gangvirði veittra eiginfjárgerninga á matsdegi, á grundvelli markaðsverðs ef það liggur fyrir, að teknu tilliti til skilmála og skilyrða fyrir veitingu þessara eiginfjárgerninga (í samræmi við kröfurnar í 19.–22. lið).

17 Ef markaðsgengi liggur ekki fyrir skal einingin áætla gangvirði veittra eiginfjárgerninga með því að nota virðismatsaðferð til að áætla hvað verð þessara eiginfjárgerninga væri á matsdegi í viðskiptum ótengdra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskiptanna. Virðismatsaðferðin skal vera í samræmi við almennt viðurkenndar virðismatsaðferðir við verðlagningu fjármálagerninga og skal hún taka til allra þátta og forsendna sem upplýstir og fúsir markaðsaðilar tækju tillit til við ákvörðun verðsins (í samræmi við kröfurnar í 19.–22. lið).

18 Í viðbæti B má finna frekari leiðbeiningar um mat á gangvirði hlutabréfa og hlutabréfavalréttar þar sem áhersla er lögð á tiltekna skilmála og skilyrði sem sameiginlega einkenna veitingu hlutabréfa eða hlutabréfavalréttar til starfsmanna.

Meðferð ávinnsluskilyrða

19 Veiting eiginfjárgerninga getur verið háð því að ákveðin ávinnsluskilyrði séu uppfyllt. Veiting hlutabréfa eða hluta bréfavalréttar til starfsmanns er t.d. yfirleitt háð því skilyrði að starfsmaðurinn haldi áfram störfum fyrir einingunа í ákveðinn tíma. Verið getur að uppfylla þurfi skilyrði um frammistöðu, t.d. að einingin þurfi að ná ákveðinni hagnaðaraukningu eða ákveðinni hækkun á hlutabréfaverði einingarinnar. Ekki skal taka mið af ávinnsluskilyrðum, öðrum en markaðstengdum skilyrðum, við mat á gangvirði hlutabréfanna eða hlutabréfavalréttar á matsdegi. Þess í stað skal taka tillit til ávinnsluskilyrða, annarra en markaðstengdra skilyrða, með því að leiðrétta þann fjölda eiginfjárgerninga, sem tekinn er með í mati á fjárhæð viðskiptanna, svo að fjárhæðin, sem að lokum er færð fyrir vörur og þjónustu og er móttekin sem endurgjald fyrir veitta eiginfjárgerninga, byggist á þeim fjölda eiginfjárgerninga sem ávinnst í reynd. Þar af leiðandi er engin fjárhæð færð fyrir mótteknar vörur eða þjónustu, á grundvelli uppsöfnunar, ef veittir eiginfjárgerningar ávinnast ekki vegna þess að *ávinnsluskilyrði*, önnur en markaðsskilyrði, eru ekki uppfyllt, t.d. ef mótaðilinn lýkur ekki ákveðnu starfstímabili eða ef skilyrði um frammistöðu er ekki uppfyllt, í samræmi við kröfurnar í 21. lið.

20 Til að geta beitt kröfunum í 19. lið skal einingin færa fjárhæð fyrir vörur eða þjónustu sem hún tekur við á ávinnslutímanum á grundvelli hagstæðasta fyrirliggjandi mats á fjölda eiginfjárgerninga, sem vænta má að ávinnist, og skal einingin endurskoða matið, ef nauðsyn krefur, ef síðari upplýsingar gefa til kynna að fjöldi eiginfjárgerninga, sem vænta má að ávinnist, sé ekki sá sami og í fyrra mati. Á ávinnsludegi skal einingin endurskoða matið þannig að það samsvari fjölda eiginfjárgerninga sem að lokum ávinnst, í samræmi við kröfurnar í 21. lið.

21 Við mat á gangvirði veittra eiginfjárgerninga skal taka tillit til markaðstengdra skilyrða, s.s. markgengi hlutabréfa sem ávinnsla (eða innlausnarmöguleiki) er háð. Því skal einingin, að því er varðar veitingu eiginfjárgerninga með markaðstengdum skilyrðum, færa vörurnar eða þjónustuna sem hún fær frá mótaðila sem uppfyllir öll önnur ávinnsluskilyrði (t.d. þjónusta sem starfsmaður veitir sem starfar hjá einingunni allan tiltekna starfstímann sem tilgreindur er), óháð því hvort markaðstengda skilyrðið er uppfyllt.

Meðferð skilyrða sem ekki teljast ávinnsluskilyrði

21A Eins skal eining taka tillit til allra skilyrða sem ekki teljast ávinnsluskilyrði þegar hún metur gangvirði veittra eiginfjárgerninga. Því skal einingin, að því er varðar veitingu eiginfjárgerninga með skilyrðum sem ekki teljast ávinnsluskilyrði, færa vörurnar eða þjónustuna sem hún fær frá mótaðila sem uppfyllir öll ávinnsluskilyrði sem eru ekki markaðstengd skilyrði (t.d. þjónusta sem starfsmaður, sem starfar hjá einingunni á tiltekna starfstímanum, veitir), óháð því hvort þessi skilyrði sem ekki teljast ávinnsluskilyrði eru uppfyllt.

Meðferð endurnýjunarþáttar

22 Að því er varðar valrétt með *endurnýjunarþátt* skal ekki taka mið af endurnýjunarþættinum við mat á gangvirði veitts valréttar á matsdegi. Þess í stað skal færa *endurnýjunarrétt* sem nýja veitingu valréttar ef og þegar endurnýjunarréttur er veittur.

Eftir ávinnsludag

23 Eftir að hafa fært mótteknar vörur eða þjónustu í samræmi við 10.–22. lið, ásamt tilsvarandi aukningu eigin fjár, skal einingin ekki gera neinar síðari breytingar á heildarstöðu eigin fjár eftir ávinnsludag. Einingin skal t.d. ekki bakfæra síðar fjárhæðina sem var færð fyrir þjónustu sem starfsmaður innir af hendi ef áunnin réttindi eiginfjárgerninganna glatast eða, ef um hlutabréfavalrétt er að ræða, valrétturinn er ekki nýttur. Þessi krafa kemur þó ekki í veg fyrir að einingin geti fært yfirfærslu innan eigin fjár, þ.e. tilfærslu frá einum hluta eigin fjár til annars.

Ef ekki er unnt að meta gangvirði eiginfjárgernings með áreiðanlegum hætti

24 Kröfurnar í 16.–23. lið gilda ef sú krafa er gerð að einingin meti eignarhlutatengda greiðslumiðlun með tilvísun til gangvirðis veittra eiginfjárgerninga. Í undantekningartilvikum gæti einingunni verið ókleift að meta með áreiðanlegum hætti gangvirði veittra eiginfjárgerninga á matsdegi, í samræmi við kröfurnar í 16.–22. lið. Í þessum undantekningartilvikum eingöngu skal einingin þess í stað:

a) meta eiginfjárgerninga á grundvelli *innra virðis* þeirra, fyrst á þeim degi sem einingin fær vörurnar eða mótaðilinn innir þjónustuna af hendi og síðan við lok hvers reikningsskilatímabils og lokauppgjörsdegi þar sem allar breytingar á innra virði eru færðar í rekstrarreikningi. Að því er varðar veitingu hlutabréfavalréttar er eignarhlutatengt greiðslufyrirkomulag að lokum gert upp þegar rétturinn er nýttur, honum er fyrirgert (t.d. við starfslok) eða fellur úr gildi (t.d. þegar rétturinn rennur út),

b) færa mótteknar vörur eða þjónustu á grundvelli fjölda eiginfjárgerninga sem í reynd ávinnast eða (eftir því sem við á) eru nýttir að lokum. Til að beita þessum kröfum að því er varðar t.d. hlutabréfavalrétt skal einingin færa vörur eða þjónustu sem hún móttekur á ávinnslutímabilinu í samræmi við 14. og 15. lið, nema í því tilviki að kröfurnar í b-lið 15. liðar um markaðstengt skilyrði eigi ekki við. Fjárhæðin sem er færð fyrir vörur eða þjónustu sem er móttekin á ávinnslutímabilinu skal grundvallast á fjölda hlutabréfavalrétta sem vænta má að ávinnist. Ef þörf krefur skal einingin endurskoða matið ef síðari upplýsingar gefa til kynna að fjöldi hlutabréfavalrétta sem vænta má að ávinnist sé ekki sá sami og í fyrra mati. Á ávinnsludegi skal einingin endurskoða matið þannig að það samsvari fjölda eiginfjárgerninga sem að lokum ávinnst. Eftir ávinnsludag skal einingin bakfæra fjárhæðina sem færð var fyrir mótteknar vörur eða þjónustu ef hlutabréfavalréttur síðar tapast eða fellur úr gildi.

25 Ef eining beitir 24. lið er ekki nauðsynlegt að beita 26.–29. lið vegna þess að tekið verður mið af öllum breytingum á skilmálum og skilyrðum fyrir veitingu eiginfjárgerninga við beitingu innri virðismatsaðferðarinnar sem sett er fram í 24. lið. Ef eining, hins vegar, gerir upp veitingu eiginfjárgerninga þar sem 24. lið hefur verið beitt skal hún:

a) ef uppgjör fer fram á ávinnslutímabilinu skal uppgjörið færast sem gjaldfelling á ávinnslunni og skal einingin því tafarlaust færa upphæðina sem annars hefði verið færð fyrir fengna þjónustu á því sem eftir er af ávinnslutímabilinu.

b) færa allar greiðslur við uppgjör sem endurkaup eiginfjárgerninga, þ.e. sem frádrátt frá eigin fé, nema að svo miklu leyti sem greiðslan er hærri en innra virði eiginfjárgerninga eins og það er metið á endurkaupadegi. Slíkar umframfjárhæðir skal færa sem gjöld.

Breytingar á skilmálum og skilyrðum fyrir veitingu eiginfjárgerninga, þ.m.t. innköllun og uppgjör

26 Eining gæti breytt skilmálum og skilyrðum miðað við upphaflega veitingu eiginfjárgerninganna. Hún gæti t.d. lækkað innlausnarverð veitts valréttar til starfsmanna (þ.e. endurverðlagning valréttar) sem hækkar gangvirði þessa valréttar. Kröfurnar í 27.–29. lið um að færa áhrif af breytingum eru settar fram í tengslum við eignarhlutatengdar greiðslumiðlanir að því er varðar starfsmenn. Hins vegar skal einnig beita þeim við eignarhlutatengdar greiðslumiðlanir í tengslum við aðra aðila en starfsmenn sem eru metnar með tilvísun til gangvirðis veittra eiginfjárgerninga. Í síðara tilvikinu skulu allar tilvísanir til samningsdags í 27.–29. lið þess í stað vísa til þess dags sem einingin fær vörurnar eða mótaðilinn innir þjónustuna af hendi.

27 Einingin skal að lágmarki færa fengna þjónustu sem metin er á gangvirði veittra eiginfjárgerninga á samningsdegi nema þessir eiginfjárgerningar ávinnist ekki vegna þess að ávinnsluskilyrði, sem var tilgreint á samningsdegi, var ekki uppfyllt (að frátöldu markaðstengdu skilyrði). Þetta gildir án tillits til allra breytinga á skilmálum og skilyrðum fyrir veitingu eiginfjárgerninganna eða innköllunar eða uppgjörs veitingar eiginfjárgerninga. Að auki skal einingin færa áhrif breytinga sem hækka heildargangvirði eignarhlutatengda greiðslufyrirkomulagsins eða eru að öðru leyti hagstæðar fyrir starfsmanninn. Í viðbæti B má finna leiðbeiningar um beitingu þessarar kröfu.

28 Ef eining ógildir eða gerir upp veitingu eiginfjárgerninga á ávinnslutímabilinu (að frátalinni veitingu sem verður ógild þegar ávinnsluskilyrði eru ekki uppfyllt):

a) færa innköllun eða uppgjör sem gjaldfellingu á ávinnslunni og skal því færa tafarlaust upphæðina sem annars hefði verið færð vegna fenginnar þjónustu það sem eftir er af ávinnslutímabilinu,

b) færa allar greiðslur til starfsmanns við innköllun eða uppgjör veitingar sem endurkaup eignarhlutdeildar, þ.e. sem frádrátt frá eigin fé, nema að því marki sem greiðslan er hærri en gangvirði veittra eiginfjárgerninga eins og það er metið á endurkaupadegi. Slíkar umframfjárhæðir skal færa sem gjöld. Ef eignarhlutatengt greiðslufyrirkomulag felur í sér skuldarþætti skal einingin þó endurmeta gangvirði skuldar á dagsetningu ógildingar eða uppgjörs. Hvers konar greiðsla til að gera upp skuldarhlutann skal færð sem ógilding skuldarinnar,

c) ef nýjum eiginfjárgerningum er veitt til starfsmanns og einingin ákveður á samningsdegi þessara nýju eiginfjárgerninga að nýju eiginfjárgerningarnir sem veittir eru séu endurnýjaðir eiginfjárgerningar, í stað hinna innkölluðu eiginfjárgerninga, skal einingin færa veitingu endurnýjuðu eiginfjárgerninganna á sama hátt og breytingu á upprunalegri veitingu eiginfjárgerninganna, í samræmi við 27. lið og leiðbeiningarnar í viðbæti B. Jaðarhækkun á gangvirði er mismunurinn milli gangvirðis endurnýjaðra eiginfjárgerninga og hreins gangvirðis innkallaðra eiginfjárgerninga á þeim degi sem endurnýjuðu eiginfjárgerningarnir eru veittir. Hreint gangvirði eiginfjárgerninga, sem eru innkallaðir, er gangvirði þeirra rétt fyrir afturköllun að frádreginni fjárhæð greiðslu til starfsmanns, ef einhver er, við innköllun eiginfjárgerninganna sem er færð lækkun á eigin fé í samræmi við b-lið hér að ofan. Ef einingin auðkennir ekki nýju eiginfjárgerningana sem veittir eru sem endurnýjaðir eiginfjárgerningar í stað innkölluðu eiginfjárgerninganna skal einingin færa þessa nýju eiginfjárgerninga sem nýja veitingu eiginfjárgerninga.

28A Ef eining eða mótaðili getur valið um hvort uppfylla eigi skilyrði sem ekki telst ávinnsluskilyrði skal einingin fara með það sem ógildingu ef einingin eða mótaðilinn uppfyllir ekki skilyrðið sem ekki telst ávinnsluskilyrði á ávinnslutímabilinu.

29 Ef eining endurkaupir áunna eiginfjárgerninga skal færa greiðslur til starfsmanns sem frádrátt frá eigin fé nema að því leyti sem greiðslan er hærri en gangvirði endurkeyptra eiginfjárgerninga sem mælt er á endurkaupadegi. Slíkar umframfjárhæðir skal færa sem gjöld.

EIGNARHLUTATENGDAR GREIÐSLUR SEM GERÐAR ERU UPP MEÐ HANDBÆRU FÉ

30 Að því er varðar eignarhlutatengdar greiðslur, sem gerðar eru upp með handbæru fé, skal einingin meta keyptar vörur eða þjónustu ásamt skuldinni sem er stofnað til á gangverði skuldarinnar, með fyrirvara um kröfurnar í liðum 31-33D. Þar til skuldin hefur verið gerð upp skal einingin endurmeta gangvirði skuldarinnar í lok hvers reikningsskilatímabils og á uppgjörsdegi þar sem allar breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning á viðkomandi tímabili.

31 Eining gæti t.d. veitt starfsmönnum eignarhlutatengdan rétt til virðisaukningar sem hluta af starfskjörum þeirra þar sem starfsmennirnir ættu þá rétt í framtíðinni á greiðslum í handbæru fé (fremur en eiginfjárgerningum), á grundvelli hækkunar á hlutabréfaverði einingarinnar umfram ákveðið viðmið á ákveðnu tímabili. Eining gæti einnig veitt starfsmönnum sínum rétt til að fá greiðslur í framtíðinni í handbæru fé með því að veita þeim rétt á hlutabréfum (þ.m.t. hlutabréfum sem gefin eru út við nýtingu á hlutabréfavalrétti) sem eru innleysanleg, annaðhvort skyldubundið (t.d. við starfslok) eða að vali starfsmanns. Þessar ráðstafanir eru dæmi um eignarhlutatengdar greiðslur sem gerðar eru upp með handbæru fé. Eignarhlutatengdur réttur til virðisaukningar er notaður til að lýsa nokkrum af þeim kröfum sem settar eru fram í liðum 32-33D, kröfurnar í þessum liðum gilda hins vegar um allar eignarhlutatengdar greiðslur sem gerðar eru upp með handbæru fé.

32 Einingin skal færa fengna þjónustu, og skuld til að greiða fyrir þjónustuna, þegar starfsmaðurinn innir þjónustuna af hendi. Til dæmis, stundum ávinnst eignarhlutatengdur réttur til virðisaukningar samstundis og því er ekki gerð sú krafa að starfsmenn ljúki ákveðnu starfstímabili til að eiga rétt á greiðslu í handbæru fé. Ef ekki eru til gögn sem sýna fram á annað skal einingin líta svo á að hún hafi móttekið þjónustu sem starfsmaðurinn innir af hendi í skiptum fyrir eignarhlutatengda réttinn til virðisaukningar. Því skal einingin tafarlaust færa fengna þjónustu og skuld til að greiða fyrir hana. Ef eignarhlutatengdi rétturinn til virðisaukningar ávinnst ekki fyrr en starfsmaðurinn hefur lokið ákveðnu starfstímabili skal einingin færa fengna þjónustu, og skuld til að greiða fyrir hana, þegar starfsmaðurinn innir hana af hendi á tímabilinu.

33 Meta skal skuldina í upphafi og í lok hvers reikningsskilatímabils, þar til hún hefur verið gerð upp, á gangvirði eignarhlutatengda réttarins til virðisaukningar með því að nota verðlagningarlíkan fyrir valrétt þar sem tekið er tillit til skilmála og skilyrða fyrir veitingu eignarhlutatengda réttarins til virðisaukningar og að hve miklu leyti starfsmennirnir hafa innt af hendi þjónustu fram að tilteknum degi, með fyrirvara um kröfurnar í liðum 33A–33D. Eining gæti breytt skilmálum og skilyrðum sem eignarhlutatengdar greiðslur, sem gerðar eru upp með handbæru fé, eru byggðar á. Leiðbeiningar um breytingar á eignarhlutatengdri greiðslu, þar sem flokkun er breytt frá því að vera gerð upp með handbæru fé til þess að vera gerð upp með eigin fé, má finna í liðum B44A-B44C í viðbæti B.

Meðferð ávinnsluskilyrða og skilyrða sem ekki teljast ávinnsluskilyrði

33A Eignarhlutatengd greiðsla, sem gerð er upp með handbæru fé, getur verið háð því að ákveðin ávinnsluskilyrði séu uppfyllt. Verið getur að uppfylla þurfi skilyrði um frammistöðu, t.d. að einingin þurfi að ná ákveðinni hagnaðaraukningu eða ákveðinni hækkun á hlutabréfaverði einingarinnar. Ekki skal taka mið af ávinnsluskilyrðum, öðrum en markaðstengdum skilyrðum, við mat á gangvirði eignarhlutatengdrar greiðslu sem gerð er upp með handbæru fé á matsdegi. Þess í stað skal taka tillit til ávinnsluskilyrða, annarra en markaðstengdra skilyrða, með því að leiðrétta þann fjölda úthlutana sem teknar eru með í mati á skuldinni vegna viðskiptanna.

33B Til að geta beitt kröfunum í lið 33A skal eining færa fjárhæð fyrir vörur eða þjónustu sem hún tekur á móti á ávinnslutímanum. Sú fjárhæð skal byggð á hagstæðasta fyrirliggjandi mati á þeim fjölda úthlutana sem vænta má að ávinnist. Ef þörf krefur skal einingin endurskoða matið ef síðari upplýsingar gefa til kynna að sá fjöldi úthlutana, sem vænta má að ávinnist, sé ekki sá sami og í fyrra mati. Á ávinnsludegi skal einingin endurskoða matið þannig að það samsvari þeim fjölda úthlutana sem ávinnst að lokum.

33C Við mat á gangvirði eignarhlutatengdrar greiðslu sem gerð er upp með handbæru fé og við endurmat á gangvirði í lok hvers reikningsskilatímabils og á uppgjörsdegi skal taka tillit til markaðstengdra skilyrða, s.s. markgengis hlutabréfa sem ávinnsla (eða innlausnarmöguleiki) er háð.

33D Vegna beitingar liða 30-33C er uppsöfnuð fjárhæð, sem er að lokum færð fyrir mótteknar vörur eða þjónustu sem endurgjald fyrir eignarhlutatengda greiðslu sem gerð er upp með handbæru fé, jöfn fjárhæðinni sem greidd er.

EIGNARHLUTATENGDAR GREIÐSLUR MEÐ UPPGJÖRSSKILMÁLA VEGNA SKATTSKULDAR

33E Í skattalögum eða -reglum kann að vera heimilt að skylda einingu til að halda eftir fjárhæð vegna skattskulda starfsmanns sem tengist eignarhlutatengdri greiðslu og til að yfirfæra þá fjárhæð, yfirleitt í handbæru fé, til skattayfirvalda fyrir hönd starfsmannsins. Til að efna þessa skyldu kunna skilmálar eignarhlutatengda greiðslufyrirkomulagsins að heimila einingunni eða krefjast þess að einingin haldi eftir þeim fjölda eiginfjárgerninga sem jafngilda peningalegu virði skattskuldar starfsmanns af þeim heildarfjölda eiginfjárgerninga sem annars hefðu verið gefnir út til starfsmannsins við nýtingu (eða ávinnslu) eignarhlutatengdu greiðslunnar (þ.e. eignarhlutatengda greiðslufyrirkomulagið er með „uppgjörsskilmála“).

33F Undantekning frá kröfunum í 34. lið er sú að greiðslan sem lýst er í lið 33E skal flokkuð í heild sinni sem eignar hlutatengd greiðsla sem gerð er upp með eiginfjárgerningum ef hún hefði verið flokkuð þannig þegar uppgjörsskilmáli liggur ekki fyrir.

33G Einingin beitir 29. lið þessa staðals til að gera grein fyrir hlutabréfum sem haldið er eftir til að fjármagna greiðslu til skattayfirvalda að því er varðar skattskuld starfsmannsins sem tengist eignarhlutatengdu greiðslunni. Því skal færa greiðsluna sem frádrátt á eigin fé að því er varðar hlutabréf sem haldið er eftir nema að því marki sem greiðslan er hærri en gangvirðið á uppgjörsdegi eiginfjárgerningsins sem haldið er eftir.

33H Undanþágan í lið 33F gildir ekki um:

a) eignarhlutatengt greiðslufyrirkomulag með uppgjörsskilmála þar sem einingunni ber ekki, samkvæmt skattalögum eða -reglum, skylda til að halda eftir fjárhæð vegna skattskuldar starfsmanns sem tengist þeirri eignarhlutatengdu greiðslu eða

b) eiginfjárgerning sem einingin heldur eftir og er umfram skattskuld starfsmannsins sem tengist eignarhlutatengdu greiðslunni (þ.e. einingin hélt eftir hlutum sem eru hærri að virði en sem nemur peningalegu virði skattskuldar starfsmannsins). Slíka umframhluta, sem haldið er eftir, skal færa sem eignarhlutatengda greiðslu, sem gerð er upp með handbæru fé, þegar sú fjárhæð er greidd starfsmanninum með handbæru fé (eða öðrum eignum).

EIGNARHLUTATENGDAR GREIÐSLUMIÐLANIR MEÐ HANDBÆRU FÉ SEM VALKOST

34 Að því er varðar eignarhlutatengdar greiðslur þar sem skilmálar fyrirkomulagsins gefa annaðhvort einingunni eða mótaðilanum kost á að velja hvort einingin geri upp greiðsluna með handbæru fé (eða öðrum eignum) eða með útgáfu eiginfjárgerninga skal einingin færa greiðsluna, eða þætti hennar, sem eignarhlutatengda greiðslu, sem gerð er upp með handbæru fé, ef og að því marki sem einingin hefur stofnað til skuldar til að gera upp með handbæru fé eða öðrum eignum eða sem eignarhlutatengda greiðslu sem gerð er upp með eignfjárgerningum ef og að því marki sem ekki hefur verið stofnað til neinnar slíkrar skuldar.

Eignarhlutatengdar greiðslumiðlanir þar sem mótaðilanum er gefinn kostur á að velja uppgjörsskilmála samkvæmt skilmálum samkomulagsins

35 Ef eining hefur veitt mótaðilanum réttinn til að velja hvort eignarhlutatengdar greiðslumiðlanir eru gerðar upp í handbæru fé ([36]) eða með útgáfu eiginfjárgerninga hefur einingin veitt samsettan fjármálagerning, sem felur í sér skuldarþátt (þ.e. rétt mótaðilans til að fara fram á greiðslu í handbæru fé) og eiginfjárþátt (þ.e. rétt mótaðilans til að fara fram á uppgjör með eiginfjárgerningum fremur en í handbæru fé). Að því er varðar viðskipti við aðra en starfsmenn þar sem gangvirði móttekinna vara eða þjónustu er metið beint skal einingin meta eiginfjárþátt samsetta fjármálagerningsins sem mismuninn milli gangvirðis móttekinna vara eða þjónustu og gangvirðis skuldarþáttar á þeim degi sem tekið var við vörunum eða þjónustunni.

([36]) Allar vísanir í handbært fé í 35.–43. lið taka jafnframt til annarra eigna einingarinnar.

36 Að því er varðar önnur viðskipti, þ.m.t. viðskipti við starfsmenn, skal eining meta gangvirði samsetta fjármálagerningsins á matsdegi, að teknu tilliti til þeirra skilmála og skilyrða fyrir veitingu réttar til handbærs fjár eða eiginfjárgerninga.

37 Til að beita 36. lið skal einingin fyrst meta gangvirði skuldarþáttarins og síðan meta gangvirði eiginfjárþáttarins, að teknu tilliti til þess að mótaðilinn verður að afsala sér réttinum til að taka við handbæru fé til að fá eiginfjárgerninginn. Gangvirði samsetta fjármálagerningsins er samtala gangvirðis þessara tveggja þátta. Hins vegar eru eignarhlutatengdar greiðslumiðlanir, þar sem mótaðilinn getur valið uppgjörsskilmála, oft þannig uppbyggðar að gangvirði uppgjörsskilmálanna er það sama. Mótaðilinn gæti t.d. valið um að fá hlutabréfavalrétt eða eignarhlutatengdan rétt til virðisaukningar sem gerður er upp í handbæru fé. Í slíkum tilvikum er gangvirði eiginfjárþáttarins núll og því er gangvirði samsetta fjármálagerningsins jafnt gangvirði skuldarþáttarins. Ef gangvirði valkosta við uppgjör eru á hinn bóginn mismunandi verður gangvirði eiginfjárþáttarins yfirleitt hærra en núll og ef svo er verður gangvirði samsetta fjármálagerningsins hærra en gangvirði skuldarþáttarins.

38 Einingin skal færa sérstaklega mótteknar eða keyptar vörur eða þjónustu að því er varðar hvern þátt samsetta fjármálagerningsins. Að því er varðar skuldarþáttinn skal einingin færa mótteknar vörur eða þjónustu, ásamt skuld til að greiða fyrir þessar vörur eða þjónustu, eftir því sem mótaðilinn afhendir vörur eða veitir þjónustu, í samræmi við kröfurnar sem gilda um eignarhlutatengdar greiðslumiðlanir sem gerðar eru upp í handbæru fé (30.–33. liður). Að því er varðar eiginfjárþáttinn (sé hann fyrir hendi) skal einingin færa mótteknar vörur eða þjónustu, ásamt aukningu á eigin fé, eftir því sem mótaðilinn afhendir vörur eða veitir þjónustu, í samræmi við kröfurnar sem gilda um eignarhlutatengdar greiðslumiðlanir sem gerðar eru upp með eiginfjárgerningum (10.–29. liður).

39 Á uppgjörsdegi skal einingin endurmeta skuldina á gangvirði. Ef einingin gefur út eiginfjárgerninga við uppgjör fremur en að greiða í handbæru fé skal yfirfæra skuldina beint á eigið fé sem endurgjald fyrir eiginfjárgerninginn sem var gefinn út.

40 Ef einingin greiðir í handbæru fé við uppgjör fremur en að gefa út eiginfjárgerninga skal sú greiðsla notuð til að gera upp skuldina að fullu. Allir eiginfjárþættir sem hafa áður verið færðir skulu vera áfram innan eigin fjár. Með því að kjósa að fá handbært fé við uppgjör afsalar mótaðilinn réttinum til að fá eiginfjárgerninga. Þessi krafa kemur þó ekki í veg fyrir að einingin geti fært yfirfærslu innan eigin fjár, þ.e. tilfærslu frá einum hluta eigin fjár til annars.

Eignarhlutatengd greiðslumiðlun þar sem einingunni er gefinn kostur á að velja uppgjörsskilmála samkvæmt skilmálum samkomulagsins

41 Þegar um er að ræða eignarhlutatengda greiðslumiðlun þar sem einingunni er gefinn kostur á að velja hvort hún gerir upp viðskiptin í handbæru fé eða með útgáfu eiginfjárgerninga samkvæmt skilmálum samkomulagsins skal einingin ákvarða hvort á henni hvíli núverandi skuldbinding til að gera upp í handbæru fé og færa eignarhlutatengdu greiðsluna til samræmis við það. Á einingunni hvílir núverandi skuldbinding um að gera upp í handbæru fé ef val uppgjörsskilmála eiginfjárgerninga er ekki viðskiptalegs eðlis (t.d. vegna þess að einingunni er óheimilt samkvæmt lögum að gefa út hlutabréf) eða ef einingin hefur haft það að starfsvenju eða sem yfirlýsta stefnu að gera upp í handbæru fé, eða gerir yfirleitt upp í handbæru fé ef mótaðilinn biður um uppgjör í handbæru fé.

42 Ef á einingunni hvílir núverandi skuldbinding um að gera upp í handbæru fé skal hún færa viðskiptin í samræmi við kröfurnar sem gilda um eignarhlutatengdar greiðslumiðlanir, sem gerðar eru upp í handbæru fé, í 30.–33. lið.

43 Ef engin slík skuldbinding er fyrir hendi skal einingin færa viðskiptin í samræmi við kröfurnar sem gilda um eignarhlutatengdar greiðslumiðlanir, sem gerðar eru upp með eiginfjárgerningum, í 10.–29. lið. Við uppgjör:

a) skal færa greiðslu handbæra fjárins sem endurkaup eignarhlutdeildar, þ.e. sem frádrátt frá eigin fé, nema að því leyti sem tilgreint er í c-lið hér á eftir ef einingin kýs að gera upp í handbæru fé,

b) er ekki þörf á frekari færslu (fyrir utan yfirfærslu frá einum eiginfjárþætti til annars, ef nauðsyn krefur), nema að því leyti sem tilgreint er í c-lið hér á eftir ef einingin kýs að gera upp með útgáfu eiginfjárgerninga,

c) ef einingin velur þann kost við uppgjör sem er hærri að gangvirði skal hún færa á uppgjörsdegi viðbótarkostnað vegna greidds umframverðs, þ.e. mismuninn á greiðslu í handbæru fé og gangvirði eiginfjárgerninganna sem að öðrum kosti væru gefnir út, eða mismuninn á gangvirði eiginfjárgerninga, sem gefnir eru út, og fjárhæðinni sem hefði að öðrum kosti verið greidd, eftir því hvort á við.

EIGNARHLUTATENGDAR GREIÐSLUR MILLI EININGA INNAN SAMSTÆÐU (BREYTINGAR 2009)

43A Fyrir eignarhlutatengdar greiðslur milli eininga innan samstæðu, í aðgreindum eða eigin reikningsskilum, skal einingin, sem tekur við vöru eða þjónustu, meta mótteknar vörur eða þjónustu annaðhvort sem eignarhlutatengda greiðslu í eigin fé eða sem eignarhlutatengda greiðslu í handbæru fé út frá mati á:

a) eðli veittra úthlutana og

b) eigin réttindi og skyldur.

Fjárhæðin, sem einingin, sem tekur við vörum eða þjónustu, færir, getur verið önnur en fjárhæðin, sem samstæðan eða önnur eining innan samstæðu, færir þegar eignarhlutatengdar greiðslur eru gerðar upp.

43B Einingin, sem tekur við vörum eða þjónustu, skal meta vörur eða þjónustu sem eignarhlutatengda greiðslu í eigin fé:

a) þegar veittar úthlutanir eru eiginfjárgerningar einingarinnar sjálfrar eða

b) þegar einingin er ekki skuldbundin til að gera upp eignarhlutatengda greiðslu.

Einingin skal síðar einungis endurmeta slíka eignarhlutatengda greiðslu sem gerð er upp með eiginfjárgerningum vegna breytinga á ávinnsluskilyrðum utan markaðar í samræmi við 19.–21. lið. Í öllum öðrum tilvikum skal einingin, sem tekur við vörum eða þjónustu, meta mótteknar vörur eða þjónustu eins og þær væru gerðar upp sem eignarhlutatengd greiðsla í handbæru fé.

43C Einingin, sem gerir upp eignarhlutatengda greiðslu, þegar önnur eining í samstæðunni er viðtakandi vöru eða þjónustu, skal einungis færa viðskiptin sem eignarhlutatengda greiðslu, sem gerð er upp með eiginfjárgerningum, ef hún er gerð upp með eiginfjárgerningum einingarinnar sjálfrar. Að öðrum kosti skulu viðskiptin færð sem eignarhlutatengd greiðsla í handbæru fé.

43D Tiltekin viðskipti innan samstæðu byggjast á endurgreiðslufyrirkomulagi sem útheimtir að ein eining innan samstæðu greiði annarri einingu innan samstæðunnar fyrir að inna af hendi eignarhlutatengdar greiðslur til birgja fyrir vöru eða þjónustu. Í þeim tilvikum skal einingin, sem er viðtakandi vöru eða þjónustu, færa eignarhlutatengda greiðslu í samræmi við ákvæði liðar 43B, án tillits til endurgreiðslufyrirkomulags innan samstæðunnar.

UPPLÝSINGAGJÖF

44 Eining skal birta upplýsingar sem gera notendum reikningsskilanna kleift að skilja eðli og umfang eignarhlutatengdra greiðslna á tímabilinu.

45 Til að koma meginreglunni í 44. lið í framkvæmd skal einingin birta a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á hverri tegund eignarhlutatengds greiðslufyrirkomulags sem var fyrir hendi einhvern tíma á tímabilinu, þ.m.t. almennir skilmálar og skilyrði hvers samkomulags, s.s. kröfur um ávinnslu, hámarkstími veitts valréttar og uppgjörsaðferð (t.d. í handbæru fé eða eigin fé). Einingu, þar sem tegundir fyrirkomulags eignarhlutatengdra greiðslna eru mjög einsleitar, er heimilt að taka saman þessar upplýsingar nema nauðsynlegt sé að birta upplýsingar fyrir hvert samkomulag fyrir sig til að uppfylla skilyrði meginreglunnar í 44. lið,

b) fjölda valrétta og vegið meðalinnlausnarverð hlutabréfavalrétta fyrir sérhvern eftirfarandi flokka valrétta sem:

i) eru útistandandi við upphaf tímabilsins,

ii) veittir eru á tímabilinu,

iii) er fyrirgert á tímabilinu,

iv) eru nýttir á tímabilinu,

v) falla úr gildi á tímabilinu,

vi) eru útistandandi við lok tímabilsins og

vii) eru nýtanlegir við lok tímabilsins,

c) að því er varðar valrétt að hlutabréfum sem er nýttur á tímabilinu, vegið meðalverð hlutabréfs á nýtingardegi. Ef valréttur var nýttur reglulega á tímabilinu er einingunni heimilt að birta vegið meðalgengi hlutabréfs á tímabilinu þess í stað,

d) að því er varðar hlutabréfavalrétt sem er útistandandi við lok tímabilsins, verðbil innlausnarverðs og veginn, eftirstandandi meðalgildistíma samnings. Ef verðbil innlausnarverðs er breitt skal skipta útistandandi valréttum niður á bil þannig að unnt sé að meta fjölda og tímasetningu viðbótarhlutabréfa sem hugsanlega eru gefin út og handbæra fé sem er móttekið við nýtingu valréttanna.

46 Eining skal birta þær upplýsingar sem gera notendum reikningsskila kleift að skilja hvernig gangvirði móttekinna vara eða þjónustu, eða gangvirði veittra eiginfjárgerninga, á tímabilinu var ákvarðað.

47 Ef einingin hefur metið gangvirði móttekinna vara eða þjónustu sem endurgjald fyrir eiginfjárgerninga einingarinnar óbeint, með tilvísun í gangvirði veittra eiginfjárgerninga, til að koma meginreglunni í 46. lið í framkvæmd, skal einingin a.m.k. birta eftirfarandi upplýsingar:

a) að því er varðar hlutabréfavalrétt sem veittur er á tímabilinu, vegið meðalgangvirði þessa valréttar á matsdegi og upplýsingar um hvernig gangvirðið var metið, þ.m.t.:

i) verðlagningarlíkan fyrir valrétt sem er notað og grunngögn líkansins, þ.m.t. vegið meðalverð hlutabréfa, innlausnarverð, væntur óstöðugleiki, gildistími valréttar, vænt arðgreiðsla, áhættulausir vextir og önnur grunngögn líkansins, þ.m.t. aðferðin sem er notuð og hvaða forsendur eru hafðar til grundvallar þess að áhrif væntrar snemmbúinnar nýtingar eru tekin með,

ii) hvernig væntur óstöðugleiki var ákvarðaður, þ.m.t. skýring á því að hve miklu leyti væntur óstöðugleiki byggðist á sögulegum óstöðugleika og

iii) hvort og hve margir aðrir þættir veitingar valréttarins voru teknir með við mat á gangvirði, s.s. markaðstengd skilyrði,

b) að því er varðar aðra eiginfjárgerninga sem eru veittir á tímabilinu (þ.e. aðra en hlutabréfavalrétt), fjöldi og vegið meðalgangvirði þessara eiginfjárgerninga á matsdegi og upplýsingar um hvernig gangvirðið var metið, þ.m.t.:

i) hvernig gangvirðið var ákvarðað ef það var ekki metið á grundvelli sannreynanlegs markaðsverðs,

ii) hvort og hvernig væntur arður var tekinn með við mat á gangvirði og

iii) hvort og hvernig aðrir þættir veittra eiginfjárgerninga voru teknir með við mat á gangvirði,

c) að því er varðar eignarhlutatengda greiðslumiðlun sem var breytt á tímabilinu:

i) skýring á þessum breytingum,

ii) veitt viðbótargangvirði (vegna breytinganna) og

iii) upplýsingar um hvernig veitt viðbótargangvirði var metið, í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í a- og b-lið hér að framan, eftir því sem við á.

48 Ef einingin hefur metið beint gangvirði móttekinna vara eða þjónustu á tímabilinu skal einingin greina frá því hvernig gangvirðið var ákvarðað, t.d. hvort gangvirðið var metið á grundvelli markaðsverðs varanna eða þjónustunnar.

49 Ef einingin hefur hafnað forsendunni í 13. lið skal hún greina frá því og gefa skýringu á því af hverju forsendunni var hafnað.

50 Eining skal birta þær upplýsingar sem gera notendum reikningsskila kleift að skilja áhrif eignarhlutatengdra greiðslumiðlana á rekstrarreikning einingarinnar á tímabilinu og á fjárhagsstöðu hennar.

51 Til að koma meginreglunni í 50. lið í framkvæmd skal einingin birta a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) heildarkostnað sem færður er fyrir tímabilið vegna eignarhlutatengdra greiðslumiðlana þar sem mótteknar vörur eða þjónusta uppfylltu ekki skilyrði um færslu sem eignir og voru þar af leiðandi færðar þegar í stað sem kostnaður, þ.m.t. aðgreindar upplýsingar um þann hluta heildarkostnaðar sem er tilkominn vegna viðskipta sem færð eru sem eignarhlutatengdar greiðslur sem gerðar eru upp með eiginfjárgerningum.

b) að því er varðar skuldir vegna eignarhlutatengdra greiðslumiðlana:

i) bókfært heildarverð við lok tímabilsins og

ii) innra heildarvirði skuldanna við lok tímabilsins sem réttur mótaðilans á handbæru fé eða öðrum eigum hafði áunnist fyrir við lok tímabilsins (t.d. áunninn eignarhlutatengdur réttur til virðisaukningar).

52 Ef upplýsingarnar sem krafist er að birtar séu í þessum staðli uppfylla ekki skilyrði meginreglnanna í 44., 46. og 50. lið skal einingin birta viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla skilyrðin. Ef eining hefur, svo dæmi sé tekið, flokkað eignarhlutatengdar greiðslur sem svo að þær hafi verið gerðar upp með eiginfjárgerningi í samræmi við lið 33F skal einingin greina frá mati á fjárhæðinni sem hún gerir ráð fyrir að yfirfæra til skattayfirvalda til að gera upp skattskuld starfsmannsins, þegar nauðsynlegt reynist að upplýsa notendur um áhrif af framtíðarsjóðstreymi sem tengjast eignarhlutatengda greiðslufyrirkomulaginu.

UMBREYTINGARÁKVÆÐI

53 Að því er varðar eignarhlutatengdar greiðslumiðlanir sem gerðar eru upp með eiginfjárgerningum skal einingin beita þessum IFRS-staðli við veitingu hlutabréfa, hlutabréfavalréttar eða annarra eiginfjárgerninga sem voru veittir eftir 7. nóvember 2002 og höfðu ekki enn áunnist á gildistökudegi þessa IFRS-staðals.

54 Einingin er hvött til en ekki er gerð krafa um að hún beiti þessum IFRS-staðli við aðra veitingu eiginfjárgerninga ef einingin hefur greint frá því opinberlega hvert sé gangvirði þessara eiginfjárgerninga, eins og það er ákvarðað á matsdegi.

55 Að því er varðar alla veitingu eiginfjárgerninga þar sem þessum IFRS-staðli er beitt skal einingin leiðrétta samanburðarupplýsingar og, eftir því sem við á, leiðrétta upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár á fyrsta tímabilinu sem sett er fram.

56 Að því er varðar veitingu eiginfjárgerninga þar sem þessum IFRS-staðli hefur ekki verið beitt (t.d. eiginfjárgerninga sem voru veittir fyrir 7. nóvember 2002), skal einingin þó birta upplýsingarnar sem krafist er skv. 44. og 45. lið.

57 Ef eining breytir skilmálum eða skilyrðum fyrir veitingu eiginfjárgerninga eftir að IFRS-staðallinn tekur gildi, og þessum IFRS-staðli hefur ekki verið beitt gagnvart þeim skal einingin þó nota 26.–29. lið til að færa slíkar breytingar.

58 Að því er varðar skuldir vegna eignarhlutatengdra greiðslumiðlana sem eru fyrir hendi á gildistökudegi þessa IFRS-staðals skal einingin beita IFRS-staðlinum afturvirkt. Að því er varðar þessar skuldir skal einingin leiðrétta samanburðarupplýsingar, þ.m.t. leiðrétta upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár á fyrsta tímabilinu sem sett er fram, þar sem samanburðarupplýsingar hafa verið leiðréttar. Þó er ekki gerð krafa um að einingin leiðrétti samanburðarupplýsingar þegar um er að ræða upplýsingar sem varða tímabil eða dag fyrir 7. nóvember 2002.

59 Eining er hvött til, en þess ekki krafist af henni, að hún beiti IFRS-staðlinum afturvirkt að því er varðar aðrar skuldir vegna eignarhlutatengdra greiðslumiðlana, t.d. skuldir sem voru gerðar upp á tímabili sem samanburðarupplýsingar um eru settar fram í reikningsskilum.

59A Eining skal beita breytingunum í liðum 30-31, 33-33H og B44A-B44C eins og fram kemur hér á eftir. Ekki skal endurtaka fyrri tímabil:

a) Breytingarnar í liðum B44A-B44C eiga aðeins við um breytingar sem eiga sér stað á eða eftir þann dag þegar eining beitir breytingunum í fyrsta sinn.

b) Breytingarnar í liðum 30-31 og 33-33D gilda um eignarhlutatengdar greiðslur sem eru óáunnar á þeim degi þegar eining beitir breytingunum í fyrsta sinn og um eignarhlutatengdar greiðslur með úthlutunardegi á eða eftir þeim degi þegar eining beitir breytingunum í fyrsta sinn. Að því er varðar óáunnar eignarhlutatengdar greiðslur, sem veittar eru fyrir þann dag þegar eining beitir breytingunum í fyrsta sinn, skal eining endurmeta skuldina á þeim degi og færa áhrif endurmatsins sem upphaflegt óráðstafað eigið fé (eða annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á) á því reikningsskilatímabili þegar breytingunum er fyrst beitt.

c) Breytingarnar í liðum 33E-33H og breytingin á 52. lið gilda um óáunnar (eða áunnar en ónýttar) eignarhlutatengdar greiðslur á þeim degi þegar eining beitir breytingunum í fyrsta sinn og um eignarhlutatengdar greiðslur með úthlutunardegi á eða eftir þeim degi þegar eining beitir breytingunum í fyrsta sinn. Að því er varðar óáunnar (eða áunnar en ónýttar) eignarhlutatengdar greiðslur (eða þætti þeirra), sem voru áður flokkaðar sem eignarhlutatengdar greiðslur sem gerðar eru upp með handbæru fé en eru nú flokkaðar sem gerðar upp með eiginfjárgerningi í samræmi við breytingarnar, skal eining endurflokka bókfært virði eignarhlutatengdu greiðsluskuldarinnar í eigið fé daginn sem hún beitir breytingunum í fyrsta sinn.

59B Þrátt fyrir kröfurnar í lið 59A er einingu heimilt að beita breytingunum í lið 63D afturvirkt, með fyrirvara um umbreytingarákvæði 53.–59. liðar þessa staðals, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, þá og því aðeins að slíkt sé hægt án eftiráskýringa. Ef eining velur afturvirka beitingu verður hún að láta það gilda fyrir allar breytingar sem verða á grundvelli *flokkunar og mats á eignarhlutatengdum greiðslum* (breytingar á IFRS-staðli 2).

GILDISTÖKUDAGUR

60 Eining skal beita þessum IFRS-staðli fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Hvatt er til þess að staðallinn sé tekinn upp fyrr. Ef eining beitir IFRS-staðlinum að því er varðar tímabil sem hefst fyrir 1. janúar 2005 skal hún greina frá því.

61 Með IFRS-staðli 3 (endurskoðaður 2008) og *Endurbótum á IFRS-stöðlum*, sem voru gefnar út í apríl 2009, breyttist 5. liður. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir IFRS-staðli 3 (endurskoðaður 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar einnig gildi fyrir það fyrra tímabil.

62 Eining skal beita eftirfarandi breytingum afturvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar,

a) kröfunum í lið 21A að því er varðar meðferð á skilyrðum sem ekki teljast ávinnsluskilyrði,

b) endurskoðuðum skilgreiningum á „ávinna“ og „ávinnsluskilyrði“ í viðbæti A,

c) breytingunum í liðum 28 og 28A að því er varðar ógildingu.

Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunum á tímabil sem hefst fyrir 1. janúar 2009 skal hún greina frá því.

63 Eining skal beita eftirfarandi breytingum, sem gerðar voru með *eignarhlutatengdri greiðslu sem gerð er upp með handbæru fé innan samstæðu*, útgefið í júní 2009, afturvirkt, með fyrirvara um umbreytingarákvæði 53.–59. liðar, í samræmi við IAS-staðal 8 fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2010 eða síðar:

a) breytingum á ákvæðum 2. liðar, brottfalli 3. liðar og liðum 3A, 43A–43D og liðum B45, B47, B50, B54, B56–B58 og B60 í viðbæti B sem bætast við að því er varðar færslu viðskipta milli eininga innan samstæðu.

b) endurskoðuðum skilgreiningum eftirfarandi hugtaka í viðbæti A:

— eignarhlutatengd greiðsla sem gerð er upp í handbæru fé,

— eignarhlutatengd greiðsla sem gerð er upp með eiginfjárgerningum,

— eignarhlutatengt greiðslufyrirkomulag og

— eignarhlutatengd greiðsla.

Ef nauðsynlegar upplýsingar fyrir afturvirkra beitingu eru ekki fyrir hendi skal eining í aðgreindum eða eigin reikningsskilum endurspegla þær fjárhæðir sem áður voru færðar í samstæðureikningsskilum samstæðunnar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunum á tímabil sem hefst fyrir 1. janúar 2010 skal hún greina frá því.

63A IFRS-staðall 10, *samstæðureikningsskil* og IFRS-staðall 11, gefnir út í maí 2011, breyttu ákvæðum 5. liðar og viðauka A. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

63B Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012*, sem voru gefnar út í desember 2013, var 15. og 19. lið breytt. Í viðbæti A var skilgreiningum á „ávinnsluskilyrðum“ og „markaðsskilyrðum“ breytt og skilgreiningum á „frammistöðuskilyrðum“ og „*þjónustuskilyrðum*“ bætt við. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt gagnvart eignarhlutatengdum greiðslum sem eru með samningsdag 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

63C IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti 6. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

63D *Flokkun og mat á eignarhlutatengdum greiðslum* (breytingar á IFRS-staðli 2), útgefið í júní 2016, breytti liðum 19, 30-31, 33, 52 og 63 og bætti við liðum 33A-33H, 59A-59B, 63D og B44A-B44C, ásamt tengdum fyrirsögnum þeirra. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil.

63E Með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans* í IFRS-stöðlum, sem gefnar voru út 2018, var neðanmálsgrein við skilgreininguna á eiginfjárgerningi í viðbæti A breytt. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil ef eining beitir einnig á sama tíma öllum öðrum breytingum sem gerðar voru með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*. Eining skal beita breytingunni á IFRS-staðli 2 afturvirkt, með fyrirvara um umbreytingarákvæði 53.–59. liðar í þessum staðli, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Ef eining ákvarðar að afturvirk beiting væri ógerleg eða hefði í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn skal hún þó beita breytingunni á IFRS-staðli 2 með vísun til 23.–28. liðar, 50.–53. liðar og liðar 54F í IAS-staðli 8.

AFTURKÖLLUN TÚLKANA

64 *Eignarhlutatengdar greiðslur sem gerðar eru upp í handbæru fé innan samstæðu*, sem var gefið út í júní 2009, kemur í stað IFRIC-túlkunar 8, *gildissvið IFRS-staðals 2*, og IFRIC-túlkunar 11, *IFRS-staðall 2 — viðskipti með hluti innan samstæðu og eigin hluti*. Breytingarnar, sem gerðar voru í því skjali, fólu í sér fyrri kröfur, sem voru settar fram í IFRIC-túlkun 8 og IFRIC-túlkun 11, sem hér segir:

a) ákvæðum 2. liðar var breytt og lið 13A var bætt við að því er varðar færslu viðskipta þar sem einingin getur ekki tilgreint sérstaklega nokkrar eða allar mótteknar vörur eða þjónustu. Þessar kröfur giltu um árleg tímabil sem hófust 1. maí 2006 eða síðar.

b) liðum B46, B48, B49, B51-B53, B55, B59 og B61 í viðbæti B var bætt við að því er varðar færslu viðskipta milli eininga innan samstæðu. Þessar kröfur giltu um árleg tímabil sem hófust 1. mars 2007 eða síðar.

Þessum kröfum var beitt afturvirkt í samræmi við kröfurnar í IAS-staðli 8, með fyrirvara um bráðabirgðaákvæðin í IFRS-staðli 2.

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

Eignarhlutatengd greiðsla sem gerð er upp í handbæru fé	**Eignarhlutatengd greiðsla** þar sem einingin fær vörur eða þjónustu með því að stofna til skuldar til að millifæra handbært fé eða aðrar eignir til birgis þessara vara eða þjónustu að fjárhæð sem grundvallast á verði (eða virði) **eiginfjárgerninga** (þ.m.t. hlutabréf eða **hlutabréfavalréttir**) einingarinnar eða annarra eininga innan samstæðu.
Starfsmenn og aðrir sem veita sambærilega þjónustu	Einstaklingar sem inna af hendi persónulega þjónustu fyrir eininguna og sem annaðhvort a) teljast til starfsmanna í laga- eða skattalegu tilliti eða b) starfa fyrir eininguna undir hennar stjórn á sama hátt og einstaklingar sem teljast til starfsmanna í laga- eða skattalegu tilliti eða c) inna af hendi sambærilega þjónustu og starfsmenn. Hugtakið tekur t.d. til allra stjórnenda, þ.e. þeirra einstaklinga sem hafa vald til og bera ábyrgð á að skipuleggja, stýra, og stjórna starfsemi einingarinnar, þ.m.t. stjórnarmenn sem eru ekki framkvæmdastjórar.
Eiginfjárgerningur	Samningur sem færir sönnur á eftirstæða hlutdeild í eignum einingar að frádregnum öllum skuldum þess ([37]).
Veittur eiginfjárgerningur	Réttur (skilyrtur eða óskilyrtur) til **eiginfjárgernings** einingarinnar sem einingin eða annar aðili veitir samkvæmt **eignarhlutatengdu greiðslufyrirkomulagi**.
Eignarhlutatengd greiðsla sem gerð er upp með eiginfjárgerningi	**Eignarhlutatengdar greiðslur** þar sem einingin a) tekur við vörum eða þjónustu sem greiðslu fyrir **eiginfjárgerning** (þ.m.t. hlutabréf eða **hlutabréfavalréttir**) eða b) tekur við vörum eða þjónustu en er ekki skuldbundin að gera viðskiptin upp við birginn.
Gangvirði	Fjárhæðin sem fengist fyrir eign, gera mætti upp skuld með eða fengist fyrir **veittan eiginfjárgerning** í viðskiptum ótengdra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskiptanna.
Samningsdagur	Sá dagur sem einingin og annar aðili (þ.m.t. starfsmaður) semja um **eignarhlutatengt greiðslufyrirkomulag**, þ.e. þegar einingin og mótaðilinn komast að sameiginlegum skilningi varðandi skilmála og skilyrði samkomulagsins. Á samningsdegi veitir einingin mótaðilanum rétt á handbæru fé, öðrum eignum eða **eiginfjárgerningum** einingarinnar, að því tilskildu að ákveðin **ávinnsluskilyrði** séu uppfyllt, ef þau eru fyrir hendi. Ef samkomulagið er háð samþykkisferli (t.d. af hálfu hluthafa) er samningsdagur sá dagur sem samþykki fæst.

([37]) Í *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* sem gefinn var út 2018 er skuld skilgreind sem núverandi skuldbinding einingar um að millifæra fjármagn vegna liðinna atburða

Innra virði

Mismunurinn á **gangvirði** hlutabréfanna sem mótaðilinn hefur rétt (skilyrtan eða óskilyrtan) til að skrá sig fyrir eða hefur rétt til að fá, og verðið (ef það er fyrir hendi) sem mótaðilinn þarf (eða mun þurfa) að greiða fyrir hlutabréfin. **Hlutabréfavalréttur** þar sem innlausnarverðið er t.d. 15 GE ([38]) að hlutabréfum að gangvirði 20 GE, er að innra virði 5 GE.

Markaðsskilyrði

Frammistöðuskilyrði sem nýtingarverð, ávinnsla eða nýtingargeta **eiginfjárgernings** er háð og tengist markaðsverði (eða virði) **eiginfjárgerninga** einingar (eða eiginfjárgerninga annarrar einingar í sömu samstæðu), s.s.:

a) að ná tilgreindu gengi hlutabréfa eða tilgreindri fjárhæð **innra virðis hlutabréfavalréttar** eða

b) að ná tilgreindu marki, sem er byggt á markaðsverði (eða virði) **eiginfjárgerning** einingarinnar (eða eiginfjárgerninga annarrar einingar í sömu samstæðu) sem tengist vísitölu markaðsverðs **eiginfjárgerninga** annarra eininga.

Markaðsskilyrði gerir kröfu um að mótaðili ljúki tilgreindu þjónustutímabili (þ.e. **þjónustuskilyrði**), þjónustukrafan getur verið ótvíræð eða undirskilin.

Matsdagur

Sá dagur sem **gangvirði** veittra eiginfjárgerninga er metið í tengslum við þennan IFRS-staðal. Að því er varðar viðskipti við **starfsmenn og aðra sem veita sambærilega þjónustu** er matsdagurinn **samningsdagur**. Að því er varðar viðskipti við aðra en starfsmenn (og þá sem veita sambærilega þjónustu) er matsdagurinn sá dagur sem einingin fær vörurnar eða mótaðilinn innir þjónustuna af hendi.

Frammistöðuskilyrði

Ávinnsluskilyrði sem gerir kröfu um:

a) að mótaðilinn ljúki tilgreindu þjónustutímabili (þ.e. **þjónustu-skilyrði**), þjónustukrafan getur verið ótvíræð eða undirskilin og

b) að uppfylla skuli tilgreint/tilgreind frammistöðumarkmið meðan að mótaðilinn veitir þjónustuna sem gerð er krafa um í a-lið.

Tímabilið til að ná frammistöðumarkmiðinu/-unum:

a) skal ekki vera lengra en sem nemur lokum þjónustutímabilsins og

b) getur hafist áður en þjónustutímabilið hefst með því skilyrði að upphafsdagsetning frammistöðumarkmiðsins sé ekki umtalsvert fyrr en upphaf þjónustutímabilsins.

([38]) Í þessum viðbæti eru fjárhæðir tilgreindar í „gjaldmiðilseiningum“ (GE).

Frammistöðumarkmið er skilgreint með vísun í:

a) eigin rekstur (eða starfsemi) einingarinnar eða rekstur eða starfsemi annarrar einingar í sömu samstæðu (þ.e. ómarkaðstengt skilyrði) eða

b) verð (eða virði) **eiginfjárgerninga** einingarinnar eða eiginfjárgerninga annarrar einingar í sömu samstæðu (þ.m.t. hlutabréf og **hlutabréfavalréttir**) (þ.e. **markaðsskilyrði**).

Frammistöðumarkmið getur tengst annaðhvort frammistöðu einingarinnar sem heildar eða einhverjum hluta einingarinnar (eða hluta samstæðunnar) s.s. deild eða einstökum starfsmanni.

Endurnýjunarþáttur

Þáttur sem gefur kost á sjálfkrafa veitingu **viðbótarhlutabréfavalréttar** ef rétthafinn nýtir valrétti, sem áður hafa verið veittir, með því að nota hlutabréf einingarinnar, fremur en handbært fé, til að greiða innlausnarverðið.

Endurnýjunarvalréttur

Nýr **hlutabréfavalréttur** sem er veittur ef hlutabréf er notað til að greiða innlausnarverðið fyrir fyrri hlutabréfavalrétt.

Þjónustuskilyrði

Ávinnsluskilyrði sem gerir kröfu um að mótaðilinn ljúki tilgreindu þjónustutímabili en meðan á því stendur er þjónusta veitt einingunni. Ef mótaðilinn hætti að veita þjónustu meðan á **ávinnslutímabilinu** stendur, hver sem ástæða þess er, mistekst honum að uppfylla skilyrðið. Þjónustuskilyrði útheimtir ekki að frammistöðumarkmiði sé náð.

Eignarhlutatengt greiðslufyrirkomulag

Samningur milli einingarinnar (eða annarrar einingar innan samstæðu ([39]) eða hluthafa hvaða einingar samstæðu sem er) og annars aðila (þ.m.t. starfsmaður) sem veitir öðrum aðila rétt til að taka við

a) handbæru fé eða öðrum eignum einingar fyrir fjárhæðir sem grundvallast á verði (eða virði) **eiginfjárgerninga** (þ.m.t. hlutabréf eða **hlutabréfavalréttir**) einingar eða annarrar einingar innan samstæðu, eða

b) **eiginfjárgerningum** (þ.m.t. hlutabréf eða **hlutabréfavalréttir**) einingar eða annarrar einingar innan samstæðu,

að því tilskildu að ákveðin **ávinnsluskilyrði** séu uppfyllt, ef þau eru fyrir hendi.

Eignarhlutatengdar greiðslur

Viðskipti þar sem einingin

a) tekur við vörum eða þjónustu frá birgi með þá vöru eða þjónustu (þ.m.t. starfsmaður) samkvæmt **eignarhlutatengdu greiðslufyrirkomulagi** eða

b) stofnar til skuldbindingar til að gera upp viðskipti við birgi í **eignarhlutatengdu greiðslufyrirkomulagi** þegar önnur eining innan samstæðu er viðtakandi vöru eða þjónustu.

([39]) „Samstæða“ er skilgreind í viðauka A við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil* sem „móðurfélag og öll dótturfélög þess“ með hliðsjón af endanlegu móðurfélagi einingarinnar sem reikningsskilin taka til.

Hlutabréfavalréttur	Samningur sem veitir handhafa rétt, en skyldar hann ekki, til að skrifa sig fyrir hlutabréfum einingarinnar á föstu eða ákvarðanlegu verði í tilgreindan tíma.
Ávinnsla	Að verða að rétti. Samkvæmt e**ignarhlutatengdu greiðslufyrirkomulagi** verður ávinnsla réttar mótaðila til að fá handbært fé, aðrar eignir eða **eiginfjárgerninga** einingar þegar réttur mótaðilans er ekki lengur háður því að ákveðin **ávinnsluskilyrði** séu uppfyllt.
Ávinnsluskilyrði	Skilyrði sem ákvarðar hvort einingin tekur við þjónustu, sem veitir mótaðila rétt til að fá handbært fé, aðrar eignir eða **eiginfjárgerninga** einingarinnar samkvæmt **eignarhlutatengdu greiðslufyrirkomulagi**. Ávinnsluskilyrði er annaðhvort **þjónustuskilyrði** eða **frammistöðuskilyrði**.
Ávinnslutímabil	Tímabil þegar uppfylla skal öll tilgreind **ávinnsluskilyrði eignarhlutatengdrar greiðslumiðlunar**.

Viðbætir B

Leiðbeiningar um beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

Áætlun gangvirðis veittra eiginfjárgerninga

B1 Í liðum B2-B41 í þessum viðbæti er fjallað um mat á gangvirði hlutabréfa og veittra hlutabréfavalrétta þar sem áhersla er lögð á tiltekna skilmála og skilyrði sem eru sameiginlegir þættir við veitingu hlutabréfa eða hlutabréfavalrétta til starfsmanna. Umfjöllunin er því ekki tæmandi. Vegna þess að lögð er áhersla í eftirfarandi umfjöllun um virðismat á hlutabréf og hlutabréfavalrétt, sem veittur er starfsmönnum, er enn fremur gert ráð fyrir því að gangvirði hlutabréfanna eða hlutabréfavalréttar sé metið á samningsdegi. Hins vegar eiga margir þættir í eftirfarandi umfjöllun um virðismat (t.d. ákvörðun vænts óstöðugleika) einnig við í tengslum við mat á gangvirði hlutabréfa eða hlutabréfavalréttar sem veittur er öðrum aðilum en starfsmönnum þegar einingin fær vörurnar eða mótaðilinn veitir þjónustuna.

Hlutir

B2 Gangvirði hlutabréfa sem eru veitt til starfsmanna skal metið á markaðsverði hlutabréfa einingarinnar (eða áætluðu markaðsverði ef viðskipti með hlutabréf einingarinnar eru ekki opinber) og leiðrétt þannig að það taki mið af skilmálum og skilyrðum fyrir veitingu hlutabréfanna (að undanskildum ávinnsluskilyrðum sem eru ekki tekin með við mat á gangvirði í samræmi við 19.–21. lið).

B3 Ef starfsmaðurinn hefur t.d. ekki rétt á að fá arð á ávinnslutímabilinu skal taka mið af þessum þætti við mat á gangvirði veittra hlutabréfa. Á sama hátt skal taka mið af þessum þætti ef hlutabréfin eru háð takmörkunum um yfirfærslu eftir ávinnsludag en einungis að svo miklu leyti sem takmarkanir eftir ávinnslu hafa áhrif á verðið sem upplýstir og fúsir markaðsaðilar myndu greiða fyrir hlutabréfið. Ef viðskipti með hlutabréfin eru t.d. stunduð á virkum og kvikum markaði hafa takmarkanir á yfirfærslu eftir ávinnslu lítil eða engin áhrif á verðið sem upplýstir og fúsir markaðsaðilar myndu greiða fyrir hlutabréfin. Ekki skal taka tillit til takmarkana á yfirfærslu eða annarra takmarkana sem eru fyrir hendi á ávinnslutímabilinu þegar gangvirði veittra hlutabréfa er áætlað á samningsdegi vegna þess að þessar takmarkanir má rekja til ávinnsluskilyrðanna sem eru færð í samræmi við 19.–21. lið.

Hlutabréfavalréttir

B4 Að því er varðar hlutabréfavalrétti, sem veittir eru starfsmönnum, liggur markaðsverð í mörgum tilvikum ekki fyrir vegna þess að veittur valréttur er háður skilmálum og skilyrðum sem eiga ekki við um valrétti sem viðskipti eru stunduð með. Ef ekki er fyrir hendi valréttur, sem viðskipti eru stunduð með, sem er háður sambærilegum skilmálum og skilyrðum skal áætla gangvirði veitts valréttar með því að nota verðlagningarlíkan fyrir valrétt.

B5 Einingin skal taka mið af þeim atriðum sem upplýstir og fúsir markaðsaðilar tækju mið af við val á því hvaða verðlagningarlíkan fyrir valrétt skuli nota. Fjöldi valrétta starfsmanna hafa t.d. langan gildistíma, yfirleitt er hægt að nýta valréttinn á tímabilinu frá ávinnsludegi þar til hann rennur út og er nýting hans oft snemmbúin. Taka skal tillit til þessara þátta við mat á gangvirði valréttar á samningsdegi. Að því er varðar margar einingar getur þetta komið í veg fyrir að þær geti notað Black-Scholes-Merton-formúluna þar sem hún gerir ekki ráð fyrir möguleikanum á nýtingu áður en valrétturinn rennur út og endurspeglar e.t.v. ekki áhrif væntrar, snemmbúinnar nýtingar. Formúlan tekur heldur ekki mið af þeim möguleika að væntur óstöðugleiki og önnur grunngögn líkansins geti breyst á gildistíma valréttarins. Hins vegar gilda fyrrgreindir þættir e.t.v. ekki að því er varðar hlutabréfavalrétt sem hefur stuttan gildistíma eða sem verður að nýta innan skamms tíma frá ávinnsludegi. Í slíkum tilvikum gæti Black-Scholes-Merton-formúlan gefið virði sem er nánast hið sama og það virði sem fengist með því að nota sveigjanlegra verðlagningarlíkan fyrir valrétt.

B6 Öll verðlagningarlíkön taka a.m.k. mið af eftirfarandi atriðum:

a) innlausnarverði valréttarins,

b) gildistíma valréttarins,

c) gangverði undirliggjandi hlutabréfa,

d) væntum óstöðugleika hlutabréfaverðs,

e) væntum arði af hlutabréfunum (ef við á) og

f) áhættulausum vöxtum á gildistíma valréttarins.

B7 Einnig skal taka tillit til annarra atriða sem upplýstir og fúsir markaðsaðilar tækju mið af við ákvörðun verðs (að undanskildum ávinnsluskilyrðum og endurnýjunarþáttum sem eru ekki teknir með í mati á gangvirði í samræmi við 19.–22. lið).

B8 Hlutabréfavalrétt, sem hefur verið veittur starfsmanni, er t.d. að jafnaði ekki hægt að nýta á tímabilum sem tilgreind eru (t.d. á ávinnslutímabilinu eða tímabilum sem verðbréfaeftirlitsstofnanir tilgreina). Taka skal tillit til þessa ef verðlagningarlíkan fyrir valrétt, sem er notað, miðaðist annars við að unnt væri að nýta valréttinn hvenær sem er á gildistíma hans. Ef eining notar á hinn bóginn verðlagningarlíkan fyrir valrétt þar sem valréttur er verðlagður, sem einungis er unnt að nýta við lok gildistíma hans, er engin þörf á leiðréttingu vegna þess að ekki er unnt að nýta valréttinn á ávinnslutímabilinu (eða á öðrum tímabilum á gildistíma valréttarins), vegna þess að líkanið gengur út frá því að ekki sé unnt að nýta valréttinn á fyrrgreindum tímabilum.

B9 Á sama hátt er annar almennur þáttur að því er varðar hlutabréfavalrétt starfsmanna sá möguleiki að nýta valréttinn fyrr en ráðgert var, t.d. vegna þess að valrétturinn er ekki yfirfæranlegur án takmarkana eða vegna þess að starfsmaðurinn verður að nýta alla áunna valrétti við starfslok. Taka skal tillit til áhrifa vegna væntrar, snemmbúinnar nýtingar, eins og fjallað er um í liðum B16–B21.

B10 Við mat á gangvirði veitts valréttar að hlutabréfum (eða öðrum eiginfjárgerningum) skal ekki taka mið af þáttum sem upplýstir og fúsir markaðsaðilar tækju ekki mið af við ákvörðun verðs á valrétti að hlutabréfum (eða öðrum eiginfjárgerningum). Að því er varðar hlutabréfavalrétt, sem veittur er til starfsmanna, skipta t.d. þættir, sem hafa eingöngu áhrif á virði valréttarins fyrir einstaka starfsmenn, ekki máli við mat á verðinu sem upplýstir og fúsir markaðsaðilar myndu ákvarða.

Grunngögn verðlagningarlíkana fyrir valrétt

B11 Þegar væntur óstöðugleiki og arður af undirliggjandi hlutabréfum er áætlaður er markmiðið að nálgast væntingarnar sem myndu endurspeglast á gildandi markaði eða umsömdu skiptiverði valréttar. Á sama hátt, þegar áhrif af snemmbúinni nýtingu hlutabréfavalréttar starfsmanna eru metin, er markmiðið að áætla hér um bil væntingarnar sem utanaðkomandi aðili, sem hefur aðgang að ítarlegum upplýsingum um nýtingarmynstur starfsmanna, myndi þróa á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga á samningsdegi.

B12 Oft liggja raunhæfar væntingar um óstöðugleika, arð og nýtingarmynstur í framtíðinni á tilteknu bili. Ef svo er skal reikna vænt virði með því að vega hverja fjárhæð á tilteknu bili út frá tengdum líkum.

B13 Væntingar um framtíðina byggjast yfirleitt á reynslu og breytast ef réttmætt er að ætla að framtíðin verði ólík fyrri aðstæðum. Í sumum tilvikum geta ákvarðanlegir þættir gefið til kynna að fyrri reynsla, sem ekki er leiðrétt, hafi tiltölulega lítið spágildi að því er varðar reynslu í framtíðinni. Ef eining, með tvö skýrt aðgreind viðskiptasvið, selur t.d. það sem var verulega áhættuminna er sögulegur óstöðugleiki e.t.v. ekki bestu upplýsingarnar til að leggja til grundvallar raunhæfum væntingum um framtíðina.

B14 Í öðrum tilvikum liggja eldri upplýsingar e.t.v. ekki fyrir. Nýskráð eining hefur t.d. fá, ef nokkur, eldri gögn um flökt á hlutabréfaverði sínu. Fjallað er frekar um óskráðar og nýskráðar einingar hér á eftir.

B15 Í stuttu máli skal eining ekki byggja mat á flökti, nýtingarmynstri og arði á eldri upplýsingum án þess að hún taki einnig mið af því að hvaða marki má vænta að fyrri reynsla geti með raunhæfum hætti sagt fyrir um reynslu í framtíðinni.

Vænt, snemmbúin nýting

B16 Starfsmenn flýta oft nýtingu hlutabréfavalréttar af ýmsum ástæðum. Hlutabréfavalréttur er t.d. yfirleitt ekki framseljanlegur. Af þeim sökum flýta starfsmenn nýtingu hlutabréfavalréttar vegna þess að það er eina leiðin fyrir starfsmennina til að ljúka stöðu. Þess er einnig yfirleitt krafist að starfsmenn, sem hætta störfum, nýti áunninn valrétt innan skamms tíma, annars afsala þeir hlutabréfavalrétti sínum. Þetta veldur einnig því að starfsmenn flýta nýtingu hlutabréfavalréttar. Aðrir þættir sem valda snemmbúinni nýtingu eru áhættufælni og ónóg dreifing fjármagns.

B17 Aðferðin sem er notuð, þar sem tekið er mið af áhrifum væntrar, snemmbúinnar nýtingar, er háð því hvers konar verðlagningarlíkan fyrir valrétt er notað. Til dæmis væri unnt að taka mið af væntri, snemmbúinni nýtingu með því nota mat á væntum gildistíma valréttarins (sem, að því er varðar hlutabréfavalrétt starfsmanna, er tímabilið frá samningsdegi til þess dags sem vænta má að valrétturinn verði nýttur) sem ílagsgögn fyrir verðlagningarlíkan fyrir valrétt (t.d. Black-Scholes-Merton-formúlan). Einnig væri hægt að reikna væntа, snemmbúna nýtingu í tvíliða verðlagningarlíkani eða sambærilegu líkani þar sem gildistími samnings er notaður sem ílagsgögn.

B18 Atriði sem þarf að m.a. hafa í huga við mat á snemmbúinni nýtingu:

a) lengd ávinnslutímabilsins vegna þess að yfirleitt er ekki hægt að nýta hlutabréfavalrétt fyrr en við lok ávinnslutímabils. Þar af leiðandi byggist mat á virðismatsáhrifum væntrar, snemmbúinnar nýtingar á þeirri forsendu að valrétturinn ávinnist. Fjallað er um áhrif ávinnsluskilyrða í 19.–21. lið,

b) meðaltíminn sem sambærilegir valréttir hafa áður verið útistandandi,

c) verð undirliggjandi hlutabréfa. Fyrri reynsla getur gefið til kynna að starfsmenn hafi tilhneigingu til að nýta valréttinn þegar hlutabréfaverð nær ákveðnu stigi yfir innlausnarverði,

d) staða starfsmanns innan fyrirtækis. Fyrri reynsla getur t.d. bent til þess að þeir starfsmenn sem gegna hærri stöðu nýti valréttinn yfirleitt síðar en þeir sem gegna lægri stöðu (sjá frekari umfjöllun í lið B21),

e) væntur óstöðugleiki undirliggjandi hlutabréfa. Starfsmenn gætu að jafnaði haft tilhneigingu til að nýta valrétt á mjög óstöðugum hlutabréfum fyrr en valrétt á hlutabréfum sem eru fremur stöðug.

B19 Eins og fram kemur í lið B17 er hægt að taka mið af snemmbúinni nýtingu með því að nota mat á væntum gildistíma valréttarins sem ílagsgögn fyrir verðlagningarlíkan fyrir valrétt. Við mat á væntum gildistíma hlutabréfavalrétta, sem veittir eru til hóps starfsmanna, getur einingin byggt matið á viðeigandi vegnum væntum meðalgildistíma fyrir allan starfsmannahópinn eða viðeigandi vegnum meðalgildistíma fyrir undirhópa starfsmanna innan hópsins á grundvelli ítarlegri upplýsinga um nýtingarmynstur starfsmanna (sjá umfjöllun hér á eftir).

B20 Gera má ráð fyrir því að mikilvægt sé að skipta veitingu valréttar niður með tilliti til starfsmannahópa með fremur einsleitt nýtingarmynstur. Virði valréttar er ekki línulegt fall af gildistíma valréttar; það eykst hægar eftir því sem líður á gildistíma valréttarins. Valréttur til tveggja ára er t.d. meira virði en valréttur til eins árs en ekki tvöfalt meira virði þótt allar aðrar forsendur séu jafngildar. Þar af leiðandi myndu útreikningar á áætluðu virði valréttar á grundvelli eins vegins meðalgildistíma sem nær yfir tiltekna gildistíma sem hver um sig er mjög breytilegur ofmeta heildargangvirði veittra hlutabréfavalrétta. Að greina veitta valrétti niður í nokkra flokka, þar sem hver flokkur tekur til fremur þröngs bils gildistíma innan vegins meðalgildistíma, dregur úr slíku ofmati.

B21 Sömu forsendur gilda þegar notuð eru tvíliða eða sambærileg líkön. Fyrri reynsla einingar, sem veitir starfsmönnum í öllum stöðum valrétti, getur bent til að æðstu yfirmenn hafi tilhneigingu til að eiga valrétti sína lengur en millistjórnendur og að starfsmenn í lægri stöðum hafi tilhneigingu til að nýta valrétti sína fyrr en nokkur annar hópur. Enn fremur gætu starfsmenn, sem eru hvattir til eða þess krafist að þeir eigi lágmarksfjárhæð af eiginfjárgerningum vinnuveitenda síns, þ.m.t. valréttir, að jafnaði nýtt valrétti síðar en starfsmenn sem þurfa ekki að lúta slíkum kröfum. Við slíkar aðstæður eykur sundurgreining valrétta eftir hópi viðtakenda með tiltölulega einsleitt nýtingarmynstur nákvæmni mats á heildargangvirði veittra hlutabréfavalrétta.

Væntur óstöðugleiki

B22 Væntur óstöðugleiki er mat á því hversu mikið verð muni væntanlega sveiflast á einu tímabili. Mat á óstöðugleika, sem notað er í verðlagningarlíkönum fyrir valrétt, er staðalfrávik, á ársgrundvelli, á samfelldum vaxtareikningi á ávöxtun hlutabréfs á tilteknu tímabili. Óstöðugleiki er yfirleitt gefinn upp á ársgrundvelli sem er samanburðarhæfur óháð tímabilinu sem notað er við útreikning, t.d. daglegar, vikulegar eða mánaðarlegar verðmælingar.

B23 Ávöxtun (sem getur verið jákvæð eða neikvæð) hlutabréfs á tilteknu tímabili sýnir hversu mikið hluthafi hefur hagnast vegna arðs og virðisaukningar (eða lækkunar) af hlutabréfaverðinu.

B24 Væntur árlegur óstöðugleiki hlutabréfs er bilið sem vænta má að samfelldur vaxtareikningur á ávöxtun á ársgrundvelli verði á um tveimur þriðjungum tímans. Þar af leiðandi ef hlutabréf, sem hefur vænta samfellt vaxtareiknaða ávöxtun upp á 12%, hefur 30% óstöðugleika eru t.d. um 66% líkur á að hagnaðurinn af hlutabréfinu í eitt ár verði á bilinu – 18% (12% – 30%) og 42% (12% + 30%). Ef hlutabréfaverðið er 100 GE við upphaf árs og enginn arður greiddur má vænta þess að hlutabréfaverð við lok árs verði á bilinu 83,53 GE (100 GE × $e^{-0,18}$) og 152,20 GE (100 GE × $e^{0,42}$) um tveimur þriðjungum tímans.

B25 Þættir sem þarf m.a. að hafa í huga við mat á væntum óstöðugleika:

a) óbeinn óstöðugleiki vegna hugsanlegra viðskipta með valrétt á hlutabréfum einingarinnar, eða aðra gerninga einingarinnar sem taka til eiginleika valréttar (s.s. breytanlegra skulda),

b) fyrri óstöðugleiki hlutabréfaverðsins á síðasta tímabili sem samsvarar yfirleitt væntum gildistíma valréttarins (að teknu tilliti til þess sem eftir er af samningsbundnum gildistíma valréttarins og áhrifa af væntri snemmbúinni nýtingu),

c) hversu lengi viðskipti hafa farið fram í kauphöll með hlutabréf einingar. Nýskráð eining gæti sýnt mikinn fyrri óstöðugleika í samanburði við sambærilegar einingar sem hafa verið skráðar lengur. Finna má frekari leiðbeiningar fyrir nýskráðar einingar hér á eftir,

d) tilhneiging óstöðugleika til að hverfa aftur að meðalgildi sínu, þ.e. langtíma meðalgildinu, og aðrir þættir sem gefa til kynna að væntur óstöðugleiki gæti verið frábrugðinn fyrri óstöðugleika. Ef hlutabréfaverð einingar var t.d. óvenjulega óstöðugt á tilteknu tímabili vegna misheppnaðs yfirtökutilboðs, eða meiriháttar endurskipulagningar, má líta framhjá því tímabili við útreikning á árlegu meðalgildi fyrri óstöðugleika,

e) verðmælingar með viðeigandi og reglulegu millibili. Verðmælingar skulu vera samræmdar milli tímabila. Eining gæti t.d. notað lokaverð fyrir hverja viku fyrir sig eða hæsta verð fyrir vikuna en hún skal ekki nota lokaverð fyrir sumar vikur og hæsta verðið fyrir aðrar. Að auki skal gefa verðmælingarnar upp í sama gjaldmiðli og innlausnarverðið.

Nýskráðar einingar

B26 Eins og fram kemur í lið B25 skal eining taka mið af fyrri óstöðugleika hlutabréfaverðsins á síðasta tímabili sem samsvarar yfirleitt væntum gildistíma valréttarins. Ef nýskráð eining hefur ekki fullnægjandi upplýsingar um fyrri óstöðugleika skal hún engu að síður reikna fyrri óstöðugleika fyrir lengsta tímabilið þar sem upplýsingar liggja fyrir um viðskipti. Hún gæti einnig tekið mið af fyrri óstöðugleika sambærilegra eininga á grundvelli samsvarandi tímabila á starfstíma þeirra. Eining, sem hefur einungis verið skráð í eitt ár og veitir valrétti sem gilda að meðaltali í fimm ár, gæti miðað við mynstur og umfang fyrri óstöðugleika hjá einingum í sömu atvinnugrein á fyrstu sex árunum þar sem viðskipti með hlutabréf viðkomandi eininga voru stunduð opinberlega.

Óskráðar einingar

B27 Óskráð eining hefur ekki eldri upplýsingar til að taka mið af við mat á væntum óstöðugleika. Þess í stað eru nokkur atriði, sem taka skal mið af, sett fram hér að aftan.

B28 Í sumum tilvikum gæti óskráð eining, sem gefur reglulega út valrétt eða hlutabréf til starfsmanna (eða annarra aðila), þurft að koma á fót innri markaði fyrir hlutabréf sín. Taka skal mið af óstöðugleika í verði þessara hlutabréfa við mat á væntum óstöðugleika.

B29 Að öðrum kosti gæti einingin tekið mið af fyrri eða óbeinum stöðugleika sambærilegra skráðra eininga, þar sem upplýsingar um verð á hlutabréfum eða valrétti liggja fyrir, við mat á væntum óstöðugleika. Þetta á við ef einingin hefur byggt virði hlutabréfa sinna á verði hlutabréfa sambærilegra skráðra eininga.

B30 Ef einingin hefur ekki byggt mat sitt á virði hlutabréfa sinna á verði hlutabréfa sambærilegra skráðra eininga og hefur þess í stað notað aðra virðismatsaðferð til að ákvarða virði hlutabréfa sinna gæti einingin reiknað mat á væntum óstöðugleika í samræmi við virðismatsaðferðina. Einingin gæti t.d. ákvarðað virði hlutabréfa sinna á grundvelli hreinna eigna eða tekna. Hún gæti tekið mið af væntum óstöðugleika þessara hreinu eigna eða tekna.

Væntur arður

B31 Hvort taka skuli tillit til vænts arðs við mat á gangvirði hlutabréfa eða veitts valréttar ræðst af því hvort mótaðilinn á rétt á arði eða ígildi arðs.

B32 Ef starfsmönnum er t.d. veittur valréttur og þeir eiga rétt á arði af undirliggjandi hlutabréfum eða ígildi arðs (sem má greiða í handbæru fé eða nota til að lækka innlausnarverðið) á tímabilinu frá samningsdegi til innlausnardags skal ákvarða virði veitts valréttar eins og enginn arður verði greiddur af undirliggjandi hlutabréfunum, þ.e. stuðullinn fyrir væntan arð er núll.

B33 Á sama hátt er þess ekki krafist að gerðar séu leiðréttingar á væntum arði þegar gangvirði hlutabréfa á samningsdegi, sem veitt eru til starfsmanna, er metið, ef starfsmaðurinn hefur rétt til að fá arð greiddan á ávinnslutímabilinu.

B34 Ef starfsmenn eiga á hinn bóginn ekki rétt á arði eða ígildi arðs á ávinnslutímabilinu (eða fyrir nýtingu ef um valrétt er að ræða), skal virðismat á samningsdegi á réttinum á hlutabréfum eða valrétti taka mið af arði. Það er að segja, við mat á gangvirði veitts valréttar skal taka væntan arð með þegar verðlagningarlíkan fyrir valrétt er notað. Þegar gangvirði veittra hlutabréfa er metið skal lækka virðismatið sem nemur núvirði arðsins sem vænst er að verði greiddur á ávinnslutímabilinu.

B35 Verðlagningarlíkön fyrir valrétt kalla yfirleitt á vænta arðssemi arðs. Hins vegar er hægt að breyta líkönunum þannig að í þeim sé notuð vænt fjárhæð arðs fremur en arðsemi. Einingu er heimilt að nota annaðhvort vænta arðsemi eða væntar greiðslur. Ef einingin notar síðarnefnda kostinn skal hún taka mið af sögulegu mynstri aukningar á arði. Ef stefna einingar hefur t.d. yfirleitt verið sú að auka arð um u.þ.b. 3% á ári skal ekki ganga út frá fastri fjárhæð arðs á gildistíma valréttarins við virðismat hans, nema unnt sé að færa sönnur á atriði þeirri forsendu til stuðnings.

B36 Almennt skal forsendan um væntan arð byggjast á upplýsingum sem eru aðgengilegar öllum. Eining sem greiðir ekki arð og hyggst ekki gera það skal ganga út frá að vænt arðsemi arðs sé núll. Hins vegar getur ný eining, sem ekki hefur greitt arð áður, vænst þess að hefja arðgreiðslur á væntum gildistíma valréttar starfsmanna. Þessar einingar gætu notað meðaltal af fyrri arðsemi (núll) og meðalarðsemi sambærilegs hóps eininga.

Áhættulausir vextir

B37 Yfirleitt eru áhættulausir vextir fyrirliggjandi undirskildir ávöxtun af opinberum vaxtalausum eingreiðslubréfum, þar sem innlausnarverðið er gefið upp í greiðslumiðli viðkomandi lands, og samsvarar það sem eftir er af gildistímanum væntum gildistíma valréttarins sem er metinn (á grundvelli þess sem eftir er af samningsbundnum gildistíma valréttarins og að teknu tilliti til áhrifa af snemmbúinni nýtingu). Ef til vill er nauðsynlegt að nota viðeigandi staðgöngu ef engin slík opinber bréf eru fyrir hendi eða aðstæður gefa til kynna að undirskilin ávöxtun af opinberum vaxtalausum eingreiðslubréfum sé ekki dæmigerð fyrir áhættulausa vexti (t.d. í hagkerfum þar sem mikil verðbólga ríkir). Einnig skal nota viðeigandi staðgöngu ef markaðsaðilar myndu almennt ákvarða áhættulausa vexti með því að nota viðkomandi staðgöngu fremur en undirskilda ávöxtun af opinberum vaxtalausum eingreiðslubréfum við áætlun á gangvirði valréttar með gildistíma sem samsvarar væntum gildistíma valréttarins sem metinn er.

Áhrif fjármagnsuppbyggingar

B38 Yfirleitt gefur þriðji aðili út hlutabréfavalrétt sem viðskipti fara fram með, en ekki einingin. Þegar hlutabréfavalrétturinn er nýttur lætur seljandinn handhafa valréttarins í té hlutabréfin. Þessi hlutabréf eru keypt af núverandi hluthöfum. Þar af leiðandi hefur nýting hlutabréfavalréttar, sem viðskipti fara fram með, engin þynnandi áhrif.

B39 Ef einingin selur hins vegar hlutabréfavalrétt eru gefin út ný hlutabréf þegar fyrrgreindur hlutabréfavalréttur er nýttur (annaðhvort raunveruleg útgáfa eða útgáfa þar sem notuð eru hlutabréf sem einingin hafði áður endurkeypt og eru í hennar vörslu). Svo framarlega sem að hlutabréfin verði gefin út á innlausnarverði fremur en á gildandi markaðsverði á nýtingardegi gæti þessi raunverulega eða hugsanlega þynning lækkað hlutabréfaverðið þannig að handhafi valréttarins hagnast ekki eins mikið á nýtingunni og við nýtingu valréttar eins og hann hefði gert með viðskiptum með valréttum sem eru að öðru leyti sambærilegir og þynna ekki hlutabréfaverðið.

B40 Hvort þetta hafi veruleg áhrif á virði veitts hlutabréfavalréttar er háð ýmsum þáttum, s.s. fjölda nýrra hlutabréfa sem gefinn er út við nýtingu valréttar samanborið við fjölda hlutabréfa sem þegar hefur verið gefinn út. Ef markaðurinn væntir þess þar að auki nú þegar að valrétturinn verði veittur má vera að markaðurinn hafi þegar tekið hugsanlega þynningu með í útreikningum á hlutabréfaverði á samningsdegi.

B41 Hins vegar skal einingin hafa í huga hvort hugsanleg þynnandi áhrif síðari nýtingar á veittum hlutabréfavalrétti geti haft áhrif á áætlað gangvirði hans á samningsdegi. Hægt er að breyta verðlagningarlíkönum fyrir valrétt þannig að þau taki tillit til hugsanlegra, þynnandi áhrifa.

Breytingar á eignarhlutatengdu greiðslufyrirkomulagi sem gert er upp með eiginfjárgerningum

B42 Í 27. lið er þess krafist, óháð öllum breytingum á skilmálum og skilyrðum fyrir veitingu eiginfjárgerninganna, eða innköllun eða uppgjöri við veitingu eiginfjárgerninga, að einingin færi, að lágmarki, fengna þjónustu sem metin er á gangvirði veittra eiginfjárgerninga á samningsdegi, nema þessir eiginfjárgerningar ávinnist ekki vegna þess að ávinnsluskilyrði, sem var tilgreint á samningsdegi, var ekki uppfyllt (að fráskildu markaðstengdu skilyrði). Að auki skal einingin færa áhrif breytinga sem hækka heildargangvirði eignarhlutatengda greiðslufyrirkomulagsins eða eru að öðru leyti hagstæðar fyrir starfsmanninn.

B43 Til að beita kröfunum í 27. lið skal einingin:

a) ef gangvirði veittra eiginfjárgerninga eykst vegna breytingarinnar (t.d. með lækkun á innlausnarverði), metið rétt fyrir og rétt eftir breytinguna, taka veitt viðbótargangvirði með við mat á fjárhæðinni sem færð er fyrir móttekna þjónustu sem endurgjald fyrir eiginfjárgerningana sem voru veittir. Veitt viðbótargangvirði er mismunurinn á gangvirði breytta eiginfjárgerningsins og gangvirði upprunalega eiginfjárgerningsins sem er hvort tveggja áætlað miðað við þann dag sem breytingarnar eru gerðar. Ef breytingin er gerð á ávinnslutímabilinu er veitt viðbótar-gangvirði tekið með við mat á fjárhæðinni sem er færð fyrir fengna þjónustu á tímabilinu frá því að breytingin var gerð þar til breyttir eiginfjárgerningar ávinnast auk fjárhæðarinnar sem grundvallast á gangvirði upprunalegu eiginfjárgerninganna á samningsdegi og er færð yfir það tímabil sem eftir er af upprunalega ávinnslutímabilinu. Ef breytingin er gerð eftir ávinnsludag er veitt viðbótargangvirði fært þegar í stað, eða á ávinnslutímabilinu ef þess er krafist að starfsmaðurinn ljúki viðbótarstarfstímabili áður en hann öðlast skilyrðislausan rétt á þessum breyttu eiginfjárgerningum,

b) á sama hátt, ef veittum eiginfjárgerningum fjölgar vegna breytingarinnar, taka gangvirði veittra viðbótareig infjárgerninga, metið þegar breytingin er gerð, með við mat á fjárhæðinni sem færð er fyrir móttekna þjónustu sem endurgjald fyrir veitta eiginfjárgerninga, í samræmi við kröfurnar í a-lið hér að framan. Ef breytingin er t.d. gerð á ávinnslutímabilinu er gangvirði veittra eiginfjárgerninga tekið með við mat á fjárhæðinni sem er færð fyrir fengna þjónustu á tímabilinu frá því að breytingin var gerð þar til viðbótareiginfjárgerningar ávinnast auk fjárhæðinnar sem grundvallast á gangvirði upprunalegu eiginfjárgerninganna á samningsdegi og er færð á því sem eftir er af upprunalega ávinnslutímabilinu,

c) ef hún breytir ávinnsluskilyrðunum þannig að starfsmaðurinn hagnast, t.d. með því að stytta ávinnslutímabilið eða breyta eða taka út frammistöðutengt skilyrði (ef það er annað en markaðstengt skilyrði en breytingar á því eru færðar í samræmi við a-lið hér að framan), taka tillit til breyttra ávinnsluskilyrða við beitingu krafnanna í 19.–21. lið.

B44 Hins vegar skal einingin, ef hún breytir skilmálum eða skilyrðum veittra eiginfjárgerninga þannig að heildargangvirði eignarhlutatengda greiðslufyrirkomulagsins lækkar, eða er ekki hagstætt starfsmanninum á annan hátt, færa fengna þjónustu áfram sem endurgjald fyrir eiginfjárgerninga, sem eru veittir, eins og breytingin hafi ekki verið gerð (að undanskilinni innköllun sumra eða allra veittra eiginfjárgerninga, sem skal færa í samræmi við 28. lið). Dæmi:

a) ef gangvirði veittra eiginfjárgerninga lækkar vegna breytingarinnar, metið rétt fyrir og tafarlaust eftir breytinguna, skal einingin ekki taka mið af þessari lækkun á gangvirði og skal hún áfram meta fjárhæðina sem færð er fyrir fengna þjónustu sem endurgjald fyrir eiginfjárgerningana á grundvelli gangvirðis veittra eiginfjárgerninga á samningsdegi,

b) ef eiginfjárgerningum, sem veittir eru til starfsmanns, fækkar vegna breytingarinnar skal færa þá fækkun sem innköllun þess hluta veitingarinnar, í samræmi við kröfurnar í 28. lið,

c) ef einingin breytir ávinnsluskilyrðunum þannig að starfsmaðurinn hagnast ekki, t.d. með því að lengja ávinnslu tímabilið eða breyta eða bæta við skilyrði um frammistöðu (ef það er annað en markaðstengt skilyrði en breytingar á því eru færðar í samræmi við a-lið hér að framan), skal einingin ekki taka tillit til breyttra ávinnsluskilyrða við beitingu krafnanna í 19.–21. lið.

Reikningsskil vegna breytingar á eignarhlutatengdri greiðslu þar sem flokkun er breytt frá því að vera gerð upp með handbæru fé til þess að vera gerð upp með eigin fé

B44A Ef skilmálum og skilyrðum eignarhlutatengdrar greiðslu, sem gerð er upp með handbæru fé, er breytt með þeim afleiðingum að hún verður eignarhlutatengd greiðsla, sem gerð er upp með eiginfjárgerningum, er færslan færð sem slík frá þeim degi þegar breytingin er gerð. Nánar tiltekið:

a) Eignarhlutatengda greiðslan, sem gerð er upp með eiginfjárgerningi, er metin með tilvísun til gangvirðis eiginfjárgerninga sem veittir eru á breytingardegi. Eignarhlutatengda greiðslan, sem gerð er upp með eiginfjárgerningi, er færð í eigin fé á breytingardegi að því marki sem tekið hefur verið við vörunum eða þjónustunni.

b) Skuld, sem tengist eignarhlutatengdri greiðslu sem gerð er upp með handbæru fé er, er afskráð á breytingardegi.

c) Hvers konar mismunur milli bókfærðs verðs afskráðrar skuldar og fjárhæðar eigin fjár sem færður er á breytingardegi er þegar í stað færður í rekstrarreikning.

B44B Ef ávinnslutímabilið er, í kjölfar breytinganna, framlengt eða stytt endurspeglar beiting krafnanna í lið B44A hið breytta ávinnslutímabil. Kröfurnar í lið B44A eiga við jafnvel þótt breytingin sé gerð eftir ávinnslutímabilið.

B44C Ógilda má eða gera upp eignarhlutatengda greiðslu sem gerð er upp með handbæru fé (að frátalinni greiðslu sem verður ógild vegna þess að ávinnsluskilyrði eru ekki uppfyllt). Ef eiginfjárgerningar eru veittir og einingin tilgreinir, á þeim úthlutunardegi, að þeir komi í stað ógildrar eignarhlutatengdrar greiðslu sem gerð er upp með handbæru fé skal einingin beita liðum B44A og B344B.

Eignarhlutatengdar greiðslur milli eininga innan samstæðu (breytingar 2009)

B45 Ákvæði liða 43A–43C fjalla um færslu eignarhlutatengdra greiðslna milli eininga innan samstæðu í aðgreindum eða eigin reikningsskilum hverrar einingar. Ákvæði liða B46–B61 fjalla um hvernig á að beita kröfunum í liðum 43A–43C. Eins og greint er frá í lið 43D geta eignarhlutatengdar greiðslur milli eininga innan samstæðu átt sér stað af mörgum ástæðum sem fara eftir málavöxtum og aðstæðum. Af þeim sökum er þessi umfjöllun ekki tæmandi og gert er ráð fyrir að einingin, sem tekur við vörum eða þjónustu, sé ekki skuldbundin að gera upp viðskiptin þegar viðskiptin eru eiginfjárframlag móðurfélags til dótturfélags, án tillits til endurgreiðslufyrirkomulags innan samstæðu.

B46 Þótt í eftirfarandi umfjöllun sé sérstök áhersla lögð á viðskipti við starfsmenn gildir hún einnig um sambærilegar eignarhlutatengdar greiðslur til birgja eða þjónustuveitenda annarra en starfsmanna. Samkomulag móðurfélags og dótturfélags getur haft það í för með sér að dótturfélagið greiði móðurfélaginu fyrir að láta starfsmönnunum eiginfjárgerningana í té. Í eftirfarandi umfjöllun er ekki fjallað um hvernig færa skuli slíkt greiðslufyrirkomulag innan samstæðunnar.

B47 Fjögur álitaefni eru algeng í eignarhlutatengdum greiðslum milli eininga innan samstæðu. Til hægðarauka taka dæmin, sem eru sett fram hér á eftir, til álitaefna með tilliti til móðurfélags og dótturfélags þess.

Eignarhlutatengt greiðslufyrirkomulag sem varðar eigin eiginfjárgerninga einingar

B48 Fyrsta álitaefnið er hvort færa skuli eftirfarandi viðskipti, sem taka til eiginfjárgerninga einingar, eins og þau séu gerð upp með eigin fé eða í handbæru fé í samræmi við kröfur þessa IFRS-staðals:

a) eining veitir starfsmönnum sínum rétt til eiginfjárgerninga einingarinnar (t.d. hlutabréfavalréttar) og annaðhvort velur hún eða er skyldug til að kaupa eiginfjárgerninga (þ.e. eigin hluti) frá öðrum aðila til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart starfsmönnum sínum og

b) eining eða hluthafar hennar veita starfsmönnum einingar rétt til eiginfjárgerninga einingarinnar (t.d. hlutabréfa valréttar) og hluthafar einingarinnar leggja fram nauðsynlega eiginfjárgerninga.

B49 Eignarhlutatengdar greiðslur, þar sem eining tekur við þjónustu sem greiðslu fyrir eigin eiginfjárgerninga, skulu færðar eins og þær væru gerðar upp með eigin fé. Þetta gildir óháð því hvort eining velji eða er skylt að kaupa þessa eiginfjárgerninga frá öðrum aðila til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart starfsmönnum sínum samkvæmt eignarhlutatengda greiðslufyrirkomulaginu. Þetta gildir einnig án tillits til þess hvort:

a) einingin sjálf hafi veitt starfsmanninum rétt til eiginfjárgerninga einingarinnar eða hvort hluthafi/hluthafar hennar hafi gert það eða

b) einingin sjálf hafi gert upp eignarhlutatengda greiðslufyrirkomulagið eða hvort hluthafi/hluthafar hennar hafi gert það.

B50 Ef hluthafinn er skuldbundinn til að gera upp viðskipti við starfsmenn félagsins, sem fjárfest er í, leggur hann fram eiginfjárgerninga félagsins sem hann fjárfesti í fremur en í sínu eigin. Ef félagið, sem er fjárfest í, er í sömu samstæðu og hluthafinn skal hann því, í samræmi við lið 43C, meta skuldbindingu sína í samræmi við kröfurnar sem gilda um eignarhlutatengdar greiðslur, sem eru gerðar upp í handbæru fé í aðgreindum reikningsskilum hluthafans, og þær sem gilda um eignarhlutatengdar greiðslur sem gerðar eru upp með eigin fé í samstæðureikningsskilum hluthafans.

Eignarhlutatengt greiðslufyrirkomulag með eiginfjárgerningum móðurfélags

B51 Annað álitaefnið varðar eignarhlutatengdar greiðslur milli tveggja eða fleiri eininga innan sömu samstæðu og snerta eiginfjárgerning einingar í annarri samstæðu. Starfsmönnum dótturfélags er t.d. veittur réttur til eiginfjárgerninga móðurfélagsins sem greiðsla fyrir þjónustu sem þeir hafa veitt dótturfélaginu.

B52 Annað álitaefnið fjallar því um eftirfarandi fyrirkomulag um eignarhlutatengdar greiðslur:

a) móðurfélag veitir starfsmönnum dótturfélags síns rétt til eiginfjárgerninga sinna beint: móðurfélagið (ekki dótturfélagið) er skuldbundið til að afhenda starfsmönnum dótturfélagsins þá eiginfjárgerninga og

b) dótturfélag veitir starfsmönnum sínum rétt til eiginfjárgerninga móðurfélags síns: dótturfélagið er skuldbundið til að afhenda starfsmönnum sínum þá eiginfjárgerninga.

Móðurfélag veitir starfsmönnum dótturfélags síns rétt til eiginfjárgerninga sinna (a-liður liðar B52)

B53 Dótturfélagið er ekki skuldbundið til að láta starfsmönnum sínum í té eiginfjárgerninga móðurfélags síns. Því skal dótturfélagið, í samræmi við lið 43B, meta þá þjónustu sem það hefur fengið frá starfsmönnum sínum í samræmi við kröfurnar sem gilda um eignarhlutatengdar greiðslur sem eru gerðar upp með eiginfjárgerningum, og færa tilsvarandi aukningu á eigið fé sem framlag frá móðurfélaginu.

B54 Móðurfélagið er skuldbundið til að gera upp viðskipti við starfsmenn dótturfélags með því að leggja fram eigin eiginfjárgerninga. Í samræmi við lið 43C skal móðurfélagið því meta eigin skuldbindingu í samræmi við kröfurnar sem gilda um eignarhlutatengdar greiðslur sem eru gerðar upp með eiginfjárgerningum.

Dótturfélag veitir starfsmönnum sínum rétt til eiginfjárgerninga móðurfélags síns (b-liður liðar B52)

B55 Vegna þess að dótturfélagið uppfyllir hvorugt skilyrðið í lið 43B skal það færa viðskiptin við starfsmenn sína eins og þau séu gerð upp í handbæru fé. Þessi krafa gildir óháð því hvernig dótturfélagið öðlast eiginfjárgerningana til þess að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart starfsmönnum sínum.

Eignarhlutatengdar greiðslur til starfsmanna sem eru gerðar upp í handbæru fé

B56 Þriðja álitaefnið er hvernig eining, sem tekur við vörum eða þjónustu frá birgjum (þ.m.t. starfsmenn), eigi að færa eignarhlutatengdar greiðslur sem eru gerðar upp með handbæru fé þegar einingin er ekki sjálf skuldbundin til að standa straum af tilskildum greiðslum til birgja. Til álita kemur t.d. eftirfarandi fyrirkomulag þegar móðurfélagið (ekki sjálf einingin) er skuldbundið til að greiða tilskildar greiðslur í handbæru fé til starfsmanna einingarinnar:

a) starfsmenn einingarinnar fá í handbæru fé greiðslur sem eru tengdar við verð eiginfjárgerninga hennar.

b) starfsmenn einingarinnar fá í handbæru fé greiðslur sem eru tengdar við verð eiginfjárgerninga móðurfélags hennar.

B57 Dótturfélagið er ekki skuldbundið til að gera upp viðskiptin við starfsmenn sína. Dótturfélagið skal því gera upp viðskiptin við starfsmenn sína með eignarhlutatengdri greiðslu og með tilsvarandi aukningu á eigin fé sem færð er sem framlag frá móðurfélagi þess. Dótturfélagið skal síðar endurmeta kostnaðinn vegna viðskiptanna ef breytingar verða vegna þess að ávinnsluskilyrði utan markaða hafa ekki verið uppfyllt í samræmi við 19.–21. lið. Þetta mat er frábrugðið mati á viðskiptunum sem gerð eru upp í handbæru fé í samstæðureikningsskilum samstæðunnar.

B58 Vegna þess að móðurfélagið er skuldbundið til að gera upp viðskiptin við starfsmennina og endurgjaldið er handbært fé, skulu móðurfélagið (og samstæðan) meta skuldbindingu sína í samræmi við kröfur sem gilda um uppgjör eignarhlutatengdra greiðslna í handbæru fé samkvæmt lið 43C.

Flutningur starfsmanna milli eininga innan samstæðunnar

B59 Fjórða álitaefnið tengist fyrirkomulagi eignarhlutatengdra greiðslna samstæðu sem tekur til starfsmanna fleiri en einnar einingar innan samstæðu. Móðurfélag getur t.d. veitt starfsmönnum dótturfélaga sinna rétt til eiginfjárgerninga sinna gegn því skilyrði að þeir starfi áfram innan samstæðunnar í tiltekinn tíma. Starfsmaður eins dótturfélags getur flust til í starfi til annars dótturfélags á þessu tiltekna ávinnslutímabili án þess að það hafi áhrif á rétt starfsmannsins til eiginfjárgerninga móðurfélagsins samkvæmt upphaflegu eignarhlutatengdu greiðslufyrirkomulagi. Ef engin skuldbinding hvílir á dótturfélögum til að gera upp eignarhlutatengda greiðslu við starfsmenn sína, skulu þau færa hana eins og hún hafi verið gerð upp með eiginfjárgerningi. Hvert dótturfélag skal meta þjónustuna sem það fær frá starfsmanninum með hliðsjón af gangvirði eiginfjárgerninganna á þeim degi þegar móðurfélagið veitti upphaflega þennan rétt til eiginfjárgerninga, eins og skilgreint er í viðbæti A og með hliðsjón af hlutfalli ávinnslutímabilsins sem starfsmaðurinn hefur starfað hjá hverju dótturfélagi.

B60 Ef dótturfélagið er skuldbundið til að gera upp viðskipti við starfsmenn sína í eiginfjárgerningum móðurfélags eru viðskiptin gerð upp í handbæru fé. Hvert dótturfélag skal meta þjónustuna sem það fær á grunni gangvirðis eiginfjárgerninganna á samningsdegi þeirra hluta ávinnslutímabilsins sem starfsmaðurinn hefur starfað hjá hverju dótturfélagi. Hvert dótturfélag skal auk þess færa breytingar á gangvirði eiginfjárgerninga á starfstímabili starfsmanns hjá hverju dótturfélagi.

B61 Vera kann að slíkur starfsmaður, eftir að hann hefur verið fluttur milli eininga innan samstæðunnar, uppfylli ekki annað ávinnsluskilyrði en markaðsskilyrði eins og það er skilgreint í viðauka A, t.d. vegna þess að hann hættir störfum hjá samstæðunni áður en þjónustutímanum lýkur. Í því tilviki, vegna þess að ávinnsluskilyrðið er þjónusta við samstæðuna, skal hvert dótturfélag aðlaga fjárhæðina, sem var áður færð, með hliðsjón af móttekinni þjónustu frá starfsmanninum, í samræmi við meginreglurnar í 19. lið. Ef rétturinn til eiginfjárgerninganna, sem móðurfélagið hefur veitt, ávinnst ekki vegna þess að starfsmaðurinn uppfyllir ekki annað ávinnsluskilyrði en markaðsskilyrði er engin fjárhæð fyrir móttekna þjónustu frá þeim starfsmanni færð á grundvelli uppsöfnunar í reikningsskil neinnar einingar innan samstæðu.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 3 (IFRS-staðall 3)

Sameining fyrirtækja

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum reikningsskilastaðli er að auka mikilvægi, áreiðanleika og samanburðarhæfi upplýsinga sem eining, sem reikningsskilin taka til, veitir um *sameiningu fyrirtækja* og áhrif þess í reikningsskilum sínum. Í þeim tilgangi fastsetur þessi IFRS-staðall meginreglur og kröfur um það hvernig *yfirtökuaðili*:

a) færir og metur í reikningsskilum sínum þær *aðgreinanlegu eignir* sem hann yfirtekur, yfirteknar skuldir og alla *hluti sem ekki eru ráðandi* í *yfirtekna aðilanum*,

b) færir og metur *viðskiptavild*, sem yfirtekin er við sameiningu fyrirtækja, eða ágóða af hagstæðum kaupum og

c) ákvarðar hvaða upplýsingar skal birta til að gera notendum reikningsskila kleift að meta eðli og fjárhagsleg áhrif sameiningar fyrirtækja.

GILDISSVIÐ

2 Þessi IFRS-staðall á við um viðskipti eða annan atburð sem fellur að skilgreiningu á sameiningu fyrirtækja. Þessi IFRS-staðall gildir ekki um:

a) færslu á myndun sameiginlegs fyrirkomulags í reikningsskilum sameiginlega fyrirkomulagsins.

b) yfirtöku eignar eða eignaflokks sem ekki myndar *fyrirtæki*. Í slíkum tilvikum skal yfirtökuaðili greina og færa einstakar aðgreinanlegar yfirteknar eignir (þ.m.t. þær eignir sem falla að skilgreiningu og uppfylla færsluskilyrði *óefnislegra eigna* í IAS-staðli 38, *óefnislegar eignir*) og yfirteknar skuldir. Kostnað samstæðu skal færa á einstakar aðgreinanlegar eignir og skuldir á grundvelli hlutfallslegs *gangvirðis* þeirra á kaupdegi. Slík viðskipti eða slíkur atburður hefur ekki í för með sér viðskiptavild.

c) sameinaðar einingar eða fyrirtæki undir sameiginlegri stjórn (liðir B1–B4 eru leiðbeinandi um beitingu í þessu sambandi).

2A Kröfurnar í þessum staðli gilda ekki um kaup fjárfestingareiningar, eins og skilgreint er í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*, á fjárfestingu í dótturfélagi sem krafist er að færð sé á gangvirði í rekstrarreikningi.

SKILGREINING Á SAMEININGU FYRIRTÆKJA

3 Eining skal ákvarða hvort viðskipti eða annar atburður sé sameining fyrirtækja með því að beita skilgreiningunni í þessum IFRS-staðli, sem krefst þess að yfirteknar eignir og skuldir myndi fyrirtæki. Ef þær eignir sem eru yfirteknar eru ekki fyrirtæki skal eining sem reikningsskil taka til færa viðskiptin eða annan atburð sem eignakaup. Í liðum B5-B12D er að finna leiðbeiningar varðandi skilgreiningu á sameiningu fyrirtækja og skilgreiningu á fyrirtæki.

YFIRTÖKUAÐFERÐIN

4 Eining skal gera grein fyrir sameiningu fyrirtækja með því að beita yfirtökuaðferðinni.

5 Beiting yfirtökuaðferðarinnar krefst:

a) skilgreiningar á yfirtökuaðila,

b) ákvörðunar á *dagsetningu yfirtöku*,

c) færslu og mats á þeim aðgreinanlegu eignum sem yfirteknar eru, yfirteknum skuldum og öllum hlutum, sem ekki eru ráðandi í yfirtekna aðilanum, og

d) færslu og mats á viðskiptavild eða hagnaði vegna hagstæðra kaupa.

Skilgreining á yfirtökuaðila

6 Við hverja sameiningu fyrirtækja skal skilgreina einn aðila sameiningarinnar sem yfirtökuaðila.

7 Leiðbeiningarnar í IFRS-staðli 10 skulu notaðar til að skilgreina yfirtökuaðilann — þá einingu sem öðlast *yfirráð* yfir annarri einingu, þ.e. yfirtekna aðilanum. Ef sameining fyrirtækja hefur átt sér stað, en beiting leiðbeininganna í IFRS-staðli 10 tilgreinir ekki skýrt hver af sameinuðu einingunum er yfirtökuaðilinn, þá skulu þættirnir í liðum B14-B18 hafðir í huga við þá ákvörðun.

Ákvörðun á dagsetningu yfirtöku

8 Yfirtökuaðili skal tilgreina yfirtökudagsetninguna, sem er sú dagsetning sem hann öðlast yfirráð yfir yfirtekna aðilanum.

9 Sú dagsetning þegar yfirtökuaðili öðlast yfirráð yfir yfirtekna aðilanum er venjulega dagsetningin þegar yfirtökuaðili yfirfærir endurgjaldið með löglegum hætti, yfirtekur eignir og skuldir yfirtekna aðilans — greiðsludagur. Þó er hugsanlegt að yfirtökuaðili öðlist yfirráð á degi sem er annaðhvort fyrir eða eftir greiðsludag. Yfirtökudagur er til dæmis á undan greiðsludegi ef skriflegur samningur veitir yfirtökuaðila yfirráð yfir yfirtekna aðilanum á degi sem er á undan greiðsludegi. Yfirtökuaðili skal taka tillit til allra viðeigandi málsatvika og kringumstæðna þegar dagsetning yfirtöku er tilgreind.

Færsla og mat á þeim aðgreinanlegu eignum sem yfirteknar eru, yfirteknum skuldum og öllum hlutum sem ekki eru ráðandi í yfirtekna aðilanum

Færsluregla

10 Frá og með yfirtökudegi skal yfirtökuaðili færa aðgreinanlegar yfirteknar eignir, yfirteknar skuldir og alla hluti sem ekki eru ráðandi í yfirtekna aðilanum, aðskilið frá viðskiptavild. Færsla aðgreinanlegra eigna sem yfirteknar eru og yfirtekinna skulda skal vera í samræmi við þau skilyrði sem tilgreind eru í 11. og 12. lið.

Færsluskilyrði

11 Til að uppfylla skilyrði um færslu samkvæmt yfirtökuaðferð þurfa yfirteknar, aðgreinanlegar eignir og yfirteknar skuldir á yfirtökudegi að falla að skilgreiningu á eignum og skuldum í *Hugtakaramma fyrir reikningsskil*. Kostnaður, sem yfirtökuaðili gerir ráð fyrir, en er ekki skylt að stofna til í framtíðinni vegna áætlunar sinnar um að hætta tiltekinni starfsemi yfirtekna aðilans eða segja upp starfsmönnum yfirtekna aðilans eða færa þá til í starfi, myndar t.d. ekki skuldbindingu á yfirtökudaginn. Þess vegna færir yfirtökuaðili ekki þann kostnað sem hluta af beitingu yfirtökuaðferðarinnar. Í staðinn færir yfirtökuaðili þann kostnað í reikningsskil sín eftir sameiningu í samræmi við aðra alþjóðlega reikningsskilastaðla.

12 Auk þess skulu aðgreinanlegu yfirteknu eignirnar og skuldirnar vera hluti af því sem yfirtökuaðili og yfirtekni aðilinn (eða fyrri *eigendur*) áttu viðskipti með við sameiningu fyrirtækjanna, fremur en niðurstaða einstakra viðskipta, til að uppfylla skilyrði um færslu samkvæmt yfirtökuaðferðinni. Yfirtökuaðili skal styðjast við leiðbeiningarnar í 51.–53. lið við ákvörðun á því hvaða yfirteknu eignir eða skuldir eru hluti af kaupunum á yfirtekna aðilanum og hvaða hluti, ef einhver, er niðurstaða annarra einstakra viðskipta, sem ber að færa í samræmi við eðli þeirra og viðeigandi alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

13 Beiting yfirtökuaðila á færslureglunni og skilyrðum hennar getur leitt til færslu á einhverjum þeirra eigna og skulda sem yfirtökuaðili hafði ekki áður fært sem eignir og skuldir í reikningsskilum sínum. Yfirtökuaðili færir t.d. aðgreinanlegu, yfirteknu, óefnislegu eignirnar, s.s. vöruheiti, einkaleyfi eða viðskiptasamband, sem yfirtekni aðilinn færði ekki sem eignir í reikningsskilum sínum þar sem þær voru þróaðar innan fyrirtækisins og kostnaðurinn gjaldfærður.

14 Í liðum B31–B40 eru leiðbeiningar um færslu óefnislegra eigna. Í liðum 21A–28B eru tilgreindar þær tegundir aðgreinanlegra eigna og skulda sem fela í sér liði þar sem þessi alþjóðlegi reikningsskilastaðall heimilar takmarkaðar undantekningar frá færslureglunni og skilyrðum hennar.

Flokkun eða tilgreining aðgreinanlegra yfirtekinna eigna og yfirtekinna skulda við sameiningu fyrirtækja

15 Á yfirtökudegi skal yfirtökuaðili flokka eða tilgreina aðgreinanlegu yfirteknu eignirnar og skuldirnar sem taldar eru nauðsynlegar til að beita öðrum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) síðar. Yfirtökuaðili skal flokka eða tilgreina á grundvelli samningsskilmála, efnahagsaðstæðna, rekstrar- eða reikningsskilaaðferða og annarra aðstæðna, sem máli skipta, eins og staða þeirra er á yfirtökudegi.

16 Í sumum tilvikum heimila IFRS-staðlar mismunandi reikningsskil eftir því hvernig eining flokkar eða tilgreinir tiltekna eign eða skuld. Dæmi um flokkun og tilgreiningu sem yfirtökuaðili skal framkvæma á grundvelli viðeigandi skilyrða, ef þau eru til staðar á yfirtökudegi, ná til en eru ekki takmörkuð við:

a) flokkun tiltekinna fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eða á afskrifuðu kostnaðarverði eða sem fjáreigna á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar*,

b) tilgreiningu afleiðugernings sem áhættuvarnargernings í samræmi við IFRS-staðal 9 og

c) mat á því hvort aðgreina ætti innbyggða afleiðu og grunnsamning í samræmi við IFRS-staðal 9 (sem varðar hugtakið „flokkun“ eins og það er notað í þessum IFRS-staðli).

17 Þessi IFRS-staðall kveður á um undantekningu frá meginreglunni í 15. lið:

a) flokkun leigusamnings, þar sem yfirtekinn aðili er leigusali, annaðhvort sem rekstrarleiga eða fjármögnunarleiga í samræmi við IFRS-staðal 16, *leigusamningar*,

b) [felldur brott]

Yfirtökuaðili skal flokka þessa samninga á grundvelli samningsskilmála og annarra þátta við gildistöku samnings (eða, ef skilmálum samningsins hefur verið breytt með þeim hætti að flokkun hans breytist, á degi breytingarinnar, sem gæti verið yfirtökudagurinn).

Matsregla

18 Yfirtökuaðili skal meta aðgreinanlegu yfirteknu eignirnar og yfirteknu skuldirnar á gangvirði þeirra á yfirtökudegi.

19 Við hverja sameiningu fyrirtækja skal yfirtökuaðili meta á yfirtökudegi þá hluti sem ekki eru ráðandi í yfirtekna aðilanum sem eru núverandi eignarhlutir og veita handhöfum þeirra rétt til hluta í réttu hlutfalli við hreina eign einingar komi til félagsslita, annaðhvort á:

a) gangvirði eða

b) í réttu hlutfalli við núverandi eignarhluti í færðum fjárhæðum aðgreinanlegra hreinna eigna yfirtekna aðilans.

Allir aðrir hlutir sem ekki eru ráðandi skulu metnir á gangvirði þeirra á yfirtökudegi, nema annars matsgrunns sé krafist í IFRS-stöðlum.

20 Í liðum 24–31A eru tilgreindar þær tegundir aðgreinanlegra eigna og skulda sem fela í sér atriði þar sem þessi alþjóðlegi reikningsskilastaðall veitir takmarkaðar undantekningar frá matsreglunni.

Undantekningar frá færslu- eða matsreglum

21 Þessi IFRS-staðall kveður á um takmarkaðar undantekningar á færslu- og matsreglunum. Í liðum 21A–31A er bæði tilgreint við hvaða liði undantekningarnar eiga og eðli þeirra undantekninga. Yfirtökuaðili skal færa þá liði með því að beita kröfunum í liðum 21A–31A sem gerir það að verkum að sumir liðir eru:

a) annaðhvort færðir með beitingu færsluskilyrða, auk skilyrðanna í 11. og 12. lið, eða í samræmi við kröfur annarra alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS) þannig að niðurstöður verða aðrar en ef færslureglunni og skilyrðum hennar er beitt.

b) metnir við fjárhæð sem er önnur en gangvirði þeirra á yfirtökudegi.

Undantekningar frá færslureglunni

Skuldir og óvissar *skuldir sem falla innan gildissviðs IAS-staðals 37 eða IFRIC-túlkunar 21*

21A Liður 21B gildir um skuldir og óvissar skuldir sem myndu falla innan gildissviðs IAS-staðall 37, r*eiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, eða IFRIC-túlkunar 21, *álögur*, ef til þeirra væri stofnað sérstaklega frekar en að yfirtaka þær við sameiningu fyrirtækja.

21B Í *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* er skuld skilgreind sem „núverandi skuldbinding einingar um að millifæra fjármagn vegna liðinna atburða“. Að því er varðar reiknaðar skuldbindingar eða óvissar skuldir, sem myndu falla undir gildissvið IAS-staðals 37, skal yfirtökuaðili beita 15.–22. lið IAS-staðals 37 til að ákvarða hvort núverandi skuldbinding sé til staðar vegna liðinna atburða á yfirtökudegi. Að því er varðar álögur, sem myndu falla undir gildissvið IFRIC-túlkunar 21, skal yfirtökuaðili beita IFRIC-túlkun 21 til að ákvarða hvort skuldbindandi atburður sem veldur skuldbindingu til að greiða álöguna hafi átt sér stað fyrir yfirtökudag.

21C Núverandi skuldbinding sem tilgreind er í samræmi við lið 21B gæti uppfyllt skilgreininguna á óvissri skuld sem sett er fram í b-lið 22. liðar. Ef svo er gildir 23. liður um þá óvissu skuld.

Óvissar skuldir og óvissar eignir

22 Í IAS-staðli 37 er óviss skuld skilgreind sem:

a) möguleg skuldbinding sem stafar af liðnum atburðum og verður aðeins staðfest þegar einn eða fleiri óvissir atburðir, sem einingin hefur ekki fulla stjórn á, gerast eða gerast ekki í framtíðinni, eða

b) núverandi skuldbinding sem stafar af liðnum atburðum en er ekki færð vegna þess að:

i) ekki sé líklegt að krafist verði útstreymis efnahagslegs ávinnings til að gera upp skuldbindinguna, eða

ii) fjárhæð skuldbindingarinnar verður ekki mæld með nægjanlegri vissu.

23 Yfirtökuaðili skal frá og með yfirtökudegi færa óvissar skuldbindingar, sem eru yfirteknar vegna sameiningar fyrirtækja, ef þær eru núverandi skuldbindingar, sem stafa af fyrri atburðum og hægt er að meta gangvirði þeirra með áreiðanlegum hætti. Yfirtökuaðili færir þess vegna, gagnstætt því sem krafa er gerð um í b-lið 14. liðar, 23., 27., 29. og 30. lið IAS-staðals 37, óvissar skuldir, sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja, á yfirtökudegi þótt ekki sé líklegt að útstreymi verðmæta, sem fela í sér efnahagslegan ávinning, þurfi til að gera upp skuldbindingarnar. Ákvæði 56. liðar þessa IFRS-staðals veita leiðbeiningar um síðari reikningshaldslega meðferð óvissra skuldbindinga.

23A IAS-staðall 37 skilgreinir óvissa eign sem „möguleg eign sem stafar af liðnum atburðum og verður aðeins staðfest þegar einn eða fleiri óvissir atburðir, sem einingin hefur ekki fulla stjórn á, gerast eða gerast ekki í framtíðinni“. Yfirtökuaðili skal ekki færa óvissa eign á yfirtökudegi.

Undantekningar frá bæði færslu- og matsreglunum

Tekjuskattar

24 Yfirtökuaðili skal færa og meta frestaða skattinneign eða skuldbindingu sem stafar af yfirtekinni eign eða skuldbindingu í kjölfar sameiningar fyrirtækja í samræmi við IAS-staðal 12, *tekjuskattar*.

25 Yfirtökuaðili skal gera grein fyrir hugsanlegum skattalegum áhrifum tímabundins mismunar og yfirfærslna yfirtekins aðila sem eru fyrir hendi á yfirtökudegi eða leiða af yfirtökunni í samræmi við IAS-staðal 12.

Starfskjör

26 Yfirtökuaðili skal færa og meta skuld (eða hugsanlega eign) í tengslum við starfskjör starfsmanna yfirtekins aðila í samræmi við IAS-staðal 19, *starfskjör*.

Bótaeignir

27 Seljandinn í sameiningu fyrirtækja getur samkvæmt samningi bætt yfirtökuaðila skaða vegna ófyrirséðra atburða eða óvissu vegna tiltekinnar eignar, eða hluta af eign, eða skuldbindingar. Til dæmis getur seljandi bætt yfirtökuaðila upp tap sem fer yfir tiltekna upphæð á skuld sem leiðir af tiltekinni skuldbindingu, m.ö.o. tryggir seljandi að skuldbinding yfirtökuaðila fari ekki yfir tilgreinda fjárhæð. Með þessum hætti eignast yfirtökuaðili bótaeign. Yfirtökuaðili skal færa bótaeign á sama tímapunkti og bætta eignin er metin og á sama grundvelli, með fyrirvara um þörf fyrir mati á fráviki vegna óinnheimtanlegra fjárhæða. Ef bæturnar tengjast eign eða skuld sem er færð á yfirtökudegi og metin á gangvirði þess dags, skal yfirtökuaðili færa bótaeignina á yfirtökudegi metna á gangvirði þess dags. Fyrir bótaeign sem metin er á gangvirði skal við gangvirðismat taka til greina óvissu um framtíðarsjóðstreymi vegna innheimtanleika krafna og sérstakt mat vegna frávika er ekki nauðsynlegt (liður B41 veitir leiðbeiningar varðandi beitingu).

28 Við sumar kringumstæður er hugsanlegt að bæturnar tengist eign eða skuld sem er undantekin frá færslu- eða matsreglunum. Bætur geta til dæmis verið tengdar óvissri skuldbindingu sem ekki er færð á yfirtökudegi, þar sem ekki er mögulegt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti á þeim degi. Aftur á móti geta bætur verið tengdar eign eða skuld, til dæmis vegna starfskjara, sem er metin á öðrum grundvelli en gangvirði á yfirtökudegi Undir þeim kringumstæðum skal færa og meta bæturnar miðað við sömu forsendur og notaðar eru við mat á bætta hlutnum, með fyrirvara um mat stjórnenda á innheimtanleika bætta hlutarins og allar samningslegar takmarkanir á bótafjárhæðinni. Liður 57 veitir leiðbeiningar um síðari reikninghaldslega meðferð bótaeigna.

Leigusamningar þar sem yfirtekni aðilinn er leigutakinn

28A Yfirtökuaðilinn skal færa eignir með afnotarétti og leiguskuldir að því er varðar leigusamninga sem skilgreindir eru í samræmi við IFRS-staðal 16 þar sem yfirtekni aðilinn er leigutakinn. Þess er ekki krafist að yfirtökuaðilinn færi eignir með afnotarétti og leiguskuldir að því er varðar:

a) leigusamninga þar sem leigutímanum (eins og hann er skilgreindur í IFRS-staðli 16) lýkur innan 12 mánaða frá yfirtökudegi eða

b) leigusamninga þar sem virði undirliggjandi eignar er lágt (eins og lýst er í liðum B3-B8 í IFRS-staðli 16).

28B Yfirtökuaðilinn skal meta leiguskuldina á núvirði eftirstandandi leigugreiðslna (eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 16) eins og yfirtekni leigusamningurinn væri nýr leigusamningur á yfirtökudeginum. Yfirtökuaðilinn skal meta eign með afnotarétti við sömu fjárhæð og leiguskuldina, leiðrétt til að endurspegla hagstæða eða óhagstæða skilmála leigusamningsins borið saman við markaðsskilmála.

Undantekningar á matsreglunni

Endurkeypt réttindi

29 Yfirtökuaðili skal meta virði endurkeyptra réttinda, sem færð eru sem óefnislegar eignir, á grundvelli eftirstandandi samningsskilmála tengdra samninga án tillits til þess hvort markaðsaðilar myndu hafa í huga mögulega endurnýjun á samningum við mat á gangvirði þeirra. Ákvæði liða B35 og B36 eru leiðbeinandi um viðeigandi beitingu.

Eignarhlutatengdar greiðslur

30 Yfirtökuaðili skal meta skuldbindingu eða eiginfjárgerning í tengslum við eignarhlutatengdar greiðslur yfirtekna aðilans eða eignarhlutatengdar greiðslur yfirtökuaðila sem koma í stað eignarhlutatengdra greiðslna yfirtökuaðilans í samræmi við aðferðina í IFRS-staðli 2, *eignarhlutatengdar greiðslur* á yfirtökudegi. (Þessi IFRS-staðall vísar til niðurstöðu þeirrar aðferðar sem „markaðstengt mat“ eignarhlutatengdrar greiðslu.)

Eignir sem haldið er til sölu

31 Yfirtökuaðili skal meta yfirtekna fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokka) sem er haldið til sölu á yfirtökudegi í samræmi við flokkun IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*, á gangvirði að frádregnum kostnaði vegna sölu í samræmi við 15.–18. lið þess IFRS-staðals.

Vátryggingarsamningar

31A Yfirtökuaðili skal meta flokk samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17, *vátryggingarsamningar*, sem yfirteknir eru við sameiningu fyrirtækja, og allar eignir vegna sjóðstreymis við öflun vátrygginga, eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 17, sem skuld eða eign í samræmi við liði 39 og B93–B95F í IFRS-staðli 17, á yfirtökudegi.

Færsla og mat á viðskiptavild eða hagnaði vegna hagstæðra kaupa

32 Yfirtökuaðili skal færa viðskiptavild frá og með yfirtökudegi sem þá fjárhæð sem a) er hærri en b) hér að neðan:

a) samtala:

(i) yfirfærðs endurgjalds, sem er metin í samræmi við þennan IFRS-staðal, sem yfirleitt krefst gangvirðis á yfirtökudegi (sjá 37. lið),

(ii) fjárhæðar allra hluta, sem ekki eru ráðandi í yfirtekna aðilanum og eru metnir í samræmi við þennan IFRS-staðal, og

(iii) við sameiningu fyrirtækja, sem fram fer í áföngum (sjá 41. og 42. lið), gangvirðis þeirra *hluta* sem yfirtökuaðili átti í yfirtekna aðilanum fyrir sameiningu á yfirtökudegi,

b) nettófjárhæð yfirtekinna aðgreinanlegra eigna og skulda, sem metnar eru í samræmi við þennan IFRS- staðal á yfirtökudegi.

33 Við sameiningu fyrirtækja, þar sem yfirtökuaðili og yfirtekinn aðili (eða fyrrum eigendur hans) skiptast einungis á eiginfjárhlutdeild, þá getur verið hægt að meta með áreiðanlegri hætti gangvirði á eiginfjárhlutdeild yfirtekna aðilans á yfirtökudegi heldur en gangvirði á eiginfjárhlutdeild yfirtökuaðilans á yfirtökudegi. Ef svo er, þá skal yfirtökuaðili ákvarða fjárhæð viðskiptavildar með því að nota gangvirði eiginfjárhlutdeildar yfirtekna aðilans á yfirtökudegi í stað þess að nota gangvirði yfirfærðar eiginfjárhlutdeildar á yfirtökudegi. Til að ákvarða fjárhæð viðskiptavildar við sameiningu fyrirtækja þegar ekkert endurgjald er greitt, skal yfirtökuaðili nota gangvirði á hlut yfirtökuaðila í yfirtekna aðilanum á yfirtökudegi í stað gangvirðis greidds endurgjalds á yfirtökudegi (i.-liður a-liðar 32. liðar). Liðir B46-B49 eru leiðbeinandi um viðeigandi beitingu.

Hagstæð innkaup

34 Yfirtökuaðili gerir stundum hagstæð kaup, sem er sameining fyrirtækja þar sem fjárhæðin í lið 32(b) er hærri en samtala fjárhæðanna sem tilgreindar eru í lið 32(a). Ef sú umframfjárhæð er enn til staðar eftir að kröfur í 36. lið hafa verið uppfylltar, skal yfirtökuaðili gera grein fyrir þar af leiddum hagnaði í rekstrarreikningi á yfirtökudegi. Hagnaðinn skal tengja við yfirtökuaðila.

35 Hagstæð kaup geta til dæmis átt sér stað við sameiningu fyrirtækja sem er nauðungarsala þar sem seljandinn er tilneyddur til að selja. Hins vegar geta undantekningar varðandi færslu og mat á tilteknum liðum, sem ræddar eru í liðum 22-31A, leitt til færslu hagnaðar (eða breytinga á hagnaði) af hagstæðum kaupum.

36 Áður en hagnaður er færður vegna hagstæðra kaupa skal yfirtökuaðili endurmeta hvort allar yfirteknar eignir og skuldir hafi verið rétt skilgreindar og gera grein fyrir öllum viðbótareignum eða skuldum sem eru skilgreindar í þeirri endurskoðun. Yfirtökuaðili skal síðan endurskoða verklag sem notað er til að meta þær fjárhæðir sem þessi IFRS-staðall gerir kröfu um að gert sé grein fyrir á yfirtökudaginn vegna allra eftirfarandi fjárhæða:

a) yfirteknar aðgreinanlegar eignir og skuldir

b) hluta, sem ekki eru ráðandi í yfirtekna aðilanum, ef við á,

c) vegna sameiningar fyrirtækja sem fram fer í áföngum, þeirrar hlutdeildar sem yfirtökuaðili átti í yfirtekna aðilanum fyrir sameiningu og

d) yfirfærðs endurgjalds.

Markmið endurskoðunarinnar er að tryggja að mat endurspegli með viðeigandi hætti allar fyrirliggjandi upplýsingar um endurgjald á yfirtökudegi.

Yfirfært endurgjald

37 Endurgjald, sem yfirfært er við sameiningu fyrirtækja, skal meta á gangvirði, sem skal reikna sem summu gangvirðis þeirra eigna sem yfirtökuaðili yfirfærir á yfirtökudegi, skulda sem yfirtökuaðili stofnar til gagnvart fyrri eigendum og eiginfjárhlutdeildar, sem yfirtökuaðili gefur út. (Ef um er að ræða skipti á hluta af greiðslum eignarhlutatengdrar umbunar yfirtökuaðilans og umbun, sem er í eigu starfsmanna yfirtekna aðilans, og sá hluti er innifalinn í yfirfærðu endurgjaldi við sameiningu fyrirtækjanna, skal hann þó metinn í samræmi við 30. lið fremur en á gangvirði.) Dæmi um hugsanlegt form endurgjalds er reiðufé, aðrar eignir, fyrirtæki eða dótturfyrirtæki yfirtökuaðila, *óvissar greiðslur*, hefðbundnir eiginfjárgerningar eða forgangseiginfjárgerningar, valréttur, kaupréttur og hlutir í *sameiginlegum einingum*.

38 Yfirfært endurgjald getur verið eign eða skuld yfirtökuaðila sem hefur bókfært verð sem er frábrugðið gangvirði á yfirtökudegi (t.d. óþeningalegar eignir eða fyrirtæki yfirtökuaðila). Ef svo er, skal endurmeta yfirfærðar eignir eða skuldir á gangvirði á yfirtökudegi og færa þann hagnað eða tap, sem hugsanlega af því leiðir, í rekstrarreikning. Stundum verða yfirfærðar eignir eða skuldir áfram innan sameinaðrar einingar eftir sameiningu fyrirtækja (t.d. þegar eignir eða skuldir eru yfirfærðar til yfirtekna aðilans frekar en fyrrum eigenda), og yfirtökuaðili heldur yfirráðum yfir þeim áfram. Í þeirri stöðu skal yfirtökuaðili meta þær eignir og skuldir á bókfærðu verði rétt fyrir yfirtökudag og ekki færa hagnað eða tap í rekstrarreikning vegna eigna eða skulda sem yfirtökuaðili á bæði fyrir og eftir sameiningu fyrirtækja.

Óvissar greiðslur

39 Endurgjald sem yfirtökuaðili færir yfir í skiptum fyrir yfirtekinn aðila felur í sér hverja þá eign eða skuld sem leiðir af samkomulagi um óvissa greiðslu (sjá 37. lið). Yfirtökuaðili skal færa óvissa greiðslu á gangvirði á yfirtökudegi sem hluta af yfirfærðu endurgjaldi í skiptum fyrir yfirtekinn aðila.

40 Kaupandinn skal flokka skuldbindingu um að greiða óvissa greiðslu, sem uppfyllir skilgreininguna á fjármálagerningi, sem fjárskuldbindingu eða sem eigið fé á grundvelli skilgreininga á eiginfjárgerningi og fjárskuldbindingu í 11. lið IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning*. Yfirtökuaðili skal flokka réttinn til að skila áður yfirfærðu endurgjaldi sem eign ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Ákvæði 58. liðar veita leiðbeiningar um síðari reikningsskil vegna óvissra greiðslna.

Frekari leiðbeiningar um beitingu yfirtökuaðferðar á tilteknar tegundir sameininga fyrirtækja

Sameining fyrirtækja sem fer fram í áföngum

41 Yfirtökuaðili öðlast stundum yfirráðum yfir yfirteknum aðila sem hann átti eignarhlut í rétt fyrir yfirtökudag. Sem dæmi átti eining A 35% hlut sem ekki var ráðandi í Einingu B þann 31. desember 20X1. Á þeim degi kaupir Eining A 40% hlut í Einingu B til viðbótar og nær þannig yfirráðum í Einingu B. Þessi IFRS-staðall vísar til þess háttar viðskipta sem sameining fyrirtækja sem fram fer í áföngum, stundum nefnt yfirtaka í skrefum.

42 Við sameiningu fyrirtækja, sem fram fer í áföngum, skal yfirtökuaðili endurmeta þá eignarhlutdeild í yfirtekna aðilanum, sem yfirtökuaðili átti áður, á gangvirði á yfirtökudegi og færa þann hagnað eða tap, ef við á, í rekstrarreikning eða aðra heildarafkomu, eftir því sem við á. Á fyrri reikningsskilatímabilum gæti yfirtökuaðili hafa fært breytingar á virði eignarhlutdeildar í yfirtekna aðilanum í aðra heildarafkomu. Ef svo er, skal færa þá fjárhæð, sem var færð í annan heildarhagnað, á sama grundvelli og krafist væri ef yfirtökuaðili hefði ráðstafað fjárhæðinni beint á eignarhlutdeild sem hann átti fyrir yfirtöku.

42A Þegar aðili að sameiginlegu fyrirkomulagi (eins og skilgreint er í IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*) öðlast yfirráð yfir fyrirtæki sem er sameiginlegur rekstur (eins og skilgreint er í IFRS-staðli 11) og hafði rétt til eigna og skuldbindinga vegna skulda sem tengjast þessum sameiginlega rekstri, rétt fyrir yfirtökudag, eru viðskiptin sameining fyrirtækja sem fer fram í áföngum. Yfirtökuaðilinn skal því beita kröfunum vegna sameiningar fyrirtækja sem fer fram í áföngum, þ.m.t. að endurmeta fyrri hlutdeild sína í sameiginlega rekstrinum með þeim hætti sem lýst er í 42. lið. Í því sambandi skal yfirtökuaðilinn endurmeta alla fyrri hlutdeild sína í sameiginlega rekstrinum.

Sameining fyrirtækja án yfirfærslu endurgjalds

43 Yfirtökuaðili öðlast stundum yfirráð yfir yfirteknum aðila án þess að endurgjald sé yfirfært. Reikningsskil samkvæmt yfirtökuaðferð vegna sameiningar fyrirtækja á við um þá tegund yfirtöku. Þar með taldar eru eftirfarandi aðstæður:

a) yfirtekinn aðili endurkaupir nægjanlegan fjölda eigin hluta þannig að gildandi fjárfestir (yfirtökuaðili) nær yfirráðum.

b) neitunarvald minnihluta, sem áður kom í veg fyrir yfirráð yfirtökuaðila yfir yfirteknum aðila þar sem yfirtökuaðili réði yfir meirihluta atkvæðisréttar, fellur úr gildi.

c) Yfirtökuaðili og yfirtekinn aðili gera samkomulag um að sameina fyrirtækin einungis með samningi. Yfirtökuaðili yfirfærir ekkert endurgjald í skiptum fyrir yfirráð yfir yfirteknum aðila og á enga eignarhlutdeild í yfirtekna aðilanum, hvorki fyrir né á yfirtökudegi. Dæmi um sameiningu fyrirtækja sem nást fram einungis með samningi eru þegar tvö fyrirtæki sameinast með svokölluðu „samfestu fyrirkomulagi“ eða myndun fyrirtækis sem skráð er á tveimur verðbréfamörkuðum.

44 Þegar sameining fyrirtækja á sér stað einungis með samningi, skal yfirtökuaðili tengja fjárhæð hreinnar eignar yfirtekins aðila, færða í samræmi við þennan IFRS-staðal, við eigendur yfirtekna aðilans. Sú eiginfjárhlutdeild í yfirtekna aðilanum, sem er í eigu annarra aðila en yfirtökuaðila, er m.ö.o. svokallaður hlutur sem ekki er ráðandi í reikningsskilum yfirtökuaðila eftir yfirtöku, jafnvel þótt niðurstaðan sé að öll eiginfjárhlutdeild í yfirtekna aðilanum sé heimfærð á hlutinn sem ekki er ráðandi.

Matstímabil

45 Ef fyrstu reikningsskil vegna sameiningar fyrirtækja er ekki lokið við lok þess reikningsskilatímabils sem sameiningin á sér stað, skal yfirtökuaðili í sínum reikningsskilum, gera grein fyrir bráðabirgðaupphæðum vegna þeirra atriða sem ekki eru gerð fullnægjandi skil í reikningsskilunum. Meðan á matstímabili stendur skal yfirtökuaðili leiðrétta afturvirkt bráðabirgðaupphæðir sem færðar eru á yfirtökudegi til að endurspegla nýjustu upplýsingar varðandi málavexti og aðstæður eins og þær voru á yfirtökudegi og myndu, ef þekktar, hafa haft áhrif á mat á færðu fjárhæðunum frá og með þeim degi. Meðan á matstímabili stendur skal yfirtökuaðili einnig færa viðbótareignir og skuldir ef nýjar upplýsingar koma fram varðandi málavexti og aðstæður eins og þær voru á yfirtökudegi og myndu, ef þekktar, hafa haft áhrif á færslu þeirra eigna og skulda frá og með þeim degi. Matstímabili lýkur um leið og yfirtökuaðili fær þær upplýsingar sem hann sóttist eftir varðandi málavexti og aðstæður sem voru frá og með yfirtökudegi eða kemst að því að frekari upplýsingar eru ekki tiltækar. Þó skal matstímabil ekki vara lengur en eitt ár frá yfirtökudegi.

46 Matstímabilið er það tímabil eftir yfirtökudag þegar yfirtökuaðili getur aðlagað bráðabirgðafjárhæðir vegna sameiningar fyrirtækja. Matstímabilið gefur yfirtökuaðila sanngjarnan tíma til að safna upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að skilgreina og meta eftirfarandi, frá og með yfirtökudegi í samræmi við við kröfur þessa IFRS-staðals:

a) aðgreinanlegar eignir sem yfirteknar eru, yfirteknar skuldir og alla hluti sem ekki eru ráðandi í yfirtekna aðilanum,

b) yfirfært endurgjald fyrir yfirtekinn aðila (eða þá fjárhæð sem notuð er til að meta viðskiptavild),

c) vegna sameiningar fyrirtækja, sem fram fer í áföngum, þá eiginfjárhlutdeild sem yfirtökuaðili átti í yfirtekna aðilanum fyrir sameiningu og

d) viðskiptavild eða hagnað vegna hagstæðra kaupa.

47 Yfirtökuaðili skal hafa alla viðeigandi þætti í huga við ákvörðun um hvort upplýsingar fengnar eftir yfirtökudag hafi áhrif til breytingar á þær fjárhæðir sem færðar hafa verið til bráðabirgða eða hvort upplýsingarnar eru afleiðingar atburða sem áttu sér stað eftir yfirtökudag. Viðeigandi þættir eru meðal annars dagsetningar þegar viðbótarupplýsingar eru fengnar og hvort yfirtökuaðili geti tilgreint ástæðu til að breyta bráðabirgðafjárhæð. Upplýsingar sem fást stuttu eftir yfirtökudag eru líklegri til að endurspegla aðstæður eins og þær voru á yfirtökudegi heldur en upplýsingar sem fást fleiri mánuðum síðar. Til dæmis er sala eignar til þriðja aðila stuttu eftir yfirtökudag fyrir fjárhæð sem er talsvert frábrugðin bráðabirgðagangvirði, sem metið var á þeim degi, líkleg til að gefa til kynna að bráðabirgðafjárhæðin hafi verið röng, nema hægt sé að tilgreina atburð sem hafi átt sér stað og breytt gangvirðinu.

48 Yfirtökuaðili færir hækkun (lækkun) bráðabirgðafjárhæðar sem er færð vegna aðgreinanlegrar eignar (skuldar) með hækkun (lækkun) viðskiptavildar. Þó er hugsanlegt að nýjar upplýsingar sem fást á matstímabilinu leiði af sér leiðréttingu á bráðabirgðafjárhæð fleiri en einnar eignar eða skuldar. Sem dæmi er hugsanlegt að yfirtökuaðili hafi yfirtekið skuld til að greiða skaðabætur í tengslum við slys á starfsstöð yfirtekins aðila, sem fellur að hluta eða öllu leyti undir ábyrgðartryggingu yfirtekins aðila. Ef yfirtökuaðili fær nýjar upplýsingar á matstímabilinu varðandi gangvirði þeirrar skuldar á yfirtökudegi, þá er leiðrétting á viðskiptavild vegna breytinga á færðri bráðabirgðafjárhæð skuldbindingarinnar jafnað saman við (að hluta eða öllu leyti) samsvarandi leiðréttingu á viðskiptavild vegna breytingar á þeirri fjárhæð sem færð var til bráðabirgða vegna bótakröfu á vátryggjanda.

49 Á matstímabilinu skal yfirtökuaðili færa leiðréttingar á bráðabirgðafjárhæðum eins og reikningsskilum vegna sam einingar fyrirtækja hafi verð lokið á yfirtökudeginum. Þannig skal yfirtökuaðili endurskoða samanburðarupplýsingar vegna fyrri tímabila sem eru settar fram í reikningsskilunum eins og þörf krefur, þ.m.t. gera allar breytingar á afskriftum eða öðrum tekjuþáttum sem hafa áhrif á upphafleg reikningsskil.

50 Eftir að matstímabili lýkur skal yfirtökuaðili endurskoða reikningsskil vegna sameiningar fyrirtækja til þess eins að leiðrétta villur í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*.

Ákvörðun um hvað telst hluti af viðskiptum vegna sameiningar fyrirtækja

51 Samband kann að hafa verið milli yfirtökuaðila og yfirtekins aðila eða annað samkomulag hafa verið gert áður en samningaviðræður um sameiningu fyrirtækjanna hófust, eða þeir kunna að gera samkomulag, sem er aðskilið frá sameiningu fyrirtækjanna, meðan á viðræðunum stendur. Yfirtökuaðili skal við slíkar aðstæður tilgreina allar þær fjárhæðir sem ekki eru hluti af því sem yfirtökuaðili og yfirtekinn aðili (eða fyrrum eigendur hans) skiptust á við sameiningu fyrirtækjanna, þ.e. fjárhæðir sem ekki eru hluti af skiptunum fyrir yfirtekna aðilann. Sem hluta af því að beita yfirtökuaðferðinni skal yfirtökuaðili einungis færa yfirfært endurgjald fyrir yfirtekinn aðila ásamt yfirteknum eignum og skuldum vegna skiptanna á yfirtekna aðilanum. Sérstök viðskipti skal færa í samræmi við viðeigandi IFRS-staðla.

52 Viðskipti sem eiga sér stað af hálfu eða fyrir hönd yfirtökuaðila eða aðallega í hag yfirtökuaðila eða sameinaðrar einingar, frekar en í hag yfirtekins aðila (eða fyrrum eigenda hans) fyrir sameiningu, eru líklega aðskilin viðskipti. Eftirfarandi eru dæmi um aðskilin viðskipti sem ekki skal taka til greina við beitingu yfirtökuaðferðarinnar:

a) viðskipti sem í reynd gera upp sambönd sem áður voru til staðar milli yfirtökuaðila og yfirtekins aðila

b) viðskipti þar sem starfsfólki eða fyrri eigendum yfirtekins aðila er launað fyrir þjónustu í framtíðinni og

c) viðskipti þar sem yfirteknum aðila eða fyrri eigendum hans er endurgreitt vegna greiðslu á kostnaði yfirtökuaðila við yfirtökuna.

Ákvæði liða B50–B62 veita leiðbeiningar um beitingu í þessu samhengi.

Kostnaður vegna yfirtöku

53 Kostnaður vegna yfirtöku er sá kostnaður sem yfirtökuaðili stofnar til við sameiningu fyrirtækja. Þessi kostnaður nær m.a. til fundar-, ráðgjafa-, lögfræði-, reikningsskila-, verðmats- og annarra sérfræðiþóknana, almenns stjórnunarkostnaðar, þ.m.t. kostnaður vegna reksturs eigin yfirtökudeildar, ásamt kostnaði við skráningu og útgáfu skulda- og hlutabréfa. Yfirtökuaðili skal færa yfirtökutengdan kostnað sem útgjöld á því tímabili sem til hans er stofnað og þjónustan þegin, með einni undantekningu. Kostnað vegna útgáfu skulda- og hlutabréfa skal færa í samræmi við IAS-staðal 32 og IFRS-staðal 9.

SÍÐARA MAT OG REIKNINGSSKIL

54 Almennt skal yfirtökuaðili síðan meta og færa yfirteknar eignir og skuldir, skuldir, sem stofnað er til, og eiginfjárgerninga, sem gefnir eru út vegna sameiningar fyrirtækja, í samræmi við aðra viðeigandi IFRS- staðla vegna þessara liða og með hliðsjón af eðli þeirra. Þó veitir þessi IFRS-staðall leiðbeiningar um síðara mat og færslu eftirfarandi yfirtekinna eigna og skulda, skulda, sem stofnað er til, og útgefinna eiginfjárgerninga vegna sameiningar fyrirtækja:

a) endurkeypt réttindi

b) óvissar skuldir, færðar frá og með yfirtökudegi,

c) ábyrgðartryggðar eignir og

d) óvissar greiðslur.

Ákvæði liðar B63 veita leiðbeiningar um viðeigandi beitingu.

Endurkeypt réttindi

55 Endurkeypt réttindi sem færð eru sem óefnisleg eign skal afskrifa á eftirlifandi samningstíma þess samnings sem veitir réttindin. Yfirtökuaðili sem í kjölfarið selur endurkeypt réttindi til þriðja aðila skal telja bókfært verð hinnar óefnislegu eignar með þegar ákvarðað er um hagnað eða tap á sölunni.

Óvissar skuldir

56 Eftir upphafsfærslu og þar til skuld er greidd upp, felld úr gildi eða rennur úr gildi skal yfirtökuaðili meta óvissa skuld sem er færð við sameiningu fyrirtækja sem hærri fjárhæðina af:

a) fjárhæðinni sem væri færð í samræmi við IAS-staðal 37 og

b) fjárhæðinni sem var færð upphaflega, að frádreginni, þar sem við á, uppsafnaðri fjárhæð afkomu sem er færð í samræmi við meginreglur IFRS-staðals 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*.

Þessi krafa gildir ekki um samninga sem færðir eru í samræmi við IFRS-staðal 9.

Bótaeignir

57 Við lok hvers síðara reikningsskilatímabils skal yfirtökuaðili meta ábyrgðartryggða eign, sem var færð á yfirtökudegi, á sama grundvelli og ábyrgðartryggða skuldin eða eignin, með fyrirvara um allar samningsbundnar takmarkanir á fjárhæðinni, og, fyrir ábyrgðartryggða eign, sem ekki er síðar metin á gangvirði, mat stjórnenda á innheimtanleika ábyrgðartryggðu eignarinnar. Yfirtökuaðili skal aðeins afskrá ábyrgðartryggða eign þegar hann innheimtir hana, selur eða með öðrum hætti glatar rétti til hennar.

Óvissar greiðslur

58 Sumar breytingar á gangvirði óvissrar greiðslu, sem yfirtökuaðili færir eftir yfirtökudag, kunna að vera afleiðingar viðbótarupplýsinga sem yfirtökuaðili fær eftir þann dag varðandi málsatvik og aðstæður sem voru á yfirtökudegi. Slíkar breytingar eru leiðréttingar á matstímabili í samræmi við 45.–49. lið. Þó eru breytingar sem verða vegna atburða eftir yfirtökudag, s.s. að uppfylla markmið um tekjur, ná tilteknu hlutabréfaverði eða ná markmiðum rannsóknar- og þróunarverkefnis, ekki leiðréttingar á matstímabili. Yfirtökuaðili skal færa breytingar á gangvirði óvissrar greiðslu sem ekki eru leiðréttingar á matstímabilinu sem hér segir:

a) óviss greiðsla, flokkuð sem eigið fé, skal ekki endurmeta og gera skal grein fyrir síðari uppgjöri hennar innan eigin fjár.

b) Önnur óviss greiðsla sem:

i) er innan gildissviðs IFRS-staðals 9 skal metin á gangvirði á sérhverjum reikningsskiladegi og færa skal breytingar á gangvirði í rekstrarreikning í samræmi við IFRS-staðal 9,

ii) er ekki innan gildissviðs IFRS-staðals 9 skal metin á gangvirði á sérhverjum reikningsskiladegi og færa skal breytingar á gangvirði í rekstrarreikning.

UPPLÝSINGAGJÖF

59 Yfirtökuaðili skal veita upplýsingar sem gera notendum reikningsskila hans kleift að meta eðli og fjárhagsleg áhrif af sameiningu fyrirtækja sem á sér stað annað hvort:

a) á yfirstandandi reikningsskilatímabili eða

b) eftir lok reikningsskilatímabils en áður en birting reikningsskilanna er heimiluð.

60 Til að uppfylla markmið 59. liðar skal yfirtökuaðili birta þær upplýsingar sem tilgreindar eru í liðum B64—B66.

61 Yfirtökuaðili skal greina frá upplýsingum sem gera notendum reikningsskila hans kleift að meta fjárhagsleg áhrif breytinga sem færðar eru á yfirstandandi reikningsskilatímabili og tengjast sameiningu fyrirtækja sem áttu sér stað á yfirstandandi eða fyrri tímabilum.

62 Til að uppfylla markmið 61. liðar skal yfirtökuaðili birta þær upplýsingar sem tilgreindar eru í lið B67.

63 Ef tilteknar upplýsingar, sem krafist er að birtar séu í þessum og öðrum IFRS-stöðlum, fullnægja ekki þeim markmiðum, sem sett eru fram í 59. og 61. lið, skal yfirtökuaðili birta viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að þau markmið náist.

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

Gildistökudagur

64 Þessum IFRS-staðli skal beita framvirkt á sameiningu fyrirtækja ef yfirtökudagur er á eða eftir upphaf fyrsta árlega reikningsskilatímabil sem byrjar 1. júlí 2009 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Þó skal aðeins beita þessum IFRS-staðli við upphaf árlegra reikningsskilatímabila sem byrja 30. júní 2007 eða síðar. Ef eining beitir þessum IFRS-staðli fyrir 1. júlí 2009, skal hún greina frá því og beita IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt árið 2008) á sama tíma.

64A [Felldur brott]

64B Liðum 19, 30 og B56 var breytt og liðum B62A og B62B var bætt við með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)* sem gefnar voru út í maí 2010. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Beiting skal vera framvirk frá þeim degi þegar eining beitir þessum IFRS-staðli í fyrsta sinn.

64C Liðum 65A–65E var bætt við með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)* sem gefnar voru út í maí 2010. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Breytingunum skal beita á stöður skilyrtra viðbótargreiðslna sem verða til við sameiningu fyrirtækja með yfirtökudag áður en þessum IFRS-staðli, sem var gefinn út árið 2008, er beitt.

64D [Felldur brott]

64E IFRS-staðall 10, gefinn út í maí 2011, breytti liðum 7, B13, B63 (e-lið) og viðbæti A. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10.

64F IFRS-staðall 13, *gangvirðismat*, gefinn út í maí 2011, breytti 20., 29., 33. og 47. lið, breytti skilgreiningu gangvirðis í viðbæti A og breytti liðum B22, B40, B43–B46, B49 og B64. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

64G *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu 7. lið og bættu við lið 2A. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita liðnum *Fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

64H [Felldur brott]

64I Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012*, sem voru gefnar út í desember 2013, voru gerðar breytingar á 40. og 58. lið og lið 67A bætt við og viðeigandi fyrirsögn. Eining skal beita þessari breytingu í framtíðinni gagnvart sameiningu fyrirtækja sem eru með yfirtökudagsetningu 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining getur beitt breytingunni fyrr að því tilskildu að IFRS-staðli 9 og IAS-staðli 37 (eins og báðum var breytt með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012* hafi einnig verið beitt. Ef eining beitir þeirri breytingu fyrr skal hún greina frá því.

64J *Árlegar endurbætur tímabilið 2011-2013*, gefnar út í desember 2013, breyttu lið 2(a). Eining skal beita þessari breytingu framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

64K IFRS-staðall 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, gefinn út í maí 2014, breytti 56. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

64L IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti liðum 16, 42, 53, 56, 58 og B41 og felldi brott liði 64A, 64D og 64H. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

64M Með IFRS-staðli 16, útgefinn í janúar 2016, breyttust liðir 14, 17, B32 og B42, liðir B28–B30 og tengdar fyrirsagnir þeirra féllu brott og liðir 28A–28B og tengdar fyrirsagnir þeirra bættust við. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

64N IFRS-staðall 17, gefinn út í maí 2017, breytti 17., 20., 21. og 35. lið og lið B63 og á eftir 31. lið var bætt við fyrirsögn og lið 31A. *Breytingar á IFRS-staðli 17*, gefnar út í júní 2020, breyttu lið 31A. Eining skal beita breytingum á 17. lið gagnvart sameiningu fyrirtækja með yfirtökudag eftir upphafsbeitingardag IFRS-staðals 17. Eining skal beita hinum breytingunum þegar hún beitir IFRS-staðli 17.

64O Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) fyrir tímabilið 2015-2017*, sem voru gefnar út í desember 2017, var lið 42A bætt við. Eining skal beita þessum breytingum á sameiningu fyrirtækja ef yfirtökudagur er við eða eftir upphaf fyrsta árlega reikningsskilatímabils sem byrjar 1. janúar 2019 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þessum breytingum fyrr skal hún greina frá því.

64P Í *Skilgreining á fyrirtæki*, sem gefin var út í október 2018, var liðum B7A–B7C, B8A og B12A–B12D bætt við, skilgreiningunni á hugtakinu „fyrirtæki“ í viðbæti A breytt, liðum 3, B7–B9, B11 og B12 var breytt og liður B10 felldur brott. Eining skal beita þessum breytingum á sameiningu fyrirtækja ef yfirtökudagur er við eða eftir upphaf fyrsta árlega reikningsskilatímabilsins sem hefst 1. janúar 2020 eða síðar og á yfirtökur sem eiga sér stað við eða eftir upphaf þess tímabils. Heimilt er að beita þessum breytingum fyrr. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil.

64Q Með *Tilvísun í hugtakaramma*, sem gefin var út í maí 2020, var liðum 11, 14, 21, 22 og 23 breytt og liðum 21A, 21B, 21C og 23A bætt við. Eining skal beita þessum breytingum á sameiningu fyrirtækja ef yfirtökudagur er við eða eftir upphaf fyrsta árlega reikningsskilatímabils sem byrjar 1. janúar 2022 eða síðar. Fyrri beiting er heimil ef eining beitir einnig á sama tíma eða fyrr öllum breytingum sem gerðar voru með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum,* útg. í mars 2018.

Bráðabirgðaákvæði

65 Eignir og skuldir sem stafa af sameiningum fyrirtækja sem urðu áður en þessum IFRS-staðli var beitt skulu ekki leiðréttar í kjölfar beitingar þessa IFRS-staðals.

65A Við fyrstu beitingu þessa IFRS-staðals skal ekki leiðrétta stöður skilyrtra viðbótargreiðslna sem verða til við sameiningu fyrirtækja þar sem yfirtökudagarnir koma á undan deginum þegar eining beitir þessum IFRS-staðli, líkt og hann var útgefinn árið 2008, í fyrsta sinn. Beita skal liðum 65B–65E við síðari reikningsskil þessara staða. Ekki skal beita liðum 65B–65E á færslu staðna óvissra greiðslna sem verða til við sameiningu fyrirtækja með yfirtökudaga á deginum, eða eftir þann dag þegar eining beitir þessum IFRS-staðli, líkt og hann var útgefinn árið 2008, í fyrsta sinn. Í liðum 65B–65E vísar sameining fyrirtækja eingöngu til sameiningar fyrirtækja þar sem yfirtökudagur er á undan beitingu þessa IFRS-staðals líkt og hann var útgefinn árið 2008.

65B Þegar samningur um sameiningu fyrirtækja kveður á um leiðréttingu á kostnaðarverði sameiningar fyrirtækja sem tengist framtíðaratburðum skal yfirtökuaðili telja fjárhæð leiðréttingarinnar með í kostnaðarverði sameiningarinnar á yfirtökudegi ef leiðréttingin er líkleg og unnt er að meta hana á áreiðanlegan hátt.

65C Í samningi um sameiningu fyrirtækja má gera ráð fyrir leiðréttingum á kostnaðarverði sameiningarinnar sem tengjast einum eða fleiri framtíðaratburðum. Leiðrétting kann t.d. að vera háð því að ákveðnu hagnaðarstigi sé viðhaldið eða náð á framtíðartímabilum eða því að markaðsverði gerninga sem gefnir eru út sé viðhaldið. Venjulega er hægt að meta fjárhæð slíkra leiðréttinga við upphaflega færslu sameiningarinnar án þess að draga úr áreiðanleika upplýsinganna jafnvel þótt einhver óvissa ríki. Ef framtíðaratburðirnir gerast ekki eða endurskoða þarf matið er kostnaðarverð sameiningar fyrirtækjanna leiðrétt í samræmi við það.

65D Þegar samningur um sameiningu fyrirtækja kveður á um slíka leiðréttingu er sú leiðrétting ekki talin með í kostnaðarverði sameiningarinnar við upphaflega færslu sameiningarinnar ef hún er annaðhvort ekki líkleg eða ekki er unnt að meta hana á áreiðanlegan hátt. Ef leiðréttingin verður síðan líkleg og unnt er að meta hana með áreiðanlegum hætti skal farið með viðbótarendurgjaldið sem leiðréttingu á kostnaðarverði sameiningarinnar.

65E Við sumar aðstæður er gerð krafa um að yfirtökuaðilinn greiði seljandanum bætur síðar vegna lækkunar á virði eigna sem afhentar eru, eiginfjárgerninga sem gefnir eru út eða skulda sem stofnað er til eða yfirtökuaðilinn yfirtekur í skiptum fyrir yfirráð yfir yfirtekna aðilanum. Þetta á t.d. við þegar yfirtökuaðilinn ábyrgist markaðsverð eiginfjár- eða skuldagerninga, sem eru gefnir út sem hluti af kostnaðarverði sameiningar fyrirtækja, og þess er krafist að hann gefi út fleiri eiginfjár- eða skuldagerninga til að ná aftur því kostnaðarverði sem var ákvarðað upphaflega. Í slíkum tilvikum er engin hækkun á kostnaðarverði færð við sameiningu fyrirtækja. Þegar um eiginfjárgerninga er að ræða er gangvirði viðbótargreiðslunnar jafnað saman með jafnri lækkun á virði gerninganna sem upphaflega voru gefnir út. Þegar um skuldagerninga er að ræða telst viðbótargreiðslan vera lækkun á yfirverði eða hækkun á undirverði upphaflegu útgáfunnar.

66 Eining, s.s. sameiginlegar einingar, sem hefur ekki enn beitt IFRS-staðli 3 og tekið þátt í einni eða fleiri sameiningum fyrirtækja, sem færðar voru með kaupaðferð skal beita aðlögunarákvæðunum í lið B68 og B69.

Tekjuskattar

67 Vegna sameininga fyrirtækja þar sem yfirtökudagur var áður en þessum IFRS-staðli var beitt, skal yfirtökuaðili beita framvirkt kröfum í 68. lið IAS-staðals 12, eins og þeim var breytt með þessum IFRS-staðli. Yfirtökuaðili skal, þ.e.a.s. ekki leiðrétta reikningsskil vegna fyrri sameininga fyrirtækja vegna áður færðra breytinga á frestaðri skattinneign. Yfirtökuaðili skal þó, frá og með þeim degi sem þessum IFRS-staðali er beitt, færa breytingar á færðri, frestaðri skattinneign sem leiðréttingu í rekstrarreikning (eða, ef IAS-staðall 12 krefst þess, utan rekstrarreiknings).

TILVÍSANIR Í IFRS-STAÐAL 9

67A Beiti eining þessum IFRS-staðli þótt hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ætti að lesa tilvísanirnar í IFRS-staðal 9 sem tilvísanir í IAS-staðal 39.

AFTURKÖLLUN IFRS-STAÐALS 3 (2004)

68 Þessi IFRS-staðall kemur í stað IFRS-staðals 3, *sameining fyrirtækja* (eins og hann var gefinn út 2004).

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

yfirtekinn aðili	Það eða þau fyrirtæki sem **yfirtökuaðili** nær yfirráðum yfir við **sameiningu fyrirtækja**.
yfirtökuaðili	Sú eining sem öðlast yfirráð yfir **yfirteknum aðila**.
yfirtökudagur	Dagurinn þegar **yfirtökuaðili** fær yfirráð yfir **yfirtekna aðilanum**.
fyrirtæki	Samþætt heild starfsemi og eigna sem unnt er að reka og stjórna í þeim tilgangi að afhenda vörur eða þjónustu til viðskiptavina, skapa fjárfestingartekjur (eins og arð eða vexti) eða skapa aðrar tekjur af reglulegri starfsemi.
sameining fyrirtækja	Viðskipti eða annar atburður þar sem **yfirtökuaðili** öðlast yfirráð yfir einu eða fleiri **fyrirtækjum**. Viðskipti, sem stundum eru nefnd „raunverulegur samruni“ eða „samruni jafningja“, er einnig **sameining fyrirtækja** eins og það hugtak er notað í þessum IFRS-staðli.
óvissar greiðslur	Yfirleitt skuldbinding **yfirtökuaðila** um að yfirfæra viðbótareignir eða **hlutdeild í eigin fé** til fyrri eigenda **yfirtekins aðila**, sem hluta af endurgjaldi fyrir **yfirráð** yfir **yfirteknum aðila**, ef tilteknir atburðir gerast eða skilyrði eru uppfyllt. Þó getur *óviss greiðsla* verið með þeim hætti að **yfirtökuaðili** eigi rétt á endurgreiðslu áður yfirfærðrar greiðslu ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt.
hlutdeild í eigin fé	Í þessum IFRS-staðli er hugtakið *hlutdeild í eigin fé* notað í víðum skilningi um eignarhlutdeild fjárfesta í einingum og hlutdeild eigenda, félagsaðila eða þátttakenda í **gagnkvæmum einingum**.
gangvirði	*Gangvirði* er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13.)
viðskiptavild	Eign sem myndast við **sameiningu fyrirtækja** og lýsir væntingum um efnahagslegan hagnað af yfirteknum eignum sem eru ekki sérstaklega skilgreindar og færðar.
auðgreinanleg	Eign er *auðgreinanleg* ef hún annaðhvort: a) er aðgreinanleg, þ.e. hægt er að aðgreina eða kljúfa hana frá einingunni og selja, yfirfæra, veita leyfi fyrir henni, leigja hana eða láta í skiptum ýmist eina og sér eða ásamt tengdum samningi, eign eða skuld, hvort sem rekstrareining ætlar sér að að gera svo eður ei, eða b) verður til vegna samningsbundinna eða annarra lagalegra réttinda, óháð því hvort þau réttindi eru yfirfæranleg eða aðgreinanleg frá einingunni eða frá öðrum réttindum og skyldum.
óefnisleg eign	**Auðgreinanleg** ópeningaleg eign án efnislegs forms.

gagnkvæm eining	Eining, önnur en eining í eigu fjárfesta, sem skilar arði, lækkar tilkostnað eða skilar öðrum efnahagslegum ávinningi beint til **eigenda** sinna, félagsaðila eða þátttakenda. Til dæmis eru sameiginlegt tryggingafélag, lánasamvinnufélag og samvinnueining allt dæmi um sameiginlega einingu.
hlutur sem ekki er ráðandi	Eigið fé í dótturfyrirtæki sem er ekki, beint eða óbeint, í eigu móðurfélags.
eigendur	Í þessum IFRS-staðli er hugtakið eigendur notað í víðum skilningi um handhafa **eiginfjárhlutdeildar** í einingum í eigu fjárfesta og eigendur eða félagsaðila eða þátttakendur í **gagnkvæmum einingum**.

Viðbætir B

Leiðbeiningar varðandi beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

SAMEINING FYRIRTÆKJA UNDIR SÖMU STJÓRN (BEITING LIÐAR 2(C))

B1 Þessi IFRS-staðall á ekki við um sameiningu fyrirtækja eða eininga undir sömu stjórn. Sameining fyrirtækja sem tekur til eininga eða fyrirtækja sem lúta sameiginlegum yfirráðum er sameining fyrirtækja þar sem allar einingarnar eða fyrirtækin, sem sameinast, lúta að lokum yfirráðum sama aðila eða sömu aðila bæði fyrir og eftir sameiningu fyrirtækjanna og þau yfirráð eru ekki til bráðabirgða.

B2 Hópur einstaklinga skal álitinn stjórna einingu þegar hann vegna samningsákvæða hefur í sameiningu völd til að stýra fjárhags- og rekstrarstefnu hennar í þeim tilgangi að hljóta ávinning af starfsemi hennar. Þess vegna er sameining fyrirtækja utan gildissviðs þessa IFRS-staðals þegar sami hópur einstaklinga hefur vegna samningsákvæða sameiginlegt úrslitavald til að stýra fjárhags- og rekstrarstefnu sérhverrar af einingunum sem sameinast í þeim tilgangi að hljóta ávinning af starfsemi þeirra og þetta sameiginlega úrslitavald er ekki til bráðabirgða.

B3 Einstaklingur eða hópur einstaklinga, sem starfar saman samkvæmt samningsákvæðum, getur haft yfirráð yfir einingu og verið getur að sá einstaklingur eða hópur einstaklinga sé ekki háður kröfum IFRS-staðla um reikningsskil. Þess vegna er ekki nauðsynlegt að einingar, sem sameinast, séu hluti af sömu samstæðureikningsskilum til að sameining fyrirtækja teljist taka til eininga sem lúta sameiginlegum yfirráðum.

B4 Umfang hlutdeildar minnihluta í sérhverri einingu sem sameinast annarri, fyrir og eftir sameiningu fyrirtækjanna, skiptir ekki máli við ákvörðun á því hvort sameiningin taki til eininga sem lúta sameiginlegum yfirráðum. Á svipaðan hátt skiptir ekki máli ef ein af einingunum sem sameinast er dótturfélag sem fellur ekki undir samstæðureikningsskil hópsins þegar ákvarðað er hvort sameining tekur til eininga sem lúta sameiginlegum yfirráðum.

SKILGREINING Á SAMEININGU FYRIRTÆKJA (BEITING 3. LIÐAR)

B5 Þessi IFRS-staðall skilgreinir sameiningu fyrirtækja sem viðskipti eða annan atburð þar sem yfirtökuaðili tekur við stjórn eins eða fleiri fyrirtækja. Yfirtökuaðili getur náð yfirráðum yfir yfirteknum aðila með mismunandi hætti, til dæmis:

a) með yfirfærslu reiðufés, ígildi handbærs fjár eða öðrum eignum (þ.m.t. eignum sem mynda fyrirtæki),

b) með því að taka á sig skuldir,

c) með útgáfu eiginfjárhluta,

d) með því að greiða fleiri en eins konar endurgjald, eða

e) án þess að yfirfæra endurgjald, þ.m.t. einungis með samningi (sjá 43. lið).

B6 Sameining fyrirtækja getur verið byggð upp á marga vegu, af lagalegum, skattalegum eða öðrum ástæðum, þar á meðal, en ekki einskorðað við:

a) eitt eða fleiri fyrirtæki verða dótturfyrirtæki yfirtökuaðila eða hreinar eignir eins eða fleiri fyrirtækja sameinast með löglegum hætti yfirtökuaðila,

b) eitt fyrirtækjanna í sameiningunni millifærir hreinar eignir sínar eða eigendur þess færa eiginfjárhlutdeild sína til annars fyrirtækis í sameiningunni eða eigenda þess,

c) öll fyrirtækin í sameiningunni færa hreinar eignir sínar, eða eigendur þessara fyrirtækja færa eignarhluta sína, í nýstofnað fyrirtæki (stundum nefnt upprúlluð eða samsett viðskipti), eða

d) hópur fyrrum eigenda eins af sameinuðu fyrirtækjunum tekur við stjórn sameinaðs fyrirtækis.

SKILGREINING Á FYRIRTÆKI (BEITING 3. LIÐAR)

B7 Fyrirtæki samanstendur af aðföngum og ferlum sem beitt er á aðföngin sem geta stuðlað að því að skapa afurð. Þrír þættir fyrirtækis eru skilgreindir sem hér segir (sjá liði B8–B12D með leiðbeiningum um þætti fyrirtækis):

a) **Aðföng:** Hvers kyns efnahagsleg verðmæti sem skapa, eða unnt er að nota til að skapa, afurðir og nota við það eitt eða fleiri ferli. Sem dæmi má nefna fastafjármuni (þ.m.t. óefnislegar eignir eða réttindi til að nýta fastafjármuni), hugverk, getuna til að fá aðgang að nauðsynlegum efnum eða réttindum og starfsfólk.

b) **Ferli:** Hvers kyns kerfi, staðall, aðferðarlýsing, samningur eða regla sem skapar, eða getur stuðlað að því að skapa, afurð þegar slíku er beitt á aðföng. Sem dæmi má nefna stefnumótandi stjórnunarferli, rekstrarferli og aðfangastjórnunarferli. Þessi ferli eru gjarnan skjalfest, en hugverkageta skipulagðs vinnuafls, sem býr yfir nauðsynlegri færni og reynslu til að fylgja reglum og viðteknum venjum, gæti framkvæmt þau vinnsluferli sem nauðsynleg eru til að breyta aðföngum í afurðir. (Reikningshald, reikningagerð, launavinnsla og önnur stjórnunarkerfi eru yfirleitt ekki ferli sem notuð eru til framleiðslu afurða.)

c) **Afurð:** Árangurinn af aðföngum og ferlum, sem er beitt á aðföngin, sem láta viðskiptavinum í té vörur eða þjónustu, skapa fjárfestingartekjur (eins og arð eða vexti) eða skapa aðrar tekjur af reglulegri starfsemi.

Valfrjáls prófun til að greina samsöfnun gangvirðis

B7A Liður B7B setur fram valfrjálsa prófun (samsöfnunarprófun) til að hægt sé að framkvæma einfalt mat á því hvort yfirtekin heild starfsemi og eigna sé fyrirtæki. Eining getur valið að beita prófuninni eða ekki. Eining getur valið það sérstaklega fyrir hver viðskipti eða annan atburð. Samsöfnunarprófunin hefur eftirtaldar afleiðingar:

a) ef skilyrði samsöfnunarprófunarinnar eru uppfyllt er litið svo á að heild starfsemi og eigna sé ekki fyrirtæki og að frekara mat sé óþarft,

b) ef skilyrði samsöfnunarprófunarinnar eru ekki uppfyllt, eða ef eining velur að beita ekki prófuninni, skal eining framkvæma matið sem sett er fram í liðum B8–B12D.

B7B Skilyrði samsöfnunarprófunarinnar teljast uppfyllt ef næstum öllu gangvirði yfirtekinna brúttóeigna er safnað saman í eina aðgreinanlega eign eða flokk svipaðra aðgreinanlegra eigna. Eftirfarandi á við um samsöfnunarprófunina:

a) Yfirteknar brúttóeignir skulu ekki taka til handbærs fjár og ígildis þess, frestaðra skattinneigna né heldur viðskiptavildar sem hlýst af áhrifum frestaðra skattskuldbindinga.

b) Gangvirði yfirtekinna brúttóeigna skal innihalda hvers kyns yfirfært endurgjald (auk gangvirðis hvers kyns hluta sem ekki eru ráðandi og gangvirðis hvers kyns fyrri hlutdeildar) umfram gangvirði hreinna aðgreinanlegra eigna sem eru yfirteknar. Venjulega má ákveða að gangvirði yfirtekinna brúttóeigna sé sú samtala sem fengin er með því að leggja saman gangvirði yfirfærðs endurgjalds (auk gangvirðis hvers kyns hluta sem ekki eru ráðandi og gangvirðis hvers kyns fyrri hlutdeildar) og gangvirði yfirtekinna skulda (annarra en frestaðra skattskuldbindinga) og undanskilja síðan liðina sem tilgreindir eru í a-lið. Ef gangvirði yfirtekinna brúttóeigna er hins vegar hærra en sú samtala getur stundum verið þörf á nákvæmari útreikningum.

c) Ein aðgreinanleg eign skal fela í sér hverja þá eign, eða eignaflokk, sem yrði færð og mæld sem ein aðgreinanleg eign í sameiningu fyrirtækja.

d) Ef efnisleg eign er tengd við, og ekki er hægt að færa hana frá og nota án annarrar efnislegrar eignar (eða frá undirliggjandi eign sem fellur undir leigusamning, eins og hún er skilgreind í IAS-staðli 16, *leigusamningar*) án þess að af hljótist umtalsverður kostnaður, eða umtalsverð skerðing á notagildi eða gangvirði annarrar hvorrar eignarinnar (til dæmis lands og byggingar), skal telja þær eignir eina aðgreinanlega eign.

e) Við mat á því hvort eignir séu svipaðar skal eining taka tillit til eðlis hverrar stakrar aðgreinanlegrar eignar og áhættunnar sem tengist því að stjórna og skapa afurðir frá eignunum (þ.e. áhættueinkenni).

f) Eftirfarandi skal ekki teljast til svipaðra eigna:

i) efnisleg eign og óefnisleg eign,

ii) efnislegar eignir í mismunandi flokkum (til dæmis birgðir, framleiðslubúnaður og bifreiðar) nema þær teljist ein aðgreinanleg eign í samræmi við viðmiðununina í d-lið,

iii) aðgreinanlegar óefnislegar eignir í mismunandi flokkum (til dæmis vöruheiti, leyfi og óefnislegar eignir í þróun),

iv) fjáreign og eign sem er ekki fjáreign,

v) fjáreignir í mismunandi flokkum (til dæmis viðskiptakröfur og fjárfestingar í hlutabréfagerningum) og

vi) aðgreinanlegar eignir sem eru í sama eignaflokki en hafa umtalsvert ólík áhættueinkenni.

B7C Kröfurnar í lið B7B breyta ekki leiðbeiningum um svipaðar eignir í IAS-staðli 38, *óefnislegar eignir*, né heldur breyta þær merkingu hugtaksins „flokkur“ í IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*, IAS-staðli 38, *óefnislegar eignir* og IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*.

Þættir fyrirtækis

B8 Þótt fyrirtæki framleiði venjulega afurðir er það ekki skilyrði sem samþætt heild starfsemi og eigna þarf að uppfylla til að teljast fyrirtæki. Til að unnt sé að sjá um og stjórna samþættri heild starfsemi og eigna, í þeim tilgangi sem tilgreindur er í skilgreiningu á fyrirtæki, verður samþætt heild starfsemi og eigna að hafa yfir að ráða tveimur nauðsynlegum þáttum — aðföngum og ferlum sem beitt er á aðföngin. Fyrirtæki þarf ekki að taka til allra aðfanga eða ferla sem seljandi notaði til að reka það fyrirtæki. Til að teljast fyrirtæki þarf hins vegar samþætt heild starfsemi og eigna að nota, að lágmarki, aðföng og ítarlegt ferli sem saman leggja umtalsvert til getunnar til að skapa afurðir. Liðir B12–B12D tilgreina hvernig á að meta hvort ferli sé þýðingarmikið.

B8A Ef yfirtekin heild starfsemi og eigna er með afurðir gefa áframhaldandi tekjur einar og sér ekki til kynna að bæði aðföng og þýðingarmikið ferli hafi verið yfirtekin.

B9 Eðlisþættir fyrirtækis eru mismunandi eftir atvinnugreinum og uppbyggingu á rekstri (starfsemi) einingarinnar, þ.m.t. þróunarstig einingarinnar. Gróin fyrirtæki kunna að hafa yfir að ráða margs konar aðföngum, ferlum og afurðum en ný fyrirtæki aðeins fáum aðföngum og ferlum og stundum aðeins einni afurð (vöru). Nær öll fyrirtæki hafa einnig skuldbindingar, en fyrirtæki þurfa þó ekki að hafa skuldbindingar. Enn fremur gæti yfirtekin heild starfsemi og eigna sem ekki er fyrirtæki haft skuldbindingar.

B10 [Felldur brott]

B11 Ákvörðun um það hvort tiltekin samþætt heild starfsemi og eigna sé fyrirtæki skal byggjast á því að markaðsaðili geti séð um og stjórnað samþættu heildinni eins og fyrirtæki. Þannig skiptir það ekki máli hvort seljandi rak tiltekna heild sem fyrirtæki eða hvort yfirtökuaðili ætlar sér að reka hana sem fyrirtæki þegar meta skal hvort tiltekin heild sé fyrirtæki.

Mat á því hvort yfirtekið ferli sé þýðingarmikið

B12 Í liðum B12A–B12D er útskýrt hvernig eigi að meta hvort yfirtekið ferli sé þýðingarmikið ef yfirtekin heild starfsemi og eigna er ekki með afurðir (liður B12B) og ef hún er með afurðir (liður B12C).

B12A Dæmi um heild starfsemi og eigna sem er ekki með afurðir á yfirtökudegi er eining á fyrstu stigum sem er ekki byrjað að skapa tekjur. Enn fremur, ef yfirtekin heild starfsemi og eigna skapaði tekjur á yfirtökudegi telst hún vera með afurðir á þeim degi, þó að hún skapi síðar ekki tekjur frá utanaðkomandi viðskiptamönnum, til dæmis vegna þess að hún verður samþætt yfirtökuaðilanum.

B12B Ef heild starfsemi og eigna er ekki með afurðir á yfirtökudegi skal yfirtekið ferli (eða flokkur ferla) eingöngu teljast þýðingarmikið ef:

a) það er mikilvægt fyrir getuna til að þróa eða breyta yfirteknum aðföngum í afurðir og

b) yfirteknu aðföngin innihalda bæði skipulagt vinnuafl sem býr yfir nauðsynlegri hæfni, þekkingu eða reynslu til að framkvæma ferlið (eða flokka ferla) og önnur aðföng sem skipulagt vinnuafl gæti þróað eða breytt í afurðir. Þessi önnur aðföng geta verið:

i) hugverkaréttindi sem hægt er að nota til að þróa vörur eða þjónustu,

ii) annar efnahagslegur auður sem hægt er að þróa til að skapa afurðir eða

iii) réttindi til að fá aðgang að nauðsynlegum efnivið eða réttindum sem gera kleift að skapa afurðir í framtíðinni.

Dæmi um aðföng sem nefnd eru í i.-iii. lið b-liðar geta verið tækni, rannsóknar- og þróunarverkefni í vinnslu, fasteignir og jarðefnaréttindi.

B12C Ef heild starfsemi og eigna er með afurðir á yfirtökudegi skal yfirtekið ferli (eða flokkur ferla) teljast þýðingarmikið ef, þegar því er beitt á yfirtekin aðföng:

a) það er mikilvægt fyrir getuna til að halda áfram framleiðslu afurða og yfirtekin aðföng innihalda skipulagt vinnuafl sem býr yfir nauðsynlegri hæfni, þekkingu eða reynslu til að framkvæma ferlið (eða flokk ferla) eða

b) það leggur með umtalsverðum hætti til getunnar til að halda áfram framleiðslu afurða og:

i. telst einstakt eða takmarkað eða

ii. ekki er hægt að skipta því út án umtalsverðs kostnaðar, átaks eða tafa á getunni til að halda áfram að framleiða afurðir.

B12D Eftirfarandi viðbótarumfjöllun styður bæði liði B12B og B12C:

a) Yfirtekinn samningur er aðföng og ekki þýðingarmikið ferli. Engu að síður getur yfirtekinn samningur, til dæmis samningur um útvistaða eignaumsjón eða útvistaða eignastýringu, gefið aðgang að skipulögðu vinnuafli. Eining skal meta hvort skipulagt vinnuafl sem aðgangur fæst að með slíkum samningi framkvæmi þýðingarmikið ferli sem einingin stjórnar og hefur þannig yfirtekið. Meðal þátta sem þarf að hafa í huga við það mat eru lengd samningsins og skilmálar um endurnýjun.

b) Erfiðleikar við að skipta út yfirteknu skipulögðu vinnuafli geta gefið til kynna að yfirtekið skipulagt vinnuafl framkvæmi ferli sem er afar mikilvægt fyrir getuna til að skapa afurðir.

c) Ferli (eða flokkur ferla) er ekki mikilvægt ef það er til dæmis til stuðnings eða lítill hluti af öllum ferlunum sem nauðsynleg eru til að skapa afurðir.

SKILGREINING Á YFIRTÖKUAÐILA (BEITING 6. OG 7. LIÐAR)

B13 Leiðbeiningarnar í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil* skulu notaðar til að skilgreina yfirtökuaðilann — þá einingu sem öðlast yfirráð yfir yfirtekna aðilanum. Ef sameining fyrirtækja hefur átt sér stað, en beiting leiðbeininganna í IFRS-staðli 10 tilgreinir ekki skýrt hver af sameinuðu einingunum er yfirtökuaðilinn, þá skulu þættirnir í liðum B14-B18 hafðir í huga við þá ákvörðun.

B14 Við sameiningu fyrirtækja sem komið er til leiðar aðallega með yfirfærslu reiðufjár eða annarra eigna eða þar sem stofnað er til skulda, er yfirtökuaðilinn yfirleitt sú eining sem yfirfærir reiðufé eða aðrar eignir eða stofnar til skulda.

B15 Við sameiningu fyrirtækja, sem komið er til leiðar aðallega með yfirfærslu hlutdeildar í eigin fé, er yfirtökuaðilinn yfirleitt sú eining sem gefur út eiginfjárhlutdeildina. Í sumum tilvikum er yfirtekni aðilinn útgefandi eigin fjár við sameiningu fyrirtækja og nefnist það almennt „andhverf yfirtaka“. Liðir B19–B27 eru leiðbeinandi um reikningsskil varðandi andhverfar yfirtökur. Aðrar viðeigandi staðreyndir og aðstæður skal einnig hafa í huga þegar yfirtökuaðili er tilgreindur í sameiningu fyrirtækja sem komið er til leiðar aðallega með yfirfærslu eiginfjárhlutdeildar, þ.m.t.:

a) *hlutfallslegur atkvæðisréttur í sameinuðu einingunni eftir sameiningu fyrirtækja* — Yfirtökuaðilinn er yfirleitt sá aðili sameiningarinnar þar sem eigendur sem hópur halda eða eignast stærstan hluta atkvæðisréttar í sameinuðu einingunni. Þegar ákvarða skal hvaða eigendahópur heldur eða eignast stærstan hluta atkvæðisréttar skal eining athuga hvort til staðar sé eitthvert óvenjulegt eða sérstakt kosningafyrirkomulag og valréttir, kaupréttir eða breytanleg verðbréf.

b) *hvort um er að ræða stóra hlutdeild minnihluta í atkvæðisrétti í sameinuðu einingunni ef enginn annar eigandi eða skipulagður hópur eigenda hefur á hendi umtalsverða hlutdeild í atkvæðisrétti* — Yfirtökuaðilinn er yfirleitt sá aðili sameiningarinnar þar sem einstakur eingandi eða skipulegur eigendahópur á stærsta hlutdeild í atkvæðisrétti minnihlutans í sameinuðu einingunni,

c) *samsetning stjórnar sameinuðu einingarinnar* — Yfirtökuaðilinn er yfirleitt sá aðili sameiningarinnar þar sem eigendur geta valið, tilnefnt eða vikið frá meirihluta stjórnarmanna í stjórn sameinuðu einingarinnar,

d) *samsetning yfirstjórnar sameinuðu einingarinnar* — Yfirtökuaðilinn er yfirleitt sá aðili sameiningarinnar þar sem (fyrri) stjórn er ráðandi í stjórn sameinuðu einingarinnar,

e) *skilmálar varðandi viðskipti með eiginfjárhlutdeild* — Yfirtökuaðilinn er yfirleitt sá aðili sameiningarinnar sem greiðir yfirverð á gangvirði eigin fjár, eins og það var fyrir sameiningu, umfram hina aðila sameiningarinnar.

B16 Yfirtökuaðilinn er yfirleitt sá aðili sameiningarinnar sem er hlutfallslega mun stærri en aðrir aðilar sameiningarinnar (til dæmis á mælikvarða eigna, tekna eða hagnaðar).

B17 Við sameiningu fyrirtækja sem tekur til fleiri en tveggja eininga, skal ákvörðun á yfirtökuaðila m.a. fela í sér að huga að því hver eininganna hafði frumkvæði að sameiningunni auk hlutfallslegrar stærðar eininganna sem sameinast.

B18 Ný eining sem stofnuð er til að hafa áhrif á sameiningu fyrirtækja þarf ekki endilega að vera yfirtökuaðili. Ef ný eining er mynduð til útgáfu eiginfjárhluta til að koma til leiðar sameiningu fyrirtækja skal ein af einingunum í sameiningunni, sem var til fyrir sameininguna, ákvörðuð sem yfirtökuaðili á grundvelli leiðbeininganna í liðum B13–B17. Hins vegar getur ný eining, sem yfirfærir reiðufé eða aðrar eignir eða stofnar til skulda sem endurgjald, verið yfirtökuaðili.

ANDHVERFAR YFIRTÖKUR

B19 Talað er um andhverfa yfirtöku þegar einingin sem gefur út verðbréf (hinn löglegi yfirtökuaðili) er skilgreind sem yfirtekinn aðili af reikningsskilalegum ástæðum á grundvelli leiðbeininganna í liðum B13–B18. Sú eining sem á þá eiginfjárhlutdeild sem yfirtekin er (hinn löglegi yfirtekni aðili) skal vera yfirtökuaðili af reikningsskilalegum ástæðum til að viðskiptin verði talin andhverf yfirtaka. Til dæmis á andhverf yfirtaka sér stundum stað þegar óskráð fyrirtæki hefur hug á að verða opinberlega skráð fyrirtæki en vill ekki skrá hlutabréf sín. Til að koma því á lætur óskráða fyrirtækið skráða fyrirtækið eignast eignarhlutdeild í óskráða fyrirtækinu í skiptum fyrir eignarhlutdeild í skráða fyrirtækinu. Í þessu dæmi er skráða fyrirtækið **yfirtökuaðili samkvæmt lögum** þar sem það gaf út eiginfjárhlutdeild og óskráða fyrirtækið er **yfirtekni aðilinn samkvæmt lögum** þar sem eiginfjárhlutdeild þess var yfirtekin. Beiting leiðbeininganna í liðum B13–B18 leiðir þó að skilgreiningu á eftirfarandi:

a) skráða fyrirtækinu sem er **yfirtekinn aðili** í reikningshaldslegum skilningi (reikningshaldslega yfirtekinn aðili) og

b) óskráðu einingunni, sem er **yfirtökuaðili** í reikningshaldslegum skilningi (reikningshaldslegur yfirtökuaðili).

Reikningshaldslega yfirtekinn aðili skal falla að skilgreiningu á fyrirtæki vegna viðskipta sem á að færa sem andhverfa yfirtöku, og allar færslu- og matsreglur í þessum IFRS-staðli, þ.m.t. kröfurnar um færslu viðskiptavildar, eiga við.

Mat á yfirfærðu endurgjaldi

B20 Við andhverfa yfirtöku greiðir reikningshaldslegur yfirtökuaðili yfirleitt ekkert endurgjald fyrir yfirtekinn aðila. Þess í stað gefur reikningshaldslega yfirtekinn aðili út hlutdeild í eigin fé sínu til eigenda reikningshaldslega yfirtökuaðilans. Í samræmi við það, er gangvirði yfirfærðs endurgjalds reikningshaldslegs yfirtökuaðila fyrir hlut í reikningshaldslega yfirteknum aðila á yfirtökudegi, byggt á fjölda eiginfjárhluta sem löglega dótturfélagið hefði þurft að gefa út til að veita eigendum móðurfélags sömu hlutfallslegu eiginfjárhlutdeild í sameinaðri einingu og niðurstaða andhverfrar yfirtöku gefur. Gangvirði þeirra eiginfjárhluta sem er reiknað með þessum hætti má nota sem gangvirði þess endurgjalds sem er yfirfært í skiptum fyrir yfirtekinn aðila.

Gerð og framsetning samstæðureikningsskila

B21 Samstæðureikningsskil sem gerð eru í kjölfar andhverfrar yfirtöku eru gerð í nafni löglega móðurfélagsins (reikningshaldslega yfirtekins aðila) en lýst í athugasemdum sem framhaldi af reikningsskilum löglegs dótturfélags (reikningshaldslegum yfirtökuaðila) með einni leiðréttingu, sem er afturvirk aðlögun á löglegu eigin fé reikningshaldslegs yfirtökuaðila, í þeim tilgangi að endurspegla löglegt eigið fé reikningshaldslega yfirtekna aðilans. Leiðréttingarinnar er krafist til að endurspegla eigið fé löglega móðurfélagsins (reikningshaldslega yfirtekins aðila). Samanburðarupplýsingar sem settar eru fram í þessum samstæðureikningsskilum eru einnig leiðréttar afturvirkt til þess að endurspegla löglegt eigið fé hins löglega móðurfélags (reikningshaldslega yfirtekins aðila).

B22 Vegna þess að samstæðureikningsskilin eru framhald á reikningsskilum löglega dótturfélagsins, að undanskilinni fjármagnsuppbyggingu þess, endurspegla samstæðureikningsskilin:

a) eignir og skuldir löglega dótturfélagsins (reikningshaldslegs yfirtökuaðila) færðar og metnar á bókfærðum fjárhæðum þeirra fyrir sameininguna.

b) eignir og skuldir hins löglega móðurfélags (reikningshaldslega yfirtekins aðila) sem eru færðar og metnar í samræmi við þennan IFRS-staðal.

c) óráðstafað eigið fé og aðra eiginfjárliði löglega dótturfélagsins (reikningshaldslegs yfirtökuaðila) **fyrir** sameiningu fyrirtækjanna.

d) þá fjárhæð sem færð er sem útgefin hlutdeild í eigin fé í samstæðureikningsskilum og ákvörðuð með því að bæta útgefinni hlutdeild löglega dótturfélagsins (reikningshaldslegs yfirtökuaðila), sem var gefin út rétt fyrir sameiningu fyrirtækjanna, við gangvirði löglega móðurfélagsins (reikningshaldslega yfirtekins aðila). Sú skipan eigin fjár (þ.e. fjöldi og gerð útgefinnar eiginfjárhlutdeildar) endurspeglar uppbyggingu eigin fjár löglega móðurfélagsins (reikningshaldslega yfirtekna aðilans) að meðtöldum eiginfjárhlutdeild sem útgefnir voru af löglega móðurfélaginu til að koma sameiningunni til leiðar. Í samræmi við það er skipan eigin fjár löglega dótturfélagsins (reikningshaldslegum yfirtökuaðila) endurgert með því að nota skiptahlutföll sem komið var á í yfirtökusamkomulaginu til að endurspegla fjölda hluta í löglega móðurfélaginu (reikningshaldslega yfirteknum aðila) útgefnum í andhverfu yfirtökunni

e) hlutfall hluta sem ekki eru ráðandi í bókfærðu verðmæti óráðstafaðs eigin fjár og annars eigin fjár löglegs dótturfélags (reikningshaldslegs yfirtökuaðila), eins og rætt er um í liðum B23 og B24.

Hlutur sem ekki er ráðandi

B23 Við andhverfa yfirtöku skipta sumir eigenda löglega dótturfélagsins (reikningshaldslegs yfirtökuaðila) hugsanlega ekki hlutdeild sinni í eigin fé fyrir hlutdeild í eigin fé löglega móðurfélagsins (reikningshaldslega yfirtekins aðila). Þessir eigendur eru meðhöndlaðir eins og hlutir sem ekki eru ráðandi í samstæðureikningsskilum eftir andhverfa yfirtöku. Þetta er vegna þess að eigendur löglega dótturfélagsins sem skipta ekki eiginfjárhlutdeild sinni fyrir eiginfjárhlutdeild löglega móðurfélagsins eiga aðeins hlutdeild í afkomu og hreinum eignum löglega dótturfélagsins—ekki afkomu og hreinum eignum sameinuðu einingarinnar. Hins vegar, þótt hinn löglegi yfirtökuaðili sé yfirtekinn aðili af reikningshaldslegum ástæðum, hafa eigendur löglega yfirtökuaðilans hagsmuni að gæta varðandi afkomu og hreina eign hinnar sameinuðu einingar.

B24 Eignir og skuldir löglega dótturfélagsins skulu færðar og metnar í þessum samstæðureikningsskilum á bókfærðum fjárhæðum þeirra fyrir sameininguna (sjá lið B22(a)). Við andhverfa yfirtöku skal hlutur sem ekki er ráðandi því endurspegla hlutfallslega eign hluthafa sem ekki eru ráðandi í bókfærðu verði hreinnar eignar löglega dótturfélagsins fyrir sameiningu, jafnvel þótt hlutir sem ekki eru ráðandi í öðrum yfirtökum eru metnir á gangvirði á yfirtökudag.

Hagnaður á hlut

B25 Eins og fram kemur í d-lið liðar B22 endurspeglar sú skipan eigin fjár sem birtist í samstæðureikningsskilum, sem gerð eru eftir andhverfa yfirtöku, skipan eigin fjár hjá löglega yfirtökuaðilanum (reikningshaldslega yfirtekna aðilanum) að meðtalinni eiginfjárhlutdeild sem útgefin var af löglega yfirtökuaðilanum til að koma sameiningu fyrirtækjanna til leiðar.

B26 Við útreikning á vegnum meðalfjölda útistandandi almennra hluta (nefnarann í útreikningi á hagnaði á hlut) á tímabilinu þegar andhverfa yfirtakan á sér stað:

a) skal reikna fjölda almennra hluta sem eru útistandandi frá byrjun þess tímabils fram að yfirtökudegi á grundvelli vegins meðalfjölda almennra hluta í þeim löglega yfirtekna aðila (reikningshaldslega yfirtökuaðilanum), sem eru útistandandi á því tímabili, margfaldað með umsömdu skiptihlutfalli í samrunasamningnum og

b) skal fjöldi almennra hluta, sem er útistandandi frá yfirtökudegi að lokum tímabilsins, vera raunverulegur fjöldi almennra hluta löglega yfirtökuaðilans (reikningshaldslega yfirtekins aðila) á tímabilinu.

B27 Grunnhagnaður á hlut fyrir hvert samanburðartímabil fyrir yfirtökudag sem sett er fram í samstæðureikningsskilum eftir andhverfa yfirtöku skal reikna út með því að deila:

a) niðurstöðu rekstrarreiknings hins löglega yfirtekna aðila til almennra hluthafa á hverju þessara tímabila með

b) vegnum sögulegum meðalfjölda útistandandi almennra hluta hins löglega yfirtekna aðila margfaldað með því skiptahlutfalli sem stuðst var við við yfirtökusamkomulagið.

FÆRSLA EINSTAKRA YFIRTEKINNA EIGNA OG SKULDA (BEITING 10.–13. LIÐAR)

B28-B30 [Felldur brott]

Óefnislegar eignir

B31 Yfirtökuaðili skal færa aðgreinanlega, óefnislega, yfirtekna eign, sem hann eignast við sameiningu fyrirtækja, aðskilda frá viðskiptavild. Óefnisleg eign er aðgreinanleg ef hún uppfyllir viðmið aðskiljanleika eða samningslagaleg viðmið.

B32 Óefnisleg eign sem fellur að samnings-lagalegu viðmiðunum er aðgreinanleg jafnvel þótt hún sé ekki yfirfæranleg eða aðskiljanleg frá yfirtekna aðilanum eða öðrum réttindum og skyldum. Dæmi:

a) [felldur brott]

b) yfirtekinn aðili á og rekur kjarnorkuver. Leyfið til að reka kjarnorkuverið er óefnisleg eign sem uppfyllir samnings-lagaleg viðmið um færslu aðskilið frá viðskiptavild, jafnvel þótt yfirtökuaðili geti ekki selt eða yfirfært leyfið aðskilið frá yfirteknu kjarnorkuveri. Yfirtökuaðili getur fært gangvirði rekstrarleyfis og gangvirði orkuversins sem eina eign í reikningsskilalegum tilgangi ef líftími eignanna er svipaður.

c) yfirtekinn aðili á einkaleyfi á tækni. Hann hefur veitt öðrum leyfið þannig að þeir geti einir notað það fyrir utan innanlandsmarkað, gegn tiltekinni hundraðshlutdeild af erlendum framtíðartekjum þeirra. Bæði tæknieinkaleyfið og tengdi samningurinn um leyfi uppfylla samnings-lagalegu viðmiðin um færslu aðskilið frá viðskiptavild, jafnvel þótt sala eða yfirfærsla einkaleyfisins og tengda samningsins um leyfi í sitt hvoru lagi væri óhagkvæm.

B33 Aðgreinanleikaviðmiðið þýðir að hægt er að aðgreina eða kljúfa óefnislega eign frá yfirteknum aðila og selja, yfirfæra, veita leyfi fyrir henni, leigja hana eða láta í skiptum, ýmist eina og sér eða ásamt tengdum samningi, eign eða skuld. Óefnisleg eign sem yfirtökuaðili gæti selt, leigt eða með öðrum hætti skipt fyrir eitthvað annað verðmæti uppfyllir viðmið um aðgreinanleika jafnvel þótt yfirtökuaðili ætli sér ekki að selja, leigja eða skipta henni fyrir eitthvað annað. Yfirtekin óefnisleg eign uppfyllir viðmið um aðgreinanleika ef hægt er að færa sönnur á að viðskipti eigi sér stað með þess háttar, eða svipaðar, eignir, jafnvel þótt þau viðskipti séu fátíð og án tillits hvort yfirtökuaðili sé þátttakandi í þeim. Til dæmis er oft veitt leyfi til notkunar á viðskiptavina- og áskrifendalistum og uppfylla þeir því viðmið um aðgreinanleika. Þótt yfirtekinn aðili haldi að viðskiptavinalistar hans hafi önnur einkenni en listar annarra, þá þýðir sú staðreynd að oft sé veitt leyfi til notkunar viðskiptavinalista, yfirleitt að yfirtekinn viðskiptavinalisti uppfyllir viðmið um aðgreinanleika. Viðskiptavinalisti sem yfirtekinn er við sameiningu fyrirtækja myndi þó ekki uppfylla viðmið um aðgreinanleika ef trúnaðarkvöð eða annars konar samkomulag kemur í veg fyrir að eining selji, leigi, eða með öðrum hætti skiptist á upplýsingum um viðskiptavini sína.

B34 Óefnisleg eign sem ekki er aðgreinanleg frá yfirteknum aðila eða tengdum einingum uppfyllir viðmið um aðgreinanleika ef hún er aðgreinanleg eign ásamt tengdum samningi, aðgreinanlegri eign eða skuld. Dæmi:

a) markaðsaðilar skiptast á innistæðuskuldbindingum og óefnislegum eignum tengdum viðskiptasamböndum í sannreynanlegum viðskiptum. Því skal yfirtökuaðili færa óefnislegu eignina í tengslum við viðskiptasambandið aðskilið frá viðskiptavild.

b) yfirtekinn aðili á skrásett vörumerki og skjalfesta tæknisérfræðiþekkingu án einkaleyfis sem notuð er til að framleiða hið skrásetta vörumerki. Til að yfirfæra eignarhald á vörumerki þarf eigandinn einnig að yfirfæra allt annað sem yfirtökuaðila er nauðsynlegt til að framleiða vöru eða þjónustu sem er óaðgreinanlegt frá því sem fyrri eigandi framleiddi. Þar sem nauðsynlegt er að skilja tækniþekkingu án einkaleyfis frá yfirteknum aðila eða sameinaðri einingu og selja hana ef tengt vörumerki er selt þá uppfyllir hún viðmið um aðgreinanleika.

Endurkeypt réttindi

B35 Yfirtökuaðili getur endurkeypt rétt, sem er hluti af sameiningu fyrirtækja, sem hann áður hafði veitt yfirtekna aðilanum, til notkunar á einni eða fleiri af færðum eða ófærðum eignum yfirtökuaðila. Dæmi um þess háttar réttindi eru réttur til afnota á viðskiptaheiti yfirtökuaðila samkvæmt sérleyfissamningi eða réttur til afnota á tækniþekkingu yfirtökuaðila samkvæmt samningi um nytjaleyfi fyrir tækni. Endurkeypt réttindi er aðgreinanleg óefnisleg eign sem yfirtökuaðili færir aðskilið frá viðskiptavild. Liður 29 veitir leiðbeiningar um mat á endurkeyptum réttindum og 55. liður veitir leiðbeiningar um síðari reikningshaldslega meðferð endurkeyptra réttinda.

B36 Ef skilmálar samnings um endurkaup réttinda eru hagstæðari eða óhagstæðari en skilmálar samninga um sömu eða sambærileg réttindi við núverandi markaðsaðstæður skal yfirtökuaðili færa hagnað eða tap við uppgjör. Liður B52 veitir leiðbeiningar um mat á hagnaði eða tapi við uppgjör.

Samsett vinnuafl og aðrir hlutir sem ekki eru aðgreinanlegir

B37 Yfirtökuaðili fellir virði yfirtekinnar óefnislegrar eignar, sem ekki er aðgreinanleg, undir viðskiptavild frá og með yfirtökudegi. Til dæmis getur yfirtökuaðili heimfært verðmæti á tilvist samsetts vinnuafls, sem er samsafn starfsfólks sem er til staðar og gerir yfirtökuaðila kleift að reka yfirtekið fyrirtæki áfram frá yfirtökudegi. Samsett vinnuafl felur ekki í sér þekkingarverðmæti hins hæfa vinnuafls—hinnar (oft sérhæfðu) þekkingar og reynslu sem starfsfólk yfirtekins aðila býr yfir. Þar sem samsett vinnuafl er ekki aðgreinanleg eign, sem færa skal aðskilda frá viðskiptavild, þá skal fella allt verðmæti sem heimfært er á það undir viðskiptavild.

B38 Yfirtökuaðili fellir einnig allt virði undir viðskiptavild, sem heimfært er á liði sem ekki teljast til eigna á yfirtökudegi. Til dæmis kann yfirtökuaðili að heimfæra virði á hugsanlega samninga, sem yfirtekinn aðili er í samningaviðræðum við væntanlega nýja viðskiptavini um á yfirtökudegi. Þar sem þessir hugsanlegu samningar eru ekki eignir í sjálfu sér á yfirtökudegi, skal yfirtökuaðili ekki færa þá aðskilda frá viðskiptavild. Yfirtökuaðili á ekki að endurflokka virði þessara samninga frá viðskiptavild síðar vegna atburða sem eiga sér stað eftir yfirtökudag. Þó skal yfirtökuaðili meta staðreyndir og aðstæður viðkomandi atburða sem eiga sér stað stuttu eftir yfirtöku til þess að ákvarða hvort aðgreinanleg óefnisleg eign hafi verið til á yfirtökudegi.

B39 Eftir upphafsfærslu gerir yfirtökuaðili grein fyrir yfirteknum, óefnislegum eignum við sameiningu fyrirtækja í samræmi við ákvæði IAS-staðals 38, *óefnislegar eignir*. Þó er, eins og lýst er í 3. lið IAS-staðals 38, gerð grein fyrir sumum yfirteknum óefnislegum eignum eftir upphafsfærslu samkvæmt forskrift annarra IFRS-staðla,

B40 Viðmiðanir fyrir aðgreinanleika ákvarða hvort óefnisleg eign er færð aðskilin frá viðskiptavild. Þó er með viðmiðuninni hvorki unnt að veita leiðbeiningar um mat á gangvirði óefnislegrar eignar né takmarka þær forsendur sem stuðst er við þegar gangvirði óefnislegrar eignar er metið. Yfirtökuaðili skal t.d. taka tillit til forsendna sem markaðsaðili skal taka til athugunar við verðlagningu á óefnislegri eign, s.s. væntingar um endurnýjun samninga í framtíðinni, við mat á gangvirði. Ekki er nauðsynlegt fyrir sjálfar endurnýjanirnar að uppfylla viðmiðanir um aðgreinanleika. (Þó skal athuga 29. lið sem fastsetur undantekningu varðandi matsreglu á gangvirði vegna endurkeyptra réttinda sem gert er grein fyrir við sameiningu fyrirtækja.) Liðir 36 og 37 í IAS-staðli 38 veita leiðbeiningar um ákvörðun þess hvort óefnislegar eignir skuli sameinaðar í eina reiknieiningu ásamt öðrum óefnislegum eða efnislegum eignum.

MAT Á GANGVIRÐI TILTEKINNA AÐGREINANLEGRA EIGNA OG HLUTA SEM EKKI ERU RÁÐANDI Í YFIRTEKNUM AÐILA (BEITING 18. OG 19. LIÐAR)

Eignir með óvisst sjóðstreymi (frávik frá virðismati)

B41 Yfirtökuaðili skal ekki færa aðskilið frávik á verðmati frá og með yfirtökudegi vegna yfirtekinna eigna við sameiningu fyrirtækja sem eru metnar á gangvirði á yfirtökudegi, þar sem áhrif óvissu um framtíðarsjóðstreymi er falið í gangvirðismatinu. Til dæmis færir yfirtökuaðili ekki sérstakt frávik frá verðmati vegna samningsbundins sjóðstreymis sem talið er óinnheimtanlegt á þeim degi eða niðurfærslu vænts útlánataps, þar sem þessi IFRS-staðall krefst þess að yfirtökuaðili meti yfirteknar viðskiptakröfur, þ.m.t. lán, á gangvirði á yfirtökudegi þegar hann færir sameiningu fyrirtækja.

Eignir sem falla undir rekstrarleigu þar sem yfirtekni aðilinn er leigusali

B42 Við mat á gangvirði eignar á yfirtökudegi, eins og byggingar eða einkaleyfis sem fellur undir rekstrarleigu þar sem yfirtekinn aðili er leigusali, skal yfirtökuaðili taka tillit til skilmála leigusamningsins. Yfirtökuaðili færir ekki aðskilda eign eða skuld ef skilmálar rekstrarleigusamnings eru annaðhvort hagkvæmir eða óhagkvæmir í samanburði við markaðsskilmála.

Eignir sem yfirtökuaðili ætlar sér ekki að nota eða nota með öðrum hætti en aðrir markaðsaðilar myndu nota þær

B43 Yfirtökuaðili getur ætlað sér að nota ekki keypta eign sem er ekki fjáreign með virkum hætti til að vernda samkeppnisstöðu sína, eða af öðrum ástæðum, eða að hann ætli ekki að nota eignina í samræmi við mestu og bestu notkun. Það gæti til dæmis átt við um óefnislega rannsóknar- og þróunareign sem yfirtökuaðilinn eignaðist og hefur í hyggju að nota í varnarskyni með því að hindra að aðrir geti notað hana. Samt sem áður skal yfirtökuaðilinn meta gangvirði eignar sem er ekki fjáreign með því að skrá mestu og bestu notkun af hálfu markaðsaðilanna í samræmi við viðeigandi matsforsendu, bæði upphaflega og við mat á gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði fyrir síðari virðisrýrnunarprófun.

Hlutur sem ekki er ráðandi í yfirteknum aðila

B44 Samkvæmt þessum IFRS-staðli er yfirtökuaðila heimilt að meta hlut sem ekki er ráðandi í yfirteknum aðila á gangvirði á yfirtökudegi. Stundum getur yfirtökuaðili metið gangvirði hlutar sem ekki er ráðandi á yfirtökudegi á grundvelli skráðs verðs fyrir hlutabréf (þ.e. sem yfirtökuaðili á ekki) á virkum markaði. Í öðrum tilvikum liggur þó skráð verð á virkum markaði fyrir hlutabréf ekki fyrir. Í þeim tilvikum metur yfirtökuaðili gangvirði hluta, sem ekki eru ráðandi, með öðrum virðismatsaðferðum.

B45 Gangvirði hvers hlutar yfirtökuaðila í yfirteknum aðila og hlutar, sem ekki er ráðandi, kann að vera mismunandi. Líklegt er að helsti munurinn sé að yfirverð vegna þess að ráðandi hlutur er innifalinn í gangvirði hvers hlutar yfirtökuaðila í yfirteknum aðila, eða hið gagnstæða, afsláttur vegna vöntunar á yfirráðum (einnig nefnt afföll á hlutum sem eru ekki ráðandi) í gangvirði hvers hlutar í þeim hluta sem ekki er ráðandi ef markaðsaðilar myndu ekki taka tillit til slíkra yfirverða eða affalla við verðlagningu á hlutum sem eru ekki ráðandi.

MAT Á VIÐSKIPTAVILD EÐA HAGNAÐI VEGNA HAGSTÆÐRA KAUPA

Mat á gangvirði á hlut yfirtökuaðila í yfirteknum aðila á yfirtökudegi með notkun virðismatsaðferða (beiting 33. liðar)

B46 Við sameiningu fyrirtækja, sem næst fram án yfirfærslu endurgjalds, skal yfirtökuaðili skipta gangvirði á hlut sínum í yfirtekna aðilanum á yfirtökudegi út fyrir gangvirði yfirfærðs endurgjalds á yfirtökudegi til að meta viðskiptavild eða hagnað á hagstæðum kaupum (sjá 32.–34. lið).

Til sérstakrar athugunar við beitingu yfirtökuaðferðarinnar við sameiningu gagnkvæmra eininga (beiting 33. liðar)

B47 Þegar tvær gagnkvæmar einingar sameinast kann að vera unnt að meta gangvirði eigin fjár eða félagsaðildar í yfirteknum aðila (eða gangvirði yfirtekins aðila) með áreiðanlegri hætti en gangvirði þeirrar félagsaðildar sem yfirtökuaðili yfirfærir. Í því tilviki er þess krafist skv. 33. lið að yfirtökuaðili ákvarði fjárhæð viðskiptavildar með því að nota gangvirði hlutdeildar í eigin fé yfirtekna aðilans á yfirtökudegi í stað gangvirðis hlutdeildar í eigin fé sem er yfirfært sem endurgjald á yfirtökudegi. Auk þess skal yfirtökuaðili við sameiningu gagnkvæmra eininga færa hreina eign yfirtekins aðila sem beina viðbót við hlutafé eða eigið fé í efnahagsreikningi, en ekki sem viðbót við óráðstafað eigið fé, sem er í samræmi við beitingu annarra tegunda eininga á yfirtökuaðferðinni.

B48 Þótt gagnkvæmar einingar séu að mörgu leyti svipaðar öðrum fyrirtækjum þá hafa þær sérstök einkenni sem stafa einkum af því að félagsaðilar þeirra eru bæði viðskiptavinir og eigendur. Félagsaðilar í gagnkvæmum einingum vænta yfirleitt ávinnings af aðild sinni, gjarnan í formi lægra verðs á vörum og þjónustu eða arðgreiðslna til félaga Hlutfall arðgreiðslna sem hverjum félagsaðila er úthlutað er oft byggt á fjárhæð þeirra viðskipta sem viðkomandi félagsaðili átti við gagnkvæmu eininguna á árinu.

B49 Gangvirðismat á gagnkvæmri einingu skal fela í sér þær forsendur sem markaðsaðilar leggja til grundvallar um ávinning félagsaðila í framtíðinni sem og allar aðrar forsendur sem skipta máli og markaðsaðilar leggja til grundvallar sameiginlegu einingunni. Nota má t.d. núvirðisaðferð til að meta gangvirði sameiginlegrar einingar. Sjóðstreymi, sem notað er sem ílag í líkanið, skal byggjast á væntu sjóðstreymi gagnkvæmu einingarinnar, sem er líklegt til að endurspegla niðurfærslu vegna hagstæðra kjara félagsaðila, svo sem lægra verð á vörum og þjónustu.

ÁKVÖRÐUN UM HVAÐ ER HLUTI AF VIÐSKIPTUM VEGNA SAMEININGAR FYRIRTÆKJA (BEITING 51. OG 52. LIÐAR)

B50 Yfirtökuaðili skal taka eftirfarandi þætti til athugunar, en þeir hvorki útiloka hver annan né eru endanlega ákvarðandi hver um sig, þegar hann ákvarðar hvort viðskipti eru hluti endurgjalds fyrir yfirtekinn aðila eða hvort viðskipti eru aðskilin frá sameiningu fyrirtækjanna.

a) **ástæður viðskiptanna** — Skilningur á ástæðum þess að aðilar sameiningarinnar (yfirtökuaðili og yfirtekinn aðili og eigendur hans, stjórnarmenn og stjórnendur — og umboðsmenn þeirra) ganga til tiltekinna viðskipta eða samninga getur veitt innsýn í það hvort þeir eru hluti af yfirfærðu endurgjaldi og yfirteknum eignum eða skuldum. Ef t.d. fyrirkomulag viðskiptanna miðast einkum við hag yfirtökuaðila eða sameinaðrar einingar

fremur en hag yfirtekna aðilans eða fyrri eigenda hans fyrir sameininguna er sá hluti af greiddu viðskiptaverði (og öllum tengdum eignum eða skuldum) ólíklegri til að vera hluti kaupanna að því er varðar yfirtekinn aðila. Samkvæmt því myndi yfirtökuaðili gera grein fyrir þeim hluta aðskildum frá sameiningu fyrirtækja,

b) **hver átti frumkvæði að viðskiptunum** — Skilningur á því hver átti frumkvæðið að viðskiptum getur einnig veitt innsýn í hvort þau eru hluti kaupanna á yfirtekna aðilanum. Hugsanlegt er t.d. að tilgangur viðskipta eða annars atburðar, sem yfirtökuaðili á frumkvæði að, sé að skapa efnahagslegan framtíðarávinning yfirtökuaðila eða sameinaðrar einingar án nokkurs eða lítils ávinnings yfirtekna aðilans eða fyrri eigenda hans fyrir sameininguna. Á hinn bóginn eru viðskipti eða samkomulag, sem yfirtekinn aðili eða fyrri eigendur hans eiga frumkvæði að, ólíklegri til að vera til hagsbóta fyrir yfirtökuaðila eða sameinaða einingu og líklegri til að vera hluti viðskiptanna vegna sameiningar fyrirtækja,

c) **tímasetning viðskiptanna** — Tímasetning viðskiptanna getur einnig veitt innsýn í hvort þau eru hluti kaupanna á yfirtekna aðilanum. Hugsanlega er t.d. stofnað til viðskipta yfirtökuaðila og yfirtekins aðila, sem eiga sér stað meðan samningaviðræður um skilmála sameiningar fyrirtækjanna standa yfir, í von um að sameining fyrirtækjanna skili yfirtökuaðila eða sameinuðu einingunni efnahagslegum ávinningi í framtíðinni. Í því tilviki er líklegt að yfirtekinn aðili eða fyrri eigendur hans fyrir sameiningu fyrirtækjanna hafi lítinn sem engan ávinning af viðskiptunum, nema þann ávinning sem þeir hafa sem hluti af sameinuðu einingunni.

Skilvirkt uppgjör sambands yfirtökuaðila og yfirtekins aðila við sameiningu fyrirtækja sem áður var fyrir hendi (beiting liðar 52(a))

B51 Samband kann að hafa verið milli yfirtökuaðila og yfirtekins aðila áður en þeir veltu fyrir sér sameiningu fyrirtækja, hér nefnt „samband sem var fyrir hendi“. Samband sem var fyrir hendi milli yfirtökuaðila og yfirtekins aðila getur verið samningslegt (t.d. seljandi og viðskiptavinur eða leyfishafi og leyfisveitandi) eða utan samninga (t.d. stefnandi og stefndi).

B52 Ef sameining fyrirtækja gerir í reynd upp samband sem var fyrir hendi gerir yfirtökuaðili grein fyrir hagnaði eða tapi, sem er metið sem hér segir:

a) vegna sambands sem var fyrir hendi utan samninga (svo sem málaferli): gangvirði,

b) vegna samningssambands sem var fyrir hendi, hið lægra af i. og ii.:

i) sú fjárhæð sem gerir samninginn hagstæðari eða óhagstæðari frá sjónarhóli yfirtökuaðila miðað við samninga á markaði að því er varðar sömu eða sambærilega liði. (Óhagstæður samningur er samningur sem er óhagstæður miðað við núverandi skilmála á markaði. Samningur þarf ekki að vera íþyngjandi þó að óhjákvæmilegur kostnaður við að standa við skuldbindingar samkvæmt samningnum sé meiri en efnahagslegur ávinningur af honum.)

ii) fjárhæð allra tilgreindra greiðsluskuldbindinga í samningnum sem eru aðgengilegar þeim mótaðila sem samningurinn er óhagstæður fyrir.

Ef ii. er lægri en i. skal færa mismuninn sem hluta af reikningsskilum vegna sameiningar fyrirtækjanna.

Færður hagnaður eða tap getur að hluta til verið háð því hvort yfirtökuaðili hafi áður fært tengda eign eða skuld og viðkomandi ágóði eða tap getur því hugsanlega verið annað en fjárhæðin sem reiknuð var í samræmi við ofangreindar kröfur.

B53 Samband, sem var fyrir hendi, kann að vera samningur sem yfirtökuaðili færir sem endurkeypt réttindi. Ef samningurinn felur í sér skilmála, sem eru hagstæðir eða óhagstæðir þegar þeir eru bornir saman við núverandi verðlagningu sömu eða sambærilegra liða á markaði, skal yfirtökuaðili færa hagnað eða tap við skilvirkt uppgjör samningsins aðskilið frá sameiningu fyrirtækja í samræmi við lið B52.

Samningar um óvissar greiðslur til starfsfólks eða seljandi hluthafa (beiting liðar 52(b))

B54 Hvort samningar um óvissar greiðslur til starfsfólks eða seljandi hluthafa er óviss endurgreiðsla við sameiningu fyrirtækjanna eða aðskilin viðskipti fer eftir eðli samninganna. Skilningur á ástæðum þess hvers vegna yfirtökusamningur felur í sér ákvæði um óvissar greiðslur, hver átti frumkvæði að samningnum og hvenær aðilar gengu til samninga getur komið að notum við mat á eðli samningsins.

B55 Ef ekki er skýrt hvort samningur um óvissar greiðslur til starfsfólks eða seljandi hluthafa er hluti af kaupum á yfirteknum aðila eða viðskipti sem eru aðskilin frá sameiningu fyrirtækja skal yfirtökuaðili taka til athugunar eftirfarandi vísbendingar:

a) *Áframhaldandi ráðning* — Skilmálar áframhaldandi ráðningar seljandi hluthafa, sem verða lykilstarfsmenn, getur verið vísbending um meginatriði samninga um óvissar greiðslur. Viðeigandi skilmálar áframhaldandi ráðningar geta verið í ráðningarsamningi, yfirtökusamningi eða öðrum skjölum. Samningur um óvissa endurgreiðslu, þar sem greiðslum er sjálfkrafa fyrirgert ef ráðningu lýkur, er greiðsla launa fyrir þjónustu eftir sameiningu. Samningar, þar sem lok ráðningar hefur ekki áhrif á óvissar greiðslur, geta gefið vísbendingu um að óvissu greiðslurnar séu viðbótarendurgjald fremur en launagreiðslur.

b) *Lengd áframhaldandi ráðningar* — Ef tímabil þeirrar ráðningar sem krafist er fellur saman við eða varir lengur en óvissa greiðslutímabilið getur það bent til að óvissu greiðslurnar séu í meginatriðum launagreiðslur.

c) *Umfang launagreiðslna* — Aðstæður þar sem launagreiðslur til starfsfólks, aðrar en óvissu greiðslurnar, eru sanngjarnar miðað við launakjör annarra lykilstarfsmanna í sameinaðri einingu geta bent til að óvissu greiðslurnar séu viðbótarendurgjald fremur en launagreiðslur.

d) *Umframgreiðslur til starfsfólks* — Ef seljandi hluthafar, sem ekki verða starfsmenn, fá lægri óvissar greiðslur fyrir hvern hlut en þeir seljandi hluthafar sem verða starfsmenn hinnar sameinuðu einingar, getur það bent til að þær viðbótarfjárhæðir, sem greiddar eru til seljandi hluthafa, sem verða starfsmenn, séu í raun launagreiðslur.

e) *Fjöldi hluta í eigu starfsmanna* — Hlutfallslegur fjöldi hluta í eigu seljandi hluthafa, sem verða áfram lykilstarfsmenn, getur gefið vísbendingar um meginatriði samninga um óvissar greiðslur. Ef seljandi hluthafar, sem áttu nær alla hluti í yfirteknum aðila, halda t.d. áfram að starfa sem lykilstarfsmenn gæti það bent til þess að samningurinn sé í raun samningur um hagnaðarhlutdeild og ætlunin sé að greiða laun fyrir þjónustu eftir sameiningu. Ef seljandi hluthafar, sem halda áfram sem lykilstarfsmenn, hafa hins vegar aðeins átt fáa hluti í yfirteknum aðila og allir seljandi hluthafar fá sama óvissa endurgjaldið á hlut, kann það að benda til að óvissu greiðslurnar séu viðbótargreiðslur. Einnig skal athuga þá hluti sem fyrir yfirtöku voru í eigu aðila í fjölskyldutengslum við seljandi hluthafa sem halda áfram að starfa sem lykilstarfsmenn.

f) *Tenging við virðismatið* — Ef endurgjaldið, sem upphaflega var yfirfært á yfirtökudaginn, byggist á lægstu gildum á verðbili, sem sett var upp við virðismat á yfirtekna aðilanum og óvissuformúlan tengist þeirri matsaðferð, getur það bent til þess að óvissu greiðslurnar séu viðbótarendurgjald. Ef formúlan fyrir óvissu greiðslunum er hins vegar í samræmi við fyrri samninga um hagnaðarhlutdeild, kann sú staðreynd að benda til að meginatriði samningsins sé að greiða laun.

g) *Formúla til að ákvarða endurgjald* — Formúlan, sem notuð er til að ákvarða óvissa greiðslu, getur verið gagnleg við mat á meginatriði samningsins. Ef til dæmis óviss greiðsla er ákvörðuð á grundvelli margfeldis á tekjum, gæti það bent til að skuldbindingin sé óvisst endurgjald við sameiningu fyrirtækja og að formúlunni sé ætlað að fastsetja eða staðfesta gangvirði á yfirteknum aðila. Á hinn bóginn þá getur óviss greiðsla, sem er tiltekinn hundraðshluti af tekjum, gefið vísbendingu um að skuldbindingin gagnvart starfsmönnunum sé samningur um hagnaðarhlutdeild til þess ætlaður að launa starfsmönnum fyrir veitta þjónustu.

h) *Aðrir samningar og álitamál* — Skilmálar annarra samninga við seljandi hluthafa (s.s. samningar um að fara ekki í samkeppni, óuppfyllta samninga, ráðgjafarsamninga og eignarleigusamninga), og skattaleg meðferð á óvissum greiðslum geta bent til að óvissu greiðslurnar megi heimfæra á eitthvað annað en endurgjald fyrir yfirtekinn aðila. Í sambandi við yfirtökuna getur yfirtökuaðili til dæmis gert eignaleigusamning við mikilvægan seljandi hluthafa. Ef leigugreiðslurnar, sem tilgreindar eru í leigusamningnum, eru umtalsvert lægri en markaðsverð eru sumar eða allar óvissu greiðslurnar til leigusalans (seljandi hluthafa), sem krafist er samkvæmt sérstökum samningi, hugsanlega í reynd greiðslur fyrir notkun á hinni leigðu eign, sem yfirtökuaðili ætti því að færa sérstaklega í reikningsskil sín eftir sameiningu. Ef í leigusamningi eru á hinn bóginn tilteknar leigugreiðslur sem eru í samræmi við markaðsverð fyrir hina leigðu eign er samningurinn um óvissar greiðslur til seljandi hluthafa hugsanlega óvisst endurgjald vegna sameiningar fyrirtækja.

Greiðslur fyrir eignarhlutatengda umbun yfirtökuaðila í skiptum fyrir umbun sem tilheyrir starfsfólki yfirtekins aðila (beiting b-liðar 52. liðar)

B56 Yfirtökuaðili getur skipt á greiðslum fyrir eignarhlutatengda umbun sína ([40]) (bótaumbun) og umbunargreiðslum til starfsmanna yfirtekins aðila. Skipti á hlutabréfavalréttum eða annarri eignarhlutatengdri umbun í tengslum við sameiningu fyrirtækja skal meðhöndla eins og breytingu á eignarhlutatengdri greiðslu í samræmi við IFRS-staðal 2, *eignarhlutatengd greiðsla*. Ef yfirtökuaðili bætir upp úthlutanir yfirtekins aðila, skal telja allt eða hluta af markaðstengdu mati á staðgönguúthlutunum yfirtökuaðila með í mati á yfirfærðu endurgjaldi við sameiningu fyrirtækjanna. Liðir B57–B62 veita leiðbeiningar um hvernig á að úthluta markaðstengdu mati. Í aðstæðum þar sem endurgjald yfirtekins aðila myndi falla úr gildi sem afleiðing sameiningar fyrirtækja og ef yfirtökuaðilinn bætir fyrir það endurgjald þótt hann sé ekki skyldugur til þess, skal þó færa allt markaðslegt mat á uppbótargreiðslunum sem launakostnað í reikningsskilum eftir sameiningu í samræmi við IFRS-staðal 2. Það er að segja, ekki skal telja með neitt markaðstengt mat á þess háttar umbunargreiðslum með mati á yfirfærðu endurgjaldi við sameiningu fyrirtækja. Yfirtökuaðili er skuldbundinn til að bæta umbun yfirtekins aðila ef yfirtekinn aðili eða starfsfólk hans getur knúið fram bætur. Við beitingu þessara leiðbeininga er yfirtökuaðili til dæmis skyldugur að bæta fyrir endurgjald yfirtekins aðila ef bóta er krafist í samræmi við:

a) skilmála yfirtökusamnings,

b) skilmála umbunargreiðslna yfirtekins aðila eða

c) gildandi lög eða reglugerðir.

B57 Til að ákvarða þann hluta bótaumbunar sem er hluti yfirfærðs endurgjalds fyrir yfirtekinn aðila og þann hluta sem eru launagreiðslur fyrir veitta þjónustu eftir sameiningu, skal yfirtökuaðili meta bæði bótaumbun sem yfirtökuaðili greiðir og umbun yfirtekins aðila frá og með yfirtökudegi í samræmi við IFRS-staðal 2. Sá hluti markaðstengds mats á bótaumbun sem er hluti af yfirfærðu endurgjaldi í skiptum fyrir yfirtekinn aðila er jafn þeim hluta umbunar yfirtekins aðila sem má heimfæra á þjónustu fyrir sameiningu fyrirtækjanna.

B58 Sá hluti bótaumbununar sem heimfæra má á þjónustu fyrir sameiningu er markaðstengt mat á umbun yfirtekins aðila margfaldað með þeim hluta ávinnslutímabils sem lokið er eða upphaflegu ávinnslutímabili umbunar yfirtekna aðilans. Ávinnslutímabil er það tímabil þegar uppfylla skal öll tiltekin ávinnsluskilyrði. Ávinnsluskilyrði eru skilgreind í IFRS-staðli 2.

B59 Sá hluti óáunninnar bótaumbunar sem heimfæra má á þjónustu sem veitt er eftir sameiningu, og er þar af leiðandi færð sem launakostnaður í reikningsskilum eftir sameiningu, er jöfn samtölu markaðstengds mats á bótaumbun að frádreginni þeirri fjárhæð sem heimfæra má á þjónustu sem veitt er fyrir sameiningu. Þess vegna heimfærir yfirtökuaðili allt markaðstengt mat á bótaumbun umfram markaðstengda matið á umbun yfirtekna aðilans á þjónustu sem veitt er eftir sameiningu og færir þá umframfjárhæð sem launakostnað í reikningsskilum eftir sameiningu. Yfirtökuaðili skal heimfæra hluta af bótaumbun á þjónustu, sem veitt er eftir sameiningu, ef hann þarfnast þjónustu eftir sameiningu, án tillits til þess hvort starfsfólk hafi veitt alla þá þjónustu sem krafist var fyrir ávinnslu umbunar yfirtekna aðilans fyrir yfirtökudag.

([40]) Í liðum B56–B62 vísar hugtakið „eignarhlutatengd umbun“ til áunninna eða óáunninna eignarhlutatengdra greiðslna.

B60 Sá hluti óáunninnar bótaumbunar sem heimfæra má á þjónustu sem veitt er fyrir sameiningu, sem og sá hluti sem heimfæra má á þjónustu, sem veitt er eftir sameiningu, skal endurspegla besta mögulega mat á fjölda bótaumbunar-greiðslna sem vænst er að ávinnist. Ef til dæmis markaðslegt mat á þeim hluta bótaumbunar sem heimfæra má á þjónustu, sem veitt er fyrir sameiningu, er 100 GE og yfirtökuaðili væntir þess að aðeins 95% af greiðslunni muni ávinnast, þá skal sú fjárhæð sem talin er með í yfirfærðu endurgjaldi vegna sameiningar fyrirtækjanna vera 95 GE. Breytingar á áætluðum fjölda bótaumbunargreiðslna, sem vænst er að ávinnist, endurspeglast í launakostnaði fyrir þau tímabil þar sem breytingarnar eiga sér stað eða greiðsla ferst fyrir — ekki sem leiðréttingar á yfirfærðu endurgjaldi vegna sameiningar fyrirtækja. Eins skal gera grein fyrir áhrifum annarra atburða, s.s. breytingum á endanlegum umbunargreiðslum sem fara eftir skilyrðum um frammistöðu, eftir yfirtökudag, sem eru færð í samræmi við IFRS-staðal 2 við ákvörðun á launakostnaði þess tímabils þegar atburður á sér stað.

B61 Sömu kröfur eiga við um uppgjör á þeim hlutum bótaumbunar sem heimfæra má á þjónustu sem á sér stað fyrir sameiningu og eftir sameiningu, án tillits til þess hvort bótaumbun er skilgreind sem skuld eða sem eiginfjár-gerningur í samræmi við ákvæði IFRS-staðals 2. Allar breytingar á markaðstengdu mati á umbunargreiðslum, sem skilgreindar eru sem skuldir eftir yfirtökudag og skattaleg áhrif tengd þeim, eru færðar í reikningsskil yfirtökuaðila eftir yfirtöku á því tímabili sem breytingarnar eiga sér stað.

B62 Skattaleg áhrif uppbótargreiðslu vegna eignarhlutatengdrar greiðslu skal færa í samræmi við ákvæði IAS-staðals 12, *tekjuskattar*.

Eignarhlutatengdar greiðslur yfirtekna aðilans sem gerðar eru upp með eigin fé

B62A Yfirtekni aðilinn getur átt eignarhlutatengdar greiðslur útistandandi sem yfirtökuaðilinn skiptir ekki út fyrir sínar eignarhlutatengdu greiðslur. Séu þessar eignarhlutatengdu greiðslur yfirtekna aðilans hluti af hlut sem ekki er ráðandi í yfirtekna aðilanum og þær metnar á markaðstengdu mati eru þær áunnar. Séu þær ekki áunnar eru þær metnar á markaðstengdu mati líkt og yfirtökudagurinn væri samningsdagurinn í samræmi við liði 19 og 30.

B62B Markaðstengt mat óáunninna eignarhlutatengdra greiðslna er úthlutað á hlut sem ekki er ráðandi á grunni hlutfalls hluta lokins ávinnslutímabils og á upphaflegu ávinnslutímabili eignarhlutatengdu greiðslunnar, hvort þeirra sem er lengra. Stöðunni er úthlutað á þjónustu sem á sér stað eftir sameiningu.

AÐRIR IFRS-STAÐLAR SEM ERU LEIÐBEINANDI UM SÍÐARA MAT OG REIKNINGSSKIL (BEITING 54. LIÐAR)

B63 Dæmi um aðra IFRS-staðla sem eru leiðbeinandi um síðara mat og færslu yfirtekinna eigna og skulda eða skulda, sem stofnað er til vegna sameiningar fyrirtækja, eru meðal annars:

a) IAS-staðall 38, þar sem mælt er fyrir um færslu aðgreinanlegra, óefnislegra eigna, sem yfirteknar eru við sameiningu fyrirtækja. Yfirtökuaðili metur viðskiptavild sem þá fjárhæð sem færð er á yfirtökudegi að frádregnu öllu uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi. IAS-staðall 36, *virðisrýrnun eigna*, þar sem mælt er fyrir um færslu virðisrýrnunartaps.

b) [felldur brott]

c) IAS-staðall 12, þar sem mælt er fyrir um síðari færslu frestaðrar skattinneignar (þ.m.t. ófærð, frestuð skattinneign) og yfirtekinna skulda við sameiningu fyrirtækja.

d) IFRS-staðall 2, þar sem veittar eru leiðbeiningar um síðara mat og færslu þess hluta bótaumbunar vegna eignarhlutatengdrar umbunar, sem yfirtökuaðili gefur út, og heimfæra má á þjónustu starfsfólks í framtíðinni.

e) IFRS-staðall 10 veitir leiðbeiningar um reikningsskil vegna breytinga á eignarhaldi móðurfélags á dótturfélagi eftir að yfirráðum hefur verið náð.

UPPLÝSINGAGJÖF (BEITING 59. OG 61. LIÐAR)

B64 Til að uppfylla markmið 59. liðar skal yfirtökuaðili veita eftirfarandi upplýsingar um hverja sameiningu fyrirtækja sem komið var til leiðar á tímabilinu:

a) nafn og lýsingu á yfirteknum aðila,

b) dagsetningu yfirtöku,

c) hlutfall yfirtekinna eiginfjárgerninga með atkvæðisrétti,

d) meginástæður sameiningar fyrirtækja og lýsingu á því hvernig yfirtökuaðili öðlaðist yfirráð yfir yfirteknum aðila,

e) eigindlega lýsingu á þeim þáttum sem mynda viðskiptavild sem færð er, s.s. vænt samlegðaráhrif vegna sameiningar á starfsemi yfirtekins aðila og yfirtökuaðila, óefnislegar eignir, sem ekki uppfylla skilyrði um aðskilda færslu, eða aðra þætti,

f) gangvirði alls yfirfærðs endurgjalds og gangvirði allra helstu tegunda endurgjalds á yfirtökudegi, s.s.:

   i) handbæru fé,

   ii) aðrar efnislegar eða óefnislegar eignir, þ.m.t. fyrirtæki eða dótturfyrirtæki yfirtökuaðila,

   iii) skuldir, sem stofnað er til, t.d. skuldbinding vegna óvissrar endurgreiðslu, og

   iv) eiginfjárhlutdeild yfirtökuaðila, þ.m.t. fjöldi útgefinna eða útgefanlegra gerninga eða hlutabréfa og aðferðin sem notuð er til að meta gangvirði þeirra gerninga eða hlutabréfa.

g) vegna samninga um óvissar greiðslur og ábyrgðartryggðar eignir:

   i) þær fjárhæðir sem færðar eru frá og með yfirtökudegi,

   ii) lýsingu á fyrirkomulagi og grundvelli fyrir ákvörðun fjárhæða greiðslnanna og

   iii) mat á bilinu þar sem (óafvaxtaðar) niðurstöður geta mögulega verið eða, ef ekki er hægt að meta bilið, þá staðreynd og ástæður þess að ekki sé unnt að meta bilið. Ef hámarksfjárhæð greiðslu er ótakmörkuð skal yfirtökuaðili upplýsa um það,

h) vegna yfirtekinna viðskiptakrafna:

   i) gangvirði viðskiptakrafnanna,

   ii) vergar fjárhæðir viðskiptakrafna samkvæmt samningum og

   iii) besta mat á yfirtökudegi þess samningsbundna sjóðstreymis sem ekki er vænst að innheimtist.

   Upplýsingar skal veita um allar helstu tegundir viðskiptakrafna, s.s. um lán, beina fjármögnunarleigu og aðra flokka viðskiptakrafna,

i) fjárhæðir sem færðar eru, frá og með yfirtökudegi, fyrir hvern af helstu flokkum yfirtekinna eigna skuldbindinga,

j) fyrir hverja óvissa skuld sem færð er í samræmi við 23. lið, upplýsingar sem krafist er í 85. lið IAS-staðals 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*. Ef óviss skuldbinding er ekki færð þar eð ekki er hægt að meta gangvirði hennar með áreiðanlegum hætti skal yfirtökuaðili upplýsa um:

   i. þau gögn sem krafist er skv. 86. lið IAS-staðals 37 og

ii. ástæður þess að ekki er hægt að meta skuldina með áreiðanlegum hætti,

k) heildarfjárhæð viðskiptavildar sem vænst er að verði frádráttarbær af skattalegum ástæðum,

l) vegna færslna sem eru færðar aðskilið frá yfirtöku eigna og forsendur skuldbindinga við sameiningu fyrirtækja í samræmi við 51. lið:

i) lýsingu á hverri færslu,

ii) með hvaða hætti yfirtökuaðili gerði grein fyrir hverri færslu,

iii) þær fjárhæðir sem gerð er grein fyrir vegna hverrar færslu og tiltekna liði í reikningsskilum, þar sem hver fjárhæð er færð, og

iv) ef færslan er raunverulegt uppgjör sambands sem áður var fyrir hendi, aðferð sem notuð er til að ákvarða upphæð uppgjörs,

m) upplýsingar um færslur, sem færðar eru aðskilið, eins og krafist er skv. l-lið, skulu taka til fjárhæðar yfirtökukostnaðar og, aðskilið, fjárhæðar þess kostnaðar sem færður er sem útgjöld og í sérlínum eða liðum í yfirliti um heildarafkomu þar sem þessi útgjöld eru færð. Einnig skal upplýsa um fjárhæð alls útgáfukostnaðar, sem ekki er færður sem útgjöld, og hvernig sá kostnaður var færður,

n) við hagstæð kaup (sjá 34.–36. lið):

i. fjárhæð alls hagnaðar, sem færður er í samræmi við 34. lið, og sérlínunnar í yfirliti um heildarhagnað, þar sem hagnaðurinn er færður, og

ii. lýsingu á ástæðum þess að viðskiptin skiluðu hagnaði,

o) fyrir hverja sameiningu fyrirtækja, þar sem yfirtökuaðili á minna en 100 prósent eiginfjárhlutdeildar í yfirteknum aðila á yfirtökudegi:

i) fjárhæð hluta, sem ekki eru ráðandi í yfirteknum aðila, sem gert er grein fyrir á yfirtökudegi og matsgrunni þeirrar fjárhæðar, og

ii) fyrir hvern hlut, sem ekki er ráðandi í yfirteknum aðila, sem metinn er á gangvirði, virðismatsaðferðirnar og umtalsverðu ílögin sem notuð eru til að meta það gildi.

p) við sameiningu fyrirtækja sem fer fram í áföngum:

i) gangvirði á yfirtökudegi þeirrar eiginfjárhlutdeildar sem yfirtökuaðili á í yfirteknum aðila rétt fyrir yfirtökudag, og

ii) fjárhæð alls hagnaðar eða taps, sem gerð er grein fyrir vegna endurmats á gangvirði eiginfjárhlutdeildar, sem yfirtökuaðili á í yfirteknum aðila fyrir yfirtökudag (sjá 42. lið), og þeirri sérlínu í yfirliti um heildarafkomu þar sem sá hagnaður eða tap er fært,

q) eftirfarandi atriði:

i) fjárhæðir tekna og hagnaðar eða taps yfirtekins aðila frá yfirtökudegi, sem færðar eru í yfirlit um heildarafkomu samstæðunnar á reikningsskilatímabilinu, og

ii) tekjur og rekstrarreikningur sameinuðu einingarinnar á yfirstandandi tímabili eins og yfirtökudagur allrar sameiningar, sem komið var til leiðar á árinu, hafi verið frá og með upphafi árlegs reikningsskilatímabils.

Ef birting allra upplýsinga, sem krafist er í þessum undirlið, er ógerleg, skal yfirtökuaðili upplýsa um það og útskýra hvers vegna svo er. Í þessum IFRS-staðli er notað hugtakið „ógerlegt“ í sömu merkingu og í IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*.

B65 Að því er varðar sameiningu fyrirtækja, sem á sér stað á reikningsskilatímabilinu, og hvert tilvik um sig er óverulegt en þau skipta máli samanlögð, skal yfirtökuaðili birta þær heildarupplýsingar sem krafist er samkvæmt liðum B64 (e–q).

B66 Ef yfirtökudagur sameiningar fyrirtækja er eftir lok reikningsskilatímabils en áður en útgáfa reikningsskila er samþykkt skal yfirtökuaðili birta þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt lið B64 nema upphaflegri færslu sameiningar fyrirtækjanna sé ólokið þegar reikningsskilin eru samþykkt til útgáfu. Við þær aðstæður skal yfirtökuaðili tilgreina hvaða upplýsingar voru ekki birtar og ástæður fyrir því að það var ekki unnt.

B67 Til að ná markmiðinu í 61. lið skal yfirtökuaðili gefa eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja þá sameiningu fyrirtækja sem máli skiptir, eða samtölu þeirra þegar hver einstök sameining skiptir ekki máli en þær eru mikilvægar í heild:

a) ef upphafleg færsla á sameiningu fyrirtækja er í ófullgerð (sjá 45. lið) að því er varðar tilteknar eignir, skuldir, hluti, sem ekki eru ráðandi, eða endurgjaldsliði og færðar fjárhæðir í reikningsskilum vegna sameiningar fyrirtækja hafa þannig aðeins verið ákvarðaðar til bráðabirgða:

   i) ástæður þess að upphafleg færsla sameiningar fyrirtækjanna er ófullgerð,

   ii) þær eignir, skuldir, eiginfjárhlutdeild eða endurgjaldsliði sem fengu ófullgerða reikningsskilalega meðferð í upphafi og

   iii) eðli og fjárhæð allra leiðréttinga á matstímabilinu sem færðar eru á reikningsskilatímabilinu í samræmi við 49. lið.

b) fyrir hvert reikningsskilatímabil eftir yfirtökudag þar til eining tekur við, selur eða missir með öðrum hætti rétt til óvissrar greiðslu, eða þar til eining gerir upp óvissa endurgjaldsskuld eða skuldin fellur niður eða rennur út:

   i) allar breytingar á færðum fjárhæðum, þ.m.t. allur mismunur við uppgjör,

   ii) allar breytingar innan þeirra marka sem niðurstöður (óafvaxtaðar) eru og ástæður fyrir þeim breytingum og

   iii) virðismatsaðferðir og helstu gögn sem notuð eru til að meta óvissa greiðslu.

c) vegna óvissra skulda, sem færðar eru við sameiningu fyrirtækja, skal yfirtökuaðili gefa þær upplýsingar sem er krafist í 84. og 85. lið IAS-staðals 37 fyrir hvern flokk ákvæða.

d) afstemmingu bókfærðs verðs viðskiptavildar við upphaf og lok reikningsskilatímabils sem sýnir aðskilið:

   i) heildarfjárhæð virðisrýrnunartaps og uppsafnað virðisrýrnunartap við upphaf reikningsskilatímabilsins.

   ii) viðbótarviðskiptavild, sem færð er á tímabilinu, að undanskilinni viðskiptavild sem telst til aflagningarflokks sem uppfyllir skilyrði um skilgreiningu sem haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*.

   iii) leiðréttingar sem gerðar eru vegna síðari færslu frestaðra skattinneigna á reikningsskilatímabilinu í samræmi við 67. lið.

iv) viðskiptavild, sem telst til ráðstöfunarflokks sem er skilgreindur sem haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5, og viðskiptavild, sem er afskráð á reikningsskilatímabilinu án þess að hafa áður verið í ráðstöfunarflokki sem skilgreindur er til sölu,

v) virðisrýrnunartap sem er fært á tímabilinu í samræmi við IAS-staðal 36. (Í IAS-staðli 36 er gerð krafa um upplýsingar um endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnun viðskiptavildar til viðbótar við þessa kröfu.)

vi) hreinan gengismun sem verður til á tímabilinu í samræmi við IAS-staðal 21, *áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla*.

vii) allar aðrar breytingar á bókfærðu verði á reikningsskilatímabilinu.

viii) heildarfjárhæð og uppsafnað virðisrýrnunartap við lok reikningsskilatímabilsins.

e) fjárhæð og útskýringu á hagnaði eða tapi sem fært er á yfirstandandi reikningsskilatímabili sem bæði:

i) tengist aðgreinanlegum eignum eða skuldum sem yfirteknar eru við sameiningu fyrirtækja, sem komið var til leiðar á yfirstandandi eða fyrra reikningsskilatímabili, og

ii) er að umfangi, eðli eða áhrifum þannig að upplýsingar skipta máli fyrir skilning á reikningsskilum sameinuðu einingarinnar.

UMBREYTINGARÁKVÆÐI FYRIR SAMEININGU FYRIRTÆKJA, SEM TAKA EINUNGIS TIL GAGNKVÆMRA EININGA, EÐA ERU EINGÖNGU SAMKVÆMT SAMNINGI (BEITING 66. LIÐAR)

B68 Í 64. lið er kveðið á um að þessum IFRS-staðli skuli beitt framvirkt á sameiningu fyrirtækja ef yfirtökudagur er á eða eftir upphaf fyrsta árlega reikningsskilatímabilsins sem byrjar 1. júlí 2009 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Þó skal rekstrareining aðeins beita þessum IFRS-staðli við upphaf árlegs reikningsskilatímabils sem byrja 30. júní 2007 eða síðar. Ef rekstrareining beitir þessum IFRS-staðli fyrir gildistökudag skal hún greina frá því og beita jafnframt IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2008).

B69 Krafan um framvirka beitingu þessa IFRS-staðals hefur eftirfarandi áhrif fyrir sameiningu fyrirtækja sem tekur aðeins til gagnkvæmra eininga eða eru aðeins samkvæmt samningi ef yfirtökudagur þeirrar sameiningar er fyrir beitingu þessa IFRS-staðals:

a) *Flokkun* — Eining skal halda áfram að flokka fyrri sameiningu fyrirtækja í samræmi við fyrri reikningsskilaaðferðir einingar vegna slíkrar sameiningar.

b) *Áður færð viðskiptavild* — Við upphaf fyrsta árlega tímabilsins sem þessum IFRS-staðli er beitt, skal bókfært verð viðskiptavildar, sem stafar af fyrri sameiningu fyrirtækja, vera bókfært verð á þeim degi í samræmi við fyrri reikningsskilaaðferðir einingarinnar. Við ákvörðun þeirrar fjárhæðar skal eining eyða bókfærðu verði allra uppsafnaðra afskrifta af þeirri viðskiptavild og samsvarandi lækkun á viðskiptavild. Ekki skal gera frekari leiðréttingar á bókfærðu verði viðskiptavildar.

c) *Viðskiptavild sem áður var færð sem frádráttur frá eigin fé* — Fyrri reikningsskilaaðferðir einingar gætu hafa leitt til þess að viðskiptavild vegna fyrri sameiningar fyrirtækja hafi verið færð sem frádráttur frá eigin fé. Við þær aðstæður skal eining ekki færa þá viðskiptavild sem eign við upphaf fyrsta árlega tímabilsins sem þessum IFRS-staðli er beitt. Auk þess skal eining ekki færa neinn hluta þeirrar viðskiptavildar í rekstrarreikning þegar hún ráðstafar hluta af eða öllu fyrirtækinu, sem viðskiptavildin tengist, eða þegar virði fjárskapandi einingar, sem viðskiptavildin tengist, rýrnar.

d) *Síðari færsla viðskiptavildar* — Frá upphafi fyrsta árlega tímabilsins sem þessum IFRS-staðli er beitt skal eining hætta að afskrifa viðskiptavild sem leiðir af fyrri sameiningu fyrirtækja og skal prófa viðskiptavild með tilliti til virðisrýrnunar í samræmi við IAS-staðal 36.

e) *Áður færð neikvæð viðskiptavild* — Eining sem færði fyrri sameiningu fyrirtækja samkvæmt kaupaðferð kann að hafa fært frestaðar tekjur vegna eignarhlutdeildar á hreinu gangvirði aðgreinanlegra eigna og skulda yfirtekins aðila umfram kostnað við þann hluta (stundum kallað neikvæð viðskiptavild). Í því tilviki skal eining afskrá bókfært verð þeirra frestuðu tekna við upphaf fyrsta árlega tímabilsins sem þessum IFRS-staðli er beitt með samsvarandi leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fé á þeim degi.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 5 (IFRS-staðall 5)

Fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum IFRS-staðli er að segja til um færslu eigna sem haldið er til sölu og um framsetningu og upplýsingar um *aflagða starfsemi*. Einkum er krafist í þessum IFRS-staðli:

a) að eignir sem uppfylla viðmiðunina um að vera flokkaðar sem haldið er til sölu skuli metnar á því sem lægra er af bókfærðri fjárhæð eða *gangvirði* að frádregnum *sölukostnaði*, og að afskriftum af slíkum eignum skuli hætt og

b) að eignir sem uppfylla viðmiðunina um að vera flokkaðar sem haldið til sölu skuli setja fram aðgreindar í efnahagsreikningi og að niðurstöðutölur af aflagðri starfsemi skuli setja fram aðgreindar í yfirliti um heildarafkomu.

GILDISSVIÐ

2 Kröfur, sem gerðar eru í þessum IFRS-staðli um flokkun og framsetningu, gilda um alla færða *fastafjármuni* ([41]) og alla *ráðstöfunarflokka* einingar. Matskröfur í þessum IFRS-staðli gilda um alla færða fastafjármuni og ráðstöfunarflokka (eins og fram kemur í 4. lið) nema þær eignir sem taldar eru upp í 5. lið sem áfram skal meta í samræmi við staðalinn sem tilgreindur er.

3 Eignir sem flokkaðar eru sem fastafjármunir í samræmi við IAS-staðal 1, *framsetning reikningsskila*, skal ekki endurflokka sem *veltufjármuni* fyrr en þær uppfylla viðmiðunina um að vera flokkaðar sem haldið til sölu í samræmi við þennan IFRS-staðal. Eignir í flokki, sem eining telur að öllu jöfnu til fastafjármuna sem einvörðungu eru keyptir með endursölu fyrir augum, skal ekki flokka sem veltufjármuni nema þær uppfylli skilyrði þess að vera flokkaðir sem haldið til sölu í samræmi við þennan IFRS-staðal.

4 Stundum ráðstafar eining flokki eigna saman í einum viðskiptum, hugsanlega með nokkrum skuldbindingum sem tengjast þeim beint. Slíkur ráðstöfunarflokkur getur verið flokkur *fjárskapandi eininga*, ein fjárskapandi eining eða hluti fjárskapandi einingar ([42]). Í flokknum geta verið hvers konar eignir og skuldir einingarinnar, þ.m.t. veltufjármunir, skammtímaskuldir og eignir sem í 5. lið eru undanskilin frá matskröfum þessa IFRS-staðals. Ef fastafjármunir, sem falla undir matskröfur þessa IFRS-staðals, eru hluti af ráðstöfunarflokki, gilda matskröfur þessa IFRS-staðals um flokkinn í heild þannig að hann er metinn á því virði sem er lægra, bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Kröfur um mat á einstökum eignum og skuldum í ráðstöfunarflokknum eru settar fram í 18., 19. og 23. lið.

5 Ákvæðin um mat í þessum IFRS-staðli ([43]) gilda ekki um eftirfarandi eignir sem falla undir þá IFRS-staðla sem tilgreindir eru annaðhvort sem einstakar eignir eða hluti ráðstöfunarflokks:

a) frestaðar skattinneignir (IAS-staðall 12, *tekjuskattar*).

b) eignir, sem myndast vegna starfskjara (IAS-staðall 19, *starfskjör*),

c) fjáreignir innan gildissviðs IFRS-staðals 9, *fjármálagerningar*,

d) fastafjármunir, sem eru færðir í samræmi við gangvirðislíkanið í IAS-staðli 40, *fjárfestingareignir*,

e) fastafjármunir, sem metnir eru á gangvirði, að frádregnum sölukostnaði í samræmi við IAS-staðal 41, *landbúnaður*,

f) flokkar samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17, *vátryggingarsamningar*.

([41]) Fyrir eignir, sem flokkaðar eru í samræmi við framsetningu greiðsluhæfis, eru fastafjármunir eignir sem taka til fjárhæða sem vænst er að verði endurheimtar meira en tólf mánuðum eftir reikningsskilatímabilið. Ákvæði 3. liðar gilda um flokkun slíkra eigna.

([42]) Þegar vænst er að sjóðstreymi frá eign eða flokki eigna stafi aðallega af sölu fremur en áframhaldandi notkun verða eignirnar þó minna háðar sjóðstreymi frá öðrum eignum, og ráðstöfunarflokkur, sem var hluti af fjárskapandi einingu, verður að sérstakri fjárskapandi einingu.

([43]) Í öðrum en 18. og 19. lið., en með þeim er gerð krafa um að viðkomandi eign sé metin í samræmi við aðra viðeigandi IFRS-staðla.

5A Kröfurnar um flokkun, framsetningu og mat í þessum IFRS-staðli gilda um fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokk) sem eru flokkaðir sem haldið til sölu, eiga einnig við fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokk) sem eru flokkaðir sem haldið til úthlutunar til eigenda í hlutverki sínu sem eigendur (haldið til úthlutunar til eigenda).

5B Í þessum IFRS-staðli er tilgreind sú upplýsingagjöf sem krafist er um fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokka) sem eru flokkaðir sem haldið til sölu eða vegna aflagðrar starfsemi. Upplýsingagjöf í öðrum IFRS-stöðlum gildir ekki um slíkar eignir (eða ráðstöfunarflokka) nema í þeim IFRS-stöðlum sé krafist:

a) sérstakra upplýsinga um fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokka) sem eru flokkaðar sem haldið til sölu eða vegna aflagðrar starfsemi eða

b) upplýsinga um mat eigna og skuldbindinga innan ráðstöfunarflokks sem eru ekki innan gildissviðs matskrafna IFRS-staðals 5 og slíkar upplýsingar séu ekki þegar lagðar fram í hinum skýringunum við reikningsskilin.

Viðbótarupplýsingar um fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokka) sem flokkaðir eru sem haldið til sölu eða vegna aflagðrar starfsemi gætu verið nauðsynlegar til að almennum kröfum IAS-staðals 1 sé fylgt, einkum 15. og 125. lið þess staðals.

FLOKKUN FASTAFJÁRMUNA (EÐA RÁÐSTÖFUNARFLOKKA) SEM HALDIÐ TIL SÖLU EÐA HALDIÐ TIL ÚTHLUTUNAR TIL EIGENDA

6 Eining skal flokka fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokka) sem haldið til sölu ef bókfært verð þeirra er endurheimt aðallega með söluviðskiptum fremur en með áframhaldandi notkun.

7 Til að svo megi verða þarf eignin (eða ráðstöfunarflokkurinn) að vera tiltæk til sölu umsvifalaust og í því ástandi sem hún er, með fyrirvara um almenna söluskilmála þess háttar eigna (eða ráðstöfunarflokka) og sala hennar verður að vera afar líkleg.

8 Til að salan geti talist afar líkleg verða stjórnendur á viðeigandi stigi að hafa skuldbundið sig til að fylgja áætlun um að selja eignina (eða ráðstöfunarflokkinn) og hafist skipulega handa við að finna kaupanda og ljúka við áætlunina. Enn fremur verður að setja eignina (eða ráðstöfunarflokkinn) með virkum hætti á markað á verði sem er sanngjarnt m.t.t. gildandi gangvirðis. Auk þess skal þess vænst að salan uppfylli færsluskilyrði sem fullfrágengin sala innan eins árs frá skilgreiningardegi, að því undanskildu sem heimilt er skv. 9. lið, og í aðgerðum, sem þörf er á til að ljúka við áætlunina, skal koma fram að ólíklegt sé að gerðar verði verulegar breytingar á áætluninni eða að hún verði dregin til baka. Líta ber á líkur á samþykki hluthafa (ef þess er krafist í lögsögu) sem hluta af matinu um hvort salan sé afar líkleg.

8A Eining, sem heldur fast við skuldbindingu sína um sölu, sem felur í sér tap á yfirráðum dótturfélags, skal flokka allar eignir og skuldir þess dótturfélags sem haldið til sölu þegar viðmiðanirnar, sem settar eru fram í 6.–8.lið, eru uppfylltar, án tillits til þess hvort einingin muni halda hlut sem ekki er ráðandi í fyrrum dótturfélagi sínu eftir söluna.

9 Vegna atburða eða aðstæðna getur tímabilið til að ganga frá sölunni lengst fram yfir eitt ár. Framlenging tímabilsins, sem þarf til að ganga frá sölu, kemur ekki í veg fyrir að eign (eða ráðstöfunarflokkur) sé flokkuð sem haldið til sölu ef seinkunin stafar af atburðum eða aðstæðum sem eru ekki á valdi einingarinnar og nægur vitnisburður er um að einingin sé áfram skuldbundin áætlun sinni um að selja eignina (eða ráðstöfunarflokkinn). Þetta á við þegar skilyrðin í viðbæti B eru uppfyllt.

10 Til söluviðskipta teljast skipti á fastafjármunum gegn öðrum fastafjármunum þegar skiptin eru viðskiptalegs eðlis í samræmi við IAS-staðal 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*.

11 Þegar eining yfirtekur fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokka) einvörðungu með það fyrir augum að selja þá síðar skal hún því aðeins flokka fastafjármunina (eða ráðstöfunarflokkinn) sem haldið til sölu á yfirtökudegi að krafan um eitt ár í 8. lið sé uppfyllt (að undanskildu því sem er heimilt skv. 9. lið) og það sé afar líklegt að einhver önnur skilyrði í 7. og 8. lið, sem eru ekki uppfyllt á þeim degi, verði uppfyllt innan skamms tíma frá yfirtökunni (venjulega innan þriggja mánaða).

12 Ef skilyrðin í 7. og 8. lið eru uppfyllt eftir reikningsskilatímabilið skal eining ekki flokka fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokk) sem haldið til sölu í þeim reikningsskilum þegar þau eru birt. Þegar þessi skilyrði eru uppfyllt eftir reikningsskilatímabilið, en áður en reikningsskilin eru heimiluð til birtingar, skal einingin þó veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í a-, b- og d-lið 41. liðar í skýringunum.

12A Fastafjármunir (eða ráðstöfunarflokkur) eru flokkaðir sem haldinn til úthlutunar til eigenda þegar einingin er skuldbundin til að úthluta eigninni (eða ráðstöfunarflokki) til eigenda. Til að svo megi verða þurfa eignirnar að vera tiltækar til tafarlausrar úthlutunar í núverandi ástandi sínu og úthlutunin þarf að vera afar líkleg. Til að úthlutun teljist vera afar líkleg verða aðgerðir til að ljúka úthlutun að hafa verið hafnar og þess vænst að þeim ljúki innan eins árs frá flokkunardegi. Aðgerðir, sem er krafist til að ljúka úthlutun, skulu gefa til kynna að ólíklegt sé að verulegar breytingar verði gerðar á úthlutun eða að úthlutun verði dregin til baka. Líta ber á líkur á samþykki hluthafa (ef þess er krafist í viðkomandi lögsögu) sem hluta af matinu á því hvort úthlutun sé afar líkleg.

Fastafjármunir sem á að leggja niður

13 Eining skal ekki flokka fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokka), sem á að leggja niður, sem haldið til sölu. Þetta stafar af því að bókfært verð þeirra endurheimtist aðallega með áframhaldandi notkun. Ef ráðstöfunarflokkurinn, sem á að leggja niður, uppfyllir skilyrðin í a- til c-lið 32. liðar skal einingin þó setja fram niðurstöðutölur og sjóðstreymi ráðstöfunarflokksins sem starfsemi sem skal leggja niður í samræmi við 33. og 34. lið daginn sem hætt er að nota hann. Til fastafjármuna (eða ráðstöfunarflokka), sem á að leggja niður, teljast fastafjármunir (eða ráðstöfunarflokkar) sem á að nota til loka endingartíma þeirra og fastafjármunir (eða ráðstöfunarflokkar) sem á að loka fremur en selja.

14 Eining skal ekki færa fastafjármuni, sem hafa verið teknir úr notkun um stundarsakir, eins og þeir hafi verið lagðir niður.

MAT Á FASTAFJÁRMUNUM (EÐA RÁÐSTÖFUNARFLOKKUM) SEM HALDIÐ ER TIL SÖLU

Mat á fastafjármunum (eða ráðstöfunarflokkum)

15 Eining skal meta fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokka) sem flokkaðir eru sem haldið til sölu á því sem er lægra af bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði.

15A Eining skal meta fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokka), sem eru flokkaðir sem haldið til úthlutunar til eigenda, á því sem er lægra af bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum úthlutunarkostnaði ([44]).

16 Ef nýkeypt eign (eða ráðstöfunarflokkur) uppfyllir viðmiðin um að flokkast sem haldið til sölu (sjá 11. lið) leiðir beiting 15. liðar til þess að eignin (eða ráðstöfunarflokkur), sem er við upphaflega færslu á bókfærðu verði, ef hún hefði ekki verið flokkuð með þessum hætti (til dæmis á kostnaðarverði), eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, eftir því hvort er lægra. Af þeim sökum skal meta eignina (eða ráðstöfunarflokkinn) á gangvirði að frádregnum sölukostnaði ef hún er yfirtekin sem hluti af rekstrarsameiningu.

17 Þegar vænst er að salan verði eftir meira en eitt ár skal einingin meta sölukostnaðinn á núvirði. Aukningu í núvirði sölukostnaðar, sem rekja má til framrásar tímans, skal setja fram í rekstrarreikningi sem fjármögnunarkostnað.

18 Allt fram til upphaflegrar flokkunar eignarinnar (eða ráðstöfunarflokks) sem haldið til sölu skal bókfært verð eignarinnar (eða allra eigna og skulda í flokknum) metið í samræmi við viðeigandi IFRS-staðla.

19 Við síðara endurmat á ráðstöfunarflokki skal bókfært verð eigna og skulda, sem matskröfur þessa IFRS-staðals ná ekki til en eru í ráðstöfunarflokki sem skilgreindur er sem haldið til sölu, endurmetið í samræmi við viðeigandi IFRS-staðal áður en gangvirðið að frádregnum sölukostnaði ráðstöfunarflokksins er endurmetið.

([44]) Úthlutunarkostnaður er viðbótarkostnaður sem rekja má beint til úthlutunar, að undanskildum fjármagnskostnaði og tekjuskattskostnaði.

Færsla á virðisrýrnunartöpum og bakfærslum

20 Eining skal færa virðisrýrnunartap vegna upphaflegrar eða síðari niðurfærslu eignarinnar (eða ráðstöfunarflokks) að gangvirði að frádregnum sölukostnaði, að því marki sem það hefur ekki verið fært í samræmi við 19. lið.

21 Eining skal færa ágóða af síðari hækkun gangvirðis eignar, að frádregnum sölukostnaði, en ekki umfram uppsafnað virðisrýrnunartap sem fært hefur verið, annaðhvort í samræmi við þennan IFRS-staðal eða fyrr í samræmi við IAS-staðal 36, virðisrýrnun eigna.

22 Eining skal færa ágóða af síðari hækkun á gangvirði ráðstöfunarflokks að frádregnum sölukostnaði:

a) að því marki sem hann hefur ekki verið færður í samræmi við 19. lið en

b) ekki umfram uppsafnað virðisrýrnunartap sem fært hefur verið, annaðhvort í samræmi við þennan IFRS-staðal eða fyrr í samræmi við IAS-staðal 36 af fastafjármunum sem falla undir matskröfur þessa IFRS-staðals.

23 Virðisrýrnunartapið (eða síðari ágóði), sem er fært vegna ráðstöfunarflokks, skal lækka (eða hækka) bókfært verð fastafjármuna í flokknum, sem falla undir matskröfur þessa IFRS-staðals, í sömu röð og skiptingin sem sett er fram í a- og b-lið 104. liðar og 122. lið IAS-staðals 36 (endurskoðaður 2004).

24 Ágóði eða tap, sem hefur ekki verið fært daginn sem sala fastafjármuna (eða ráðstöfunarflokks) fer fram, skal fært daginn sem það er fært út. Kröfur í tengslum við afskráningu eru settar fram í:

a) ákvæðum 67.–72. liðar í IAS-staðli 16 (endurskoðaður 2003) fyrir varanlega rekstrarfjármuni og

b) 112.–117. lið í IAS-staðli 38, *óefnislegar eignir* (endurskoðaður 2004) fyrir óefnislegar eignir.

25 Eining skal ekki afskrifa fastafjármuni meðan þeir eru flokkaðir sem haldið til sölu eða meðan þeir eru hluti ráðstöfunarflokks sem skilgreindur er sem haldið til sölu. Halda skal áfram að færa vexti og annan kostnað sem telst til skulda ráðstöfunarflokks sem flokkaður er sem haldið til sölu.

Breytingar á söluáætlun eða á áætlun um úthlutun til eigenda

26 Ef eining hefur skilgreint eign (eða ráðstöfunarflokk) sem haldið til sölu eða haldið til úthlutunar til eigenda en viðmiðunin í 7.–9. lið (haldið til sölu) eða í lið 12A (haldið til úthlutunar til eigenda) er ekki lengur uppfyllt skal einingin hætta að skilgreina eignina (eða ráðstöfunarflokkinn) sem haldið til sölu eða haldið til úthlutunar til eigenda (eftir því sem við á). Í slíkum tilvikum skal eining fylgja leiðbeiningunum í 27.–29. lið til að gera grein fyrir þessari breytingu nema þegar liður 26A á við.

26A Ef eining endurflokkar eign (eða ráðstöfunarflokk) með beinum hætti frá því að vera haldið til sölu í að vera haldið til úthlutunar til eigenda eða með beinum hætti frá því að vera haldið til úthlutunar til eigenda í að vera haldið til sölu telst breytingin á flokkun vera beint framhald af upphaflegu áætluninni um ráðstöfun. Einingin:

a) skal ekki fylgja leiðbeiningunum í 27.–29. lið til að gera grein fyrir þessari breytingu. Einingin skal fylgja kröfunum um flokkun, framsetningu og mat í þessum IFRS-staðli sem gilda um þessa nýju aðferð við ráðstöfun,

b) skal meta fastafjármunina (eða ráðstöfunarflokkinn) með því að fylgja kröfunum í 15. lið (við endurflokkun sem haldið til sölu) eða lið 15A (við endurflokkun sem haldið til úthlutunar til eigenda) og færa hvers konar lækkun eða hækkun gangvirðis, að frádregnum sölukostnaði/úthlutunarkostnaði fastafjármunanna (eða ráðstöfunarflokksins), með því að fylgja kröfunum í 20.–25. lið,

c) skal ekki breyta dagsetningu flokkunarinnar í samræmi við 8. lið og lið 12A. Þetta kemur ekki í veg fyrir að tímabilið, sem þörf er á til að ljúka sölu eða úthlutun til eigenda, sé framlengt ef skilyrðunum í 9. lið er fullnægt.

27 Einingin skal meta fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokk), sem hætt er að flokka sem ætlaða til sölu eða sem haldið til úthlutunar til eigenda (eða sem hætt er að telja til ráðstöfunarflokks sem er skilgreindur sem haldið til sölu eða sem haldið til úthlutunar til eigenda), á því sem lægra er af:

a) bókfærðu verði áður en eignin (eða ráðstöfunarflokkur) var flokkaður sem haldið til sölu eða sem haldið til úthlutunar til eigenda, leiðréttu vegna afskrifta eða endurmats, sem hefði verið fært ef eignin (eða ráðstöfunarflokkur) hefði ekki verið flokkuð sem haldið til sölu eða sem haldið til úthlutunar til eigenda og

b) *endurheimtanlegri fjárhæð* hennar daginn þegar síðari ákvörðun er tekin um að selja ekki eða úthluta ([45]).

28 Einingin skal taka með nauðsynlegar leiðréttingar á bókfærðu verði fastafjármuna sem hætt er að flokka sem haldið til sölu eða sem haldið til úthlutunar til eigenda í rekstrarreikningi ([46]) af áframhaldandi rekstri á tímabilinu þegar skilyrðin í 7.–9. lið eða lið 12A, eftir því sem við á, eru ekki lengur uppfyllt. Reikningsskilum tímabilanna frá því að hún var flokkuð sem haldið til sölu eða sem haldið til úthlutunar til eigenda skal breytt í samræmi við þetta ef ráðstöfunarflokkurinn eða fastafjármunir, sem hætt er að flokka sem haldið til sölu eða sem haldið til úthlutunar til eigenda, er dótturfélag, sameiginlegur rekstur, samrekstur, hlutdeildarfélag eða hluti hlutdeildar í samrekstri eða hlutdeildarfélagi. Einingin skal setja fram þá leiðréttingu undir sömu yfirskrift í yfirlitinu um heildarafkomu og notuð er til að setja fram ágóða eða tap, ef um slíkt er að ræða, og færa í samræmi við 37. lið.

29 Ef eining tekur einstaka eign eða skuld út úr ráðstöfunarflokki, sem skilgreindur er sem haldið til sölu, skal því aðeins halda áfram að meta sem flokk eignirnar og skuldirnar sem eftir eru í ráðstöfunarflokknum sem selja á, ef flokkurinn uppfyllir viðmiðanirnar í 7.–9. lið. Ef eining tekur einstaka eign eða skuld út úr ráðstöfunarflokki, sem skilgreindur er sem haldið til úthlutunar til eigenda, skal því aðeins halda áfram að meta eignirnar og skuldirnar, sem eftir eru í ráðstöfunarflokknum sem ætlaður er til úthlutunar, að flokkurinn uppfylli skilyrðin í lið 12A. Að öðrum kosti skulu fastafjármunirnir, sem eftir eru í flokknum sem uppfylla hverjir um sig viðmiðunina um að vera flokkaðir sem haldið til sölu (eða haldið til úthlutunar til eigenda), metnir sérstaklega á því sem lægra er af bókfærðu verði eða gangvirði, að frádregnum sölukostnaði (eða kostnaði við úthlutun) á þeim degi. Hætt skal að flokka sem haldið til sölu, í samræmi við 26. lið, þá fastafjármuni sem ekki uppfylla viðmiðunina um að vera haldið til sölu. Hætt skal að flokka sem til úthlutunar til eigenda, í samræmi við 26. lið, þá fastafjármuni sem ekki uppfylla viðmiðunina um að vera haldið til úthlutunar til eigenda.

FRAMSETNING OG UPPLÝSINGAGJÖF

30 Eining skal setja fram upplýsingar sem gera notendum reikningsskilanna kleift að meta fjárhagsleg áhrif af starfsemi, sem er lögð af, og af ráðstöfun fastafjármuna (eða ráðstöfunarflokka).

Framsetning á aflagðri starfsemi

31 *Hluti einingar* tekur til rekstrar og sjóðstreymis sem hægt er að greina skýrt frá öðrum hlutum einingarinnar, rekstrarlega og reikningshaldslega. Hluti einingar hefur með öðrum orðum verið fjárskapandi eining eða flokkur fjárskapandi eininga meðan þær voru í notkun.

32 Aflögð starfsemi er hluti einingar, sem hefur annaðhvort verið ráðstafað eða er flokkuð sem haldið til sölu og:

a) er veigamikil, sérstök atvinnugrein eða landsvæði þar sem starfsemi fer fram,

b) er hluti af einni samræmdri áætlun um að ráðstafa veigamikilli, sérstakri atvinnugrein eða landsvæði þar sem starfsemi fer fram eða

c) er dótturfélag sem er keypt einvörðungu með endursölu fyrir augum.

33 Eining skal birta upplýsingar um:

([45]) Ef fastafjármunirnir eru hluti fjárskapandi einingar er endurheimtanleg fjárhæð þeirra bókfært verð sem hefði verið fært eftir skiptingu virðisrýrnunartaps sem rekja má til þeirrar fjárskapandi einingar í samræmi við IAS-staðal 36.

([46]) Fara skal með leiðréttinguna sem endurmatshækkun eða endurmatslækkun nema eignin sé varanlegir fastafjármunir eða óefnisleg eign, sem hefur verið endurmetin í samræmi við IAS-staðal 16 eða IAS-staðal 38 áður en hún var flokkuð sem haldið til sölu.

a) eina fjárhæð í yfirliti um heildarafkomu sem er samtala:

i) hagnaðar eða taps af aflagðri starfsemi eftir skatta og

ii) hagnaðar eða taps eftir skatta sem fært er við mat á gangvirði að frádregnum sölukostnaði eða við ráðstöfun eignanna eða ráðstöfunarflokksins/flokkanna sem mynda aflögðu starfsemina,

b) greiningu fjárhæðarinnar í a-lið í:

i) reglulegar tekjur og gjöld og hagnað eða tap aflagðrar starfsemi fyrir skatta,

ii) tengdan tekjuskattskostnað eins og krafist er í h-lið 81. liðar IAS-staðals 12,

iii) hagnað eða tap sem fært er við mat á gangvirði að frádregnum sölukostnaði eða við ráðstöfun eignanna eða ráðstöfunarflokksins/flokkanna, sem mynda aflögðu starfsemina og

iv) tengdan tekjuskattskostnað eins og krafist er í h-lið 81. liðar IAS-staðals 12.

Þessa greiningu má setja fram í skýringunum eða í yfirlitinu um heildarafkomu. Ef hún er sett fram í yfirlitinu um heildarafkomu skal það vera í kafla sem auðkenndur er í tengslum við aflagða starfsemi, þ.e. aðgreind frá áframhaldandi starfsemi. Greiningarinnar er ekki krafist vegna ráðstöfunarflokka sem eru nýyfirtekin dótturfélög sem við yfirtöku uppfylla viðmiðunina um að vera flokkuð sem haldið til sölu (sjá 11. lið),

c) hreint sjóðstreymi, sem rekja má til rekstrar-, fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfinga aflagðrar starfsemi. Þessar upplýsingar má setja fram annaðhvort í skýringunum eða í reikningsskilunum. Þessara upplýsinga er ekki krafist vegna ráðstöfunarflokka sem eru nýyfirtekin dótturfélög sem við yfirtöku uppfylla viðmiðunina um að vera flokkuð sem haldið til sölu (sjá 11. lið),

d) fjárhæð tekna af áframhaldandi starfsemi og aflagðri starfsemi sem tilheyrir eigendum móðurfélagsins. Þessar upplýsingar má annaðhvort setja fram í skýringunum eða í yfirlitinu um heildarafkomu.

33A Ef eining birtir liði rekstrarreiknings í aðgreindu yfirliti eins og lýst er í lið 10A í IAS-staðli 1 (með áorðnum breytingum 2011), skal birta kafla sem auðkenndur er í tengslum við aflagða starfsemi í því yfirliti.

34 Eining skal endurbirta upplýsingarnar í 33. lið vegna fyrri tímabila sem sett eru fram í reikningsskilunum svo að upplýsingarnar taki til allrar starfsemi, sem hefur verið lögð af, við lok reikningsskilatímabilsins fyrir síðasta tímabilið sem er sett fram.

35 Leiðréttingar á yfirstandandi tímabili á fjárhæðum, sem áður voru settar fram í starfsemi sem hefur verið lögð af og tengjast beint ráðstöfun á aflagðri starfsemi fyrra tímabils, skal skilgreina aðgreindar í aflagðri starfsemi. Birta skal upplýsingar um eðli og fjárhæð þess háttar leiðréttinga. Dæmi um aðstæður, þar sem þessara leiðréttinga gæti verið þörf, eru m.a. eftirfarandi:

a) niðurstaða úr óvissuþáttum sem stafa af skilmálum ráðstöfunarviðskiptanna, s.s. lausn á leiðréttingum á innkaupsverði og bótamálum gagnvart kaupanda,

b) niðurstaða úr óvissuþáttum sem stafa af og tengjast beint starfsemi hlutans fyrir ráðstöfun hans, s.s. skuldbindingar í umhverfismálum og ábyrgðarskuldbindingar vegna vara sem seljandi tekur á sig,

c) uppgjör starfskjaraskuldbindinga, að því tilskildu að uppgjörið tengist ráðstöfunarviðskiptunum beint.

36 Ef eining hættir að flokka hlut einingar sem haldið til sölu skal rekstrarárangur hlutans, sem áður hefur verið settur fram í starfsemi sem hefur verið lögð af í samræmi við 33.–35. lið, endurflokkaður og tekinn með í tekjum af áframhaldandi starfsemi á öllum tímabilum sem sett eru fram. Lýsa skal fjárhæðum frá fyrri tímabilum sem þær hafi verið endurframsettar.

36A Eining sem heldur fast við skuldbindingu sína um sölu, sem felur í sér tap á yfirráðum í dótturfélagi, skal birta upplýsingarnar, sem krafist er í 33.–36. lið, þegar dótturfélagið er ráðstöfunarflokkur sem fellur undir skilgreininguna á aflagðri starfsemi í samræmi við 32. lið.

Ágóði eða tap sem tilheyrir áframhaldandi rekstri

37 Ágóði eða tap á endurmati fastafjármuna (eða ráðstöfunarflokka) sem eru flokkaðir sem haldið til sölu og falla ekki að skilgreiningu á aflagðri starfsemi skulu tekin með í hagnaði eða tapi af áframhaldandi starfsemi.

Framsetning á fastafjármunum eða ráðstöfunarflokkum sem eru skilgreindir sem haldið til sölu

38 Eining skal setja fram fastafjármuni sem eru flokkaðir sem haldið til sölu, og eignir í ráðstöfunarflokki sem eru skilgreindar sem haldið til sölu, aðgreinda frá öðrum eignum í efnahagsreikningi. Skuldir ráðstöfunarflokks sem skilgreindur er sem haldið til sölu skal setja fram aðgreindar frá öðrum skuldum í efnahagsreikningi Þeim eignum og skuldum skal ekki jafna út og setja fram í einni fjárhæð. Helstu flokkar eigna og skulda sem eru flokkaðar sem haldið til sölu skulu settir fram aðgreindir, hvort heldur sem er í efnahagsreikningnum eða skýringunum, að undanskildu því sem heimilt er skv. 39. lið. Eining skal setja fram aðskilið allar uppsafnaðar tekjur eða gjöld sem eru færð í aðra heildarafkomu og tengjast fastafjármunum (eða ráðstöfunarflokkum) sem flokkaðir eru sem haldið til sölu.

39 Ef ráðstöfunarflokkurinn er nýyfirtekið dótturfélag sem við yfirtöku uppfyllir viðmiðunina um að vera flokkað sem haldið til sölu (sjá 11. lið) er ekki krafist upplýsinga um helstu flokka eigna og skulda.

40 Eining skal ekki endurflokka eða endurbirta fjárhæðir sem settar eru fram fyrir fastafjármuni eða fyrir eignir og skuldir ráðstöfunarflokka sem eru skilgreindir sem haldið til sölu á efnahagsreikningum fyrri tímabila til að endurspegla flokkunina í efnahagsreikningnum fyrir síðasta tímabilið sem sett er fram.

Viðbótarupplýsingar

41 Eining skal birta eftirfarandi upplýsingar í skýringunum á tímabilinu þegar fastafjármunir (eða ráðstöfunarflokkar) hafa annaðhvort verið flokkaðir sem haldið til sölu eða seldir:

a) lýsingu á fastafjármunum (eða ráðstöfunarflokkum),

b) lýsingu á málavöxtum og aðstæðum viðkomandi sölunni eða aðdraganda væntanlegrar ráðstöfunar og væntanlegum hætti og tímasetningu þeirrar ráðstöfunar,

c) ágóða eða tap, sem fært er í samræmi við 20.–22. lið, og, ef framsetning er ekki aðgreind í yfirlitinu um heild arafkomu, fyrirsögnina í yfirlitinu um heildarafkomu sem tekur til þessa ágóða eða taps.

d) ef við á, frásagnarskylda starfsþáttinn þar sem fastafjármunirnir (eða ráðstöfunarflokkarnir) eru settir fram samkvæmt IFRS-staðli 8, *starfsþættir*.

42 Ef annaðhvort 26. liður eða 29. liður eiga við skal eining, á tímabilinu sem tekin er ákvörðun um að breyta áætlun um að selja fastafjármunina (eða ráðstöfunarflokkinn), birta lýsingu á málavöxtum og aðstæðum sem leiddu til ákvörðunarinnar og áhrifunum af ákvörðuninni á rekstrarárangur á tímabilinu og á fyrri tímabilum sem sett eru fram.

UMBREYTINGARÁKVÆÐI

43 Beita skal IFRS-staðlinum framvirkt á fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokka) sem uppfylla viðmiðanir til að flokkast sem haldið til sölu og á starfsemi sem uppfyllir skilyrði um flokkun sem aflögð starfsemi eftir gildistökudag IFRS-staðalsins. Einingu er heimilt að beita ákvæðum IFRS-staðalsins á fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokka) sem uppfylla viðmiðanir til að flokkast sem haldið til sölu og á starfsemi sem uppfyllir skilyrði um skilgreiningu sem aflögð starfsemi hvenær sem er fyrir gildistökudag IFRS-staðalsins, að því tilskildu að virðismats og annarra upplýsinga sem þarf til að beita IFRS-staðlinum hafi verið aflað þegar skilyrðunum var upphaflega fullnægt.

GILDISTÖKUDAGUR

44 Eining skal beita þessum IFRS-staðli fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Hvatt er til þess að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir IFRS-staðlinum að því er varðar tímabil sem hefst fyrir 1. janúar 2005 skal hún greina frá því.

44A Með IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess breyttust með honum ákvæði 3. og 38. liðar og við bættist liður 33A. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

44B IAS-staðall 27, *samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil* (eins og honum var breytt 2008) bætti við lið 33(d). Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 27 (breytt 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil. Breytingunni skal beitt á afturvirkan hátt.

44C Bætt var við liðum 8A og 36A með *Endurbótum á IFRS-stöðlum* sem gefnar voru út í maí 2008. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Eining skal þó ekki beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast fyrir 1. júlí 2009 nema hún beiti einnig IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt í janúar 2008). Ef eining beitir breytingunum fyrir 1. júlí 2009 skal hún greina frá því. Eining skal beita breytingunum framvirkt frá þeim degi sem hún beitti IFRS-staðli 5 í fyrsta sinn, með fyrirvara um umbreytingarákvæðin í 45. lið IAS-staðals 27 (eins og honum var breytt í janúar 2008).

44D Liðum 5A, 12A og 15A var bætt við og 8. lið var breytt með IFRIC-túlkun 17, *úthlutun eigna til eigenda, í öðru en handbæru fé*, í nóvember 2008. Þessum breytingum skal beita framvirkt á fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokka) sem eru flokkaðir sem haldið til úthlutunar til eigenda á árlegum tímabilum sem hefjast á eða eftir 1. júlí 2009. Afturvirk beiting er ekki heimil. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir breytingunum á tímabil sem hefst fyrir 1. júlí 2009 skal hún greina frá því og einnig beita IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja* (eins og honum var breytt í janúar 2008), IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt í janúar 2008) og IFRIC-túlkun 17.

44E Bætt er við lið 5B með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* sem voru gefnar út í apríl 2009. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2010 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

44F [Felldur brott]

44G IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, útgefinn í maí 2011, breytir 28. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 11.

44H IFRS-staðall 13, *gangvirðismat*, gefinn út í maí 2011, breytti skilgreiningu gangvirðis og skilgreiningu endurheimtanlegrar fjárhæðar í viðbæti A. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

44I *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti lið 33A. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

44K IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti 5. lið og felldi brott liði 44F og 44J. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

44L Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) fyrir tímabilið 2012-2014*, sem voru gefnar út í september 2014, var 26.–29. lið breytt og lið 26A bætt við. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, við breytingar á aðferð við ráðstöfun sem gerðar eru á árlegum tímabilum sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

44M IFRS-staðall 17, gefinn út í maí 2017, breytti 5. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 17.

AFTURKÖLLUN IAS-STAÐALS 35

45 Þessi IFRS-staðall kemur í stað IAS-staðals 35, *starfsemi sem leggja skal af*.

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

Fjárskapandi eining Minnsti, aðgreinanlegi eignaflokkurinn, sem myndar innstreymi handbærs fjár, sem er að stærstum hluta óháð innstreymi handbærs fjár frá öðrum eignum eða eignaflokkum.

Hluti einingar Rekstur og sjóðstreymi sem hægt er að greina skýrt frá öðrum hlutum einingarinnar, rekstrarlega og reikningsskilalega.

Sölukostnaður Viðbótarkostnaður sem rekja má beint til ráðstöfunar eignar (eða **ráðstöfunarflokks**), að undanskildum fjármagnskostnaði og tekjuskattsgjöldum.

Veltufjármunir Eining skal flokka eign sem veltufjármuni þegar:

a) vænst er að eignin verði innleyst eða ætlunin er að selja eða nota hana í venjulegri rekstrarlotu einingar,

b) hún er fyrst og fremst ætluð til veltuviðskipta,

c) vænst er að eignin verði innleyst innan tólf mánaða eftir reikningsskilatímabilið, eða

d) eignin er handbært fé eða ígildi handbærs fjár (eins og það er skilgreint í IAS-staðli 7) nema takmarkanir séu á því að nota hana til skipta eða til að gera upp skuld í a.m.k. tólf mánuði eftir reikningsskilatímabilið.

Aflögð starfsemi **Hluti einingar** sem hefur annaðhvort verið ráðstafað eða er flokkaður sem haldið til sölu og:

a) er veigamikil, sérstök atvinnugrein eða landsvæði þar sem starfsemi fer fram,

b) er hluti af einni samræmdri áætlun um að ráðstafa veigamikilli, sérstakri atvinnugrein eða landsvæði þar sem starfsemi fer fram eða

c) er dótturfélag sem er keypt einvörðungu með endursölu fyrir augum.

Ráðstöfunarflokkur Flokkur eigna sem á að ráðstafa, með sölu eða öðrum hætti, saman í flokki, í einum viðskiptum og skuldir sem eru í beinum tengslum við þessar eignir og verða yfirfærðar í viðskiptunum. Til flokksins telst viðskiptavild sem var yfirtekin við sameiningu fyrirtækja ef flokkurinn er **fjárskapandi eining** sem hefur fengið í sinn hlut viðskiptavild í samræmi við kröfur 80.–87. liðar IAS-staðals 36, *virðisrýrnun eigna*, (endurskoðaður 2004) eða ef hún er starfsemi innan þess háttar fjárskapandi einingar.

Gangvirði *Gangvirði* er verðið sem fengist með því að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. (Sjá IFRS-staðal 13.)

Bindandi kaupsamningur Samningur við ótengdan aðila, bindandi fyrir báða aðila og yfirleitt framfylgjanlegur samkvæmt lögum, þar sem a) tilgreindir eru allir skilmálar sem skipta máli, þ.m.t. verð og tímasetning viðskiptanna, og b) letjandi ákvæði eru við samningsbrotum sem vega nógu þungt til þess að **afar líklegt** sé að staðið verði við samninginn.

Afar líklegt	Umtalsvert meiri líkur en felst í **líklegt**.
Fastafjármunir	Eign sem fellur ekki að skilgreiningu á **veltufjármunum**.
Líklegt	Meiri líkur en minni.
Endurheimtanleg fjárhæð	Það sem hærra er, **gangvirði** eignar að frádregnum **sölukostnaði** eða **notkunarvirði** hennar.
Notkunarvirði	Núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis sem vænst er að myndist af áframhaldandi notkun eignar og ráðstöfun hennar í lok nýtingartíma.

Viðbætir B

Viðbót vegna beitingar

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

FRAMLENGING TÍMABILSINS SEM KRAFIST ER TIL AÐ GANGA FRÁ SÖLU

B1 Eins og fram kemur í 9. lið kemur lenging tímabilsins, sem þarf til að ljúka sölu, ekki í veg fyrir að eign (eða ráðstöfunarflokkur) sé flokkuð sem haldið til sölu ef seinkunin stafar af atburðum eða aðstæðum sem eru ekki á valdi einingarinnar og að einingin hafi á sannfærandi hátt haldið fast við skuldbindingu sína um að selja eignina (eða ráðstöfunarflokkinn). Undantekning frá kröfunni um eitt ár í 8. lið gildir því við eftirfarandi aðstæður þegar þess háttar atburðir eða kringumstæður koma upp:

a) á þeim degi þegar eining skuldbindur sig vegna áætlunar um að selja fastafjármuni (eða ráðstöfunarflokk) er sanngjarnt að það vænti þess að aðrir (ekki kaupandi) setji skilyrði fyrir yfirfærslu eignarinnar (eða ráðstöfunarflokks) sem lengir tímabilið sem þarf til að ljúka sölunni og:

   i) ekki er hægt að bregðast við með aðgerðum, sem nauðsynlegar eru til að bregðast við þessum skilyrðum, fyrr en eftir að *bindandi kaupsamningi* er náð og

   ii) afar líklegt er að bindandi kaupsamningur verði gerður innan eins árs,

b) eining nær bindandi kaupsamningi og í kjölfarið setur kaupandi eða aðrir óvænt skilyrði fyrir yfirfærslu fastafjármunanna (eða ráðstöfunarflokks) sem áður höfðu verið flokkaðir sem haldið til sölu, sem lengir tímabilið er þarf til að ljúka sölunni, og:

   i) gripið hefur verið tímanlega til aðgerða, sem eru nauðsynlegar til að bregðast við skilyrðunum, og

   ii) vænst er hagstæðrar niðurstöðu þátta sem valda seinkuninni,

c) á upphaflega eins árs tímabilinu koma upp kringumstæður sem áður voru taldar ólíklegar og af þeim sökum hafa fastafjármunir (eða ráðstöfunarflokkar) sem áður höfðu verið flokkaðir sem haldið til sölu, ekki selst við lok þess tímabils og

   i) á upphaflegu eins árs tímabili greip einingin til nauðsynlegra aðgerða til að bregðast við breyttum aðstæðum,

   ii) fastafjármunirnir (eða ráðstöfunarflokkur) hafa með virkum hætti verið settir á markað á verði sem er sanngjarnt með tilliti til breyttra aðstæðna og

   iii) skilyrðin í 7. og 8. lið hafa verið uppfyllt.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 6 (IFRS-staðall 6)

Leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum IFRS-staðli er að tilgreina reikningsskil fyrir *leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim*.

2 Einkum er krafist í þessum IFRS-staðli:

a) afmarkaðra umbóta á gildandi reikningsskilavenjum fyrir *útgjöld vegna jarðefnaleitar og mats*,

b) að einingar, sem færa *eignir vegna jarðefnaleitar og mats*, meti virðisrýrnun slíkra eigna í samræmi við þennan IFRS-staðal og meti alla virðisrýrnun í samræmi við IAS-staðal 36, *virðisrýrnun eigna*,

c) upplýsinga þar sem tilgreindar eru og útskýrðar fjárhæðir í reikningsskilum einingarinnar sem verða til vegna leitar að jarðefnaauðlindum og mats á þeim og koma notendum reikningsskilanna að notum við að skilja fjárhæð, tímasetningu og vissu fyrir sjóðstreymi í framtíðinni vegna hvers konar eigna sem eru færðar vegna jarðefnaleitar og mats.

GILDISSVIÐ

3 Eining skal beita IFRS-staðlinum á útgjöld sem hún stofnar til vegna jarðefnaleitar og mats.

4 Í IFRS-staðlinum er ekki tekið á öðrum þáttum reikningsskila af hálfu eininga sem fást við leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim.

5 Eining skal ekki beita þessum IFRS-staðli á útgjöld sem stofnað var til:

a) áður en farið er að leita að jarðefnaauðlindum og meta þær, s.s. útgjöld sem stofnað var til áður en einingin öðlaðist lagalegan rétt til leitar að jarðefnum á tilteknu svæði,

b) eftir að sýnt hefur verið fram á að vinnsla jarðefnaauðlindar er tæknilega framkvæmanleg og viðskiptalega hagkvæm.

FÆRSLA EIGNA VEGNA JARÐEFNALEITAR OG MATS

Tímabundnar undanþágur frá 11. og 12. lið IAS-staðals 8

6 Þegar eining, sem færir eignir vegna jarðefnaleitar og mats, þróar reikningsskilaaðferðir sínar skal hún beita 10. lið IAS-staðals 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*.

7 Í 11. og 12. lið í IAS-staðli 8 eru tilgreindar kröfur þess opinbera og leiðbeiningar sem framkvæmdastjórninni ber að hafa í huga við þróun reikningsskilaaðferðar fyrir tiltekinn lið ef enginn IFRS-staðall gildir sérstaklega um þann lið. Með fyrirvara um 9. og 10. lið hér á eftir er einingu með þessum IFRS-staðli veitt undanþága frá því að beita þeim liðum á reikningsskilaaðferðir sínar fyrir færslu og mat á eignum vegna jarðefnaleitar og mats.

MAT Á EIGNUM VEGNA JARÐEFNALEITAR OG MATS

Mat við færslu

8 Eignir vegna jarðefnaleitar og mats skal meta á kostnaðarverði.

Þættir í kostnaðarverði eigna vegna jarðefnaleitar og mats

9 Eining skal ákvarða reikningsskilaaðferð þar sem tilgreind eru þau útgjöld sem eru færð sem eignir vegna jarðefnaleitar og mats og beita aðferðinni með samræmdum hætti. Þegar eining tekur þessa ákvörðun hefur hún í huga að hve miklu leyti hægt er að tengja útgjöldin því að finna tilteknar jarðefnaauðlindir. Hér á eftir eru dæmi um útgjöld þar sem upphaflegt mat á eignum vegna jarðefnaleitar og mats getur falið í sér (upptalningin er ekki tæmandi):

a) öflun réttinda til leitar,

b) staðfræðilegar, jarðfræðilegar, jarðefnafræðilegar og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir,

c) tilraunaboranir,

d) skurðgröft,

e) sýnatöku og

f) starfsemi í tengslum við mat á því hvort það er tæknilega framkvæmanlegt og viðskiptalega hagkvæmt að vinna jarðefnaauðlind.

10 Útgjöld sem tengjast þróun jarðefnaauðlinda skal ekki færa sem eignir vegna jarðefnaleitar og mats. Í *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* og IAS-staðli 38, *óefnislegar eignir*, eru leiðbeiningar um færslu eigna sem verða til vegna þróunar.

11 Í samræmi við IAS-staðal 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, færir eining hvers kyns skuldbindingar um brottflutning og enduruppbyggingu sem hún stofnar til á tilteknu tímabili vegna þess að hún hefur skuldbundið sig til að leita að jarðefnaauðlindum og meta þær.

Mat eftir færslu

12 Að færslu lokinni skal eining annaðhvort beita kostnaðarverðslíkaninu eða endurmatslíkaninu á eignir vegna jarðefnaleitar og mats. Ef endurmatslíkaninu er beitt (annaðhvort líkaninu í IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*, eða líkaninu í IAS-staðli 38) skal það vera í samræmi við flokkun eignanna (sjá 15. lið).

Breytingar á reikningsskilaaðferðum

13 Einingu er heimilt að breyta reikningsskilaaðferðum sínum fyrir útgjöld vegna jarðefnaleitar og mats ef reikningsskilin fá við breytinguna meira vægi fyrir þarfir notenda vegna hagrænnar ákvarðanatöku og ekki dregur úr áreiðanleika þeirra eða eykur hann og skiptir ekki minna máli fyrir þær þarfir. Eining skal dæma mikilvægi og áreiðanleika samkvæmt viðmiðununum í IAS-staðli 8.

14 Til að réttlæta breytingu á reikningsskilaaðferðum að því er varðar útgjöld vegna jarðefnaleitar og mats skal eining sýna fram á að breytingin færi reikningsskilin nær því að uppfylla viðmiðanirnar í IAS-staðli 8 en breytingin þarf ekki að ná fullu samræmi við þær viðmiðanir.

FRAMSETNING

Flokkun eigna vegna jarðefnaleitar og mats

15 Eining skal flokka eignir vegna jarðefnaleitar og mats sem efnislegar eða óefnislegar eftir eðli eignanna sem hafa verið keyptar og beita flokkuninni með samræmdum hætti.

16 Farið er með sumar eignir vegna jarðefnaleitar og mats sem óefnislegar (t.d. réttindi til borunar) á meðan aðrar eru efnislegar (t.d. ökutæki og borpallar). Að svo miklu leyti sem efnisleg eign er notuð við að þróa óefnislega eign er fjárhæðin, sem endurspeglar þá notkun, hluti kostnaðarverðs óefnislegu eignarinnar. Notkun efnislegrar eignar við að þróa óefnislega eign breytir þó ekki efnislegri eign í óefnislega eign.

Endurflokkun eigna vegna jarðefnaleitar og mats

17 Eign vegna jarðefnaleitar og mats skal ekki lengur flokka sem slíka þegar hægt er að sýna fram á að vinnsla jarðefnaauðlindar sé tæknilega framkvæmanleg og viðskiptalega hagkvæm. Áður en eignir vegna jarðefnaleitar og mats eru endurflokkaðar ber að meta þær með tilliti til virðisrýrnunar og færa hvers kyns virðisrýrnunartap.

VIRÐISRÝRNUN

Færsla og mat

18 Meta skal eignir vegna jarðefnaleitar og mats með tilliti til virðisrýrnunar þegar málsatvik og aðstæður benda til að bókfært verð eignar vegna jarðefnaleitar og mats geti verið hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Þegar málsatvik og aðstæður benda til að bókfært verð sé hærra en endurheimtanlega fjárhæðin skal eining meta, setja fram og veita upplýsingar um virðisrýrnunartap sem af því getur hlotist í samræmi við IAS-staðal 36, að undanskildu því sem kveðið er á um í 21. lið hér á eftir.

19 Aðeins að því er varðar eignir vegna jarðefnaleitar og mats skal beita 20. lið þessa IFRS-staðals fremur en 8.–17. lið IAS-staðals 36 þegar skilgreind er eign vegna jarðefnaleitar og mats sem gæti hafa rýrnað að virði. Í 20. lið er notað hugtakið „eignir" en það gildir jafnt um einstakar eignir vegna jarðefnaleitar og mats og fjárskapandi einingu.

20 Eitt eða fleiri eftirfarandi málsatvik og aðstæður gefa til kynna að eining skuli prófa hvort eignir vegna jarðefnaleitar og mats hafi rýrnað að virði (upptalningin er ekki tæmandi):

a) tímabilið sem einingin hefur rétt til að leita að jarðefnum á því svæði sem tiltekið er hefur runnið út á tímabilinu eða rennur út í náinni framtíð og ekki er gert ráð fyrir að það verði endurnýjað,

b) veruleg útgjöld vegna frekari leitar að jarðefnaauðlindum og mats á þeim á því svæði sem tiltekið er eru hvorki á fjárhagsáætlun né fyrirhuguð,

c) leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim á tiltekna svæðinu hefur ekki leitt til þess að fundist hafi jarðefnaauðlindir í viðskiptalega hagkvæmu magni og einingin hefur ákveðið að hætta slíkri starfsemi á tiltekna svæðinu,

d) næg fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að þrátt fyrir að líklegt sé þróun á því svæði sem tiltekið er haldi áfram sé ólíklegt að bókfært verð eigna vegna jarðefnaleitar og mats á þeim endurheimtist að fullu vegna árangursríkrar þróunar eða við sölu.

Í öllum slíkum tilvikum, eða svipuðum tilvikum, skal einingin gera virðisrýrnunarpróf í samræmi við IAS-staðal 36. Allt virðisrýrnunartap er fært sem kostnaður í samræmi við IAS-staðal 36.

Að tilgreina á hvaða vinnslustigi virðisrýrnun eigna vegna jarðefnaleitar og mats er metin

21 Eining skal ákvarða reikningsskilaaðferð fyrir úthlutun eigna vegna jarðefnaleitar og mats til fjárskapandi eininga eða flokka fjárskapandi eininga í þeim tilgangi að meta virðisrýrnun slíkra eigna. Hver fjárskapandi eining eða flokkur af fjárskapandi einingum, sem eign vegna jarðefnaleitar og mats er úthlutað til, skal ekki vera stærri en starfsþáttur sem er ákvarðaður í samræmi við IFRS-staðal 8, *starfsþættir*.

22 Vinnslustigið sem einingin tilgreinir í þeim tilgangi að prófa virðisrýrnun eigna vegna jarðefnaleitar og mats getur tekið til einnar fjárskapandi einingar eða fleiri.

UPPLÝSINGAGJÖF

23 Eining skal birta upplýsingar sem tilgreina og útskýra fjárhæðir sem eru færðar í reikningsskilum hennar og verða til vegna leitar að jarðefnaauðlindum og mats á þeim.

24 Til þess að fara að 23. lið skal eining greina frá:

a) reikningsskilaaðferðum sínum að því er varðar útgjöld vegna jarðefnaleitar og mats, þ.m.t. færsla eigna vegna jarðefnaleitar og mats,

b) fjárhæðum eigna, skulda, tekna og kostnaðar og fjárstreymi frá rekstri og fjárfestingum vegna leitar að jarðefna auðlindum og mats á þeim.

25 Eining skal fara með eignir vegna jarðefnaleitar og mats sem aðgreindan flokk eigna og birta upplýsingar, sem gerð er krafa um annaðhvort í IAS-staðli 16 eða IAS-staðli 38, í samræmi við flokkun eignanna.

GILDISTÖKUDAGUR

26 Eining skal beita þessum IFRS-staðli fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2006 eða síðar. Hvatt er til þess að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir IFRS-staðlinum að því er varðar tímabil sem hefst fyrir 1. janúar 2006 skal hún greina frá því.

26A Með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*, sem gefnar voru út 2018, var 10. lið breytt. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil ef eining beitir einnig á sama tíma öllum öðrum breytingum sem gerðar voru með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*. Eining skal beita breytingunni á IFRS-staðli 6 afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Ef eining ákvarðar að afturvirk beiting væri ógerleg eða hefði í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn skal hún þó beita breytingunni á IFRS-staðli 6 með vísun til 23.–28. liðar, 50.–53. liðar og liðar 54F í IAS-staðli 8.

UMBREYTINGARÁKVÆÐI

27 Ef ógerlegt er að beita tiltekinni kröfu í 18. lið að því er varðar samanburðarupplýsingar, sem tengjast árlegum tímabilum, sem hefjast fyrir 1. janúar 2006, skal eining greina frá því. Hugtakið „ógerlegt“ er útskýrt í IAS-staðli 8.

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

Eignir vegna jarðefnaleitar og mats	**Útgjöld vegna jarðefnaleitar og mats** færð sem eignir í samræmi við reikningsskilaaðferð einingarinnar.
Útgjöld vegna jarðefnaleitar og mats	Útgjöld sem eining stofnar til í tengslum við **leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim** áður en sýnt er fram á að vinnsla jarðefnaauðlindar sé tæknilega framkvæmanleg og viðskiptalega hagkvæm.
Leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim	Leit að jarðefnaauðlindum, þ.m.t. jarðefni, olía, jarðgas og svipaðar óendurnýjanlegar náttúruauðlindir eftir að einingin hefur öðlast lagalegan rétt til leitar á tilteknu svæði, svo og ákvörðun um að vinnsla jarðefnaauðlindarinnar sé tæknilega framkvæmanleg og viðskiptalega hagkvæm

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 7 (IFRS-staðall 7)

Fjármálagerningar: Upplýsingagjöf

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum IFRS-staðli er að gera kröfu um að einingar veiti upplýsingar í reikningsskilum sínum sem gera notendum þeirra kleift að meta:

a) mikilvægi fjármálagerninga fyrir fjárhagsstöðu og árangur einingarinnar og

b) eðli og umfang áhættu fyrir eininguna sem verður vegna fjármálagerninga á tímabilinu og við lok reikningsskilatímabilsins og hvernig einingin stýrir þeirri áhættu.

2 Meginreglurnar í þessum IFRS-staðli koma til viðbótar meginreglunum um færslu, mat og framsetningu fjáreigna og fjárskulda í IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning* og í IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*.

GILDISSVIÐ

3 Allar einingar skulu beita þessum IFRS-staðli á allar tegundir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) hlutdeild í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum og félögum um samrekstur sem er færð í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*. Í sumum tilvikum er þess þó krafist eða heimilað í IFRS-staðli 10, IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að eining færi hlutdeild í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri með því að nota IFRS-staðal 9; í þeim tilvikum skulu einingar beita kröfunum í þessum alþjóðlega reikningsskilastaðli og, fyrir þá hlutdeild sem færð er á gangvirði, kröfurnar sem eru settar fram í IFRS-staðli 13, *gangvirðismat*. Einingar skulu einnig beita þessum IFRS-staðli á allar afleiður sem tengjast hlutdeild í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstri nema afleiðan samrýmist skilgreiningunni á eiginfjárgerningi í IAS-staðli 32.

b) réttindi og skyldur vinnuveitenda vegna lífeyrissjóða sem IAS-staðall 19, *starfskjör*, gildir um.

d) vátryggingarsamninga eins og þeir eru skilgreindir í IFRS-staðli 17, vátryggingarsamningar, eða fjárfestingarsamninga með valkvæðum þátttökuákvæðum innan gildissviðs IFRS-staðals 17. Hins vegar gildir þessi IFRS-staðall um:

i) afleiður sem eru innbyggðar í samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17 ef IFRS-staðall 9 krefst þess að einingin færi þær sérstaklega,

ii) fjárfestingarþætti sem eru aðgreindir frá samningum innan gildissviðs IFRS-staðals 17 ef IFRS-staðall 17 krefst slíkrar aðgreiningar, nema fjárfestingaþátturinn sé fjárfestingarsamningur með valkvæðum þátttökuákvæðum,

iii) réttindi og skyldur útgefanda sem eru til komin samkvæmt vátryggingarsamningum sem uppfylla skilgreininguna á *samningi með fjárhagslegri tryggingu*, ef útgefandi beitir IFRS-staðli 9 við færslu og mat á samningunum. Þó skal útgefandi beita IFRS-staðli 17 ef hann velur, í samræmi við e-lið 7. liðar IFRS-staðals 17, að beita IFRS-staðli 17 við færslu og mat á samningunum,

iv) réttindi og skyldur eininga sem eru fjármálagerningar sem eru til komnir samkvæmt greiðslukortasamningum, eða svipuðum samningum þar sem kveðið er á um láns- eða greiðslufyrirkomulag sem einingin gefur út sem eru í samræmi við skilgreininguna á vátryggingarsamningi ef einingin beitir IFRS-staðli 9 að því er varðar þessi réttindi og skyldur í samræmi við h-lið 7. liðar IFRS-staðals 17 og iv. lið e-liðar í lið 2.1 í IFRS-staðli 9,

v) réttindi og skyldur einingar sem eru fjármálagerningar sem eru til komnir samkvæmt vátryggingarsamningum sem eining gefur út sem takmarkar bætur fyrir tryggða atburði við fjárhæð sem annars væri krafist til að gera upp skuldbindingu vátryggingartaka sem stofnast með samningnum, ef einingin velur, í samræmi við lið 8A í IFRS-staðli 17, að beita IFRS-staðli 9 í stað IFRS-staðals 17 að því er slíka samninga varðar.

e) fjármálagerninga, samninga og skuldbindingar samkvæmt eignarhlutatengdri greiðslumiðlun sem IFRS-staðall 2, *eignarhlutatengd greiðsla*, gildir um nema hvað þessi IFRS-staðall gildir um samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 9.

f) gerninga sem skulu flokkast sem eiginfjárgerningar í samræmi við liði 16A og 16B eða liði 16C og 16D í IAS-staðli 32.

4 Þessi IFRS-staðall gildir um færða og ófærða fjármálagerninga. Færðir fjármálagerningar eru t.d. fjáreignir og fjárskuldir sem falla innan gildissviðs IFRS-staðals 9. Ófærðir fjármálagerningar eru t.d. sumir fjármálagerningar sem falla innan gildissviðs þessa IFRS-staðals þó að þeir falli utan gildissviðs IFRS-staðals 9.

5 Þessi IFRS-staðall gildir um samninga um kaup og sölu á ófjárhagslegum lið sem falla innan gildissviðs IFRS-staðals 9.

5A Kröfurnar um upplýsingagjöf um útlánaáhættu í liðum 35A-35N gilda gagnvart þeim réttindum sem IFRS-staðall 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, tilgreinir að hafi verið færð í samræmi við þennan IFRS-staðal 9 í þeim tilgangi að færa virðisrýrnunarhagnað eða -tap. Hvers kyns tilvísun til fjáreigna eða fjármálagerninga í þessum liðum skal taka til þessara réttinda nema annað sé tekið fram.

FLOKKAR FJÁRMÁLAGERNINGA OG UMFANG UPPLÝSINGA

6 Þegar gerð krafa um upplýsingar í þessum IFRS-staðli eftir flokki fjármálagerninga skal eining skipta fjármálagerningum í flokka sem hæfa eðli upplýsinganna sem eru birtar og sem taka tillit til einkenna þessara fjármálagerninga. Eining skal þó veita fullnægjandi upplýsingar til að unnt sé að stemma af liðina sem eru settir fram í efnahagsreikningnum.

MIKILVÆGI FJÁRMÁLAGERNINGA FYRIR FJÁRHAGSSTÖÐU OG ÁRANGUR

7 Eining skal veita upplýsingar sem gera notendum reikningsskila hennar kleift að meta mikilvægi fjármálagerninga fyrir fjárhagsstöðu hennar og árangur.

Efnahagsreikningur

Flokkar fjáreigna og fjárskulda

8 Upplýsingar um bókfært verð hvers eftirtalinna flokka, eins og þeir eru tilgreindir í IFRS-staðli 9, skulu birtar hvort heldur er í efnahagsreikningnum eða skýringunum:

a) fjáreignir metnar á gangvirði í rekstrarreikningi þar sem sýndar eru aðskildar i. þær fjáreignir sem eru tilgreindar sem slíkar við upphaflega færslu eða síðar í samræmi við lið 6.7.1 í IFRS-staðli 9, ii. þær fjáreignir sem eru metnar sem slíkar í samræmi við valið í lið 3.3.5 í IFRS-staðli 9, iii. þær fjáreignir sem eru metnar sem slíkar í samræmi við valið í lið 33A í IAS-staðli 32 og iv. þær fjáreignir sem meta verður á gangvirði í rekstrarreikningi í samræmi við IFRS-staðal 9,

b)–d) [felldur brott]

e) fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þar sem sýndar eru sérstaklega i. þær fjáreignir sem eru tilgreindar sem slíkar við upphafsfærslu eða síðar í samræmi við lið 6.7.1 í IFRS-staðli 9 og ii. þær fjárskuldir sem eru í samræmi við skilgreininguna á því að vera ætlaðar til veltuviðskipta í IFRS-staðli 9,

f) fjáreignum metnum á afskrifuðu kostnaðarverði,

g) fjárskuldum, metnum á afskrifuðu kostnaðarverði,

h) fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu þar sem sýndar eru sérstaklega i. þær fjáreignir sem eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2A í IFRS-staðli 9 og ii. fjárfestingar í eiginfjárgerningum sem eru tilgreindar sem slíkar við upphafsfærslu í samræmi við lið 5.7.5 í IFRS-staðli 9.

Fjáreignir eða fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

9 Ef eining hefur tilgreint fjáreign (eða flokk fjáreigna) á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sem yrði að öðrum kosti metin á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu eða afskrifuðu kostnaðarverði skal hún veita upplýsingar um:

a) *hámarksútlánaáhættu* (sjá a-lið 36. liðar) fjáreignarinnar (eða flokks fjáreigna) við lok reikningsskilatímabilsins,

b) þá fjárhæð sem dregur úr hámarksútlánaáhættunni fyrir tilstilli hvers kyns tengdra lánaafleiðna eða sambærilegra gerninga (sjá b-lið 36. liðar),

c) þá fjárhæð breytingar á gangvirði fjáreignarinnar (eða flokks fjáreigna), á tímabilinu og uppsafnaðrar fjárhæðar, sem rekja má til breytinga á útlánaáhættu fjáreignarinnar sem ákveðið er að sé annaðhvort:

i) sem fjárhæð breytingar á gangvirði sem ekki er hægt að rekja til breytinga á markaðsaðstæðum sem leiða til *markaðsáhættu* eða

ii) með því að beita annarri aðferð sem einingin telur að gefi gleggri mynd af fjárhæð breytingarinnar á gangvirðinu sem rekja má til breytinga á útlánaáhættu eignarinnar.

Undir breytingar á markaðsaðstæðum, sem leiða til markaðsáhættu, falla breytingar á sannreyndum vöxtum (viðmiðunarvöxtum), vöruverði, gengi, vísitölu neysluverðs eða vaxtavísitölu,

d) fjárhæð breytingarinnar á gangvirði hvers kyns tengdra lánaafleiðna eða sambærilegra gerninga sem orðið hefur á tímabilinu og safnast upp frá því að fjáreignin var tilgreind.

10 Ef einingin hefur tilgreint fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við lið 4.2.2 í IFRS-staðli 9 og þess er krafist að einingin setji áhrif af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar fram í annarri heildarafkomu (sjá lið 5.7.7 í IFRS-staðli 9) skal hún veita upplýsingar um:

a) fjárhæð breytingar, uppsafnaðrar, á gangvirði fjárskuldbindingarinnar sem rekja má til breytinga á útlánaáhættu af skuldbindingunni (sjá liði B5.7.13–B5.7.20 í IFRS-staðli 9 að því er varðar leiðbeiningar um það hvernig ákvarða skuli áhrifin af breytingum á útlánaáhættu af skuldbindingu),

b) mismuninn á bókfærðu verði fjárskuldarinnar og fjárhæðinni sem einingin væri samningsbundin til að greiða handhafa skuldbindingarinnar á gjalddaga,

c) hvers kyns yfirfærslur á uppsöfnuðum hagnaði eða tapi á eigið fé á tímabilinu, þ.m.t. ástæður fyrir slíkum yfirfærslum,

d) ef skuld er afskráð á tímabilinu, þá fjárhæð (ef einhver er) sem er sett fram í annarri heildarafkomu sem var færð við afskráningu.

10A Ef einingin hefur tilgreint fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við lið 4.2.2 í IFRS-staðli 9 og þess er krafist að einingin setji fram allar breytingar á gangvirði skuldarinnar (þ.m.t. áhrif af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar) í rekstrarreikningi (sjá lið 5.7.7 og 5.7.8 í IFRS-staðli 9), skal hún veita upplýsingar um:

a) fjárhæð breytingar á gangvirði fjárskuldarinnar, á tímabilinu og uppsafnaðrar fjárhæðar, sem rekja má til breytinga á útlánaáhættu viðkomandi skuldar (sjá liði B5.7.13–B5.7.20 í IFRS-staðli 9 að því er varðar leiðbeiningar um það hvernig ákvarða á breytingar á útlánaáhættu skuldar) og

b) mismuninn á bókfærðu verði fjárskuldarinnar og fjárhæðinni sem einingin væri samningsbundin til að greiða handhafa skuldbindingarinnar á gjalddaga.

11 Einingin skal einnig setja fram:

a) nákvæmri skilgreiningu aðferða við að uppfylla kröfur 9. liðar (c-liðar), 10. liðar (a-liðar) og liðar 10A (a-liðar) og liðar 5.7.7 (a-liðar) í IFRS-staðli 9, þ.m.t. skýring á því af hverju aðferðin er viðeigandi,

b) því ef einingin telur að upplýsingarnar, sem hún hefur veitt, annaðhvort í efnahagsreikningi eða í skýringum, til að fara að kröfum 9. liðar (c-liðar), 10. liðar (a-liðar) eða liðar 10A (a-liðar) og liðar 5.7.7 (a-liðar) í IFRS-staðli 9, gefi ekki glögga mynd af breytingunni á gangvirði fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar, sem rekja má til breytinga á útlánaáhættu hennar, skal hún tilgreina ástæður þeirrar niðurstöðu og þeirra þátta sem hún telur að skipti máli,

c) ítarlegri lýsingu á þeirri aðferð eða aðferðum sem eru notaðar til að ákvarða hvort það að setja áhrifin af breytingum á útlánaáhættu skuldar í aðra heildarafkomu myndi skapa eða auka á reikningsskilalegt ósamræmi í rekstrarreikningi (sjá liði 5.7.7 og 5.7.8 í IFRS-staðli 9). Ef þess er krafist að eining setji fram áhrif af breytingum á útlánaáhættu skuldar í rekstrarreikningi (sjá lið 5.7.8 í IFRS-staðli 9) verður að setja fram í upplýsingagjöfinni ítarlega lýsingu á efnahagstengslunum sem er lýst í lið B5.7.6 í IFRS-staðli 9.

Fjárfestingar í eiginfjárgerningum sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu

11A Ef eining hefur tilgreint fjárfestingar í eiginfjárgerningum, sem á að meta á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu eins og heimilað er með lið 5.7.5 í IFRS-staðli 9, skal hún láta í té upplýsingar um:

a) hvaða fjárfestingar í eiginfjárgerningum hafa verið tilgreindar sem meta skuli á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu,

b) hvaða ástæður eru til þess að nota þessa aðra leið til framsetningar,

c) gangvirði hverrar slíkrar fjárfestingar við lok reikningsskilatímabilsins,

d) arðgreiðslur sem eru færðar á tímabilinu þar sem sýndar eru sérstaklega þær sem tengjast fjárfestingum sem eru afskráðar á reikningsskilatímabilinu og þær sem tengjast fjárfestingum sem haldið er við lok reiknings-skilatímabilsins,

e) hvers kyns yfirfærslur á uppsöfnuðum hagnaði eða tapi á eigið fé á tímabilinu, þ.m.t. ástæður fyrir slíkum yfirfærslum.

11B Ef eining afskráir fjárfestingar í eiginfjárgerningum, sem eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu á reikningsskilatímabilinu, skal hún láta í té upplýsingar um:

a) hvaða ástæður liggja að baki sölu fjárfestinga,

b) gangvirði fjárfestinga á afskráningardegi,

c) uppsafnaðan hagnað eða tap við sölu.

Endurflokkun

12–12A [Felldur brott]

12B Eining skal birta upplýsingar um það ef hún hefur, á yfirstandandi eða fyrri reikningsskilatímabilum, endurflokkað fjáreignir í samræmi við lið 4.4.1 í IFRS-staðli 9. Fyrir hvern atburð skal eining birta upplýsingar um:

a) endurflokkunardaginn,

b) ítarlega skýringu á breytingu á viðskiptalíkaninu og efnislega lýsingu á áhrifum hennar á reikningsskil einingarinnar,

c) þá fjárhæð sem er endurflokkuð inn í og út úr hverjum flokki.

12C Fyrir hvert reikningsskilatímabil í kjölfar endurflokkunar fram að afskráningu skal eining birta upplýsingar að því er varðar eignir, sem eru endurflokkaðar úr flokknum gangvirði í gegnum rekstrarreikning, þannig að þær séu metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.4.1 í IFRS-staðli 9:

a) virkir vextir sem eru ákvarðaðir á endurflokkunardegi og

b) færðar vaxtatekjur.

12D Ef eining hefur, frá síðasta árlega reikningsskiladegi sínum, endurflokkað fjáreignir úr flokknum gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu þannig að þær séu metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eða úr flokknum gangvirði í gegnum rekstrarreikning þannig að þær séu metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu skal hún birta upplýsingar um:

a) gangvirði fjáreigna við lok reikningsskilatímabilsins og

b) hagnað eða tap gangvirðis sem hefði verið fært í rekstrarreikning eða aðra heildarafkomu á reikningsskilatímabilinu ef fjáreignirnar hefðu ekki verið endurflokkaðar.

13 [Felldur brott]

Samjöfnun fjáreigna og fjárskulda

13A Upplýsingagjöfin í liðum 13B–13E kemur til viðbótar við aðrar kröfur um upplýsingagjöf skv. þessum alþjóðlega reikningsskilastaðli og hennar er krafist fyrir alla færða fjármálagerninga sem jafnaðir eru út í samræmi við 42. lið IAS-staðals 32. Þessi upplýsingagjöf gildir einnig um færða fjármálagerninga sem falla undir framfylgjanlegt rammasamkomulag um jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða sambærilegs samkomulags, óháð því hvort þeir eru jafnaðir út í samræmi við 42. lið IAS-staðals 32.

13B Eining skal birta upplýsingar til að gera notendum reikningsskila hennar kleift að meta áhrif eða möguleg áhrif skuldajöfnunarsamninga á fjárhagsstöðu einingarinnar. Þetta felur í sér áhrif eða möguleg áhrif af réttinum til jöfnunar í tengslum við færðar fjáreignir einingarinnar og færðar fjárhagslegar skuldbindingar sem falla undir gildissvið liðar 13A.

13C Til að uppfylla markmiðið í lið 13B skal eining, við lok reikningsskilatímabilsins, greina frá eftirfarandi aðgreindum tölulegum upplýsingum fyrir færðar fjáreignir og færðar fjárhagslegar skuldbindingar sem falla undir gildissvið liðar 13A:

a) vergri fjárhæð þessara færðu fjáreigna og færðu fjárhagslegu skuldbindinga,

b) fjárhæðunum sem eru jafnaðar út, í samræmi við viðmiðunina í 42. lið IAS-staðals 32, við ákvörðun á hreinni fjárhæð sem sett er fram í efnahagsreikningi,

c) hreinum fjárhæðum sem settar eru fram í efnahagsreikningi,

d) fjárhæðunum sem falla undir framfylgjanlegt rammasamkomulag um jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða sambærilegt samkomulag sem annars teljast ekki í b-lið liðar 13C þ.m.t.:

i) fjárhæðum sem tengjast færðum fjármálagerningum sem uppfylla ekki sumar eða allar viðmiðanirnar fyrir samjöfnun í 42. lið IAS-staðals 32, og

ii) fjárhæðum sem tengjast fjárhagslegum tryggingum (þ.m.t. veð í reiðufé) og

e) hreinum fjárhæðum eftir að fjárhæðin í d-lið hefur verið dregin frá fjárhæðinni í c-lið hér að ofan.

Upplýsingarnar, sem krafist er í þessum lið, skulu settar fram með aðskildum hætti í töflu fyrir fjáreignir og fjárskuldir, nema önnur framsetning eigi betur við.

13D Heildarfjárhæðin, sem greint er frá í samræmi við d-lið liðar 13C, fyrir fjármálagerning skal takmarkast við fjárhæðina í c-lið liðar 13C fyrir þann fjármálagerning.

13E Eining skal birta lýsingu í upplýsingunum um réttinn til skuldajöfnunar í tengslum við færðar fjáreignir einingarinnar og færðar fjárhagslegar skuldbindingar sem falla undir framfylgjanlegt rammasamkomulag um jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða sambærilegt samkomulag sem greint er frá í samræmi við d-lið liðar 13C, þ.m.t. eðli þessara réttinda.

13F Ef upplýsingarnar sem krafist er með liðum 13B–13E eru birtar í fleiri en einni skýringu við reikningsskilin, skal einingin setja millivísun á milli þessara skýringa.

Veðtrygging

14 Eining skal birta upplýsingar um:

a) bókfært verð fjáreigna sem hún hefur veðsett fyrir skuldir eða óvissar skuldir, þ.m.t. fjárhæðir sem hafa verið endurflokkaðar í samræmi við a-lið í lið 3.2.23 í IFRS-staðli 9 og

b) skilmála og skilyrði sem tengjast veðsetningunni.

15 Þegar eining hefur til umráða veð (í fjáreignum eða ófjárhagslegum eignum) og henni er heimilt að selja eða endurveðsetja veðið ef ekki kemur til vanefnda eiganda veðsins skal hún greina frá:

a) gangvirði veðsins sem hún hefur til umráða,

b) gangvirði veðs sem hefur verið selt eða endurveðsett og hvort einingunni beri skylda til að láta það af hendi og

c) skilmálum og skilyrðum sem tengjast notkun hennar á veðinu.

Óbeinn afskriftareikningur vegna útlánataps

16 [Felldur brott]

16A Bókfært verð fjáreigna, sem eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2A í IFRS-staðli 9, er ekki lækkað sem nemur niðurfærslu og eining skal ekki setja niðurfærslu fram sérstaklega í efnahagsreikningnum sem lækkun á bókfærðu verði fjáreignarinnar. Eining skal þó birta upplýsingar um niðurfærsluna í skýringum með reikningsskilunum.

Samsettir fjármálagerningar með margar innbyggðar afleiður

17 Ef eining hefur gefið út gerning sem í er bæði skuldar- og eiginfjárhluti (sjá 28. lið í IAS-staðli 32) og gerningurinn er með margar innbyggðar afleiður og virði þeirra er háð innbyrðis (s.s. uppsegjanlegur, breytanlegur skuldagerningur) skal hún greina frá þessum þáttum.

Vanefndir og brot

18 Eining skal birta eftirfarandi um *skuldabréf* sem eru færð við lok reikningsskilatímabils:

a) nákvæmar upplýsingar um allar vanefndir á tímabilinu á höfuðstól, vöxtum, geymslusjóði eða innlausnar skilmálum þessara skuldabréfa,

b) bókfært verð skuldabréfa í vanskilum við lok reikningsskilatímabils og

c) hvort bætt hafi verið fyrir vanefndirnar eða endursamið um skilmála skuldabréfa áður en birting reiknings skilanna var heimiluð.

19 Ef brotið er á tímabilinu gegn öðrum skilmálum lánssamningsins en þeim sem lýst er í 18. lið skal eining birta sömu upplýsingar og gerð er krafa um í 18. lið ef þau samningsbrot gerðu lánveitandanum kleift að fara fram á hraðari endurgreiðslu (nema bætt hafi verið fyrir brotin eða endursamið um skilmála lánsins á eða fyrir lok reiknings-skilatímabils).

Yfirlit um heildarafkomu

Tekjuliðir, gjaldaliðir, hagnaður eða tap

20 Eining skal greina frá eftirfarandi tekju- og gjaldaliðum, hagnaði eða tapi annaðhvort í yfirliti um heildarafkomu eða í skýringunum:

a) hreinum hagnaði eða hreinu tapi á:

i) fjáreignum eða fjárskuldum sem metnar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þar sem sýnt er sérstaklega það sem varðar fjáreignir eða fjárskuldir sem eru tilgreindar sem slíkar við upphafsfærslu eða síðar í samræmi við lið 6.7.1 í IFRS-staðli 9 og það sem varðar fjáreignir eða fjárskuldir sem skylt er að meta á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS-staðal 9 (t.d. fjárskuldir sem uppfylla skilgreininguna á því að vera ætlaðar til veltuviðskipta í IFRS-staðli 9). Að því er varðar fjárskuldir sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning skal eining sýna sérstaklega fjárhæð hagnaðar eða taps sem er færð í aðra heildarafkomu og fjárhæð sem er færð í rekstrarreikning.

ii)–iv) [felldur brott]

v) fjárskuldum, metnum á afskrifuðu kostnaðarverði,

vi) fjáreignum metnum á afskrifuðu kostnaðarverði,

vii) fjárfestingum í eiginfjárgerningum sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.5 í IFRS-staðli 9,

viii) fjáreignum metnum á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2A í IFRS-staðli 9 þar sem sýndar eru sérstaklega fjárhæð hagnaðar eða taps sem er færð í aðra heildarafkomu á tímabilinu og fjárhæðin sem er endurflokkuð við afskráningu úr uppsafnaðri annarri heildarafkomu í rekstrarreikning fyrir það tímabil,

b) heildarvaxtatekjum og heildarvaxtakostnaði (reiknað með því að nota aðferð virkra vaxta) fjáreigna sem eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2A í IFRS-staðli 9 (sýnir þessar fjárhæðir sérstaklega) eða fjárskulda sem eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning,

c) þóknanatekjum og -gjöldum (öðrum en fjárhæðum sem eru taldar með til þess að ákvarða virka vexti) sem verða til vegna:

i) fjáreigna eða fjárskulda sem tilgreint er að séu ekki á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og

ii) fjárvörslusjóða og annarrar fjárhagsgæslu sem leiðir til þess að eining heldur eignum eða fjárfestir fyrir hönd einstaklinga, fjárvörslusjóða, eftirlaunasjóða og annarra stofnana,

d) [felldur brott]

e) [felldur brott]

20A Eining skal birta upplýsingar um greiningu á þeim hagnaði eða tapi, sem er fært í yfirlit um heildarafkomu sem leiðir af afskráningu fjáreigna sem eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði, sem sýna sérstaklega hagnað og tap sem leiðir af afskráningu þessara fjáreigna. Í þessari afskráningu skulu koma fram ástæður að baki afskráningu þessara fjáreigna.

Aðrar upplýsingar

Reikningsskilaaðferðir

21 Í samræmi við 117. lið í IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila* (endurskoðaður 2007), birtir eining mikilvægar upplýsingar um reikningsskilaaðferðir. Þess er vænst að upplýsingar um matsgrunn (eða matsgrunna) fyrir fjármálagerninga, sem notaðir eru við gerð reikningsskilanna, verði mikilvægar upplýsingar um reikningsskilaaðferðir.

Áhættuvarnarreikningsskil

21A Eining skal beita kröfum liða 21B–24F um birtingu upplýsinga að því er varðar áhættu sem eining ver gegn áhættu og velur að beita áhættuvarnarreikningsskilum fyrir. Í upplýsingum um áhættuvarnarreikningsskil skal koma fram:

a) áhættustýringaráætlun einingar og hvernig henni er beitt gagnvart stýringu áhættu,

b) hvernig áhættuvarnaraðgerðir einingarinnar geta haft áhrif á fjárhæð, tímasetningu og óvissu í framtíðar sjóðstreymi og

c) þau áhrif sem áhættuvarnarreikningsskil hafa haft á efnahagsreikning einingarinnar, yfirlit hennar um heildarafkomu og yfirlit hennar um breytingar á eigin fé.

21B Eining skal setja fram þær upplýsingar sem krafist er í einni skýringu eða í sérstökum hluta í reikningsskilum hennar. Þó þarf eining ekki að gera eftirrit af upplýsingum sem eru settar fram annars staðar að því tilskildu að upplýsingarnar séu felldar inn í annað uppgjör með millivísun frá reikningsskilunum, s.s. í athugasemdum eða áhættuskýrslu stjórnenda, sem eru tiltækar notendum reikningsskilanna með sömu skilmálum og reikningsskilin og á sama tíma. Án upplýsinganna, sem eru felldar inn í með millivísun, eru reikningsskilin ófullgerð.

21C Þegar þess er krafist í liðum 22A–24F að einingin aðgreini eftir áhættuflokkum birtar upplýsingar skal einingin ákveða hvern áhættuflokk á grundvelli áhættuskuldbindinga sem hún ákveður að verja gegn og teknar hafa verið með í áhættuvarnarreikningsskil. Eining skal ákveða áhættuflokka með samræmdum hætti fyrir allar birtar upplýsingar um áhættuvarnarreikningsskil.

21D Til þess að uppfylla markmiðin í lið 21A skal eining ákvarða (nema annað sé tekið fram hér á eftir) hve ítarlegar upplýsingar skal birta, hvaða áherslu ber að leggja á ólíka þætti krafna um upplýsingagjöf, viðeigandi stig samsöfnunar eða aðgreiningar og hvort notendur reikningsskila þurfi viðbótarskýringar til að meta þær tölulegu upplýsingar sem birtar eru. Eining skal þó nota sama stig samsöfnunar eða aðgreiningar og hún notar vegna krafna um birtingu skyldra upplýsinga í þessum IFRS-staðli og IFRS-staðli 13, gangvirðismat.

Áhættustýringaráætlun

22 [Felldur brott]

22A Eining skal skýra áhættustýringaráætlun sína fyrir hvern áhættuflokk innan áhættuskuldbindinga sem hún ákveður að verja og falla undir beitingu áhættuvarnarreikningsskila. Þessi skýring ætti að gera notendum reikningsskila kleift að meta (t.d.):

a) hvernig hver áhætta verður til,

b) hvernig einingin stjórnar hverri áhættu; þetta tekur til þess hvort einingin verji lið gegn allri áhættu í heild sinni eða verji lið gegn áhættuþætti (eða -þáttum) og hvers vegna,

c) umfang áhættuskuldbindinga sem einingin stjórnar.

22B Til að uppfylla kröfur liðar 22A skulu upplýsingarnar taka til (en takmarkast þó ekki við) lýsingu á:

a) áhættuvarnargerningum sem eru notaðir (og hvernig þeir eru notaðir) til að verja áhættuskuldbindingar,

b) því hvernig einingin ákvarðar efnahagstengsl milli áhættuvarins liðar og áhættuvarnargernings í því skyni að meta skilvirkni áhættuvarnar og

c) því hvernig einingin ákveður áhættuvarnarhlutfallið og hver uppspretta óskilvirkni áhættuvarnar er.

22C Þegar eining tilgreinir sértækan áhættuþátt sem áhættuvarinn lið (sjá lið 6.3.7 í IFRS-staðli 9) skal hún láta í té, auk þeirra upplýsinga sem krafist er í liðum 22A og 22B, efnislegar og tölulegar upplýsingar um það:

a) hvernig einingin ákvarðar áhættuþátt sem er tilgreindur sem áhættuvarinn liður (þ.m.t. lýsing á eðli tengsla milli áhættuþáttarins og liðarins í heild) og

b) hvernig áhættuþátturinn tengist liðnum í heild sinni (t.d. tilgreindi áhættuþátturinn hefur sögulega séð tekið til að meðaltali 80% breytinga á gangvirði liðarins í heild).

Fjárhæð, tímasetning og óvissa í framtíðarsjóðstreymi

23 [Felldur brott]

23A Eining skal, nema liður 23C leyfi undanþágu, birta eftir áhættuflokkum tölulegar upplýsingar til þess að gefa notendum reikningsskila hennar færi á að meta skilmála og skilyrði áhættuvarnargerninga og hvernig þau hafa áhrif á fjárhæð, tímasetningu og óvissu í framtíðarsjóðstreymi einingarinnar.

23B Til þess að uppfylla kröfu liðar 23A skal eining láta í té sundurliðun þar sem fram kemur:

a) lýsing tímasetningar á nafnverði áhættuvarnargerningsins og

b) ef við á, meðalverð eða -vextir (t.d. lausnarverð eða framvirkt verð o.s.frv.) áhættuvarnargerningsins.

23C Í aðstæðum þar sem eining endurstillir oft (þ.e. afleggur og hefur að nýju) áhættuvarnartengsl vegna þess að bæði áhættuvarnargerningurinn og áhættuvarði liðurinn breytast oft (þ.e. einingin notar sívirkt ferli þar sem bæði áhættuskuldbindingin og áhættuvarnargerningarnir, sem eru notaðir til að stjórna áhættuvarnarskuldbindingunni, eru ekki lengi eins, líkt og í dæminu í b-lið í lið B6.5.24 í IFRS-staðli 9):

a) er einingin undanþegin því að leggja fram þær upplýsingar sem krafist er í liðum 23A og 23B,

b) skal einingin láta í té:

i) upplýsingar um það hvaða áhættustýringaráætlun er að lokum notuð í tengslum við þessi áhættuvarnartengsl,

ii) lýsingu á því hvernig hún endurspeglar áhættustýringaráætlun hennar með því að nota áhættuvarnarreikningsskil og tilgreina þau tilteknu áhættuvarnartengsl og

iii) vísbendingu um það hve oft áhættuvarnartengsl eru aflögð og hafin að nýju sem þáttur í ferli einingarinnar í tengslum við þessi áhættuvarnartengsl.

23D Eining skal setja fram eftir áhættuflokki lýsingu á uppsprettu óskilvirkni áhættuvarnar sem gert er ráð fyrir að hafi áhrif á áhættuvarnartengslin á gildistíma varnarinnar.

23E Ef önnur uppspretta óskilvirkni áhættuvarnar kemur fram í áhættuvarnartengslum skal eining gefa upplýsingar um þessa uppsprettu eftir áhættuflokkum og útskýra þá óskilvirkni áhættuvarnar sem af þessu leiðir.

23F Að því er varðar sjóðstreymisvarnir skal eining gefa lýsingu á hvers kyns áætluðum framtíðarviðskiptum sem áhættuvarnarreikningsskil höfðu verið notuð fyrir áður en ekki er lengur vænst að eigi sér stað.

Áhrif áhættuvarnarreikningsskila á fjárhagsstöðu og frammistöðu

24 [Felldur brott]

24A Eining skal birta, í formi töflu, eftirfarandi fjárhæðir sem tengjast liðum sem eru tilgreindir sem áhættuvarnar gerningar eftir áhættuflokki fyrir hverja tegund áhættuvarnar (gangvirðisvörn, sjóðstreymisvörn eða áhættuvörn hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri):

a) bókfært verð áhættuvarnargerninganna (fjáreignir aðskildar frá fjárskuldum),

b) sérlínu í efnahagsreikningi sem áhættuvarnargerningurinn fellur undir,

c) breytingu á gangvirði áhættuvarnargerningsins sem er notuð sem grundvöllur við færslu á óskilvirkni áhættu varnar fyrir það tímabil og

d) nafnverðsfjárhæðir (m.a. magn, s.s. tonn eða rúmmetrar) áhættuvarnargerninganna.

24B Eining skal birta, í formi töflu, eftirfarandi fjárhæðir sem tengjast áhættuvörðum liðum, sérstaklega eftir áhættuflokki að því er varðar tegundir áhættuvarnar sem hér segir:

a) að því er varðar gangvirðisvarnir:

i) bókfært verð áhættuvarða liðarins sem er fært í efnahagsreikning (setur fram eignir aðskildar frá skuldum),

ii) uppsafnaða fjárhæð leiðréttinga á gangvirðisvörn áhættuvarða liðarins sem fellur undir bókfært verð áhættuvarða liðarins sem er færður í efnahagsreikning (setur eignir fram aðskildar frá skuldum),

iii) sérlínu í efnahagsreikningi sem áhættuvarnargerningurinn fellur undir,

iv) breytinguna á virði áhættuvarða liðarins sem er notuð sem grundvöllur við færslu á óskilvirkni áhættuvarnar fyrir það tímabil og

v) uppsafnaða fjárhæð leiðréttinga á gangvirðisvörn sem eftir stendur í efnahagsreikningi fyrir áhættuvarða liði sem eru ekki lengur leiðréttir vegna áhættuvarins hagnaðar og taps í samræmi við lið 6.5.10 í IFRS-staðli 9,

b) að því er varðar sjóðstreymisvarnir og áhættuvarnir vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri:

i) breytinguna á virði áhættuvarða liðarins sem er notuð sem grundvöllur við færslu á óskilvirkni áhættuvarnar fyrir tímabilið (þ.e. fyrir sjóðstreymisvarnir breytingu á virði sem er notað til að ákvarðar færslu á óskilvirkni áhættuvarnar í samræmi við c-lið í lið 6.5.11 í IFRS-staðli 9),

ii) eftirstöðvar í varasjóði sjóðstreymisvarnar og varasjóði vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan vegna stöðugra áhættuvarna sem eru færðar í samræmi við lið 6.5.11 og a-lið í lið 6.5.13 í IFRS-staðli 9 og

iii) eftirstöðvar í varasjóði sjóðstreymisvarnar og varasjóði vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan frá hvers kyns áhættuvarnartengslum sem áhættuvarnarreikningsskilum er ekki lengur beitt fyrir.

24C Eining skal birta, í formi töflu, eftirfarandi fjárhæðir sérstaklega eftir áhættuflokki að því er varðar tegundir áhættuvarnar sem hér segir:

a) að því er varðar gangvirðisvarnir:

i) óskilvirkni áhættuvarnar, þ.e. mismuninn á áhættuvörðum hagnaði eða tapi af áhættuvarnargerningi og áhættuvarða liðnum, fært í rekstrarreikning (eða aðra heildarafkomu ef áhættuvörn eiginfjárgernings sem eining hefur valið að setja fram breytingar fyrir á gangvirði í annarri heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.5 í IFRS-staðli 9) og

ii) sérlínu í yfirliti um heildarafkomu sem færð óskilvirkni áhættuvarnar fellur undir,

b) að því er varðar sjóðstreymisvarnir og áhættuvarnir vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri:

i) áhættuvarinn hagnað eða tap á reikningsskilatímabilinu sem var fært í aðra heildarafkomu,

ii) óskilvirkni áhættuvarnar sem er færð í rekstrarreikning,

iii) sérlínu í yfirliti um heildarafkomu sem færð óskilvirkni áhættuvarnar fellur undir,

iv) þá fjárhæð sem er endurflokkuð úr varasjóði sjóðstreymisvarnar eða varasjóði vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan yfir í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðrétting (sjá IAS-staðal 1) (aðgreining fjárhæða sem áhættuvarnarreikningsskil voru áður notuð fyrir en ekki er lengur búist við að áhættuvarið framtíðarsjóðstreymi verði og fjárhæða sem hafa verið fluttar vegna þess að áhættuvarði liðurinn hafði áhrif á rekstrarreikning),

v) sérlínu í yfirliti um heildarafkomu sem tekur til endurflokkunarleiðréttingar (sjá IAS-staðal 1) og

vi) að því er varðar hreinar stöður, áhættuvarinn hagnað eða tap sem er fært í sérlínu í yfirliti um heildarafkomu (sjá lið 6.6.4 í IFRS-staðli 9).

24D Þegar umfang áhættuvarnartengsla, sem undanþága liðar 23C á við um, er ekki dæmigert fyrir eðlilegt umfang á tímabilinu (þ.e. umfang á reikningsskiladegi endurspeglar ekki umfangið á tímabilinu) skal eining gefa upplýsingar um þá staðreynd og af hverju hún telur umfangið ódæmigert.

24E Eining skal setja fram afstemmingu á hverjum eiginfjárþætti og greiningu á annarri heildarafkomu í samræmi við IAS-staðal 1 sem samanlagt:

a) greina, að lágmarki, á milli fjárhæða sem tengjast birtingu upplýsinganna í i. og iv. lið b-liðar í lið 24C, og fjárhæða sem eru færðar í samræmi við i. og iii. lið d-liðar í lið 6.5.11 í IFRS-staðli 9,

b) greina á milli fjárhæða sem tengjast tímavirði valréttarsamninga sem verja viðskiptatengda áhættuvarða liði gegn áhættu og fjárhæða sem tengjast tímavirði valréttarsamninga sem verja tímatengda áhættuvarða liði gegn áhættu þegar eining færir tímavirði valréttar í samræmi við lið 6.5.15 í IFRS-staðli 9 og

c) greina á milli fjárhæða sem tengjast framvirkum þætti í framvirkum samningum og grunnálagi erlends gjaldmiðils í fjármálagerningum sem verja viðskiptatengda áhættuvarða liði gegn áhættu og fjárhæða sem tengjast framvirkum þáttum í framvirkum samningum og grunnálagi erlends gjaldmiðils í fjármálagerningum sem verja tímatengda áhættuvarða liði gegn áhættu þegar eining færir þessar fjárhæðir í samræmi við lið 6.5.16 í IFRS-staðli 9.

24F Eining skal birta þær upplýsingar sem krafist er í lið 24E sérstaklega eftir áhættuflokkum. Þessa aðgreiningu eftir áhættu má setja fram í skýringum við reikningsskilin.

Möguleiki á að tilgreina lánaáhættu á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

24G Ef eining tilgreinir fjármálagerning eða hluta hans, eins og hann er metinn á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, vegna þess að í honum er notuð lánaafleiða til þess að stjórna útlánaáhættu fjármálagerningsins skal hún birta upplýsingar um:

a) að því er varðar lánaafleiður sem hafa verið notaðar til þess að stjórna útlánaáhættu fjármálagerninga sem eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við lið 6.7.1 í IFRS-staðli 9, afstemmingu á hverri nafnverðsfjárhæð og gangvirði við upphaf og lok tímabilsins,

b) hagnað eða tap í rekstrarreikningi við tilgreiningu fjármálagernings eða hluta hans eins og hann er metinn á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við lið 6.7.1 í IFRS-staðli 9 og

c) við aflagningu mats á fjármálagerningi eða hluta hans á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, gangvirði fjármálagerningsins sem hefur orðið ný fjárhæð bókfærðs verðs í samræmi við b-lið í lið 6.7.4 í IFRS-staðli 9 og tengda nafnverðs- eða höfuðstólsfjárhæð (þó ekki við framsetningu samanburðarupplýsinga í samræmi við IAS-staðal 1 en eining þarf ekki að halda áfram þessari birtingu upplýsinga á síðari tímabilum).

Óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum

24H Að því er varðar áhættuvarnartengsl þar sem eining beitir undanþágum, sem settar eru fram í liðum 6.8.4-6.8.12 IFRS-staðals 9 eða liðum 102D-102N IAS-staðals 39, skal einingin greina frá:

a) helstu vaxtaviðmiðunum sem áhættuvarnartengsl einingarinnar geta orðið fyrir áhrifum af,

b) umfangi áhættuskuldbindinga sem einingin stjórnar og endurbæturnar á vaxtaviðmiðununum hafa bein áhrif á,

c) hvernig einingin stjórnar umbreytingunni yfir í aðra viðmiðunarvexti,

d) lýsingu á helstu forsendum eða ákvörðunum sem einingin hefur ákvarðað eða tekið við beitingu þessara liða (t.d. forsendur eða ákvarðanir um þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis sem byggð er á vaxtaviðmiðunum) og

e) nafnverði áhættuvarnargerninga í þessum áhættuvarnartengslum.

Viðbótarupplýsingar í tengslum við endurbætur á vaxtaviðmiðunum

24I Til að gera notendum reikningsskila kleift að skilja áhrif endurbóta á vaxtaviðmiðunum á fjármálagerninga og áhættustýringaráætlanir skal eining birta upplýsingar um:

a) eðli og umfang áhættu fyrir eininguna sem kemur til vegna fjármálagerninga sem falla undir endurbætur á vaxtaviðmiðunum og það hvernig einingin stýrir þeirri áhættu og

b) hvernig einingunni gengur að ljúka umbreytingunni yfir í aðra viðmiðunarvexti og hvernig einingin stjórnar umbreytingunni.

24J Til að uppfylla markmiðin í lið 24I skal eining veita:

a) upplýsingar um hvernig einingin stjórnar umbreytingunni yfir í aðra viðmiðunarvexti, framvindu hennar á reikningsskiladegi og áhættu sem hún stendur frammi fyrir sem rekja má til fjármálagerninga vegna umbreytingarinnar,

b) aðgreint eftir helstu vaxtaviðmiðunum sem falla undir endurbætur á vaxtaviðmiðunum, megindlegar upplýsingar um fjármálagerninga þar sem viðmiðunarvöxtum hefur enn ekki verið umbreytt í aðra viðmiðunarvexti við lok reikningsskilatímabilsins þar sem sýndar eru aðskilið:

i) fjáreignir sem ekki eru afleiður,

ii) fjárskuldir sem ekki eru afleiður og

iii) afleiður og

c) ef áhættan sem tilgreind er í a-lið liðar 24J hefur leitt til breytinga á áhættustýringaráætlun einingar (sjá lið 22A), lýsing á þessum breytingum.

Gangvirði

25 Eining skal greina frá gangvirði sérhvers flokks fjáreigna og fjárskulda (sjá 6. lið) þannig að hægt sé að bera það saman við bókfært verð, nema eftir því sem sett er fram í 29. lið.

26 Eining skal flokka fjáreignir og fjárskuldir í flokka þegar hún greinir frá gangvirði en skal aðeins jafna þeim saman að því marki sem bókfærðu verði þeirra er jafnað saman í efnahagsreikningnum.

27-27B [Felldur brott]

28 Í sumum tilvikum færir eining ekki hagnað eða tap í upphafsfærslu fjáreignar eða fjárskuldar vegna þess að gangvirðið kemur hvorki fram í skráðu verði á virkum markaði með eins eign eða skuld (þ.e. 1. stigs ílag) né heldur er það byggt á virðismatsaðferð sem notar aðeins gögn frá sannreynanlegum mörkuðum (sjá lið B5.1.2A í IFRS-staðli 9). Í þeim tilvikum birtir einingin upplýsingar fyrir hvern flokk fjáreigna eða fjárskuldbindinga um:

a) reikningsskilaaðferð hennar fyrir að færa í rekstrarreikning mismuninn á milli gangvirðis við upphafsfærslu og verðs í viðskiptum til að endurspegla breytingar á þáttum (þ.m.t. tíma) sem markaðsaðilar myndu taka tillit til við verðlagningu á eign eða skuld (sjá b-lið liðar B5.1.2A í IFRS-staðli 9).

b) samanlagðan mun sem eftir er að færa á rekstrarreikning í upphafi og við lok tímabilsins og afstemmingu breytinga á stöðu þessa mismunar.

c) ástæðu þess að einingin komst að þeirri niðurstöðu að verðið í viðskiptunum væri ekki besta vísbendingin um gangvirði, þ.m.t. lýsing á vísbendingunni sem styður gangvirðið.

29 Ekki þarf að greina frá gangvirði:

a) þegar bókfærða verðið er raunhæf nálgun á gangvirði, t.d. fyrir fjármálagerninga eins og skammtíma viðskiptakröfur og -viðskiptaskuldir eða

b) [felldur brott]

c) [felldur brott]

d) fyrir skuldir vegna leigusamninga.

30 [Felldur brott]

EÐLI OG UMFANG ÁHÆTTU SEM VERÐUR TIL VEGNA FJÁRMÁLAGERNINGA

31 Eining skal birta upplýsingar sem gera notendum reikningsskilanna kleift að meta eðli og umfang áhættu sem verður til vegna fjármálagerninga sem einingin er óvarin fyrir við lok reikningsskilatímabilsins.

32 Upplýsingarnar sem gerð er krafa um í 33.–42. lið beinast einkum að áhættunni sem verður til vegna fjármálagerninga og hvernig henni hefur verið stýrt. Þessi áhætta tekur yfirleitt til, en takmarkast ekki við, útlánaáhættu, *greiðsluhæfisáhættu* og markaðsáhættu.

32A Birting upplýsinga um eðli starfseminnar í tengslum við birtingu tölulegra upplýsinga gerir notendum kleift að tengja tengdar upplýsingar saman og fá þeir því heildarmynd af eðli og umfangi áhættu sem verður til vegna fjármálagerninga. Samspil birtingar upplýsinga um eðli starfsemi og birtingar tölulegra upplýsinga stuðlar að birtingu upplýsinga á þann hátt sem gerir notendum frekar kleift að meta áhættu sem einingin er óvarin fyrir.

Birting eðlisbundinna upplýsinga

33 Eining skal, fyrir sérhverja gerð áhættu sem verður til vegna fjármálagerninga, birta upplýsingar um:

a) áhættuna sem einingin er óvarin fyrir og hvernig hún er til komin,

b) markmið sín, stefnu og ferla við áhættustýringu og aðferðina, sem er notuð við að meta áhættuna og

c) allar breytingar á a- eða b-lið frá fyrra tímabili.

Birting tölulegra upplýsinga

34 Eining skal, fyrir sérhverja gerð áhættu sem verður til vegna fjármálagerninga, birta upplýsingar um:

a) samantekt tölulegra gagna um áhættuna sem hún er óvarin fyrir við lok reikningsskilatímabilsins. Upplýsingagjöf þessi skal byggjast á upplýsingunum sem eru veittar innan félagsins til lykilstjórnenda einingarinnar (eins og skilgreint er í IAS-staðli 24, upplýsingar um tengda aðila), t.d. til framkvæmdastjórnar eða framkvæmdastjóra einingarinnar.

b) upplýsingarnar sem gerð er krafa um í liðum 35A–42, að svo miklu leyti sem það er ekki gert í samræmi við a-lið.

c) samþjöppun áhættu ef hún kemur ekki fram í upplýsingagjöf sem er gerð í samræmi við a- og b-lið.

35 Ef tölulegu gögnin sem er greint frá við lok reikningsskilatímabils gefa ekki glögga mynd af áhættunni sem einingin er óvarin fyrir á tímabilinu skal einingin veita frekari upplýsingar sem gefa glögga mynd.

Útlánaáhætta

Gildissvið og markmið

35A Eining skal beita kröfum um birtingu upplýsinga í liðum 35F–35N að því er varðar fjármálagerninga sem falla undir beitingu virðisrýrnunarkrafna í IFRS-staðli 9. Þó gildir eftirfarandi:

a) að því er varðar viðskiptakröfur, samningseignir og útistandandi leigu, gildir a-liður liðar 35J að því er varðar þær viðskiptakröfur, samningseignir eða útistandandi leigu þar sem vænt útlánatap á líftíma er fært í samræmi við lið 5.5.15 í IFRS-staðli 9 ef þessum fjáreignum er breytt innan 30 daga frá gjalddaga og

b) b-liður liðar 35K gildir ekki um útistandandi leigu.

35B Birting upplýsinga um útlánaáhættu í samræmi við liði 35F–35N skulu gera notendum reikningsskila kleift að skilja áhrif af útlánaáhættu á fjárhæð, tímasetningu og óvissu framtíðarsjóðstreymis. Til að ná þessu markmiði skal setja fram í upplýsingum um útlánaáhættu:

a) upplýsingar um venjur einingar varðandi stjórnun útlánaáhættu og hvernig þær tengjast færslu og mati á væntu útlánatapi, m.a. aðferðir, forsendur og upplýsingar sem notaðar eru til að meta vænt útlánatap,

b) efnislegar og tölulegar upplýsingar sem gera notendum reikningsskila kleift að meta fjárhæðir í reikningsskilum sem leiðir af væntu útlánatapi, m.a. breytingar á fjárhæð vænts útlánataps og ástæður þessara breytinga og

c) upplýsingar um útlánaáhættu einingar (þ.e. innbyggða útlánaáhættu af fjáreignum einingar og skuldbindingu um að framlengja lán), m.a. veruleg samþjöppun útlánaáhættu.

35C Eining þarf ekki að gera eftirrit af upplýsingum sem eru settar fram annars staðar að því tilskildu að upplýsingarnar séu felldar inn í annað uppgjör með millivísun frá reikningsskilunum, s.s. í athugasemdum eða áhættuskýrslu stjórnenda, sem eru tiltækar notendum reikningsskilanna með sömu skilmálum og reikningsskilin og á sama tíma. Án upplýsinganna, sem eru felldar inn í með millivísun, eru reikningsskilin ófullgerð.

35D Til þess að uppfylla markmiðin í lið 35B skal eining skoða (nema annað sé tekið fram) hve ítarlegar upplýsingar skal birta, hvaða áherslu ber að leggja á ólíka þætti krafna um upplýsingagjöf, viðeigandi stig samsöfnunar eða aðgreiningar og hvort notendur reikningsskila þurfi viðbótarskýringar til að meta þær tölulegu upplýsingar sem birtar eru.

35E Eining skal birta nauðsynlegar viðbótarupplýsingar til að uppfylla þessi markmið ef birting upplýsinga í samræmi við liði 35F–35N er ófullnægjandi til að uppfylla markmiðin í lið 35B.

Venjur við stjórnun útlánaáhættu

35F Eining skal útskýra venjur sínar við stjórnun útlánaáhættu og hvernig þær tengjast færslu og mati á væntu útlánatapi. Til að uppfylla þetta markmið skal eining birta upplýsingar sem gera notendum reikningsskila kleift að skilja og meta:

a) hvernig eining ákveður hvort útlánaáhætta af fjármálagerningum hafi aukist verulega frá upphafsfærslu, m.a. hvort og hvernig:

i) fjármálagerningar teljast hafa minni útlánaáhættu í samræmi við lið 5.5.10 í IFRS-staðli 9, þ.m.t. flokkar fjármálagerninga sem þetta á við um, og

ii) hrakin hefur verið forsendan í lið 5.5.11 í IFRS-staðli 9 um að útlánaáhætta hafi aukist verulega frá upphafsfærslu þegar fjáreignirnar eru komnar yfir 30 daga frá gjalddaga,

b) skilgreiningar einingar á vanskilum, m.a. ástæðum þess að velja þessar skilgreiningar,

c) hvernig gerningarnir voru flokkaðir ef vænt útlánatap hefur verið metið sameiginlega,

d) hvernig eining ákvað að fjáreignir væru virðisrýrðar fjáreignir,

e) afskriftarstefnu einingar, þ.m.t. vísbenda um að ekki liggi fyrir raunhæf væntingum um endurheimtir og upplýsingar um stefnu varðandi fjáreignir sem hafa verið afskrifaðar en sæta enn innheimtuaðgerðum og

f) hvernig kröfum í lið 5.5.12 í IFRS-staðli 9, er varða breytingu á samningsbundnu sjóðstreymi fjáreigna, hefur verið beitt, þ.m.t. hvernig eining:

i) ákveður hvort útlánaáhætta af fjáreign, sem hefur verið breytt á meðan niðurfærsla var metin við fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma, hefur lagast að því marki að þessi niðurfærsla breytist yfir í það að vera metin við fjárhæð sem er jöfn væntu 12 mánaða útlánatapi í samræmi við 5.5.5 í IFRS-staðli 9 og

ii) hefur eftirlit með því að hvaða marki niðurfærslan af fjáreignum, sem uppfylla skilyrðin í i. lið, er síðar metin að nýju við fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma í samræmi við lið 5.5.3 í IFRS-staðli 9.

35G Eining skal skýra ílagsgögn, forsendur og matsaðferðir sem eru notuð við beitingu krafna í þætti 5.5 í IFRS-staðli 9. Í þessu skyni skal eining birta upplýsingar um:

a) grundvöll ílagsgagna og forsendna og matsaðferða sem eru notuð til að:

i) meta vænt útlánatap á 12 mánaða tímabili og á líftíma,

ii) ákveða hvort útlánaáhætta af fjármálagerningum hafi aukist verulega frá upphafsfærslu og

iii) ákveða hvort fjáreign er virðisrýrð fjáreign,

b) hvernig upplýsingar sem líta til framtíðar hafa verið felldar inn í ákvörðun um vænt útlánatap, þ.m.t. notkun þjóðhagslegra upplýsinga, og

c) breytingar á matsaðferðum eða mikilvægum forsendum sem verða til á reikningsskilatímabilinu og ástæður breytinganna.

Efnislegar og tölulegar upplýsingar um fjárhæðir sem leiðir af væntu útlánatapi

35H Til þess að útskýra breytingarnar á niðurfærslunni og ástæður þeirra skal eining láta í té, eftir flokki fjármálagerninga, afstemmingu frá upphafsstöðu til lokastöðu niðurfærslunnar, sett fram í töflu, sem sýnir sérstaklega breytingarnar á tímabilinu að því er varðar:

a) niðurfærslu sem er metin við fjárhæð sem er jöfn væntu 12 mánaða útlánatapi,

b) niðurfærslu sem er metin við fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma að því er varðar:

i) fjármálagerningar þar sem útlánaáhætta hefur aukist verulega frá upphafsfærslu en eru ekki virðisrýrðar fjáreignir,

ii) fjáreignir sem eru virðisrýrðar á reikningsskiladeginum (en eru ekki virðisrýrðar við kaup eða við útgáfu) og

iii) viðskiptakröfur, samningseignir eða útistandandi leiga sem niðurfærsla hefur verið metin fyrir í samræmi við lið 5.5.15 í IFRS-staðli 9,

c) fjáreignir sem voru virðisrýrðar við kaup eða útgáfu. Auk afstemmingar skal eining birta upplýsingar um heildarfjárhæð óafvaxtaðs vænts útlánataps við upphafsfærslu fjáreigna sem voru upphaflega færðar á reikningsskilatímabilinu.

35I Til þess að gera notendum reikningsskila kleift að skilja þær breytingar á niðurfærslu, sem birtar eru í samræmi við lið 35H, skal eining setja fram skýringu á því hvernig verulegar breytingar á vergu bókfærðu verði fjármálagerninga á tímabilinu stuðluðu að breytingum á niðurfærslunni. Setja skal upplýsingarnar fram sérstaklega fyrir fjármálagerninga sem sýna niðurfærslu eins og fram kemur í a- til c-lið í lið 35H og skulu þær taka til viðeigandi efnislegra og tölulegra upplýsinga. Dæmi um breytingar á vergu bókfærðu verði fjármálagerninga sem stuðluðu að breytingunum á niðurfærslunni geta m.a. verið:

a) breytingar vegna fjármálagerninga sem voru gefnir út eða keyptir á reikningsskilatímabilinu,

b) breytingar á samningsbundnu sjóðstreymi fjáreigna sem leiða ekki til afskráningar á þessum fjáreignum í samræmi við IFRS-staðal 9,

c) breytingar vegna fjármálagerninga sem voru afskráðir (einnig þeir sem voru afskrifaðir) á reiknings skilatímabilinu og

d) breytingar sem leiðir af því hvort niðurfærsla er metin við fjárhæð sem er jöfn væntu 12 mánaða útlánatapi eða væntu útlánatapi á líftíma.

35J Til þess að gera notendum reikningsskila kleift að skilja eðli og áhrif breytinga á samningsbundið sjóðstreymi fjáreigna sem hefur ekki leitt til afskráningar og áhrif slíkra breytinga á mat á væntu útlánatapi skal eining birta upplýsingar um:

a) afskrifað kostnaðarverð fyrir breytinguna og hreinan breyttan hagnað eða tap sem er fært vegna fjáreigna þar sem samningsbundnu sjóðstreymi hefur verið breytt á reikningsskilatímabilinu á meðan niðurfærsla þeirra var metin við fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma og

b) vergt bókfært verð við lok reikningsskilatímabils fjáreigna sem hefur verið breytt frá upphafsfærslu þegar niðurfærslan var metin við fjárhæð jafnri væntu útlánatapi á líftíma og þar sem niðurfærslan hefur breyst á reikningsskilatímabilinu að fjárhæð sem er jöfn væntu 12 mánaða útlánatapi.

35K Til þess að gera notendum reikningsskila kleift að skilja áhrif af veði og öðrum endurbótum á lánshæfi á fjárhæðir sem leiðir af væntu útlánatapi skal eining birta eftir flokkum fjármálagerninga upplýsingar um:

a) þá fjárhæð sem gefur gleggsta mynd af hámarksútlánaáhættu hennar við lok reikningsskilatímabils án þess að tekið sé til greina veð sem haldið er sem tryggingu eða annað endurbætt lánshæfi (t.d. greiðslujöfnunarsamningar sem uppfylla ekki skilyrði fyrir samjöfnun í samræmi við IAS-staðal 32),

b) lýsingu í samfelldu máli á veði sem er haldið sem tryggingu og öðrum endurbótum á lánshæfi, m.a.:

   i) lýsingu á eðli og gæðum veðsins,

   ii) útskýringu á hvers kyns verulegum breytingum á gæðum veðsins eða endurbóta á lánshæfi sem leiðir af hnignun eða breytingum í stefnum einingarinnar um veð á reikningsskilatímabilinu og

   iii) upplýsingar um fjármálagerninga þar sem eining hefur ekki fært niðurgreiðslu vegna veðsins,

c) tölulegar upplýsingar um það veð sem er haldið sem tryggingu og aðrar endurbætur á lánshæfi (t.d. mæling á því að hvaða marki veð eða aðrar endurbætur á lánshæfi draga úr útlánaáhættu) fjáreigna sem eru virðisrýrðar á reikningsskiladegi.

35L Eining skal birta upplýsingar um þá samningsbundnu fjárhæð sem eftir stendur af fjáreignum sem voru afskrifaðar á reikningsskilatímabilinu og sæta enn innheimtuaðgerðum.

Útlánaáhætta

35M Til þess að gera notendum reikningsskila kleift að meta útlánaáhættu einingar og skilja verulega samþjöppun á útlánaáhættu hennar skal eining birta upplýsingar, eftir útlánaáhættuflokkum, um vergt bókfært verð fjáreigna og útlánaáhættu lánsskuldbindinga og samninga með fjárhagslegri tryggingu. Setja skal upplýsingarnar fram sérstaklega fyrir fjármálagerninga:

a) þegar niðurfærsla þeirra er metin við fjárhæð sem er jöfn væntu 12 mánaða útlánatapi,

b) þegar niðurfærsla þeirra er metin við fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma og sem eru,

i) fjármálagerningar þar sem útlánaáhætta hefur aukist verulega frá upphafsfærslu en eru ekki virðisrýrðar fjáreignir,

ii) fjáreignir sem eru virðisrýrðar á reikningsskiladeginum (en eru ekki virðisrýrðar við kaup eða við útgáfu) og

iii) viðskiptakröfur, samningseignir eða útistandandi leiga sem niðurfærsla hefur verið metin fyrir í samræmi við lið 5.5.15 í IFRS-staðli 9,

c) keyptar eða útgefnar virðisrýrðar fjáreignir.

35N Að því er varðar viðskiptakröfur, samningseignir og útistandandi leigu, sem falla undir beitingu einingar á lið 5.5.15 í IFRS-staðli 9, má byggja þær upplýsingar, sem kveðið er á um í samræmi við lið 35M, á leiðréttingartöflu (sjá lið B5.5.35 í IFRS-staðli 9).

36 Að því er varðar alla fjármálagerninga innan gildissviðs þessa IFRS-staðals, sem falla ekki undir kröfur IFRS-staðals 9 um virðisrýrnun, skal eining birta upplýsingar eftir flokkum fjármálagerninga:

a) fjárhæðina sem gefur gleggsta mynd af hámarksútlánaáhættu hennar við lok reikningsskilatímabilsins án tillits til veðs sem haldið er sem tryggingu eða annarra endurbóta á lánshæfi (t.d. greiðslujöfnunarsamningar sem uppfylla ekki skilyrði fyrir samjöfnun í samræmi við IAS-staðal 32), þessara upplýsinga er ekki krafist fyrir þá fjármálagerninga þar sem bókfært verð felur í sér hámarksútlánaáhættu,

b) lýsingu á veðinu, sem haldið er sem tryggingu, og öðrum endurbótum á lánshæfi og fjárhagsleg áhrif þeirra (t.d. mælingu á því að hvaða marki veð og aðrar endurbætur á lánshæfi draga úr útlánaáhættu) að því er varðar fjárhæðina sem gefur gleggsta mynd af hámarksútlánaáhættunni (hvort sem grein er gerð fyrir því í samræmi við a-lið eða með bókfærðu verði fjármálagernings).

c) [felldur brott]

d) [felldur brott]

37 [Felldur brott]

Fengin veð og önnur bætt lánskjör

38 Þegar eining fær fjáreignir og ófjárhagslegar eignir á tímabilinu með því að fá til umráða veð til tryggingar eða fer fram á önnur bætt lánskjör (t.d. ábyrgðir) og slíkar eignir uppfylla skilyrði fyrir færslu samkvæmt öðrum IFRS-stöðlum, skal eining greina frá eftirfarandi fyrir slíkar eignir í vörslu á reikningsskiladegi:

a) eðli og bókfærðu verði eignanna og

b) stefnu sinni um ráðstöfun slíkra eigna eða um notkun þeirra í rekstri sínum, þegar ekki er auðvelt að breyta eignunum í handbært fé.

Greiðsluhæfisáhætta

39 Eining skal birta upplýsingar um:

a) lánstímagreiningu fyrir fjárskuldir sem ekki eru afleiddar (þ.m.t. útgefnir samningar með fjárhagslegri tryggingu) sem sýnir það sem eftir er af samningsbundnum binditíma.

b) lánstímagreining fyrir afleiddar fjárskuldir. Lánstímagreiningin skal taka til eftirstæðs, samningsbundins binditíma þeirra fjárskulda sem eru ekki afleiður og útheimta samningsbundinn binditíma til skilnings á tímasetningu sjóðstreymis (sjá lið B11B).

c) lýsingu á hvernig hún stýrir greiðsluhæfisáhættunni sem er innbyggð í a- og b-lið.

Markaðsáhætta

Næmnigreining

40 Ef eining fer ekki að 41. lið skal hún greina frá:

a) næmisgreiningu fyrir hverja tegund markaðsáhættu sem einingin er óvarin fyrir við lok reikningsskilatímabils þar sem sýnt er hver áhrifin hefðu verið á rekstrarreikning og eigið fé af breytingum á viðeigandi áhættubreytu sem þann dag voru skynsamlegar líkur á,

b) þeim aðferðum og forsendum sem voru notaðar við næmisgreininguna og

c) breytingum frá fyrra tímabili á aðferðunum og forsendunum sem voru notaðar og ástæðunum fyrir slíkum breytingum.

41 Ef eining gerir næmisgreiningu, s.s. vágildisgreiningu (e. *value-at-risk*), sem endurspeglar víxltengsl milli áhættubreytnanna (t.d. vaxta og gengis) og notar hana til að stýra fjárhagslegri áhættu, getur hún notað þá næmisgreiningu í stað greiningarinnar sem um getur í 40. lið. Einingin skal einnig setja fram:

a) skýringu á aðferðinni sem var notuð við gerð slíkrar næmisgreiningar og á helstu breytum og forsendum að baki framlagðra gagna og

b) skýringu á markmiði aðferðarinnar sem var notuð og á takmörkunum sem geta leitt til þess að upplýsingarnar endurspegli ekki að fullu gangvirði eignanna og skuldanna sem um ræðir.

Birting annarra upplýsinga um markaðsáhættu

42 Þegar næmisgreiningarnar sem greint er frá í samræmi við 40. eða 41. lið gefa ekki glögga mynd af áhættu sem er innbyggð í fjármálagerning (t.d. vegna þess að áhættan í árslok endurspeglar ekki áhættuna á árinu) skal einingin greina frá því og ástæðunni sem hún telur að sé fyrir því að næmisgreiningarnar gefa ekki glögga mynd.

YFIRFÆRSLA FJÁREIGNA

42A Birtingarkröfurnar í liðum 42B–42H, að því er varðar yfirfærslu fjáreigna, eru viðbót við aðrar birtingarkröfur þessa IFRS-staðals. Eining skal birta upplýsingarnar sem krafist er í liðum 42B–42H í stakri athugasemd í reikningsskilum sínum. Eining skal veita upplýsingarnar, sem gerð er krafa um fyrir allar yfirfærðar fjáreignir sem ekki eru afskráðar og fyrir áframhaldandi aðild í yfirfærðri eign, sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi, án tillits til þess hvenær tengd yfirfærsla viðskiptanna átti sér stað. Við beitingu birtingarkrafnanna í þessum liðum yfirfærir eining alla eða hluta fjáreignar (yfirfærða fjáreignin), ef og einungis ef hún annaðhvort:

a) yfirfærir samningsbundinn rétt til sjóðstreymis frá fjáreigninni eða

b) heldur eftir samningsbundnum rétti til sjóðstreymis frá fjáreigninni en tekur á sig samningsbundna skyldu til að greiða sjóðstreymið til eins viðtakanda eða fleiri samkvæmt samkomulagi.

42B Eining skal birta upplýsingar sem gera notendum reikningsskila hennar kleift:

a) að skilja tengslin á milli yfirfærðra fjáreigna sem eru ekki afskráðar að fullu og tengdra skuldbindinga og

b) að meta eðli, og tengda áhættu, áframhaldandi aðildar einingar í afskráðum fjáreignum.

42C Við beitingu birtingarkrafnanna í liðum 42E–42H er eining áfram þátttakandi í yfirfærðri fjáreign ef hún heldur samningsbundnum réttindum eða innbyggðum skuldbindingum í yfirfærðu fjáreigninni sem hluta af flutningnum eða öðlist ný samningsbundin réttindi eða skuldbindingar tengdar yfirfærðu fjáreigninni. Við beitingu birtingarkrafnanna í liðum 42E–42H táknar eftirfarandi ekki áframhaldandi aðild:

a) hefðbundnar yfirlýsingar og ábyrgðir að því er varðar sviksamlega yfirfærslu og hugmyndirnar um réttmæti, góða trú og sanngjörn not sem geta ógilt yfirfærslu vegna málsóknar,

b) framvirkir samningar, valréttir og aðrir samningar til að endurkaupa yfirfærðu fjáreignina þar sem samnings fjárhæðin (eða nýtingarverðið) er gangvirði yfirfærðu fjáreignarinnar eða

c) samkomulag þar sem eining heldur eftir samningsbundnum rétti til sjóðstreymis frá fjáreign en tekur á sig samningsbundna skyldu um að greiða sjóðstreymi til einnar eða fleiri eininga og skilyrðin í a- til c-lið í lið 3.2.5 í IFRS-staðli 9 eru uppfyllt.

Yfirfærðar fjáreignir sem eru ekki afskráðar að fullu

42D Eining kann að hafa yfirfært fjáreignir á þann hátt að hluti yfirfærðu fjáreignanna eða þær allar uppfylla ekki skilyrði fyrir afskráningu. Til að uppfylla markmiðin, sem sett eru fram í a-lið í lið 42B, skal einingin greina á sérhverjum reikningsskiladegi frá, fyrir hvern flokk yfirfærðu fjáreignanna sem hafa ekki verið afskráðar að fullu:

a) eðli yfirfærðu eignanna,

b) eðli þeirrar áhættu og ávinnings af eignarhaldi sem einingin er óvarin fyrir,

c) lýsa eðli tengslanna á milli yfirfærðu eignanna og tengdra skuldbindinga, þ.m.t. takmarkanir sem verða til við yfirfærslu notkunar einingar sem reikningsskil taka til á yfirfærðu eignunum,

d) áætlun sem setur fram gangvirði yfirfærðu eignanna, gangvirði tengdu skuldbindinganna og hreinu stöðuna (mismuninn á milli gangvirðis yfirfærðu eignanna og tengdu skuldbindinganna) þegar mótaðilinn (mótaðilar) tengdu skuldbindingarinnar hefur(hafa) einungis endurkröfurétt á yfirfærðu eignirnar,

e) bókfærðu verði yfirfærðu eignanna og tengdu skuldanna þegar einingin heldur áfram að færa allar yfirfærðu eignirnar,

f) bókfærðu heildarverði upphaflegu eignanna fyrir yfirfærslu, fjárhæð eignanna sem einingin heldur áfram að færa og bókfærðu verði tengdu skuldanna þegar einingin heldur áfram að færa eignirnar sem nemur umfangi áframhaldandi aðildar hennar (sjá ii-lið c-liðar í lið 3.2.6 og lið 3.2.16 í IFRS-staðli 9).

Yfirfærðar fjáreignir sem eru afskráðar að fullu

42E Til að uppfylla markmiðin, sem sett eru fram í b-lið í lið 42B, þegar eining afskráir yfirfærðar fjáreignir að fullu (sjá a-lið og i. lið c-liðar í lið 3.2.6 í IFRS-staðli 9) en hefur áframhaldandi aðild í þeim, skal einingin að lágmarki greina frá fyrir hverja tegund áframhaldandi aðildar á sérhverjum reikningsskiladegi:

a) bókfærðu verði þeirra eigna og skuldbindinga sem eru færðar í efnahagsreikningi einingarinnar og standa fyrir áframhaldandi aðild einingarinnar í afskráðu fjáreignunum og þeirri sérlínu sem bókfært verð þessara eigna og skuldbindinga er fært í,

b) gangvirði þeirra eigna og skuldbindinga sem standa fyrir áframhaldandi aðild einingarinnar í afskráðu fjáreignunum,

c) fjárhæðinni sem gefur besta mynd af hámarksáhættu einingarinnar á tapi frá áframhaldandi aðild hennar í afskráðu fjáreignunum og upplýsingum sem sýna hvernig hámarksáhættan á tapi er ákvörðuð,

d) óafvöxtuðu útstreymi handbærs fjár sem gæti verið krafist til að endurkaupa afskráðar fjáreignir (t.d. lausnarverðið í kaupréttarsamningi) eða öðrum fjárhæðum sem ber að greiða til framsalshafans að því er varðar yfirfærðu eignirnar. Sé útstreymi handbærs fjár breytilegt skal byggja fjárhæðina sem greint er frá á skilyrðunum sem eru fyrir hendi á sérhverjum reikningsskiladegi,

e) lánstímagreiningu á óafvöxtuðu útstreymi handbærs fjár sem gæti verið krafist til að endurkaupa afskráðu fjáreignirnar eða aðrar fjárhæðir sem ber að greiða til framsalshafa að því er varðar yfirfærðu eignirnar, sem sýna eftirstæðan, samningsbundinn binditíma áframhaldandi aðildar einingarinnar,

f) eigindlegum upplýsingum sem skýra frá og styðja birtingu tölulegra upplýsinga sem krafist er í a- til e-liðum.

42F Eining getur safnað saman upplýsingunum sem krafist er í lið 42E að því er varðar tiltekna eign ef einingin hefur fleiri en eina tegund áframhaldandi aðildar í þeirri afskráðu fjáreign og gert grein fyrir henni samkvæmt einni tegund af áframhaldandi aðild.

42G Til viðbótar skal eining, fyrir hverja tegund áframhaldandi aðildar, greina frá:

a) færðum hagnaði eða tapi á yfirfærsludegi eignanna,

b) færðum tekjum og gjöldum, bæði á reikningsskilatímabilinu og stighækkandi frá áframhaldandi aðild einingar í afskráðu fjáreignunum (t.d. breytingum á gangvirði í afleiðugerningum),

c) ef heildarfjárhæð ágóðans af yfirfærsluaðgerðinni (sem er hæf til afskráningar) á reikningsskilatímabili er ekki dreift á jafnan hátt yfir allt reikningsskilatímabilið (t.d. ef talsverður hluti heildarfjárhæðar yfirfærsluaðgerðarinnar á sér stað á lokadögum reikningsskilatímabilsins):

   i) hvenær stærsta yfirfærsluaðgerðin átti sér stað á því reikningsskilatímabili (t.d. síðustu fimm dagana fyrir lok reikningsskilatímabilsins),

   ii) fjárhæðinni (t.d. tengdur hagnaður eða tap) sem færð er vegna yfirfærsluaðgerðar á þeim hluta reikningsskilatímabilsins og

   iii) heildarfjárhæð ágóða frá yfirfærsluaðgerðinni á þeim hluta reikningsskilatímabilsins.

Eining skal veita þessar upplýsingar fyrir hvert tímabil sem yfirlit um heildarafkomu er birt fyrir.

Viðbótarupplýsingar

42H Eining skal greina frá sérhverjum viðbótarupplýsingum sem hún telur nauðsynlegar til að uppfylla markmið liðar 42B um upplýsingagjöf.

UPPHAFSDAGUR BEITINGAR IFRS-STAÐALS 9

42I Á reikningsskilatímabilinu, sem felur í sér upphafsdag beitingar IFRS-staðals 9, skal einingin birta eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern flokk fjáreigna og fjárskulda eins og þær stóðu á upphafsdegi beitingar:

a) upphaflegan matsflokk og bókfært verð sem er ákvarðað í samræmi við IAS-staðal 39 eða í samræmi við fyrri útgáfu IFRS-staðals 9 (ef sú nálgun sem einingin hefur valið, að beita IFRS-staðli 9, felur í sér fleiri en eina dagsetningu upphaflegrar beitingar vegna ólíkra krafna),

b) nýjan matsflokk og bókfært verð sem er ákvarðað í samræmi við IFRS-staðal 9,

c) fjárhæð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi sem voru áður tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning en eru ekki lengur tilgreindar með þeim hætti, og er þá greint á milli þeirra sem í IFRS-staðli 9 er gerð krafa um að eining endurflokki og þeirra sem eining velur að endurflokka á degi upphaflegrar beitingar.

Í samræmi við lið 7.2.2 í IFRS-staðli 9, eftir því hvaða nálgun einingin hefur valið við beitingu IFRS-staðals 9, getur umbreyting falið í sér fleiri en eina dagsetningu upphaflegrar beitingar. Af þeim sökum getur þessi liður leitt til birtingar upplýsinga um fleiri en eina dagsetningu upphaflegrar beitingar. Eining skal birta þessar tölulegu upplýsingar í töflu nema annars konar framsetning eigi betur við.

42J Eining skal birta efnislegar upplýsingar, á reikningsskilatímabilinu sem tekur til þess dags þegar IFRS-staðli 9 er beitt í fyrsta sinn, til þess að gera notendum kleift að skilja:

a) hvernig hún beitti flokkunarkröfunni í IFRS-staðli 9 gagnvart þeim fjáreignum þar sem flokkun hefur breyst í kjölfar beitingar IFRS-staðals 9,

b) ástæður að baki tilgreiningu eða fyrir því að fallið er frá tilgreiningu fjáreigna eða fjárskulda sem eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning á upphafsdegi beitingar.

Í samræmi við lið 7.2.2 í IFRS-staðli 9, eftir því hvaða nálgun einingin hefur valið við beitingu IFRS-staðals 9, getur umbreyting falið í sér fleiri en eina dagsetningu upphaflegrar beitingar. Af þeim sökum getur þessi liður leitt til birtingar upplýsinga um fleiri en eina dagsetningu upphaflegrar beitingar.

42K Á því reikningsskilatímabili þegar eining beitir í fyrsta sinn flokkun og matskröfum vegna fjáreigna í IFRS-staðli 9 (þ.e. þegar einingin breytir frá IAS-staðli 39 yfir í IFRS-staðal 9 vegna fjáreigna) skal hún setja upplýsingarnar í liðum 42L–42O í þessum IFRS-staðli fram eins og krafist er í lið 7.2.15 í IFRS-staðli 9.

42L Þegar þess er krafist í lið 42K skal eining birta upplýsingar um breytingarnar á flokkun fjáreigna og fjárskulda eins og þær voru á þeim degi þegar IFRS-staðli 9 var beitt í fyrsta sinn þar sem sýndar eru sérstaklega:

a) breytingarnar á bókfærðu verði á grundvelli matsflokka þeirra í samræmi við IAS-staðal 39 (þ.e. leiðir ekki af breytingu á mati sem rekja má til umskipta yfir í IFRS-staðal 9) og

b) breytingarnar á bókfærðu verði sem leiðir af breytingu á mati sem rekja má til umskipta yfir í IFRS-staðal 9.

Ekki þarf að birta upplýsingarnar í þessum lið eftir árlega reikningsskilatímabilið þegar einingin beitir í fyrsta sinn kröfum varðandi flokkun og mat fjáreigna í IFRS-staðli 9.

42M Þegar þess er krafist í lið 42K skal eining birta eftirfarandi upplýsingar vegna fjáreigna og fjárskulda, sem hafa verið endurflokkaðar þannig að þær séu metnar á afskrifuðu kostnaðarverði og, í tilviki fjáreigna, hafa verið endurflokkaðar úr gangvirði í gegnum rekstrarreikning þannig að þær séu metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu, í kjölfar umskipta yfir í IFRS-staðal 9:

a) gangvirði fjáreigna eða fjárskulda við lok reikningsskilatímabilsins og

b) hagnað eða tap á gangvirði sem myndi hafa verið fært í rekstrarreikning eða aðra heildarafkomu á reikningsskilatímabilinu ef fjáreignirnar eða fjárskuldirnar hefðu ekki verið endurflokkaðar.

Ekki þarf að birta upplýsingarnar í þessum lið eftir árlega reikningsskilatímabilið þegar einingin beitir í fyrsta sinn kröfum varðandi flokkun og mat fjáreigna í IFRS-staðli 9.

42N Þegar þess er krafist í lið 42K skal eining birta eftirfarandi upplýsingar vegna fjáreigna og fjárskulda sem hafa verið endurflokkaðar úr flokki gangvirðis í gegnum rekstrarreikning í kjölfar umskipta yfir í IFRS-staðal 9:

a) virkir vextir sem eru ákvarðaðir á upphafsdegi beitingar og

b) færðar vaxtatekjur eða -kostnaður.

Ef eining fer með gangvirði fjáreignar eða fjárskuldar sem nýtt bókfært verð á upphafsdegi beitingar (sjá lið 7.2.11 í IFRS-staðli 9) skal birta upplýsingar í þessum lið fyrir hvert reikningsskilatímabil fram að afskráningu. Að öðru leyti þarf ekki að birta upplýsingarnar í þessum lið eftir árlega reikningsskilatímabilið þegar einingin beitir í fyrsta sinn kröfum varðandi flokkun og mat fjáreigna í IFRS-staðli 9.

42O Þegar eining setur upplýsingar fram, eins og fram kemur í liðum 42K–42N, verða þessar upplýsingar og upplýsingarnar í 25. lið þessa IFRS-staðals að gera kleifa afstemmingu milli:

a) matsflokka sem eru settir fram í samræmi við IAS-staðal 39 og IFRS-staðal 9 og

b) flokks fjármálagernings

frá og með upphafsdegi beitingar.

42P Á upphafsdegi beitingar liðar 5.5 í IFRS-staðli 9 er þess krafist að eining birti upplýsingar sem gefa möguleika á að stemma endanlega fjárhæð niðurfærslna í samræmi við IAS-staðal 39 og varúðarniðurfærslna í samræmi við IAS-staðal 37 af við upphafsfjárhæð niðurfærslu sem er ákveðin í samræmi við IFRS-staðal 9. Að því er fjáreignir varðar skulu þessar upplýsingar gefnar samkvæmt tengdum matsflokkum fjáreigna í samræmi við IAS-staðal 39 og IFRS-staðal 9 og sýna sérstaklega áhrif af breytingunum í matsflokknum á niðurfærsluna á þeim degi.

42Q Á reikningsskilatímabili upphafsdags beitingar IFRS-staðals 9 er þess ekki krafist að eining birti upplýsingar um fjárhæðir sérlína sem hefðu verið tilkynntar í samræmi við kröfurnar um flokkun og mat (sem taka til krafna sem tengjast afskrifuðu kostnaðarmati fjáreigna og virðisrýrnun í liðum 5.4 og 5.5 í IFRS-staðli 9) í:

a) IFRS-staðli 9 fyrir fyrri tímabil og

b) IAS-staðli 39 fyrir yfirstandandi tímabil.

42R Ef það er ógerlegt (eins og það er skilgreint í IAS-staðli 8), í samræmi við lið 7.2.4 í IFRS-staðli 9, fyrir einingu á upphafsdegi beitingar IFRS-staðals 9 að meta breytt tímavirði peninga í samræmi við liði B4.1.9B–B4.1.9D í IFRS-staðli 9 á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem fyrir hendi voru við upphafsfærslu fjáreignarinnar skal eining meta einkenni samningsbundins sjóðstreymis fjáreignarinnar á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem fyrir hendi voru við upphafsfærslu fjáreignarinnar án hliðsjónar af kröfum er varða breytingu á tímavirði peninga í liðum B4.1.9B–B4.1.9D í IFRS-staðli 9. Eining skal birta upplýsingar um bókfært verð á reikningsskiladegi þeirra fjáreigna þar sem samningsbundið sjóðstreymi hefur verið metið á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem fyrir hendi voru við upphafsfærslu fjáreignarinnar án þess að taka tillit til krafna sem tengjast breytingu á tímavirði peningaþáttarins í liðum B4.1.9B–B4.1.9D í IFRS-staðli 9 þar til þessar fjáreignar eru afskráðar.

42S Ef það er ógerlegt (eins og það er skilgreint í IAS-staðli 8), í samræmi við lið 7.2.5 í IFRS-staðli 9, fyrir einingu við upphafsdag beitingar að meta hvort gangvirði á uppgreiðsluþætti var óverulegt, í samræmi við d-lið í lið B4.1.12 í IFRS-staðli 9 á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem fyrir hendi voru við upphafsfærslu fjáreignarinnar, skal eining meta einkenni samningsbundins sjóðstreymis fjáreignarinnar á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem fyrir hendi voru við upphafsfærslu fjáreignarinnar án hliðsjónar af undantekningu vegna uppgreiðsluþátta í lið B4.1.12 í IFRS-staðli 9. Eining skal birta upplýsingar um bókfært verð á reikningsskiladegi þeirra fjáreigna þar sem samningsbundið sjóðstreymi hefur verið metið á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem fyrir hendi voru við upphafsfærslu fjáreignarinnar án þess að taka tillit til undanþágu varðandi uppgreiðslumöguleika í lið B4.1.12 í IFRS-staðli 9 þar til þessar fjáreignar eru afskráðar.

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

43 Eining skal beita þessum IFRS-staðli fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2007 eða síðar. Hvatt er til þess að beita staðlinum fyrr. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum IFRS-staðli að því er varðar fyrra tímabil.

44 Ef eining beitir þessum IFRS-staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast fyrir 1. janúar 2006 þarf hún ekki að leggja fram samanburðarupplýsingar að því er varðar upplýsingarnar sem gerð er krafa um í 31.–42. lið um eðli og umfang áhættu sem verður til vegna fjármálagerninga.

44A Með IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess breyttust ákvæði 20., 21., 23. (c- og d-liður), og 27. (c-liður) liðar og ákvæði liðar B5 í viðbæti B. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

44B Með IFRS-staðli 3 (endurskoðaður 2008) fellur c-liður 3. liðar niður. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 3 (endurskoðaður 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar einnig gildi fyrir það fyrra tímabil. Breytingin gildir samt sem áður ekki um óvissa greiðslu sem stafar af sameiningu fyrirtækja þar sem yfirtökudagur er á undan beitingu IFRS-staðals 3 (endurskoðaður 2008). Þess í stað skal einingin reikningsfæra slíka greiðslu í samræmi við liði 65A–65E í IFRS-staðli 3 (breytt 2010).

44C Eining skal beita breytingunni í 3. lið vegna árlegra tímabila sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir *Innleysanlegir fjármálagerningar og skuldbindingar sem verða til við félagsslit* (breytingar á IAS-staðli 32 og IAS-staðli 1), gefnar út í febrúar 2008, að því er varðar fyrra tímabil skal beita breytingunni í 3. lið á það fyrra tímabil.

44D Ákvæðum 3. liðar a var breytt með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* sem gefnar voru út í maí 2008. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því og beita breytingunum á 1. lið IAS-staðals 28, 1. lið IAS-staðals 31 og 4. lið IAS-staðals 32 sem gefnar voru út í maí 2008, vegna fyrra tímabils. Einingu er heimilt að beita breytingunni framvirkt.

44E [Felldur brott]

44F [Felldur brott]

44G Með Bætt birting upplýsinga um fjármálagerninga (breytingar á IFRS-staðli 7), sem gefin var út í mars 2009, er 27. og 39. lið og lið B11 bætt við og breytingar gerðar á liðum 27A, 27B, B10A og B11A–B11F. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Eining þarf ekki að leggja fram upplýsingar sem breytingarnar krefjast að því er varðar:

a) árs- eða árshlutauppgjör, þ.m.t. hvers konar efnahagsreikningur, sem sett er fram innan árlegs samanburðar tímabils sem lýkur fyrir 31. desember 2009 eða

b) hvers konar efnahagsreikning við upphaf fyrsta samanburðartímabils fyrir 31. desember 2009.

Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Eining skal greina frá því ef hún beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil ([47]).

44H–44J [Felldur brott]

44K Liður 44B breyttist með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)* sem gefnar voru út í maí 2010. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr.

44L Lið 32A var bætt við með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)* sem gefnar voru út í maí 2010 og liðum 34 og 36–38 var breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2011 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

44M *Upplýsingagjöf – yfirfærsla fjáreigna* (breytingar á IFRS-staðli 7), sem var gefinn út í október 2010, felldi 13. lið á brott og liðir 42A–42H og B29–B39 bættust við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2011 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrir þá dagsetningu skal hún greina frá því. Eining þarf ekki að veita upplýsingarnar sem krafist er með þessum breytingum fyrir neitt tímabil sem sett er fram sem hefst fyrir dagsetningu upphaflegrar beitingar breytinganna.

44N [Felldur brott]

44O IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, sem gefnir voru út í maí 2011 breyttu 3. lið. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

44P IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti liðum 3, 28 og 29 og viðbæti A og felldi brott liði 27–27B. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

44Q *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti lið 27B. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

44R Með *Upplýsingagjöf – samjöfnun fjáreigna og fjárskulda* (breytingar á IFRS-staðli 7), sem var gefin út í desember 2011, er bætt við liðum 13A–13F og B40–B53. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Eining skal leggja fram upplýsingarnar sem breytingarnar krefjast afturvirkt.

44S-44W [Felldur brott]

44X *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu 3. lið. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita *Fjárfestingareiningar* fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún einnig beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

44Y [Felldur brott]

44Z IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti liðum 2–5, 8–11, 14, 20, 28–30, 36, 42C–42E, viðbæti A og liðum B1, B5, B9, B10, B22 og B27, felldi brott liði 12, 12A, 16, 22–24, 37, 44E, 44F, 44H–44J, 44N, 44S–44W, 44Y, B4 og viðbæti D og bætti við liðum 5A, 10A, 11A, 11B, 12B–12D, 16A, 20A, 21A–21D, 22A–22C, 23A–23F, 24A–24G, 35A–35N, 42I–42S, 44ZA og B8A–B8J. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9. Ekki þarf að beita þessum breytingum gagnvart samanburðarupplýsingum sem gefnar eru vegna tímabila fyrir þann dag þegar IFRS-staðli 9 var beitt í fyrsta sinn.

([47]) Lið 44G var bætt við vegna *Takmarkaðra undanþága frá kröfum IFRS-staðals 7 um birtingu samanburðarhæfra upplýsinga við innleiðingu staðla* (breyting á IFRS-staðli 1) sem voru gefnar út í janúar 2010. Ráðið breytti lið 44G til þess að skýra ályktanir sínar og áætluð skipti vegna *Bættrar birtingar upplýsinga um fjármálagerninga* (breytingar á IFRS-staðli 7).

44ZA Í samræmi við lið 7.1.2 í IFRS-staðli 9 getur eining valið að beita fyrr, að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast fyrir 1. janúar 2018, aðeins kröfum um framsetningu hagnaðar og taps af fjárskuldum sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í c-lið í lið 5.7.1, liðum 5.7.7–5.7.9, 7.2.14 og B5.7.5–B5.7.20 í IFRS-staðli 9, án þess að beita öðrum kröfum þessa IFRS-staðals 9. Ef eining velur að beita aðeins þessum liðum í IFRS-staðli 9 skal hún birta upplýsingar um það og láta áfram í té skyldar upplýsingar sem eru settar fram í 10.–11. lið í þessum staðli (eins og honum er breytt með IFRS-staðli 9 (2010)).

44AA Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) fyrir tímabilið 2012-2014*, sem voru gefnar út í september 2014, var liðum 44R og B30 breytt og lið B30A bætt við. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar nema hvað eining þarf ekki að beita breytingum á liðum B30 og B30A fyrir tímabil sem sett eru fram og hefjast á undan árlega tímabilinu þegar einingin beitti þessum breytingum í fyrsta sinn. Heimilt er að beita breytingunum á liðum 44R, B30 og B30A fyrr. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

44BB *Framtaksverkefni um upplýsingagjöf* (breytingar á IAS-staðli 1), útgefið í desember 2014, breytti liðum 21 og B5. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Heimilt er að beita þessum breytingum fyrr.

44CC IFRS-staðall 16, *leigusamningar*, gefinn út í janúar 2016, breytti 29. lið og lið B11D. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

44DD IFRS-staðall 17, gefinn út í maí 2017, breytti 3., 8. og 29. lið og felldi brott 30. lið. *Breytingar á IFRS-staðli 17*, gefnar út í júní 2020, breyttu 3. lið enn frekar. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 17.

44EE Með *Endurbótum á vaxtaviðmiðunum*, sem breyttu IFRS-staðli 9, IAS-staðli 39 og IFRS-staðli 7, sem gefnar voru út í september 2019, var liðum 24H og 44FF bætt við. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir breytingunum á IFRS-staðli 9 eða IAS-staðli 39.

44FF Eining þarf ekki að leggja fram tölulegar upplýsingar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, á því reikningsskilatímabili þegar einingin beitir fyrst *Endurbótum á vaxtaviðmiðunum*, sem gefnar voru út í september 2019.

44GG Með *Endurbótum á vaxtaviðmiðunum – 2. áfanga*, sem breyttu IFRS-staðli 9, IAS-staðli 39, IFRS-staðli 7, IFRS-staðli 4 og IFRS-staðli 16, sem gefnar voru út í ágúst 2020, var liðum 24I–24J og 44HH bætt við. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir breytingunum á IFRS-staðli 9, IAS-staðli 39, IFRS-staðli 4 eða IFRS-staðli 16.

44HH Á reikningsskilatímabilinu er einingu ekki skylt að veita upplýsingar, sem annars myndi vera gerð krafa um í f-lið 28. liðar í IAS-staðli 8, þegar hún beitir fyrst *Endurbótum á vaxtaviðmiðunum – 2. áfanga*.

44II *Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir*, sem breyta IAS-staðli 1 og IFRS-verklagsreglum 2, *Matsákvarðanir um mikilvægi*, og gefnar voru út í febrúar 2021, breyttu liðum 21 og B5. Eining skal beita þeirri breytingu að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2023 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Eining skal greina frá því ef hún beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil.

AFTURKÖLLUN IAS-STAÐALS 30

45 Þessi IFRS-staðall kemur í stað IAS-staðals 30, *upplýsingagjöf í reikningsskilum banka og sambærilegra fjármálastofnana*.

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

Útlánaáhætta	Sú áhætta að einn aðili að fjármálagerningi muni valda hinum aðilanum fjárhagstjóni með því að standa ekki við skuldbindingu.
Útlánaáhættuflokkar	Mat á útlánaáhættu byggt á hættu á að fjármálagerningurinn lendi í vanskilum.
Gjaldmiðilsáhætta	Sú áhætta að gangvirði eða framtíðarsjóðstreymi fjármálagernings muni sveiflast vegna breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla.
Vaxtaáhætta	Sú áhætta að gangvirði eða framtíðarsjóðstreymi fjármálagernings muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.
Greiðsluhæfisáhætta	Sú áhætta að eining muni lenda í erfiðleikum við að uppfylla skuldbindingar sem tengjast fjárskuldum sem eru gerðar upp með afhendingu reiðufjár eða annarra fjáreigna.
Skuldabréf	Skuldabréf eru fjárskuldir aðrar en skammtímaviðskiptaskuldir á eðlilegum lánskjörum.
Markaðsáhætta	Sú áhætta að gangvirði eða framtíðarsjóðstreymi fjármálagernings sveiflist vegna breytinga á markaðsverði. Markaðsáhætta nær yfir þrenns konar áhættu: **gjaldmiðlaáhættu, vaxtaáhættu** og **aðra verðáhættu.**
Önnur verðáhætta	Sú áhætta að gangvirði eða framtíðarsjóðstreymi fjármálagernings sveiflist vegna breytinga á markaðsverði (annarra en breytinga sem verða til vegna **vaxtaáhættu** eða **gjaldmiðlaáhættu**) hvort sem þær breytingar eru af völdum þátta sem eiga sérstaklega við þennan eina fjármálagerning eða útgefanda hans eða þátta sem hafa áhrif á alla sambærilega fjármálagerninga sem verslað er með á markaðnum.

Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í 11. lið í IAS-staðli 32, 9. lið í IAS-staðli 39, viðbæti A við IFRS-staðal 9 eða viðbæti A við IFRS-staðal 13 og eru notuð í þessum IFRS-staðli í skilningi þeim sem tilgreindur er í IAS-staðli 32, IAS-staðli 39, IFRS-staðli 9 og IFRS-staðli 13.

— afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar

— samningseign

— virðisrýrðar fjáreignir

— afskráning

— afleiða

— arðgreiðslur

— aðferð virkra vaxta

— eiginfjárgerningur

— vænt útlánatap

— gangvirði

— fjáreign

— samningur með fjárhagslegri tryggingu

— fjármálagerningur

— fjárskuld

— fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

— áætluð framtíðarviðskipti

— vergt bókfært verð fjáreignar

— áhættuvarnargerningur

— ætlaður til veltuviðskipta

— virðisrýrnunarhagnaður eða -tap

— niðurfærsla

— fallið í gjalddaga

— keyptar eða útgefnar virðisrýrðar fjáreignir

— endurflokkunardagsetning

— reglubundin kaup eða sala.

Viðbætir B

Leiðbeiningar um beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

FLOKKAR FJÁRMÁLAGERNINGA OG UMFANG UPPLÝSINGA (6. LIÐUR)

B1 Í 6. lið er gerð krafa um að eining skipti fjármálagerningum í flokka sem hæfa eðli upplýsinganna sem eru birtar og sem taka tillit til einkenna þessara fjármálagerninga. Einingin ákvarðar flokkana sem lýst er í 6. lið og þeir eru þannig aðgreindir frá þeim flokkum fjármálagerninga sem eru tilgreindir í IFRS-staðli 9 (sem ákvarða hvernig fjármálagerningar eru metnir og hvar breytingar á gangvirði eru færðar).

B2 Þegar eining ákvarðar flokka fjármálagerninga skal hún, a.m.k.:

a) greina gerninga sem eru metnir á afskrifuðu kostnaðarverði frá gerningum sem eru metnir á gangvirði,

b) fara með þá fjármálagerninga sem falla utan gildissviðs þessa IFRS-staðals sem aðgreindan flokk eða flokka.

B3 Eining ákveður, í ljósi eigin aðstæðna, hversu nákvæmar upplýsingar hún veitir til að uppfylla kröfur þessa IFRS-staðals, hversu mikla áherslu hún leggur á ólíka þætti krafnanna og hvernig hún sameinar upplýsingar til að sýna heildarmyndina án þess að sameina upplýsingar með mismunandi einkenni. Nauðsynlegt er að finna jafnvægi milli reikningsskila sem eru yfirfull af óþörfum smáatriðum og koma notendum ekki að gagni og reikningsskila þar sem mikilvægar upplýsingar verða torræðar vegna þess að upplýsingar hafa verið dregnar of mikið saman. Eining skal t.d. ekki dylja mikilvægar upplýsingar með því að setja þær fram innan um fjölda óverulegra smáatriða. Á sama hátt skal eining ekki birta upplýsingar sem eru svo mjög dregnar saman að þær dylja mikilvægan mun á einstökum viðskiptum eða áhættu sem þeim tengist.

B4 [Felldur brott]

Önnur upplýsingagjöf — reikningsskilaaðferðir (21. liður)

B5 Í 21. lið er gerð krafa um birtingu mikilvægra upplýsinga um reikningsskilaaðferðir sem er vænst að feli í sér upplýsingar um matsgrunn (eða matsgrunna) fyrir fjármálagerninga sem notaðir eru við gerð reikningsskilanna. Að því er varðar fjármálagerninga geta slíkar upplýsingar m.a. verið:

a) að því er varðar fjárskuldir sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning:

i) eðli fjárskuldanna sem einingin hefur tilgreint á gangvirði í gegnum rekstrarreikning,

ii) viðmiðunin þegar slíkar fjárskuldir eru tilgreindar við upphafsfærslu og

iii) hvernig einingin hefur uppfyllt skilyrðin í lið 4.2.2 í IFRS-staðli 9 fyrir slíka tilgreiningu,

aa) að því er varðar fjáreignir sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning:

i) eðli fjáreignanna sem einingin hefur tilgreint á gangvirði í gegnum rekstrarreikning,

ii) hvernig einingin hefur uppfyllt skilyrðin í lið 4.1.5 í IFRS-staðli 9 fyrir slíka tilgreiningu,

b) [felldur brott]

c) hvort reglubundin kaup og sala fjáreigna er færð á viðskiptadegi eða uppgjörsdegi (sjá lið 3.1.2 í IFRS-staðli 9),

d) [felldur brott]

e) hvernig hreinn hagnaður eða hreint tap á hverjum flokki fjármálagerninga er ákvarðað (sjá a-lið 20. liðar), t.d. hvort hreinn hagnaður eða hreint tap á liðum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning felur í sér tekjur af vöxtum eða arðstekjur,

f) [felldur brott]

g) [felldur brott]

Í 122. lið í IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) er einnig gerð krafa um að einingar greini frá matsákvörðunum stjórnenda, ásamt mikilvægum upplýsingum um reikningsskilaaðferðir eða öðrum skýringum, að undanskildum þeim ákvörðunum sem fela í sér mat, við beitingu á þeim reikningsskilaaðferðum einingarinnar sem hafa mest áhrif á þær fjárhæðir sem eru færðar í reikningsskilunum.

EÐLI OG UMFANG ÁHÆTTU SEM VERÐUR TIL VEGNA FJÁRMÁLAGERNINGA (31.–42. LIÐUR)

B6 Upplýsingarnar sem gerð er krafa um í 31.–42. lið skulu annaðhvort koma fram í reikningsskilunum eða skulu felldar inn í annað uppgjör með millivísun frá reikningsskilunum, s.s. í athugasemdum eða áhættuskýrslu stjórnenda, sem eru tiltækar notendum reikningsskilanna með sömu skilmálum og reikningsskilin og á sama tíma. Án upplýsinganna, sem eru felldar inn í með millivísun, eru reikningsskilin ófullgerð.

Birting tölulegra upplýsinga (34. liður)

B7 Í a-lið 34. liðar er gerð krafa um birtingu samantektar yfir töluleg gögn um þá áhættu sem eining er óvarin gegn og er byggð á upplýsingum sem eru veittar innan félagsins til lykilstjórnenda einingarinnar. Þegar eining notar nokkrar aðferðir við áhættustýringu skal hún birta upplýsingar með þeirri aðferð eða aðferðum sem veitir þær upplýsingar sem mestu máli skipta og eru áreiðanlegastar. Í IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, er fjallað um mikilvægi og áreiðanleika.

B8 Í c-lið 34. liðar er gerð krafa um birtingu upplýsinga um samþjöppun áhættu. Samþjöppun áhættu verður til vegna fjármálagerninga sem hafa sambærileg einkenni og verða fyrir sambærilegum áhrifum af breytingum á efnahagsaðstæðum eða öðrum aðstæðum. Skilgreining á samþjöppun áhættu krefst þess að beitt sé eigin dómgreind þar sem tekið er tillit til aðstæðna einingarinnar. Í upplýsingum um samþjöppun áhættu skal m.a. vera:

a) lýsing á því hvernig stjórnendur ákvarða samþjöppun,

b) lýsing á sameiginlegu einkenni sem skilgreinir sérhverja samþjöppun (t.d. á mótaðila, landsvæði, gjaldmiðli eða markaði) og

c) fjárhæð áhættunnar sem tengist öllum fjármálagerningum sem eiga þetta einkenni sameiginlegt.

Venjur við stjórnun útlánaáhættu (liðir 35F–35G)

B8A Í b-lið í lið 35F er þess krafist að birtar séu upplýsingar um það hvernig eining hefur skilgreint vanskil ólíkra fjármálagerninga og ástæður að baki slíkum skilgreiningum. Í samræmi við lið 5.5.9 í IFRS-staðli 9 er ákvörðun um það hvernig færa skuli vænt útlánatap á líftíma byggð á aukinni hættu á vanskilum frá upphafsfærslu. Upplýsingar um skilgreiningar einingar á vanskilum, sem munu aðstoða notendur reikningsskila við að skilja hvernig eining hefur beitt kröfum um vænt útlánatap í IFRS-staðli 9, geta m.a. verið:

a) eigindleg og megindleg atriði sem litið er til við skilgreiningu á vanskilum,

b) hvort ólíkum skilgreiningum hafi verið beitt gagnvart ólíkum tegundum fjármálagerninga og

c) forsendur fyrir endurreisnarhlutfalli (e. *cure rate*) (þ.e. fjöldi fjáreigna sem byrja aftur að skila árangri) eftir að vanskil hafa orðið á fjáreigninni.

B8B Til þess að aðstoða notendur reikningsskila við að meta stefnur einingar á sviði endurskipulagningar og breytinga er gerð sú krafa í i. lið f-liðar í lið 35F að birtar séu upplýsingar um það hvernig eining fylgist með því að hvaða marki niðurfærsla fjáreigna, sem upplýsingar voru gefnar um áður í samræmi við i. lið f-liðar í lið 35F, eru metnar síðar við fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma í samræmi við lið 5.5.3 í IFRS-staðli 9. Tölulegar upplýsinga, sem munu aðstoða notendur við að skilja síðari aukningu á útlánaáhættu af breyttum fjáreignum, geta falið í sér upplýsingar um breyttar fjáreignir sem uppfylla skilyrði í i. lið f-liðar í lið 35F þar sem niðurfærsla hefur verið metin við fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma (þ.e. hnignunarhlutfall).

B8C Í a-lið í lið 35G er gerð krafa um birtingu upplýsinga um grundvöll ílagsgagna, forsendna og matstækni sem er notuð til að beita virðisrýrnunarkröfum í IFRS-staðli 9. Í forsendum og ílagsgögnum einingar, sem er notuð til að meta vænt útlánatap eða ákvarða umfang aukinnar útlánaáhættu frá upphafsfærslu, geta komið fram upplýsingar sem fengist hafa úr innri sögulegum upplýsingar- eða lánshæfismatsskýrslum og forsendum um væntan líftíma fjármálagerninga og tímasetningu á sölu tryggingar.

Breytingar á niðurfærslu (liður 35H)

B8D Gerð er sú krafa, í samræmi við lið 35H, að eining útskýri ástæður breytinganna á niðurfærslunni á tímabilinu. Auk afstemmingar frá upphafsstöðu til lokastöðu niðurfærslunnar kann að vera nauðsynlegt að setja fram textaskýringu á breytingunum. Í þessari textaskýringu má koma fram greining á ástæðum fyrir breytingum á niðurfærslunni á tímabilinu, m.a.:

a) samsetning eignasafns,

b) umfang keyptra eða útgefinna fjármálagerninga og

c) hve alvarlegt vænt útlánatap er.

B8E Niðurfærslan er færð sem varúðarniðurfærsla í lánsskuldbindingum og samningum með fjárhagslegri tryggingu. Eining skal birta upplýsingar um breytingar á niðurfærslu fjáreigna aðskilið frá breytingum á niðurfærslu lánsskuldbindinga og samninga með fjárhagslegri tryggingu. Ef á hinn bóginn fjármálagerningur tekur bæði til lánsþáttar (þ.e. fjáreignar) og óádregins skuldbindingarþáttar (þ.e. lánsskuldbindingar) og einingin getur ekki greint vænt útlánatap af lánsskuldbindingarþættinum frá væntu útlánatapi af fjáreignarþættinum skal færa vænt útlánatap af lánsskuldbindingunni með niðurfærslu af fjáreigninni. Færa skal vænt útlánatap sem varúðarniðurfærslu að því marki sem sameinað vænt útlánatap fer yfir vergt bókfært verð fjáreignarinnar.

Trygging (liður 35K)

B8F Í lið 35K er krafist birtingar á upplýsingum sem gera notendum reikningsskila kleift að skilja áhrif veðtryggingar og annarra endurbóta á lánshæfi á fjárhæð vænts útlánataps. Þess er hvorki krafist að eining birti upplýsingar um gangvirði tryggingar og annarra endurbóta á lánshæfi né heldur að hún gefi upp nákvæmt virði tryggingarinnar sem var hluti útreiknings á væntu útlánatapi (þ.e. tap að gefnum vanefndum).

B8G Í textalýsingu á veðtryggingu og áhrifum hennar á fjárhæðir vænts útlánataps geta komið fram upplýsingar um:

a) helstu tegundir veðs, sem er haldið sem tryggingu, og annarra endurbóta á lánshæfi (t.d. að hið síðartalda sé ábyrgðir, lánaafleiður og skuldajöfnunarsamningar sem uppfylla ekki skilyrði til jöfnunar í samræmi við IAS-staðal 32),

b) umfang veðs og annarra endurbóta á lánshæfi og mikilvægi þess í tengslum við niðurfærsluna,

c) stefnur og ferla við að meta og stjórna veðum og öðrum endurbótum á lánshæfi,

d) helstu tegundir mótaðila að veðinu og annarra endurbóta á lánshæfi og lánstraust þeirra og

e) áhættusamþjöppun innan veðsins og annarra endurbóta á lánshæfi.

Útlánaáhætta (liðir 35M–35N)

B8H Í lið 35M er gerð krafa um upplýsingagjöf um þá útlánaáhættu sem eining er óvarin gegn og verulega samþjöppun útlánaáhættu á reikningsskiladegi. Samþjöppun útlánaáhættu telst vera fyrir hendi þegar nokkur fjöldi mótaðila er staðsettur á landsvæði eða stundar svipaða starfsemi og ber svipuð efnahagsleg einkenni sem myndi valda því að geta þeirra til að uppfylla samningsbundnar skyldur yrði fyrir svipuðum áhrifum af breytingum á efnahagslegum skilyrðum eða öðrum skilyrðum. Eining ætti að láta í té upplýsingar sem gera notendum reikningsskila kleift að skilja hvort fyrir hendi eru flokkar eða söfn fjármálagerninga sem bera tiltekin einkenni sem kunna að hafa áhrif á stóran hluta þessa flokks fjármálagerninga, s.s. samþjöppun tiltekinnar áhættu. Þetta kann t.d. að taka til flokka lánshlutfalls eða samþjöppunar sem byggist á landsvæði, atvinnugrein eða tegund útgefanda.

B8I Fjöldi útlánaáhættuflokka, sem eru notaðir til að birta upplýsingarnar í samræmi við lið 35M, skal svara til þess fjölda skýrslna sem eining lætur lykilstarfsmönnum í stjórnunarstöðum í té í tengslum við áhættustjórnun útlána. Ef upplýsingar um fjárhæðir, sem eru fallnar í gjalddaga eru einu fyrirliggjandi upplýsingarnar sem beinast að lántaka og eining notar þær til að meta hvort útlánaáhætta hafi aukist verulega frá upphafsfærslu í samræmi við lið 5.5.11 í IFRS-staðli 9, skal eining láta í té greiningu á því hve langt er liðið frá gjalddaga þessara fjáreigna.

B8J Þegar eining leggur mat á vænt útlánatap á sameiginlegum grunni getur hún ekki ráðstafað vergu bókfærðu verði einstakra fjáreigna eða óvarinni útlánaáhættu af lánsskuldbindingum og samningum með fjárhagslegri tryggingu til útlánaáhættuflokka þar sem fært er vegna vænts útlánataps á líftíma. Í því tilviki skal eining beita kröfu liðar 35M gagnvart þeim fjármálagerningum sem ráðstafa má beint til útlánaáhættuflokka og birta sérstaklega upplýsingar um vergt bókfært verð fjármálagerninga þar sem vænt útlánatap á líftíma hefur verið metið á sameiginlegum grunni.

Hámarksútlánaáhætta (a-liður 36. liðar)

B9 Í a-lið í lið 35K og a-lið 36. liðar er gerð krafa um upplýsingar um þá fjárhæð sem gefur besta mynd af hámarksútlána-áhættu einingarinnar. Að því er varðar fjáreignir er þetta yfirleitt vergt, bókfært verð, að frádregnum:

a) öllum fjárhæðum sem hafa verið jafnaðar saman í samræmi við IAS-staðal 32 og

b) hvers kyns virðisrýrnunartapi sem er fært í samræmi við IFRS-staðal 9.

B10 Starfsemi sem leiðir til útlánaáhættu og tengdrar hámarksútlánaáhættu nær yfir en takmarkast ekki við:

a) lánveitingar til viðskiptavina og innlán hjá öðrum einingum. Í þessum tilvikum er hámarksútlánaáhættan bókfært verð tengdra fjáreigna,

b) gerð afleiðusamninga, t.d. gjaldeyrissamninga, vaxtaskiptasamninga og útlánaáhættuafleiðna. Þegar eignin sem út úr þessu kemur er metin á gangvirði verður hámarkslútlánaáhættan við lok reikningsskilatímabils jöfn bókfærða verðinu,

c) veitingu fjárhagslegra trygginga. Í þessu tilviki er hámarksútlánaáhættan sú hámarksfjárhæð, sem einingin gæti þurft að greiða ef tryggingin er innleyst, sem gæti verið talsvert hærri en fjárhæðin sem er færð sem skuld,

d) gerð lánsskuldbindingar sem er óafturkræf á gildistíma heimildarinnar eða er aðeins afturkræf vegna verulegrar neikvæðrar breytingar. Ef útgefandinn getur ekki gert upp lánsskuldbindinguna með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi er hámarksútlánaáhættan öll fjárhæð skuldbindingarinnar. Þetta er vegna þess að óvíst er hvort fjárhæð ónotaðs hluta lánsskuldbindingarinnar verði notuð í framtíðinni. Þessi fjárhæð getur verið talsvert hærri en fjárhæðin sem er færð sem skuld.

Birting tölulegra upplýsinga vegna greiðsluhæfisáhættu (a-liður 34. liðar og a- og b-liður 39. liðar)

B10A Í samræmi við a-lið 34. liðar birtir eining samantekt tölulegra gagna um hættu á greiðsluhæfisáhættu á grundvelli upplýsinga innan hennar til lykilstarfsmanna í stjórnunarstöðum. Eining skal útskýra hvernig þessi gögn eru ákvörðuð. Ef útstreymi handbærs fjár (eða annarrar fjáreignar), sem kemur fram í þessum gögnum, gæti annaðhvort:

a) gerst mun fyrr en tilgreint er í gögnunum eða

b) varðað fjárhæðir sem eru verulega frábrugðnar þeim sem tilgreindar eru í gögnunum (t.d. vegna afleiðu sem er innifalin með uppgjöri á hreinum grunni en mótaðilinn hefur rétt til að krefjast uppgjörs á vergum grunni),

skal einingin greina frá þessu og veita tölulegar upplýsingar sem gera notendum reikningsskila hennar kleift að meta umfang þessarar áhættu, nema þessar upplýsingar séu innifaldar í þeirri lánstímagreiningu á samningum sem krafist er í a- eða b-lið 39. liðar.

B11 Við gerð lánstímagreininganna, sem gerð er krafa um í a- og b-lið 39. liðar, styðst eining við mat til að ákvarða hæfilegan fjölda tímabila. Eining gæti t.d. ákvarðað að eftirfarandi tímabil séu viðeigandi:

a) í mesta lagi einn mánuður,

b) í minnsta lagi einn mánuður og í mesta lagi þrír mánuðir,

c) í minnsta lagi þrír mánuðir og í mesta lagi eitt ár og

d) í minnsta lagi eitt ár og í mesta lagi fimm ár.

B11A Í samræmi við a- og b-lið 39. liðar skal eining ekki aðgreina innbyggða afleiðu frá blönduðum (samtengdum) fjármálagerningi. Eining skal beita ákvæðum a-liðar 39. liðar að því er varðar slíkan gerning.

B11B Í ákvæðum b-liðar 39. liðar er þess krafist a eining birti megindlega lánstímagreiningu fyrir afleiddar fjárskuldir sem sýnir það sem eftir er af samningsbundnum binditíma ef hann er nauðsynlegur til skilnings á tímasetningu sjóðstreymis. Þetta gildir t.d. um:

a) vaxtaskiptasamning með fimm ára eftirstæðan binditíma í sjóðstreymisvörn fyrir fjáreign eða skuld á breytilegum vöxtum.

b) allar lánsskuldbindingar.

B11C Í ákvæðum a- og b-liðar 39. liðar er þess krafist að eining birti lánstímagreiningu á fjárskuldum sem sýnir eftirstæðan, samningsbundinn binditíma tiltekinna fjárskulda. Í þessari upplýsingagjöf gildir eftirfarandi:

a) þegar mótaðili getur valið hvenær fjárhæð er greidd, er skuldinni úthlutað á fyrsta tímabilið sem hægt er að krefja eininguna um greiðslu. Til dæmis eru fjárskuldir, sem eining getur þurft að endurgreiða þegar þess er krafist (t.d. veltiinnlán), bókfærðar á fyrsta tímabilinu,

b) þegar eining er skuldbundin til að láta í té fjárhæðir með afborgunum er hverri afborgun ráðstafað á fyrsta tímabilið sem hægt er að krefja eininguna um greiðslu. Til dæmis er ónotuð lánsskuldbinding bókfærð á tímabilinu sem nær yfir fyrstu dagsetninguna sem hægt er að nota hana,

c) fyrir útgefna samninga með fjárhagslegri tryggingu er hámarksfjárhæð tryggingarinnar úthlutað á fyrsta tímabilið sem hægt er innleysa trygginguna.

B11D Samningsbundnar fjárhæðir, sem greint er frá í lánstímagreiningunum, eins og krafist er í a- og b-lið 39. liðar, eru samningsbundið, óafvaxtað sjóðstreymi, til dæmis:

a) vergar leiguskuldir (áður en fjármögnunargjöld eru dregin frá),

b) verð sem er tilgreint í framvirkum samningum um kaup á fjáreignum fyrir handbært fé,

c) hreinar fjárhæðir vegna vaxtaskiptasamninga (með föstum eða breytilegum vöxtum) til greiðslu með hreinu sjóðstreymi,

d) samningsbundnar fjárhæðir til greiðslu í afleiddum fjármálagerningi (t.d. gjaldmiðilsskiptum) sem greitt er fyrir með vergu sjóðstreymi, og

e) vergar lánsskuldbindingar

Slíkt óafvaxtað sjóðstreymi er ekki jafnt fjárhæðinni sem er færð í efnahagsreikning vegna þess að fjárhæðin í efnahagsreikningnum byggist á afvöxtuðu sjóðstreymi. Þegar fjárhæðin sem greiða skal er ekki föst er fjárhæðin, sem greint er frá, ákvörðuð með hliðsjón af aðstæðum sem eru fyrir hendi við lok reikningsskilatímabils. Þegar fjárhæðin, sem greiða skal, breytist með breytingum á vísitölu getur fjárhæðin sem greint er frá t.d. byggst á vísitölustiginu við lok tímabilsins.

B11E Í ákvæðum c-liðar 39. liðar er þess krafist að eining lýsi hvernig hún stýrir greiðsluhæfisáhættunni sem er innbyggð í þá liði sem birtar eru tölulegar upplýsingar um samkvæmt kröfu í a- og b-lið 39. liðar. Eining skal birta lánstímagreiningu á fjáreignum sem hún hefur til umráða til að stjórna greiðsluhæfisáhættu (t.d. auðseljanlegum fjáreignum eða fjáreignum, sem vænst er að myndi innstreymi handbærs fjár, til að jafna útstreymi handbærs fjár vegna fjárskuldbindinga), ef þær upplýsingar eru nauðsynlegar til að gera notendum reikningsskila hennar kleift að meta eðli og umfang greiðsluhæfisáhættu.

B11F Aðrir þættir, sem eining kann að taka til athugunar, þegar hún veitir þær upplýsingar sem krafist er í c-lið 39. liðar, taka til þess en takmarkast ekki við hvort einingin:

a) hafi tryggar lántökuheimildir (t.d. á formi skammtímabréfa) eða aðrar lánsheimildir (t.d. viðbúnaðarlánafyrir greiðslu) sem hún hefur aðgang að til að fullnægja lausafjárþörf,

b) eigi innstæður í seðlabönkum til að fullnægja lausafjárþörf,

c) búi yfir mjög fjölbreyttum fjármögnunarleiðum,

d) sé með umtalsverða samþjöppun greiðsluhæfisáhættu annað hvort í eignum sínum eða fjármögnunarleiðum,

e) hafi yfir að ráða verkferlum að því er varðar innra eftirlit og viðbragðsáætlunum til að stjórna greiðsluhæfisáhættu,

f) hafi yfir að ráða gerningum sem taka til hraðari endurgreiðsluskilmála (t.d. ef lánshæfismat einingarinnar lækkar),

g) hafi yfir að ráða gerningum þar sem gæti verið krafist tryggingar (t.d. veðköll fyrir afleiður),

h) hafi yfir að ráða gerningum sem gera einingunni kleift að velja hvort hún vilji gera fjárskuldir sínar upp með því að framselja handbært fé (eða aðra fjáreign) eða með því að framselja eigið hlutafé, eða

i) hafi yfir að ráða gerningum sem falla undir alhliða greiðslujöfnunarsamninga.

Markaðsáhætta — næmisgreining (40. og 41. liður)

B17 Í a-lið 40. liðar er gerð krafa um næmisgreiningu fyrir sérhverja tegund markaðsáhættu sem einingin er óvarin fyrir. Eining ákveður, í samræmi við lið B3, hvernig hún safnar saman upplýsingum til að sýna heildarmyndina án þess að sameina upplýsingar með mismunandi einkenni um áhættuna sem stafar af verulega frábrugðnu efnahagsumhverfi. Dæmi:

a) eining sem stundar viðskipti með fjármálagerninga getur birt þessar upplýsingar sérstaklega að því er varðar fjármálagerninga sem ætlaðir til veltuviðskipta og fjármálagerninga sem eru ekki ætlaðir til veltuviðskipta,

b) eining myndi ekki taka saman upplýsingar um markaðsáhættu sína frá svæðum þar sem óðaverðbólga ríkir með upplýsingum um sömu markaðsáhættu frá svæðum þar sem verðbólga er mjög lítil.

Ef eining er óvarin fyrir aðeins einni gerð markaðsáhættu í aðeins einu efnahagsumhverfi myndi hún ekki leggja fram sundurliðaðar upplýsingar.

B18 Í a-lið 40. liðar er gerð krafa um að næmisgreiningin sýni áhrif raunhæfra, mögulegra breytinga á viðeigandi áhættubreytu (t.d. gildandi markaðsvöxtum, gengi gjaldmiðla, gengi hlutabréfa eða hrávöruverði) á rekstrarreikning og eigið fé. Í því sambandi:

a) er ekki nauðsynlegt að einingar ákvarði hver hagnaðurinn eða tapið á tímabilinu hefði orðið ef viðeigandi áhættubreytur hefðu verið öðruvísi. Þess í stað greina einingar frá áhrifunum á rekstrarreikning og eigið fé við lok reikningsskilatímabils, að því gefnu að raunhæf, möguleg breyting á viðeigandi áhættubreytu hefði orðið við lok reikningsskilatímabils og að henni hefði verið beitt á áhættuna sem var fyrir hendi á þeim degi. Ef eining á t.d. skuld með breytilegum vöxtum í árslok myndi einingin greina frá áhrifunum á rekstrarreikning (þ.e. vaxtagjöldum) á yfirstandandi ári ef vextir hefðu breyst um fjárhæðir sem raunhæft væri að gera ráð fyrir,

b) er ekki nauðsynlegt að einingar greini frá áhrifum sérhverrar breytingar á bili sem raunhæft er að gera ráð fyrir á viðeigandi áhættubreytu á rekstrarreikning og eigið fé. Nægilegt er að greina frá áhrifum breytinganna við efstu og neðstu mörk á því bili sem raunhæft er að gera ráð fyrir.

B19 Þegar eining ákvarðar hvaða breytingu væri raunhæft að gera ráð fyrir á viðeigandi áhættubreytu skal hún hafa í huga:

a) efnahagsumhverfið sem hún starfar í. Breyting, sem raunhæft er að gera ráð fyrir, skal ekki fela í sér fjarlæg eða „verstu hugsanleg“ tilvik eða „álagsprófanir“. Ef breytingahlutfall áhættubreytunnar, sem liggur til grundvallar, er að auki stöðugt þarf einingin ekki að breyta valinu á þeirri breytingu á áhættubreytunni sem raunhæft var að gera ráð fyrir. Ef vextir eru t.d. 5% og eining ákvarðar að raunhæft sé að gera ráð fyrir að vextir sveiflist um sem nemur ± 50 grunnstigum. Einingin myndi þá greina frá áhrifunum á rekstrarreikning og eigið fé ef vextir breyttust í 4,5% eða 5,5%. Á næsta tímabili hafa vextir hækkað í 5,5%. Einingin telur enn að vextir muni sveiflast um ± 50 grunnstig (þ.e. að breytingahlutfall vaxta sé stöðugt). Einingin myndi þá greina frá áhrifunum á rekstrarreikning og eigið fé ef vextirnir breyttust í 5% eða 6%. Einingin þyrfti ekki að endurskoða mat sitt þess efnis að raunhæft væri að gera ráð fyrir að vextir gætu sveiflast um ± 50 grunnstig nema vísbendingar séu um að vextir séu orðnir verulega óstöðugri,

b) innan hvaða tímamarka hún gerir matið. Næmisgreiningin skal sýna áhrif breytinga sem raunhæft er að gera ráð fyrir að geti orðið á tímabilinu þar til einingin birtir þessar upplýsingar næst, sem er venjulega á næsta árlega reikningsskilatímabili.

B20 Einingu er heimilt skv. 41. lið að nota næmisgreiningu sem endurspeglar hvað áhættubreytur eru innbyrðis háðar, s.s. vágildisgreiningaraðferð, ef hún notar þessa greiningu til að stýra fjárhagslegri áhættu sinni. Þetta gildir jafnvel þótt slík aðferð meti aðeins hugsanlegt tap og meti ekki hugsanlegan ágóða. Þannig eining getur uppfyllt skilyrðin í a-lið 41. liðar með því að greina frá hvaða vágildisgreiningarlíkan er notað (t.d. hvort líkanið byggir á Monte Carlo-hermun), skýra út hvernig líkanið vinnur og helstu forsendurnar (t.d. eignartímabilið og öryggisstigið). Einingar geta einnig greint frá fyrra athugunartímabili og vægi sem beitt er við athuganirnar á því tímabili, skýrt út hvernig farið er með valkosti í útreikningunum og hvaða flökt og fylgni (eða, að öðrum kosti, Monte Carlo-hermun í líkindadreifingu) eru notuð.

B21 Eining skal leggja fram næmisgreiningu fyrir alla starfsemi sína en hún getur lagt fram mismunandi gerðir næmis greiningar fyrir mismunandi flokka fjármálagerninga.

Vaxtaáhætta

B22 Vaxtaáhætta verður til vegna vaxtaberandi fjármálagerninga sem eru færðir í efnahagsreikning (t.d. keyptra eða útgefinna skuldagerninga) og vegna sumra fjármálagerninga sem eru ekki færðir í efnahagsreikning (t.d. sumar lánsskuldbindingar).

Gjaldmiðilsáhætta

B23 Gjaldmiðilsáhætta (eða gengisáhætta vegna erlendra gjaldmiðla) verður til vegna fjármálagerninga sem eru tilgreindir í erlendum gjaldmiðli, þ.e. í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðlinum sem þeir eru metnir í. Að því er varðar þennan IFRS-staðal verður gjaldmiðilsáhætta ekki til vegna fjármálagerninga sem eru ópeningalegir liðir eða vegna fjármálagerninga sem eru tilgreindir í starfrækslugjaldmiðlinum.

B24 Eining greinir frá næmisgreiningu fyrir sérhvern gjaldmiðil sem felur í sér verulega áhættu fyrir hana.

Önnur verðáhætta

B25 Önnur verðáhætta verður til vegna fjármálagerninga af völdum breytinga, t.d. á hrávöruverði eða verði á eigin fé. Til að fara að 40. lið getur eining greint frá áhrifum lækkunar á tiltekinni hlutabréfavísitölu, hrávöruverði eða annarri áhættubreytu. Ef eining veitir t.d. hrakvirðistryggingu í formi fjármálagerninga greinir einingin frá hækkun eða lækkun á virði eignanna sem tryggingin tekur til.

B26 Tvö dæmi um fjármálagerninga sem leiða til gengisáhættu hlutabréfa eru a) eignarhald á hlutabréfum í annarri einingu og b) fjárfesting í fjárvörslusjóði sem síðan á fjárfestingar í eiginfjárgerningum. Önnur dæmi eru m.a. framvirkir samningar og valréttur um kaup eða sölu á tilteknu magni eiginfjárgerninga og skiptasamninga sem eru vísitölutryggðir miðað við verð á eigin fé. Gangvirði slíkra fjármálagerninga verður fyrir áhrifum af breytingum á markaðsverði undirliggjandi eiginfjárgerninga.

B27 Í samræmi við a-lið 40. liðar eru birtar upplýsingar um næmi rekstrarreiknings (sem verður t.d. til vegna gerninga sem eru metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning) aðskilið frá upplýsingum um næmi annarrar heildarafkomu (sem verður t.d. til vegna fjárfestinga í eiginfjárgerningum en breytingar á þeim eru settar fram í annarri heildarafkomu).

B28 Fjármálagerningar sem eining flokkar sem eiginfjárgerninga eru ekki metnir. Gengisáhætta hlutabréfa, sem tengist þessum gerningum, hefur hvorki áhrif á rekstrarreikning né eigið fé. Til samræmis við það er ekki þörf á næmisgreiningu.

AFSKRÁNING (LIÐIR 42C–42H)

Áframhaldandi aðild (liður 42C)

B29 Matið á áframhaldandi aðild í yfirfærðri fjáreign að því er varðar birtingarkröfurnar í liðum 42E–42H er gert á vettvangi þeirrar einingar sem reikningsskil taka til. Flytji dótturfélag t.d. fjáreign til ótengds þriðja aðila sem móðurfélag dótturfélagsins hefur áframhaldandi aðild í, nær dótturfélagið ekki yfir aðild móðurfélagsins í matinu á hvort sem það hefur áframhaldandi aðild í yfirfærðu eigninni í aðgreindum eða eigin reikningsskilum (þ.e. þegar dótturfélagið er einingin sem reikningsskilin taka til). Móðurfélag getur talið með áframhaldandi aðild sína (eða annars aðila samstæðunnar) í fjáreign sem er yfirfærð af dótturfélagi þess, við ákvörðun þess hvort það eigi áframhaldandi aðild að yfirfærðu eigninni í samstæðureikningsskilunum (þ.e. þegar einingin sem reikningsskilin taka til er samstæðan).

B30 Eining hefur ekki áframhaldandi aðild í yfirfærðri fjáreign ef hún heldur hvorki samningsbundnum réttindum eða innbyggðum skuldbindingum í yfirfærðu fjáreigninni sem hluta af flutningnum eða öðlist ný samningsbundin réttindi eða skuldbindingar að því er varðar yfirfærðu fjáreignina. Eining hefur ekki áframhaldandi aðild í yfirfærðri fjáreign ef hún hefur hvorki réttindi í framtíðarárangri yfirfærðu fjáreignarinnar né ábyrgð undir neinum kringumstæðum til að inna af hendi greiðslur að því er varðar yfirfærðu fjáreignina í framtíðinni. Í þessu sambandi nær orðið „greiðsla“ ekki yfir sjóðstreymi frá yfirfærðu fjáreigninni sem eining innheimtir og þarf að láta af hendi til framsalshafa.

B30A Ef eining yfirfærir fjáreign getur hún haldið eftir réttinum til innheimtu á fjáreigninni gegn þóknun sem er innifalin t.d. í umsýslusamningi. Einingin leggur mat á umsýslusamninginn í samræmi við leiðbeiningarnar í liðum 42C og B30 til að ákveða hvort einingin á áframhaldandi aðild vegna umsýslusamningsins að því er varðar birtingarkröfur. Umsýslustofnun hefur t.d. áframhaldandi aðild í yfirfærðu fjáreigninni að því er varðar birtingarkröfur ef umsýsluþóknunin er háð fjárhæð eða tímasetningu sjóðstreymisins sem er innheimt frá yfirfærðu fjáreigninni. Á sama hátt á umsýslustofnun aðild að yfirfærðu fjáreigninni að því er varðar birtingarkröfur ef föst þóknun væri ekki greidd að fullu vegna þess að enginn efnahagslegur árangur væri af fjáreigninni. Í þessum dæmum hefur umsýslustofnunin réttindi í framtíðarárangri yfirfærðu fjáreignarinnar. Þetta mat er óháð því hvort þess er vænst að þóknunin sem fæst sé nægileg til að bæta einingunni fyllilega fyrir að inna umsýsluna af hendi.

B31 Áframhaldandi aðild í yfirfærðri fjáreign getur komið til vegna samningsákvæða í yfirfærslusamningnum eða í aðskildum samningi við framsalshafann eða þriðja aðila sem gengið var til í tengslum við yfirfærsluna.

Yfirfærðar fjáreignir sem eru ekki afskráðar að fullu (liður 42D)

B32 Í lið 42D er krafist upplýsinga þegar hluti yfirfærðu fjáreignanna eða engar af yfirfærðu fjáreignunum eru hæfar til afskráningar. Þessara upplýsinga er krafist á hverjum reikningsskiladegi sem einingin heldur áfram að færa yfirfærðu fjáreignirnar, án tillits til þess hvenær yfirfærslurnar áttu sér stað.

Gerðir áframhaldandi aðildar (liðir 42E–42H)

B33 Í liðum 42E–42H er krafist birtingar eigindlegra og tölulegra upplýsinga fyrir hverja tegund áframhaldandi aðildar í afskráðum fjáreignum. Eining skal safna saman áframhaldandi aðild í tegundir sem eru einkennandi fyrir áhættuna sem einingin er óvarin fyrir. Eining getur t.d. lagt áframhaldandi aðild sína saman eftir tegund fjármálagernings (t.d. ábyrgðum eða kaupréttum) eða eftir yfirfærslutegund (t.d. kröfukaupum á viðskiptakröfum, verðbréfunum og verðbréfalánveitingum).

Lánstímagreining fyrir óafvaxtað útstreymi handbærs fjár til endurkaupa á yfirfærðum eignum (e-liður í lið 42E)

B34 Með ákvæðum e-liðar í lið 42E er krafist að eining birti lánstímagreiningu óafvaxtaðs útstreymis handbærs fjár sem gæti verið krafist til að endurkaupa afskráðu fjáreignirnar eða aðrar viðskiptaskuldir til framsalshafa að því er varðar afskráðu fjáreignirnar, sem sýna eftirstæðan, samningsbundinn binditíma áframhaldandi aðildar einingarinnar. Þessi greining aðgreinir sjóðstreymi, sem ber að greiða (t.d. framvirka samninga), sjóðstreymi sem einingin getur verið krafin um að greiða (t.d. skriflegur söluréttur) og sjóðstreymi sem einingin getur valið að greiða (t.d. keyptir kaupréttir).

B35 Einingu ber að nota eigið mat til að ákvarða viðeigandi fjölda tímabila við undirbúning lánstímagreiningar sem áskilin er af e-lið liðar 42E. Eining gæti t.d. ákvarðað að eftirfarandi gjalddagatímabil eigi við:

a) í mesta lagi einn mánuður,

b) í minnsta lagi einn mánuður og í mesta lagi þrír mánuðir,

c) í minnsta lagi þrír mánuðir og í mesta lagi sex mánuðir,

d) í minnsta lagi sex mánuðir og í mesta lagi eitt ár,

e) í minnsta lagi eitt ár og í mesta lagi þrjú ár,

f) í minnsta lagi þrjú ár og í mesta lagi fimm ár og

g) meira en fimm ár.

B36 Séu margir mögulegir gjalddagar er sjóðstreymið meðtalið á grunni fyrstu dagsetningar sem hægt er að krefja eininguna um greiðslu eða henni gert mögulegt að greiða.

Tölulegar upplýsingar (f-liður liðar 42E)

B37 Tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið liðar 42E ná yfir lýsingu á afskráðu fjáreignunum og eðli og tilgang áframhaldandi aðildar sem haldið var eftir að lokinni yfirfærslu þessara eigna. Þær innihalda einnig lýsingu á áhættunni sem eining er óvarin fyrir, þ.m.t.:

a) lýsingu á því hvernig einingin stýrir áhættunni sem er innbyggð í áframhaldandi aðild í afskráðu fjáreignunum,

b) hvort einingin skuli bera tap á undan öðrum aðilum, og röðun og fjárhæð taps aðila sem eiga lægri hlutdeild en hlutdeild einingarinnar í eigninni (þ.e. áframhaldandi aðild hennar í eigninni),

c) lýsing á sérhverjum þætti sem gæti hrundið skuldbindingunni af stað um að veita fjárstuðning eða endurkaupa yfirfærðu fjáreignina.

Hagnaður eða tap við afskráningu (a-liður liðar 42G)

B38 Í ákvæðum í a-lið liðar 42G er eining krafin um birtingu hagnaðar eða taps við afskráningu að því er varðar fjáreignir þar sem einingin hefur áframhaldandi aðild. Einingunni ber að greina frá því hvort hagnaður eða tap við afskráningu kom til vegna þess að gangvirði hluta áður færðra eigna (þ.e. hlutdeild í afskráðu eigninni og hlutdeildin sem haldið var eftir af einingunni) var annað en gangvirði áður færðra eigna í heild sinni. Í þeirri stöðu ber einingunni einnig að greina frá því hvort gangvirðismatið feli í sér marktæk ílög sem voru ekki byggð á sjáanlegum markaðsgögnum, eins og lýst er í lið 27A.

Viðbótarupplýsingar (liður 42H)

B39 Upplýsingarnar sem áskildar eru í liðum 42D–42G geta verið ófullnægjandi til að uppfylla markmið um upplýsingagjöf í lið 42B. Sé þetta tilfellið ber einingunni að birta hverjar þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að uppfylla markmið um upplýsingagjöf. Einingunni ber að ákveða, í ljósi kringumstæðna, hversu mikið af viðbótarupplýsingum henni ber að veita til að uppfylla upplýsingaþörf notenda og hversu mikla áherslu hún leggur á mismunandi hliðar viðbótarupplýsinganna. Nauðsynlegt er að finna jafnvægi milli reikningsskila sem eru full af óþörfum smáatriðum og koma notendum ekki að gagni og reikningsskila þar sem upplýsingar verða torræðar vegna þess að upplýsingar hafa verið dregnar of mikið saman.

Samjöfnun fjáreigna og fjárskulda (liðir 13A–13F)

Gildissvið (liður 13A)

B40 Upplýsinganna, í liðum 13B–13E, er krafist fyrir alla færða fjármálagerninga sem jafnaðir eru út í samræmi við lið 42 í IAS-staðli 32. Að auki falla fjármálagerningar undir gildissvið upplýsingaskyldunnar í liðum 13B–13E ef þeir falla undir framfylgjanlegt rammasamkomulag um jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða sambærilegt samkomulag sem nær yfir sambærilega fjármálagerninga og viðskipti, óháð því hvort fjármálagerningarnir eru jafnaðir úr í samræmi við lið 42 í IAS-staðli 32.

B41 Sambærilega samkomulagið, sem um getur í liðum 13A og B40, felur í sér samninga um afleidda greiðslujöfnun, GMRA-samninga um endurhverf verðbréfakaup (e. *global master repurchase agreements*), GMSLA-samninga um verðbréfalánveitingar (e. *global master securities lending agreements*), og réttindi í tengslum við fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Sambærilegu fjármálagerningarnir og viðskiptin sem um getur í lið B40 fela í sér afleiður, sölu og endurhverf verðbréfakaup, bakfærða samninga um sölu og endurhverfa verðbréfasölu, samninga um verðbréfalántöku og lánveitingar. Dæmi um fjármálagerninga sem falla ekki undir gildissvið liðar 13A eru lán og innlán viðskiptavina við sömu stofnun (nema þau séu jöfnuð saman í efnahagsreikningnum), og fjármálagerningar sem einungis falla undir tryggingasamninga.

Upplýsingagjöf fyrir tölulegar upplýsingar um færðar peningalegar eignir og færðar fjárskuldbindingar innan gildissviðs liðar 13A (liður 13C).

B42 Fjármálagerningar, sem upplýsingar eru gefnar um í samræmi við lið 13C, geta fallið undir ólíkar kröfur um mat (t.d. er heimilt að meta viðskiptaskuld, sem tengist endurhverfum verðbréfakaupum, sem afskrifað kostnaðarverð á meðan afleiða er metin á gangvirði). Eining skal telja gerninga með í færðum fjárhæðum og lýsa mismuninum á niðurstöðum mælinganna í upplýsingunum sem tengjast þeim.

Upplýsingagjöf um heildarfjárhæð færðra peningalegra eigna og færðra fjárskuldbindinga í samræmi við lið 13A (a-liður liðar 13C).

B43 Fjárhæðirnar sem farið er fram á í a-lið liðar 13C varða færða fjármálagerninga sem jafnaðir eru út í samræmi við 42. lið í IAS-staðli 32. Fjárhæðirnar sem farið er fram á í a-lið liðar 13C varða einnig færða fjármálagerninga sem falla undir framfylgjanlegt rammasamkomulag um jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða sambærilegt samkomulagt óháð því hvort þær uppfylli viðmiðunina fyrir samjöfnun. Upplýsingagjöfin sem farið er fram á í a-lið liðar 13C tengist þó ekki færðum fjárhæðum sem leiða af tryggingasamningum sem uppfylla ekki viðmiðunina um samjöfnun í 42. lið í IAS-staðli 32. Þess í stað er farið fram á að upplýsingar um slíkar fjárhæðir séu veittar í samræmi við d-lið liðar 13C.

Upplýsingagjöf um fjárhæðir sem jafnaðar eru út í samræmi við viðmiðunina í 42. lið í IAS-staðli 32 (b-liður liðar 13C)

B44 Í b-lið liðar 13C er þess krafist að einingar veiti upplýsingar um fjárhæðirnar sem jafnaðar eru út, í samræmi við 42. lið í IAS-staðli 32, við ákvörðun á hreinni fjárhæð sem sett er fram í efnahagsreikningi. Upplýsingar um bæði fjárhæðir færðra fjáreigna og færðra fjárskulda sem falla undir skuldajöfnun samkvæmt sama samkomulagi skulu veittar bæði í upplýsingunum um fjáreignina eða fjárskuldina. Fjárhæðirnar sem greint er frá (t.d. í töflu) takmarkast við fjárhæðirnar sem falla undir skuldajöfnun. Eining getur t.d. haft færða afleidda eign og færða afleiðuskuld sem uppfylla viðmiðanirnar um samjöfnun í 42. lið í IAS-staðli 32. Ef verg fjárhæð afleiddu eignarinnar er hærri en verg fjárhæð afleiðuskuldarinnar, skal taflan með upplýsingunum um fjáreignina fela í sér alla fjárhæð afleiddu eignarinnar (í samræmi við a-lið liðar 13C) og alla fjárhæð afleiðuskuldarinnar (í samræmi við b-lið liðar 13C). Þótt upplýsingataflan um fjáreignina feli í sér alla fjárhæð afleiðsluskuldarinnar (í samræmi við a-lið liðar 13C) mun hún einungis fela í sér fjárhæð afleiddu eignarinnar (í samræmi við b-lið liðar 13C) sem er jafn há og fjárhæð afleiðuskuldarinnar.

Upplýsingagjöf um hreinar fjárhæðir sem settar eru fram í efnahagsreikningi (c-liður liðar 13C)

B45 Búi eining yfir fjármálagerningum sem falla undir veitingu þessara upplýsinga (eins og fram kemur í lið 13A), þó þeir uppfylli ekki viðmiðunina um samjöfnun í 42. lið í IAS-staðli 32, jafngilda fjárhæðirnar, sem farið er fram á að upplýsingar séu veittar um skv. c-lið liðar 13C, þeim fjárhæðum sem farið er fram á að upplýsingar séu veittar um skv. a-lið liðar 13C.

B46 Fjárhæðirnar, sem veita skal upplýsingar um skv. c-lið liðar 13C, skulu stemmdar af með fjárhæðunum fyrir einstakar sérlínur sem settar eru fram í efnahagsreikningnum. Ákvarði eining t.d. að samsöfnun eða aðgreining einstakra fjárhæða í sérlínu sem sett er fram í reikningsskilum veiti frekari viðkomandi upplýsingar, verður hún að stemma af samsöfnuðu eða aðgreindu fjárhæðirnar, sem greint er frá í c-lið liðar 13C, aftur til einstakra fjárhæða í sérlínum sem settar eru fram í efnahagsreikningnum.

Upplýsingagjöf um fjárhæðir sem falla undir framfylgjanlegt rammasamkomulag um jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða sambærilegt samkomulag sem ekki er að finna í b-lið liðar 13C (d-liður liðar 13C)

B47 Í d-lið liðar 13C er gerð krafa um að einingar veiti upplýsingar um fjárhæðir sem falla undir framfylgjanlegt rammasamkomulag um jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða sambærilegt samkomulag sem ekki er að finna í b-lið liðar 13C. Í i.-lið d-liðar liðar 13C er vísað til fjárhæða sem tengjast færðum fjármálagerningum sem uppfylla ekki sumar eða allar viðmiðanir um skuldajöfnun í 42. lið í IAS-staðli 32 (t.d. núgildandi réttindi um samjöfnun sem uppfylla ekki viðmiðunina í b-lið 42. liðar í IAS-staðli 32 eða skilyrtan rétt til skuldajöfnunar sem er einungis framfylgjanlegur og nýtanlegur ef um vanskil er að ræða, eða einungis ef um ógjaldfærni eða gjaldþrot mótaðila er að ræða).

B48 Ákvæði ii.-liðar d-liðar liðar 13C vísa til fjárhæða í tengslum við fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, þ.m.t. veð í reiðufé hvort heldur sem það er móttekið eða veðsett. Eining skal veita upplýsingar um gangvirði þessara fjármálagerninga sem hafa verið veðsettir eða mótteknir sem trygging. Fjárhæðirnar sem greint er frá í samræmi við ii.-lið d-liðar liðar 13C skulu varða raunverulegar tryggingar sem mótteknar eru eða veðsettar og eru ekki til komnar vegna viðskiptaskuldar eða viðskiptakröfu sem færð er til endurgreiðslu eða móttöku á slíkri tryggingu.

Takmarkanir á fjárhæðir sem veittar eru upplýsingar um í d-lið liðar 13C (liður 13D)

B49 Þegar greint er frá fjárhæðum í samræmi við d-lið liðar 13C, verður eining að taka tillit til áhrifanna af yfirtryggingu fyrir hvern fjármálagerning. Í því skyni verður einingin fyrst að draga fjárhæðina sem greint er frá í samræmi við i.-lið d-liðar liðar 13C frá fjárhæðinni sem greint er frá í samræmi við c-lið liðar 13C. Einingin skal því næst takmarka, í samræmi við ii.-lið d-liðar liðar 13C, fjárhæðirnar, sem greint er frá, við fjárhæðina sem eftir er í c-lið liðar 13C fyrir tengda fjármálagerninginn. Ef hægt er að framfylgja réttinum til tryggingar þvert á fjármálagerninga, getur slíkur réttur verið innifalinn í upplýsingagjöfinni sem veitt er í samræmi við lið 13D.

Upplýsingagjöf um réttinn til skuldajöfnunar sem fellur undir rammasamkomulag um jöfnun fjáreigna og fjárskulda og sambærilegt samkomulag (liður 13E)

B50 Eining skal lýsa tegundum réttinda til skuldajöfnunar og sambærilegs samkomulags sem greint er frá í samræmi við d-lið liðar 13C, þ.m.t. eðli þessara réttinda. Eining skal t.d. lýsa skilyrtum rétti sínum. Fyrir fjármálagerninga, sem falla undir réttinn til skuldajöfnunar, og tengjast ekki framtíðaratburðum en uppfylla ekki eftirstandandi viðmiðanir í 42. lið í IAS-staðli 32, skal einingin lýsa ástæðunni(ástæðunum) fyrir því að viðmiðunin er ekki uppfyllt. Einingin skal, fyrir hverja tryggingu sem móttekin er eða sett að veði, lýsa skilyrðum tryggingasamningsins (t.d. þegar tryggingasamningurinn er takmarkaður).

Upplýsingagjöf eftir tegundum fjármálagerninga eða eftir mótaðila

B51 Hægt er að flokka birtingu tölulegra upplýsinga, skv. a- til e-liðum liðar 13C, eftir tegundum fjármálagerninga eða viðskipta (t.d. afleiður, endurkaup og endurhverf verðbréfasala eða samningar um verðbréfalántöku og verðbréfalánveitingar).

B52 Að öðrum kosti getur eining flokkað birtingu tölulegra upplýsinga sem krafist er skv. a- til c-liðum liðar 13C eftir tegundum fjármálagerninga og birtingu tölulegra upplýsinga sem krafist er skv. c- til e-liðum liðar 13C eftir mótaðilum. Ef eining veitir tilskildar upplýsingar fyrir hvern og einn mótaðila er þess ekki krafist að einingin auðkenni mótaðilana með nafni. Tilnefning mótaðila (mótaðili A, mótaðili B, mótaðili C o.s.frv.) skal þó vera með samræmdum hætti frá ári til árs fyrir árin sem sett eru fram til að viðhalda samanburðarhæfi. Taka skal birtingu tölulegra upplýsinga til athugunar þannig að hægt sé að veita nánari upplýsingar um tegundir mótaðila. Veiti mótaðili upplýsingar um fjárhæðirnar í c- til e-liðum liðar 13C, skal veita upplýsingar um fjárhæðirnar sem eru mikilvægar á einstaklingsbundinn hátt með tilliti til heildarfjárhæðar mótaðila á aðskilinn hátt og safna skal eftirstandandi einstökum fjárhæðum mótaðila sem ekki eru mikilvægar saman í eina sérlínu.

Önnur

B53 Kröfurnar sem gerðar eru um sérstöku upplýsingarnar í liðum 13C–13E eru lágmarkskröfur. Til að uppfylla markmiðið í lið 13B gæti eining þurft að bæta við það viðbótarupplýsingum (tölulegum), með hliðsjón af skilmálum framfylgjanlega rammasamkomulagsins um jöfnun fjáreigna og fjárskulda og tengdum samningum, þ.m.t. eðli réttarins til skuldajöfnunar og áhrif eða möguleg áhrif hans á fjárhagsstöðu einingarinnar.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 8 (IFRS-staðall 8)

Starfsþættir

GRUNDVALLARREGLA

1 Eining skal birta upplýsingar sem gera notendum reikningsskila hennar kleift að meta eðli og fjárhagsleg áhrif þeirrar viðskiptastarfsemi sem hún hefur með höndum og þess efnahagsumhverfis sem hún starfar í.

GILDISSVIÐ

2 Þessi IFRS-staðall gildir um:

a) aðgreind eða eigin reikningsskil einingar:

i) þegar viðskipti eru með skulda- eða eiginfjárgerninga hennar á almennum markaði (í innlendum eða erlendum kauphöllum eða á opnum tilboðsmarkaði, þ.m.t. stað- og svæðisbundnum mörkuðum) eða

ii) sem leggur inn eða er að leggja inn reikningsskil sín hjá verðbréfaeftirlitsstofnun eða annarri eftirlitsstofnun í þeim tilgangi að gefa út hvers konar flokk gerninga á almennum markaði og

b) samstæðureikningsskil samstæðu með móðurfélag:

i) þegar viðskipti eru með skulda- eða eiginfjárgerninga hennar á almennum markaði (í innlendum eða erlendum kauphöllum eða á opnum tilboðsmarkaði, þ.m.t. stað- og svæðisbundnum mörkuðum) eða

ii) sem leggur inn eða er að leggja inn samstæðureikningsskil sín hjá verðbréfaeftirlitsstofnun eða annarri eftirlits-stofnun í þeim tilgangi að gefa út hvers konar flokk gerninga á almennum markaði.

3 Ef eining, sem ber ekki skylda til að beita þessum IFRS-staðli, kýs að veita upplýsingar um þætti sem samrýmast ekki þessum IFRS-staðli skal hún ekki gefa upplýsingarnar sem starfsþáttaupplýsingar.

4 Ef í fjárhagsskýrslu eru bæði samstæðureikningsskil fyrir móðurfélag sem er innan gildissviðs þessa IFRS-staðals og aðgreind reikningsskil móðurfélagsins er aðeins gerð krafa um starfsþáttaupplýsingar í samstæðureikningsskilunum.

STARFSÞÆTTIR

5 Starfsþáttur er hluti einingar:

a) sem stundar starfsemi sem hún getur haft tekjur af og getur haft í för með sér útgjöld (þ.m.t. tekjur og gjöld sem tengjast viðskiptum við aðra hluta sömu einingar),

b) þar sem rekstrarniðurstaða er endurskoðuð reglulega af æðsta ákvörðunartökuaðila í daglegum rekstri við töku ákvarðana um úthlutun tilfanga til starfsþáttarins og mat á frammistöðu hans og

c) sem aðgreinanlegar fjárhagsupplýsingar eru aðgengilegar fyrir.

Starfsþáttur getur tekið þátt í viðskiptastarfsemi þó að starfsemin hafi ekki enn skilað af sér tekjum, t.d. getur sprotastarfsemi verið starfsþáttur áður en hún fer að gefa af sér reglulegar tekjur.

6 Hver og einn hluti einingar er ekki endilega starfsþáttur eða hluti af starfsþætti. Höfuðstöðvar eða sumar starfsstöðvar geta t.d. ekki haft reglulegar tekjur eða tekjurnar eru eingöngu til orðnar vegna starfsemi einingarinnar og myndu ekki teljast til starfsþátta. Að því er varðar þennan IFRS-staðal teljast eftirlaunakerfi einingar ekki til starfsþátta.

7 Hugtakið „æðsti ákvörðunartökuaðili“ gefur til kynna starfssvið en ekki endilega stjórnanda með tiltekinn titil. Það starfssvið skal úthluta auðlindum og meta frammistöðu starfsþátta einingar. Oft er æðsti ákvörðunartökuaðili í daglegum rekstri einingar framkvæmdastjóri eða rekstrarstjóri, en getur t.d. verið hópur framkvæmdastjóra eða annarra aðila.

8 Að því er varðar margar einingar tilgreina þau þrjú einkenni starfsþátta, sem er lýst í 5. lið, starfsþætti hennar. Eining getur þó lagt fram skýrslur þar sem viðskiptastarfsemi hennar er kynnt á margvíslegan hátt. Ef æðsti ákvörðunartökuaðili í daglegum rekstri notar fleiri en eitt safn starfsþáttaupplýsinga geta aðrir þættir skilgreint stakt safn hluta sem starfsþætti einingar, þ.m.t. eðli viðskiptastarfsemi hvers hluta fyrir sig, hvaða stjórnendur bera ábyrgð á þeim og upplýsingar sem eru veittar stjórnarmönnum.

9 Starfsþáttur hefur alla jafna starfsþáttastjórnanda sem heyrir beint undir og hefur regluleg samskipti við æðsta ákvörðunartökuaðila í daglegum rekstri til að ræða rekstrarhreyfingar, fjárhagsniðurstöður og fjárhagsspár eða -áætlanir fyrir starfsþáttinn. Hugtakið „starfsþáttastjórnandi“ gefur til kynna starfssvið en ekki endilega stjórnanda með tiltekinn titil. Æðsti ákvörðunartökuaðili í daglegum rekstri getur verið starfsþáttastjórnandi einhverra starfsþátta. Einn stjórnandi getur verið starfsþáttastjórnandi fyrir fleiri en einn starfsþátt. Ef einkennin í 5. lið gilda um fleiri en eitt safn hluta fyrirtækis og starfsþáttastjórnendur eru aðeins ábyrgir fyrir einu safni telst það safn hluta vera starfsþættirnir.

10 Einkennin í 5. lið geta gilt um tvö eða fleiri söfn hluta sem skarast og stjórnendur teljast bera ábyrgð á. Sú gerð er stundum kölluð fléttuskipulag. Til dæmis bera stjórnendur sumra eininga ábyrgð á mismunandi afurðum og þjónustulínum á heimsvísu en aðrir stjórnendur bera ábyrgð á tilteknum landfræðilegum svæðum. Æðsti ákvörðunartökuaðili endurskoðar reglulega rekstrarárangur beggja þátta og fjárhagsupplýsingar eru tiltækar fyrir þá báða. Við þær aðstæður skal einingin ákvarða hvaða safn hluta myndar starfsþættina með tilvísun í meginregluna.

FRÁSAGNARSKYLDIR STARFSÞÆTTIR

11 Eining skal greina sérstaklega frá upplýsingum um hvern starfsþátt sem:

a) hefur verið greindur í samræmi við 5.–10. lið eða heildarniðurstöður tveggja eða fleiri af þessum starfsþáttum í samræmi við 12. lið og

b) fer yfir stærðarmörkin í 13. lið.

Í 14.–19. lið eru tilgreindar aðrar aðstæður þar sem setja skal fram aðgreindar upplýsingar um starfsþátt.

Viðmiðanir um samsöfnun

12 Starfsþættir sýna oft líkan rekstrarárangur á löngum tíma ef þeir hafa svipuð efnahagsleg einkenni. Til dæmis yrði vænst svipaðrar vergrar meðalframlegðar tveggja starfsþátta til langs tíma ef efnahagsleg einkenni þeirra væru svipuð. Setja má tvo eða fleiri starfsþætti saman í einn starfsþátt ef sameiningin er í samræmi við grundvallarreglu þessa IFRS-staðals, starfsþættirnir hafa svipuð efnahagseinkenni og eru sambærilegir að því er varðar hvert og eitt eftirfarandi atriða:

a) eðli vörunnar eða þjónustunnar,

b) eðli framleiðsluferlanna,

c) tegund eða flokk viðskiptamanna vörunnar eða þjónustunnar,

d) aðferðirnar sem notaðar eru við að dreifa vörunni eða veita þjónustuna og

e) ef við á, eðli regluverksins t.d. að því er varðar bankaþjónustu, vátryggingar eða almannaþjónustu.

Stærðarmörk

13 Eining skal veita upplýsingar sérstaklega um hvern starfsþátt sem uppfyllir einhver af eftirfarandi stærðarmörkum:

a) tilgreindar tekjur, þ.m.t. bæði sala til utanaðkomandi viðskiptamanna og sala eða millifærslur innan starfsþátta, eru 10% eða meira af samanlögðum innri og ytri tekjum allra starfsþátta,

b) tölugildi fjárhæðar tilgreinds hagnaðar eða taps er 10% eða meira af þeirri upphæð sem hærri er, sem tölugildi fjárhæðar, af i) samanlögðum tilgreindum hagnaði allra starfsþátta sem tilgreindu ekki tap og ii) samanlögðu tilgreindu tapi allra starfsþátta sem tilgreindu tap.

c) eignir starfsþáttarins eru 10% eða meira af heildareignum allra starfsþátta.

Starfsþættir, sem standast engin þessara stærðarmarka, geta talist frásagnarskyldir og upplýsingar um þá veittar sérstaklega, ef stjórn telur að upplýsingarnar um starfsþáttinn geti komið notendum reikningsskilanna að gagni.

14 Eining getur sameinað upplýsingar um starfsþætti, sem standast ekki stærðarmörkin, við upplýsingar um aðra starfsþætti, sem standast ekki heldur stærðarmörkin, til að mynda frásagnarskyldan starfsþátt, þó einungis ef starfsþættirnir hafa svipuð efnahagsleg einkenni og uppfylla meirihluta þeirra samsöfnunarviðmiðana sem eru tilgreindar í 12. lið.

15 Ef samanlagðar ytri tekjur, tilgreindar af starfsþætti, nema minna en 75% af tekjum einingar skal skilgreina viðbótar starfsþætti sem frásagnarskylda þætti (jafnvel þótt þeir nái ekki viðmiðunum sem tilgreind eru í 13. lið) þar til a.m.k. 75% af tekjum einingarinnar eru talin með í frásagnarskyldum starfsþáttum.

16 Upplýsingar um aðra viðskiptastarfsemi og starfsþætti sem eru ekki frásagnarskyldir skulu sameinaðar og greint frá þeim í flokknum „aðrir starfsþættir“ aðskilið frá öðrum afstemmingarliðum í afstemmingu sem gerð er krafa um í 28. lið. Lýsa skal tekjulindinni sem felst í „aðrir starfsþættir“.

17 Ef stjórnendur telja að starfsþáttur, skilgreindur sem frásagnarskyldur starfsþáttur á næstliðnu tímabili, sé áfram mikilvægur skulu upplýsingar um þann starfsþátt áfram veittar sérstaklega á yfirstandandi tímabili, jafnvel þótt hann standist ekki lengur viðmiðanirnar um frásagnarskyldu í 13. lið.

18 Ef starfsþáttur er skilgreindur sem frásagnarskyldur starfsþáttur á yfirstandandi tímabili í samræmi við stærðarmörk skal dagsetning fyrra tímabils starfsþáttar, sem sett er fram til samanburðar, leiðrétt svo að það sýni nýja frásagnarskylda starfsþáttinn sem aðskilinn starfsþátt, jafnvel þótt sá starfsþáttur standist ekki viðmiðunina um frásagnarskyldu skv. 13. lið á síðasta tímabili, nema nauðsynlegar upplýsingar séu ekki tiltækar og kostnaður við að afla þeirra yrði of mikill.

19 Takmarkanir kunna að vera á fjölda frásagnarskyldra starfsþátta sem eining greinir frá sérstaklega, því of mikill fjöldi getur leitt til þess að upplýsingar um starfsþættina verði of ítarlegar. Þótt engin nákvæm mörk hafi verið ákveðin, að því er varðar fjölda starfsþátta sem eru frásagnarskyldir skv. 13.–18. lið, skal eining taka til athugunar hvort mörkum sé náð ef fjöldi þátta fer yfir 10.

UPPLÝSINGAGJÖF

20 Eining skal birta upplýsingar sem gera notendum reikningsskila hennar kleift að meta eðli og fjárhagsleg áhrif þeirrar viðskiptastarfsemi sem hún hefur með höndum og þess efnahagsumhverfis sem hún starfar í.

21 Til að koma meginreglunni í 20. lið í framkvæmd skal eining veita upplýsingar um eftirfarandi fyrir hvert tímabil sem rekstrarreikningur er lagður fram:

a) almennar upplýsingar sem lýst er í 22. lið,

b) upplýsingar um rekstrarreikning tilgreinds starfsþáttar, þ.m.t. tilteknar tekjur og gjöld í rekstrarreikningi tilgreinds starfsþáttar, eignir starfsþáttar, skuldir starfsþáttar og matsgrunnur eins og lýst er í 23.–27. lið og

c) afstemming heildartekna starfsþáttarins, rekstrarreikningur tilgreinds starfsþáttar, eignir starfsþáttar, skuldir starfsþáttar og aðrir mikilvægir liðir starfsþáttarins sem svara til fjárhæðar einingarinnar eins og lýst er í 28. lið.

Krafist er afstemmingar milli fjárhæða í efnahagsreikningi vegna frásagnarskyldra starfsþátta og fjárhæða í efnahagsreikningi einingar fyrir hvern dag sem efnahagsreikningur er lagður fram. Upplýsingar fyrir fyrri tímabil skulu endurgerðar, eins og lýst er í 29. og 30. lið.

Almennar upplýsingar

22 Eining skal veita eftirfarandi almennar upplýsingar um:

a) þætti sem eru notaðir til að skilgreina frásagnarskylda starfsþætti, þ.m.t. grundvöllur skipulags (t.d. hvort stjórnendur hafa kosið að skipuleggja eininguna m.t.t. mismunandi vöru og þjónustu, landsvæða, lagaumhverfis eða samsetningar þátta og þess hvort starfsþættir hafa verið sameinaðir),

aa) álit stjórnar við beitingu viðmiðana um samsöfnun í 12. lið. Þar á meðal er stutt lýsing á starfsþáttum, sem hafa verið sameinaðir með þessum hætti og hagvísum, sem metnir hafa verið við ákvörðun á því að sameinaðir starfsþættir hafa sambærileg efnahagsleg einkenni og

b) tegundir vöru og þjónustu sem hver frásagnarskyldur starfsþáttur hefur tekjur sínar af.

Upplýsingar um hagnað eða tap, eignir og skuldir

23 Eining skal greina frá mati á hagnaði eða tapi fyrir hvern frásagnarskyldan starfsþátt. Eining skal greina frá mati á heildareignum og -skuldum fyrir hvern frásagnarskyldan starfsþátt ef æðsti ákvarðanatökuaðili í daglegum rekstri fær slíkar fjárhæðir reglulega. Eining skal einnig veita eftirfarandi upplýsingar um hvern frásagnarskyldan starfsþátt ef tilgreindar fjárhæðir eru meðtaldar í mati á hagnaði eða tapi starfsþáttarins, sem æðsti ákvarðanatökuaðili endurskoðar, eða eru reglulega veittar æðsta ákvarðanatökuaðila á annan hátt, jafnvel þótt þær séu ekki taldar með í því mati á hagnaði eða tapi starfsþáttarins:

a) tekjur vegna utanaðkomandi viðskiptamanna,

b) tekjur vegna viðskipta við aðra starfsþætti innan sömu einingar,

c) vaxtatekjur,

d) vaxtakostnaður,

e) afskriftir,

f) upplýsingar um mikilvæga tekju- og gjaldaliði í samræmi við 97. lið í IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila* (endurskoðaður 2007),

g) hlutdeild einingarinnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga og samrekstri, sem færð er með hlutdeildaraðferð,

h) útgjöld eða tekjur vegna tekjuskatts og

i) mikilvæga liði, sem ekki hafa áhrif á handbært fé, aðra en afskriftir.

Eining skal greina frá vaxtatekjum, aðskilið frá vaxtakostnaði, fyrir hvern frásagnaskyldan starfsþátt nema meirihluti tekna starfsþáttarins sé vaxtatekjur og æðsti ákvarðanatökuaðili reiði sig fyrst og fremst á hreinar vaxtatekjur til að meta árangur starfsþáttarins og taka ákvarðanir um fjármagn sem úthluta þarf til starfsþáttarins. Við þær aðstæður er einingu heimilt að tilgreina vaxtatekjur þess starfsþáttar að frátöldum vaxtagjöldum og greina frá því að það hafi verið gert.

24 Eining skal veita eftirfarandi upplýsingar um hvern frásagnarskyldan starfsþátt ef tilgreindar fjárhæðir eru meðtaldar í mati á starfsþáttareignum, sem æðsti ákvarðanatökuaðili endurskoðar, eða eru reglulega veittar æðsta ákvarðanatökuaðila á annan hátt, jafnvel þótt þær séu ekki taldar með í því mati á starfsþáttareignum:

a) fjárhæð hlutdeildar í hlutdeildarfélögum og samrekstri sem færð er með hlutdeildaraðferð og

b) fjárhæðir viðbóta við fastafjármuni ([48]) aðra en fjármálagerninga, frestaðar skattinneignir, hreinar réttindatengdar eignir (sjá IAS-staðal 19, *starfskjör*) og réttindi sem leiða af vátryggingarsamningum.

MAT

25 Fjárhæð hvers liðar starfsþáttarins sem gefnar eru upplýsingar um skal vera matið sem æðsta ákvörðunartökuaðila í daglegum rekstri er tilkynnt um í þeim tilgangi að ákvarðanir verði teknar um úthlutun fjármagns til starfsþáttarins og til að meta árangur hans. Leiðréttingar og niðurfellingar, sem gerðar er við undirbúning reikningsskila einingar og úthlutun tekna, gjalda og hagnaðar eða taps, skal einungis tekin með við ákvörðun tilgreinds starfsþáttar um hagnað og tap, ef slíkt er tekið með í matinu á hagnaði eða tapi starfsþáttarins sem æðsti ákvörðunartökuaðili í daglegum rekstri notar. Eins skulu aðeins þær eignir og skuldir sem eru teknar með í matinu á eignum og skuldum starfsþáttarins, sem æðsti ákvörðunartökuaðili í daglegum rekstri notar, vera tilgreindar fyrir þann starfsþátt. Ef fjárhæðum er úthlutað á tilgreindan hagnað eða tap starfsþáttarins, eignir eða skuldir, skal þeim fjárhæðum skipt á raunhæfan hátt.

26 Ef æðsti ákvörðunartökuaðili í daglegum rekstri notar aðeins eitt mat á hagnað eða tap starfsþáttar skulu eignir eða skuldir starfsþáttarins við mat á árangri starfsþáttarins og við ákvörðun þess hvernig skuli úthluta fjármagni, hagnaði eða tapi starfsþáttarins, eignum hans eða skuldum, tilgreindar samkvæmt því mati. Ef æðsti ákvörðunartökuaðili í daglegum rekstri notar meira en eitt mat fyrir hagnað eða tap starfsþáttar, eignir eða skuldir, skal tilgreint mat samsvara því mati sem stjórnendur telja að sé ákvarðað í samræmi við þær matsreglur sem eru í mestu samræmi við þær sem notaðar eru við mat á samsvarandi fjárhæðum í reikningsskilum einingarinnar.

27 Eining skal gefa skýringu á mati á hagnaði eða tapi og eignum og skuldum starfsþáttar fyrir hvern frásagnarskyldan starfsþátt. Eining skal að lágmarki greina frá eftirfarandi:

a) grundvelli reikningsskila vegna viðskipta á milli frásagnarskyldra starfsþátta,

b) eðli hvers kyns mismunar frá einu mati til annars á hagnaði eða tapi frásagnarskyldra starfsþátta og hagnaði eða tapi einingarinnar fyrir skattaútgjöld eða -tekjur og aflagða starfsemi (ef það kemur ekki fram í afstemmingunum sem lýst er í 28. lið). Þessi mismunur getur falist í reikningsskilaaðferðum og aðferðum við skiptingu á áföllnum, miðlægum kostnaði, sem eru nauðsynlegar til skilnings á tilgreindum upplýsingum um starfsþætti,

c) eðli hvers kyns mismunar frá einu mati til annars á eignum frásagnarskyldra starfsþátta og eignum einingarinnar (ef það kemur ekki fram í afstemmingunum sem lýst er í 28. lið). Þessi mismunur getur falist í reiknings-skilaaðferðum og aðferðum við úthlutun eigna til sameiginlegra afnota sem eru nauðsynlegar til skilnings á tilgreindum upplýsingum um starfsþætti,

d) eðli hvers kyns mismunar frá einu mati til annars á skuldum frásagnarskyldra starfsþátta og skuldum einingarinnar (ef það kemur ekki fram í afstemmingunum sem lýst er í 28. lið). Þessi mismunur getur falist í reiknings-skilaaðferðum og aðferðum við skiptingu sameiginlegra skulda sem eru nauðsynlegar til skilnings á tilgreindum upplýsingum um starfsþætti,

([48]) Fyrir eignir, sem flokkaðar eru í samræmi við framsetningu greiðsluhæfis, eru fastafjármunir eignir sem taka til fjárhæða sem vænst er að verði endurheimtar eftir meira en tólf mánuði frá reikningsskilatímabili.

e) eðli hvers kyns breytinga sem hafa orðið frá fyrri tímabilum á matsaðferðum sem notaðar eru til að ákvarða hagnað og tap frásagnarskylds starfsþáttar og áhrifin, ef einhver eru, af þeim breytingum á mati á hagnaði eða tapi starfsþáttarins,

f) hvers eðlis ósamhverfar úthlutanir eru og hver áhrifin eru á frásagnarskylda starfsþætti. Eining getur t.d. úthlutað afskriftarkostnaði á starfsþátt án þess að úthluta þeim starfsþætti afskrifanlegum eignum.

Afstemmingar

28 Eining skal stemma af allt eftirfarandi:

a) heildartekjur frásagnarskyldra starfsþátta við tekjur einingarinnar,

b) heildarmat á hagnaði og tapi frásagnarskyldra starfsþátta við hagnað og tap einingarinnar fyrir skattkostnað (skatttekjur) og aflagða starfsemi. Ef eining úthlutar liðum s.s. skattkostnaði (skatttekjum) til frásagnarskyldra starfsþátta getur einingin stemmt af heildartölu fyrir mat á hagnaði eða tapi starfsþáttarins við hagnað eða tap einingarinnar eftir þessa liði,

c) heildarfjárhæð eigna frásagnarskyldra starfsþátta við eignir einingarinnar ef eignir starfsþátta eru tilgreindar í samræmi við 23. lið,

d) heildarfjárhæð skulda frásagnarskyldra starfsþátta við skuldir einingarinnar ef skuldir starfsþátta eru tilgreindar í samræmi við 23. lið,

e) heildarfjárhæð frásagnarskyldra starfsþátta fyrir alla aðra mikilvæga upplýsingaliði sem greint er frá við samsvarandi fjárhæð fyrir einingunа.

Tilgreina skal alla mikilvæga afstemmingarliði og útskýra þá sérstaklega. Til dæmis skal fjárhæð hverrar mikilvægrar leiðréttingar, sem er nauðsynleg til að stemma af hagnað eða tap frásagnarskylds starfsþáttar við hagnað eða tap einingarinnar, sem fengið er með öðrum reikningsskilaaðferðum, sett fram sérstaklega og útskýrð.

Endurgerð fyrri upplýsinga

29 Ef eining breytir kerfi innra skipulags síns á þann hátt að það veldur breytingu á samsetningu frásagnarskyldra starfsþátta skulu samsvarandi upplýsingar um fyrri tímabil, þ.m.t. aðlögunartímabil, endurgerðar nema upplýsingarnar séu ekki tiltækar og kostnaður við að afla þeirra yrði of mikill. Ákvarða skal hvort upplýsingar vanti og hvort kostnaður við að afla þeirra sé of mikill fyrir hvern lið sem veita skal upplýsingar um. Eftir breytingu á samsetningu frásagnarskyldra starfsþátta sinna skal eining veita upplýsingar um það hvort hún hafi endurgert samsvarandi liði í upplýsingum um starfsþætti á fyrri tímabilum.

30 Ef eining hefur breytt kerfi innra skipulags á þann hátt að það veldur breytingu á samsetningu frásagnarskyldra starfsþátta og ef upplýsingar um starfsþætti á fyrri tímabilum, þ.m.t., aðlögunartímabil, eru ekki endurgerðar þannig að þær endurspegli breytingarnar, skal einingin, á því ári sem breytingin verður, gefa upplýsingar um starfsþætti fyrir yfirstandandi tímabil bæði á gömlum og nýjum grundvelli starfsþáttanna nema nauðsynlegar upplýsingar séu ekki tiltækar og kostnaður við að afla þeirra sé of mikill.

UPPLÝSINGAGJÖF EININGA

31 Ákvæði 32.–34. liðar gilda um allar einingar sem falla undir þennan IFRS-staðal, þ.m.t. þær einingar sem hafa aðeins einn frásagnarskyldan starfsþátt. Sumar einingar skipuleggja ekki viðskiptastarfsemi sína á grundvelli ólíkrar vöru og þjónustu eða mismunar á landsvæðum þar sem starfsemin fer fram. Frásagnarskyldir starfsþættir slíkrar einingar geta tilgreint tekjur sem eru í meginatriðum af mjög mismunandi vörum og þjónustu eða fleiri en einn af frásagnarskyldum starfsþáttum hennar getur í meginatriðum boðið sömu vörur eða þjónustu. Eins geta frásagnarskyldir starfsþættir einingar átt eignir á mismunandi landsvæðum og tilgreint tekjur frá viðskiptavinum á mismunandi landsvæðum eða fleiri en einn af frásagnarskyldum starfsþáttum hennar getur rekið starfsemi á sama landsvæðinu. Upplýsingarnar sem krafist er í 32.–34. lið skulu því aðeins veittar að þær hafi ekki verið veittar sem hluti af upplýsingum um frásagnarskylda starfsþætti sem gerð er krafa um í þessum IFRS-staðli.

Upplýsingar um vörur og þjónustu

32 Eining skal tilgreina tekjur frá utanaðkomandi viðskiptavinum fyrir hverja vöru og þjónustu eða hvern flokk sambærilegra vara eða þjónustu, nema nauðsynlegar upplýsingar séu ekki tiltækar og kostnaður við að afla þeirra sé of mikill, en í þeim tilvikum skal gefa upplýsingar um það. Fjárhæðir tekna, sem eru tilgreindar, skulu byggðar á grundvelli fjárhagsupplýsinganna sem notaðar eru við framlagningu reikningsskila einingarinnar.

Upplýsingar um landsvæði

33 Eining skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar um landsvæði, nema nauðsynlegar upplýsingar séu ekki tiltækar og kostnaður við að afla þeirra sé of mikill:

a) tekjur frá utanaðkomandi viðskiptavinum i) í heimalandi einingarinnar og ii) samanlagt í öðrum löndum sem einingin fær tekjur frá. Ef tekjur frá utanaðkomandi viðskiptavinum, sem rekja má til eins annars lands, eru verulegar skal greina frá þeim tekjum sérstaklega. Eining skal veita upplýsingar um á hvaða grundvelli skipta skuli tekjum frá utanaðkomandi viðskiptavinum til einstakra landa,

b) fastafjármunum ([49]) öðrum en fjármálagerningum, frestuðum skattinneignum, réttindatengdum eignum vegna eftirlaunakjara og réttinda sem verða til samkvæmt tryggingasamningum i) í heimalandi einingarinnar og ii) samanlagt í öllum öðrum löndum þar sem einingin á fjármuni. Ef fjármunir í einstöku öðru landi eru verulegir skal greina frá þeim fjármunum sérstaklega.

Fjárhæðir, sem eru tilgreindar, skulu vera á grundvelli fjárhagslegra upplýsinga sem notaðar eru við framlagningu reikningsskila einingarinnar. Ef nauðsynlegar upplýsingar eru ekki tiltækar og kostnaður við að afla þeirra yrði of mikill, skal veita upplýsingar um það. Auk þeirra upplýsinga sem krafist er í þessum lið getur eining gefið upp millisamtölur landfræðilegra upplýsinga um tiltekna flokka landa.

Upplýsingar um helstu viðskiptavini

34 Eining skal veita upplýsingar um það að hve miklu leyti hún reiðir sig á helstu viðskiptavini. Ef tekjur af viðskiptum við einn utanaðkomandi viðskiptavin eru 10% af tekjum einingarinnar eða meira skal hún veita upplýsingar um það, heildarfjárhæð tekna frá hverjum slíkum viðskiptavini og um einkenni starfsþáttarins eða -þáttanna sem greina frá tekjunum. Einingin þarf hvorki að greina frá því hver helsti viðskiptavinur er né gefa upp hve háar fjárhæðir hver þáttur tilgreinir frá þeim viðskiptavini. Að því er þennan IFRS-staðal varðar skal flokkur eininga, sem einingin, sem reikningsskilin taka til, hefur vitneskju um að séu undir sameiginlegri stjórn, teljast vera einn viðskiptavinur. Meta þarf þó hvort stjórnvöld (þ.m.t. ríkisstofnanir og sambærilegir aðilar hvort sem er á staðar- eða landsvísu eða á alþjóðavettvangi) og einingar sem einingunni, sem reikningsskilin taka til, er kunnugt um að séu undir stjórn þess stjórnvalds, teljast vera einn viðskiptavinur. Við þetta mat skal einingin, sem reikningsskilin taka til, skoða umfang efnahagslegs samruna á milli þessara eininga.

UMBREYTINGARÁKVÆÐI OG GILDISTÖKUDAGUR

35 Eining skal beita þessum IFRS-staðli í árlegum reikningsskilum fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir þessum IFRS-staðli í reikningsskilum sínum fyrir tímabil sem hefst fyrir 1. janúar 2009 skal hún greina frá því.

35A Ákvæðum 23. liðar var breytt með *Endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)* sem gefnar voru út í apríl 2009. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2010 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

36 Upplýsingar um starfsþætti frá fyrri árum, sem eru tilgreindar sem samanburðarupplýsingar við fyrstu beitingu (að meðtalinni beitingu breytingar á 23. lið sem var gerð í apríl 2009), skulu endurgerðar svo að þær samrýmist kröfum þessa IFRS-staðals nema nauðsynlegar upplýsingar séu ekki tiltækar og kostnaður við að afla þeirra sé of mikill.

36A Með IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess breyttist með honum f-liður 23. liðar. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

([49]) Fyrir eignir, sem flokkaðar eru í samræmi við framsetningu greiðsluhæfis, eru fastafjármunir eignir sem taka til fjárhæða sem vænst er að verði endurheimtar meira en tólf mánuðum eftir reikningsskilatímabilið.

36B Í IAS-staðli 24, *upplýsingar um tengda aðila* (endurskoðaður 2009), breyttist 34. liður að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2011 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 24 (endurskoðaður 2009) að því er varðar fyrra tímabil skal hún beita breytingunum á 34. lið á það fyrra tímabil.

36C Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012*, sem voru gefnar út í desember 2013, var 22. og 28. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

AFTURKÖLLUN IAS-STAÐALS 14

37 Þessi IFRS-staðall kemur í stað IAS-staðals 14, *starfsþáttaskýrslur*.

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

Starfsþættir

Starfsþáttur er hluti einingar:

a) sem stundar starfsemi sem hún getur haft tekjur af og getur haft í för með sér útgjöld (þ.m.t. tekjur og gjöld sem tengjast viðskiptum við aðra hluta sömu einingar),

b) þar sem rekstrarniðurstaða er endurskoðuð reglulega af æðsta ákvörðunartökuaðila í daglegum rekstri við töku ákvarðana um úthlutun tilfanga til starfsþáttarins og mat á frammistöðu hans og

c) sem aðgreinanlegar fjárhagsupplýsingar eru aðgengilegar fyrir.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 9 (IFRS-staðall 9)

Fjármálagerningar

1. KAFLI Markmið

1.1 Markmiðið með þessum staðli er að koma á meginreglum vegna reikningsskila *fjáreigna* og *fjárskulda* þar sem notendum reikningsskila eru birtar viðeigandi og gagnlegar upplýsingar til að meta fjárhæð, tímasetningu og óvissu í framtíðarsjóðstreymi einingar.

2. KAFLI Gildissvið

2.1 Allar einingar skulu beita þessum staðli á allar tegundir fjármálagerninga nema um sé að ræða:

a) hlutdeild í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum og samrekstri sem er færð í samræmi við IFRS-staðal 10, *samstæðureikningsskil*, IAS-staðal 27, *aðgreind reikningsskil* eða IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*. Í sumum tilvikum er þess þó krafist eða er heimilt samkvæmt IFRS-staðli 10, IAS-staðli 27 eða IAS-staðli 28 að eining færi hlutdeild í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri með því að nota sumar eða allar kröfur þessa staðals. Einingar skulu einnig beita þessum staðli á afleiður hlutdeildar í dótturfélagi, hlutdeildarfélagi eða samrekstri nema afleiðan sé í samræmi við skilgreininguna á eiginfjárgerningi einingarinnar í IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning*,

b) réttindi og skyldur samkvæmt leigusamningum sem IFRS-staðall 16, *leigusamningar*, gildir um. Þó á eftirfarandi við:

(i) útistandandi fjármögnunarleiga (t.d. hreinar fjárfestingar í fjármögnunarleigusamningum) og útistandandi rekstrarleiga, sem leigusali hefur fært, falla undir kröfur þessa staðals um afskráningu og virðisrýrnun,

(ii) leiguskuldir, sem leigutaki hefur fært, falla undir kröfur liðar 3.3.1 í þessum staðli um afskráningu og

(iii) afleiður, sem eru innbyggðar í leigusamninga, skulu falla undir kröfur þessa staðals um innbyggðar afleiður,

c) réttindi og skyldur vinnuveitenda samkvæmt lífeyrissjóðum sem IAS-staðall 19, *starfskjör*, gildir um,

d) fjármálagerninga sem eining gefur út og falla að skilgreiningu eiginfjárgernings í IAS-staðli 32 (þ.m.t. valréttarsamninga og kaupheimildir) eða þá sem þarf að flokka sem eiginfjárgerninga í samræmi við liði 16A og 16B eða liði 16C og 16D í IAS-staðli 32. Handhafi slíkra eiginfjárgerninga skal þó beita þessum staðli á slíka gerninga nema þeir falli að undantekningunni í a-lið,

e) réttindi og skyldur sem verða til samkvæmt vátryggingarsamningi eins og hann er skilgreindur í IFRS-staðli 17, *vátryggingarsamningar*, eða fjárfestingarsamningi með valkvæðum þátttökuákvæðum innan gildissviðs IFRS-staðals 17. Hins vegar gildir þessi staðall um:

(i) afleiður sem eru innbyggðar í samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17 ef afleiðurnar eru ekki sjálfar samningar innan gildissviðs IFRS-staðals 17,

(ii) fjárfestingarþætti sem eru aðgreindir frá samningum innan gildissviðs IFRS-staðals 17 ef IFRS-staðall 17 krefst slíkrar aðgreiningar nema ef aðgreindi fjárfestingarþátturinn er fjárfestingarsamningur með valkvæðum þátttökuákvæðum innan gildissviðs IFRS-staðals 17,

(iii) réttindi og skyldur útgefanda í vátryggingarsamningum sem uppfylla skilgreininguna á samningi með fjárhagslegri tryggingu. Ef útgefandi samninga með fjárhagslegri tryggingu hefur auk þess haldið því ótvírætt fram áður að hann líti á slíka samninga sem vátryggingarsamninga og hefur beitt reikningsskilum sem gilda um vátryggingarsamninga getur útgefandinn þó valið um að beita annaðhvort þessum staðli eða IFRS-staðli 17 að því er varðar slíka samninga með fjárhagslegri tryggingu (sjá liði B2.5–B2.6). Útgefandi getur valið um þetta fyrir sérhvern samning en valið fyrir sérhvern samning er óafturkallanlegt,

(iv) réttindi og skyldur einingar sem eru fjármálagerningar sem eru til komnir samkvæmt greiðslukortasamningum eða svipuðum samningum þar sem kveðið er á um láns- eða greiðslufyrirkomulag sem einingin gefur út og eru í samræmi við skilgreininguna á vátryggingarsamningi sem eru undanskildir gildissviði IFRS-staðals 17 samkvæmt h-lið 7. liðar í IFRS-staðli 17. Þá og því aðeins að tryggingaverndin sé samningsskilmáli slíks fjármálagernings skal einingin þó aðskilja þann þátt og beita IFRS-staðli 17 að því er hann varðar (sjá h-lið 7. liðar IFRS-staðals 17),

(v) réttindi og skyldur einingar sem eru fjármálagerningar sem eru til komnir samkvæmt vátryggingarsamningum sem eining gefur út sem takmarkar bætur fyrir tryggða atburði við fjárhæð sem annars væri krafist til að gera upp skuldbindingu vátryggingartaka sem stofnast með samningnum, ef einingin velur, í samræmi við lið 8A í IFRS-staðli 17, að beita IFRS-staðli 9 í stað IFRS-staðals 17 að því er slíka samninga varðar,

f) framvirkan samning á milli yfirtökuaðila og seljanda hluthafa um kaup eða sölu yfirtekins aðila sem mun leiða til sameiningar fyrirtækja innan gildissviðs IFRS-staðals 3, *sameining fyrirtækja*, á yfirtökudegi í framtíðinni. Gildistími framvirka samningsins skal ekki vera lengri en hæfilegt þykir, að öllu jöfnu ekki lengri en nægilegt er til að fá það samþykki sem krafist er og ljúka viðskiptunum,

g) lánsskuldbindingar, aðrar en þær sem lýst er í lið 2.3. Útgefandi lánsskuldbindinga skal beita kröfum þessa staðals um virðisrýrnun á lánsskuldbindingar sem annars falla ekki innan gildissviðs þessa staðals. Allar lánsskuldbindingar skulu einnig falla undir afskráningarkröfur þessa staðals,

h) fjármálagerninga, samninga og skuldbindingar samkvæmt eignarhlutatengdum greiðslum þar sem IFRS-staðli 2, *eignarhlutatengd greiðsla*, er beitt, að undanskildum samningum sem falla undir gildissvið liða 2.4–2.7 í þessum staðli og þessi staðall gildir um,

i) rétt til greiðslna til að endurgreiða einingunni útgjöld sem gerð er krafa um að hún greiði til að gera upp skuld sem hún færir sem reiknaða skuldbindingu í samræmi við IAS-staðal 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, eða hefur, hennar vegna, fært sem reiknaða skuldbindingu á fyrra tímabili í samræmi við IAS-staðal 37,

j) réttindi og skyldur innan gildissviðs IFRS-staðals 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, sem eru fjármálagerningar, fyrir utan þá sem IFRS-staðall 15 tilgreinir að færa skuli í samræmi við þennan staðal.

2.2 Beita skal virðisrýrnunarkröfum þessa staðals gagnvart þeim réttindum sem IFRS-staðall 15 tilgreinir að hafi verið færð í samræmi við þennan staðal í þeim tilgangi að færa virðisrýrnunarhagnað eða -tap.

2.3 Eftirfarandi lánsskuldbindingar falla innan gildissviðs þessa staðals:

a) lánsskuldbindingar sem einingin tilgreinir sem fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (sjá lið 4.2.2). Eining, sem hefur til þessa selt eignirnar, sem rekja má til lánsskuldbindinga hennar, skömmu eftir útgáfu þeirra, skal beita þessum staðli á allar lánsskuldbindingar í sama flokki,

b) lánsskuldbindingar sem hægt er að gera upp með handbæru fé eða með því að afhenda eða gefa út annan fjármálagerning. Þessar lánsskuldbindingar eru afleiður. Lánsskuldbinding er ekki talin uppgerð einfaldlega vegna þess að lánið er greitt út í hlutum (t.d. byggingarlán með veði í fasteign sem er greitt út í hlutum eftir því sem byggingunni miðar),

c) skuldbindingar um að veita lán á vöxtum sem eru undir markaðsvöxtum (sjá d-lið í lið 4.2.1).

2.4 Þessum staðli skal beita á þá samninga um kaup eða sölu á ófjárhagslegum lið, sem hægt er að gera upp með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum líkt og samningarnir væru fjármálagerningar, að undanskildum samningum sem gerðir voru og áfram haldið í þeim tilgangi að taka við ófjárhagslega liðnum eða afhenda hann í samræmi við áætlaða þörf einingarinnar fyrir kaup, sölu eða notkun. Þó skal beita þessum staðli gagnvart þeim samningum sem eining tilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við lið 2.5.

2.5 Tilgreina má samning um kaup eða sölu á ófjárhagslegum lið, sem hægt er að gera upp með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum, líkt og samningurinn væri fjármálagerningur, á óafturkræfan hátt á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef hann var gerður til móttöku eða afhendingar ófjárhagslegs liðar í samræmi við þörf einingarinnar fyrir kaup, sölu eða notkun. Þessi tilgreining er einungis möguleg við gildistöku samningsins og því aðeins að hún eyði eða dragi verulega úr ósamræmi í færslum (stundum kallað „reikningsskilalegt ósamræmi“) sem að öðrum kosti mundi koma fram ef samningurinn er ekki færður vegna þess að hann fellur utan gildissviðs þess staðals (sjá lið 2.4).

2.6 Ýmsar leiðir eru til að gera upp samning um kaup eða sölu á ófjárhagslegum lið með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum. Þetta felur í sér eftirfarandi:

a) þegar skilmálar samningsins heimila öðrum hvorum aðilanum að gera hann upp með handbæru fé **eða** öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum,

b) þegar geta til að gera upp með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum er ekki ótvíræð í skilmálum samningsins og venja er hjá einingunni að gera upp sambærilega samninga með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum (hvort sem það er við mótaðilann, með því að gera jöfnunarsamninga eða með því að selja samninginn áður en hann er uppfylltur eða fyrnist),

c) þegar venja er hjá einingunni, hvað varðar sambærilega samninga, að taka við undirliggjandi þáttum og selja skömmu eftir afhendingu í þeim tilgangi að hagnast á skammtímasveiflum í verði eða hlutdeild söluaðila og

d) þegar auðvelt er að breyta ófjárhagslega liðnum, sem er efni samningsins, í handbært fé.

Samningur, sem b- eða c-liður gildir um, er ekki gerður í þeim tilgangi að taka við ófjárhagslega liðnum eða afhenda hann í samræmi við áætlaða þörf einingarinnar fyrir kaup, sölu eða notkun og fellur innan gildissviðs þessa staðals í samræmi við það. Aðrir samningar, sem liður 2.4 gildir um, eru metnir til að ákvarða hvort þeir voru gerðir og áfram haldið í þeim tilgangi að taka við ófjárhagslega liðnum eða afhenda hann í samræmi við áætlaða þörf einingarinnar fyrir kaup, sölu eða notkun, og hvort þeir falla þar með innan gildissviðs þessa staðals.

2.7 Útgefinn valréttarsamningur um kaup eða sölu á ófjárhagslegum lið, sem hægt er að gera upp með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum í samræmi við a- eða d-lið í lið 2.6, fellur undir gildissvið þessa staðals. Slíkan samning er ekki hægt að gera í þeim tilgangi að taka við ófjárhagslega liðnum eða afhenda hann í samræmi við áætlaða þörf einingarinnar fyrir kaup, sölu eða notkun.

3. KAFLI Færsla og afskráning

3.1 UPPHAFSFÆRSLA

3.1.1. Eining skal færa fjáreign eða fjárskuld í efnahagsreikninginn þá og því aðeins að einingin verði aðili að samningsbundnum ákvæðum gerningsins (sjá liði B3.1.1 og B3.1.2). Þegar eining færir fjáreign í fyrsta sinn skal hún flokka hana í samræmi við liði 4.1.1–4.1.5 og meta í samræmi við liði 5.1.1–5.1.3. Þegar eining færir fjárskuld í fyrsta sinn skal hún flokka hana í samræmi við liði 4.2.1–4.2.2 og meta í samræmi við lið 5.1.1.

Reglubundin kaup eða sala fjáreigna

3.1.2. *Reglubundin kaup eða reglubundna sölu* fjáreigna skal færa og afskrá, eftir því sem á við, með því að nota reikningshald sem miðast við viðskiptadag eða reikningshald sem miðast við uppgjörsdag (sjá liði B3.1.3–B3.1.6).

3.2 AFSKRÁNING FJÁREIGNA

3.2.1. Við samstæðureikningsskil er liðum 3.2.2–3.2.9, B3.1.1, B3.1.2 og B3.2.1–B3.2.17 beitt á samstæðustigi. Af þeim sökum tekur eining öll dótturfélög með í samstæðureikningsskilin í samræmi við IFRS-staðal 10 og beitir síðan þessum liðum á samstæðuna sem verður til.

3.2.2. Áður en metið er hvort og að hve miklu leyti *afskráning* á við samkvæmt liðum 3.2.3–3.2.9 ákvarðar eining hvort beita skuli þessum liðum á hluta fjáreignar (eða hluta flokks sambærilegra fjáreigna) eða fjáreign (eða flokk sambærilegra fjáreigna) í heild sem hér segir:

a) Liðum 3.2.3–3.2.9 er beitt á hluta fjáreignar (eða hluta flokks sambærilegra fjáreigna) þá og því aðeins að hlutinn, sem kemur til álita fyrir afskráningu, uppfylli eitt af eftirfarandi þremur skilyrðum:

(i) Hlutinn tekur aðeins til sérstaklega auðkennds sjóðstreymis frá fjáreign (eða flokki sambærilegra fjáreigna). Þegar eining semur t.d. um vaxtaræmu, þar sem mótaðilinn öðlast rétt á vaxtasjóðstreymi en ekki höfuðstólssjóðstreymi frá skuldagerningi, er liðum 3.2.3–3.2.9 beitt á vaxtasjóðstreymið.

(ii) Hlutinn tekur aðeins til hluta sjóðstreymis frá fjáreign (eða flokki sambærilegra fjáreigna) sem er algerlega hlutfallslegur (pro rata). Þegar eining gerir til dæmis samning þar sem mótaðilinn öðlast rétt á 90% alls sjóðstreymis skuldagernings, er liðum 3.2.3–3.2.9 beitt á 90% þessa sjóðstreymis. Ef um er að ræða fleiri en einn mótaðila er ekki gerð krafa um að hver mótaðilanna fái hlutfallslegan hlut af sjóðstreyminu, að því tilskildu að yfirfærslueiningin fái algerlega hlutfallslegan hlut.

(iii) Hlutinn tekur aðeins til hluta sérstaklega skilgreinds sjóðstreymis frá fjáreign (eða flokki sambærilegra fjáreigna) sem er algerlega hlutfallslegur (pro rata). Þegar eining gerir til dæmis samning þar sem mótaðilinn öðlast rétt á 90% af vaxtasjóðstreymi frá fjáreign er liðum 3.2.3–3.2.9 beitt á 90% þessa vaxtasjóðstreymis. Ef um er að ræða fleiri en einn mótaðila er ekki gerð krafa um að hver mótaðilanna fái hlutfallslegan hlut af sérstaklega skilgreindu sjóðstreymi, að því tilskildu að yfirfærslueiningin fái algerlega hlutfallslegan hlut,

b) Í öllum öðrum tilvikum er liðum 3.2.3–3.2.9 beitt á fjáreignina í heild (eða flokk sambærilegra fjáreigna í heild). Þegar eining yfirfærir til dæmis i. réttinn til fyrstu eða síðustu 90% af innheimtu handbæru fé af fjáreign (eða flokki fjáreigna) eða ii. réttinn til 90% af sjóðstreyminu frá flokki viðskiptakrafna en ábyrgist að bæta kaupandanum útlánatap allt að 8% af höfuðstól viðskiptakrafnanna er liðum 3.2.3–3.2.9 beitt á fjáreignina (eða flokk sambærilegra fjáreigna) í heild.

Í liðum 3.2.3–3.2.12 vísar hugtakið „fjáreign“ annaðhvort til hluta fjáreignar (eða hluta af flokki sambærilegra fjáreigna), eins og hann er skilgreindur í a-lið hér að framan eða, að öðrum kosti, fjáreignar (eða flokks sambærilegra fjáreigna) í heild.

3.2.3. Eining skal afskrá fjáreign þá og því aðeins:

a) að samningsbundinn réttur til sjóðstreymis frá fjáreigninni renni út eða

b) að hún yfirfæri fjáreignina, eins og fram kemur í liðum 3.2.4 og 3.2.5, og yfirfærslan uppfylli skilyrði fyrir afskráningu í samræmi við lið 3.2.6.

(Sjá lið 3.1.2 með tilliti til reglubundinnar sölu á fjáreignum.)

3.2.4. Eining skal yfirfæra fjáreign þá og því aðeins að hún annaðhvort:

a) yfirfæri samningsbundinn rétt til sjóðstreymis frá fjáreigninni eða

b) haldi eftir samningsbundnum rétti til sjóðstreymis frá fjáreigninni en taki á sig samningsbundna skyldu til að greiða sjóðstreymið til eins viðtakanda eða fleiri samkvæmt samkomulagi sem uppfyllir skilyrði liðar 3.2.5.

3.2.5. Þegar eining heldur eftir samningsbundnum rétti til sjóðstreymis frá fjáreign („upphaflegu eigninni“) en tekur á sig samningsbundna skyldu til að greiða þetta sjóðstreymi til einnar einingar eða fleiri („endanlegra viðtakenda“) fer einingin með yfirfærsluna sem yfirfærslu á fjáreign þá og því aðeins að öll eftirfarandi þrjú skilyrði séu uppfyllt:

a) Einingunni ber engin skylda til að inna af hendi greiðslur til endanlegra viðtakenda nema hún innheimti jafnháar fjárhæðir af upphaflegu eigninni. Skammtímaútlán, sem einingin veitir með rétti á fullri endurheimt lánsfjárhæðarinnar, að viðbættum áföllnum markaðsvöxtum, brjóta ekki í bága við þetta skilyrði.

b) Einingunni er bannað samkvæmt skilmálum yfirfærslusamningsins að selja eða veðsetja upphaflegu eignina, þó ekki sem tryggingu fyrir endanlega viðtakendur vegna skuldbindingar um að greiða þeim sjóðstreymi.

c) Einingunni ber skylda til að láta af hendi sjóðstreymi sem hún innheimtir fyrir hönd endanlegra viðtakenda án umtalsverðrar tafar. Auk þess hefur einingin ekki rétt á að endurfjárfesta slíkt sjóðstreymi ef undan eru skildar fjárfestingar í handbæru fé eða ígildi handbærs fjár (eins og það er skilgreint í IAS-staðli 7, *yfirlit um sjóðstreymi*) á því stutta greiðslutímabili frá innheimtudegi til þess dags þegar krafist er greiðslu til endanlegra viðtakenda, og vextir sem safnast á slíkar fjárfestingar greiðast endanlegum viðtakendum.

3.2.6. Þegar eining yfirfærir fjáreign (sjá lið 3.2.4) skal hún meta að hve miklu leyti hún heldur eftir áhættu og ávinningi af eignarhaldi á fjáreigninni. Í því tilviki:

a) ef einingin yfirfærir að verulegu leyti alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi á fjáreigninni skal hún afskrá fjáreignina og færa sérstaklega sem eignir eða skuldir öll réttindi og allar skyldur sem stofnað er til eða haldið er eftir við yfirfærsluna,

b) ef einingin heldur að verulegu leyti eftir allri áhættu og öllum ávinningi af eignarhaldi á fjáreign skal einingin halda áfram að færa fjáreignina,

c) ef einingin hvorki yfirfærir né heldur að verulegu leyti eftir allri áhættu og öllum ávinningi af eignarhaldi á fjáreigninni skal einingin ákvarða hvort hún hafi haldið yfirráðum yfir fjáreigninni. Í því tilviki:

(i) ef einingin hefur ekki haldið yfirráðum skal hún afskrá fjáreignina og færa sérstaklega sem eignir eða skuldir öll réttindi og allar skyldur sem stofnað er til eða haldið er eftir við yfirfærsluna,

(ii) ef einingin hefur haldið yfirráðum skal hún halda áfram að færa fjáreignina að því marki sem nemur áframhaldandi aðild hennar að fjáreigninni (sjá lið 3.2.16).

3.2.7. Yfirfærsla á áhættu og ávinningi (sjá lið 3.2.6) er metin með því að bera áhættu fyrirtækisins fyrir og eftir yfirfærsluna saman við mismunandi fjárhæðir og tímasetningu hreins sjóðstreymis yfirfærðu eignarinnar. Eining hefur haldið að verulegu leyti eftir áhættu og ávinningi af eignarhaldi á fjáreign ef áhætta hennar vegna breytinga á núvirði hreins sjóðstreymis af fjáreigninni í framtíðinni breytist ekki umtalsvert vegna yfirfærslunnar (t.d. vegna þess að einingin hefur selt fjáreign sem hún er bundin samkomulagi um að kaupa aftur á föstu verði eða á söluverði að viðbættri ávöxtun lánveitanda). Eining hefur yfirfært að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldi á fjáreign ef áhætta hennar vegna slíkra breytinga er ekki lengur umtalsverð miðað við heildarbreytingar á núvirði hreins sjóðstreymis í tengslum við fjáreignina í framtíðinni (t.d. vegna þess að einingin hefur einungis selt fjáreign með þeim valrétti að hún kaupi hana aftur á *gangvirði* hennar á endurkaupadegi eða hefur yfirfært algerlega hlutfallslegan hlut sjóðstreymisins frá stærri fjáreign samkvæmt samkomulagi, s.s. með undirþátttöku í láni, sem uppfyllir skilyrði liðar 3.2.5).

3.2.8. Oft er það augljóst hvort einingin hefur yfirfært eða haldið að verulegu leyti eftir áhættu og ávinningi af eignaraðild og útreikningar verða óþarfir. Í öðrum tilvikum er nauðsynlegt að reikna áhættu einingarinnar og bera hana saman við breytingar á núvirði framtíðarsjóðstreymis fyrir og eftir yfirfærsluna. Við útreikninga og samanburð eru viðeigandi gildandi markaðsvextir notaðir sem afvöxtunarhlutfall. Tekið er tillit til allra breytinga á hreinu sjóðstreymi, sem með sanngjörnum hætti er hægt að gera ráð fyrir, og líklegri niðurstöðum gefið meira vægi.

3.2.9. Hvort einingin hefur haldið yfirráðum (sjá c-lið í lið 3.2.6) yfir yfirfærðu eigninni fer eftir getu framsalshafa til að selja eignina. Ef framsalshafi hefur í reynd getu til að selja eignina í heild til ótengds þriðja aðila og til að nýta þá getu einhliða og án þess að þurfa að setja frekari takmarkanir á yfirfærsluna hefur einingin ekki haldið yfirráðum. Í öllum öðrum tilvikum hefur einingin haldið yfirráðum.

Yfirfærslur sem uppfylla skilyrði um afskráningu

3.2.10 Ef eining yfirfærir fjáreign í yfirfærslu sem í heild uppfyllir skilyrði um afskráningu og heldur eftir réttinum til umsýslu fjáreignarinnar gegn þóknun skal hún annaðhvort færa umsýslueign eða umsýsluskuld vegna þessa umsýslusamnings. Ef þess er ekki vænst að þóknunin, sem fæst fyrir umsýsluna sé einingunni nægileg skal færa umsýsluskuld á gangvirði vegna umsýsluskuldbindingarinnar. Ef þess er vænst að þóknunin sem fæst fyrir umsýsluna sé meira en nægileg þóknun skal færa umsýslueign fyrir umsýsluréttinn við fjárhæð sem er ákvörðuð á grundvelli skiptingar á bókfærðu verði stærri fjáreignarinnar í samræmi við lið 3.2.13.

3.2.11 Ef fjáreign er afskráð í heild í kjölfar yfirfærslu og afskráningin leiðir til þess að einingin öðlast nýja fjáreign eða tekur á sig nýja fjárskuld eða umsýsluskuldbindingu skal einingin færa nýju fjáreignina, fjárskuldina eða umsýsluskuldbindinguna á bókfærðu verði.

3.2.12 Þegar fjáreign er afskráð í heild skal mismunurinn á:

a) bókfærðu verði (metið á afskráningardegi) og

b) endurgjaldi sem tekið er við (þ.m.t. nýjar eignir sem er aflað, að frádregnum nýjum skuldum)

færður í rekstrarreikning.

3.2.13 Ef yfirfærða eignin er hluti af stærri fjáreign (t.d. þegar eining yfirfærir vaxtasjóðstreymi sem er hluti af skuldagerningi, sjá a-lið í lið 3.2.2) og hlutinn, sem er yfirfærður, uppfyllir skilyrði um afskráningu í heild skal skipta fyrra bókfærðu verði stærri fjáreignarinnar milli þess hluta, sem haldið er áfram að færa, og hlutans, sem er afskráður, miðað við hlutfallslegt gangvirði þessara hluta á yfirfærsludegi. Í þessum tilgangi er farið með umsýslueign, sem er haldið eftir, sem hluta sem haldið er áfram að færa. Mismunurinn á:

a) bókfærðu verði (metið á afskráningardegi) sem er ráðstafað á hlutann sem er afskráður og

b) endurgjaldi sem tekið er við fyrir þann hluta sem er afskráður (þ.m.t. nýjar eignir sem er aflað, að frádregnum nýjum skuldum)

skal færður í rekstrarreikning.

3.2.14 Þegar eining skiptir fyrra bókfærðu verði stærri fjáreignar milli hlutans, sem er haldið áfram að færa, og hlutans, sem er afskráður, þarf að ákvarða gangvirði þess hlutar sem haldið er áfram að færa. Þegar einingin hefur áður fengist við sölu hluta, sem eru sambærilegir við þann hluta sem haldið er áfram að færa, eða markaðsviðskipti eiga sér stað með slíka hluta er nýlegt verð raunverulegra viðskipta besta mat á gangvirði hans. Þegar ekki er um að ræða neitt skráð verð eða nýleg viðskipti á markaði til að byggja á gangvirði hlutans, sem er haldið áfram að færa, er besta mat gangvirðisins mismunurinn á gangvirði stærri fjáreignarinnar í heild og endurgjalds frá framsalshafanum fyrir hlutann sem er afskráður.

Yfirfærslur sem uppfylla ekki skilyrði fyrir afskráningu

3.2.15 Ef yfirfærsla leiðir ekki til afskráningar vegna þess að einingin hefur að verulegu leyti haldið eftir áhættu og ávinningi af eignarhaldi á yfirfærðu eigninni skal einingin halda áfram að færa yfirfærðu eignina í heild og skal færa fjárskuld vegna endurgjaldsins sem tekið er við. Á síðari tímabilum skal einingin færa allar tekjur vegna yfirfærðu eignarinnar og allan kostnað sem stofnað er til vegna fjárskuldarinnar.

Áframhaldandi aðild að yfirfærðum eignum

3.2.16 Ef eining hvorki yfirfærir né heldur að verulegu leyti eftir áhættu og ávinningi af eignarhaldi á yfirfærðri eign og heldur yfirráðum yfir yfirfærðu eigninni heldur einingin áfram að færa yfirfærðu eignina að því marki sem nemur áframhaldandi aðild hennar. Umfang áframhaldandi aðildar einingarinnar að yfirfærðu eigninni takmarkast við það í hve miklum mæli hún er háð breytingum á virði yfirfærðu eignarinnar. Dæmi:

a) Þegar áframhaldandi aðild einingarinnar er í formi ábyrgðar á yfirfærðu eigninni nemur umfang áframhaldandi aðildar einingarinnar þeirri fjárhæð sem lægri er: i. fjárhæð eignarinnar eða ii. hámarksfjárhæð móttekins endurgjalds sem einingin gæti verið krafin um að endurgreiða („ábyrgðar-fjárhæðinni“).

b) Þegar áframhaldandi aðild einingarinnar er í formi útgefins eða keypts valréttarsamnings (eða hvors tveggja) nemur umfang áframhaldandi aðildar einingarinnar þeirri fjárhæð yfirfærðu eignarinnar sem einingin má kaupa aftur. Þegar um er að ræða útgefinn sölurétt á eign, sem metin er á gangvirði, miðast umfang áframhaldandi aðildar einingarinnar við það sem lægra er, gangvirði yfirfærðu eignarinnar eða nýtingarverð valréttarins (sjá lið B3.2.13).

c) Þegar áframhaldandi aðild einingarinnar er í formi staðgreiðsluvalréttar eða með sambærilegum kjörum á yfirfærðu eigninni, er umfang áframhaldandi aðildar einingarinnar metið með sama hætti og leiðir af valréttarsamningum, sem ekki eru staðgreiddir, eins og fram kemur í b-lið hér að framan.

3.2.17 Þegar eining heldur áfram að færa eign að því marki sem nemur áframhaldandi aðild hennar færir hún einnig tengda skuldbindingu. Þrátt fyrir aðrar matskröfur í þessum staðli eru yfirfærða eignin og tengd skuldbinding metnar á grundvelli sem endurspeglar réttindi og skyldur sem einingin hefur haldið eftir. Tengda skuldbindingin er metin þannig að hreint bókfært verð yfirfærðu eignarinnar og tengdrar skuldbindingar er:

a) afskrifað kostnaðarverð réttinda og skyldna sem einingin heldur eftir ef yfirfærða eignin er metin á afskrifuðu kostnaðarverði eða

b) jafnt gangvirði réttinda og skyldna, sem einingin heldur eftir, þegar þau eru metin sérstaklega ef yfirfærða eignin er metin á gangvirði.

3.2.18 Einingin skal halda áfram að færa tekjur af yfirfærðu eigninni að því marki sem nemur áframhaldandi aðild hennar og skal færa kostnað sem stofnað er til vegna tengdrar skuldbindingar.

3.2.19 Vegna síðara mats eru færðar breytingar á gangvirði yfirfærðu eignarinnar og tengdrar skuldbindingar færðar hvor í samræmi við aðra samkvæmt lið 5.7.1 og skulu þær ekki jafnaðar út.

3.2.20 Ef áframhaldandi aðild einingar tekur einungis til hluta fjáreignar (t.d. þegar eining heldur eftir valrétti til endurkaupa á hluta yfirfærðrar eignar eða heldur eftir hlutdeild sem leiðir ekki til þess að hún haldi eftir að verulegu leyti áhættu og ávinningi af eignarhaldi og þess að einingin haldi yfirráðum) skiptir einingin fyrra bókfærðu verði fjáreignarinnar milli hlutans sem hún heldur áfram að færa samkvæmt áframhaldandi aðild og hlutans sem hún hættir að færa á grundvelli hlutfallslegs gangvirðis þessara hluta á yfirfærsludegi. Um þetta gilda kröfur liðar 3.2.14. Mismunurinn á:

a) bókfærðu verði (metið á afskráningardegi) sem er ráðstafað á hlutann sem er hætt að færa og

b) endurgjaldinu sem er móttekið vegna hlutans sem er hætt að færa

skal færður í rekstrarreikning.

3.2.21 Ef yfirfærð eign er metin á afskrifuðu kostnaðarverði á sá valkostur í þessum staðli að tilgreina fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ekki við um tengda skuld.

Allar yfirfærslur

3.2.22 Ef haldið er áfram að færa yfirfærða eign skal ekki jafna eignina og tengdu skuldbindinguna. Eins skal einingin ekki jafna tekjur af yfirfærðu eigninni og kostnað sem stofnað er til vegna tengdrar skuldbindingar (sjá 42. lið í IAS-staðli 32).

3.2.23 Ef framseljandi veitir framsalshafa tryggingu, sem er ekki í handbæru fé (s.s. skuldar- eða eiginfjárgerning), fer færsla framseljanda eða framsalshafa vegna tryggingarinnar eftir því hvort framsalshafi hefur rétt til að selja eða endurveðsetja trygginguna og því hvort vanskil hefur orðið hjá framseljanda. Framseljandi og framsalshafi skulu gera grein fyrir tryggingunni á eftirfarandi hátt:

a) ef framsalshafi hefur rétt samkvæmt samningi eða venju til að selja eða endurveðsetja trygginguna skal framseljandinn endurflokka þá eign í efnahagsreikningi (t.d. sem eign í útláni, veðsettur eiginfjárgerningur eða endurkeypt viðskiptakrafa), óháð öðrum eignum,

b) ef framsalshafi selur trygginguna, sem er veðsett honum, skal hann færa andvirði sölunnar og skuld sem er metin á gangvirði vegna skuldbindingar hans um að skila tryggingunni,

c) ef framseljandi lendir í vanskilum samkvæmt samningsskilmálum og á ekki lengur rétt á að innleysa tryggginguna skal hann afskrá tryggginguna og framsalshafi skal færa tryggginguna sem eign sína á upphaflega metnu gangvirði eða, ef hann hefur þegar selt tryggginguna, afskrá skuldbindinguna um að skila henni,

d) að undanskildu því, sem kveðið er á um í c-lið, skal framseljandi halda áfram að færa tryggginguna sem eign sína og framsalshafi skal ekki færa tryggginguna sem eign.

3.3 AFSKRÁNING FJÁRSKULDA

3.3.1 Eining skal fjarlægja fjárskuld (eða hluta fjárskuldar) úr efnahagsreikningi þá og því aðeins að hún hafi verið ógilt, þ.e. þegar skuldbindingin, sem tilgreind er í samningnum, er uppfyllt, er numin úr gildi eða rennur út.

3.3.2 Skipti lántaka og lánveitanda á skuldagerningum með verulega ólíkum skilmálum skal færa sem ógildingu á upphaflegu fjárskuldinni og færslu nýrrar fjárskuldar. Eins skal færa verulegar breytingar, sem eru gerðar á skilmálum fyrirliggjandi fjárskuldar eða hluta hennar (hvort sem þær stafa af fjárhagserfiðleikum skuldarans eða ekki), sem ógildingu á upphaflegu fjárskuldinni og færslu nýrrar fjárskuldar.

3.3.3 Mismunurinn á bókfærðu verði fjárskuldar (eða hluta fjárskuldar), sem er ógild eða yfirfærð til annars aðila, og mótteknu endurgjaldi, þ.m.t. yfirfærðra fjármuna utan veltu eða yfirtekinna fjárskulda, skal færður í rekstrarreikning.

3.3.4 Ef eining endurkaupir hluta fjárskuldar skal einingin skipta fyrra bókfærðu verði fjárskuldarinnar milli hlutans, sem haldið er áfram að færa, og hlutans, sem er afskráður, eftir hlutfallslegu gangvirði þessara hluta á endurkaupadegi. Mismuninn á a) bókfærðu verði, sem ráðstafað er á hlutann sem er afskráður, og b) endurgjaldinu, sem er greitt, þ.m.t. yfirfærðar eignir eða yfirteknar skuldir sem ekki eru staðgreiddar, fyrir hlutann sem er afskráður skal færa í rekstrarreikning.

3.3.5 Sumar einingar starfrækja annaðhvort innri eða ytri fjárfestingarsjóð sem veitir fjárfestum ábata sem er ákvarðaður af hlutdeildarskírteinum í sjóðnum og færa fjárskuldir á fjárhæðum sem greiða skal þessum fjárfestum. Á svipaðan hátt gefa sumar einingar út flokka vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum og þessar einingar hafa undirliggjandi liði í vörslu sinni. Sumir slíkir sjóðir eða undirliggjandi liðir innihalda fjárskuldir einingarinnar (t.d. útgefin fyrirtækjaskuldabréf). Þrátt fyrir aðrar kröfur í þessum staðli varðandi afskráningu fjárskulda getur eining kosið að afskrá ekki fjárskuldir sem eru innifaldar í slíkum sjóði eða eru undirliggjandi liður þá og því aðeins að einingin endurkaupi fjárskuldir sínar í slíkum tilgangi. Þess í stað getur einingin kosið að halda áfram að færa gerninginn sem fjárskuld og að færa endurkeypta gerninginn eins og hann sé fjáreign og meta á gangvirði í rekstrarreikningi í samræmi við þennan staðal. Þetta val er óafturkræft og er framkvæmt fyrir hvern gerning fyrir sig. Að því er þetta val varðar fela vátryggingarsamningar í sér fjárfestingasamninga með valkvæðum þátttökuákvæðum. (Sjá IFRS-staðal 17 fyrir hugtök sem notuð eru í þessum lið sem eru skilgreind í þeim staðli.)

4. KAFLI Flokkun

4.1 FLOKKUN FJÁREIGNA

4.1.1 Ef liður 4.1.5 á ekki við skal eining flokka fjáreignir, eins og þær eru síðar metnar á afskrifuðu kostnaðarverði, á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu eða gangvirði í gegnum rekstrarreikning á grundvelli beggja eftirfarandi þátta:

a) viðskiptalíkans við stjórnun fjáreigna og

b) einkenna samningsbundins sjóðstreymis fjáreignarinnar.

4.1.2 Meta skal fjáreign á afskrifuðu kostnaðarverði ef bæði eftirtalin skilyrði hafa verið uppfyllt:

a) fjáreign er haldið innan viðskiptalíkans sem hefur það markmið að halda fjáreignum til þess að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og

b) samningsskilmálar fjáreignarinnar ákvarða tímasetningu sjóðstreymis sem samanstendur aðeins af greiðslum af höfuðstól og greiðslum vaxta af útistandandi höfuðstól.

Í liðum B4.1.1–B4.1.26 eru settar fram leiðbeiningar um það hvernig beita á þessum skilyrðum.

4.1.2A Meta skal fjáreign á afskrifuðu kostnaðarverði í gegnum aðra heildarafkomu ef bæði eftirtalin skilyrði hafa verið uppfyllt:

a) fjáreignum er haldið innan viðskiptalíkans sem nær markmiði sínu bæði með því að innheimta sjóðstreymi og selja fjáreignir og

b) samningsskilmálar fjáreignarinnar ákvarða tímasetningu sjóðstreymis sem samanstendur aðeins af greiðslum af höfuðstól og greiðslum vaxta af útistandandi höfuðstól.

Í liðum B4.1.1–B4.1.26 eru settar fram leiðbeiningar um það hvernig beita á þessum skilyrðum.

4.1.3 Við beitingu b-liðar í lið 4.1.2 og b-liðar í lið 4.1.2A:

a) er höfuðstóll gangvirði fjáreignar við upphafsfærslu. Í lið B.4.1.7B eru frekari leiðbeiningar um hvað höfuðstóll felur í sér,

b) samanstanda vextir af endurgjaldi vegna tímavirðis peninga, útlánaáhættu er tengist útistandandi höfuðstólsfjárhæð yfir tiltekið tímabil og vegna annarrar grundvallaráhættu og annars grundvallar-kostnaðar við lánveitingar, auk hagnaðarhlutfalls. Í liðum B4.1.7 A og B4.1.9 A–B4.B4.1.9 E er kveðið á um viðbótarleiðbeiningar um vexti, þ.m.t. tímavirði peninga.

4.1.4 Meta skal fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning nema hún sé metin á afskrifuðu kostnaðarverði í samræmi við lið 4.1.2 eða á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2A. Eining getur þó valið með óafturkræfum hætti við upphafsfærslu tilteknar fjárfestingar í *eiginfjárgerningum* sem myndu að öðrum kosti vera metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning til að setja fram síðari breytingar á gangvirði í annarri heildarafkomu (sjá liði 5.7.5–5.7.6).

Val um að tilgreina fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

4.1.5 **Þrátt fyrir liði 4.1.1–4.1.4 getur eining tilgreint við upphafsfærslu, með óafturkræfum hætti, fjáreign eins og hún er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef það eyðir eða dregur verulega úr ósamræmi í mati eða færslum (stundum kallað „reikningsskilalegt ósamræmi“) sem annars stafaði af mati á eignum eða skuldum eða færslu á hagnaði og tapi á þeim á mismunandi grunni (sjá liði B4.1.29–B4.1.32).**

4.2 FLOKKUN FJÁRSKULDA

4.2.1 **Eining skal flokka allar fjárskuldir, sem metnar eru síðar á afskrifuðu kostnaðarverði, nema eftirfarandi:**

a) ***fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning*****; slíkar skuldir, þ.m.t. afleiður sem eru skuldir, skal meta síðar á gangvirði,**

b) fjárskuldir sem verða til þegar yfirfærsla fjáreignar uppfyllir ekki skilyrði fyrir afskráningu eða þegar unnt er að nota aðferðina sem byggist á áframhaldandi aðild; liðir 3.2.15 og 3.2.17 gilda um mat á slíkum fjárskuldum,

c) ***samninga með fjárhagslegri tryggingu;*** **eftir upphafsfærslu skal útgefandi slíks samnings (nema þegar a- eða b-liður liðar 4.2.1 gildir) síðan meta hann við þeirri fjárhæð sem er hærri:**

(i) fjárhæð niðurfærslu sem er ákveðin í samræmi við þátt 5.5 og

(ii) þeirri fjárhæð sem var færð upphaflega (sjá lið 5.1.1), að frádreginni, þar sem við á, uppsafnaðri fjárhæð afkomu sem er færð í samræmi við IFRS-staðal 15,

d) skuldbindingar um að veita lán á vöxtum sem eru undir markaðsvöxtum. Útgefandi slíkrar skuldbindingar skal (nema a-liður liðar 4.2.1 gildi) meta hana síðan við þeirri fjárhæð sem er hærri:

(i) fjárhæð niðurfærslu sem er ákveðin í samræmi við þátt 5.5 og

(ii) þeirri fjárhæð sem var færð upphaflega (sjá lið 5.1.1), að frádreginni, þar sem við á, uppsafnaðri fjárhæð afkomu sem er færð í samræmi við IFRS-staðal 15,

e) óvissa greiðslu sem kaupandi færir í sameiningu fyrirtækja sem IFRS-staðall 3 gildir um. Síðar skal meta óvissa greiðslu af þessu tagi á gangvirði með breytingum sem eru færðar í rekstrarreikning.

Val um að tilgreina fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

4.2.2 **Við upphafsfærslu getur eining tilgreint með óafturkræfum hætti fjárskuld sem er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þegar liður 4.3.5 leyfir það eða þegar slíkt leiðir til betur viðeigandi upplýsingar af því að annaðhvort:**

a) eyðir hún eða dregur verulega úr ósamræmi í mati eða færslum (stundum nefnt „reikningsskilalegt ósamræmi“), sem annars stafaði af mati á eignum eða skuldum eða færslu á hagnaði og tapi á þeim á mismunandi grunni (sjá liði B4.1.2–B4.1.32) eða

b) flokki fjárskulda eða fjáreigna og fjárskulda er stýrt og árangur af honum er metinn á grundvelli gangvirðis í samræmi við skjalfesta áhættustjórnun eða fjárfestingaráætlun og upplýsingar um flokkinn eru veittar innan einingarinnar á þeim grundvelli til lykilstjórnenda einingarinnar (eins og skilgreint er í IAS-staðli 24, *upplýsingar um tengda aðila*), t.d. framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra einingarinnar (sjá liði B4.1.33–B4.1.36).

4.3 INNBYGGÐAR AFLEIÐUR

4.3.1 Innbyggð afleiða er þáttur í blönduðum samningi sem felur einnig í sér óafleiddan grunnsamning, sem leiðir til þess að nokkuð af sjóðstreymi sameinaða gerningsins er breytilegt með sambærilegum hætti og sjálfstæð afleiða. Innbyggð afleiða veldur nokkru eða öllu sjóðstreyminu sem annars væri gerð krafa um í samningnum að breytt verði í samræmi við tilgreinda vexti, verð fjármálagerninga, hrávöruverð, gengi erlendra gjaldmiðla, verð- eða vaxtavísitölu, lánshæfismat eða lánskjaravísitölu eða aðra breytu, að því tilskildu, í tilviki ófjárhagslegrar breytu, að breytan eigi ekki sérstaklega við aðila að samningnum. Afleiða, sem er tengd við *fjármálagerning* en er samkvæmt samningi yfirfæranleg óháð þeim gerningi eða hefur annan mótaðila, er ekki innbyggð afleiða heldur aðskilinn fjármálagerningur.

Samningum blandað saman við grunnsamninga fjáreigna

4.3.2 Ef blandaður samningur felur í sér grunnsamning, sem er eign innan gildissviðs þessa staðals, skal einingin beita kröfum liða 4.1.1–4.1.5 gagnvart blandaða samningnum í heild.

Aðrir blandaðir samningar

4.3.3 Ef blandaður samningur felur í sér grunnsamning, sem er ekki eign innan gildissviðs þessa staðals, skal innbyggða afleiðan vera aðskilin frá grunnsamningnum og færð sem afleiða samkvæmt þessum staðli þá og því aðeins að:

a) efnahagsleg einkenni og áhætta vegna innbyggðu afleiðunnar sé ekki nátengd efnahagslegum einkennum og áhættu vegna grunnsamningsins (sjá liði B4.3.5 og B4.3.8),

b) aðgreindur gerningur með sömu skilmála og innbyggða afleiðan falli að skilgreiningunni á afleiðu og

c) blandaði samningurinn sé ekki metinn á gangvirði með breytingum á gangvirði sem fært er í rekstrarreikning (þ.e. afleiða, sem er innbyggð í fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er ekki aðgreind).

4.3.4 Ef innbyggð afleiða er aðskilin skal færa grunnsamninginn í samræmi við viðeigandi staðla. Í þessum staðli er ekki fjallað um það hvort innbyggð afleiða skuli sett fram sérstaklega í efnahagsreikningi.

4.3.5 Þrátt fyrir liði 4.3.3 og 4.3.4 getur eining, ef samningur felur í sér eina eða fleiri innbyggðar afleiður og grunnsamningur er ekki eign innan gildissviðs þessa staðals, tilgreint blandaðan samning í heild sinni á gangvirði í gegnum rekstrarreikning nema:

a) innbyggða afleiðan (afleiðurnar) breyti ekki verulega sjóðstreyminu sem annars væri gerð krafa um með samningnum eða

b) greinilegt sé með lítilli eða engri greiningu við fyrstu athugun á sambærilegum, blönduðum gerningi að aðgreining á innbyggðu afleiðunni (afleiðunum) er bönnuð, s.s. uppgreiðsluréttur sem er innbyggður í lán og heimilar handhafa að greiða upp lánið að fjárhæð sem nemur u.þ.b. afskrifuðu kostnaðarverði þess.

4.3.6 Ef gerð er krafa um það í þessum staðli að eining aðgreini innbyggða afleiðu frá grunnsamningnum en einingin getur ekki metið innbyggðu afleiðuna sérstaklega, annaðhvort við yfirtöku eða við lok síðara reikningsskilatímabils, skal hún tilgreina blandaða samninginn í heild sinni á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

4.3.7 Ef eining getur ekki metið gangvirði innbyggðrar afleiðu með áreiðanlegum hætti á grundvelli skilmála hennar og skilyrða er gangvirði innbyggðu afleiðunnar mismunurinn á gangvirði blandaða samningsins og gangvirði grunnssamningsins. Ef einingin getur ekki metið gangvirði innbyggðu afleiðunnar með því að nota þessa aðferð gildir liður 4.3.6 og blandaði samningurinn er tilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

4.4 ENDURFLOKKUN

4.4.1 Þá og því aðeins að eining breyti viðskiptalíkani sínu hvað varðar stjórnun fjáreigna skal hún endurflokka allar fjáreignir, sem þetta hefur áhrif á, í samræmi við liði 4.1.1–4.1.4. Sjá liði 5.6.1–5.6.7, B4.4.1–B4.4.3 og B5.6.1–B5.6.2 að því er varðar viðbótarleiðbeiningar um endurflokkun fjáreigna.

4.4.2 Eining skal ekki endurflokka fjárskuld.

4.4.3 Eftirfarandi breytingar á aðstæðum eru ekki endurflokkanir að því er varðar liði 4.4.1–4.4.2:

a) liður, sem var áður tilgreindur sem áhættuvarnargerningur og er virkur sem slíkur í sjóðstreymisvörn eða áhættuvörn hreinnar fjárfestingar, uppfyllir ekki lengur skilyrði sem slíkur,

b) liður verður tilgreindur sem áhættuvarnargerningur og er virkur sem slíkur í sjóðstreymisvörn eða áhættuvörn hreinnar fjárfestingar og,

c) breytingar á mati í samræmi við þátt 6.7.

5. KAFLI Mat

5.1 UPPHAFLEGT MAT

5.1.1 Við upphafsfærslu skal eining meta fjáreign eða fjárskuld á gangvirði hennar, að viðbættum eða frádregnum viðskiptakostnaði ef um er að ræða fjáreign eða fjárskuld sem ekki er á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, sem tengist yfirtöku eða útgáfu fjáreignar eða fjárskuldar með beinum hætti, nema að því er varðar viðskiptakröfur innan gildissviðs liðar 5.1.3.

5.1.1A Eining skal þó beita lið B5.1.2A ef gangvirði fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar við upphafsfærslu er frábrugðið verðinu í viðskiptunum.

5.1.2 Þegar eining miðar við uppgjörsdag við færslu eignar, sem síðar er metin á afskrifuðu kostnaðarverði, er eignin upphaflega færð á gangvirði á viðskiptadegi (sjá liði B3.1.3–B3.1.6).

5.1.3 Þrátt fyrir kröfu liðar 5.1.1 skal eining meta við upphafsfærslu viðskiptakröfur á viðskiptavirði þeirra (eins og skilgreint er í IFRS-staðli 15) ef viðskiptakröfurnar fela ekki í sér mikilvægan fjármögnunarþátt í samræmi við IFRS-staðal 15 (eða þegar eining beitir hentuga úrræðinu í samræmi við 63. lið IFRS-staðli 15).

5.2 SÍÐARA MAT FJÁREIGNA

5.2.1 Einingin skal, að upphafsfærslunni lokinni, meta fjáreign í samræmi við liði 4.1.1–4.1.5 á:

a) afskrifuðu kostnaðarverði,

b) gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu eða

c) gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

5.2.2 Eining skal beita virðisrýrnunarkröfum í þætti 5.5 gagnvart fjáreignum sem eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði í samræmi við lið 4.1.2 og fjáreignum sem eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2A.

5.2.3 Eining skal beita kröfum liða 6.5.8–6.5.14 um áhættuvarnarreikningsskil (og, ef við á, 89.–94. lið IAS-staðals 39, *fjármálagerningar: færsla og mat* að því er varðar áhættuvarnarreikningsskil á gangvirði vegna vaxtaáhættu í safnvörn) gagnvart fjáreign sem er tilgreind sem áhættuvarinn liður ([50]).

5.3 SÍÐARA MAT FJÁRSKULDA

5.3.1 Einingin skal, að upphafsfærslunni lokinni, meta fjáreign í samræmi við liði 4.2.1–4.2.2.

5.3.2 Eining skal beita kröfum liða 6.5.8–6.5.14 um áhættuvarnarreikningsskil (og, ef við á, 89.–94. lið IAS-staðals 39 að því er varðar áhættuvarnarreikningsskil á gangvirði vegna vaxtaáhættu í safnvörn) gagnvart fjáreign sem er tilgreind sem áhættuvarinn liður.

([50]) Eining getur, í samræmi við lið 7.2.21, valið þá reikningsskilaaðferð að halda áfram að beita áhættuvarnarreikningsskilakröfum IAS-staðals 39 í stað krafna 6. kafla þessa staðals. Ef eining hefur valið þetta eiga vísanir í þessum staðli til tiltekinna áhættuvarnarreikningsskilakrafna í 6. kafla ekki við. Þess í stað beitir einingin viðeigandi áhættuvarnarreikningsskilakröfum IAS-staðals 39.

5.4 AFSKRIFAÐ KOSTNAÐARVERÐ

Fjáreignir

Aðferð virkra vaxta

5.4.1 Reikna skal vaxtatekjur með því að nota aðferð virkra vaxta (sjá viðbæti A og liði B5.4.1–B5.4.7). Þetta skal reiknað með því að beita aðferð *virkra vaxta* á *vergt bókfært verð fjáreignar*, þó ekki:

a) *keyptar eða útgefnar virðisrýrðar fjáreignir*. Einingin skal, að því er þær fjáreignir varðar, beita *lánaleiðréttum virkum vöxtum* á *afskrifað kostnaðarverð fjáreignarinnar* frá upphafsfærslu,

b) fjáreignir sem eru ekki keyptar eða útgefnar virðisrýrðar fjáreignir en hafa síðar orðið *virðisrýrðar fjáreignir*. Einingin skal, að því er þær fjáreignir varðar, beita virkum vöxtum á afskrifað kostnaðarverð fjáreignarinnar á síðari reikningsskilatímabilum.

5.4.2 Eining, sem reiknar á reikningsskilatímabili vaxtatekjur með því að beita aðferð virkra vaxta á afskrifað kostnaðarverð fjáreignar í samræmi við b-lið í lið 5.4.1, skal, á síðari reikningsskilatímabilum, reikna vaxtatekjur með því að beita virkum vöxtum á vergt bókfært verð ef útlánaáhætta af fjármálagerningi lagast svo að fjáreignin er ekki lengur virðisrýrð og umbæturnar má tengja með hlutlægum hætti við atburð sem varð eftir að kröfum b-liðar í lið 5.4.1 var beitt (s.s. umbótum á lánshæfismati lántaka).

Breyting á samningsbundnu sjóðstreymi

5.4.3 Þegar samið er að nýju um samningsbundið sjóðstreymi eða því breytt á annan hátt og nýr samningur eða breyting leiðir ekki til afskráningar þeirrar fjáreignar í samræmi við þennan staðal skal eining endurreikna vergt bókfært verð fjáreignar og færa *breytingu hagnaðar eða taps* í rekstrarreikning. Endurreikna skal vergt bókfært verð fjáreignar sem núvirði endurreiknaðs eða breytts samningsbundins sjóðstreymis sem er afvaxtað á upprunalegum virkum vöxtum fjáreignarinnar (eða lánaleiðréttum virkum vöxtum keyptra eða útgefinna virðisrýrðra fjáreigna) eða, ef við á, endurskoðuðum virkum vöxtum sem eru reiknaðir í samræmi við lið 6.5.10. Kostnaður eða þóknanir, sem stofnað er til, leiðrétta bókfært verð breyttrar fjáreignar og eru afskrifaðar á eftirstæðum gildistíma breyttu fjáreignarinnar.

Afskriftir

5.4.4 Eining skal lækka vergt bókfært verð fjáreignar með beinum hætti ef hún hefur ekki réttmætar væntingar um að endurheimta fjáreign í heild eða að hluta. Afskrift telst vera afskráningaratburður (sjá r-lið í lið B3.2.16).

Breytingar á grundvelli ákvörðunar um samningsbundið sjóðstreymi í kjölfar endurbóta á vaxtaviðmiðunum

5.4.5 Eining skal beita liðum 5.4.6–5.4.9 að því er varðar fjáreign eða fjárskuld þá og því aðeins að grundvöllur ákvörðunar um samningsbundið sjóðstreymi þeirrar fjáreignar eða fjárskuldar breytist í kjölfar endurbóta á vaxtaviðmiðunum. Í þessu skyni vísar hugtakið „endurbætur á vaxtaviðmiðunum“ til endurbóta á vaxtaviðmiðunum á markaði eins og lýst er í lið 6.8.2.

5.4.6 Hægt er að breyta ákvörðun um samningsbundið sjóðstreymi vegna fjáreignar eða fjárskuldar:

a) með því að breyta samningsskilmálunum sem tilgreindir voru við upphafsfærslu fjármálagerningsins (t.d. er samningsskilmálunum breytt þannig að viðmiðunarvaxtaviðmiðinu er skipt út fyrir aðra viðmiðunarvexti),

b) með þeim hætti sem ekki var tekið tillit til, eða fjallað um, í samningsskilmálunum við upphafsfærslu fjár málagerningsins, án þess að breyta samningsskilmálunum (t.d. er aðferðinni, sem notuð er til að reikna út vaxtaviðmiðið, breytt án þess að samningsskilmálunum sé breytt) og/eða

c) vegna virkjunar fyrirliggjandi samningsbundins skilmála (t.d. ef tiltækt varaákvæði er virkjað).

5.4.7 Í þágu hentugleika skal eining beita lið B5.4.5 til að færa breytingar á grundvelli ákvörðunar um samningsbundið sjóðstreymi fjáreignar eða fjárskuldar sem krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum. Þetta hentuga úrræði gildir aðeins um slíkar breytingar og aðeins að því marki sem þörf er á breytingunni vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum (sjá einnig lið 5.4.9). Í þessu skyni er breytinga á grundvelli ákvörðunar um samningsbundið sjóðstreymi krafist vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum þá og því aðeins að bæði þessi skilyrði séu uppfyllt:

a) breytingin er nauðsynleg vegna beinna afleiðinga af endurbótum á vaxtaviðmiðunum og

b) nýi grundvöllurinn fyrir ákvörðun um samningsbundið sjóðstreymi er fjárhagslega jafngildur fyrri grundvelli (þ.e. grundvöllurinn næst á undan breytingunni).

5.4.8 Dæmi um breytingar sem gefa tilefni til nýs grundvallar ákvörðunar um samningsbundið sjóðstreymi sem er fjárhagslega jafngildur fyrri grundvelli (þ.e. grundvöllurinn næst á undan breytingunni) eru:

a) að núverandi vaxtaviðmiðun sem notuð er til að ákvarða samningsbundið sjóðstreymi fjáreignar eða fjárskuldar sé skipt út fyrir aðra viðmiðunarvexti – eða framkvæmd slíkra endurbóta á vaxtaviðmiðunum með breytingum á aðferðinni sem notuð er til að reikna út vaxtaviðmiðið – með því að bæta við föstu álagi sem nauðsynlegt er til að bæta upp grundvallarmun milli núverandi vaxtaviðmiðunar og annarra viðmiðunarvaxta,

b) breytingar á endurstillingartímabilinu, endurstillingardögum eða fjölda daga milli útgreiðsludaga ákvæðisvaxta til að koma endurbótum á vaxtaviðmiðunum í framkvæmd og

c) viðbót varaákvæðis við samningsskilmála fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar svo hægt sé að framkvæma þær breytingar sem lýst er í a- og b-lið hér að framan.

5.4.9 Ef breytingar eru gerðar á fjáreign eða fjárskuld til viðbótar við breytingar á grundvelli ákvörðunar um samningsbundið sjóðstreymi sem krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum skal einingin fyrst beita hentuga úrræðinu í lið 5.4.7 varðandi breytingar sem krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum. Einingin skal þá beita gildandi kröfum í þessum staðli að því er varðar allar viðbótarbreytingar sem hentuga úrræðið gildir ekki um. Ef viðbótarbreytingin leiðir ekki til afskráningar fjáreignar eða fjárskuldar skal einingin beita lið 5.4.3 eða lið B5.4.6, eftir því sem við á, til að gera grein fyrir þeirri viðbótarbreytingu. Ef viðbótarbreytingin leiðir til afskráningar fjáreignar eða fjárskuldar skal einingin uppfylla kröfur vegna afskráningar.

5.5 VIRÐISRÝRNUN

Færsla áætlaðs útlánataps

Almenn nálgun

5.5.1 Eining skal færa niðurfærslu *vænts útlánataps* á fjáreign, sem er metin í samræmi við lið 4.1.2 eða 4.1.2A, útistandandi leigu, *samningseign* eða lánsskuldbindingu og samning með fjárhagslegri tryggingu sem virðisrýrnunarkröfur gilda um í samræmi við lið 2.1 (g-liður), 4.2.1 (c-liður) eða 4.2.1 (d-liður).

5.5.2 Eining skal beita virðisrýrnunarkröfum við færslu og mat á niðurfærslu fjáreigna sem eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2A. Þó skal færa niðurfærsluna í aðra heildarafkomu og ekki skal lækka bókfært verð fjáreignarinnar í efnahagsreikningi.

5.5.3 Með fyrirvara um liði 5.5.13–5.5.16 skal eining meta, á hverjum reikningsskiladegi, niðurfærslu fjármálagernings á fjárhæð sem er jöfn *væntu útlánatapi á líftíma* ef útlánaáhættan af þeim fjármálagerningi hefur aukist verulega frá upphafsfærslu.

5.5.4 Markmið virðisrýrnunarkrafnanna er að færa vænt útlánatap á líftíma fyrir alla fjármálagerninga þegar útlánaáhætta hefur aukist verulega frá upphafsfærslu, hvort sem hún er metin í hverju tilviki fyrir sig eða sameiginlega, í ljósi allra raunhæfra og rökstuddra upplýsinga, þ.m.t. þeirra sem horfa til langs tíma.

5.5.5 Með fyrirvara um liði 5.5.13–5.5.16 skal eining meta, ef útlánaáhætta af fjármálagerningi hefur ekki aukist verulega frá upphafsfærslu, niðurfærslu þessa fjármálagernings á fjárhæð sem er jöfn *væntu útlánatapi yfir 12 mánaða tímabil*.

5.5.6 Að því er varðar lánsskuldbindingar og samninga með fjárhagslegri tryggingu skal sá dagur þegar eining gerist aðili að óafturkræfri skuldbindingu teljast vera upphaflegur færsludagur með tilliti til beitingar virðisrýrnunarkrafnanna.

5.5.7 Ef eining hefur metið niðurfærslu fjármálagernings á fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma á fyrra reikningsskilatímabili en ákvarðar á yfirstandandi reikningsskiladegi að liður 5.5.3 sé ekki lengur uppfylltur skal hún meta niðurfærsluna á fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi yfir 12 mánaða tímabil á yfirstandandi reikningsskiladegi.

5.5.8 Eining skal færa í rekstrarreikning, sem *virðisrýrðan hagnað eða tap*, fjárhæð vænts útlánataps (eða bakfæra tapið) sem krafist er til að leiðrétta niðurfærsluna á reikningsskiladegi að þeirri fjárhæð sem krafist er að verði færð í samræmi við þennan staðal.

Ákvörðun um verulega aukna útlánaáhættu

5.5.9 Eining skal meta á hverjum reikningsskiladegi hvort útlánaáhætta af fjármálagerningi hefur aukist verulega frá upphafsfærslu. Við matið skal einingin nota breytingu á vanskilaáhættu sem verður á væntum líftíma fjármálagerningsins í stað breytinga á fjárhæð vænts útlánataps. Í matinu skal einingin bera saman vanskilaáhættu fjármálagerningsins á reikningsskiladegi og vanskilaáhættu fjármálagerningsins á upphaflegum færsludegi og líta til raunhæfra og rökstuddra upplýsinga sem hægt er að nálgast án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar og gefa til kynna verulega aukna útlánaáhættu frá upphafsfærslu.

5.5.10 Eining getur gengið út frá því að útlánaáhætta af fjármálagerningi hafi ekki aukist verulega frá upphafsfærslu ef ákvarðað er að fjármálagerningurinn feli í sér litla útlánaáhættu á reikningsskiladegi (sjá liði B5.5.22–B5.5.24).

5.5.11 Ef eining hefur aðgang að raunhæfum og rökstuddum upplýsingum um framtíðina án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar getur hún ekki eingöngu reitt sig á upplýsingar um fjárhæðir sem eru *fallnar í gjalddaga* þegar hún ákvarðar hvort útlánaáhætta hafi aukist verulega frá upphafsfærslu. Þegar upplýsingar líta fremur til framtíðar en þess hve langt er liðið frá gjalddaga (annaðhvort á grundvelli einstakra tilvika eða sameiginlega) liggja ekki fyrir án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar getur eining þó notað upplýsingar um fjárhæðir sem fallnar eru í gjalddaga til að ákvarða hvort útlánaáhætta hefur aukist verulega frá upphafsfærslu. Án tillits til þess á hvern hátt eining metur verulega aukna útlánaáhættu þá liggur fyrir hrekjanleg forsenda um að útlánaáhætta af fjáreign hafi aukist verulega frá upphafsfærslu ef samningsbundnar greiðslur eru komnar 30 daga fram yfir gjalddaga. Eining getur hrakið þessa forsendu ef hún hefur aðgang að raunhæfum og rökstuddum upplýsingum án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar sem sýna fram á að útlánaáhætta hefur ekki aukist verulega frá upphafsfærslu þrátt fyrir að samningsbundnar greiðslur séu komnar meira en 30 daga fram yfir gjalddaga. Ef eining ákveður að útlánaáhætta hafi aukist verulega áður en samningsbundnar greiðslur ná því að vera komnar 30 daga fram yfir gjalddaga á hrekjanlega forsendan ekki við.

Breyttar fjáreignir

5.5.12 Ef endursamið hefur verið um samningsbundið sjóðstreymi fjáreignar eða því breytt og fjáreignin var ekki afskráð skal eining meta hvort útlánaáhætta af fjármálagerningnum hefur aukist verulega í samræmi við lið 5.5.3 með því að bera saman:

a) vanskilaáhættu á reikningsskiladegi (byggt á breyttum samningsskilmálum) og

b) vanskilaáhættu við upphafsfærslu (byggt á upphaflegum, óbreyttum samningsskilmálum).

Keyptar eða útgefnar virðisrýrðar fjáreignir

5.5.13 Þrátt fyrir liði 5.5.3 og 5.5.5 skal eining aðeins færa, á reikningsskiladegi, uppsafnaðar breytingar á væntu útlánatapi á líftíma frá upphafsfærslu sem niðurfærslu keyptra eða útgefinna virðisrýrðra fjáreigna.

5.5.14 Á hverjum reikningsskiladegi skal eining færa í rekstrarreikning fjárhæð breytingar á væntu útlánatapi á líftíma sem virðisrýrðan hagnað eða tap. Eining skal færa hagfelldar breytingar á væntu útlánatapi á líftíma sem virðisrýrðan hagnað jafnvel þótt vænt útlánatap á líftíma sé minna en vænt útlánatap sem var fellt inn í metið sjóðstreymi í upphafsfærslunni.

Einfölduð nálgun við viðskiptakröfur, samningseignir og útistandandi leigu

5.5.15 Þrátt fyrir liði 5.5.3 og 5.5.5 skal eining ætíð meta niðurfærslu á fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma að því er varðar:

a) viðskiptakröfur eða samningseignir sem leiðir af viðskiptum innan gildissviðs IFRS-staðals 15 sem:

(i) fela ekki í sér mikilvægan fjármögnunarþátt í samræmi við IFRS-staðal 15 (eða þegar eining beitir hentuga úrræðinu í samræmi við 63. lið IFRS-staðals 15) eða

(ii) fela í sér mikilvægan fjármögnunarþátt í samræmi við IFRS-staðal 15 ef einingin kýs í reikningsskilaaðferð sinni að meta niðurfærslur á fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma. Beita skal reikningsskilaaðferðinni gagnvart öllum slíkum viðskiptakröfum eða samningseignum en henni má beita sérstaklega gagnvart viðskiptakröfum og samningseignum,

b) útistandandi leigu sem leiðir af viðskiptum innan gildissviðs IFRS-staðals 16 ef einingin kýs í reikningsskilaaðferð sinni að meta niðurfærslur á fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma. Beita skal reikningsskilaaðferðinni gagnvart allri útistandandi leigu en henni má beita sérstaklega gagnvart útistandandi fjármögnunarleigu og rekstrarleigu.

5.5.16 Eining getur valið reikningsskilaaðferð vegna viðskiptakrafna, útistandandi leigu og samningseigna, óháð hver annarri.

Mat á væntu útlánatapi

5.5.17 Eining skal meta vænt útlánatap af fjármálagerningi á þann hátt að endurspegli:

a) óhlutdræga og líkindavegna fjárhæð sem er ákvörðuð með því að meta ýmiss konar mögulegar niðurstöður,

b) tímavirði peninga og

c) raunhæfar og rökstuddar upplýsingar sem hægt er að nálgast án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar á reikningsskiladegi um liðna atburði, ríkjandi skilyrði og spár um efnahagsleg skilyrði í framtíðinni.

5.5.18 Við mat á væntu útlánatapi er ekki nauðsynlegt að eining greini sérhverja mögulega sviðsmynd. Hún skal þó hafa í huga hættu eða líkur á útlánatapi með því að endurspegla möguleikann á útlánatapi og möguleikann á engu útlánatapi, jafnvel þótt möguleikinn á útlánatapi sé hverfandi.

5.5.19 Sá tími, sem gefst til að taka til athugunar mat á væntu útlánatapi, er aldrei lengri en sá hámarkssamningstími (þ.m.t. möguleikar á framlengingu) þegar einingin er óvarin fyrir útlánaáhættu jafnvel þótt lengra tímabil samrýmist viðskiptaháttum.

5.5.20 Þó felst í sumum fjármálagerningum bæði lánsþáttur og óádreginn skuldbindingarþáttur og geta einingarinnar samkvæmt samningi til að krefjast endurgreiðslu og fella úr gildi lánsskuldbindingu takmarkar ekki hættu hennar á útlánatapi við samningsbundinn uppsagnarfrest. Að því er slíka fjármálagerninga varðar, og aðeins þá gerninga, skal einingin meta vænt útlánatap yfir það tímabil þegar hún er óvarin fyrir útlánaáhættu og lánaáhættustýring myndi ekki draga úr útlánaáhættu jafnvel þótt tímabilið væri lengra en hámarkssamningstíminn.

5.6 ENDURFLOKKUN FJÁREIGNA

5.6.1 Ef eining endurflokkar fjáreignir í samræmi við lið 4.4.1 skal hún beita endurflokkuninni framvirkt frá *endurflokkunardeginum*. Einingin skal ekki endurákvarða áður færðan hagnað, tap (þ.m.t. virðisrýrnunar-hagnað eða -tap) eða vexti. Í liðum 5.6.2–5.6.7 eru settar fram kröfur um endurflokkanir.

5.6.2 Ef eining endurflokkar fjáreign úr matsflokki afskrifaðs kostnaðarverðs og í matsflokk gangvirðis í gegnum rekstrarreikning er gangvirðið metið á endurflokkunardegi. Hagnaður eða tap sem hlýst af mismun á milli fyrra afskrifaðs kostnaðarverðs fjáreignar og gangvirðis sem er fært í rekstrarreikning.

5.6.3 Ef eining endurflokkar fjáreign úr matsflokki gangvirðis í gegnum rekstrarreikning í matsflokk afskrifaðs kostnaðarverðs verður gangvirði á endurflokkunardegi hið nýja verga bókfærða verð. (Sjá lið B5.6.2 varðandi leiðbeiningar um ákvörðun virkra vaxta og niðurfærslu á endurflokkunardegi).

5.6.4 Ef eining endurflokkar fjáreign úr matsflokki afskrifaðs kostnaðarverðs og í matsflokk gangvirðis í gegnum aðra heildarafkomu er gangvirðið metið á endurflokkunardegi. Hagnaður eða tap sem hlýst af mismun á milli áður afskrifaðs kostnaðarverðs fjáreignar og gangvirðis sem er fært í aðra heildarafkomu. Virkir vextir og metið virkt útlánatap eru ekki leiðrétt í kjölfar endurflokkunar. (Sjá lið B5.6.1.)

5.6.5 Ef eining endurflokkar fjáreign úr matsflokki gangvirðis í gegnum aðra heildarafkomu og í matsflokk afskrifaðs kostnaðarverðs er fjáreign endurflokkuð á gangvirði á endurflokkunardegi. Þó er uppsafnaður hagnaður eða tap, sem var áður fært í aðra heildarafkomu, fært úr eigin fé og jafnað á móti gangvirði fjáreignar á endurflokkunardegi. Af þessu leiðir að fjáreign er metin á endurflokkunardegi líkt og hún hefði alltaf verið metin á afskrifuðu kostnaðarverði. Þessi leiðrétting hefur áhrif á aðra heildarafkomu en ekki á rekstrarreikning og því er hún ekki endurflokkunarleiðrétting (sjá IAS-staðall 1, *framsetning reikningsskila*). Virkir vextir og metið virkt útlánatap eru ekki leiðrétt í kjölfar endurflokkunar. (Sjá lið B5.6.1.)

5.6.6 Ef eining endurflokkar fjáreign úr matsflokki gangvirðis í gegnum rekstrarreikning og í matsflokk gangvirðis í gegnum aðra heildarafkomu verður fjáreign áfram metin á gangvirði. (Sjá lið B5.6.2 varðandi leiðbeiningar um ákvörðun virkra vaxta og niðurfærslu á endurflokkunardegi).

5.6.7 Ef eining endurflokkar fjáreign úr matsflokki gangvirðis í gegnum aðra heildarafkomu og í matsflokk gangvirðis í gegnum rekstrarreikning verður fjáreignin áfram metin á gangvirði. Uppsafnaður hagnaður eða tap, sem var áður fært í aðra heildarafkomu, er endurflokkað úr eigin fé í rekstrarreikningi sem endurflokkunarleiðrétting (sjá IAS-staðal 1) á endurflokkunardegi.

5.7 HAGNAÐUR OG TAP

5.7.1 Hagnaður eða tap á fjáreign eða fjárskuld, sem er metin á gangvirði, skal færð í rekstrarreikning nema:

a) hún sé í áhættuvarnartengslum (sjá liði 6.5.8–6.5.14 og, ef við á, 89.–94. lið IAS-staðals 39 að því er varðar áhættuvarnarreikningsskil á gangvirði vegna vaxtaáhættu í safnvörn),

b) hún sé fjárfesting í eiginfjárgerningi og einingin hefur valið að setja hagnað og tap af þeirri fjárfestingu fram í annarri heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.5,

c) hún sé fjárskuld sem er tilgreind í gegnum rekstrarreikning og þess er krafist að einingin setji fram áhrif af breytingum á *útlánaáhættu* skuldarinnar fram í annarri heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.7 eða

d) hún sé fjáreign metin á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2A og þess er krafist að einingin færi sumar breytingar á gangvirði í gegnum heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.10.

5.7.1A *Arður* er færður í rekstrarreikning aðeins þegar:

a) réttur einingarinnar til að taka við arðgreiðslum er staðfestur,

b) líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist arðinum, renni til einingarinnar og

c) unnt er að meta fjárhæð arðsins á áreiðanlegan hátt.

5.7.2 Færa skal í rekstrarreikning hagnað eða tap af fjáreign, sem er metin á afskrifuðu kostnaðarverði og er ekki í áhættuvarnartengslum (sjá liði 6.5.8–6.5.14 og, ef við á, 89.–94. lið í IAS-staðli 39 að því er varðar áhættuvarnarreikningsskil á gangvirði vegna vaxtaáhættu í safnvörn), þegar fjáreignin er afskráð, endurflokkuð í samræmi við lið 5.6.2, í gegnum afskriftaferli eða til þess að færa virðisrýrnunarhagnað eða -tap. Eining skal beita liðum 5.6.2 og 5.6.4 ef hún endurflokkar fjáreignir úr matsflokki afskrifaðs kostnaðarverðs. Færa skal í rekstrarreikning hagnað eða tap af fjárskuld, sem er metin á afskrifuðu kostnaðarverði og er ekki í áhættuvarnartengslum (sjá liði 6.5.8–6.5.14 og, ef við á, 89.–94. lið IAS-staðals 39 að því er varðar áhættuvarnarreikningsskil á gangvirði vegna vaxtaáhættu í safnvörn), þegar fjárskuldin er afskráð og í gegnum afskriftaferli. (Sjá lið B5.7.2 að því er varðar leiðbeiningar um gengishagnað eða gengistap.)

5.7.3 Hagnaður eða tap af fjáreignum eða fjárskuldum, sem eru áhættuvarðir liðir í áhættuvarnartengslum, skulu færðir í samræmi við liði 6.5.8–6.5.14 og, ef við á, 89.–94. lið IAS-staðals 39 að því er varðar áhættuvarnar-reikningsskil á gangvirði vegna vaxtaáhættu í safnvörn.

5.7.4 Ef eining færir fjáreignir miðað við uppgjörsdag (sjá liði 3.1.2, B3.1.3 og B3.1.6), er breyting á gangvirði eignarinnar, sem verður móttekin á tímabilinu frá viðskiptadegi til uppgjörsdags, ekki færðar vegna eigna sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Breytingar á gangvirði eigna, sem metnar eru á gangvirði, skal þó færa í rekstrarreikning eða aðra heildarafkomu, eftir því sem við á í samræmi við lið 5.7.1. Viðskipta-dagur skal teljast upphaflegur færsludagur með tilliti til beitingar virðisrýrnunarkrafna.

Fjárfesting í eiginfjárgerningum

5.7.5 Við upphafsfærslu getur eining valið, með óafturkræfum hætti, að setja fram í annarri heildarafkomu síðari breytingar á gangvirði fjárfestingar í eiginfjárgerningi innan gildissviðs þessa staðals, sem er hvorki *haldið til veltuviðskipta* né óviss greiðsla sem yfirtökuaðili færir í sameiningu fyrirtækja sem IFRS-staðall 3 á við um. (Sjá lið B5.7.3 að því er varðar leiðbeiningar um gengishagnað eða gengistap.)

5.7.6 Ef einingin ákveður það val sem fram kemur í lið 5.7.5 skal hún færa í rekstrarreikning arð af fjárfestingunni í samræmi við lið 5.7.1A.

Skuldir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

5.7.7 Eining skal setja fram hagnað eða tap af fjárskuld sem er tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við lið 4.2.2 eða lið 4.3.5 sem hér segir:

a) setja skal fram í annarri heildarafkomu fjárhæð breytingar á gangvirði fjárskuldar sem rekja má til breytinga á útlánaáhættu af þeirri skuld (sjá liði B5.7.13–B5.7.20) og

b) eftirstæð fjárhæð breytingar á gangvirði skuldar skal sett fram í rekstrarreikningi

nema meðferð áhrifa af breytingu á útlánaáhættu skuldarinnar, sem lýst er í a-lið, myndi leiða til eða auka reikningsskilalegt ósamræmi í rekstrarreikningi (í því tilviki gildir liður 5.7.8). Í liðum B5.7.5–B5.7.7 og B5.7.10–B5.7.12 eru settar fram leiðbeiningar til að ákvarða hvort reikningsskilalegt ósamræmi gæti myndast eða aukist.

5.7.8 Ef kröfur liðar 5.7.7 myndu leiða til eða auka á reikningsskilalegt ósamræmi í rekstrarreikningi skal eining setja fram allan hagnað eða tap af þeirri skuld (þ.m.t. áhrif af breytingum á útlánaáhættu af þeirri skuld) í rekstrarreikningi.

5.7.9 Þrátt fyrir kröfur liðar 5.7.7 og 5.7.8 skal eining setja fram í rekstrarreikningi allan hagnað eða tap af lánsskuldbindingum og samningum með fjárhagslegri tryggingu sem eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Eignir metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu

5.7.10 Færa skal í aðra heildarafkomu hagnað eða tap af fjáreign sem er metin í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2A nema virðisrýrnunarhagnað eða -tap (sjá þátt 5.5) og gengishagnað og gengistap (sjá liði B5.7.2–B5.7.2A) þar til fjáreignin er afskráð eða endurflokkuð. Þegar fjáreign er afskráð er uppsafnaður hagnaður eða tap, sem var áður fært í aðra heildarafkomu, endurflokkað úr eigin fé í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðrétting (sjá IAS-staðal 1). Ef fjáreign er endurflokkuð úr matsflokki gangvirðis í gegnum aðra heildarafkomu skal einingin gera grein fyrir uppsöfnuðum hagnaði eða tapi sem var áður fært í aðra heildarafkomu í samræmi við liði 5.6.5 og 5.6.7. Vextir, sem eru reiknaðir með aðferð virkra vaxta, eru færðir í rekstrarreikning.

5.7.11 Ef fjáreign er metin á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2A, eins og lýst er í lið 5.7.10, eru þær fjárhæðir, sem eru færðar í rekstrarreikning, hinar sömu og hefðu verið færðar í rekstrarreikning ef fjáreignin hefði verið metin á afskrifuðu kostnaðarverði.

6. KAFLI Áhættuvarnarreikningsskil

6.1 MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ ÁHÆTTUVARNARREIKNINGSSKILA

6.1.1 Markmið áhættuvarnarreikningsskila er að færa í reikningsskil áhrif af áhættustjórnun einingar sem notar fjár málagerninga til að stjórna áhættuskuldbindingum sem leiðir af tiltekinni áhættu er gæti haft áhrif á rekstrarreikning (eða aðra heildarafkomu í tilviki fjárfestinga í eiginfjárgerningum sem eining hefur valið til að setja fram breytingar á gangvirði annarrar heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.5). Í þessari nálgun er miðað að því að sýna fram á samhengi áhættuvarnargerninga sem falla undir áhættuvarnarreikningsskil til þess að veita innsýn í tilgang þeirra og áhrif.

6.1.2 Eining getur valið að tilgreina áhættuvarnartengsl milli áhættuvarnargernings og áhættuvarins liðar í samræmi við liði 6.2.1–6.3.7 og B6.2.1–B6.3.25. Að því er varðar áhættuvarnartengsl sem uppfylla skilyrðin skal eining færa hagnað eða tap af áhættuvarnargerningi og áhættuvörðum lið í samræmi við liði 6.5.1–6.5.14 og B6.5.1–B6.5.28. Þegar áhættuvarinn liður er flokkur liða skal eining uppfylla viðbótarkröfur í liðum 6.6.1–6.6.6 og B6.6.1–B6.6.16.

6.1.3 Eining getur beitt kröfum IAS-staðals 39 varðandi áhættuvarnarreikningsskil í stað krafna þessa staðals að því er varðar gangvirðisvörn vaxtaáhættu eignasafns fjáreigna eða fjárskulda (og aðeins slíka vörn). Í því tilviki verður einingin einnig að beita sértækum kröfum að því er varðar áhættuvarnarreikningsskil á gangvirði vegna vaxtaáhættu í safnvörn og tilgreina sem áhættuvarinn lið hluta sem er gjaldmiðilsfjárhæð (sjá liði 81A, 89A og AG114–AG132 í IAS-staðli 39).

6.2 ÁHÆTTUVARNARGERNINGAR

Gerningar sem teljast áhættuvarnargerningar

6.2.1 Tilgreina má afleiðu sem er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sem áhættuvarnargerning nema að því er varðar suma útgefna valréttarsamninga (sjá lið B6.2.4).

6.2.2 Tilgreina má óafleidda fjáreign eða óafleidda fjárskuld sem er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sem áhættuvarnargerning nema hún sé fjárskuld, sem er tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning en fjárhæð breytingar á henni á gangvirði sem tengja má breytingum á útlánaáhættu af skuldinni, fram í annarri heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.7. Að því er gengisáhættu erlendra gjaldmiðla varðar má tilgreina gengisáhættuþátt erlendra gjaldmiðla í óafleiddri fjáreign eða óafleiddri fjárskuld sem varinn gerning að því tilskildu að ekki sé um að ræða fjárfestingu í eiginfjárgerningi sem eining hefur valið að setja fram á gangvirði í annarri heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.5.

6.2.3 Í áhættuvarnarreikningsskilum er aðeins hægt að tilgreina sem áhættuvarnargerninga þá samninga við aðila utan einingarinnar sem reikningsskilin taka til (þ.e. utan þeirrar samstæðu eða stöku einingar sem reikningsskilin taka til).

Tilgreining áhættuvarnargerninga

6.2.4 Tilgreina verður gerning, sem telst áhættuvarnargerningur, í heild sinni sem áhættuvarnargerning. Einu leyfilegu undantekningarnar eru:

a) að aðgreina innra virði og tímavirði valréttarsamnings og tilgreina aðeins breytingar á innra virði valréttar-samningsins sem áhættuvarnargerning en ekki breytingar á tímavirði hans (sjá liði 6.5.15 og B6.5.29–B6.5.33),

b) að aðgreina framvirkan þátt og stundartengdan þátt framvirks samnings og tilgreina sem áhættuvarnargerning aðeins breytingu á virði stundartengds þáttar framvirks samnings en ekki framvirka þáttarins; á sama hátt má aðgreina grunnálag erlends gjaldmiðils og útiloka frá tilgreiningu fjármálagernings sem áhættuvarnargernings (sjá liði 6.5.16 og B6.5.34–B6.5.39) og

c) að tilgreina má hlutfall af áhættuvarnargerningnum í heild sinni, t.d. 50% af nafnverði, sem áhættuvarnargerning í áhættuvarnartengslum. Ekki er þó hægt að tilgreina áhættuvarnargerning aðeins fyrir hluta breytingar á honum á gangvirði sem leiðir af því að aðeins hluti tímabils áhættuvarnargerningsins er útistandandi.

6.2.5 Eining getur skoðað í samsetningum, og tilgreint sameiginlega sem áhættuvarnargerning, hvers kyns samsetningu eftirfarandi (einnig þegar áhætta vegna nokkurra áhættuvarnargerninga jafnar út áhættu vegna annarra):

a) afleiðna eða hluta þeirra og

b) óafleiddra gerninga eða hluta þeirra.

6.2.6 Afleiðugerningur, sem sameinar útgefinn valrétt og keyptan valrétt (t.d. vaxtakraga), uppfyllir þó ekki skilyrði fyrir áhættuvarnargerningi ef hann er í reynd hreinn, útgefinn valréttur á tilgreiningardegi (nema hann uppfylli skilyrði í samræmi við B6.2.4). Á sama hátt má tilgreina tvo eða fleiri gerninga (eða hluta þeirra) sem áhættuvarnargerning því aðeins að þeir séu ekki, í samsetningum, í reynd hreinn, útgefinn valréttur á tilgreiningardegi (nema hann uppfylli skilyrði í samræmi við lið B6.2.4).

6.3 ÁHÆTTUVARÐIR LIÐIR

Liðir sem teljast varðir fyrir áhættu

6.3.1 Hægt er að færa áhættuvarinn lið sem eign eða skuld, ófærða, fasta skuldbindingu, áætluð framtíðarviðskipti eða hreina fjárfestingu í erlendum rekstri. Áhættuvarinn liður getur verið:

a) stakur liður eða

b) flokkur liða (með fyrirvara um liði 6.6.1–6.6.6 og B6.6.1–B6.6.16).

Áhættuvarinn liður getur einnig verið þáttur í slíkum lið eða flokki liða (sjá liði 6.3.7 og B6.3.7–B6.3.25).

6.3.2 Meta verður áhættuvarða liðinn með áreiðanlegum hætti.

6.3.3 Ef áhættuvarinn liður er áætluð framtíðarviðskipti (eða þáttur í þeim) verða viðskiptin að vera afar líkleg.

6.3.4 Tilgreina má samanlagða áhættu, sem er samsetning áhættu sem kann að uppfylla skilyrði áhættuvarins liðar í samræmi við lið 6.3.1 og afleiðu, sem áhættuvarinn lið (sjá liði B6.3.3-B6.3.4). Þetta tekur til áætlaðra framtíðarviðskipta samanlagðrar áhættu (þ.e. óskuldbundinna en væntra framtíðarviðskipta sem myndu leiða til áhættu og afleiðu) ef sú áhætta er afar líkleg og, þegar hún hefur orðið og er þar með ekki lengur áætluð, er talin hæf sem áhættuvarinn liður.

6.3.5 Í áhættuvarnarreikningsskilum er aðeins hægt að tilgreina eignir, skuldir, fastar skuldbindingar eða afar líkleg, áætluð framtíðarviðskipti með aðila utan einingarinnar, sem reikningsskil taka til, sem áhættuvarða liði. Nota má áhættuvarnarreikningsskil þegar um er að ræða viðskipti milli eininga innan sömu samstæðu í sérstökum eða aðgreindum reikningsskilum þessara eininga en ekki í samstæðureikningsskilum samstæðunnar, nema í samstæðureikningsskilum fjárfestingareiningar, eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 10, þar sem viðskipti milli fjárfestingareiningar og dótturfélaga hennar, sem eru færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, eru ekki felld út við gerð samstæðureikningsskilanna.

6.3.6 Undantekning frá lið 6.3.5 er þó að gengisáhætta vegna gjaldmiðla, sem varðar peningalið innan samstæðu (t.d. innbyrðis viðskiptaskuldir/viðskiptakröfur tveggja dótturfélaga), getur talist til áhættuvarinna liða í samstæðureikningsskilum ef hún leiðir til óvarinnar stöðu að því er varðar gengishagnað eða -tap sem ekki er að fullu eytt með samstæðureikningsskilum í samræmi við IAS-staðal 21, *áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla*. Í samræmi við IAS-staðal 21 er gengishagnaði eða -tapi á erlendum gjaldmiðlum að því er varðar peningalið innan samstæðu ekki að fullu eytt með samstæðureikningsskilum þegar peningaliðurinn felst í viðskiptum með hann milli tveggja eininga innan samstæðunnar sem hafa mismunandi starfrækslugjaldmiðla. Auk þess má telja að gengisáhætta vegna gjaldmiðla í afar líklegum, áætluðum framtíðarviðskiptum innan samstæðu uppfylli skilyrði áhættuvarins liðar í samstæðureikningsskilum, að því tilskildu að viðskiptin séu tilgreind í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli einingarinnar, sem ætlar að eiga slík viðskipti og að gengisáhættan hafi áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar.

Tilgreining áhættuvarinna liða

6.3.7 Eining getur tilgreint allan liðinn eða þátt hans sem áhættuvarinn lið í áhættuvarnartengslum. Liður felur í heild sinni í sér allar breytingar á sjóðstreymi eða gangvirði liðar. Þáttur felur minna í sér en öll breytingin á gangvirði eða breytileiki í sjóðstreymi liðar. Í því tilviki getur eining tilgreint aðeins eftirfarandi tegundir þátta (þ.m.t. samsetningar) sem áhættuvarða liði:

a) aðeins breytingar í sjóðstreymi eða á gangvirði liðar sem rekja má til sértækrar áhættu (áhættuþáttar), að því tilskildu að greina megi áhættuþáttinn sérstaklega og meta með áreiðanlegum hætti, byggt á mati í tengslum við tiltekið markaðsskipulag (sjá liði B6.3.8–B6.3.15). Áhættuþættir taka aðeins til tilgreiningar á breytingum í sjóðstreymi eða gangvirði áhættuvarins liðar sem er hærri eða lægri en tilgreint verð eða önnur breyta (einhliða áhætta),

b) valið, samningsbundið sjóðstreymi í einu eða fleiri tilvikum,

c) þætti nafnverðs, þ.e. sértækan hluta fjárhæðar liðar (sjá lið B6.3.16–B6.3.20).

6.4 SKILYRÐI VEGNA ÁHÆTTUVARNARREIKNINGSSKILA

6.4.1 Áhættuvarnartengsl uppfylla skilyrði vegna áhættuvarnarreikningsskila þá og því aðeins að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) áhættuvarnartengsl samanstanda aðeins af áhættuvarnargerningum og hæfum áhættuvörðum liðum,

b) þegar áhættuvarnartengslin eru tekin upp eru þau formlega tilgreind og gögn um þau skráð ásamt markmiðum og áætlun einingarinnar vegna áhættuvarnarinnar. Í skráningunni skal m.a. koma fram auðkenning áhættuvarnargerningsins, áhættuvarði liðurinn, eðli varinnar áhættu og hvernig eining mun meta hvort áhættuvarnartengsl uppfylla kröfur um skilvirkni áhættuvarnar (m.a. greiningu sína á uppsprettu óskilvirkni áhættuvarnar og hvernig hún ákvarðar *áhættuvarnarhlutfallið*),

c) áhættuvarnartengsl sem uppfylla eftirfarandi kröfur um skilvirkni áhættuvarnar:

(i) fyrir liggja efnahagstengsl milli áhættuvarða liðarins og áhættuvarnargerningsins (sjá liði B6.4.4–B6.4.6),

(ii) áhrif útlánaáhættu er ekki ráðandi þáttur í breytingum á verðmæti sem leiðir af þeim efnahagstengslum (sjá liði B6.4.7–B6.4.8) og

(iii) áhættuvarnarhlutfall áhættuvarnartengslanna er hið sama og leiðir af magni áhættuvarins liðar sem einingin hefur í reynd varið áhættu og af magni áhættuvarnargernings sem einingin notar í reynd til að áhættuverja þetta magn áhættuvarins liðar. Þó skal tilgreining ekki endurspegla ójafnvægi milli vægis áhættuvarins liðar og áhættuvarnargernings sem myndi leiða til óskilvirkni áhættuvarnar (óháð því hvort færsla hefur átt sér stað) sem kann að leiða til reikningsskilaniðurstöðu sem væri í ósamræmi við tilgang áhættuvarnarreikningsskilanna (sjá liði B6.4.9–B6.4.11).

6.5 REIKNINGSSKIL SEM UPPFYLLA SKILYRÐI ÁHÆTTUVARNARTENGSLA

6.5.1 Eining beitir áhættuvarnarreikningsskilum gagnvart áhættuvarnartengslum sem uppfylla skilyrði í lið 6.4.1 (sem tekur til ákvörðunar einingarinnar um að tilgreina áhættuvarnartengsl).

6.5.2 Til eru þrjár tegundir áhættuvarnartengsla:

a) gangvirðisvörn: áhættuvörn gegn breytingum á gangvirði færðrar eignar eða skuldar eða ófærðrar, fastrar skuldbindingar, eða hluti slíks liðar sem rekja má til sérstakrar áhættu og gæti haft áhrif á rekstrarreikning,

b) sjóðstreymisvörn: vörn gegn breytingum á sjóðstreymi sem má rekja til sérstakrar áhættu í tengslum við færða eign eða skuld í heild eða að hluta (s.s. allar eða nokkrar framtíðarvaxtagreiðslur á breytilegum vöxtum) eða afar líklegra, áætlaðra framtíðarviðskipta, og gæti haft áhrif á rekstrarreikning,

c) vörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri eins og hann er skilgreindur í IAS-staðli 21.

6.5.3 Ef áhættuvarinn liður er eiginfjárgerningur, sem eining hefur valið að setja fram breytingar fyrir á gangvirði í annarri heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.5, verður áhættuskuldbindingin, sem um getur í a-lið í lið 6.5.2, að vera áhættuskuldbinding sem gæti hafi áhrif á aðra heildarafkomu. Þá og því aðeins er færð óskilvirkni áhættuvarnar sett fram í annarri heildarafkomu.

6.5.4 Áhættuvörn vegna gengisáhættu erlendra gjaldmiðla í fastri skuldbindingu má færa sem gangvirðisvörn eða sem sjóðstreymisvörn.

6.5.5 Ef áhættuvarnartengsl uppfylla ekki lengur kröfu um skilvirkni áhættuvarnar í tengslum við áhættuvarnarhlutfallið (sjá iii. lið í c-lið í lið 6.4.1) en markmið áhættustjórnunar í þeim tilgreindu áhættuvarnartengslum helst óbreytt skal eining leiðrétta áhættuvarnarhlutfall áhættuvarnartengslanna þannig að það uppfylli skilyrði á ný (vísað er til þessa í þessum staðli sem „endurstillingar“, sjá liði B6.5.7–B6.5.21).

6.5.6 Eining getur hætt áhættuvarnarreikningsskilum framvirkt einungis þegar áhættuvarnartengsl (eða hluti áhættuvarnartengsla) uppfylla ekki lengur skilyrði (að teknu tilliti til hvers kyns endurstillingar á áhættuvarnartengslum, ef við á). Þetta tekur til tilvika þar sem áhættuvarnargerningurinn rennur út eða er seldur, honum er slitið eða hann er nýttur. Þegar áhættuvarnargerningur er endurnýjaður eða framlengdur með öðrum áhættuvarnargerningi telst hann í þessu skyni ekki renna út eða vera slitið ef slík skipti eða endurnýjun er hluti af og í samræmi við skráð markmið einingarinnar um áhættustjórnun. Til viðbótar við þetta rennur áhættuvarnargerningur hvorki út né er slitið ef:

a) aðilar að áhættuvarnargerningnum koma sér saman um, vegna laga eða reglugerða eða innleiðingar á lögum eða reglugerðum, að einn eða fleiri mótaðilar komi í stað upphaflegs mótaðila þeirra og verði nýr mótaðili sérhvers aðila. Hvað þetta varðar er greiðslujöfnunarmótaðili miðlægur mótaðili (stundum kallaður „greiðslujöfnunarfyrirtæki“ eða „greiðslujöfnunarstofnun“) eða eining eða einingar, t.d. greiðslujöfnunaraðili greiðslujöfnunarfyrirtækis eða viðskiptavinur greiðslujöfnunaraðila eða greiðslujöfnunarfyrirtækis, sem kemur fram sem mótaðili við framkvæmd greiðslujöfnunar miðlægs mótaðila. Ef aðilarnir að áhættuvarnargerningnum skipta út upphaflegum mótaðilum sínum fyrir aðra mótaðila skal krafa þessarar undirgreinar þó aðeins gilda ef hver þessara aðila framkvæmir greiðslujöfnun hjá sama miðlæga mótaðila,

b) aðrar breytingar, ef einhverjar eru, á áhættuvarnargerningnum takmarkast við þær sem eru nauðsynlegar til að framkvæma slík skipti á mótaðila. Slíkar breytingar takmarkast við þær sem eru í samræmi við skilmálana sem vænst er ef áhættuvarnargerningurinn væri upphaflega greiðslujafnaður hjá greiðslujöfnunarmótaðilanum. Þessar breytingar eru m.a. breytingar á kröfum um tryggingar, réttindum til að skuldajafna viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir og á álögðum gjöldum.

Ef áhættuvarnarreikningsskilum er hætt getur það annaðhvort haft áhrif á áhættuvarnartengsl í heild sinni eða hluta þeirra (í því tilviki halda áhættuvarnarreikningsskil áfram til loka áhættuvarnartengslanna).

6.5.7 Eining skal beita:

a) lið 6.5.10 þegar hún hættir áhættuvarnarreikningsskilum fyrir gangvirðisvörn þar sem áhættuvarði liðurinn er fjármálagerningur (eða er hluti af honum) metinn á afskrifuðu kostnaðarverði og

b) lið 6.5.12 þegar hún hættir áhættuvarnarreikningsskilum fyrir sjóðstreymisvörn.

Gangvirðisvarnir

6.5.8 Svo framarlega sem gangvirðisvörn uppfyllir skilyrði liðar 6.4.1 skulu reikningsskil áhættuvarnartengsla vera sem hér segir:

a) færa skal hagnað eða tap af áhættuvarnargerningi í rekstrarreikning (eða aðra heildarafkomu ef áhættuvarnargerningurinn ver eiginfjárgerning sem eining hefur valið að setja fram breytingar fyrir á gangvirði í annarri heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.5),

b) áhættuvarnarhagnaðurinn- eða tapið af áhættuvarða liðnum skal leiðrétta bókfært verð áhættuvarða liðarins (ef við á) og færa í rekstrarreikning. Ef áhættuvarinn liður er fjáreign (eða hluti hennar) sem er metin á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2A skal færa áhættuvarnarhagnaðinn- eða tapið af áhættuvarða liðnum í rekstrarreikning. Ef áhættuvarinn liður er eiginfjárgerningur, sem eining hefur valið að setja fram breytingar fyrir á gangvirði í annarri heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.5, skulu þessar fjárhæðir vera áfram í annarri heildarafkomu. Þegar áhættuvarinn liður er ófærð, föst skuldbinding (eða hluti hennar) er uppsöfnuð breyting á gangvirði áhættuvarða liðarins eftir tilgreiningu hans færð sem eign eða skuld og tilsvarandi hagnaður eða tap fært í rekstrarreikning.

6.5.9 Þegar áhættuvarinn liður í gangvirðisvörn er föst skuldbinding (eða hluti hennar) um að kaupa eign eða taka á sig skuld er upphaflegt bókfært verð eignarinnar eða skuldarinnar, sem leiðir af því að einingin stendur við föstu skuldbindinguna, leiðrétt þannig að það taki til uppsafnaðrar breytingar á gangvirði áhættuvarða liðarins sem var fært í efnahagsreikning.

6.5.10 Leiðréttingar, sem rekja má til b-liðar í lið 6.5.8, skal afskrifa í rekstrarreikningi ef áhættuvarði liðurinn er fjármálagerningur (eða hluti hans), metinn á afskrifuðu kostnaðarverði. Hefja má afskriftir jafnskjótt og leiðrétting hefur verið gerð og skal hefja þær eigi síðar en þegar hætt er að leiðrétta áhættuvarða liðinn vegna áhættuvarnar-hagnaðar eða -taps. Afskrift miðast við endurreiknaða virka vexti daginn sem afskriftirnar hefjast. Þegar um er að ræða fjáreign (eða hluta hennar), sem er áhættuvarinn liður og er metin á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2A, eiga afskriftir við með sama hætti en á fjárhæðinni sem sýnir uppsafnaðan hagnað eða tap, sem var áður fært í samræmi við b-lið í lið 6.5.8, í stað þess að leiðrétta bókfært verð.

Sjóðstreymisvarnir

6.5.11 Svo fremi að sjóðstreymisvörn uppfyllir skilyrði liðar 6.4.1 skulu reikningsskil áhættuvarnartengsla vera sem hér segir:

a) sá aðgreindi þáttur eigin fjár sem tengist áhættuvarða liðnum (varasjóður sjóðstreymisvarnar) er leiðréttur miðað við það sem lægra er af eftirfarandi (í hreinum fjárhæðum):

(i) uppsafnaður hagnaður eða uppsafnað tap af áhættuvarnargerningnum frá því að vörnin tók gildi og

(ii) uppsöfnuð breyting á gangvirði (núvirði) áhættuvarða liðarins (þ.e. núvirði uppsafnaðrar breytingar á áhættuvörðu, væntu framtíðarsjóðstreymi) frá því að áhættuvörnin tók gildi,

b) sá hluti hagnaðar eða taps af áhættuvarnargerningnum sem er ákvarðaður sem skilvirk áhættuvörn (þ.e. sá hluti sem er jafnaður með varasjóði sjóðstreymisvarnar sem er reiknaður út í samræmi við a-lið) skal færður í aðra heildarafkomu,

c) eftirstæður hagnaður eða tap af áhættuvarnargerningnum (eða hagnaður eða tap sem þörf er á til að jafna breytingu á varasjóði sjóðstreymisvarnar sem er reiknaður út í samræmi við a-lið) er óskilvirk áhættuvörn sem færa skal í rekstrarreikning,

d) uppsöfnuð fjárhæð í varasjóði sjóðstreymisvarnar í samræmi við a-lið skal færð sem hér segir:

(i) ef áhættuvarin, áætluð framtíðarviðskipti leiða síðar til færslu ófjárhagslegrar eignar eða ófjár-hagslegrar skuldar eða áhættuvarin, áætluð framtíðarviðskipti vegna ófjárhagslegrar eignar eða ófjárhagslegrar skuldar verða að fastri skuldbindingu, sem áhættuvarnarreikningsskilum á gangvirði er beitt á, skal einingin færa fjárhæðina úr varasjóði sjóðstreymisvarnar og setja hana beint í upphaflegt kostnaðarverð eða annað bókfært verð eignar eða skuldar. Þetta er ekki endurflokkunarleiðréttting (sjá IAS-staðal 1) og hefur því ekki áhrif á aðra heildarafkomu,

(ii) að því er varðar sjóðstreymisvarnir, aðrar en þær sem fjallað er um í i. lið, skal endurflokka þessa fjárhæð úr varasjóði sjóðstreymisvarnar í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu (sjá IAS-staðal 1) á sama tímabili eða sömu tímabilum og áhættuvarið, vænt framtíðarsjóðstreymi hefur áhrif á rekstrarreikning (t.d. á tímabilum þegar vaxtatekjur eða vaxtakostnaður er færður eða fyrirhuguð sala fer fram),

(iii) ef þessi fjárhæð er tap og eining væntir þess að allt tapið, eða hluti þess, endurheimtist ekki á einu eða fleiri framtíðartímabilum skal hún þó þegar í stað endurflokka og færa í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu þá fjárhæð sem ekki er búist við að endurheimtist (sjá IAS-staðal 1).

6.5.12 Þegar eining hættir áhættuvarnarreikningsskilum vegna sjóðstreymisvarnar (sjá liði 6.5.6 og b-lið í lið 6.5.7) skal hún færa þá fjárhæð, sem hefur safnast í varasjóð sjóðstreymisvarnar í samræmi við a-lið í lið 6.5.11, sem hér segir:

a) ef áhættuvarins framtíðarsjóðstreymis er enn vænst skal fjárhæðin vera áfram í varasjóði sjóðstreymisvarnar þar til framtíðarsjóðstreymi verður eða þar til iii. lið í d-lið í lið 6.5.11 er beitt. Þegar framtíðarsjóðstreymi verður gildir d-liður liðar 6.5.11,

b) ef áhættuvarins framtíðarsjóðstreymis er ekki lengur vænst skal endurflokka fjárhæðina þegar í stað úr varasjóði sjóðstreymisvarnar í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu (sjá IAS-staðal 1). Áhættuvarið framtíðarsjóðstreymi sem ekki er lengur afar líklegt að muni verða kann enn að eiga sér stað.

Áhættuvarnir vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri

6.5.13 Áhættuvarnir hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri, þ.m.t. varnir vegna peningaliðar sem er færður sem hluti hreinu fjárfestingarinnar (sjá IAS-staðal 21), skulu færðar með sambærilegum hætti og sjóðstreymisvarnir:

a) sá hluti hagnaðar eða taps af áhættuvarnargerningnum, sem er ákvarðaður sem skilvirk áhættuvörn, skal færður í aðra heildarafkomu (sjá lið 6.5.11) og

b) óskilvirki hlutinn skal færður í rekstrarreikning.

6.5.14 Uppsafnaðan hagnað eða tap af áhættuvarnargerningnum, sem tengist skilvirkum hluta áhættuvarnarinnar sem hefur verið safnað í varasjóð vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan, skal endurflokka úr eigin fé í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu (sjá IAS-staðal 1), í samræmi við 48.–49. lið í IAS-staðli 21, þegar erlenda rekstrinum eða hluta hans er ráðstafað.

Reikningsskil tímavirðis valréttarsamninga

6.5.15 Þegar eining aðskilur innra virði og tímavirði valréttarsamnings og tilgreinir sem áhættuvarnargerning einungis breytinguna sem verður á innra virði valréttarsamningsins (sjá a-lið í lið 6.2.4) skal hún færa tímavirði valréttarsamningsins sem hér segir (sjá lið B6.5.29–B6.5.33):

a) Eining skal aðgreina tímavirði valréttarsamninga eftir tegund áhættuvarins liðar sem er varinn með valréttarsamningnum (sjá lið B6.5.29):

(i) viðskiptatengdur áhættuvarinn liður eða

(ii) tímatengdur áhættuvarinn liður.

b) Breytingu á gangvirði tímavirðis valréttarsamnings, sem ver viðskiptatengdan áhættuvarinn lið, skal færa í aðra heildarafkomu að því marki sem hún tengist áhættuvarða liðnum og henni skal safnað í sérstakan eiginfjárþátt. Færa skal uppsafnaða breytingu á gangvirði, sem leiðir af tímavirði valréttarsamningsins sem hefur verið safnað upp í sérstakan eiginfjárþátt („fjárhæðin“), sem hér segir:

(i) Ef áhættuvarin liður leiðir síðar til færslu ófjárhagslegrar eignar eða ófjárhagslegrar skuldar eða fastrar skuldbindingar vegna ófjárhagslegrar eignar eða ófjárhagslegrar skuldar, sem áhættuvarnarreikningsskilum á gangvirði er beitt á, skal einingin færa fjárhæðina úr sérstökum eiginfjárþætti og setja hana beint í upphaflegt kostnaðarverð eða annað bókfært verð eignar eða skuldar. Þetta er ekki endurflokkunarleiðrétting (sjá IAS-staðal 1) og hefur því ekki áhrif á aðra heildarafkomu.

(ii) Að því er áhættuvarnartengsl varðar, önnur en þau sem fjallað er um í i. lið, skal endurflokka fjárhæðina úr sérstökum eiginfjárþætti í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu (sjá IAS-staðal 1) á sama tímabili eða sömu tímabilum og áhættuvarið, vænt framtíðarsjóðstreymi hefur áhrif á rekstrarreikning (t.d. þegar fyrirhuguð sala fer fram).

(iii) Ef þess er ekki vænst að unnt verði að endurheimta fjárhæðina í heild eða að hluta skal sá hluti hennar, sem ekki er gert ráð fyrir að endurheimtist, þó endurflokkaður þegar í stað í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðrétting (sjá IAS-staðal 1).

c) Breyting á gangvirði tímavirðis valréttarsamnings sem ver tímatengdan áhættuvarinn lið skal færa í aðra heildarafkomu að því marki sem hún tengist áhættuvarða liðnum og skal safna í sérstakan eiginfjárþátt. Afskrifa skal tímavirði á þeim degi þegar valréttarsamningurinn er tilgreindur sem áhættuvarnargerningur, að því marki sem það tengist áhættuvarða liðnum, á kerfisbundinn og rökréttan hátt á því tímabili þegar áhættuvarin leiðrétting vegna innra virðis valréttarsamningsins gæti haft áhrif á rekstrarreikning (eða aðra heildarafkomu ef áhættuvarði liðurinn er eiginfjárgerningur sem einingin hefur valið að setja fram breytingar fyrir á gangvirði í annarri heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.5). Að því leiðir að á hverju reikningsskilatímabili skal endurflokka afskrifaða fjárhæð úr sérstökum eiginfjárþætti í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu (sjá IAS-staðal 1). Ef áhættuvarnarreikningsskilum vegna áhættuvarnartengsla, er taka til breytingar á innra virði valréttarsamnings sem áhættuvarnargernings, er hætt skal þó endurflokka hreina fjárhæð (þ.e. að meðtöldum uppsöfnuðum afskriftum), sem hefur safnast upp í sérstakan eiginfjárþátt, þegar í stað í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu (sjá IAS-staðal 1).

Reikningsskil framvirks þáttar í framvirkum samningum og grunnálags erlendra gjaldmiðla í fjármálagerningum

6.5.16 Þegar eining aðgreinir framvirkan þátt og stundartengdan þátt framvirks samnings og tilgreinir sem áhættu varnargerning einungis breytinguna á virði stundartengds þáttar í framvirkum samningi, eða þegar eining aðgreinir grunnáhættu erlends gjaldmiðils frá fjármálagerningi og útilokar hana frá tilgreiningu þess fjármálagernings sem áhættuvarnargernings (sjá b-lið í lið 6.2.4) getur einingin beitt lið 6.5.15 á framvirka þáttinn í framvirka samningnum eða á grunnálag erlenda gjaldmiðilsins á sama hátt og hún beitir honum gagnvart tímavirði valréttarsamnings. Í því tilviki skal einingin nota leiðbeiningar um beitingu í liðum B6.5.34–B6.5.39.

6.6 ÁHÆTTUVÖRN FLOKKS LIÐA

Flokkur liða uppfyllir skilyrði sem áhættuvarinn liður

6.6.1 Flokkur liða (þ.m.t. flokkur liða sem telst vera hrein staða; sjá liði B6.6.1–B6.6.8) telst hæfur áhættuvarinn liður því aðeins að:

a) hann samanstandi af liðum (þ.m.t. þáttum liða) sem eru, hver um sig, hæfur áhættuvarinn liður,

b) liðunum í flokknum sé stjórnað sameiginlega á grundvelli flokksins að því er áhættustjórnun varðar og

c) þegar um er að ræða sjóðstreymisvörn flokka liða þar sem ekki er gert ráð fyrir að breytileiki í sjóðstreymi sé nokkurn veginn hlutfallslegur miðað við heildarbreytileika í sjóðstreymi flokksins þannig að fram koma áhættustöður sem jafna hver aðra út:

(i) hann sé vörn vegna gengisáhættu erlendra gjaldmiðla og

(ii) greint sé frá reikningsskilatímabili í tilgreiningu á þessari hreinu stöðu þar sem þess er vænst að áætluð framtíðarviðskipti hafi áhrif á rekstrarreikning, og enn fremur eðli þeirra og magni (sjá liði B6.6.7–B6.6.8).

Tilgreining þáttar á nafnverði

6.6.2 Þáttur, sem er hluti af hæfum flokki liða, er hæfur áhættuvarinn liður að því tilskildu að tilgreiningin sé í samræmi við áhættustjórnunarmarkmið einingarinnar.

6.6.3 Lag í yfirskipuðum flokki liða (t.d. neðsta lag) er hæft til áhættuvarnarreikningsskila því aðeins að:

a) það sé hægt að aðgreina og meta með áreiðanlegum hætti,

b) áhættustjórnunarmarkmiðið sé að áhættuverja lag,

c) liðir í yfirskipaða flokknum, sem lagið er greint í, séu varðar gegn sömu áhættu (þannig að mat á áhættuvörðu lagi verði ekki fyrir verulegum áhrifum af því hvaða liðir úr yfirskipuðum flokki mynda hluta áhættuvarins lags),

d) eining geti, til að áhættuverja fyrirliggjandi liði (t.d. ófærða, fasta skuldbindingu eða færða eign), greint og rakið yfirskipaðan flokk liða þaðan sem áhættuvarða lagið er komið (þannig að einingin geti uppfyllt kröfur varðandi reikningsskil áhættuvarnartengsla sem uppfylla skilyrði) og

e) liðir í flokknum, sem fela í sér uppgreiðslurétt, uppfylli kröfur um nafnverðsþætti (sjá lið B6.3.20).

Framsetning

6.6.4 Að því er varðar flokk liða með áhættustöður sem jafna hver aðra út (þ.e. í áhættuvörn hreinnar stöðu) þar sem áhætta, sem varið er gegn, hefur áhrif á mismunandi sérlínur í rekstrarreikningi og annarri heildarafkomu skal hvers kyns áhættuvarinn hagnaður eða tap í rekstrarreikningnum sett fram í sérlínu sem er aðgreind frá þessum áhættuvörðu liðum sem verða fyrir áhrifum. Þar af leiðir að fjárhæð í sérlínu, sem tengist sjálfum áhættuvarða liðnum (t.d. tekjur af eða kostnaðar við sölu), verður ekki fyrir áhrifum.

6.6.5 Að því er varðar eignir og skuldir, sem eru áhættuvarðar saman sem flokkur í gangvirðisvörn, skal færa hagnað eða tap í efnahagsreikningi af stökum eignum og skuldum sem leiðréttingu á bókfærðu verði viðkomandi stakra liða sem flokkurinn samanstendur af í samræmi við b-lið í lið 6.5.8.

Hreinar stöður á núlli

6.6.6 Þegar áhættuvarinn liður er flokkur, sem er hrein staða á núlli (þ.e. áhættuvörðu liðirnir jafna sín á milli út áhættuna sem er stjórnað á grundvelli flokksins), er einingu heimilt að tilgreina hann í áhættuvarnartengslum sem tekur ekki til áhættuvarnargernings, að því tilskildu að:

a) áhættuvörnin sé hluti af áætlun um framlengda hreina áhættuvörn þar sem einingin ver almennt nýjar stöður af sömu tegund með tímanum (t.d. þegar viðskipti koma inn í þann tímaramma sem einingin ver gegn áhættu),

b) stærð áhættuvarinnar hreinnar stöðu breytist á líftíma ætlunar um framlengda hreina áhættuvörn og einingin notar hæfa áhættuvarnargerninga til að verja hreina áhættu (þ.e. þegar hreina staðan er ekki á núlli),

c) áhættuvarnarreikningsskilum sé almennt beitt gagnvart slíkum hreinum stöðum þegar hreina staðan er ekki á núlli og ekki varin með hæfum áhættuvarnargerningum og

d) það að beita ekki áhættuvarnarreikningsskilum gagnvart hreinni stöðu á núlli leiddi til ósamkvæmra reikningsskilaniðurstaðna vegna þess að reikningsskilin myndu ekki færa áhættustöður sem jafna hver aðra út sem annars yrðu færðar í áhættuvörn hreinnar stöðu.

6.7 MÖGULEIKI Á AÐ TILGREINA LÁNAÁHÆTTU SEM GANGVIRÐI Í GEGNUM REKSTRARREIKNING

Lánaáhætta uppfyllir skilyrði fyrir því að vera tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

6.7.1 Ef eining notar lánaafleiðu, sem er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, til að stýra lánaáhættu fjármálagernings í heild eða að hluta (lánaáhætta) getur hún tilgreint þann fjármálagerning, að því marki sem honum er stjórnað með þessum hætti (þ.e. í heild eða að hluta), og metið á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef:

a) heiti lánaáhættu (t.d. lántaki eða handhafi lánsskuldbindingar) passar við tilgreindan aðila á lánaafleiðunni („nafnapörun“) og

b) forgangur fjármálagerningsins passar við forgang þeirra gerninga sem hægt er að afhenda í samræmi við lánaafleiðuna.

Eining getur sett þessa tilgreiningu fram óháð því hvort fjármálagerningurinn, sem er í stýringu vegna útlánaáhættu, sé innan gildissviðs þessa staðals (t.d. getur eining tilgreint lánsskuldbindingar sem eru utan gildissviðs þessa staðals). Einingin skal tilgreina fjármálagerninginn við upphafsfærslu, eða í kjölfar hennar, eða á meðan hún er ófærð. Einingin skal skrá tilgreininguna á sama tíma.

Reikningsskil vegna lánaáhættu sem er tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

6.7.2 Ef fjármálagerningur er tilgreindur í samræmi við lið 6.7.1 á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eftir upphafsfærslu hans, eða ef hann var ekki færður áður, skal mismunurinn við tilgreiningu milli bókfærðs verðs, ef það er fyrir hendi, og gangvirðis þegar í stað fært í rekstrarreikning. Endurflokka skal uppsafnaðan hagnað eða tap, sem var áður fært í aðra afkomu, þegar í stað úr eigið fé í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu (sjá IAS-staðal 1) að því er varðar fjáreignir sem eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2A.

6.7.3 Eining skal hætta að meta fjármálagerninginn, sem leiddi til útlánaáhættu, eða hluta hans á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef:

a) þau skilyrði, sem þarf að uppfylla í lið 6.7.1, eru ekki lengur uppfyllt, t.d.:

(i) lánaafleiða eða tengdur fjármálagerningur sem leiðir til þess að útlánaáhætta rennur út eða er seld, henni slitið eða hún gerð upp eða

(ii) útlánaáhættu af fjármálagerningnum er ekki lengur stjórnað með lánaafleiðum. Þetta gæti t.d. orðið vegna umbóta á útlánagæðum lántaka eða handhafa lánsskuldbindingar eða breytinga á eiginfjárkröfum sem gerðar eru gagnvart einingu og

b) ekki er nauðsynlegt að meta fjármálagerning, leiðir til útlánaáhættu, að öðru leyti á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (þ.e. viðskiptalíkan einingarinnar hefur ekki breyst í millitíðinni þannig að endurflokkun í samræmi við lið 4.4.1 var nauðsynleg).

6.7.4 Þegar eining hættir að meta fjármálagerning, sem leiðir til útlánaáhættu, eða hluta hans á gangvirði í gegnum rekstrarreikning verður gangvirði hans á stöðvunardegi nýtt bókfært verð hans. Síðan skal beita sama mati og var notað fyrir tilgreiningu fjármálagerningsins á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (þ.m.t. afskriftir sem leiðir af nýju bókfærðu verði). Til dæmis myndi fjáreign, sem var í upphafi flokkuð þannig að hún sé metin á afskrifuðu kostnaðarverði, taka aftur upp það mat og skilvirkir vextir hennar endurreiknaðir á grundvelli hins nýja verga bókfærða verðs á þeim degi þegar mat á gangvirði í gegnum rekstrarreikning var hætt.

6.8 TÍMABUNDNAR UNDANÞÁGUR FRÁ BEITINGU SÉRTÆKRA KRAFNA UM ÁHÆTTUVARNARREIKNINGSSKIL

6.8.1 Einingar skulu beita liðum 6.8.4–6.8.12, lið 7.1.8 og d-lið í lið 7.2.26 á öll áhættuvarnartengsl sem endurbætur á vaxtaviðmiðunum hafa bein áhrif á. Þessir liðir gilda eingöngu um slík áhættuvarnartengsl. Áhættuvarnartengsl verða aðeins fyrir beinum áhrifum af endurbótum á vaxtaviðmiðunum ef endurbæturnar leiða til óvissu um:

a) vaxtaviðmiðanir (tilgreindar í eða utan samninga) sem tilteknar eru sem áhætta sem varið er gegn og/eða

b) tímasetningu eða fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarins liðar eða áhættuvarnargernings sem byggir á vaxtavið miðun.

6.8.2 Við beitingu liða 6.8.4–6.8.12 vísar hugtakið „endurbætur á vaxtaviðmiðunum“ til endurbóta á vaxtaviðmiðun á markaði, þ.m.t. að skipta vaxtaviðmiðun út fyrir aðra viðmiðunarvexti eins og þá sem leiða af tilmælum sem sett eru fram í skýrslu ráðgjafarnefndarinnar um fjármálastöðugleika í júlí 2014 um „Endurbætur á helstu vaxtaviðmiðunum ([51]).

6.8.3 Í liðum 6.8.4–6.8.12 eru aðeins veittar undanþágur frá kröfunum sem tilgreindar eru í þeim liðum. Eining skal áfram beita öllum kröfum um áhættuvarnarreikningsskil á áhættuvarnartengsl sem endurbætur á vaxtaviðmiðunum hafa bein áhrif á.

([51]) Nálgast má skýrsluna „Endurbætur á helstu vaxtaviðmiðunum (e. *Reforming Major Interest Rate Benchmarks*)“ á http://www.fsb.org/wp-content/uploads/r_140722.pdf

Krafa um afar líkleg viðskipti fyrir sjóðstreymisvarnir

6.8.4 Í þeim tilgangi að ákvarða hvort áætluð framtíðarviðskipti (eða hluti þeirra) séu afar líkleg eins og krafist er í lið 6.3.3 skal eining líta svo á að vaxtaviðmiðun, sem áhættuvarið sjóðstreymi (tilgreint í eða utan samninga) er byggt á, sé ekki breytt í kjölfar endurbóta á vaxtaviðmiðunum.

Endurflokkun uppsafnaðra fjárhæða í varasjóði sjóðstreymisvarnar

6.8.5 Við beitingu kröfunnar í lið 6.5.12 til að ákvarða hvort áhættuvarið framtíðarsjóðstreymi sé líklegt skal eining líta svo á að vaxtaviðmiðun, sem áhættuvarið sjóðstreymi (tilgreint í eða utan samninga) er byggt á, sé ekki breytt í kjölfar endurbóta á vaxtaviðmiðunum.

Mat á efnahagstengslum milli áhættuvarða liðarins og áhættuvarnargerningsins

6.8.6 Við beitingu krafnanna í i. lið c-liðar í lið 6.4.1 og liðum B6.4.4–B6.4.6 skal eining líta svo á að vaxtaviðmiðun, sem áhættuvarið sjóðstreymi og/eða áhætta sem varið er gegn (tilgreind í eða utan samninga) er byggð á, eða vaxtaviðmiðun, sem sjóðstreymi í áhættuvarnargerningum er byggð á, sé ekki breytt í kjölfar endurbóta á vaxtaviðmiðunum.

Að tilgreina þátt liðar sem áhættuvarinn lið

6.8.7 Eining skal aðeins beita kröfu a-liðar í lið 6.3.7 og liðar B6.3.8, um að áhættuþætti skuli aðgreina sérstaklega, við upphaf áhættuvarnartengsla að því er varðar áhættuvarnir á viðmiðunarþætti vaxtaáhættu sem tilgreindar er utan samninga nema liður 6.8.8 eigi við.

6.8.8 Þegar eining, í samræmi við skjalfestingu áhættuvarnarinnar, endurstillir oft (þ.e. afleggur og hefur að nýju) áhættuvarnartengsl vegna þess að bæði áhættuvarnargerningurinn og áhættuvarði liðurinn breytast oft (þ.e. einingin notar sívirkt ferli þar sem bæði áhættuvörðu liðirnir og áhættuvarnargerningarnir, sem eru notaðir til að stjórna áhættuvarnarskuldbindingunni, eru ekki lengi eins), skal eining aðeins beita kröfu a-liðar í lið 6.3.7 og liðar B6.3.8, um að áhættuþætti skuli aðgreina sérstaklega, þegar hún tilgreinir áhættuvarinn lið upphaflega í þeim áhættuvarnartengslum. Áhættuvarinn liður, sem hefur verið metinn þegar hann var upphaflega tilgreindur í áhættuvarnartengslunum, hvort sem það var við upphaf áhættuvarna eða síðar, er ekki endurmetinn við síðari endurtilgreiningu í sömu áhættuvarnartengslum.

Lok beitingar

6.8.9 Eining skal hætta framvirkt að beita lið 6.8.4 á áhættuvarinn lið við hið fyrra af eftirfarandi:

a) þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarins liðar sem byggð er á vaxtaviðmiðunum og

b) þegar áhættuvarnartengsl sem áhættuvarinn liður er hluti af eru aflögð.

6.8.10 Eining skal framvirkt hætta að beita lið 6.8.5 þegar hið fyrra af eftirfarandi á sér stað:

a) þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar tímasetningu og fjárhæð framtíðarsjóðstreymis áhættuvarins liðar sem byggð er á vaxtaviðmiðunum og

b) þegar uppsöfnuð heildarfjárhæð í varasjóði sjóðstreymisvarnar að því er varðar þessi aflögðu áhættuvarnartengsl hefur verið endurflokkuð í rekstrarreikning.

6.8.11 Eining skal framvirkt hætta að beita lið 6.8.6:

a) á áhættuvarinn lið þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar áhættu sem varið er gegn eða tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarins liðar sem byggð er á vaxtaviðmiðunum og

b) á áhættuvarnargerning þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarnargerningsins sem byggð er á vaxtaviðmiðunum.

Ef áhættuvarnartengslin, sem áhættuvarði liðurinn og áhættuvarnargerningurinn eru hluti af, eru aflögð fyrir þann dag sem tilgreindur er í a-lið í lið 6.8.11 eða þann dag sem tilgreindur er í b-lið í lið 6.8.11 skal einingin hætta framvirkt að beita lið 6.8.6 á þau áhættuvarnartengsl á degi aflagningarinnar.

6.8.12 Þegar flokkur liða er tilgreindur sem áhættuvarinn liður eða sambland fjármálagerninga sem áhættuvarnargerningur skal eining hætta framvirkt að beita liðum 6.8.4–6.8.6 á stakan efnahagslið eða fjármálagerning í samræmi við liði 6.8.9, 6.8.10 eða 6.8.11, eftir því sem við á, þegar óvissan sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar áhættu sem varið er gegn og/eða tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis þess efnahagsliðar eða fjármálagernings sem byggð er á vaxtaviðmiðunum.

6.8.13 Eining skal framvirkt hætta að beita liðum 6.8.7 og 6.8.8 þegar hið fyrra af eftirfarandi á sér stað:

a) þegar breytingar sem krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum eru gerðar á tilgreindum ósamnings-bundnum áhættuþætti með beitingu liðar 6.9.1 eða

b) þegar áhættuvarnartengslum, þar sem ósamningsbundni áhættuþátturinn er tilgreindur, lýkur.

6.9 TÍMABUNDNAR VIÐBÓTARUNDANÞÁGUR SEM VERÐA VEGNA ENDURBÓTA Á VAXTAVIÐMIÐUNUM

6.9.1 Þegar og ef kröfurnar í liðum 6.8.4–6.8.8 hætta að gilda um áhættuvarnartengsl (sjá liði 6.8.9–6.8.13) skal eining breyta formlegri tilgreiningu þeirra áhættuvarnartengsla eins og þau voru áður skjalfest til að endurspegla breytingarnar sem krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum, þ.e. breytingarnar eru í samræmi við kröfurnar í liðum 5.4.6–5.4.8. Í þessu samhengi skal aðeins breyta áhættuvarnatilgreiningu til að gera eina eða fleiri af eftirfarandi breytingum:

a) tilgreina aðra viðmiðunarvexti (tilgreindir innan eða utan samninga) sem áhættu sem varið er gegn,

b) breyta lýsingunni á áhættuvarða liðnum, þ.m.t. lýsingunni á tilgreindum hluta sjóðstreymisins eða gangvirðisins sem er áhættuvarið eða

c) breyta lýsingunni á áhættuvarnargerningnum.

6.9.2 Eining skal einnig beita kröfunni í c-lið liðar 6.9.1 að uppfylltum eftirfarandi þremur skilyrðum:

a) einingin gerir breytingar sem krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum með því að nota aðra nálgun en að breyta grundvelli ákvörðunar um samningsbundið sjóðstreymi áhættuvarnargerningsins (eins og lýst er í lið 5.4.6),

b) upprunalegi áhættuvarnargerningurinn er ekki afskráður og

c) valin nálgun er fjárhagslega jafngild því að breyta grundvelli ákvörðunar um samningsbundið sjóðstreymi upprunalega áhættuvarnargerningsins (eins og lýst er í liðum 5.4.7 og 5.4.8).

6.9.3 Kröfurnar í liðum 6.8.4–6.8.8 geta fallið úr gildi á mismunandi tímum. Við beitingu liðar 6.9.1 getur eining því verið krafin um að breyta formlegri tilgreiningu áhættuvarnartengsla sinna á mismunandi tímum eða krafin um að breyta formlegri tilgreiningu áhættuvarnartengsla oftar en einu sinni. Þá og því aðeins að slík breyting hafi verið gerð á tilgreiningu áhættuvarnarinnar skal eining beita liðum 6.9.7–6.9.12, eftir því sem við á. Eining skal einnig beita lið 6.5.8 (fyrir gangvirðisvörn) eða lið 6.5.11 (fyrir sjóðstreymisvörn) til að færa allar breytingar á gangvirði áhættuvörðu liðanna eða áhættuvarnargerningsins.

6.9.4 Eining skal breyta áhættuvarnartengslum eins og krafist er í lið 6.9.1 við lok reikningsskilatímabilsins á meðan breyting sem krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum er gerð á áhættunni sem varið er gegn, áhættuvarða liðnum eða áhættuvarnargerningnum. Til að taka af allan vafa telst slík breyting á formlegri tilgreiningu á áhættuvarnartengslum hvorki aflagning áhættuvarnartengsla né tilgreining nýrra áhættuvarnartengsla.

6.9.5 Ef breytingar eru gerðar á fjáreigninni eða fjárskuldinni, sem tilgreindar eru í áhættuvarnartengslunum, til viðbótar við þær breytingar sem krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum (eins og lýst er í liðum 5.4.6–5.4.8) eða á tilgreiningu á áhættuvarnartengslunum (eins og krafist er í lið 6.9.1), skal eining fyrst beita viðeigandi kröfum í þessum staðli til að ákveða hvort þessar viðbótarbreytingar leiði af sér aflagningu áhættuvarnarreikningsskila. Ef viðbótarbreytingarnar leiða ekki til aflagningar áhættuvarnarreikningsskila skal eining breyta formlegri tilgreiningu áhættuvarnartengslanna eins og tilgreint er í lið 6.9.1.

6.9.6 Í liðum 6.9.7–6.9.13 eru aðeins veittar undanþágur frá kröfunum sem tilgreindar eru í þeim liðum. Eining skal beita öllum öðrum kröfum þessa staðals um áhættuvarnarreikningsskil, þ.m.t. skilyrðunum sem á að uppfylla í lið 6.4.1, að því er varðar áhættuvarnartengsl sem endurbætur á vaxtaviðmiðunum hafa bein áhrif á.

Reikningsskil sem uppfylla skilyrði áhættuvarnartengsla

Sjóðstreymisvarnir

6.9.7 Að því er varðar beitingu liðar 6.5.11, þegar eining breytir lýsingu á áhættuvörðum lið eins og krafist er í b-lið liðar 6.9.1, telst fjárhæð sem safnast hefur í varasjóð sjóðstreymisvarnar byggð á öðrum viðmiðunarvöxtum sem notaðir eru til að ákvarða áhættuvarða framtíðarsjóðstreymið.

6.9.8 Að því er aflögð áhættuvarnartengsl varðar, þegar vaxtaviðmiði, sem áhættuvarða framtíðarsjóðstreymið er byggt á, er breytt eins og krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum að því er varðar beitingu liðar 6.5.12 til að ákvarða hvort áhættuvarið framtíðarsjóðstreymi sé líklegt, skal sú fjárhæð, sem safnast hefur í varasjóð sjóðstreymisvarna að því er varðar þau áhættuvarnartengsl teljast byggð á þeim viðmiðunarvöxtum öðrum sem áhættuvarða framtíðar-sjóðstreymið er byggt á.

Flokkar liða

6.9.9 Þegar eining beitir lið 6.9.1 á flokk liða, sem tilgreindir eru sem áhættuvarðir liðir á gangvirði eða sjóðstreymisvörn, skal einingin ráðstafa áhættuvörðu liðunum til undirflokka á grundvelli þess að viðmiðunarvextir séu varðir og tilgreina viðmiðunarvextina sem áhættu sem varið er gegn fyrir hvern undirflokk. Sem dæmi er í áhættuvarnartengslum, þar sem flokkur liða er áhættuvarinn vegna breytinga á vaxtaviðmiðunum sem falla undir endurbætur á vaxtaviðmiðunum, hægt að breyta áhættuvörðu sjóðstreymi eða gangvirði tiltekinna liða í flokknum þannig að þeir vísi í aðra viðmiðunarvexti áður en öðrum liðum í flokknum er breytt. Í þessu dæmi myndi einingin tilgreina, að því er varðar beitingu liðar 6.9.1, aðra viðmiðunarvexti sem áhættuna sem varið er gegn fyrir þann viðkomandi undirflokk áhættuvarins liðar. Einingin myndi áfram tilgreina núverandi vaxtaviðmið sem áhættu sem varið er gegn fyrir aðra undirflokka áhættuvarins liðar þar til áhættuvarið sjóðstreymi eða gangvirði þeirra liða er breytt svo þeir vísi til annarra viðmiðunarvaxta eða að liðirnir renni út og þeim sé skipt út fyrir áhættuvarða liði sem vísa til annarra viðmiðunarvaxta.

6.9.10 Eining skal meta sérstaklega hvort hver undirflokkur uppfylli kröfurnar í lið 6.6.1 til að geta talist áhættuvarinn liður. Ef undirflokkur uppfyllir ekki kröfurnar í lið 6.6.1 skal einingin hætta áhættuvarnarreikningsskilum framvirkt fyrir áhættuvarnartengslin í heild sinni. Eining skal einnig beita kröfunum í liðum 6.5.8 og 6.5.11 til að gera grein fyrir óskilvirkni sem tengist áhættuvarnartengslunum í heild sinni.

Tilgreining áhættuþátta

6.9.11 Aðrir viðmiðunarvextir sem tilgreindir eru sem ósamningsbundnir áhættuþættir sem ekki er hægt að greina sérstaklega (sjá a-lið 6.3.7 liðar og lið B6.3.8) daginn sem þeir eru tilgreindir skulu aðeins teljast hafa uppfyllt þær kröfur frá og með þeim degi þá og því aðeins að einingin hafi ástæðu til að ætla að hægt verði að auðkenna viðmiðunarvextina sérstaklega innan 24 mánaða. Þetta 24 mánaða tímabil gildir aðskilið um sérhverja aðra viðmiðunarvexti og hefst þann dag sem einingin tilgreinir aðra viðmiðunarvexti sem ósamningsbundna áhættuþætti í fyrsta sinn (þ.e. 24 mánaða tímabilið gildir sérstaklega fyrir hverja viðmiðunarvexti).

6.9.12 Ef eining hefur síðar ástæðu til að ætla að hægt verði að tilgreina aðra viðmiðunarvexti innan 24 mánaða frá þeim degi að einingin tilgreindi þá í fyrsta sinn sem ósamningsbundna áhættuþætti skal einingin hætta að beita kröfunum í lið 6.9.11 varðandi þessa aðra viðmiðunarvexti og hætta áhættuvarnarreikningsskilum framvirkt frá þeim degi sem endurmatið var gert fyrir öll áhættuvarnartengsl þar sem aðrir viðmiðunarvextir voru tilgreindir sem ósamningsbundnir áhættuþættir.

6.9.13 Til viðbótar við þessi áhættuvarnartengsl, sem tilgreind eru í lið 6.9.1, skal eining beita kröfunum í liðum 6.9.11 og 6.9.12 varðandi ný áhættuvarnartengsl þar sem aðrir viðmiðunarvextir eru tilgreindir sem ósamningsbundnir áhættuþættir (sjá a-lið 6.3.7 liðar og B6.3.8) þegar ekki er hægt, vegna endurbóta á viðmiðunarvöxtum, að greina þann áhættuþátt aðskilið daginn sem hann er tilgreindur.

7. KAFLI Gildistökudagur og umbreytingarákvæði

7.1 GILDISTÖKUDAGUR

7.1.1 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining velur að beita þessum staðli fyrr verður hún að birta þær upplýsingar og beita jafnframt öllum kröfum þessa staðals (en sjá einnig liði 7.1.2, 7.2.21 og 7.3.2). Hún skal einnig beita breytingunum í viðbæti C á sama tíma.

7.1.2 Þrátt fyrir kröfur liðar 7.1.1 getur eining valið að beita, að því er varðar árleg tímabil sem hefjast fyrir 1. janúar 2018, kröfunum fyrr aðeins að því er varðar kröfur um framsetningu hagnaðar og taps af fjárskuldum sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í c-lið í lið 5.7.1, liðum 5.7.7–5.7.9, 7.2.14 og B5.7.5–B5.7.20, án þess að beita öðrum kröfum þessa staðals. Ef eining velur að beita þessum liðum skal hún birta upplýsingar um það og láta áfram í té skyldar upplýsingar sem eru settar fram í 10.–11. lið í IFRS-staðli 7, *Fjármálagerningar: upplýsingagjöf* (eins og honum er breytt með IFRS-staðli 9 (2010)). (Sjá einnig liði 7.2.2 og 7.2.15.)

7.1.3 Í *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* (IFRS) 2010-2012, gefnar út í desember 2013, var gerð breyting á lið 4.2.1 og 5.7.5, sem er breyting sem leiðir af breytingunni á IFRS-staðli 3. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt gagnvart sameiningu fyrirtækja sem breytingin á IFRS-staðli 3 á við um.

7.1.4 IFRS-staðall 15, gefinn út í maí 2014, breytti liðum 3.1.1, 4.2.1, 5.1.1, 5.2.1, 5.7.6, B3.2.13, B5.7.1, C5 og C42 og felldi brott lið C16 og tengda fyrirsögn. Liðum 5.1.3 og 5.7.1 A var bætt við og skilgreiningu í viðbæti A. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

7.1.5 IFRS-staðall 16, gefinn út í maí 2016, breytti liðum 2.1, 5.5.15, B4.3.8, B5.5.34 og B5.5.46. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

7.1.6 IFRS-staðall 17, gefinn út í maí 2017, breytti liðum 2.1, B2.1, B2.4, B2.5 og B4.1.30 og bætti við lið 3.3.5. *Breytingar á IFRS-staðli 17*, gefnar út í júní 2020, breyttu lið 2.1 enn frekar og bættu við liðum 7.2.36–7.2.42. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 17.

7.1.7 *Uppgreiðsluþættir með neikvæðri þóknun* (breytingar á IFRS-staðli 9), útgefið í október 2017, bætti við liðum 7.2.29–7.2.34 og B4.1.12 A og breytti b-lið B4.1.11 og b-lið í lið B4.1.12. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil.

7.1.8 Með *Endurbótum á vaxtaviðmiðunum*, sem breytti IFRS-staðli 9, IAS-staðli 39, IFRS-staðli 7, sem gefnar voru út í september 2019, var lið 6.8 bætt við og lið 7.2.26 breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil.

7.1.9 Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2018-2020*, sem gefnar voru út í maí 2020, var liðum 7.2.35 og B3.3.6 A bætt við og lið B3.3.6 breytt. Eining skal beita þeirri breytingu að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2022 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Eining skal greina frá því ef hún beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil.

7.1.10 Með *Endurbótum á vaxtaviðmiðunum* – 2. áfanga, sem breytti IFRS-staðli 9, IAS-staðli 39, IFRS-staðli 7, IFRS-staðli 4 og IFRS-staðli 16, sem gefnar voru út í ágúst 2020, var liðum 5.4.5–5.4.9, 6.8.13, þætti 6.9 og liðum 7.2.43–7.2.46 bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2021 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil.

7.2 UMBREYTING

7.2.1 Eining skal beita þessum staðli afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, nema að því leyti sem tilgreint er í liðum 7.2.4–7.2.26 og 7.2.28. Þessi staðall gildir ekki um liði sem hafa þegar verið afskráðir á þeim degi sem beiting hefst.

7.2.2 Að því er varðar umbreytingarákvæði í liðum 7.2.1, 7.2.3–7.2.28 og 7.3.2 er upphafsdagur beitingar sá dagur þegar eining beitir fyrst þessum kröfum þessa staðals, sem verður að vera upphaf reikningsskilatímabils eftir útgáfu þessa staðals. Með hliðsjón af þeirri nálgun sem einingin kýs að nota við beitingu IFRS-staðals 9 getur umbreytingin tekið til einnar eða fleiri upphafsdagsetninga fyrir mismunandi kröfur.

Umbreyting vegna flokkunar og mats (4. og 5. kafli)

7.2.3 Við upphafsdag beitingar skal eining meta hvort fjáreign uppfylli skilyrði a-liðar í lið 4.1.2 eða a-liðar í lið 4.1.2A á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem eiga við á þeim degi. Beita skal þeirri flokkun sem af þessu leiðir afturvirkt óháð viðskiptalíkani einingarinnar á fyrri reikningsskilatímabilum.

7.2.4 Ef það er ógerlegt fyrir einingu við upphafsdag beitingar (eins og það er skilgreint í IAS-staðli 8) að meta breytt tímavirði peninga í samræmi við liði B4.1.9B–B4.1.9D á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem fyrir hendi voru við upphafsfærslu fjáreignarinnar skal eining meta einkenni samningsbundins sjóðstreymis fjáreignarinnar á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem fyrir hendi voru við upphafsfærslu fjáreignarinnar án hliðsjónar af kröfum er varða breytingu á tímavirði peninga í liðum B4.1.9B–B4.1.9D. (Sjá einnig lið 42R í IFRS-staðli 7.)

7.2.5 Ef það er ógerlegt fyrir einingu við upphafsdag beitingar (eins og það er skilgreint í IAS-staðli 8) að meta hvort gangvirði á uppgreiðsluþætti var óverulegt í samræmi við c-lið í lið B4.1.12 á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem fyrir hendi voru við upphafsfærslu fjáreignarinnar skal eining meta einkenni samningsbundins sjóðstreymis fjáreignarinnar á grundvelli málsatvika og aðstæðna sem fyrir hendi voru við upphafsfærslu fjáreignarinnar án hliðsjónar af undantekningu vegna uppgreiðsluþátta í lið B4.1.12. (Sjá einnig lið 42S í IFRS-staðli 7.)

7.2.6 Ef eining metur blandaðan samning á gangvirði í samræmi við liði 4.1.2 A, 4.1.4 eða 4.1.5 en gangvirði blandaða samningsins hefur ekki verið metið á sambærilegum reikningsskilatímabilum skal gangvirði blandaða samningsins á sambærilegum reikningsskilatímabilum vera summa gangvirðis hlutanna (þ.e. grunnsamnings sem er ekki afleiða og innbyggðrar afleiðu) við lok hvers sambærilegs reikningsskilatímabils ef einingin endurgerir reikningsskil fyrri tímabila (sjá lið 7.2.15).

7.2.7 Ef eining hefur síðan beitt lið 7.2.6 á upphafsdegi beitingar skal hún færa hvers kyns mismun milli gangvirðis blandaða samningsins í heild á upphafsdegi beitingar og samtölu gangvirðis hluta blandaða samningsins á upphafsdegi beitingar sem óráðstafað eigið fé (eða annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á) á reikningsskilatímabilinu sem felur í sér upphaflega beitingu.

7.2.8 Á upphafsdegi beitingar getur eining tilgreint:

a) fjáreign, eins og hún er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við lið 4.1.5 eða

b) fjárfestingu í eiginfjárgerningi, eins og hann er metin á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.5.

Slík tilgreining skal gerð á grundvelli fyrirliggjandi málsatvika og aðstæðna á upphafsdegi beitingar. Beita skal slíkri flokkun afturvirkt.

7.2.9 Á upphafsdegi beitingar:

a) skal eining afturkalla fyrri tilgreiningu á fjáreign, eins og hún er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, ef fjáreignin uppfyllir ekki skilyrði liðar 4.1.5,

b) má eining afturkalla fyrri tilgreiningu á fjáreign, eins og hún er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, ef fjáreignin uppfyllir skilyrði liðar 4.1.5.

Slík afturköllun skal gerð á grundvelli fyrirliggjandi málsatvika og aðstæðna á upphafsdegi beitingar. Beita skal slíkri flokkun afturvirkt.

7.2.10 Á upphafsdegi beitingar:

a) má eining tilgreina fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við a-lið í lið 4.2.2,

b) skal eining afturkalla fyrri tilgreiningu sína á fjáreign, eins og hún er metin á gangvirði í gegnum rekstrar reikning, ef slík tilgreining var gerð við upphafsfærslu í samræmi við skilyrðið sem er nú í a-lið í lið 4.2.2 og slík tilgreining uppfyllir ekki það skilyrði á upphafsdegi beitingar,

c) má eining afturkalla fyrri tilgreiningu sína á fjáreign, eins og hún er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, ef slík tilgreining var gerð við upphafsfærslu í samræmi við skilyrðið sem er nú í a-lið í lið 4.2.2 og slík tilgreining uppfyllir það skilyrði á upphafsdegi beitingar.

Slík tilgreining og afturköllun skulu gerðar á grundvelli fyrirliggjandi málsatvika og aðstæðna á upphafsdegi beitingar. Beita skal slíkri flokkun afturvirkt.

7.2.11 Ef það er ógerlegt (eins og skilgreint er í IAS-staðli 8) fyrir einingu að beita skilvirkri vaxtaaðferð afturvirkt skal hún fara með:

a) gangvirði fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar við lok hvers samanburðartímabils sem vergt bókfært verð fjáreignarinnar eða afskrifað kostnaðarverð fjárskuldarinnar ef einingin endurgerir reikningsskil fyrri tímabila og

b) gangvirði fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar á upphafsdegi beitingar sem nýtt vergt bókfært verð fjáreignar-innar eða nýtt afskrifað kostnaðarverð fjárskuldarinnar á upphafsdegi beitingar þess staðals.

7.2.12 Hafi eining áður fært fjárfestingu í eiginfjárgerningi, sem hefur ekki skráð verð á virkum markaði með eins gerning (þ.e. 1. stigs ílag) (eða afleidda eign sem er tengd við og verður að vera gerð upp með afhendingu slíks eiginfjárgernings) á kostnaðarverði (í samræmi við IAS-staðal 39), skal hún meta þann gerning á gangvirði á upphafsdegi beitingar. Hvers kyns mismunur milli fyrra bókfærðs verðs og gangvirðis skal færa sem óráðstafað eigið fé (eða annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á) á reikningsskilatímabilinu sem felur í sér upphafsdag beitingar.

7.2.13 Hafi eining áður fært afleiðuskuld, sem er tengd við, og þarf að greiða með, afhendingu eiginfjárgernings sem hefur ekki skráð verð á virkum markaði fyrir eins gerning (þ.e. 1. stigs ílag) á kostnaðarverði í samræmi við IAS-staðal 39, skal hún meta þá afleiðuskuld á gangvirði á upphafsdegi beitingar. Hvers kyns mismunur milli fyrra bókfærðs verðs og gangvirðis skal færa sem óráðstafað eigið fé á reikningsskilatímabilinu sem felur í sér upphafsdag beitingar.

7.2.14 Á upphafsdegi beitingar skal eining ákvarða hvort meðferðin í lið 5.7.7 myndi leiða til reikningsskilalegs ósamræmis í rekstrarreikningi eða auka það á grundvelli fyrirliggjandi málsatvika og aðstæðna á upphafsdegi beitingar. Beita skal þessum staðli afturvirkt á grundvelli slíkrar ákvörðunar.

7.12.14A Á upphafsdegi beitingar er einingu heimilt að setja fram tilgreininguna í lið 2.5 um samninga sem þegar liggja fyrir á þeirri dagsetningu en aðeins ef hún tilgreinir alla svipaða samninga. Breytinguna á hreinni eign sem leiðir af slíkri tilgreiningu skal færa á óráðstafað eigið fé á upphafsdegi beitingar

7.2.15 Þrátt fyrir kröfur liðar 7.2.1 skal eining, sem samþykkir flokkunar- og matskröfur þessa staðals (sem taka til krafna er tengjast mati á afskrifuðu kostnaðarverði fjáreigna og virðisrýrnun í þætti 5.4 og 5.5), láta í té upplýsingar sem fram koma í liðum 42L–42O í IFRS-staðli 7 en þarf ekki að endurgera fyrri tímabil. Einingin getur endurgert fyrri tímabil þá og því aðeins að slíkt sé hægt án eftiráskýringa. Ef eining endurgerir ekki fyrri tímabil skal hún færa hvers kyns mismun milli fyrra bókfærðs verðs og bókfærðs verðs við upphaf árlegs reikningsskilatímabils, sem tekur til upphafsdags beitingar, í óráðstafað eigið fé (eða annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á) á árlega reikningsskilatímabilinu sem felur í sér upphafsdag beitingar. Ef eining endurgerir fyrri tímabil verða endurgerð reikningsskil þó að endurspegla allar kröfur þessa staðals. Ef sú leið, sem eining hefur valið við beitingu IFRS-staðals 9, leiðir til fleiri en eins upphafsdags beitingar mismunandi krafna gildir þessi liður á hverjum upphafsdegi beitingar (sjá lið 7.2.2). Þetta væri reyndin ef eining velur t.d. snemmbúna beitingu á einungis kröfum um framsetningu hagnaðar og taps af fjárskuldum, tilgreint sem gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við lið 7.1.2, áður en hún beitir öðrum kröfum þessa staðals.

7.2.16 Ef eining tekur saman árshlutareikningsskil í samræmi við IAS-staðal 34, *árshlutareikningsskil*, þarf hún ekki að beita kröfum þessa staðals vegna árshluta fyrir upphafsdag beitingar ef það er ógerlegt (eins og það er skilgreint í IAS-staðli 8).

Virðisrýrnun (þáttur 5.5)

7.2.17 Eining skal beita virðisrýrnunarkröfum þáttar 5.5 afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8 með fyrirvara um liði 7.2.15 og 7.2.18–7.2.20.

7.2.18 Á upphafsdegi beitingar skal eining nota raunhæfar og rökstuddar upplýsingar, sem hægt er að nálgast án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar, til að ákvarða útlánaáhættu á þeim degi þegar fjármálagerningur var fyrst færður (eða vegna lánsskuldbindinga og samninga með fjárhagslegri tryggingu á þeim degi þegar einingin gerðist aðili að óafturkræfri skuldbindingu í samræmi við lið 5.5.6), og bera þær saman við útlánaáhættu á upphafsdegi beitingar þessa staðals.

7.2.19 Við ákvörðun á því hvort útlánaáhætta hefur aukist umtalsvert frá upphafsfærslu getur einingin beitt:

a) kröfum liðar 5.5.10 og B5.5.22–B5.5.24 og

b) þeirri hrekjanlegu forsendu í lið 5.5.11 varðandi samningsbundnar greiðslur, sem eru komnar 30 daga fram yfir gjalddaga, ef hún beitir virðisrýrnunarkröfum með því að greina verulega aukna útlánaáhættu frá upphafsfærslu fyrir þessa fjármálagerninga á grundvelli upplýsinga um fjárhæðir sem fallnar eru í gjalddaga.

7.2.20 Ef það krefst óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar á upphafsdegi beitingar að ákvarða hvort útlánaáhætta hafi aukist verulega frá upphafsfærslu skal eining færa niðurfærslu taps sem fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma á hverjum reikningsskiladegi þar til fjármálagerningur er afskráður (nema fjármálagerningurinn beri litla útlánaáhættu á reikningsskiladegi en í því tilviki er a-lið í lið 7.2.19 beitt).

Umbreyting vegna áhættuvarnarreikningsskila (6. kafli)

7.2.21 Þegar eining beitir þessum staðli í fyrsta sinn getur hún valið þá reikningsskilaaðferð að halda áfram að beita kröfum IAS-staðals 39 varðandi áhættuvarnarreikningsskil í stað krafna 6. kafla þessa staðals. Eining skal beita þeirri stefnu gagnvart öllum áhættuvarnartengslum sínum. Eining sem velur þá stefnu skal einnig beita IFRIC-túlkun 16, *áhættuvarnir vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri*, án þeirra breytinga sem laga túlkunina að kröfum 6. kafla þessa staðals.

7.2.22 Eining skal beita kröfum þessa staðals um áhættuvarnarreikningsskil með framvirkum hætti nema kveðið sé á um annað í lið 7.2.26.

7.2.23 Uppfylla verður öll skilyrði á upphafsdegi beitingar krafna þessa staðals um áhættuvarnarreikningsskil til að beita áhættuvarnarreikningsskilum frá þeim degi.

7.2.24 Litið skal á áhættuvarnartengsl, sem uppfylla skilyrði fyrir áhættuvarnarreikningsskilum í samræmi við IAS-staðal 39 og uppfylla einnig skilyrði fyrir áhættuvarnarreikningsskilum í samræmi við skilyrði þessa staðals (sjá lið 6.4.1), að teknu tilliti til þess að endurstilla áhættuvarnartengslin við umbreytingu (sjá b-lið í lið 7.2.25), sem áframhaldandi áhættuvarnartengsl.

7.2.25 Við upphaflega beitingu krafna þessa staðals um áhættuvarnarreikningsskil:

a) getur eining hafið beitingu þessara krafna um leið og hún hættir beitingu krafna IAS-staðals 39 um áhættuvarnarreikningsskil og

b) skal eining líta á áhættuvarnarhlutfall í samræmi við IAS-staðal 39 sem upphaf endurstillingar áhættuvarnar hlutfalls af áframhaldandi áhættuvarnartengslum, ef við á. Færa skal hagnað eða tap af slíkri endurstillingu í rekstrarreikning.

7.2.26 Sem undantekningu frá framvirkri beitingu krafna þessa staðals um áhættuvarnarreikningsskil:

a) skal eining beita reikningsskilum fyrir tímavirði valréttarsamninga í samræmi við lið 6.5.15 afturvirkt ef aðeins breytingin á innra virði valréttarsamningsins var tilgreind, í samræmi við IAS-staðal 39, sem áhættuvarnargerningur í áhættuvarnartengslum. Afturvirk beiting gildir aðeins um þau áhættuvarnartengsl sem lágu fyrir við upphaf fyrsta samanburðartímabilsins eða tilgreind eftir það.

b) má eining beita reikningsskilum fyrir framvirkan þátt framvirkra samninga í samræmi við lið 6.5.16 afturvirkt ef aðeins breytingin á stundartengdum þætti framvirka samningsins var tilgreind, í samræmi við IAS-staðal 39, sem áhættuvarnargerningur í áhættuvarnartengslum. Afturvirk beiting gildir aðeins um þau áhættuvarnartengsl sem lágu fyrir við upphaf fyrsta samanburðartímabilsins eða tilgreind eftir það. Ef eining velur afturvirka beitingu þessara reikningsskila skal henni enn fremur beitt gangvart öllum áhættuvarnartengslum sem uppfylla skilyrði fyrir slíku vali (þ.e. við umbreytingu stendur þetta val ekki til boða gagnvart stökum áhættuvarnartengslum). Beita má reikningsskilum vegna grunnálags erlends gjaldmiðils (sjá lið 6.5.16) afturvirkt gagnvart áhættuvarnartengslum sem lágu fyrir við upphaf fyrsta samanburðartímabilsins eða voru tilgreind eftir það,

c) skal eining beita afturvirkt kröfu liðar 6.5.6 um að áhættuvarnargerningur renni hvorki út né sé slitið ef:

(i) aðilarnir að áhættuvarnargerningnum koma sér saman um, vegna laga eða reglugerða eða innleiðingar á lögum eða reglugerðum, að einn eða fleiri mótaðilar komi í stað upphaflegs mótaðila þeirra og verði nýr mótaðili sérhvers aðila og

(ii) aðrar breytingar, ef einhverjar eru, á áhættuvarnargerningnum takmarkast við þær sem eru nauðsynlegar til að framkvæma slík skipti á mótaðila,

d) skal eining beita kröfu liðar 6.8 afturvirkt. Afturvirk beiting gildir aðeins um þau áhættuvarnartengsl sem lágu fyrir við upphaf reikningsskilatímabilsins þar sem einingin beitti þessum kröfum fyrst eða voru tilgreind eftir það og um þá uppsöfnuðu fjárhæð í varasjóði sjóðstreymisvarna sem var til staðar við upphaf skýrslutímabilsins þar sem einingin beitti þessum kröfum fyrst.

Einingar sem hafa beitt IFRS-staðli 9 (2009), IFRS-staðli 9 (2010) eða IFRS-staðli 9 (2013) snemma

7.2.27 Eining skal beita umbreytingarkröfum liða 7.2.1–7.2.26 á viðeigandi upphafsdegi beitingar. Eining skal beita hverju umbreytingarákvæði í liðum 7.2.3–7.2.14 A og 7.2.17–7.2.26 aðeins einu sinni (þ.e. ef eining velur þá nálgun að beita IFRS-staðli 9 sem felur í sér fleiri en einn upphafsdag beitingar, en þá getur hún ekki beitt neinu þessara ákvæða aftur hafi þeim verið beitt áður). (Sjá liði 7.2.2 og 7.3.2.)

7.2.28 Eining, sem beitti IFRS-staðli 9 (2009), IFRS-staðli 9 (2010) eða IFRS-staðli 9 (2013) og því næst þessum staðli:

a) skal afturkalla fyrri tilgreiningu sína á fjáreign, eins og hún er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, ef slík tilgreining var gerð áður í samræmi við skilyrði liðar 4.1.5 en því skilyrði er ekki lengur fullnægt í kjölfar beitingar þessa staðals,

b) getur tilgreint fjáreign, eins og hún er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, ef slík tilgreining var ekki gerð áður í samræmi við skilyrði liðar 4.1.5 en því skilyrði er nú fullnægt í kjölfar beitingar þessa staðals,

c) skal afturkalla fyrri tilgreiningu sína á fjárskuld, eins og hún er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, ef slík tilgreining var gerð áður í samræmi við skilyrði a-liðar 4.2.2 en því skilyrði er ekki lengur fullnægt í kjölfar beitingar þessa staðals og

d) getur tilgreint fjárskuld, eins og hún er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, ef slík tilgreining var ekki gerð áður í samræmi við skilyrði a-liðar 4.2.2 en því skilyrði er nú fullnægt í kjölfar beitingar þessa staðals.

Slík tilgreining og afturköllun skal gerð á grundvelli fyrirliggjandi málsatvika og aðstæðna á upphafsdegi beitingar þessa staðals. Beita skal slíkri flokkun afturvirkt.

Umbreyting yfir í uppgreiðsluþætti með neikvæðri þóknun

7.2.29 Eining skal beita *Uppgreiðsluþáttum með neikvæðri þóknun* (breytingum á IFRS-staðli 9) afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, nema að því leyti sem tilgreint er í liðum 7.2.30–7.2.34.

7.2.30 Eining, sem beitir þessum breytingum í fyrsta sinn á sama tíma og hún beitir þessum staðli í fyrsta sinn, skal beita liðum 7.2.1–7.2.28 í stað liða 7.2.31–7.2.34.

7.2.31 Eining sem beitir þessum breytingum í fyrsta sinn eftir að hún beitir þessum staðli í fyrsta sinn skal beita liðum 7.2.32–7.2.34. Einingin skal einnig beita öðrum umbreytingarákvæðum í þessum staðli sem nauðsynleg eru til að beita þessum breytingum. Í því skyni skal lesa tilvísanir í upphafsdag beitingar sem vísun í upphaf reikningsskilatímabils þegar eining beitir breytingunum í fyrsta sinn (upphafsdagur beitingar þessara breytinga).

7.2.32 Með tilliti til þess að tilgreina fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning:

a) skal eining afturkalla fyrri tilgreiningu sína á fjáreign, eins og hún er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, ef slík tilgreining var gerð áður í samræmi við skilyrði liðar 4.1.5 en því skilyrði er ekki lengur fullnægt í kjölfar beitingar þessara breytinga,

b) getur eining tilgreint fjáreign, eins og hún er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, ef slík tilgreining var ekki gerð áður í samræmi við skilyrði liðar 4.1.5 en því skilyrði er nú fullnægt í kjölfar beitingar þessara breytinga,

c) skal eining afturkalla fyrri tilgreiningu sína á fjárskuld, eins og hún er metin á gangvirði í rekstrarreikningi, ef slík tilgreining var gerð áður í samræmi við skilyrði a-liðar í lið 4.2.2 en því skilyrði er ekki lengur fullnægt í kjölfar beitingar þessara breytinga og

d) getur eining tilgreint fjárskuld, eins og hún er metin á gangvirði í rekstrarreikningi, ef slík tilgreining var ekki gerð áður í samræmi við skilyrði a-liðar í lið 4.2.2 en því skilyrði er nú fullnægt í kjölfar beitingar þessara breytinga.

Slík tilgreining og afturköllun skulu gerðar á grundvelli fyrirliggjandi málsatvika og aðstæðna á upphafsdegi beitingar þessara breytinga. Beita skal slíkri flokkun afturvirkt.

7.2.33 Einingu er ekki skylt að endurgera fyrri tímabil til að endurspegla beitingu þessara breytinga. Eining getur endurgert fyrri tímabil þá og því aðeins að slíkt sé hægt án eftiráskýringa og að endurgerðu reikningsskilin endurspegli allar kröfur þessa staðals. Ef eining endurgerir ekki fyrri tímabil skal hún færa hvers kyns mismun milli fyrra bókfærðs verðs og bókfærðs verðs við upphaf árlegs reikningsskilatímabils, sem tekur til upphafsdags beitingar þessara breytinga, í upphaflegt óráðstafað eigið fé (eða annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á) á árlega reikningsskilatímabilinu sem felur í sér upphafsdag beitingar þessara breytinga.

7.2.34 Á reikningsskilatímabilinu, sem felur í sér upphafsdag beitingar þessara breytinga, skal einingin birta eftirfarandi upplýsingar, eins og þær stóðu á upphafsdegi beitingar, fyrir hvern flokk fjáreigna og fjárskulda sem urðu fyrir áhrifum af þessum breytingum:

a) fyrri matsflokk og bókfært verð sem var ákvarðað rétt áður en þessum breytingum var beitt,

b) nýjan matsflokk og bókfært verð sem var ákvarðað eftir að þessum breytingum var beitt,

c) bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi sem voru áður tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning en eru ekki lengur tilgreindar með þeim hætti og

d) ástæður að baki tilgreiningu eða fyrir því að fallið var frá tilgreiningu fjáreigna eða fjárskulda sem eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Umbreyting vegna árlegra endurbóta á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)

7.2.35 Eining skal beita *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2018–2020* að því er varðar fjárskuldir sem er breytt eða skipt við eða eftir upphaf þess árlega reikningsskilatímabils þegar einingin beitir þessum breytingum í fyrsta sinn.

Umbreyting vegna IFRS-staðals 17 með áorðnum breytingum í júní 2020

7.2.36 Eining skal beita breytingum á IFRS-staðli 9 sem gerðar eru í IFRS-staðli 17, með áorðnum breytingum í júní 2020, afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8 nema að því leyti sem tilgreint er í liðum 7.2.37–7.2.42.

7.2.37 Eining, sem beitir IFRS-staðli 17, með áorðnum breytingum í júní 2020, í fyrsta sinn á sama tíma og hún beitir þessum staðli í fyrsta sinn skal beita liðum 7.2.1-7.2.28 í stað liða 7.2.38-7.2.42.

7.2.38 Eining sem beitir IFRS-staðli 17, með áorðnum breytingum í júní 2020, í fyrsta sinn eftir að hún beitir þessum staðli í fyrsta sinn skal beita liðum 7.2.39-7.2.42. Einingin skal einnig beita öðrum umbreytingarákvæðum í þessum staðli sem nauðsynleg eru til að beita þessum breytingum. Í því skyni skal lesa tilvísanir í upphafsdag beitingar sem vísun í upphaf reikningsskilatímabils þegar eining beitir breytingunum í fyrsta sinn (upphafsdagur beitingar þessara breytinga).

7.2.39 Með tilliti til þess að tilgreina fjárskuld á gangvirði í rekstrarreikningi:

a) skal eining afturkalla fyrri tilgreiningu sína á fjárskuld, eins og hún er metin á gangvirði í rekstrarreikningi, ef slík tilgreining var gerð áður í samræmi við skilyrði a-liðar í lið 4.2.2 en því skilyrði er ekki lengur fullnægt í kjölfar beitingar þessara breytinga og

b) getur eining tilgreint fjárskuld, eins og hún er metin á gangvirði í rekstrarreikningi, ef slík tilgreining var ekki gerð áður í samræmi við skilyrði a-liðar í lið 4.2.2 en því skilyrði er nú fullnægt í kjölfar beitingar þessara breytinga.

Slík tilgreining og afturköllun skulu gerðar á grundvelli fyrirliggjandi málsatvika og aðstæðna á upphafsdegi beitingar þessara breytinga. Beita skal slíkri flokkun afturvirkt.

7.2.40 Einingu er ekki skylt að endurgera fyrri tímabil til að endurspegla beitingu þessara breytinga. Einingin getur endurgert fyrri tímabil því aðeins að slíkt sé hægt án eftiráskýringa. Ef eining endurgerir fyrri tímabil verða endurgerð reikningsskil að endurspegla allar kröfur þessa staðals um fjármálagerninga sem verða fyrir áhrifum. Ef eining endurgerir ekki fyrri tímabil skal hún færa hvers kyns mismun milli fyrra bókfærðs verðs og bókfærðs verðs við upphaf árlegs reikningsskilatímabils, sem tekur til upphafsdags beitingar þessara breytinga, í upphaflegt óráðstafað eigið fé (eða annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á) á árlega reikningsskilatímabilinu sem felur í sér upphafsdag beitingar þessara breytinga.

7.2.41 Á reikningsskilatímabilinu, sem felur í sér upphafsdag beitingar þessara breytinga, er ekki gerð krafa um að eining birti megindlegar upplýsingar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8.

7.2.42 Á reikningsskilatímabilinu, sem felur í sér upphafsdag beitingar þessara breytinga, skal einingin birta eftirfarandi upplýsingar, eins og þær stóðu á upphafsdegi beitingar, fyrir hvern flokk fjáreigna og fjárskulda sem urðu fyrir áhrifum af þessum breytingum:

a) fyrri flokk, þ.m.t. fyrri matsflokk þegar við á, og bókfært verð sem var ákvarðað rétt áður en þessum breytingum var beitt,

b) nýjan matsflokk og bókfært verð sem var ákvarðað eftir að þessum breytingum var beitt,

c) bókfært verð fjárskulda í efnahagsreikningi sem voru áður tilgreindar á gangvirði í rekstrarreikningi en eru ekki lengur tilgreindar með þeim hætti og

d) ástæður að baki tilgreiningu eða fyrir því að fallið var frá tilgreiningu fjárskulda sem eru metnar á gangvirði í rekstrarreikningi.

Umbreyting vegna Endurbóta á vaxtaviðmiðunum – 2. áfangi

7.2.43 Eining skal beita *Endurbótum á vaxtaviðmiðunum – 2. áfanga* afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8 nema að því leyti sem tilgreint er í liðum 7.2.44–7.2.46.

7.2.44 Eining skal einungis tilgreina ný áhættuvarnartengsl (t.d. eins og lýst er í lið 6.9.13) framvirkt (þ.e. einingu er ekki heimilt að tilgreina ný áhættuvarnartengsl á fyrri tímabilum). Eining skal hins vegar koma aflögðum áhættuvarnartengslum aftur á þá og því aðeins að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) að einingin hafi lagt þau áhættuvarnartengsl af einungis vegna breytinga sem krafist var vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum og að einingin hefði ekki þurft að leggja þau áhættuvarnartengsl af ef þeim breytingum hefði verið beitt á þeim tíma og

b) að aflögðu áhættuvarnartengslin uppfylli skilyrðin fyrir áhættuvarnarreikningsskil (eftir að hafa tekið tillit til þessara breytinga) í upphafi reikningsskilatímabilsins þegar eining beitir þessum breytingum í fyrsta sinn (upphafsdagur beitingar þessara breytinga).

7.2.45 Ef eining kemur, við beitingu liðar 7.2.44, aflögðum áhættuvarnartengslum aftur á skal hún lesa tilvísanir í liðum 6.9.11 og 6.9.12 í þá dagsetningu þegar aðrir viðmiðunarvextir eru tilgreindir sem ósamningsbundnir áhættuþættir í fyrsta sinn sem vísun til upphafsdags beitingar þessara breytinga (þ.e. 24 mánaða tímabilið fyrir þá viðmiðunarvexti aðra sem tilgreindir eru sem ósamningsbundnir áhættuþættir hefst á upphafsdegi beitingar þessara breytinga).

7.2.46 Einingu er ekki skylt að endurgera fyrri tímabil til að endurspegla beitingu þessara breytinga. Einingin getur endurgert fyrri tímabil þá og því aðeins að slíkt sé hægt án eftiráskýringa. Ef eining endurgerir ekki fyrri tímabil skal hún færa hvers kyns mismun milli fyrra bókfærðs verðs og bókfærðs verðs við upphaf árlegs reikningsskilatímabils, sem tekur til upphafsdags beitingar þessara breytinga, í upphaflegt óráðstafað eigið fé (eða annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á) á árlega reikningsskilatímabilinu sem felur í sér upphafsdag beitingar þessara breytinga.

7.3 AFTURKÖLLUN IFRIC-TÚLKUNAR 9, IFRIC-TÚLKUNAR 9 (2009, IFRIC-TÚLKUNAR 9 (2010) OG IFRIC-TÚLKUNAR 9 (2013)

7.3.1 Þessi staðall leysir af hólmi IFRIC-túlkun 9, *endurmat innbyggðra afleiðna*. Þær kröfur, sem bætt var við IFRS-staðal 9 í október 2010, felldu inn þær kröfur sem voru áður settar fram í 5. og 7. lið IFRIC-túlkunar 9. Afleidd breyting, IFRS-staðall 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, var felld inn í kröfur sem voru áður settar fram í 8. lið IFRIC-túlkunar 9.

7.3.2 Þessi staðall leysir af hólmi IFRS-staðal 9 (2009), IFRS-staðal 9 (2010) IFRS-staðal 9 (2013). Eining getur þó, að því er varðar árleg tímabil sem hefjast fyrir 1. janúar 2018, valið að beita fyrri útgáfum IFRS-staðals 9 í stað þessa staðals þá og því aðeins að viðeigandi upphafsdagur beitingar einingarinnar sé fyrir 1. febrúar 2015.

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti staðalsins.

vænt útlánatap á 12 mánaða tímabili Sá hluti **vænts útlánataps á líftíma** sem telst vera **vænt útlánatap** sem leiðir af mögulegum vanskilum á fjármálagerningi innan 12 mánaða frá reikningsskiladegi.

afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar Sú fjárhæð sem fjáreign eða fjárskuld er metin á við upphafsfærslu, að frádregnum endurgreiðslum á höfuðstól, að viðbættum eða frádregnum uppsöfnuðum afskriftum þar sem notuð er **aðferð virkra vaxta** á hvers kyns mismun á upphaflegri fjárhæð og fjárhæð á gjalddaga og leiðrétt, að því er varðar fjáreignir, vegna **niðurfærslu**.

samningseignir Þau réttindi sem IFRS-staðall 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, tilgreinir að færa skuli í samræmi við þennan staðal í þeim tilgangi að færa og meta virðisrýrnunarhagnað eða -tap.

virðisrýrð fjáreign Fjáreign er virðisrýrð ef einn eða fleiri atburðir, sem hafa skaðleg áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi frá fjáreigninni, hafa orðið. Vísbendingar um að virði fjáreignar hafi rýrnað fela í sér sannreynanlegar upplýsingar um eftirfarandi atburði:

a) umtalsverða fjárhagserfiðleika útgefanda eða lántaka,

b) samningsbrot, s.s. greiðslufall eða **farið fram yfir gjalddaga**,

c) lánveitandi, einn eða fleiri, veitir lántaka tilslakanir af fjárhagslegum eða samningstengdum ástæðum í tengslum við fjárhagserfiðleika lántaka, sem lánveitandi tæki að öðrum kosti ekki í mál,

d) líkur eru á að lántaki fari í gjaldþrot eða aðra fjármálalega endurskipulagningu,

e) virkur markaður fyrir þessa fjáreign er ekki lengur fyrir hendi vegna fjárhagserfiðleika eða

f) kaup eða útgáfa fjáreignar á mjög niðursettu verði sem endurspeglar það **útlánatap** sem orðið hefur.

Ef til vill er ekki unnt að greina neinn einstakan atburð en þess í stað kunna sameinuð áhrif nokkurra atburða að hafa þau áhrif að virði fjáreigna rýrni.

útlánatap

Mismunur milli alls samningsbundins sjóðstreymis sem einingu ber í samræmi við samninginn og alls sjóðstreymis sem eining væntir (þ.e. allt óinnheimt reiðufé), afvaxtaður á upprunalegum **virkum vöxtum** (eða **lánaleiðréttum, virkum vöxtum keyptra eða útgefinna virðisrýrðra fjáreigna**). Eining skal meta sjóðstreymi með því að kanna alla samningsskilmála fjármálagerningsins (t.d. uppgreiðslu, framlengingu, kauprétt og sambærilegar vilnanir) á væntum líftíma fjármálagerningsins. Það sjóðstreymi sem er kannað skal fela í sér sjóðstreymi frá sölu tryggingar eða annarra endurbóta á lánshæfi sem eru óaðskiljanlegur hluti samningsskilmála. Litið er svo á að unnt sé að meta væntan líftíma fjármálagernings með áreiðanlegum hætti. Í þeim fáu tilvikum þegar ekki er mögulegt að meta væntan líftíma fjármálagernings með áreiðanlegum hætti skal einingin þó nota eftirstæðan samningstíma fjármálagerningsins.

lánaleiðréttir virkir vextir

Vextir sem afvaxta nákvæmlega áætlaðar framtíðarútgreiðslur eða -inngreiðslur handbærs fjár á væntum líftíma fjáreignarinnar til **afskrifaðs kostnaðarverðs fjáreignar** sem er **keypt eða útgefin virðisrýrð fjáreign**. Þegar lánaleiðréttir virkir vextir eru reiknaðir skal eining meta vænt sjóðstreymi með því að kanna samningsskilmála fjáreignarinnar (t.d. uppgreiðslu, framlengingu, kauprétt og sambærilegar vilnanir) og **vænt útlánatap**. Útreikningarnir taka til allra þóknana og vaxtaútgreiðslna eða -inngreiðslna milli samningsaðila, sem eru óaðskiljanlegur hluti virkra vaxta (sjá liði B5.4.1–B5.4.3), **viðskiptakostnaðar** og alls annars yfir- eða undirverðs. Litið er svo á að unnt sé að meta sjóðstreymið og væntan líftíma flokks sambærilegra fjármálagerninga með áreiðanlegum hætti. Í þeim fáu tilvikum þegar ekki er mögulegt að meta sjóðstreymið eða eftirstæðan líftíma fjármálagernings (eða flokks fjármálagerninga) með áreiðanlegum hætti skal einingin þó nota samningsbundið sjóðstreymi á öllu samningstímabili fjármálagerningsins (eða flokks fjármálagerninga).

afskráning

Þegar fjáreign eða fjárskuld, sem hefur áður verið færð, er fjarlægð úr efnahagsreikningi einingarinnar.

afleiða

Fjármálagerningur eða annar samningur sem fellur undir gildissvið þessa staðals sem ber öll eftirfarandi einkenni:

a) virði hans í ljósi breytinga á tilgreindum vöxtum, verði fjármálagernings, hrávöruverði, gengi gjaldmiðla, verð- eða vaxtavísitölu, lánshæfismati eða lánskjaravísitölu eða annarri breytu, að því tilskildu, ef um ófjárhagslega breytu er að ræða, að breytan eigi ekki sérstaklega við um aðila að samningnum (stundum kallað „undirliggjandi“ breyta),

b) hann krefst ekki hreinnar upphafsfjárfestingar eða hreinnar upphafsfjárfestingar sem er minni en krafa væri gerð um vegna annarra samningstegunda sem gera mætti ráð fyrir að hefðu sambærilega svörun gagnvart breytingum á markaðsþáttum,

c) uppgjörsdagsetning hans er í framtíðinni.

arðgreiðslur Útgreiðslur hagnaðar til handhafa eiginfjárgerninga í samræmi við eignarhlut þeirra í tilteknum flokki hlutafjár.

aðferð virkra vaxta Aðferðin er notuð til að reikna út **afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar** og við ráðstöfun og færslu vaxtatekna eða vaxtakostnaðar í rekstrarreikning á viðkomandi tímabili.

virkir vextir Vextir sem afvaxta nákvæmlega áætlaðar framtíðarútgreiðslur eða -inngreiðslur handbærs fjár á væntanlegum líftíma fjáreignar eða fjárskuldar til **vergs bókfærðs verðs fjáreignar** eða **afskrifaðs kostnaðarverðs fjárskuldar**. Þegar virkir vextir eru reiknaðir skal eining meta vænt sjóðstreymi með því að kanna alla samningsskilmála fjármálagerningsins (t.d. uppgreiðslu, framlengingu, kauprétt og sambærilegar vilnanir) en skal ekki taka tillit til **vænts útlánataps**. Útreikningarnir taka til allra þóknana og vaxtaútgreiðslna eða -inngreiðslna milli samningsaðila, sem eru óaðskiljanlegur hluti virkra vaxta (sjá liði B5.4.1–B5.4.3), **viðskiptakostnaðar** og alls annars yfir- eða undirverðs. Litið er svo á að unnt sé að meta sjóðstreymið og væntan líftíma flokks sambærilegra fjármálagerninga með áreiðanlegum hætti. Í þeim fáu tilvikum, þegar ekki er mögulegt að meta sjóðstreymið eða væntan líftíma fjármálagernings (eða flokks fjármálagerninga) með áreiðanlegum hætti, skal einingin þó nota samningsbundið sjóðstreymi á öllu samningstímabili fjármálagerningsins (eða flokks fjármálagerninga).

vænt útlánatap Vegið meðaltal **útlánataps** þar sem vanskilaáhætta er, eftir því sem við á, vægið.

samningur með fjárhagslegri tryggingu Samningur þar sem þess er krafist að útgefandinn inni tilgreindar greiðslur af hendi til að endurgreiða handhafa vegna taps sem hann verður fyrir vegna þess að tilgreindum skuldara tekst ekki að inna af hendi greiðslu þegar hún fellur í gjalddaga í samræmi við upphaflega eða breytta skilmála skuldagernings.

fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning Fjárskuld sem uppfyllir eitt af eftirfarandi skilyrðum:

a) uppfyllir skilgreiningu á **ætlaður til veltuviðskipta**,

b) við upphafsfærslu tilgreinir einingin hana á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við liði 4.2.2 eða 4.3.5,

c) hana má tilgreina annaðhvort við upphafsfærslu eða síðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við lið 6.7.1.

föst skuldbinding Bindandi samningur um viðskipti með tilgreint magn verðmæta á tilgreindu verði á tilgreindum degi eða dögum í framtíðinni.

áætluð framtíðarviðskipti Viðskipti sem er vænst en fyrirtækið hefur ekki skuldbundið sig til.

vergt bókfært verð fjáreignar — **Afskrifað kostnaðarverð fjáreignar** áður en leiðrétt er fyrir **niðurfærslu**.

áhættuvarnarhlutfall — Tengsl milli magns áhættuvarnargernings og magns áhættuvarins liðar með tilliti til hlutfallslegs vægis þeirra.

ætlaður til veltuviðskipta — Fjáreign eða fjárskuld sem:

a) er keypt eða stofnað er til hennar með það fyrir augum, fyrst og fremst, að selja eða endurkaupa hana innan skamms tíma,

b) er við upphafsfærslu hluti eignasafns skilgreindra fjármálagerninga, sem er stýrt sameiginlega, og gögn sýna nýlegt mynstur raunverulegs skammtímahagnaðar af því eða

c) er **afleiða** (að undanskilinni afleiðu sem er samningur með fjárhagslegri tryggingu eða sem er tilgreind sem áhættuvarnargerningur og er virk sem slík).

virðisrýrnunarhagnaður eða -tap — Hagnaður eða tap sem er fært í rekstrarreikningi í samræmi við lið 5.5.8 og leiðir af beitingu virðisrýrnunarkrafna í þætti 5.5.

vænt útlánatap á líftíma — Vænt útlánatap sem stafar af öllum mögulegum vanskilaatburðum á væntum líftíma fjármálagernings.

niðurfærsla — Niðurfærsla vegna **vænts útlánataps** af fjáreignum, sem eru metnar í samræmi við lið 4.1.2, útistandandi leigu og **samningseigna**, uppsafnaðrar virðisrýrnunar-fjárhæðar vegna fjáreigna sem eru metnar í samræmi við lið 4.1.2 A og vænts útlánataps af lánsskuldbindingum og samninga með **fjárhagslegri tryggingu**.

breyting hagnaðar eða taps — Fjárhæð sem stafar af breytingu á **vergu bókfærðu verði fjáreignar** til að endurspegla samningsbundið sjóðstreymi sem samið er um að nýju eða breytt. Eining endurreiknar vergt bókfært verð fjáreignar sem núvirði áætlaðra framtíðarútgreiðslna eða -inngreiðslna handbærs fjár á væntum líftíma endurumsaminnar eða breyttrar fjáreignar sem eru afvaxtaðar á upprunalegum **virkum vöxtum fjáreignarinnar** (eða upprunalegum **lánaleiðréttum, virkum vöxtum keyptra eða útgefinna virðisrýrðra fjáreigna**) eða, ef við á, endurskoðuðum **virkum vöxtum** sem eru reiknaðir í samræmi við lið 6.5.10. Við mat á væntu sjóðstreymi fjáreignar skal eining kanna alla samningsskilmála fjáreignarinnar (t.d. uppgreiðslu, kauprétt og sambærilegar vilnanir) en ekki **vænt útlánatap** nema fjáreignin sé **keypt eða útgefin virðisrýrð fjáreign** en í því tilviki skal eining einnig kanna upphaflegt, vænt útlánatap sem litið var til við útreikning upphaflegra **lánaleiðréttra virkra vaxta**.

fallið í gjalddaga	Fjáreign er gjaldfallin þegar mótaðila tekst ekki að inna af hendi greiðslu á umsömdum gjalddaga.
keypt eða útgefin virðisrýrð fjáreign	Keypt eða útgefin fjáreign, ein eða fleiri, sem er **virðisrýrð** við upphafsfærslu.
endurflokkunardagsetning	Á fyrsta degi fyrsta reikningsskilatímabils í kjölfar breytingar á viðskiptalíkani sem leiðir til endurflokkunar einingar á fjáreignum.
reglubundin kaup eða sala	Kaup eða sala á fjáreign samkvæmt samningi þar sem í skilmálum er gerð krafa um afhendingu eignarinnar innan tímamarka sem ákvarðast yfirleitt af reglum eða venju á viðkomandi markaði.
viðskiptakostnaður	Jaðarkostnaður sem rekja má beint til yfirtöku, útgáfu eða ráðstöfunar fjáreignar eða fjárskuldar (sjá lið B5.4.8). Jaðarkostnaður er kostnaður sem hefði ekki verið stofnað til ef einingin hefði ekki eignast, gefið út eða ráðstafað fjármálagerningi.

Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í 11. lið í IAS-staðli 32, viðbæti A við IFRS-staðal 7, viðbæti A við IFRS-staðal 13 eða viðbæti A við IFRS-staðal 15 og eru notuð í þessum staðli í þeim skilningi sem tilgreindur er í IAS-staðli 32, IFRS-staðli 7, IFRS-staðli 13 eða IFRS-staðli 15:

a) útlánaáhætta ([52]),

b) eiginfjárgerningur,

c) gangvirði,

d) fjáreign,

e) fjármálagerningur,

f) fjárskuld,

g) verð í viðskiptum.

([52]) Þetta hugtak (eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 7) er notað í kröfum varðandi framsetningu áhrifa af breytingum á útlánaáhættu skulda sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (sjá lið 5.7.7).

Viðbætir B

Leiðbeiningar varðandi beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti staðalsins.

GILDISSVIÐ (2. KAFLI)

B2.1 Í sumum samningum er krafist greiðslu sem byggð er á loftslagsbreytum, jarðfræðibreytum eða öðrum eðlisfræðilegum breytum. (Þær sem byggjast á loftslagsbreytum eru stundum nefndar „veðurafleiður“.) Ef þeir samningar falla ekki innan gildissviðs IFRS-staðals 17, *vátryggingarsamningar*, falla þeir innan gildissviðs þessa staðals.

B2.2 Þessi staðall breytir ekki kröfum í tengslum við lífeyrissjóði, sem fylgja IAS-staðli 26, *reikningshald og reikningsskil eftirlaunasjóða*, og samninga um einkaleyfaþóknanir sem miðast við sölumagn eða þjónustutekjur sem eru færðar samkvæmt IFRS-staðli 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*.

B2.3 Stundum fjárfestir eining í því sem hún telur vera „stefnumiðaða fjárfestingu“ í eiginfjárgerningum, sem önnur eining gefur út, í því augnamiði að koma á eða viðhalda langtímarekstrartengslum við einingunа sem fjárfest er í. Fjárfestirinn eða samrekstraraðilinn notar IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri,* til að ákvarða hvort hlutdeildaraðferðin í reikningshaldi skuli eiga við um slíka fjárfestingu.

B2.4 Þessi staðall gildir um fjáreignir og fjárskuldir vátryggjenda aðrar en réttindi og skyldur sem e-liður liðar 2.1 undanskilur vegna þess að þær verða til samkvæmt samningum sem falla innan gildissviðs IFRS-staðals 17.

B2.5 Samningar með fjárhagslegri tryggingu geta verið á ýmiss konar lagalegu formi, s.s. trygging, nokkrar gerðir loforða um lánveitingu, vanskilaáhættusamningur eða vátryggingarsamningur. Reikningshaldsleg meðferð veltur ekki á lagalegu formi þeirra. Hér á eftir fara dæmi um viðeigandi meðferð (sjá e-lið í lið 2.1):

a) Þótt samningur með fjárhagslegri tryggingu samrýmist skilgreiningunni á vátryggingarsamningi í IFRS-staðli 17 (sjá e-lið 7. liðar í IFRS-staðli 17) beitir útgefandinn þessum staðli ef yfirfærð áhætta er veruleg. Ef útgefandinn hefur engu að síður haldið því ótvírætt fram áður að hann líti á slíka samninga sem vátrygginga-samninga og hefur beitt reikningsskilum sem gilda um vátryggingasamninga getur útgefandinn valið að beita annaðhvort þessum staðli eða IFRS-staðli 17 á slíka samninga með fjárhagslegri tryggingu. Ef þessi staðall gildir er gerð krafa um það í lið 5.1.1 að útgefandi færi samning með fjárhagslegri tryggingu upphaflega á gangvirði. Ef samningur með fjárhagslegri tryggingu var gefinn út til ótengds aðila í sjálfstæðum viðskiptum ótengdra aðila er líklegt að gangvirði hans við gildistöku jafngildi mótteknu framlagi nema vísbending sé um annað. Síðar, nema samningur með fjárhagslegri tryggingu hafi verið tilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við gildistöku eða liðir 3.2.15–3.2.23 og B3.2.12–B3.2.17 gildi (þegar yfirfærsla fjáreignar uppfyllir ekki skilyrði fyrir afskráningu eða þegar notuð er aðferð sem byggist á áframhaldandi aðild), metur útgefandi hann við þeirri fjárhæð sem er hærri:

(i) fjárhæðinni sem er ákvörðuð í samræmi við þátt 5.5 og

(ii) fjárhæðinni sem var færð upphaflega, að frádreginni, þar sem við á, uppsafnaðri fjárhæð afkomu færðri í samræmi við meginreglur IAS-staðals 15 (sjá c-lið í lið 4.2.1).

b) Að því er varðar sumar lánstengdar ábyrgðir er það ekki gert að skilyrði fyrir greiðslu að handhafi eigi á hættu tap og hafi orðið fyrir tapi vegna þess að skuldari innti ekki af hendi greiðslur af eigninni, sem ábyrgð er á, þegar þær féllu í gjalddaga. Dæmi um slíka ábyrgð er þegar krafist er greiðslu vegna breytinga á tilgreindu lánshæfismati eða lánskjaravísitölu. Slíkar ábyrgðir eru ekki samningar með fjárhagslegri tryggingu, eins og þeir eru skilgreindir í þessum staðli, og eru ekki vátryggingarsamningar, eins og þeir eru skilgreindir í IFRS-staðli 17. Slíkar ábyrgðir eru afleiður og útgefandinn beitir þessum staðli á þær.

c) Ef samningur með fjárhagslegri tryggingu var gefinn út í tengslum við sölu vara beitir útgefandi IFRS-staðli 15 þegar hann ákveður hvenær hann færir tekjur af ábyrgðinni og af sölu varanna.

B2.6 Fullyrðingar um að útgefandi líti á samninga sem vátryggingasamninga er að jafnaði að finna í orðsendingum útgefandans til viðskiptavina og eftirlitsaðila, í samningum, viðskiptaskjölum og reikningsskilum. Vátryggingasamningar falla enn fremur oft undir reikningsskilakröfur sem eru frábrugðnar kröfunum sem gilda um aðrar tegundir viðskipta, s.s. samninga sem bankar eða félög í atvinnurekstri gefa út. Í þeim tilvikum er venjulega að finna yfirlýsingu í reikningsskilum útgefanda um að hann hafi fylgt þessum reikningsskilakröfum.

FÆRSLA OG AFSKRÁNING (3. KAFLI)

Upphafsfærsla (þáttur 3.1)

B3.1.1 Meginreglan í lið 3.1.1 hefur það í för með sér að eining færir öll samningsbundin réttindi og skuldbindingar samkvæmt afleiðum í efnahagsreikningi sem eignir og skuldir, eftir því sem við á, að undanskildum afleiðum sem koma í veg fyrir að yfirfærsla fjáreigna sé færð sem sala (sjá lið B3.2.14). Ef yfirfærsla fjáreignar uppfyllir ekki skilyrði um afskráningu færir yfirtökuaðili ekki yfirfærðu eignina sem sína eign (sjá lið B3.2.15).

B3.1.2 Eftirfarandi eru dæmi um beitingu meginreglunnar í lið 3.1.1:

a) óskilyrtar viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir eru færðar sem eignir eða skuldir þegar einingin verður aðili að samningnum og hefur, af þeim sökum, lagalegan rétt til að fá eða lagalega skyldu til að láta af hendi handbært fé,

b) eignir, sem kaupa á, og skuldir, sem stofna á til, vegna fastrar skuldbindingar um að kaupa eða selja vörur eða þjónustu, eru yfirleitt ekki færðar fyrr en a.m.k. einn af aðilunum hefur staðið við sinn hluta samkomulagsins. Eining, sem fær t.d. bindandi pöntun, færir yfirleitt ekki eign (og einingin, sem pantar, færir ekki skuld) þegar skuldbindingin á sér stað heldur frestar hún færslunni þar til pöntuðu vörurnar hafa verið sendar eða afhentar eða þjónustan innt af hendi. Ef föst skuldbinding um að kaupa eða selja ófjárhagslega liði fellur innan gildissviðs þessa staðals í samræmi við liði 2.4–2.7 er hreint gangvirði þeirra fært sem eign eða skuld daginn sem skuldbindingin á sér stað (sjá c-lið í lið B4.1.30). Auk þess er föst skuldbinding, ef hún hefur ekki verið færð áður, tilgreind sem áhættuvarinn liður í gangvirðisvörn og allar breytingar á hreinu gangvirði, sem rekja má til áhættunnar sem varið er gegn, eru færðar sem eign eða skuld eftir að áhættuvörninni er komið á (sjá b-lið í lið 6.5.8 og 6.5.9),

c) framvirkur samningur, sem fellur innan gildissviðs þessa staðals (sjá lið 2.1), er færður sem eign eða skuld daginn sem skuldbindingin á sér stað fremur en daginn sem greiðsla fer fram. Þegar eining verður aðili að framvirkum samningi er gangvirði réttar og skyldu oft hið sama svo að hreint gangvirði framvirka samningsins er núll. Ef hreint gangvirði réttar og skyldu er ekki núll er samningurinn færður sem eign eða skuld,

d) valréttarsamningar, sem falla innan gildissviðs þessa staðals (sjá lið 2.1), eru færðir sem eignir eða skuldir þegar handhafi eða seljandi verður aðili að samningnum,

e) ráðgerð framtíðarviðskipti, hve líkleg sem þau eru, eru ekki eignir og skuldir vegna þess að einingin er ekki orðin aðili að samningi.

Reglubundin kaup eða sala fjáreigna

B3.1.3 Reglubundin kaup eða sala fjáreigna er færð samkvæmt þeirri aðferð að miða annaðhvort við viðskiptadag eða uppgjörsdag, eins og lýst er í liðum B3.1.5 og B3.1.6. Eining skal beita sömu aðferð ávallt við öll kaup og alla sölu fjáreigna sem eru flokkaðar á sama hátt í samræmi við þennan staðal. Í þeim tilgangi eru eignir, sem skylt er að meta á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, í flokki sem er aðgreindur frá eignum sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Enn fremur mynda fjárfestingar í eiginfjárgerningum, sem eru færðar við það val sem kveðið er á um í lið 5.7.5, sérstakan flokk.


B3.1.4 Samningur þar sem þess er krafist eða heimilað er að breytingar, sem verða á virði samningsins, verði gerðar upp er ekki reglubundinn samningur. Þess í stað er slíkur samningur færður sem afleiða á tímabilinu frá viðskiptadegi til uppgjörsdags.

B3.1.5 Viðskiptadagurinn er dagurinn þegar eining skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign. Í reikningshaldi, sem miðast við viðskiptadag, felst a) færsla eignar, sem einingin á að fá og skuldbindingin að greiða fyrir hana á viðskiptadegi, og b) afskráning eignar, sem er seld, færsla hagnaðar eða taps við ráðstöfun og færsla viðskiptakröfu á kaupanda vegna greiðslu á viðskiptadegi. Venjulega falla vextir ekki á eignina og samsvarandi skuld fyrr en á uppgjörsdegi þegar eignarréttur er yfirfærður.

B3.1.6 Uppgjörsdagurinn er dagurinn þegar eining fær eign afhenta eða afhendir eign. Í reikningshaldi, sem miðast við uppgjörsdag, felst a) færsla eignar daginn þegar einingin tekur við henni og b) afskráning eignar og færsla hagnaðar eða taps við ráðstöfun daginn þegar einingin afhendir eignina. Þegar reikningshald miðast við uppgjörsdag færir eining allar breytingar á gangvirði eignarinnar, sem hún á að taka við, á tímabilinu frá viðskiptadegi til uppgjörsdags á sama hátt og hún færir eign sem hún eignast. Með öðrum orðum er breyting á virði ekki færð vegna eigna sem eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði, hún er færð í rekstrarreikning vegna eigna sem eru flokkaðar sem fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og hún er færð í aðra heildarafkomu vegna fjáreigna sem eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2 A og vegna fjárfestinga í eiginfjárgerningum sem eru færðir í samræmi við lið 5.7.5.

Afskráning fjáreigna (liður 3.2)

B3.2.1 Á eftirfarandi flæðiriti kemur fram mat á því hvort og að hve miklu leyti fjáreignir eru afskráðar.



Samkomulag sem felur í sér að eining haldi eftir samningsbundnum rétti til sjóðstreymis frá fjáreign en taki á sig samningsbundna skyldu til að greiða sjóðstreymi til eins eða fleiri viðtakenda (b-liður liðar 3.2.4)

B3.2.2 Sú staða, sem lýst er í b-lið í lið 3.2.4 (þegar eining heldur eftir samningsbundnum rétti til sjóðstreymis frá fjáreign en tekur á sig samningsbundna skyldu til að greiða sjóðstreymi til eins eða fleiri viðtakenda), kemur t.d. upp þegar einingin er fjárvörslusjóður og gefur út til fjárfesta hagstæða hlutdeild í þeim fjáreignum, sem liggja til grundvallar og hún á, og annast umsýslu þessara fjáreigna. Í því tilviki uppfylla fjáreignirnar skilyrði fyrir afskráningu ef skilyrðunum í liðum 3.2.5. og 3.2.6 er fullnægt.

B3.2.3 Við beitingu liðar 3.2.5 gæti einingin t.d. útgefandi fjáreignarinnar eða hún gæti verið samstæða sem tekur til dótturfélags sem hefur eignast fjáreignina og skilar sjóðstreymi áfram til ótengdra fjárfesta sem eru þriðju aðilar.

Mat á yfirfærslu á áhættu og ávinningi af eignarhaldi (liður 3.2.6)

B3.2.4 Dæmi um það þegar eining hefur yfirfært að verulegu leyti áhættu og ávinning, sem fylgir eignarhaldi, eru:

a) skilyrðislaus sala fjáreignar,

b) sala fjáreignar ásamt valrétti um endurkaup á fjáreigninni á gangvirðinu sem hún er á þegar hún er keypt aftur og

c) sala fjáreignar ásamt sölu- eða kauprétti sem er í umtalsverðu tapi (þ.e. valréttur sem er í svo miklu tapi að mjög ólíklegt er að hann muni verða í gróða áður en hann rennur út).

B3.2.5 Dæmi um það þegar eining hefur haldið eftir að verulegu leyti áhættu og ávinningi, sem fylgir eignarhaldi, eru:

a) sölu- og endurkaupaviðskipti þegar endurkaupsverðið er fast verð eða söluverðið að viðbættri ávöxtun lánveitanda,

b) samningur um verðbréfalánveitingu,

c) sala fjáreignar ásamt heildarskiptasamningi sem yfirfærir áhættu markaðarins aftur til einingarinnar,

d) sala fjáreignar ásamt sölu- eða kauprétti sem er í umtalsverðum gróða (þ.e. valréttur sem er í svo miklum gróða að mjög ólíklegt er að hann verði í tapi áður en hann rennur út) og

e) sala á skammtímakröfum þar sem einingin ábyrgist að bæta yfirtökuaðila útlánatöp sem líklegt er að verði.

B3.2.6 Ef eining ákvarðar að hún hafi með yfirfærslunni yfirfært að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldi á yfirfærðu eigninni færir hún ekki yfirfærðu eignina aftur á framtíðartímabili nema hún kaupi aftur yfirfærðu eignina í nýjum viðskiptum.

Mat á yfirfærslu á yfirráðum

B3.2.7 Eining hefur ekki haldið yfirráðum yfir yfirfærðri eign ef yfirtökuaðilinn hefur í reynd getu til að selja yfirfærðu eignina. Eining hefur haldið yfirráðum yfir yfirfærðri eign ef yfirtökuaðilinn hefur í reynd ekki getu til að selja yfirfærðu eignina. Yfirtökuaðili hefur í reynd getu til að selja yfirfærðu eignina ef verslað er með hana á virkum markaði vegna þess að yfirtökuaðilinn gæti endurkeypt yfirteknu eignina á markaðnum ef hann þarf að skila eigninni aftur til einingarinnar. Yfirtökuaðili getur t.d. í reynd haft getu til að selja yfirfærða eign ef yfirfærða eignin er með fyrirvara um valrétt sem heimilar einingunni að endurkaupa hana en yfirtökuaðilinn getur auðveldlega komist yfir yfirfærðu eignina á markaðnum ef valrétturinn er nýttur. Yfirtökuaðili hefur í reynd ekki getu til að selja yfirfærðu eignina ef einingin heldur eftir slíkum valrétti og yfirtökuaðilinn getur ekki auðveldlega komist yfir yfirfærðu eignina á markaðnum ef einingin nýtir valréttinn.

B3.2.8 Yfirtökuaðilinn hefur í reynd aðeins getu til að selja yfirfærðu eignina ef yfirtökuaðilinn getur selt yfirfærðu eignina í heild til ótengds þriðja aðila og nýtt þá getu einhliða og án þess að þurfa að setja frekari takmarkanir á yfirfærsluna. Spurningin, sem allt veltur á, er hvað yfirtökuaðilinn getur gert í reynd en ekki hvaða samningsbundinn rétt hann hefur að því er varðar það sem hann getur gert við yfirfærðu eignina eða hvaða samningsbundin bönn eru fyrir hendi. Einkum:

a) samningsbundinn réttur til að ráðstafa yfirfærðu eigninni hefur lítil áhrif í reynd ef enginn markaður er fyrir yfirfærðu eignina og

b) geta til að ráðstafa yfirfærðu eigninni hefur lítil áhrif í reynd ef frelsi til að nota hana er ekki fyrir hendi. Af þeirri ástæðu:

(i) verður geta yfirtökuaðila til að ráðstafa yfirfærðu eigninni að vera óháð aðgerðum annarra (þ.e. getan verður að vera einhliða) og

(ii) yfirtökuaðilinn verður að hafa getu til að ráðstafa yfirfærðu eigninni án þess að þurfa að setja takmarkandi skilyrði eða „hömlur“ á yfirfærsluna (t.d. skilyrði um það hvernig umsýslu við útlánseign er háttað eða valrétt sem veitir yfirtökuaðila rétt til endurkaupa á eigninni).

B3.2.9 Það að ólíklegt sé að framsalshafi selji yfirfærðu eignina felur sem slíkt ekki í sér að framseljandi hafi haldið yfirráðum yfir yfirfærðu eigninni. Ef söluréttur eða ábyrgð hindrar framsalshafa í að selja yfirfærðu eignina hefur framseljandinn á hinn bóginn haldið eftir yfirráðum í yfirfærðu eigninni. Ef t.d. söluréttur eða ábyrgð er nægilega verðmæt dregur það úr möguleikum framsalshafans á að selja yfirfærðu eignina vegna þess að framsalshafinn myndi í reynd ekki selja yfirfærðu eignina til þriðja aðila án þess að tengja við hana sambærilegan valrétt eða önnur takmarkandi skilyrði. Þess í stað héldi yfirtökuaðilinn yfirfærðu eigninni til að fá greiðslur samkvæmt ábyrgðinni eða söluréttinum. Við þessar aðstæður hefur framseljandi haldið yfirráðum yfir eigninni.

Yfirfærslur sem uppfylla skilyrði um afskráningu

B3.2.10 Eining getur haldið eftir rétti til hluta vaxtagreiðslna af yfirfærðum eignum sem þóknun fyrir umsýslu við þær eignir. Þeim hluta vaxtagreiðslna, sem einingin gæfi eftir við uppsögn eða yfirfærslu á umsýslusamningi, er úthlutað á umsýslueignina eða umsýsluskuld. Hluti vaxtagreiðslnanna, sem einingin gæfi ekki eftir, er aðeins vaxtaræmukrafa. Ef einingin gæfi t.d. ekki eftir neina vexti við uppsögn eða yfirfærslu á umsýslusamningnum er allt vaxtaálagið aðeins vaxtaræmukrafa. Þegar lið 3.2.13 er beitt er gangvirði umsýslueignarinnar og vaxtaræmukröfunnar notað til að skipta bókfærðu verði kröfunnar milli þess hluta eignarinnar sem er afskráður og hlutans sem er færður áfram. Ef ekki er tilgreind nein umsýsluþóknun eða ekki er vænst þóknunar, sem bætir einingunni nægilega fyrir að inna umsýsluna af hendi, er skuld vegna umsýsluskyldu færð á gangvirði.

B3.2.11 Við mat á gangvirði hlutans, sem haldið er áfram að færa og hlutans sem er afskráður við beitingu liðar 3.2.13, notar eining gangvirðismatskröfurnar í IFRS-staðli 13, *gangvirðismat*, til viðbótar við lið 3.2.14.

Yfirfærslur sem uppfylla ekki skilyrði fyrir afskráningu

B3.2.12 Eftirfarandi eru dæmi um beitingu meginreglunnar í lið 3.2.15. Ef ábyrgð á tapi vegna vanskila á yfirfærðu eigninni, sem einingin leggur fram, kemur í veg fyrir að yfirfærða eignin sé afskráð vegna þess að einingin hefur haldið eftir nær allri áhættu og ávinningi af eignarhaldi á yfirfærðu eigninni, er haldið áfram að færa yfirfærðu eignina í heild og móttekið endurgjald fært sem skuld.

Áframhaldandi aðild að yfirfærðum eignum

B3.2.13 Eftirfarandi eru dæmi um það hvernig eining metur yfirfærða eign og tengda skuld skv. lið 3.2.16:

Allar eignir

a) Ef ábyrgð á tapi vegna vanskila á yfirfærðri eign, sem eining leggur fram, kemur í veg fyrir að yfirfærða eignin sé afskráð að því marki sem nemur áframhaldandi aðild er yfirfærða eignin metin á því sem nemur þeirri fjárhæð sem lægri er á yfirfærsludegi i. bókfærðu verði eignarinnar eða ii. hámarksfjárhæð móttekins endurgjalds við yfirfærsluna sem einingin gæti þurft að endurgreiða („ábyrgðarfjárhæðinni“). Tengda skuldbindingin er upphaflega metin á því sem nemur ábyrgðarfjárhæðinni, að viðbættu gangvirði ábyrgðarinnar (sem er venjulega móttekið endurgjald fyrir ábyrgðina). Síðar er upphaflegt gangvirði ábyrgðarinnar fært í rekstrarreikning þegar (eða eftir því sem) skuldbinding er uppfyllt (í samræmi við meginreglur IFRS-staðals 15) og bókfært verð eignarinnar er lækkað um það sem nemur niðurfærslu.

Eignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði

b) Ef skuldbinding vegna söluréttar, sem eining selur, eða kaupréttur, sem eining á, kemur í veg fyrir að yfirfærð eign sé afskráð og einingin meti yfirfærðu eignina á afskrifuðu kostnaðarverði, er tengda skuldbindingin metin á kostnaðarverði (þ.e. móttekið endurgjald), leiðrétt vegna afskrifta á öllum mismun milli þess kostnaðarverðs og vergs bókfærðs verðs yfirfærðu eignarinnar daginn sem valrétturinn rennur út. Til dæmis er gert ráð fyrir að vergt bókfært verð eignarinnar á yfirfærsludegi sé 98 GE og móttekið endurgjald sé 95 GE. Vergt bókfært verð eignarinnar daginn, sem valrétturinn er nýttur, verður 100 GE. Upphaflegt bókfært verð tengdrar skuldbindingar er 95 GE og mismunurinn á 95 GE og 100 GE er færður í rekstrarreikning með því að nota aðferð virkra vaxta. Ef valréttur er nýttur er allur mismunur á bókfærðu verði tengdrar skuldbindingar og nýtingarverðsins færður í rekstrarreikning.

Eignir metnar á gangvirði

c) Ef kaupréttur, sem einingin heldur eftir, kemur í veg fyrir að yfirfærð eign sé afskráð og einingin metur yfirfærðu eignina á gangvirði er haldið áfram að meta eignina á gangvirði. Tengda skuldbindingin er metin á i. nýtingarverði valréttarins að frádregnu tímavirði valréttarins ef hann er í gróða eða á sléttu eða ii. gangvirði yfirfærðu eignarinnar að frádregnu tímavirði valréttarins ef hann er í tapi. Leiðréttingin á matinu á tengdu skuldbindingunni tryggir að hreint, bókfært verð eignarinnar og tengdu skuldbindingarinnar sé gangvirði kaupréttarins. Ef t.d. gangvirði eignarinnar, sem liggur til grundvallar, er 80 GE er nýtingarverð valréttarins 95 GE og tímavirði valréttarins 5 GE, bókfært verð tengdu skuldbindingarinnar er 75 GE (80 GE – 5 GE) og bókfært verð yfirfærðu eignarinnar er 80 GE (þ.e. gangvirði hennar).

d) Ef söluréttur, sem eining selur, kemur í veg fyrir að yfirfærð eign sé afskráð og einingin metur yfirfærðu eignina á gangvirði, er tengda skuldbindingin metin á nýtingarverði valréttarins að viðbættu tímavirði valréttarins. Mat eignarinnar á gangvirði takmarkast við það sem lægra er, gangvirði eða nýtingarverð valréttarins, vegna þess að einingin hefur engan rétt til hækkunar á gangvirði yfirfærðu eignarinnar sem er umfram nýtingarverð valréttarins. Þetta tryggir að hreint, bókfært verð eignarinnar og tengdu skuldbindingarinnar er gangvirði söluréttarskuldbindingarinnar. Ef t.d. gangvirði eignarinnar, sem liggur til grundvallar, er 120 GE er nýtingarverð valréttarins 100 GE og tímavirði valréttarins 5 GE, bókfært verð tengdu skuldbindingarinnar er 105 GE (100 GE + 5 GE) og bókfært verð eignarinnar er 100 GE (í þessu tilviki nýtingarverð valréttarins).

e) Ef kragi, sem myndaður er af keyptum kauprétti og seldum sölurétti, kemur í veg fyrir að yfirfærð eign sé afskráð og einingin metur eignina á gangvirði heldur hún áfram að meta eignina á gangvirði. Tengda skuldbindingin er metin á i. samtölu nýtingarverðs kaupréttar og gangvirðis söluréttarins að frádregnu tímavirði kaupréttarins ef kauprétturinn er í gróða eða á sléttu eða ii. samtölu gangvirðis eignarinnar og gangvirðis söluréttarins að frádregnu tímavirði kaupréttarins ef kauprétturinn er í tapi. Leiðréttingin á tengdu skuldbindingunni tryggir að hreint, bókfært verð eignarinnar og tengdu skuldbindingarinnar er gangvirði valréttanna sem einingin á og hefur gefið út. Til dæmis er gert ráð fyrir að einingin yfirfæri fjáreign, sem er metin á gangvirði, og kaupi jafnframt kauprétt á nýtingarverðinu 120 GE og selji sölurétt á nýtingarverðinu 80 GE. Einnig er gert ráð fyrir að gangvirði eignarinnar sé 100 GE á yfirfærsludegi. Tímavirði sölu- og kaupréttarins er 1 GE og 5 GE í þeirri röð. Í þessu tilviki færir einingin eign á 100 GE (gangvirði eignarinnar) og skuld á 96 GE [(100 GE + 1 GE) – 5 GE]. Þetta gerir hreint eignarvirði 4 GE sem er gangvirði valréttanna sem einingin á og hefur gefið út.

Allar yfirfærslur

B3.2.14 Að því marki sem yfirfærsla fjáreignar uppfyllir ekki skilyrði fyrir afskráningu er samningsbundinn réttur eða samningsbundin skylda framseljanda í tengslum við yfirfærsluna ekki færð sérstaklega sem afleiða ef bæði færsla afleiðunnar og annaðhvort yfirfærðu eignarinnar eða skuldarinnar, sem stofnast við yfirfærsluna, leiddi til þess að sama réttur eða sama skylda væri færð tvisvar. Kaupréttur, sem framseljandi héldi eftir, gæti t.d. komið í veg fyrir að yfirfærsla fjáreigna væri færð sem sala. Í því tilviki er kauprétturinn ekki færður sérstaklega sem afleidd eign.

B3.2.15 Að því marki sem yfirfærsla fjáreignar uppfyllir ekki skilyrði fyrir afskráningu færir framsalshafi ekki yfirfærðu eignina sem eign sína. Framsalshafinn afskráir handbært fé eða annað endurgjald sem er greitt og færir viðskiptakröfu frá framseljanda. Ef framseljandinn hefur bæði rétt og skyldu til að endurheimta yfirráð í allri yfirfærðu eigninni fyrir fasta fjárhæð (s.s. samkvæmt endurkaupasamningi) getur framsalshafi metið viðskiptakröfu á afskrifuðu kostnaðarverði ef hún uppfyllir skilyrði í lið 4.1.2.

Dæmi

B3.2.16 Eftirfarandi dæmi skýra hvernig afskráningarreglunum í þessum staðli er beitt.

a) *Endurkaupasamningar og verðbréfalánveiting.* Ef fjáreign er seld samkvæmt samningi um endurkaup á henni á föstu verði eða á söluverði, að viðbættri ávöxtun lánveitanda, er hún ekki afskráð vegna þess að framseljandi heldur eftir nær allri áhættu og öllum ávinningi af eignarhaldinu. Ef framsalshafi öðlast rétt til að selja eða veðsetja eignina endurflokkar framseljandi eignina í efnahagsreikningi sínum t.d. sem eign í útláni eða endurkeypta viðskiptakröfu.

b) *Endurkaupasamningar og verðbréfalánveiting — eignir sem eru að verulegu leyti eins.* Ef fjáreign er seld samkvæmt samningi um endurkaup á sömu, eða að verulegu leyti sömu, eign á föstu verði eða á söluverði að viðbættri ávöxtun lánveitanda eða ef fjáreign er fengin að láni eða lánuð út samkvæmt samningi um að skila sömu, eða að verulegu leyti sömu, eign til framseljanda er hún ekki afskráð vegna þess að yfirfærsluaðilinn heldur eftir nær allri áhættu og öllum ávinningi af eignarhaldinu.

c) *Endurkaupasamningar og verðbréfalánveiting — réttur til að skipta út eignum fyrir aðrar eignir.* Ef endurkaupasamningur á föstu endurkaupsverði eða verð, sem er jafnt söluverði, að viðbættri ávöxtun lánveitanda eða sambærileg verðbréfalánveiting, veitir framsalshafanum rétt til að skipta út eignum fyrir aðrar eignir sem eru sambærilegar og á sama gangvirði og yfirfærða eignin á endurkaupadegi er eignin, sem er seld eða lánuð út samkvæmt endurkaupasamningi eða verðbréfalánveitingarviðskiptum, ekki afskráð vegna þess að framseljandinn heldur eftir nær allri áhættu og öllum ávinningi af eignarhaldi.

d) *Forkaupsréttur til endurkaupa á gangvirði*. Ef eining selur fjáreign og heldur aðeins eftir forkaupsrétti til endurkaupa á yfirfærðu eigninni á gangvirði ef yfirtökuaðilinn selur hana síðar afskráir einingin eignina vegna þess að hún hefur yfirfært nær alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi.

e) *Sýndarviðskipti*. Endurkaup á fjáreign skömmu eftir að hún var seld eru stundum nefnd sýndarsala. Slík endurkaup útiloka ekki afskráningu að því tilskildu að upphaflegu viðskiptin uppfylli skilyrði fyrir afskráningu. Ef gerður er samningur um sölu fjáreignar samhliða samningi um endurkaup á sömu eign á föstu verði eða söluverði, að viðbættri ávöxtun lánveitanda, er eignin þó ekki afskráð.

f) *Söluréttur og kaupréttur sem eru í umtalsverðum gróða*. Ef framseljandi getur keypt aftur yfirfærða fjáreign og kauprétturinn er í umtalsverðum gróða uppfyllir yfirfærslan ekki skilyrði fyrir afskráningu vegna þess að framseljandinn hefur haldið eftir nær allri áhættu og öllum ávinningi af eignarhaldi. Eins er ef framsalshafinn getur selt aftur yfirfærða fjáreign og sölurétturinn er í umtalsverðum gróða uppfyllir yfirfærslan ekki skilyrði fyrir afskráningu vegna þess að framseljandinn hefur haldið eftir nær allri áhættu og öllum ávinningi af eignarhaldi.

g) *Söluréttur og kaupréttur sem eru í umtalsverðu tapi.* Fjáreign, sem er því aðeins yfirfærð að hún sé söluréttur í umtalsverðu tapi í eigu framsalshafa eða kaupréttur sem er kaupréttur í umtalsverðu tapi í eigu framseljanda, er afskráð. Þetta stafar af því að framseljandinn hefur yfirfært að verulegu leyti áhættu og ávinning sem fylgir eignarhaldi.

h) *Auðfáanlegar eignir með fyrirvara um kauprétt sem er hvorki í umtalsverðum gróða né umtalsverðu tapi.* Ef eining á kauprétt á eign, sem er auðfáanleg á markaðnum og valrétturinn er hvorki í umtalsverðum gróða né umtalsverðu tapi, er eignin afskráð. Þetta stafar af því að einingin i. hefur hvorki haldið eftir né yfirfært að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldi og ii. hefur ekki haldið yfirráðum. Ef eignin er ekki auðfáanleg á markaðnum er afskráning þó útilokuð fyrir þá fjárhæð eignarinnar sem ræðst af kaupréttinum vegna þess að einingin hefur haldið yfirráðum yfir eigninni.

i) *Eign sem er ekki auðfáanleg með fyrirvara um sölurétt sem eining hefur gefið út og er hvorki í umtalsverðum gróða né umtalsverðu tapi.* Ef eining yfirfærir fjáreign sem er ekki auðfáanleg á markaðnum og gefur út sölurétt sem er ekki í umtalsverðu tapi heldur einingin hvorki eftir né yfirfærir að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldi vegna útgefna söluréttarins. Einingin heldur yfirráðum yfir eigninni ef sölurétturinn er nægilega verðmætur til að koma í veg fyrir að framsalshafinn selji eignina en í því tilviki er haldið áfram að færa eignina að því marki sem nemur aðildinni sem framseljandinn heldur (sjá lið B3.2.9). Einingin yfirfærir yfirráð yfir eigninni ef sölurétturinn er ekki nægilega verðmætur til að koma í veg fyrir að yfirtökuaðilinn selji eignina en í því tilviki er eignin afskráð.

j) *Eignir sem eru með fyrirvara um sölu- eða kauprétt á gangvirði eða framvirkan endurkaupasamning.* Yfirfærsla á fjáreign, sem einvörðungu á sér stað gegn sölu- eða kauprétti eða framvirkum endurkaupasamningi á nýtingar- eða endurkaupsverði sem er jafnt gangvirði fjáreignarinnar þegar endurkaupin fara fram, leiðir til afskráningar vegna yfirfærslu á nær allri áhættu og öllum ávinningi af eignarhaldi.

k) *Uppgjör kaup- eða söluréttar með handbæru fé.* Eining metur yfirfærslu á fjáreign, sem einvörðungu á sér stað gegn sölu- eða kauprétti eða framvirkum endurkaupasamningi sem er gerður upp með handbæru fé, til að ákvarða hvort hún hafi haldið eftir eða yfirfært nánast alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi. Ef einingin hefur ekki haldið eftir nánast allri áhættu og öllum ávinningi af eignarhaldi á yfirfærðu fjáreigninni ákvarðar hún hvort hún hafi haldið yfirráðum yfir yfirfærðu fjáreigninni. Það að sölu- eða kaupréttinum eða framvirki endurkaupasamningurinn er gerður upp með handbæru fé táknar ekki að einingin hafi þar með yfirfært yfirráðin (sjá lið B3.2.9 og g-, h- og i-lið hér að framan).

l) *Endurkræf yfirfærsla.* Endurkræf yfirfærsla er óskilyrtur endurkauparéttur (kaupréttur) sem veitir einingunni rétt til að endurheimta yfirfærðar eignir með nokkrum takmörkunum. Að því tilskildu að þess háttar valréttur leiði til þess að einingin hvorki haldi eftir né yfirfæri nánast alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi útilokar hún aðeins afskráningu að því marki sem nemur fjárhæðinni sem endurkaupin ná til (ef gert er ráð fyrir að yfirtökuaðilinn geti ekki selt eignina). Ef bókfært verð og söluandvirði af yfirfærslu útlánseigna eru t.d. 100 000 GE og unnt væri að afturkalla hvert einstakt útlán en samanlögð fjárhæð lána sem hægt væri að kaupa aftur gæti ekki verið farið yfir 10 000 GE, uppfylltu 90 000 GE af lánunum kröfur um afskráningu.

m) *Uppkauparéttur*. Eining, sem getur verið framseljandi, sem hefur umsjón með yfirfærðum eignum getur ráðið yfir uppkauparétti til að kaupa eftirstæðar yfirfærðar eignir þegar fjárhæð útistandandi eigna fellur á tiltekið stig þar sem kostnaður við umsjón með þessum eignum verður íþyngjandi borið saman við ávinning af umsjóninni. Að því tilskildu að slíkur uppkauparéttur leiði til þess að einingin hvorki haldi eftir né yfirfæri nánast alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi og yfirtökuaðilinn geti ekki selt eignirnar, útilokar það aðeins afskráningu að því marki sem nemur fjárhæðinni sem uppkauparéttinn nær til.

n) *Víkjandi eftirstæðir hagsmunir og lánsábyrgðir.* Eining getur endurbætt lánshæfi yfirtökuaðilans með því að gera eftirstæða hagsmuni í yfirfærðu eigninni víkjandi í heild eða að hluta. Einingin getur einnig endurbætt lánshæfi yfirtökuaðilans með lánsábyrgð sem getur verið ótakmörkuð eða takmarkast við tilgreinda fjárhæð. Ef einingin heldur eftir nánast allri áhættu og öllum ávinningi af eignarhaldi á yfirfærðu eigninni heldur einingin áfram að færa eignina í heild. Ef einingin heldur eftir nokkru af áhættu og ávinningi af eignarhaldi, en ekki að verulegu leyti, og hefur haldið yfirráðum, er afskráning þó útilokuð að því marki sem nemur handbæru fé eða öðrum eignum sem einingin gæti verið krafin um að greiða.

o) *Heildarskiptasamningar*. Eining getur selt yfirtökuaðila fjáreign og samið um heildarskipti við yfirtökuaðilann en þá rennur allt sjóðstreymi vegna vaxtagreiðslna af eigninni, sem liggur til grundvallar, til einingarinnar gegn fastri greiðslu eða greiðslu með breytilegum vöxtum, og einingin tekur á sig allar hækkanir eða lækkanir á gangvirði eignarinnar sem liggur til grundvallar. Í því tilviki er afskráning allrar eignarinnar bönnuð.

p) *Vaxtaskiptasamningar*. Eining getur yfirfært fjáreign á föstum vöxtum til yfirtökuaðila og gert vaxtaskiptasamning við yfirtökuaðilann um að fá fasta vexti og greiða breytilega vexti sem byggjast á grundvallarfjárhæð sem er jöfn höfuðstól yfirfærðu fjáreignarinnar. Vaxtaskiptasamningurinn kemur ekki í veg fyrir afskráningu yfirfærðu eignarinnar að því gefnu að greiðslurnar af vaxtaskiptasamningnum séu ekki háðar greiðslum af yfirfærðu eigninni.

q) *Vaxtaskiptasamningur með breytilegum höfuðstól.* Eining getur yfirfært fjáreign, sem er á föstum vöxtum og greiðist á tilteknu tímabili, til yfirtökuaðila og gert vaxtaskiptasamning með breytilegum höfuðstól við yfirtökuaðilann um að fá fasta vexti og greiða breytilega vexti sem byggjast á grundvallarfjárhæð. Ef grundvallarfjárhæð vaxtaskiptasamningsins er afskrifuð þannig að hún sé jöfn höfuðstóli yfirfærðu eignarinnar sem er útistandandi á hverjum tíma myndi vaxtaskiptasamningurinn leiða til þess að einingin héldi eftir verulegri fyrirframgreiðsluáhættu en þá heldur einingin annaðhvort áfram að færa alla yfirfærðu eignina eða heldur áfram að færa yfirfærðu eignina að því marki sem nemur áframhaldandi aðild hennar. Ef á hinn bóginn afskriftir grundvallarfjárhæðar vaxtaskiptasamningsins tengjast ekki þeirri fjárhæð höfuðstóls, sem er útistandandi af yfirfærðu eigninni, leiddi slíkur samningur ekki til þess að einingin héldi eftir fyrirframgreiðsluáhættu vegna eignarinnar. Þar af leiðandi útilokaði það ekki afskráningu yfirfærðu eignarinnar, að því tilskildu að greiðslurnar af vaxtaskiptasamningnum séu ekki háðar vaxtagreiðslum af yfirfærðu eigninni og vaxtaskiptasamningurinn leiddi ekki til þess að einingin héldi eftir umtalsverðri áhættu og ávinningi af eignarhaldi á yfirfærðu eigninni.

r) *Afskriftir.* Eining hefur ekki réttmætar væntingar um að endurheimta samningsbundið sjóðstreymi af fjáreign í heild eða að hluta.

B3.2.17 Í þessum lið er skýrð beiting aðferðar áframhaldandi aðildar þegar áframhaldandi aðild einingar felst í hluta fjáreignar.

Gerum ráð fyrir því að eining hafi lánasafn sem hægt er að greiða fyrirfram þar sem nafnvextir og virkir vextir af því nemi 10% og höfuðstóll og afskrifað kostnaðarverð séu 10 000 GE. Hún tekur þátt í viðskiptum þar sem yfirtökuaðilinn fær, í skiptum fyrir greiðslu að fjárhæð 9115 GE, rétt til 9000 GE af hvers konar söfnum höfuðstóls að viðbættum vöxtum á 9,5%. Einingin heldur eftir rétti til 1000 GE af öllum inngreiðslum höfuðstóls að viðbættum vöxtum af þeim, sem nema 10%, og aukaáhættuálagi, sem nemur 0,5%, af þeim 9000 GE sem eftir eru af höfuðstólnum. Inngreiðslum vegna fyrirframgreiðslna er skipt milli einingarinnar og yfirtökuaðilans í hlutföllunum 1:9 en vanskil eru dregin frá vöxtum einingarinnar af 1000 GE þar til þeir vextir eru uppurnir. Gangvirði lánanna á viðskiptadegi er 10 100 GE og áætlað gangvirði aukaáhættuálags, sem nemur 0,5%, er 40 GE.

Einingin ákvarðar að hún hafi yfirfært einhverja umtalsverða áhættu og ávinning af eignarhaldi (t.d. umtalsverða áhættu á uppgreiðslum útlána) en hefur einnig haldið eftir umtalsverðri áhættu og ávinningi af eignarhaldi (vegna víkjandi eftirstæðra hagsmuna) og hún hefur haldið yfirráðum. Hún beitir því aðferð áframhaldandi aðildar.

Til að beita þessum staðli greinir einingin viðskiptin sem a) eftirstæða hagsmuni á fullum, hlutfallslegum vöxtum af 1000 GE að viðbættu b) því, að eftirstæðir hagsmunir verða víkjandi til að bæta lánskjör yfirtökuaðila vegna útlánataps.

Einingin reiknar að 9090 GE (90% × 10 100 GE) af mótteknu endurgjaldi, sem nemur 9115 GE, sé endurgjaldið fyrir fullan, hlutfallslegan hlut sem nemur 90%. Það sem eftir er af mótteknu endurgjaldi (25 GE) er móttekið endurgjald fyrir að gera eftirstæða hagsmuni víkjandi og endurbæta með því lánshæfi yfirtökuaðilans vegna útlánataps. Auk þess er aukaáhættuálag, sem nemur 0,5%, móttekið endurgjald fyrir endurbætt lánshæfi. Til samræmis við það er móttekið heildarendurgjald fyrir endurbætt lánshæfi 65 GE (25 GE + 40 GE).

Einingin reiknar hagnað eða tap af sölunni af 90% hlut af sjóðstreymi. Ef gert er ráð fyrir að sérstakt gangvirði 90% hlutans, sem er yfirfærður, og 10% hlutans, sem haldið er eftir, sé ekki tiltækt á yfirfærsludegi skiptir einingin bókfærðu verði eignarinnar í samræmi við lið 3.2.14 í IFRS-staðli 9 á eftirfarandi hátt:

	Gangvirði	Hlutfall	Úthlutað bókfært verð
Yfirfærður hluti	9090	90%	9000
Hluti sem haldið er eftir	1010	10%	1000
Samtals	**10 100**		**10 000**

Einingin reiknar ágóða sinn og tap á sölunni á 90% hlutnum í sjóðstreyminu með því að draga úthlutað bókfært verð hlutarins, sem er yfirfærður, frá mótteknu endurgjaldi, þ.e. 90 GE (9090 GE – 9000 GE). Bókfært verð hlutans, sem einingin heldur eftir, er 1000 GE.

Auk þess færir einingin áframhaldandi aðild sem leiðir af því að eftirstæðir hagsmunir hennar verða víkjandi við útlánatap. Í samræmi við það færir hún eign, sem nemur 1000 GE (hámarksfjárhæð sjóðstreymis sem hún fengi ekki af víkjandi láni), og tengda skuld að fjárhæð 1065 GE (sem er hámarksfjárhæð sjóðstreymisins sem hún fengi ekki af víkjandi láni, þ.e. 1000 GE að viðbættu gangvirði álags vegna víkjandi láns sem nemur 65 GE).

Einingin notar allar framangreindar upplýsingar til að færa viðskiptin á eftirfarandi hátt:

	Debet	Lán
Upphafleg eign	—	9000
Eign færð vegna víkjandi láns eða eftirstæðrar hlutdeildar, að frádregnum skuldum	1000	—
Eign vegna móttekins endurgjalds í formi aukaáhættuálags	40	—
Rekstrarreikningur (hagnaður við yfirfærslu)	—	90
Ábyrgðartrygging	—	1065
Móttekið handbært fé	9115	—
Samtals	**10 155**	**10 155**

Strax í kjölfar viðskiptanna er bókfært verð eignarinnar 2040 GE, sem er 1000 GE sem er úthlutað kostnaðarverð eftirstæða hlutans, og 1040 GE, sem er viðbót við áframhaldandi aðild vegna eftirstæðrar hlutdeildar af hinni yfirfærðu eign vegna útlánataps (sem innifelur aukaáhættuálag að fjárhæð 40 GE).

Á síðari tímabilum færir einingin fengið endurgjald af endurbættu lánshæfi (65 GE) hlutfallslega á greiðslutíma, safnar vöxtum á færðu eignina með aðferð virkra vaxta og færir hugsanlegt virðisrýrnunartap af útlánum á færðar eignir. Sem dæmi um hið síðastnefnda væri ef á næsta ári yrði virðisrýrnunartap 300 GE af útlánunum sem liggja til grundvallar. Einingin lækkar færðar eignir sínar um 600 GE (300 GE vegna eftirstæðra hagsmuna og 300 GE vegna viðbótar við áframhaldandi aðild sem rekja má til álags vegna virðisrýrnunartaps á víkjandi eftirstæðum hagsmunum) og lækkar færða skuldbindingu sína um 300 GE. Niðurstaðan er gjaldfærsla í rekstrarreikningi vegna virðisrýrnunartaps að fjárhæð 300 GE.

Afskráning fjárskulda (þáttur 3.3)

B3.3.1 Fjárskuld (eða hluti hennar) fellur úr gildi þegar skuldari annaðhvort:

a) stendur við skuldbindinguna (eða hluta hennar) með því að greiða lánveitanda, venjulega með handbæru fé, öðrum fjáreignum, vörum eða þjónustu eða

b) er löglega leystur undan aðalábyrgð á skuldinni (eða hluta hennar), annaðhvort með málsmeðferð að lögum eða af lánveitanda. (Ef skuldarinn hefur sett tryggingu er engu að síður hægt að fullnægja þessu skilyrði.)

B3.3.2 Ef útgefandi skuldagernings endurkaupir þann gerning er skuldin úr gildi fallin, jafnvel þótt útgefandinn sé viðskiptavaki í þeim gerningi eða áformi að selja hann aftur í náinni framtíð.

B3.3.3 Greiðsla til þriðja aðila, þ.m.t. fjárvörslusjóður (stundum nefndur skuldajöfnunarsjóður), leysir sem slík skuldara ekki undan skuldbindingu sinni við lánveitanda þegar ekki er um að ræða lagalega lausn hennar.

B3.3.4 Ef skuldari greiðir þriðja aðila til að hann taki á sig skuldbindingu sína og tilkynnir lánveitanda að þriðji aðilinn hafi tekið á sig skuldbindinguna afskráir skuldarinn ekki skuldbindinguna nema skilyrðið í b-lið í lið B3.3.1 sé uppfyllt. Ef skuldari greiðir þriðja aðila til að hann taki á sig skuldbindingu og er lagalega leystur frá henni af hendi lánveitanda síns hefur skuldarinn fellt skuldina úr gildi. Ef á hinn bóginn skuldarinn samþykkir að greiða af skuldinni til þriðja aðila eða beint til upphaflegs lánveitanda færir skuldarinn nýja skuldbindingu við þriðja aðilann.

B3.3.5 Þótt lagaleg lausn, hvort sem það er fyrir dómi eða af hálfu lánveitanda, leiði til afskráningar skuldar getur einingin fært nýja skuldbindingu ef afskráningarskilyrðin í liðum 3.2.1–3.2.23 eru ekki uppfyllt vegna yfirfærðu fjáreignanna. Ef þessi skilyrði eru ekki uppfyllt eru yfirfærðu eignirnar ekki afskráðar og einingin færir nýja skuldbindingu í tengslum við yfirfærðu eignirnar.

B3.3.6 Að því er varðar lið 3.3.2 eru skilmálarnir að verulegu leyti aðrir ef mismunur á afvöxtuðu núvirði sjóðstreymisins samkvæmt nýju skilmálunum, þ.m.t. þóknun sem greidd er umfram fengna þóknun og afvöxtuð á upphaflegu, virku vöxtunum, og afvöxtuðu núvirði eftirstæðs sjóðstreymis upphaflegu fjárskuldarinnar er a.m.k. 10%. Við ákvörðun á þóknun, sem greidd er umfram fengna þóknun, notar lántaki aðeins greidda eða fengna þóknun á milli lántaka og lánveitanda, þ.m.t. greidda eða fengna þóknun lántaka eða lánveitanda fyrir hönd hvors annars.

B3.3.6A Ef skipti á skuldagerningum eða breyting á skilmálum er færð sem uppgerður gerningur er kostnaður, sem stofnað er til, eða þóknun færð sem hluti af hagnaði eða tapi á því að gera upp gerninginn. Ef skiptin eða breytingin er ekki færð sem uppgerður gerningur leiðréttir kostnaður eða þóknun, sem stofnað er til, bókfært verð skuldbindingarinnar og eru afskrifuð á eftirstæðum gildistíma breyttu skuldbindingarinnar.

B3.3.7 Í sumum tilvikum leysir lánveitandi skuldara undan gildandi skuldbindingu um greiðslur en skuldarinn tekur á sig ábyrgðarskuldbindingu á greiðslu við vanskil aðalskuldara. Við þær aðstæður gerir skuldari eftirfarandi:

a) færir nýja fjárskuld sem byggist á gangvirði ábyrgðarskuldbindingarinnar og

b) færir hagnað eða tap sem byggist á mismuninum á i. mögulegri greiðslu og ii. bókfærðu verði upphaflegu fjárskuldarinnar að frádregnu gangvirði nýju fjárskuldarinnar.

FLOKKUN (4. KAFLI)

Flokkun fjáreigna (þáttur 4.1)

Viðskiptalíkan einingar vegna stjórnunar fjáreigna

B4.1.1 Í a-lið í lið 4.1.1 er þess krafist að eining flokki fjáreignir á grundvelli viðskiptalíkans síns vegna stjórnunar fjáreigna nema liður 4.1.5 eigi við. Eining metur hvort fjáreignir hennar uppfylli skilyrðið í a-lið í lið 4.1.2 eða skilyrðið í a-lið í lið 4.1.2A á grundvelli viðskiptalíkansins samkvæmt ákvörðun lykilstjórnenda einingarinnar (eins og skilgreint er í IAS-staðli 24, *upplýsingar um tengda aðila*).

B4.1.2 Viðskiptalíkan einingar er ákveðið á stigi sem endurspeglar hvernig flokki fjáreigna er stjórnað sameiginlega til að ná tilteknu viðskiptatengdu markmiði. Viðskiptalíkan einingarinnar veltur ekki á fyrirætlunum yfirstjórnar hvað varðar staka gerninga. Af því leiðir að þetta skilyrði er ekki aðferð við flokkun stakra gerninga heldur skal ákvarða það á efra flokkunarþrepi. Þó kann stök eining að búa yfir fleiri en einu viðskiptalíkani til að stjórna fjármálagerningum sínum. Því þarf ekki að ákvarða flokkun á stigi einingar sem reikningsskil taka til. Til dæmis getur eining átt eignasafn fjárfestinga sem hún stjórnar til þess að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og annað eignasafn fjárfestinga sem hún stjórnar til þess að eiga viðskipti í því skyni að innleysa breytingar á gangvirði. Á sama hátt kann að vera viðeigandi, í vissum aðstæðum, að skipta eignasafni fjáreigna upp í undirsöfn til þess að endurspegla í hvaða umfangi eining stjórnar þessum fjáreignum. Það kann t.a.m. að vera reyndin ef eining gefur út eða kaupir eignasafn húsnæðislána og stjórnar sumum lánanna með það að markmiði að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og stjórnar öðrum lánum með það að markmiði að selja þau.

B4.1.2A Viðskiptalíkan einingar vísar til þess hvernig eining stjórnar fjáreignum sínum til þess að mynda sjóðstreymi. Það er, viðskiptalíkan einingarinnar ákvarðar hvort sjóðstreymi verður til vegna innheimtu samningsbundins sjóðstreymis, sölu fjáreigna eða hvors tveggja. Af þessum sökum fer þetta mat ekki fram á grundvelli sviðsmynda sem einingin hefur ekki með góðu móti ástæðu til að ætla að verði að veruleika, t.d. svokallaðar „versta hugsanlega sviðsmynd“ eða „álagssviðsmynd“. Ef eining væntir þess til dæmis að hún muni selja tiltekið eignasafn fjáreigna einungis í álagssviðsmynd myndi sú sviðsmynd ekki hafa áhrif á mat einingarinnar á viðskiptalíkani fyrir þær eignir ef hún hefur ástæðu til að ætla að slík sviðsmynd komi ekki upp. Ef sjóðstreymi er innleyst með öðrum hætti en einingin hafði væntingar um á þeim degi þegar hún mat viðskiptalíkanið (t.d. ef einingin selur fleiri eða færri fjáreignir en hún gerði ráð fyrir þegar hún flokkaði eignirnar) sem gefur ekki tilefni til villu á fyrra tímabili í efnahagsreikningum einingarinnar (sjá IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*) né heldur breytir það flokkun eftirstæðra fjáreigna í því viðskiptalíkani (þ.e. þær eignir sem einingin innleysir á fyrri tímabilum og ræður enn yfir) svo fremi að einingin hafi skoðað allar viðeigandi upplýsingar sem fyrir lágu á þeim tíma þegar hún lagði mat á viðskiptalíkanið. Þegar einingin metur viðskiptalíkanið fyrir nýlega útgefnar eða keyptar fjáreignir skal hún þó skoða upplýsingar um hvernig sjóðstreymi var innleyst áður, svo og allar aðrar viðeigandi upplýsingar.

B4.1.2B Viðskiptalíkan einingar vegna stjórnunar fjáreigna er byggt á staðreyndum en ekki einungis staðhæfingum. Þetta má almennt sjá af þeirri starfsemi sem einingin stundaði til að ná markmiði viðskiptalíkansins. Eining verður að beita mati sínu þegar hún leggur mat á viðskiptalíkan sitt vegna stjórnunar fjáreigna og það mat er ekki ákvarðað af einum þætti eða starfsþætti. Þess í stað verður einingin að líta til allra viðeigandi vísbendinga sem fyrir liggja á matsdegi. Í viðeigandi vísbendingu felst en hún einskorðast þó ekki við:

a) það hvernig frammistaða viðskiptalíkansins og fjáreignir í því viðskiptalíkani eru metnar og lykilstjórnendur einingarinnar upplýstir um það,

b) áhættu sem kann að hafa áhrif á árangur viðskiptalíkansins (og fjáreigna í því viðskiptalíkani) og einkum á hvaða hátt áhættunni er stjórnað og

c) það hvernig stjórnendum viðskiptanna er umbunað (t.d. hvort umbunin er byggð á gangvirði þeirra eigna sem er stjórnað eða innheimtu samningsbundins sjóðstreymis).

Viðskiptalíkan hefur það markmið að halda fjáreignum til þess innheimta samningsbundið sjóðstreymi

B4.1.2C Fjáreignum, sem er haldið í viðskiptalíkani sem hefur það markmið að halda eignum til þess að innheimta samningsbundið sjóðstreymi, er stjórnað til að innleysa sjóðstreymi með því að innheimta samningsbundnar greiðslur á líftíma gerningsins. Það er að segja einingin stjórnar eignum sem eru í eignasafni til þess að innheimta þetta tiltekna samningsbundna sjóðstreymi (í stað þess að stjórna heildararði af eignarsafninu með því að halda eignum og selja eignir). Þegar ákvarðað er hvort sjóðstreymi verður innleyst með því að innheimta samningsbundið sjóðstreymi fjáreignanna er nauðsynlegt að líta til tíðni, virðis og tímasetningar sölu á fyrri tímabilum, ástæðna að baki henni og væntinga um sölustarfsemi í framtíðinni. Sala ákvarðar þó ekki í sjálfu sér viðskiptalíkanið og því er ekki hægt að líta til hennar án tillits til annarra þátta. Þess í stað gefa upplýsingar um fyrri sölu og væntingar um síðari sölu vísbendingu um það hvernig yfirlýstu markmiði einingarinnar um stjórnun fjáreigna er náð og, einkum, hvernig sjóðstreymi er innleyst. Eining verður að líta til upplýsinga um fyrri sölu í samhengi við ástæðurnar að baki henni og fyrirliggjandi skilyrði á þeim tíma borið saman við gildandi skilyrði.

B4.1.3 Enda þótt markmið viðskiptalíkans einingar geti verið það að halda fjáreignum í því skyni að innheimta samningsbundið sjóðstreymi þarf einingin ekki að halda öllum þessum gerningum til gjalddaga. Þannig getur viðskiptalíkan einingar haldið fjáreignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi jafnvel þótt sala fjáreigna eigi sér stað eða gert sé ráð fyrir henni í framtíðinni.

B4.1.3A Í þessu viðskiptalíkani má halda eignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi jafnvel þótt einingin selji fjáreignir þegar fyrir hendi er aukin útlánaáhætta af eignunum. Til að ákvarða hvort fyrir hendi er aukin útlánaáhætta af eignunum lítur einingin til raunhæfra og rökstuddra upplýsinga, þ.m.t. þeirra sem horfa til langs tíma. Óháð tíðni og virði er sala vegna aukinnar útlánaáhættu eignanna ekki í ósamræmi við viðskiptalíkan sem hefur það að markmiði að halda fjáreignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi vegna þess að útlánagæði fjáreigna er í hlutfalli við getu einingarinnar til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Áhættustjórnun lána sem miðar að því að draga svo sem kostur er úr mögulegu útlánatapi vegna skerðingar á lánstrausti er óaðskiljanlegur þáttur í slíku viðskiptalíkani. Dæmi um sölu vegna aukinnar útlánaáhættu er sala fjáreignar sem uppfyllir ekki lengur lánsviðmiðanir sem eru tilgreindar í skráðri fjárfestingarstefnu einingarinnar. Ef slík stefna er ekki fyrir hendi getur einingin þó sýnt með öðrum hætti fram á að salan hafi átt sér stað vegna aukinnar útlánaáhættu.

B4.1.3B Sala af öðrum ástæðum, s.s. sala til að stjórna samþjöppun útlánaáhættu (án aukinnar útlánaáhættu eignanna), getur einnig verið í samræmi við viðskiptalíkan sem hefur það að markmiði að halda fjáreignum til þess að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Slík sala skal einkum vera í samræmi við viðskiptalíkan sem hefur það að markmiði að halda fjáreignum til þess að innheimta samningsbundið sjóðstreymi ef hún er fátíð (jafnvel þótt virðið sé umtalsvert) eða virði hennar óverulegt, bæði í stökum tilvikum og samanlagt (jafnvel þótt hún sé tíð). Ef slík sala úr eignasafni er tíð og virði verulegt (annaðhvort í stökum tilvikum eða samanlagt) verður einingin að meta hvort og hvernig slík sala samrýmist markmiði um innheimtu samningsbundins sjóðstreymis. Það hefur ekki þýðingu fyrir þetta mat hvort þriðji aðili gerir kröfu um sölu á fjáreignum eða að slík aðgerð lúti aðeins ákvörðun einingarinnar. Aukin tíðni eða virði sölu á tilteknu tímabili er ekki endilega í ósamræmi við markmið um að halda fjáreignum til þess að innheimta samningsbundið sjóðstreymi ef eining getur skýrt ástæður að baki slíkri sölu og sýnt fram á af hverju hún endurspeglar ekki breytingu á viðskiptalíkani einingarinnar. Auk þess kann sala að vera í samræmi við markmiðið um að halda fjáreignum til þess að innheimta samningsbundið sjóðstreymi ef hún fer fram nálægt gjalddaga fjáreignanna og ávinningur af henni fer nærri innheimtu eftirstæðs samningsbundins sjóðstreymis.

B4.1.4 Hér á eftir fara dæmi um það hvenær markmið viðskiptalíkans einingar má vera það að halda fjáreignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Þessi dæmalisti er ekki tæmandi. Enn fremur eru dæmin ekki til þess ætluð að fjalla um alla þætti sem kunna að eiga við í mati á viðskiptalíkani einingarinnar né heldur tilgreina hlutfallslegt mikilvægi þáttanna.

Dæmi	Greining
Dæmi 1 Eining heldur fjárfestingum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Fjármögnunarþörf einingarinnar er fyrirsjáanleg og gjalddagar fjáreigna hennar passa við áætlaða fjármögnunarþörf hennar. Einingin annast stjórnun útlánaáhættu með það að markmiði að draga svo sem kostur er úr útlánatapi. Áður hefur sala almennt farið fram þegar útlánaáhætta fjáreigna hefur aukist að því marki að eignirnar uppfylla ekki lengur lánsviðmiðanir sem eru tilgreindar í skráðri fjárfestingarstefnu einingarinnar. Auk þess hefur fátíð sala átt sér stað vegna ófyrirséðra fjármögnunarþarfa. Í skýrslum til lykilstjórnenda er lögð áherslu á útlánagæði fjáreignanna og samningsbundna ávöxtun. Einingin vaktar einnig gangvirði fjáreignanna, ásamt öðrum upplýsingum.	Enda þótt eining líti til gangvirðis fjáreignanna, ásamt öðrum upplýsingum, með tilliti til lausafjárstöðu (þ.e. fjárhæð handbærs fjár sem innleysa má ef einingin þarf að selja eignir) skal markmið einingarinnar vera það að halda fjáreignunum til þess að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Sala myndi ekki ganga gegn því markmiði ef hún er til að bregðast við aukinni útlánaáhættu af eignunum, t.d. ef eignirnar uppfylla ekki lengur lánsviðmiðanir sem tilgreindar eru í skráðri fjárfestingarstefnu einingarinnar. Fátíð sala sem stafar af ófyrirséðri fjármögnunarþörf (t.d. í álagssviðsmynd) skal heldur ekki ganga gegn því markmiði, jafnvel þótt virði sölunnar sé umtalsvert.
Dæmi 2 Viðskiptalíkan einingar gengur út á að kaupa eignasöfn fjáreigna, s.s. lán. Í þessum eignasöfnum geta m.a. verið virðisrýrðar fjáreignir. Ef ekki er greitt tímanlega af lánum reynir einingin að innleysa samningsbundið sjóðstreymi eftir ýmsum leiðum, t.d. þeirri að hafa samband við skuldara með pósti, símtali eða með öðrum aðferðum. Markmið einingarinnar er að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og hún stjórnar engu lánanna í þessu eignasafni með það að markmiði að innleysa sjóðstreymi með sölu þeirra. Í sumum tilvikum gerir einingin vaxtaskiptasamninga til þess að breyta vöxtum á tilteknum fjáreignum í eignasafni úr því að vera breytilegir vextir yfir í fasta vexti.	Markmið viðskiptalíkans einingarinnar er að halda fjáreignum til þess að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Sama greining myndi eiga við jafnvel þótt einingin vænti þess ekki að fá allt samningsbundna sjóðstreymið (t.d. þegar sumar fjáreignanna eru virðisrýrðar við upphafsfærslu). Enn fremur breytir sú staðreynd að einingin gerir afleiðusamninga til að breyta sjóðstreymi eignasafnsins í sjálfu sér ekki viðskiptalíkani einingarinnar.
Dæmi 3 Eining hefur viðskiptalíkan sem hefur það markmið að veita viðskiptavinum lán og síðan selja þau lán áfram til verðbréfunarfyrirtækja. Verðbréfunarfyrirtækið gefur út gerninga til fjárfesta. Einingin, sem gaf út lánið, stjórnar verðbréfunarfyrirtækinu og tekur það því með í samstæðureikningsskil. Verðbréfunarfyrirtækið innheimtir samningsbundið sjóðstreymi frá lánunum og sendir áfram til fjárfesta sinna. Gert er ráð fyrir því í þessu dæmi að lán séu áfram færð í efnahagsreikningi samstæðunnar vegna þess að verðbréfunarfyrirtækið afskráir þau ekki.	Samstæðan gaf út lán með það að markmiði að halda þeim til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Einingin, sem gefur út lánið, hefur þó það markmið að innleysa sjóðstreymi af lánasafninu með því að selja lán til verðbréfunarfyrirtækisins þannig að í sínum aðgreindu reikningsskilum myndi ekki litið svo á að hún stjórni þessu eignasafni í því skyni að innheimta samningsbundið sjóðstreymi.

Dæmi	Greining
Dæmi 4 Fjármálastofnun heldur fjáreignum til að mæta lausafjárþörf í álagssviðsmynd (t.d. áhlaup á innstæður í bönkum). Einingin gerir ekki ráð fyrir sölu þessara eigna nema slíkar sviðsmyndir komi upp. Einingin vaktar útlánagæði fjáreignanna og markmið hennar með stjórnun fjáreigna er að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Einingin metur árangur af eignunum á grundvelli vaxtatekna og útlánataps. Einingin vaktar einnig gangvirði fjáreignanna með tilliti til lausafjárstöðu til að tryggja að fjárhæð handbærs fjár, sem yrði innleyst ef einingin þarf að selja eignir í álagssviðsmynd, nægði þó til að uppfylla lausafjárþörf einingarinnar. Einingin setur með reglulegu millibili af stað sölu að óverulegu virði til að sýna fram á lausafjárstöðu.	Markmið viðskiptalíkans einingarinnar er að halda fjáreignum til þess að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Greiningin myndi ekki breytast jafnvel þótt einingin hafi í fyrri álagssviðsmynd sett af stað sölu að verulegu virði til þess að mæta lausafjárþörf sinni. Á sama hátt er endurtekin sala að óverulegu virði ekki í ósamræmi við fjáreignir sem haldið er til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Ef eining heldur fjáreignum til að uppfylla daglegar lausafjárþarfir sínar og það markmið krefst tíðrar sölu að verulegu virði er það aftur á móti ekki markmið viðskiptalíkans einingarinnar að halda fjáreignir til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Á sama hátt heldur viðskiptalíkan einingarinnar ekki fjáreignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi ef stjórnvald gerir þá kröfu að einingin selji fjáreignir reglubundið til að sýna fram á að seljanleika eignanna og ef virði seldra eigna er verulegt. Það hefur ekki þýðingu fyrir greininguna hvort þriðji aðili gerir kröfu um sölu á fjáreignum eða að slík aðgerð lúti aðeins ákvörðun einingarinnar.

Viðskiptalíkan sem nær markmiði sínu bæði með því að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og selja fjáreignir

B4.1.4A Eining getur haldið fjáreignum í viðskiptalíkani sem nær markmiði sínu bæði með því að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og selja fjáreignir. Í þessari tegund viðskiptalíkans hafa lykilstjórnendur einingarinnar tekið þá ákvörðun að bæði séu innheimta samningsbundins sjóðstreymis og sala fjáreigna óaðskiljanlegur þáttur í því að ná markmiði viðskiptalíkansins. Ýmiss konar markmið kunna að vera í samræmi við þessa tegund viðskiptalíkans. Markmið viðskiptalíkansins getur til dæmis verið það að stjórna daglegri lausafjárþörf, viðhalda tilteknu yfirliti yfir vaxtaafrakstur eða para saman tímalengd fjáreignanna og tímalengd skuldanna sem eignirnar fjármagna. Til að ná því markmiði mun einingin bæði innheimta samningsbundið sjóðstreymi og selja fjáreignir.

B4.1.4B Borið saman við viðskiptalíkan, sem hefur það markmið að halda fjáreignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi, mun þetta viðskiptalíkan venjulega fela í sér aukna tíðni og virði sölu. Ástæðan er sú að sala fjáreigna er óaðskiljanlegur hluti þess að ná markmiði viðskiptalíkansins í stað þess að vera tilfallandi hluti þess. Þó eru engin viðmiðunarmörk að því er varðar tíðni eða virði sölu í þessu viðskiptalíkani vegna þess að bæði innheimta samningsbundins sjóðstreymis og sala fjáreigna eru óaðskiljanlegur þáttur í að ná markmiði þess.

B4.1.4C Hér á eftir fara dæmi um það hvenær ná má markmiði viðskiptalíkans einingarinnar bæði með því að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og selja fjáreignir. Þessi dæmalisti er ekki tæmandi. Enn fremur eru dæmin ekki til þess ætluð að fjalla um alla þætti sem kunna að eiga við í mati á viðskiptalíkani einingarinnar né heldur tilgreina hlutfallslegt mikilvægi þáttanna.

Dæmi	Greining
Dæmi 5 Eining gerir ráð fyrir fjárfestingarútgjöldum innan fárra ára. Einingin fjárfestir umframmagn handbærs fjár í fjáreignum til skamms og meðallangs tíma þannig að hún geti fjármagnað útgjöldin þegar þörf krefur. Samningsbundinn gildistími margra fjáreigna er lengra en áætlað fjárfestingatímabil einingarinnar. Einingin mun halda fjáreignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og hún mun, þegar tækifæri gefst, selja fjáreignir til að endurfjárfesta handbæra féð í fjáreignum sem gefa hærri ávöxtun. Þeim stjórnendum, sem bera ábyrgð á eignasafninu, fá laun á grundvelli heildarávöxtunar af eignasafninu.	Markmið viðskiptalíkansins næst bæði með því að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og selja fjáreignir. Einingin tekur áfram ákvarðanir um það hvort innheimta samningsbundins sjóðstreymis eða sala fjáreigna muni hámarka ávöxtun eignasafnsins þar til fram kemur þörf fyrir fjárfesta handbæra féð. Aftur á móti skal litið svo á að eining, sem gerir ráð fyrir útstreymi handbærs fjár eftir fimm ár, fjármagni fjárfestingarútgjöld og fjárfesti umframmagn handbærs fjár í fjáreignum til skamms tíma. Þegar fjárfestingar falla í gjalddaga endurfjárfestir einingin handbært fé í nýjum fjáreignum til skamms tíma. Einingin heldur stefnu sinni þar til þörf verður fyrir fjármagnið en þá notar einingin afrakstur af fjáreignum á gjalddaga til þess að fjármagna fjárfestingarútgjöld. Aðeins sala að óverulegu virði á sér stað fyrir gjalddaga (nema útlánaáhætta hafi aukist). Markmið þessa ólíka viðskiptalíkans er að halda fjáreignum til þess að innheimta samningsbundið sjóðstreymi.
Dæmi 6 Fjármálastofnun heldur fjáreignum til þess að mæta daglegri lausafjárþörf sinni. Einingin leitast við að draga svo sem kostur er úr kostnaði við að stjórna þessari lausafjárþörf og stjórnar því ávöxtun eignasafnsins með virkum hætti. Sú ávöxtun samanstendur af innheimtu samningsbundinna greiðslna og hagnaði og tapi af sölu fjáreigna. Þar af leiðandi heldur einingin fjáreignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og selur fjáreignir til að endurfjárfesta í fjáreignum sem gefa hærri ávöxtun eða til að passa betur við tímalengd skulda sinna. Áður fyrr hefur þessi stefna leitt til tíðrar sölu og virði þeirrar sölu verið verulegt. Gert er ráð fyrir að slík starfsemi haldi áfram.	Markmið viðskiptalíkansins er að hámarka ávöxtun af eignasafninu til þess að uppfylla daglega lausafjárþörf og einingin nær því markmiði bæði með því að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og selja fjáreignir. Með öðrum orðum er bæði innheimta samningsbundins sjóðstreymis og sala fjáreigna óaðskiljanlegur þáttur í því að ná markmiði viðskiptalíkansins.
Dæmi 7 Vátryggjandi heldur fjáreignum til þess að fjármagna skuldbindingar vátryggingarsamnings. Vátryggjandinn notar afrakstur af samningsbundnu sjóðstreymi af fjáreignum til þess að gera upp skuldbindingar vátryggingarsamnings eftir því sem þær falla í gjalddaga. Til þess að tryggja að samningsbundið sjóðstreymi af fjáreignunum nægi til að gera upp þessar skuldbindingar annast vátryggjandi verulega sölu og kaup með reglubundnum hætti til þess að koma eignasafni sínu í jafnvægi á ný og uppfylla sjóðstreymisþörf eftir því sem hún kemur upp.	Markmið viðskiptalíkansins er að fjármagna skuldbindingar vátryggingarsamningsins. Til að ná þessu markmiði innheimtir einingin samningsbundið sjóðstreymi eftir því sem það fellur í gjalddaga og selur fjáreignir til að viðhalda æskilegu sniði eignasafnsins. Þannig er bæði innheimta samningsbundins sjóðstreymis og sala fjáreigna óaðskiljanlegur þáttur í því að ná markmiði viðskiptalíkansins.

Önnur viðskiptalíkön

B4.1.5 Fjáreignir eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef þeim er ekki haldið í viðskiptalíkani sem hefur það markmið að halda eignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi eða í viðskiptalíkani þar sem markmiði er náð með því að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og selja fjáreignir (sjá þó einnig lið 5.7.5). Eitt viðskiptalíkan sem leiðir til mats á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er líkan þar sem eining stjórnar fjáreignum með það að markmiði að innleysa sjóðstreymi með sölu á eignum. Einingin tekur ákvarðanir sem byggjast á gangvirði eignanna og stjórnar eignunum til að innleysa það gangvirði. Í því tilviki leiðir markmið einingarinnar alla jafna til virkra kaupa og sölu. Enda þótt einingin innheimti samningsbundið sjóðstreymi á meðan hún heldur fjáreignum er markmiði slíks viðskiptalíkans ekki náð með því að bæði innheimta samningsbundið sjóðstreymi og selja fjáreignir. Ástæðan er sú að innheimta samningsbundins sjóðstreymis er ekki óaðskiljanlegur hluti þess að ná markmiði viðskiptalíkansins heldur fremur tilfallandi.

B4.1.6 Safni fjáreigna, sem er stjórnað og árangur þess metinn á gangvirði (eins og lýst er í b-lið í lið 4.2.2), er hvorki haldið til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi né heldur bæði til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og selja fjáreignir. Einingin leggur fyrst og fremst áherslu á upplýsingar um gangvirði og notar þær til að meta árangur eignanna og taka ákvarðanir. Enn fremur er safni fjáreigna, sem uppfyllir skilgreiningu fyrir því að vera ætlað til veltuviðskipta, ekki haldið til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi eða bæði til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og selja fjáreignir. Að því er slík eignasöfn varðar er innheimta samningsbundins sjóðstreymis einungis tilfallandi til þess að ná markmiði viðskiptalíkansins. Af því leiðir að meta verður slík söfn fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Samningsbundið sjóðstreymi sem er aðeins greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól

B4.1.7 Í b-lið í lið 4.1.1 er þess krafist að eining flokki fjáreign á grundvelli einkenna samningsbundins sjóðstreymis þess ef fjáreigninni er haldið í viðskiptalíkani sem hefur það markmið að halda eignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi eða í viðskiptalíkani þar sem markmiðið er bæði að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og selja fjáreignir nema liður 4.1.5 eigi við. Til þess að svo verði gerir skilyrðið í b-lið í lið 4.1.2 og b-lið í lið 4.1.2A þá kröfu að eining ákveði hvort samningsbundið sjóðstreymi eignar sé einungis greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól.

B4.1.7A Samningsbundið sjóðstreymi, sem er aðeins greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól, er í samræmi við grundvallarfyrirkomulag við lánveitingar. Í grundvallarfyrirkomulagi við lánveitingar er endurgjald vegna tímavirðis peninga (sjá liði B4.1.9 A–B4.B4.1.9E) og útlánaáhætta yfirleitt mikilvægustu þættir vaxta. Í slíku fyrirkomulagi taka vextir þó til endurgjalds vegna grundvallarútlánaáhættu (til dæmis greiðsluhæfisáhættu) og kostnaðar (t.d. stjórnsýslukostnaður) sem tengjast haldi á fjáreignum í tiltekinn tíma. Auk þess geta vextir tekið til hagnaðarálagningar sem er í samræmi við grundvallarfyrirkomulag við lánveitingar. Við brýnar efnahagsaðstæður geta vextir verið neikvæðir ef handhafi fjáreignar greiðir t.d. beint eða óbeint fyrir að leggja peninga sína inn í tiltekinn tíma (og þóknunin er hærri en endurgjaldið sem handhafinn tekur við vegna tímavirðis peninga, útlánaáhættu og grundvallaráhættu og kostnaðar við lánveitingar). Hins vegar gefa samningsskilmálar, sem lýsa óvarinni áhættu eða óstöðugleika í samningsbundnu sjóðstreymi, sem er ótengt grundvallarfyrirkomulagi við lánveitingar, t.d. áhættu gagnvart breytingum á gengi hlutabréfa eða hrávöruverði, ekki tilefni til samningsbundins sjóðstreymis sem er eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Útgefin eða keypt fjáreign getur verið grundvallarfyrirkomulag við lánveitingu óháð því hvort lagalegt form hennar er lán.

B4.1.7B Höfuðstóll er gangvirði fjáreignar við upphafsfærslu í samræmi við a-lið í lið 4.1.3. Þó getur fjárhæð höfuðstóls breyst á líftíma fjáreignarinnar (t.d. ef greiddar hafa verið endurgreiðslur af höfuðstól).

B4.1.8 Eining skal meta hvort samningsbundið sjóðstreymi sé eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól í þeim gjaldmiðli sem fjáreignin er tilgreind í.

B4.1.9 Skuldsetning er einkenni samningsbundins sjóðstreymis sumra fjáreigna. Skuldsetning eykur breytileika samningsbundins sjóðstreymis með þeim árangri að það hefur ekki efnahagsleg einkenni vaxta. Sjálfstæðir valréttarsamningar, framvirkir samningar og skiptasamningar eru dæmi um fjáreignir sem fela í sér slíka skuldsetningu. Þannig uppfylla slíkir samningar ekki skilyrðið í b-lið í lið 4.1.2 og b-lið í lið 4.1.2A og geta ekki verið metnir síðar á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu.

Endurgjald fyrir tímavirði peninga

B4.1.9A Tímavirði peninga er sá þáttur vaxta sem sér fyrir endurgjaldi aðeins vegna framrásar tímans. Það er að segja tímavirði peninga gefur ekki endurgjald fyrir aðra áhættu eða kostnað sem tengist því að halda fjáreign. Til þess að meta hvort þátturinn sjái fyrir endurgjaldi aðeins vegna framrásar tímans beitir eining eigin mati og skoðar viðeigandi þætti, s.s. þann gjaldmiðil sem fjáreignin er tilgreind í og tímabilið sem vextirnir taka til.

B4.1.9B Í sumum tilvikum má þó breyta tímavirði peninga (þ.e. takmarkað). Þetta væri reyndin t.a.m. ef vextir fjáreignar eru endurákvarðaðir með reglulegu millibili en tíðni endurákvörðunarinnar passar ekki við binditíma vaxta (vextir eru t.d. endurákvarðaðir mánaðarlega til eins árs) eða ef vextir fjáreignar eru endurákvarðaðir með reglulegu millibili að meðaltal tiltekinna skammtíma- og langtímavaxta. Í því tilviki verður eining að meta breytinguna til að ákvarða hvort samningsbundið sjóðstreymi sýni aðeins greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Við vissar aðstæður getur einingin ákvarðað þetta með því að framkvæma eigindlegt mat á tímavirði peninga en í öðrum aðstæðum kann að vera nauðsynlegt að framkvæma megindlegt mat.

B4.1.9C Við mat á breyttu tímavirði peninga er markmiðið að ákveða hve ólíkt (óafvaxtað) samningsbundið sjóðstreymi er (óafvöxtuðu) sjóðstreymi sem myndi verða ef tímavirði peninga yrði ekki breytt (viðmiðun sjóðstreymis). Ef fjáreign, sem verið er að meta, felur t.d. í sér breytilega vexti sem eru endurákvarðaðir mánaðarlega til eins árs myndi einingin bera þá fjáreign saman við fjármálagerning með sömu samningsskilmálum og sams konar útlánaáhættu en breytilegu vextirnir yrðu þó endurákvarðaðir mánaðarlega til eins mánaðar. Ef breytt tímavirði peninga leiðir til (óafvaxtaðs) samningsbundins sjóðstreymis sem er verulega frábrugðið (óafvöxtuðu) viðmiðunarsjóðstreymi uppfyllir fjáreignin ekki skilyrði b-liðar í lið 4.1.2 og b-liðar í lið 4.1.2A. Til að taka þessa ákvörðun verður einingin að líta til áhrifa af breyttu tímavirði peninga á hverju reikningsskilatímabili og uppsafnað yfir líftíma fjármálagerningsins. Ástæðan fyrir því að vextir eru stilltir með þessum hætti varðar ekki greininguna. Ef það liggur ljóst fyrir, með engri eða lítilli greiningu, hvort (óafvaxtað) samningsbundið sjóðstreymi af fjáreigninni samkvæmt matinu gæti (eða gæti ekki) verið verulega frábrugðið (óafvöxtuðu) viðmiðunarsjóðstreymi þarf eining ekki að framkvæma ítarlegt mat.

B4.1.9D Við mat á breyttu tímavirði peninga verður eining að líta til þátta sem gætu haft áhrif á samningsbundið sjóðstreymi. Ef eining metur t.d. skuldabréf til fimm ára og breytilegir vextir eru endurákvarðaðir á sex mánaða fresta til fimm ára getur einingin ekki dregið þá ályktun að samningsbundið sjóðstreymi sé eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól einfaldlega vegna þess að vaxtaferillinn á þeim tíma þegar matið er framkvæmt er með þeim hætti að munur á vöxtum til fimm ára og vöxtum til sex mánaða er óverulegur. Þess í stað verður einingin að líta til þess hvort tengsl milli fimm ára vaxta og sex mánaða vaxta gætu breyst á líftíma gerningsins þannig að (óafvaxtað) samningsbundið sjóðstreymi á líftíma gerningsins gæti verið verulega ólíkt (óafvöxtuðu) viðmiðunarsjóðstreymi. Eining verður þó að líta einungis til nokkuð líklegra sviðsmynda í stað sérhverrar mögulegrar sviðsmyndar. Ef eining kemst að þeirri niðurstöðu að (óafvaxtað) samningsbundið sjóðstreymi kunni að vera verulega ólíkt (óafvöxtuðu) viðmiðunarsjóðstreymi uppfyllir fjáreign ekki skilyrði b-liðar í lið 4.1.2 og b-liðar í lið 4.1.2A og er því ekki hægt að meta hana á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu.

B4.1.9E Í sumum lögsagnarumdæmum ákveður hið opinbera eða eftirlitsyfirvald vexti. Þannig geta slík opinber afskipti af vöxtum verið liður í víðtækri stefnu í efnahagsmálum eða tekin upp til að hvetja einingar til þess að fjárfesta í tilteknum atvinnugreinum. Í sumum þessara tilvika er markmið tímavirðis peninga ekki það að veita endurgjald aðeins vegna framrásar tímans. Þrátt fyrir liði B4.1.9 A–B4.1.9D skal þó líta á stýrða vexti sem tímavirði peninga að því er varðar beitingu skilyrðisins í b-lið í lið 4.1.2 og b-lið í lið 4.1.2A ef stýrðu vextirnir sjá fyrir endurgjaldi sem er í stærstum dráttum í samræmi við framrás tímans og gerir ekki ráð fyrir óvarinni áhættu eða óstöðugleika í samningsbundnu sjóðstreymi sem er ekki í samræmi við grundvallarfyrirkomulag við lánveitingar.

Samningsskilmálar sem breyta tímasetningu eða fjárhæð samningsbundins sjóðstreymis

B4.1.10 Ef fjáreign felur í sér samningsskilmála sem gæti breytt tímasetningu eða fjárhæð samningsbundins sjóðstreymis (t.d. ef greiða má eignina upp fyrir gjalddaga eða framlengja skilmála hennar) verður einingin að ákveða hvort samningsbundna sjóðstreymið, sem kann að verða á líftíma gerningsins vegna þessa samningsskilmála, er einvörðungu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Við þessa ákvörðun verður einingin að meta samningsbundið sjóðstreymi sem gæti orðið fyrir eða eftir breytinguna á samningsbundnu sjóðstreymi. Einingin gæti einnig þurft að meta eðli ófyrirséðs atburðar (þ.e. kveikjan) sem myndi breyta tímasetningu eða fjárhæð samningsbundins sjóðstreymis. Þótt ófyrirséður atburður sé í sjálfu sér ekki ákvarðandi þáttur við mat á því hvort samningsbundna sjóðstreymið er eingöngu greiðslur af höfuðstól og vöxtum kann hann að vera vísbending. Til dæmis má bera saman fjármálagerning með vöxtum sem eru hækkaðir ef skuldari hefur ekki greitt nokkrar greiðslur af honum og vexti sem eru hækkaðir ef tilgreind hlutabréfavísitala nær tilteknu stigi. Það eru meiri líkur á því í fyrra tilvikinu að samningsbundið sjóðstreymi á líftíma gerningsins verði eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól vegna þeirra tengsla sem eru milli vangoldinna greiðslna og aukinnar útlánaáhættu. (Sjá einnig lið B4.1.18.)

B4.1.11 Hér á eftir fara dæmi um samningsskilmála sem leiða til samningsbundins sjóðstreymis sem er eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól:

a) breytilegir vextir sem samanstanda af endurgjaldi vegna tímavirðis peninga, útlánaáhættu er tengist útistandandi höfuðstólsfjárhæð yfir tiltekið tímabil (ákveða má endurgjald vegna útlánaáhættu eingöngu við upphafsfærslu og festa það þar með) og vegna annarrar grundvallaráhættu og annars grundvallarkostnaðar við lánveitingar, auk hagnaðarhlutfalls,

b) samningsskilmáli sem heimilar útgefanda (þ.e. skuldara) að greiða upp skuldagerning eða heimilar handhafa (þ.e. lánveitanda) að koma skuldaskjali aftur til útgefanda fyrir gjalddaga og uppgreiðslufjárhæð samsvarar að miklu leyti ógreiddum höfuðstólsfjárhæðum og vöxtum af útistandandi höfuðstól sem kann að taka til hæfilegs endurgjalds fyrir að rifta samningnum fyrir lok samningstímans og

c) samningsskilmáli sem heimilar útgefanda eða handhafa að framlengja samningsskilmála skuldagernings (þ.e. möguleiki á framlengingu) og skilmálar framlengingar leiða til samningsbundins sjóðstreymis á framlengingartímabilinu sem eru einungis greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól sem kann að taka til hæfilegs viðbótarendurgjalds vegna framlengingar á samningnum.

B4.1.12 Þrátt fyrir lið B4.1.10 uppfyllir fjáreign, sem myndi að öðrum kosti uppfylla skilyrðið í b-lið í lið 4.1.2 og b-lið í lið 4.1.2A en ekki einungis vegna samningsskilmála sem heimilar (eða gerir þá kröfu) að útgefandi greiði upp skuldagerning eða heimilar (eða gerir þá kröfu) að handhafi komi skuldagerningi aftur til útgefanda fyrir gjalddaga, skilyrði fyrir því að vera metin á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu (með fyrirvara um að skilyrði a-liðar í lið 4.1.2 eða a-liðar í lið 4.1.2A sé uppfyllt) ef:

a) einingin kaupir eða gefur út fjáreignina á yfir- eða undirverði miðað við samningsbundið nafnverð,

b) uppgreiðslufjárhæðin samsvarar að miklu leyti samningsbundnu nafnverði og áföllnum (en ógreiddum) samningsbundnum vöxtum og í því getur falist hæfilegt endurgjald fyrir að rifta samningnum fyrir lok samningstímans og

c) gangvirði uppgreiðsluþáttarins er óverulegt þegar einingin færir fjáreignina.

B4.1.12A Við beitingu b-liðar í lið B4.1.11 og b-liðar í lið B4.1.12, án tillits til atburðar eða aðstæðna sem valda því að samningnum er rift fyrir lok samningstímans, getur aðli greitt eða tekið við hæfilegri þóknun fyrir að rifta samningnum fyrir lok samningstímans. Aðili getur t.d. greitt eða tekið við hæfilegri þóknun þegar hann kýs að rifta samningi fyrir lok samningstímans (eða er með öðrum hætti valdur að því að samningnum er rift fyrir lok samningstímans).

B4.1.13 Hér á eftir fara dæmi sem lýsa samningsbundnu sjóðstreymi sem er aðeins greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Þessi dæmalisti er ekki tæmandi.

Gerningur	Greining
Gerningur A Gerningur A er skuldabréf með tilgreindum gjalddaga. Greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól eru tengdar verðbólguvísitölu gjaldmiðilsins sem gerningurinn er gefinn út í. Verðbólgutengingin er ekki voguð og höfuðstóllinn er varinn.	Samningsbundið sjóðstreymi sem er aðeins greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Tengsl greiðslna af höfuðstól og greiðslna vaxta af útistandandi höfuðstól við óvogaða verðbólguvísitölu endurákvarðar tímavirði peninga að núverandi stigi. Með öðrum orðum endurspegla vextir af gerningnum „raun-vexti“. Þannig eru vextirnir endurgjald fyrir tímavirði peninga af útstandandi höfuðstól. Ef vaxtagreiðslur eru vísitölutryggðar á grundvelli annarrar breytu, s.s. frammistöðu skuldara (t.d. hreinar tekjur skuldara), eða hlutabréfavísitölu er samnings-bundið sjóðstreymi þó ekki greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól (nema vísitölutrygging á grundvelli frammistöðu skuldara leiði til leiðréttingar sem bætir handhafa aðeins breytingar á útlánaáhættu gerningsins, þannig að samningsbundið sjóðstreymi sé einungis greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta). Ástæða þess er sú að samningsbundið sjóðstreymi endurspeglar ávöxtun sem er í ósamræmi við grundvallarfyrirkomulag við lánveitingar (sjá lið B4.1.7 A).
Gerningur B Gerningur B er gerningur með breytilegum vöxtum og tilgreindum gjalddaga sem heimilar lántaka að velja áfram markaðsvexti. Á hverjum vaxtaákvörðunardegi getur lántaki til dæmis valið að greiða þriggja mánaða LIBOR-vexti á þremur mánuðum eða eins mánaðar LIBOR-vexti í einn mánuð.	Samningsbundið sjóðstreymi er einungis greiðslur höfuðstóls og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól svo framarlega sem vextir á líftíma gerningsins endur-spegla endurgjald fyrir tímavirði peninga, útlánaáhættu sem tengist gerningnum og grundvallaráhættu og kostnað við lánveitingu, auk hagnaðarhlutfalls (sjá lið B4.1.7A). Sú staðreynd að LIBOR-vextir eru endurákvarðaðir á líftíma gerningsins útilokar gerninginn ekki í sjálfu sér.

Gerningur	Greining
	Ef lántaki velur að greiða mánaðarlega vexti sem eru endurákvarðaðir á þriggja mánaða fresti eru vextir þó endurákvarðaðir með tíðni sem passar ekki við binditíma vaxtanna. Af því leiðir að tímavirði peninga er breytt. Á sama hátt ef gerningur ber samningsbundna vexti sem byggjast á skilmála sem kann að gilda fram yfir eftirstæðan líftíma gerningsins (t.d. ef fimm ára gerningur ber breytilega vexti sem eru endurákvarðaðir með reglulegu millibili en endurspegla ávallt fimm ára gildistíma) er tímavirði peninga breytt. Ástæða þessa er sú að vaxtagjöld á hverju tímabili eru ótengd vaxtatímabilinu.
	Í þeim tilvikum verður einingin að meta með eigindlegum og megindlegum hætti samningsbundið sjóðstreymi borið saman við sjóðstreymi gernings sem er eins í öllu tilliti nema hvað binditími vaxta passar við vaxtatímabilið til að ákvarða hvort sjóðstreymi er eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. (Sjá þó lið B4.1.9E að því er varðar leiðbeiningar um stýrða vexti.)
	Við mat á fimm ára skuldabréfi með breytilegum vöxtum, sem eru endurákvarðaðir á sex mánaða fresti en endurspegla alltaf fimm ára gildistíma, lítur eining til samningsbundins sjóðstreymis af gerningi þar sem vextir til sex mánaða eru endurákvarðaðir á sex mánaða fresti en er að öðru leyti eins.
	Sama greining myndi eiga við ef lántaki getur valið milli ýmissa útgefinna vaxta lánveitanda (t.d. getur lántaki valið milli birtra, breytilegra vaxta lánveitanda til eins mánaðar og birtra vaxta lánveitanda til þriggja mánaða).
Gerningur C Gerningur C er skuldabréf með tilgreindum gjalddaga og breytilegum markaðsvöxtum. Hámark er sett á breytilegu vextina.	Samningsbundið sjóðstreymi bæði: a) gernings með föstum vöxtum og b) gernings með breytilegum vöxtum eru greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól svo framarlega sem vextirnir endurspegla endurgjald fyrir tímavirði peninga, útlánaáhættu sem tengist gerningnum á gildistíma gerningsins og aðra grundvallaráhættu og annan grundvallarkostnað við lánveitingu, auk hagnaðarhlutfalls. (Sjá lið B4.1.7 A.)

Gerningur	Greining
	Af þessu leiðir að gerningur sem er sambland af a- og b-lið (t.d. skuldabréf með vaxtaþaki) getur haft sjóðstreymi sem er eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Slíkur samningsskilmáli getur dregið úr breytileika sjóðstreymis með því að takmarka breytilega vexti (t.d. vaxtaþak eða vaxtagólf) eða aukið breytileika í sjóðstreymi vegna þess að fastir vextir verða breytilegir.
Gerningur D Gerningur D er lán með fullan endurkröfurétt, tryggt með veði.	Veðtrygging láns með fullan endurkröfurétt hefur í sjálfu sér ekki áhrif á greiningu á því hvort samningsbundið sjóðstreymi er eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól.
Gerningur E Eftirlitsskyldur banki gefur út gerning E sem hefur tilgreindan gjalddaga. Þessi gerningur ber fasta vexti og allt samningsbundið sjóðstreymi er ófrávíkjanlegt. Þó fellur þessi útgefandi undir löggjöf sem heimilar eða krefst þess að skilavald yfirfæri tap á handhafa tiltekinna gerninga, m.a. gernings E, við tilteknar aðstæður. Sem dæmi má taka að landsbundið skilavald hefur vald til færa niður nafnverð gernings E eða umbreyta í fastan fjölda almennra hluta útgefanda ef það skilavald ákvarðar að útgefandinn eigi í verulegum fjárhagserfiðleikum, þurfi aukið lögbundið, eigið fé eða sé á leið í „þrot“.	Handhafinn myndi greina **samningsskilmála** fjármálagerningsins til að ákveða hvort þeir gefi tilefni til sjóðstreymis sem er eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól og þannig í samræmi við grundvallarfyrirkomulag við lánveitingar. Sú greining myndi ekki líta til greiðslna sem leiðir einungis af valdi landsbundins skilavalds til að yfirfæra tap á handhafa gernings E. Ástæðan er sú að þetta vald og þær greiðslur sem af því leiðir eru ekki **samningsskilmálar** fjármálagerningsins. Aftur á móti myndi samningsbundið sjóðstreymi ekki eingöngu vera greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól ef **samningsskilmálar** fjármálagerningsins leyfa eða krefjast þess að útgefandi eða önnur eining yfirfæri tap á handhafann (s.s. með því að færa niður nafnverðið eða með því að umbreyta gerningnum í fasta fjölda almennra hluta útgefandans), svo framarlega sem þessir samningsskilmálar eru raunverulegir, jafnvel þótt möguleikinn á því að slíkt tap verði yfirfært sé fjarlægur.

B4.1.14 Hér á eftir fara dæmi sem lýsa samningsbundnu sjóðstreymi sem er ekki aðeins greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Þessi dæmalisti er ekki tæmandi.

Gerningur	Greining
Gerningur F Gerningur F er skuldabréf sem hægt er að breyta í fastan fjölda eiginfjárgerninga útgefanda.	Handhafinn myndi greina breytanlega skuldabréfið í heild. Samningsbundið sjóðstreymi er ekki greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól vegna þess að þær endurspegla ávöxtun sem er ekki í samræmi við grundvallarfyrirkomulag við lánveitingar (sjá lið B4.1.7 A); þ.e. ávöxtunin er tengd virði eigin fjár útgefandans.

Gerningur	Greining
Gerningur G Gerningur G er lán með öfugum breytilegum vöxtum (þ.e. vextirnir eru í öfugu samhengi við markaðsvexti).	Samningsbundið sjóðstreymi sem er ekki eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Vextirnir eru ekki endurgjald fyrir tímavirði peninga af útstandandi höfuðstól.
Gerningur H Gerningur H er gerningur án gjalddaga en útgefandi getur krafist greiðslu gerningsins hvenær sem er og greitt handhafa nafnverð, auk áfallinna vaxta. Gerningur H ber markaðsvexti en ekki er hægt að greiða vexti nema útgefandi sé áfram gjaldfær strax í kjölfarið. Viðbótarvextir falla ekki á frestaða vexti.	Samningsbundið sjóðstreymi er ekki greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Ástæðan er sú að útgefandi kann að vera krafinn um að fresta greiðslu vaxta og viðbótarvextir falla ekki á frestaða vexti. Af því leiðir að vextir eru ekki endurgjald fyrir tímavirði peninga af útstandandi höfuðstól. Ef vextir falla á frestaðar fjárhæðir gæti samningsbundið sjóðstreymi verið greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Sú staðreynd að gerningur H er án gjalddaga þýðir ekki í sjálfu sér að samningsbundið sjóðstreymi sé ekki greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Í reynd hefur gerningur án gjalddaga samfellda (fjölmarga) möguleika á framlengingu. Þeir möguleikar kunna að leiða til samningsbundins sjóðstreymis sem eru greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól ef vaxtagreiðslur eru skyldubundnar og verður að greiða um óákveðinn tíma. Einnig þýðir sú staðreynd að innkalla má gerning H ekki að samningsbundið sjóðstreymi sé ekki greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól nema hann sé innkallaður við fjárhæð sem endurspeglar ekki í meginatriðum fjárhæð útistandandi höfuðstóls og vaxta af þeim útistandandi höfuðstól. Jafnvel þótt innkallanleg fjárhæð taki til fjárhæðar sem veitir handhafa hæfilegar bætur fyrir að slíta gerningnum fyrir lok samningstímans gæti samningsbundið sjóðstreymi verið greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. (Sjá einnig lið B4.1.12.)

B4.1.15 Í sumum tilvikum getur fjáreign haft samningsbundið sjóðstreymi sem er lýst sem höfuðstól og vöxtum en það sjóðstreymi táknar ekki greiðslu höfuðstóls og vaxta af útistandandi höfuðstól eins og lýst er í b-lið í lið 4.1.2, b-lið í lið 4.1.2A og lið 4.1.3 í þessum staðli.

B4.1.16 Þetta kann að verða reyndin ef fjáreignin táknar fjárfestingu í tilteknum eignum eða sjóðstreymi og þar af leiðir er samningsbundið sjóðstreymi ekki eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Ef mælt er fyrir um það í samningsbundnum skilmálum, svo dæmi sé tekið, að sjóðstreymi fjáreignarinnar aukist eftir því sem fleiri bifreiðar fara um tiltekinn veg með vegatolli þá er þetta samningsbundna sjóðstreymi í ósamræmi við grundvallarfyrirkomulag við lánveitingar. Af því leiðir að gerningurinn myndi ekki uppfylla skilyrðið í b-lið í lið 4.1.2 og b-lið í lið 4.1.2A. Þetta kann að vera reyndin þegar krafa lánveitanda takmarkast við tilteknar eignir skuldara eða sjóðstreymi frá tilteknum eignum (t.d. fjáreign „án endurkröfuréttar“).

B4.1.17 Sú staðreynd að fjáreign er án endurkröfuréttar kemur þó í sjálfu sér ekki í veg fyrir að fjáreignin uppfylli skilyrðið í b-lið í lið 4.1.2 og b-lið í lið 4.1.2A. Í þeim aðstæðum er þess krafist að lánveitandi meti („skoði“) tilteknar undirliggjandi eignir eða sjóðstreymi til að ákvarða hvort samningsbundið sjóðstreymi af fjáreigninni sé flokkað sem greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Ef skilmálar fjáreignarinnar gefa tilefni til annars sjóðstreymis eða takmarka sjóðstreymi á þann hátt sem er í ósamræmi við greiðslur sem tákna höfuðstól og vexti uppfyllir fjáreignin ekki skilyrðið í b-lið í lið 4.1.2 og b-lið í lið 4.1.2A. Hvort undirliggjandi eignir eru fjáreignir eða ófjárhagslegar eignir hefur í sjálfu sér ekki áhrif á matið.

B4.1.18 Einkenni samningsbundins sjóðstreymis hefur ekki áhrif á flokkun fjáreignarinnar ef það hefur aðeins minniháttar áhrif á samningsbundið sjóðstreymi fjáreignarinnar. Til að taka þessa ákvörðun verður einingin að líta til mögulegra áhrifa af einkennum samningsbundins sjóðstreymis á hverju reikningsskilatímabili og uppsafnaðs yfir líftíma fjármálagerningsins. Ef einkenni samningsbundins sjóðstreymis gæti enn fremur haft áhrif á samningsbundið sjóðstreymi sem eru meiri en minniháttar áhrif (annaðhvort á einu reikningsskilatímabili eða uppsafnað) en einkenni sjóðstreymisins eru ekki raunveruleg hefur það ekki áhrif á flokkun fjáreignarinnar. Sérkenni sjóðstreymis eru ekki raunveruleg ef þau hafa aðeins áhrif á samningsbundið sjóðstreymi gerningsins þegar upp kemur atburður sem er afar sjaldgæfur, afar óvenjulegur og mjög ólíklegt er að hann verði nokkurn tímann.

B4.1.19 Í næstum hverjum lánaviðskiptum er gerningur lánveitanda flokkaður með hliðsjón af gerningum skuldara annarra lánveitenda. Gerningur sem er undirskipaður öðrum gerningum kann að hafa samningsbundið sjóðstreymi sem eru greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól ef vanskil skuldara er brot á samningi og handhafi hefur samningsbundinn rétt til ógreiddra fjárhæða höfuðstóla og vaxta af útistandandi höfuðstól jafnvel ef skuldari verður gjaldþrota. Til dæmis myndu viðskiptakröfur, sem flokka lánveitanda sem almennan lánveitanda, teljast vera greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Þetta á við jafnvel þótt skuldarinn hafi gefið út lán sem eru veðtryggð sem myndi, ef til gjaldþrots kemur, veita handhafa lánsins forgang gagnvart kröfum almenna lánveitandans með tilliti til veðsins en hefur ekki áhrif á samningsbundinn rétt almenna lánveitandans til ógreidds höfuðstóls og annarra fjárhæða sem ber að greiða.

Samningsbundnir gerningar

B4.1.20 Í sumum tegundum viðskipta getur útgefandi forgangsraðað greiðslum til handhafa fjáreigna með því að nota marga samningsbundna gerninga sem mynda samþjappaða útlánaáhættu (áhættulög). Sérhvert áhættulag er flokkað sem víkjandi áhættulag þar sem tilgreint er í hvaða röð sjóðstreymi, sem útgefandi myndar, er úthlutað á áhættulagið. Við slíkar aðstæður hafa handhafar áhættulags rétt til greiðslna á höfuðstól og greiðslna vaxta af útistandandi höfuðstól því aðeins að útgefandi myndi nægilegt sjóðstreymi til að fullnægja áhættulögum sem raðast ofar.

B4.1.21 Í slíkum viðskiptum hefur áhættulag sjóðstreymiseinkenni sem eru greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól því aðeins að:

a) samningsskilmálar áhættulagsins séu metnir vegna flokkunar (án þess að skoða undirliggjandi safn fjármálagerninga) sem leiðir til sjóðstreymis sem er eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól (t.d. vextir af áhættulagi eru ekki tengdir vísitölu hrávöru),

b) undirliggjandi safn fjármálagerninga hafi þau sjóðstreymiseinkenni sem fram koma í liðum B4.1.23 og B4.1.24 og

c) óvarin útlánaáhætta í undirliggjandi safni fjármálagerninga sem felst í áhættulaginu er jöfn og eða minni en óvarin útlánaáhætta undirliggjandi fjármálagerninga (til dæmis lánshæfismat áhættulags sem verið er að meta vegna flokkunar er jafnt og eða betra en það lánshæfismat sem myndi eiga við um stakt áhættulag sem fjármagnaði undirliggjandi safn fjármálagerninga).

B4.1.22 Eining verður að skoða þar til hún getur greint undirliggjandi safn gerninga sem mynda sjóðstreymið (í stað þess að hleypa því í gegn). Þetta er undirliggjandi safn fjármálagerninga.

B4.1.23 Undirliggjandi safn verður að hafa einn eða fleiri gerninga sem hafa samningsbundið sjóðstreymi sem er eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól.

B4.1.24 Undirliggjandi safn gerninga getur einnig tekið til gerninga sem:

a) draga úr breytileika í sjóðstreymi gerninganna í lið B4.1.23 og, þegar þeir eru sameinaðir gerningunum í lið B4.1.23, leiða til sjóðstreymis sem er eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól (t.d. vaxtaþak eða vaxtagólf eða samningur sem dregur úr útlánaáhættu á sumum eða öllum gerningunum í lið B4.1.23) eða

b) laga sjóðstreymi áhættulaganna að sjóðstreymi safns undirliggjandi gerninga í lið B4.1.23 í tengslum við mismun á og aðeins á:

(i) því hvort vextir eru fastir eða breytilegir,

(ii) þeim gjaldmiðli sem sjóðstreymi er tilgreint í, þ.m.t. verðbólga í þeim gjaldmiðli, eða

(iii) tímasetningu sjóðstreymis.

B4.1.25 Ef gerningur í safninu uppfyllir ekki skilyrðið í lið B4.1.23 eða lið B4.1.24 telst skilyrðið í b-lið í lið B4.1.21 ekki uppfyllt. Við framkvæmd matsins er ekki þörf á ítarlegri greiningu á hverjum gerningi í safninu. Eining verður að beita mati sínu og framkvæma nægilega greiningu til að ákveða hvort gerningarnir í safninu uppfylli skilyrðin í liðum B4.1.23–B4.1.24. (Sjá einnig lið B4.1.18 að því er varðar leiðbeiningar um einkenni samningsbundins sjóðstreymis sem hafa aðeins minniháttar áhrif.)

B4.1.26 Ef handhafi getur ekki metið skilyrðin í lið B4.1.21 við upphafsfærslu verður að meta áhættulag á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Ef undirliggjandi safn gerninga getur breyst eftir upphafsfærslu þannig að safnið uppfylli ekki skilyrðin í liðum B4.1.23–B4.1.24 telst áhættulagið ekki uppfylla skilyrði liðar B4.1.21 og meta verður það á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Ef undirliggjandi safn tekur til gerninga, sem eru veðtryggðir með eignum, sem uppfylla ekki skilyrði liða B4.1.23–B4.1.24, skal líta fram hjá möguleikanum á að taka yfir slíkar eignir við beitingu þessa liðar nema einingin hafi eignast áhættulagið í þeim tilgangi að öðlast yfirráð yfir veðinu.

Möguleiki á að tilgreina fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (þættir 4.1 og 4.2)

B4.1.27 Með fyrirvara um liði 4.1.5 og 4.2.2 er einingu heimilt í þessum staðli að tilgreina fjáreign, fjárskuld eða flokk fjármálagerninga (fjáreignir, fjárskuldir eða hvort tveggja) á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, að því tilskildu að slíkt leiði til upplýsinga sem hafa meira vægi en ella.

B4.1.28 Ákvörðun einingar um að tilgreina fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er sambærileg vali á reikningsskilaaðferð (þótt þess sé ekki krafist, ólíkt því sem á við um val á reikningsskilaaðferð, að tilgreiningunni sé beitt með samræmdum hætti við öll sambærileg viðskipti). Þegar eining hefur val um slíkt er gerð krafa um það skv. b-lið 14. liðar IAS-staðals 8 að reikningsskilaaðferðin, sem valin er, leiði til þess að reikningsskilin veiti áreiðanlegar og mikilvægari upplýsingar um áhrifin af viðskiptum, öðrum atburðum og aðstæðum á efnahag einingarinnar, rekstrarárangur eða sjóðstreymi. Þegar um það er að ræða t.d. að tilgreina fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning koma fram í lið 4.2.2 tvenns konar aðstæður þegar krafan um betur viðeigandi upplýsingar er uppfyllt. Í samræmi við það þarf einingin, til að velja slíka tilgreiningu í samræmi við lið 4.2.2, að sýna fram á að hún falli undir aðra (eða báðar) þessara tveggja aðstæðna.

Tilgreining eyðir eða dregur verulega úr reikningsskilalegu ósamræmi

B4.1.29 Mat á fjáreign eða fjárskuld og flokkun á færðum breytingum á virði hennar ákvarðast af flokkun liðarins og því hvort liðurinn er hluti af tilgreindum áhættuvarnartengslum. Þessar kröfur geta leitt til þess að misræmi verði í mati eða færslum (stundum nefnt „reikningsskilalegt ósamræmi“) t.d. þegar fjáreign er ekki tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning heldur flokkuð til síðara mats á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og skuld, sem einingin telur tengjast henni, væri síðar metin á afskrifuðu kostnaðarverði (en breytingar á gangvirði eru ekki færðar). Við slíkar aðstæður getur eining komist að þeirri niðurstöðu að upplýsingar í reikningsskilum hennar ættu betur við ef bæði eignin og skuldin væru metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

B4.1.30 Eftirfarandi dæmi sýna hvernig hægt er að uppfylla þetta skilyrði. Í öllum tilvikum getur eining aðeins notað þetta skilyrði til að tilgreina fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í rekstrarreikningi ef það er í samræmi við meginregluna í lið 4.1.5 eða a-lið í lið 4.2.2:

a) eining hefur samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17 (þar sem matið felur í sér gildandi upplýsingar) og fjáreignir sem hún telur þeim tengdar sem annars væru metnar á annaðhvort gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu eða á afskrifuðu kostnaðarverði,

b) eining á fjáreignir, fjárskuldir eða hvort tveggja sem bera sambærilega áhættu, s.s. vaxtaáhættu, og sem leiðir til gagnstæðra breytinga á gangvirði sem hafa tilhneigingu til að jafna hvor aðra út. Hins vegar væru einungis sumir gerninganna metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (t.d. þeir sem eru afleiður eða eru flokkaðir eins og þeir væru ætlaðir til veltuviðskipta). Einnig getur verið þannig ástatt að kröfur um áhættuvarnar-reikningsskil eru ekki uppfylltar, t.d. kröfur um skilvirkni áhættuvarnar í lið 6.4.1,

c) eining á fjáreignir, fjárskuldir eða hvort tveggja sem bera sambærilega áhættu, s.s. vaxtaáhættu, sem leiðir til gagnstæðra breytinga á gangvirði sem hafa tilhneigingu til að jafna hvor aðra út og engin fjáreigna eða fjárskulda uppfyllir skilyrði sem áhættuvarnargerningur vegna þess að þær eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Enn fremur er umtalsvert ósamræmi í færslu á hagnaði og tapi þegar ekki er um að ræða áhættuvarnarreikningsskil. Einingin hefur t.d. fjármagnað tiltekinn lánaflokk með því að gefa út skuldabréf sem eru fyrir almenn viðskipti en breytingar á gangvirði þeirra hafa tilhneigingu til að jafna hver aðra út. Ef einingin kaupir auk þess og selur skuldabréfin reglubundið en kaupir og selur lánin afar sjaldan ef nokkurn tíma eyðir færsla á bæði lánum og skuldabréfum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning misræmi í tímasetningu á færslu á hagnaði og tapi sem hefði annars leitt af mati á þeim, bæði á afskrifuðu kostnaðarverði og færslu á hagnaði eða tapi í hvert sinn sem skuldabréf er endurkeypt.

B4.1.31 Í tilvikum eins og lýst er í liðnum hér að framan getur það að tilgreina fjáreignir og fjárskuldir við upphafsfærslu, sem ekki eru metnar á annan hátt, eins og þær væru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eytt eða dregið verulega úr misræmi í mati eða færslu og gefið upplýsingar sem eiga betur við. Af hagkvæmnisástæðum þarf eining ekki að stofna til allra eigna og skulda sem gefa tilefni til misræmis í mati eða færslu á nákvæmlega sama tíma. Heimill er hæfilegur frestur að því tilskildu að hver viðskipti séu tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphafsfærslu og á þeim tíma sem vænst er að viðskipti, sem eftir eru, fari fram.

B4.1.32 Það væri óviðunandi að tilgreina aðeins nokkrar af fjáreignunum og fjárskuldunum sem valda misræmi í gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef með því væri ekki eytt eða dregið verulega úr misræminu og myndi því ekki leiða til þess að upplýsingar ættu betur við. Það væri á hinn bóginn viðunandi að tilgreina aðeins nokkrar af sambærilegum fjáreignum eða sambærilegum fjárskuldum ef með því væri verulega dregið úr misræminu (og hugsanlega meira en með annarri leyfilegri tilgreiningu). Til dæmis má gera ráð fyrir því að eining eigi nokkrar sambærilegar fjárskuldir sem samtals nema 100 GE og nokkrar sambærilegar fjáreignir sem samtals nema 50 GE en eru metnar á öðrum grunni. Einingin getur dregið verulega úr misræmi í mati með því að tilgreina allar eignirnar við upphafsfærslu en einungis nokkrar skuldanna (t.d. einstakar skuldir sem samtals nema 45 GE) á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Vegna þess að aðeins er unnt að beita tilgreiningu á gangvirði í gegnum rekstrarreikning á fjármálagerninga í heild verður einingin í þessu dæmi að tilgreina eina eða fleiri skuldir í heild sinni. Hún getur ekki tilgreint annaðhvort þátt skuldar (t.d. virðisbreytingar sem aðeins er unnt að rekja til einnar áhættu, s.s. breytingar á viðmiðunarvöxtum) eða hlutfall (þ.e. prósentu) af skuld.

Flokki fjárskulda eða fjáreigna og fjárskulda er stjórnað og árangur af honum er metinn á grundvelli gangvirðis

B4.1.33 Eining getur stjórnað og metið árangur af flokki fjárskulda eða fjáreigna og fjárskulda þannig að mat á þeim flokki á gangvirði í gegnum rekstrarreikning leiðir til upplýsinga sem eiga betur við. Aðalatriðið í þessu tilviki er aðferðin sem einingin beitir við stjórnun og mat á árangrinum en ekki eðli fjármálagerninga hennar.

B4.1.34 Í öllum tilvikum getur eining t.d. notað þetta skilyrði til að tilgreina fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef það er í samræmi við meginregluna í b-lið í lið 4.2.2 og einingin á fjáreignir og fjárskuldir sem deila einni eða fleiri áhættum sem er stjórnað og eru metnar á gangvirðisgrunni í samræmi við skjalfesta stefnu í eigna- og skuldastjórnun. Sem dæmi má taka einingu sem hefur gefið út „sérhannaðar afurðir“ sem í eru margar innbyggðar afleiður og hún stjórnar áhættunni sem af því stafar á gangvirðisgrunni með því að nota samsetningu afleiðufjármálagerninga og annarra fjármálagerninga sem eru ekki afleiður.

B4.1.35 Eins og bent er á hér að framan er þetta skilyrði undir aðferðinni komið sem einingin notar til að stjórna og meta árangur flokks viðkomandi fjármálagerninga. Í samræmi við það (með fyrirvara um kröfur um tilgreiningu við upphafsfærslu) skal eining, sem tilgreinir fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning á grundvelli þessa skilyrðis, tilgreina þannig allar hæfar fjárskuldir sem hún stjórnar og metur saman.

B4.1.36 Gögn um stefnu einingarinnar þurfa ekki að vera ítarleg en skulu vera fullnægjandi til að sýna fram á að farið sé að b-lið í lið 4.2.2. Ekki er gerð krafa um að hver einasti liður sé skjalfestur heldur geti gögnin tekið til hvers eignasafns fyrir sig. Ef það kemur t.d. skýrt fram í árangursstjórnunarkerfi deildar — sem lykilstjórnendur einingarinnar hafa samþykkt — að mat á árangri deildarinnar sé miðað við þennan grundvöll er ekki þörf á frekari skjalfestingu til að sýna fram á að farið sé að b-lið í lið 4.2.2.

Innbyggðar afleiður (þáttur 4.3)

B4.3.1 Þegar eining verður aðili að blönduðum samningi með grunnsamningi sem er ekki eign innan gildissviðs þessa staðals er gerð krafa um það í lið 4.3.3 að einingin auðkenni hvers kyns innbyggða afleiðu, meti hvort þörf sé á að halda henni aðgreindri frá grunnsamningnum og, að því er varðar þær sem nauðsynlegt er að aðgreina, meti afleiðurnar á gangvirði við upphafsfærslu og eftir það á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

B4.3.2 Ef grunnsamningur um eftirstæða hlutdeild í hreinum eignum einingar hefur ótilgreindan binditíma eða hann er ekki ákveðinn fyrir fram eru efnahagsleg einkenni hans og áhætta þau sömu og eiginfjárgernings og innbyggð afleiða þyrfti að hafa einkenni eiginfjár, sem tengist sömu einingu, til að geta talist nátengd. Ef grunnsamningurinn er ekki eiginfjárgerningur og fellur að skilgreiningu á fjármálagerningi eru fjárhagsleg einkenni hans og áhætta þau sömu og skuldagernings.

B4.3.3 Innbyggð afleiða án valréttar (s.s. innbyggð, framvirk afleiða eða skiptasamningur) er aðgreind frá grunnsamningnum samkvæmt tilgreindum eða inniföldum efnislegum skilmálum sem leiða til þess að gangvirði gerningsins verður núll við upphafsfærslu. Innbyggð afleiða byggð á valrétti (s.s. innbyggðum sölurétti, kauprétti, vaxtaþaki, vaxtagólfi eða skiptirétti) er aðgreind frá grunnsamningnum samkvæmt tilgreindum skilmálum valréttarþáttarins. Upphaflegt bókfært verð grunngerningsins er eftirstæð fjárhæð eftir að innbyggða afleiðan hefur verið aðgreind.

B4.3.4 Yfirleitt er farið með margar innbyggðar afleiður í einum blönduðum samningi eins og um væri að ræða eina samsetta, innbyggða afleiðu. Innbyggðar afleiður, sem flokkaðar eru sem eigið fé (sjá IAS-staðal 32, *fjármálagerningar: framsetning*), eru þó færðar aðgreindar frá þeim sem eru flokkaðar sem eignir eða skuldir. Enn fremur ef blandaður samningur hefur fleiri en eina innbyggða afleiðu, og þær afleiður tengjast mismunandi áhættuskuldbindingum og auðvelt er að aðgreina þær, eru þær færðar óháðar hver annarri.

B4.3.5 Efnahagsleg einkenni og áhætta vegna innbyggðu afleiðunnar eru ekki í nánum tengslum við grunnsamninginn (a-liður liðar 4.3.3) í eftirfarandi dæmum. Í þessum dæmum færir eining innbyggðu afleiðuna aðskilda frá grunnsamningnum, að því gefnu að skilyrðin í b- og c-lið í lið 4.3.3 séu uppfyllt:

a) Söluréttur, sem er innbyggður í gerningi sem gerir handhafa kleift að krefja útgefanda um að kaupa aftur gerninginn gegn handbæru fé eða öðrum eignum sem geta verið breytilegar á grundvelli breytingar á eigin fé, hrávöruverði eða -vísitölu, er ekki nátengdur grunnskuldagerningi.

b) Valréttur eða sjálfvirkt ákvæði um að framlengja eftirstætt tímabil fram að gjalddaga skuldagernings er ekki nátengt grunnskuldagerningi nema samtímis sé gerð leiðrétting á því sem næst gildandi markaðsvöxtum þegar framlengingin á sér stað. Ef eining gefur út skuldagerning og handhafi þess skuldagernings gefur út kauprétt á skuldagerningnum til þriðja aðila lítur útgefandinn svo á að kauprétturinn framlengi tímabilið til gjalddaga skuldagerningsins, að því tilskildu að útgefandinn geti gert kröfu um að taka þátt í eða greiða fyrir endurmarkaðssetningu skuldagerningsins vegna þess að kauprétturinn hefur verið nýttur.

c) Vísitölutryggðir vextir miðaðir við vísitölu eiginfjár eða afborganir af höfuðstól sem eru innbyggðar í grunnskuldagerning eða -vátryggingarsamning — vaxtafjárhæðin eða afborgunin er þá vísitölutryggð miðað við verðgildi eiginfjárgerninga — eru ekki nátengdir grunngerningnum vegna þess að áhættan, sem felst í grunngerningnum og innbyggðu afleiðunni, er ekki af sama toga.

d) Vísitölutryggðir vextir miðaðir við vísitölu hrávöru eða afborganir af höfuðstól sem eru innbyggðir í grunnskuldagerning eða -vátryggingarsamning — vaxtafjárhæðin eða afborgunin er þá vísitölutryggð miðað við verð á hrávöru (s.s. gulli) — eru ekki nátengdir grunngerningnum vegna þess að áhættan, sem felst í grunngerningnum og innbyggðu afleiðunni, er ekki af sama toga.

e) Kaup-, sölu- eða uppgreiðsluréttur, sem er innbyggður í grunnskuldasamning eða grunntryggingarsamning, er ekki nátengdur grunnsamningi nema:

(i) nýtingarverð valréttarsamningsins sé u.þ.b. hið sama á hverjum nýtingardegi og afskrifað kostnaðarverð grunnskuldagerningsins eða bókfært verð grunntryggingarsamningsins eða

(ii) nýtingarverð uppgreiðsluréttar bæti lánveitanda upp fjárhæð sem er allt að áætluðu núvirði tapaðra vaxta vegna eftirstæðs gildistíma grunnsamningsins. Tapaðir vextir eru margfeldi fyrirframgreiddrar nafnverðsfjárhæðar og vaxtamunar. Vaxtamunur er sú fjárhæð sem virkir vextir grunnsamnings eru umfram virka vexti sem eining fengi á innlausnardegi fyrir gjalddaga ef hún endurfjárfesti nafnverðsfjárhæð, sem er innleyst fyrir tímann, í sambærilegum samningi á eftirstæðum samningstíma grunnsamningsins.

Mat á því hvort kaup- eða sölurétturinn sé nátengdur grunnskuldasamningi fer fram áður en eiginfjárþáttur breytanlegs skuldagernings er aðskilinn í samræmi við IAS-staðal 32.

f) Útlánaáhættuafleiður, sem eru innbyggðar í grunnskuldagerning og gera öðrum aðilanum („rétthafa“) kleift að yfirfæra útlánaáhættu vegna tiltekinnar viðmiðunareignar, þrátt fyrir að hann eigi hana ekki, til hins aðilans („ábyrgðaraðilans“), eru ekki nátengdar grunnskuldagerningi. Slíkar útlánaáhættuafleiður gera ábyrgðaraðilanum kleift að taka á sig útlánaáhættu í tengslum við tiltekna eign án þess að eiga hana með beinum hætti.

B4.3.6 Dæmi um blandaðan samning er fjármálagerningur sem veitir handhafa rétt til að selja útgefandanum fjár málagerninginn til baka í skiptum fyrir handbært fé eða aðrar eignir, sem er breytilegt eftir breytingu á vísitölu eigin fjár eða hrávöru sem getur hækkað eða lækkað („innleysanlegur gerningur“). Að því tilskildu að útgefandi tilgreini ekki innleysanlegan gerning við upphafsfærslu sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er gerð krafa um að aðgreina innbyggða afleiðu (þ.e. vísitölutryggða afborgun af höfuðstólnum) skv. lið 4.3.3 vegna þess að grunnsamningurinn er skuldagerningur skv. lið B4.3.2 og vísitölutryggð afborgun af höfuðstól er ekki í nánum tengslum við grunnskuldagerning skv. a-lið í lið B4.3.5. Vegna þess að afborgun af höfuðstól getur hækkað eða lækkað er innbyggða afleiðan afleiða án valréttar og verðgildi hennar miðast við vísitölu breytunnar sem liggur til grundvallar.

B4.3.7 Þegar um er að ræða innleysanlegan gerning, sem hægt er að skila aftur hvenær sem er gegn handbæru fé sem er ígildi hlutfallslegs hluta af hreinu verðgildi eignar einingar (s.s. eininga (e. *units*) í opnum verðbréfasjóði eða einhvers konar einingatengdum fjárfestingarvörum), eru áhrifin þau af því að sundurgreina innbyggða afleiðu og færa hvern þátt sérstaklega að blandaði samningurinn er metinn á innlausnarverðinu, sem er ógreitt við lok reikningsskilatímabilsins, ef handhafi hefur nýtt rétt sinn til að selja útgefandanum aftur gerninginn.

B4.3.8 Efnahagsleg einkenni og áhætta vegna innbyggðrar afleiðu eru nátengd efnahagslegum einkennum og áhættu vegna grunnsamningsins í eftirfarandi dæmum. Í þessum dæmum færir eining innbyggðu afleiðuna ekki aðskilda frá grunnsamningnum:

a) Innbyggð afleiða þar sem í grunninn eru vextir eða vaxtavísitala sem getur breytt fjárhæð vaxta sem annars yrði greidd eða móttekin vegna vaxtaberandi grunnskuldasamnings eða -vátryggingasamnings er nátengd grunnsamningnum nema að hægt sé að greiða blandaða samninginn þannig að handhafi endurheimti ekki alla færða fjárfestingu sína eða að innbyggða afleiðan geti a.m.k. tvöfaldað upphaflega ávöxtun handhafans af grunnsamningnum og geti gefið af sér ávöxtun sem er a.m.k. tvöföld markaðsávöxtunin fyrir samning með sömu skilmála og grunnsamningurinn.

b) Innbyggt gólf eða þak á vöxtum af skuldasamningi eða vátryggingasamningi er nátengt grunnsamningnum að því tilskildu að þakið sé jafnt markaðsvöxtum eða hærra en þeir og gólfið sé jafnt markaðsvöxtum eða lægra en þeir þegar samningurinn er gefinn út og vogun (e. *leverage*) þaksins eða gólfsins er ekki í tengslum við grunnsamninginn. Á sama hátt eru ákvæði í samningi um kaup eða sölu á eign (t.d. hrávöru), sem ákvarða þak og gólf á verðið sem verður greitt eða móttekið fyrir eignina, nátengd grunnsamningi ef bæði þakið og gólfið voru í tapi í upphafi og eru ekki voguð.

c) Innbyggð afleiða í erlendum gjaldmiðli, sem gefur af sér afborganir af höfuðstól eða vaxtagreiðslur sem eru tilgreindar í erlendum gjaldmiðli og er innbyggð í grunnskuldagerning (t.d. verðbréf í tveimur gjaldmiðlum), er í nánum tengslum við grunnskuldagerninginn. Slík afleiða er ekki greind frá grunngerningnum vegna þess að í IAS-staðli 21, *áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla*, er þess krafist að hagnaður og tap á peningalegum liðum séu færð í rekstrarreikning.

d) Innbyggð afleiða í erlendum gjaldmiðli í grunnsamningi, sem er vátryggingasamningur eða er ekki fjármálagerningur (s.s. samningur um kaup eða sölu á ófjárhagslegum lið þar sem verðið er tilgreint í erlendum gjaldmiðli), er nátengd grunnsamningi að því tilskildu að hún sé ekki vegin, innihaldi ekki valréttarákvæði og að gerð sé krafa um greiðslur tilgreindar í einum af eftirfarandi gjaldmiðlum:

(i) starfrækslugjaldmiðli mikilvægs aðila að samningnum,

(ii) gjaldmiðlinum, sem verð tengdrar vöru eða þjónustu er að jafnaði tilgreint í við kaup eða afhendingu í heimsviðskiptum (s.s. bandarískur dalur í hráolíuviðskiptum) eða

(iii) gjaldmiðli sem er almennt notaður í samningum við kaup eða sölu ófjárhagslegra liða í efnahagsumhverfinu þar sem viðskiptin eiga sér stað (t.d. tiltölulega stöðugur og gjaldhæfur gjaldmiðill sem er yfirleitt notaður í staðbundnum viðskiptum eða utanríkisverslun).

e) Innbyggður uppgreiðsluréttur í hreinum vaxtagreiðslulána- eða höfuðstólslánaræmum er nátengdur grunnsamningi að því tilskildu að grunnsamningurinn i. stafi upphaflega af aðgreiningu á rétti til samningsbundins sjóðstreymis frá fjármálagerningi sem fól í sjálfu sér ekki í sér innbyggða afleiðu, og ii. feli ekki í sér neina skilmála sem ekki er að finna í upphaflega grunnskuldasamningnum.

f) Innbyggð afleiða í grunnleigusamningi er nátengd grunnsamningi ef innbyggða afleiðan er i. verðbólgutengd vísitala, s.s. leiguvísitala sem miðast við vísitölu neysluvöru (að því tilskildu að leigan sé ekki voguð og vísitalan tengist verðbólgu í eigin efnahagsumhverfi einingarinnar), ii. breytilegar leigugreiðslur sem byggjast á tengdri sölu, eða iii. breytilegar leigugreiðslur sem miðast við breytilega vexti.

g) Einingarbundinn þáttur, sem er innbyggður í grunnfjármálagerning eða grunntryggingasamning, er nátengdur grunngerningnum eða grunnsamningnum ef greiðslur, tilgreindar í tiltekinni einingu, eru metnar á gildandi einingarverði sem endurspeglar gangvirði eigna sjóðsins. Einingarbundinn þáttur er samningsbundinn skilmáli þar sem krafist er greiðslu sem er tilgreind í einingum innri eða ytri fjárfestingarsjóðs.

h) Afleiða, sem er innbyggð í vátryggingasamning, er nátengd grunntryggingasamningi ef innbyggða afleiðan og grunntryggingasamningurinn eru svo háð hvort öðru að eining getur ekki metið innbyggðu afleiðuna sérstaklega (þ.e. án þess að taka tillit til grunnsamningsins).

Gerningar með innbyggðum afleiðum

B4.3.9 Eins og vakin er athygli á í lið B4.3.1 er gerð krafa um það í lið 4.3.3, þegar eining verður aðili að blönduðum samningi með grunnsamningi sem er ekki eign innan gildissviðs þessa staðals og með einni innbyggðri afleiðu eða fleiri, að einingin auðkenni allar slíkar innbyggðar afleiður, meti hvort þörf sé á að halda henni aðgreindri frá grunnsamningnum og, að því er varðar þær sem nauðsynlegt er að aðgreina, meti afleiðurnar á gangvirði við upphafsfærslu og eftir það. Þessar kröfur geta verið flóknari eða leitt til þess að matið verður ekki eins áreiðanlegt og mat á öllum gerningnum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Af þeim sökum er heimilt samkvæmt þessum staðli að blandaði samningurinn sé í heild tilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning,

B4.3.10 Nota má slíka tilgreiningu hvort sem gerð er krafa um það í lið 4.3.3 að innbyggðar afleiður skuli aðgreindar frá grunnsamningnum eða að slík aðgreining sé óheimil. Á hinn bóginn væri ekki réttlætanlegt skv. lið 4.3.5 að tilgreina blandaða samninginn á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í þeim tilvikum sem sett eru fram í a- og b-lið í lið 4.3.5 vegna þess að með því væri ekki verið að einfalda hlutina eða auka áreiðanleika.

Endurmat innbyggðra afleiðna

B4.3.11 Eining skal, í samræmi við lið 4.3.3, meta hvort greina þarf innbyggða afleiðu frá grunnsamningnum og færa hana sem afleiðu þegar einingin verður fyrst aðili að samningnum. Síðara mat er bannað nema breyting hafi orðið á skilmálum samningsins sem breytir verulega sjóðstreyminu sem að öðrum kosti yrði gerð krafa um samkvæmt samningnum, en þegar svo ber undir er krafist endurmats. Eining ákvarðar hvort breyting á sjóðstreymi er veruleg með því að skoða í hve miklum mæli vænt framtíðarsjóðstreymi, sem tengist innbyggðu afleiðunni, grunnsamningnum eða hvoru tveggja, hefur breyst og hvort breytingin er veruleg miðað við fyrra vænt sjóðstreymi í tengslum við samninginn.

B4.3.12 Liður B4.3.11 gildir ekki um innbyggðar afleiður í samningum sem fengjust með:

a) sameiningu fyrirtækja (eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja),*

b) sameiningu eininga eða fyrirtækja sem lúta sameiginlegri stjórn eins og lýst er í liðum B1–B4 í IFRS-staðli 3 eða

c) stofnun samrekstrar eins og skilgreint er í IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*

eða hugsanlegu endurmati á þeim á yfirtökudegi ([53]).

Endurflokkun fjáreigna (þáttur 4.4)

Endurflokkun fjáreigna

B4.4.1 Í lið 4.4.1 er þess krafist að eining endurflokki fjáreignir ef hún breytir viðskiptalíkani sínu vegna stjórnunar þessara fjáreigna. Gert er ráð fyrir að slíkar breytingar séu afar sjaldgæfar. Yfirstjórn einingarinnar ákveður slíkar breytingar í kjölfar ytri eða innri breytinga og þær þurfa að hafa mikla þýðingu fyrir rekstur einingarinnar og það verður að vera hægt að sýna utanaðkomandi aðilum fram á þær. Til samræmis við það verður breyting á viðskiptalíkani einingar þegar eining annaðhvort hefur eða lýkur starfsemi sem hefur þýðingu fyrir rekstur hennar, t.d. þegar einingin hefur eignast, selt eða lagt niður viðskiptasvið. Hér á eftir fara dæmi um breytingu á viðskiptalíkani:

([53]) IFRS-staðall 3 fjallar um yfirtöku samninga með innbyggðum afleiðum við sameiningu fyrirtækja.

a) Eining á eignasafn viðskiptalána sem hún heldur til skammtímasölu. Einingin yfirtekur fyrirtæki sem stjórnar viðskiptalánum og hefur viðskiptalíkan sem heldur lánunum til þess að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Eignasafn viðskiptalána er ekki lengur til sölu og eignasafninu er nú stjórnað ásamt yfirteknu viðskiptalánunum og þeim er öllum haldið til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi.

b) Fjármálaþjónustufyrirtæki ákveður að leggja niður fyrirtæki á sviði fasteignaveðlána til einkaaðila. Þetta fyrirtæki tekur ekki lengur við viðskiptum og fjármálaþjónustufyrirtækið setur til sölu með virkum hætti eignasafn sitt með fasteignaveðlán.

B4.4.2 Breyting á markmiði viðskiptalíkans einingarinnar verður að koma til framkvæmda fyrir endurflokkunardaginn. Ef fjármálaþjónustufyrirtæki ákveður t.d. 15. febrúar að leggja niður fyrirtæki sitt á sviði fasteignaveðlána til einkaaðila og verður því að endurflokka allar þær fjáreignir sem verða fyrir áhrifum 1. apríl (þ.e. fyrsta dag næsta reikningsskilatímabils einingarinnar) má einingin ekki samþykkja ný fyrirtæki á sviði fasteignaveðlána til einkaaðila eða stunda á annan hátt starfsemi sem er í samræmi við fyrra viðskiptalíkan þess eftir 15. febrúar.

B4.4.3 Eftirfarandi telst ekki vera breytingar á viðskiptalíkani:

a) breyting á tilgangi í tengslum við tilteknar fjáreignir (jafnvel þegar verulegar breytingar verða á markaðs aðstæðum),

b) tímabundið hvarf tiltekins markaðar fyrir fjáreignir,

c) flutningur fjáreigna milli hluta einingarinnar með ólík viðskiptalíkön.

MAT (5. KAFLI)

Upphafleg mat (þáttur 5.1)

B5.1.1 Gangvirði fjármálagernings við upphafsfærslu er yfirleitt viðskiptaverðið (þ.e. gangvirði greidds eða móttekins endurgjalds, sjá einnig lið B5.1.2A og IFRS-staðal 13). Ef hluti greidds eða móttekins endurgjalds er fyrir eitthvað annað en fjármálagerninginn skal eining meta gangvirði fjármálagerningsins. Ef unnt er t.d. að meta gangvirði láns eða viðskiptakröfu til langs tíma, sem ber enga vexti, sem núvirði allra greiðslna í handbæru fé sem tekið verður við í framtíðinni, afvöxtuðu með því að nota gildandi markaðsvexti á sambærilegum gerningum (sambærilegum að því er varðar gjaldmiðil, gildistíma, vaxtategund og aðra þætti) með sambærilegt lánshæfismat. Allar viðbótarfjárhæðir, sem eru lánaðar, eru kostnaður eða tekjulækkun nema þær uppfylli kröfur um færslu sem annars konar eign.

B5.1.2 Ef eining gefur út lán sem ber ekki markaðsvexti (ef þeir eru t.d. 5% þegar markaðsvextir á samsvarandi láni eru 8%) og fær fyrirframgreidda þóknun sem bætur færir einingin lánið á gangvirði, þ.e. að frádreginni þóknuninni sem hún fær.

B5.1.2A Besti vitnisburðurinn um gangvirði fjármálagernings við upphafsfærslu er venjulega viðskiptaverðið (þ.e. gangvirði greidds eða móttekins endurgjalds, sjá einnig IFRS-staðal 13). Ákvarði eining að gangvirðið við upphafsfærslu sé frábrugðið viðskiptaverðinu, eins og greint er frá því í lið 5.1.1A, skal einingin færa gerninginn á þeim degi með eftirfarandi hætti:

a) við matið, sem krafist er í lið 5.1.1, ef gangvirði þetta er fengið af skráðu verði á virkum markaði fyrir eins eign eða skuld (þ.e. 1. stigs ílag) eða grundvallað á virðismatsaðferð sem notar einungis gögn frá sannreynanlegum mörkuðum. Eining skal færa mismuninn á milli gangvirðis við upphafsfærslu og viðskiptaverðsins sem hagnað eða tap,

b) í öllum öðrum tilvikum, við matið sem krafist er í lið 5.1.1, leiðrétt til að jafna mismuninn á gangvirði við upphafsfærslu og viðskiptaverðinu. Að lokinni upphafsfærslu skal einingin aðeins færa frestaða mismuninn sem hagnað eða tap að því marki sem hann kemur upp við breytingu á þætti (þ.m.t. tíma) sem markaðsaðilar myndu taka tillit til við verðlagningu á eign eða skuld.

Síðara mat (þættir 5.2 og 5.3)

B5.2.1 Ef fjármálagerningur, sem var áður færður sem fjáreign, er metinn á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og gangvirði hans fellur niður fyrir núll er hann fjárskuld sem er metin í samræmi við lið 4.2.1. Blandaðir samningar með grunnsamningum, sem eru eignir innan gildissviðs þessa staðals, eru þó alltaf metnir í samræmi við lið 4.3.2.

B5.2.2 Eftirfarandi dæmi sýnir reikningsskil vegna viðskiptakostnaðar við upphaflegt og síðara mat á fjáreign sem er metin á gangvirði með breytingum í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við annaðhvort lið 5.7.5 eða lið 4.1.2A. Eining kaupir eign fyrir 100 GE og söluþóknun, sem nemur 2 GE, bætist við. Í upphafi færir einingin eignina á 102 GE. Reikningsskilatímabilið endar einum degi síðar, þegar skráð markaðsverð eignarinnar er 100 GE. Ef eignin væri seld væri greidd þóknun að fjárhæð 3 GE. Á þeim degi metur einingin eignina á 100 GE (án tillits til hugsanlegrar söluþóknunar) og færir tap sem nemur 2 GE í aðra heildarafkomu. Ef fjáreign er metin á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2A er viðskiptakostnaðurinn afskrifaður í rekstrarreikningi með því að nota aðferð virkra vaxta.

B5.2.2A Síðara mat fjáreignar eða fjárskuldar og síðari færsla hagnaðar og taps, sem lýst er í lið B5.1.2A, skulu vera í samræmi við kröfur þessa staðals.

Fjárfestingar í eiginfjárgerningum og samningar um þær fjárfestingar

B5.2.3 Allar fjárfestingar í eiginfjárgerningum og samningar um þá gerninga verður að meta á gangvirði. Við afmarkaðar aðstæður kann kostnaður þó að vera viðeigandi mat á gangvirði. Sú gæti verið raunin ef fyrir liggja ófullnægjandi, nýrri upplýsingar til að meta gangvirði eða ef til greina kemur ýmiss konar gangvirðismat og kostnaður stendur fyrir besta matið á gangvirði innan þeirra marka.

B5.2.4 Vísbendingar um að kostnaður sýni mögulega ekki gangvirði eru m.a.:

a) veruleg breyting á árangri félags sem fjárfest er í borið saman við fjárhagsáætlanir, áætlanir eða áfanga,

b) breytingar á væntingum um að unnt sé að ná áföngum tæknilegra vara félags sem fjárfest er í,

c) veruleg breyting á markaði fyrir eigið fé, vörur eða mögulegar vörur félags sem fjárfest er í,

d) veruleg breyting á hnattræna hagkerfinu eða því efnahagsumhverfi félagsins sem fjárfest er í,

e) veruleg breyting á frammistöðu sambærilegra eininga eða á því verðmati sem heildarmarkaðurinn gefur til kynna,

f) innri málefni félagsins sem fjárfest er í, s.s. svik, ágreiningur í viðskiptamálum, málaferli, breytingar á stjórnun eða stefnu,

g) gögn úr ytri viðskiptum með eigið fé félags sem fjárfest er í, annaðhvort af hálfu félagsins (s.s. útgáfa nýrra eiginfjárgerninga) eða með framsali eiginfjárgerninga milli þriðju aðila.

B5.2.5 Skráin í lið B5.2.4 er ekki tæmandi. Eining skal nota allar upplýsingar um frammistöðu og rekstur félags sem fjárfest er í sem verða tiltækar eftir upphaflegan færsludag. Að því marki sem viðeigandi þættir eru fyrir hendi geta þeir gefið vísbendingar um að kostnaður geti ekki staðið fyrir gangvirði. Í slíkum tilvikum verður einingin að meta gangvirði.

B5.2.6 Kostnaður er aldrei besta leiðin til að meta gangvirði fjárfestinga í skráðum eiginfjárgerningum (eða samningum um skráða eiginfjárgerninga).

Mat afskrifaðs kostnaðarverðs (þáttur 5.4)

Aðferð virkra vaxta

B5.4.1 Við beitingu aðferðar virkra vaxta greinir eining þóknanir sem eru órjúfanlegur hluti af virkum vöxtum fjármálagernings. Lýsingin á þóknunum fyrir fjármálaþjónustu þarf ekki að gefa til kynna eðli og inntak veittrar þjónustu. Farið er með þóknanir, sem eru óaðskiljanlegur hluti af virkum vöxtum af fjármálagerningi, eins og leiðréttingu á virkum vöxtum nema fjármálagerningurinn sé metinn á gangvirði þar sem breytingin á gangvirði er færð í rekstrarreikning. Í þeim tilvikum eru þóknanirnar færðar sem tekjur eða kostnaður þegar gerningurinn er færður í upphafi.

B5.4.2 Þóknanir, sem eru óaðskiljanlegur hluti af virkum vöxtum af fjármálagerningi, taka til:

a) upphafsþóknana sem einingin fær í tengslum við myndun og yfirtöku fjáreignar. Slíkar þóknanir geta tekið til greiðslna vegna starfsemi á borð við mat á fjármálastöðu lántaka, mat og skráningu ábyrgða, veðtrygginga og annars fyrirkomulags við tryggingar, að semja um skilmála gerningsins, undirbúa og vinna skjöl og ganga frá viðskiptum. Þessar þóknanir eru óaðskiljanlegur hluti af því að verða aðili að þeim fjármálagerningi sem af þessu leiðir,

b) lántökugjalda sem einingin fær við útgáfu láns þegar lánsskuldbindingin er ekki metin í samræmi við a-lið í lið 4.2.1 og líkur eru á að einingin gangi til sérstaks lánafyrirkomulags. Litið er á þessi gjöld sem greiðslu fyrir þátttöku í yfirtöku fjármálagernings á áframhaldandi grundvelli. Ef skuldbindingin rennur úr gildi án þess að einingin hafi gefið lánið út eru gjöldin færð sem tekjur þegar hún fellur úr gildi,

c) upphafsþóknana sem eru greiddar við útgáfu fjárskulda á afskrifuðu kostnaðarverði. Þessar þóknanir eru óaðskiljanlegur hluti af því að verða aðili að fjárskuld. Eining aðgreinir þóknanir og kostnað, sem eru óaðskiljanlegur hluti af virkum vöxtum af fjárskuldinni, frá upphafsþóknunum og viðskiptakostnaði sem tengist réttinum til að veita þjónustu, t.d. þjónustu vegna fjárfestingarstýringar.

B5.4.3 Þóknanir sem eru ekki óaðskiljanlegur hluti af virkum vöxtum af fjármálagerningi og eru færðar í samræmi við IFRS-staðal 15, taka til:

a) þóknana vegna umsýslu láns,

b) lántökugjalda til að gefa út lán þegar lánsskuldbindingin er ekki metin í samræmi við a-lið í lið 4.2.1 og ólíklegt er að einingin gangi til sérstaks lánafyrirkomulags og

c) þóknana, vegna fjölbankaláns, sem sú eining fær sem útvegar lán og heldur ekki eftir hluta lánapakkans fyrir sig (eða heldur eftir hluta á sömu virku vöxtum, vegna sambærilegrar áhættu, og aðrir þátttakendur fá).

B5.4.4 Þegar eining beitir virku vaxtaaðferðinni afskrifar hún yfirleitt hvers kyns þóknanir, vaxtainngreiðslur eða -útgreiðslur, viðskiptakostnað og annað yfirverð eða afföll við útreikninga á virkum vöxtum umfram áætlaðan líftíma fjármálagerningsins. Styttra tímabil er þó notað ef um er að ræða tímabilið sem þóknanirnar, vaxtainngreiðslur eða -útgreiðslur, viðskiptakostnaður, yfirverð eða afföll taka til. Þetta á við þegar breytan, sem þóknun, vaxtainngreiðslur eða -útgreiðslur, viðskiptakostnaður, yfirverð eða afföll tengist, er endurákvörðuð miðað við markaðsvexti áður en kemur að væntanlegum gjalddaga fjármálagerningsins. Í því tilviki er viðeigandi afskriftatímabil tímabilið að næsta endurákvörðunardegi vaxtakjara. Ef t.d. yfirverð eða undirverð fjármálagernings með breytilegum vöxtum endurspeglar uppsafnaða vexti af fjármálagerningnum frá því að vextir voru síðast greiddir, eða breytingar á markaðsvöxtum frá því að breytilegir vextir voru endurákvarðaðir miðað við markaðsvexti, er það afskrifað fram að næsta degi þegar breytilegir vextir eru endurákvarðaðir miðað við markaðsvexti. Þetta stafar af því að yfirverðið eða undirverðið tengist tímabilinu að næsta vaxtaákvörðunardegi vegna þess að breytan, sem yfirverðið eða undirverðið tengist (þ.e. vextirnir), er endurákvörðuð miðað við markaðsvexti. Ef á hinn bóginn yfirverðið eða undirverðið stafar af breytingu á skuldatryggingarálagi á þeim breytilegu vöxtum, sem tilgreindir eru í fjármálagerningnum, eða öðrum breytum, sem ekki eru ákvarðaðar miðað við markaðsvexti, er yfirverð eða undirverð afskrifað á væntum gildistíma fjármálagerningsins.

B5.4.5 Þegar um er að ræða fjáreignir með breytilegum vöxtum og fjárskuldir með breytilegum vöxtum breytast virkir vextir við reglulegt endurmat sjóðstreymis til að endurspegla hreyfingar á markaðsvöxtum. Ef fjáreign með breytilegum vöxtum eða fjárskuld með breytilegum vöxtum er færð upphaflega við fjárhæð, sem er jöfn höfuðstól viðskiptakröfu eða -skuldar á gjalddaga, hefur endurmat á framtíðarvaxtagreiðslum yfirleitt engin veruleg áhrif á bókfært verð eignarinnar eða skuldarinnar.

B5.4.6 Ef eining endurskoðar áætlaðar útgreiðslur eða inngreiðslur sínar (þó ekki breytingar í samræmi við lið 5.4.3 og breytingar á mati á væntu útlánatapi) skal hún leiðrétta vergt bókfært verð fjáreignarinnar eða afskrifað kostnaðarverð fjárskuldarinnar (eða flokks fjármálagerninga) til að endurspegla raunverulegt og endurskoðað áætlað samningsbundið sjóðstreymi. Einingin endurreiknar vergt bókfært verð fjáreignarinnar eða afskrifað kostnaðarverð fjárskuldarinnar sem núvirði metins samningsbundins framtíðarsjóðstreymis sem er afvaxtað á upprunalegum virkum vöxtum fjármálagerningsins (eða lánaleiðréttum virkum vöxtum keyptra eða útgefinna virðisrýrðra fjáreigna) eða, ef við á, endurskoðuðum virkum vöxtum sem eru reiknaðir í samræmi við lið 6.5.10. Leiðréttingin er færð sem tekjur og gjöld í rekstrarreikningi.

B5.4.7 Í sumum tilvikum er litið á fjáreign sem virðisrýrða við upphafsfærslu vegna þess að útlánaáhætta er mjög mikil og í tilviki kaupa er hún keypt á niðursettu verði. Við útreikning á lánaleiðréttum, virkum vöxtum fjáreigna, sem litið er á sem keyptar eða útgefnar virðisrýrðar fjáreignir við upphafsfærslu, skal eining taka upphaflegt, vænt útlánatap með í væntu sjóðstreymi. Þetta þýðir þó ekki að beita ætti lánaleiðréttum, virkum vöxtum einungis vegna þess að fjáreignin ber mikla útlánaáhættu við upphafsfærslu.

Viðskiptakostnaður

B5.4.8 Í viðskiptakostnaði felast þóknun og umboðslaun til umboðsmanna (þ.m.t. starfsfólks sem starfar sem söluaðilar), ráðgjafa, verðbréfamiðlara og -sala, álögur eftirlitsstofnana og verðbréfamarkaða og skattar og gjöld vegna eigendaskipta. Viðskiptakostnaður tekur ekki til yfirverðs eða undirverðs á skuldagerningum, fjármögnunarkostnaðar eða innri stjórnunar- eða umsýslukostnaðar.

Afskriftir

B5.4.9 Afskriftir geta tekið til fjáreignar í heild eða að hluta. Eining hefur t.d. áform um að ganga að veði í fjáreign og gerir ráð fyrir því að endurheimta mest 30% af fjáreigninni með veðinu. Ef ekki eru raunhæfar horfur á að einingin endurheimti frekara sjóðstreymi frá fjáreigninni ætti hún að afskrifa þau 70% fjáreignarinnar sem eftir standa.

Virðisrýrnun (þáttur 5.5)

Sameiginlegur og stakur matsgrunnur

B5.5.1 Til þess að uppfylla markmiðið um færslu vænts útlánataps á líftíma fyrir verulega aukna útlánaáhættu frá upphafsfærslu kann að vera nauðsynlegt að gera mat á verulega aukinni útlánaáhættu á sameiginlegum grunni með því að taka til skoðunar upplýsingar sem gefa til kynna verulega aukna útlánaáhættu fyrir t.d. flokk eða undirflokk fjármálagerninga. Þetta er til þess að tryggja að eining uppfylli markmið um færslu vænts útlánataps á líftíma þegar fyrir liggur verulega aukin útlánaáhætta jafnvel þótt ekki liggi enn fyrir gögn um slíka verulega aukna útlánaáhættu fyrir staka gerninga.

B5.5.2 Venjulega er gert ráð fyrir færslu vænts útlánataps á líftíma áður en fjármálagerningur fellur í gjalddaga. Yfirleitt eykst útlánaáhætta verulega áður en fjármálagerningur fellur í gjalddaga eða fram koma aðrir þættir um að tiltekinn lántaki uppfylli ekki væntingar (t.d. breyting eða endurskipulagning). Af þeim sökum verður að nota raunhæfar og rökstuddar upplýsingar, sem líta fremur fram á við en gjaldfallna gjalddaga og liggja fyrir án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar, við að meta breytingar á útlánaáhættu.

B5.5.3 Þó kann að vera að eining geti ekki greint verulegar breytingar á útlánaáhættu að því er varðar staka fjármálagerninga fyrr en fjármálagerningurinn fellur í gjalddaga en slíkt veltur á eðli fjármálagerninganna og upplýsingum um útlánaáhættu fyrir tiltekna flokka fjármálagerninga. Þetta kann að eiga við að því er varðar fjármálagerning á borð við smásölulán þar sem fyrir liggja litlar eða engar óuppfærðar upplýsingar um útlánaáhættu sem eru allajafna fengnar og undir eftirliti fyrir staka gerninga þar til viðskiptavinurinn brýtur í bága við samningsskilmála. Ef breytingar á útlánaáhættu stakra fjármálagerninga verða ekki ljósar fyrr en þeir eru fallnir í gjalddaga myndi niðurfærsla sem byggist eingöngu á upplýsingum um fjárhagsstöðu vegna stakra fjármálagerninga ekki sýna með réttu lagi breytingar á útlánaáhættu frá upphafsfærslu.

B5.5.4 Við sumar aðstæður hefur eining ekki fyrirliggjandi raunhæfar og rökstuddar upplýsingar án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar til að meta vænt útlánatap á líftíma staks gernings. Í því tilviki skal færa vænt útlánatap á líftíma á sameiginlegum grunni sem lítur til heildstæðra upplýsinga um útlánaáhættu. Í þessum heildstæðu upplýsingum um útlánaáhættu verða ekki aðeins að koma fram upplýsingar um gjalddaga heldur einnig allar viðeigandi upplýsingar um fjárhagsstöðu, þ.m.t. þjóðhagslegar upplýsingar sem líta til langs tíma, til þess að áætla afleiðingar af því að færa vænt útlánatap á líftíma þegar útlánaáhætta hefur aukist verulega frá upphafsfærslu staks gernings.

B5.5.5 Til þess að ákvarða verulega aukna útlánaáhættu og færa niðurfærslu á sameiginlegum grunni getur eining flokkað fjármálagerninga á grundvelli sameiginlegra einkenna útlánaáhættu með það að markmiði að auðvelda greiningu sem gerir það kleift að greina verulega aukna útlánaáhættu tímanlega. Einingin ætti ekki að draga úr gagnsæi þessara upplýsinga með því að flokka saman fjármálagerninga sem bera ólík áhættueinkenni. Dæmi um sameiginleg útlánaáhættueinkenni gætu verið, en takmarkast þó ekki við:

a) tegund gernings,

b) útlánaáhættumat,

c) tegund veðtryggingar,

d) upphaflegur færsludagur,

e) hve langur tími er til gjalddaga,

f) atvinnugrein,

g) landfræðileg staðsetning lántaka og

h) virði veðtryggingar miðað við fjáreignina ef það hefur áhrif á líkur á vanefndum (t.d. lán án endurkröfuréttar í sumum lögsagnarumdæmum eða veðsetningarhlutföll).

B5.5.6 Í lið 5.5.4 er sett fram krafa um að vænt útlánatap á líftíma sé fært fyrir alla fjármálagerninga þegar veruleg aukning hefur orðið á útlánaáhættu þeirra frá upphafsfærslu. Til þess að ná þessu markmiði skal eining, ef hún getur ekki flokkað saman fjármálagerninga þegar útlánaáhætta þeirra er talin hafa aukist verulega frá upphafsfærslu, byggt á sameiginlegum útlánaáhættueinkennum, færa vænt útlánatap á líftíma á þeim hluta fjáreigna þar sem útlánaáhætta er talin hafa aukist verulega. Samsöfnun fjármálagerninga til að meta hvort fyrir liggi útlánaáhætta á sameiginlegum grunni kann að breytast með tímanum eftir því sem nýjar upplýsingar koma fram um staka fjármálagerninga eða flokka fjármálagerninga.

Hvenær færa skal vænt útlánatap á líftíma

B5.5.7 Mat á því hvort færa skuli vænt útlánatap á líftíma á grundvelli þess að verulega auknar líkur eða hætta er á vanskilum frá upphafsfærslu (óháð því hvort fjármálagerningur hefur verið endurákvarðaður til að endurspegla aukna útlánaáhættu) í stað gagna um að fjáreign sé virðisrýrð á reikningsskiladegi eða að raunveruleg vanskil verði. Almennt verður verulega aukin útlánaáhætta áður en fjáreign er virðisrýrð eða raunveruleg vanskil verða.

B5.5.8 Að því er lánsskuldbindingar varðar lítur eining til breytingar á vanskilaáhættu á láninu sem lánsskuldbinding tengist. Að því er samninga með fjárhagslegri tryggingu varðar lítur eining til breytingar á vanskilaáhættu tiltekins skuldara á láninu.

B5.5.9 Hvort breyting á útlánaáhættu frá upphafsfærslu er veruleg veltur á þeim vanskilum sem hafa átt sér stað við upphafsfærslu. Þannig verður tiltekin breyting, hrein breyting, á vanskilaáhættu umfangsmeiri á fjármálagerningi með litla vanskilaáhættu í upphafi borið saman við fjármálagerning með meiri vanskilaáhættu í upphafi.

B5.5.10 Vanskilaáhætta á fjármálagerningum sem bera sambærilega útlánaáhættu verður meiri því lengri sem væntur líftími gerningsins er; þannig er vanskilaáhætta af skuldabréfi í AAA-flokki með 10 ára væntan líftíma til dæmis meiri en vanskilaáhætta af skuldabréfi í AAA-flokki með fimm ára væntan líftíma.

B5.5.11 Vegna tengsla milli vænts líftíma og vanskilaáhættu er ekki hægt að meta breytingu á útlánaáhættu einfaldlega með því að bera saman breytingu á hreinni vanskilaáhættu yfir lengri tíma. Ef vanskilaáhætta af fjármálagerningi með 10 ára væntan líftíma við upphafsfærslu er til dæmis jöfn vanskilaáhættu af þeim fjármálagerningi þegar væntur líftími hans á síðara tímabili er einungis fimm ár kann þetta að gefa til kynna aukna útlánaáhættu. Ástæðan er sú að vanskilaáhætta á væntum líftíma minnkar venjulega með tímanum ef útlánaáhættan helst óbreytt og fjármálagerningurinn færist nær gjalddaga. Að því er varðar fjármálagerninga, sem hafa aðeins verulega greiðsluskyldu nærri gjalddaga fjármálagerningsins, dregur þó ekki endilega úr vanskilaáhættu með tímanum. Í því tilviki skal eining einnig líta til annarra eigindlegra þátta sem myndu sýna fram á hvort útlánaáhætta hafi aukist verulega frá upphafsfærslu.

B5.5.12 Eining getur beitt ýmsum aðferðum við að meta hvort útlánaáhætta af fjármálagerningi hafi aukist verulega frá upphafsfærslu eða við mat á væntu útlánatapi. Eining getur beitt ólíkum aðferðum við ólíka fjármálagerninga. Aðferð, sem felur ekki í sér eindregnar líkur á vanefndum sem ílag, s.s. aðferð útlánataphlutfalls, getur verið í samræmi við kröfur þessa staðals að því tilskildu að eining geti aðgreint breytingar á vanskilaáhættu frá breytingum á öðrum orsakaþáttum vænts útlánataps, s.s. tryggingu, og líti til eftirfarandi við það mat:

a) breytingar á vanskilaáhættu frá upphafsfærslu,

b) vænts líftíma fjármálagerningsins og

c) raunhæfra og rökstuddra upplýsinga sem fyrir liggja án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar sem kunna að hafa áhrif á útlánaáhættu.

B5.5.13 Þær aðferðir, sem eru notaðar til að ákvarða hvort útlánaáhætta af fjármálagerningi hafi aukist verulega frá upphafsfærslu, skulu líta til einkenna fjármálagerningsins (eða flokks fjármálagerninga) og eldra vanskilamynsturs fyrir sambærilega fjármálagerninga. Þrátt fyrir kröfu liðar 5.5.9 að því er varðar fjármálagerninga þar sem vanskilamynstur er ekki aðeins á tilteknum tímapunkti á væntum líftíma fjármálagerningsins geta breytingar á vanskilaáhættu á næstu 12 mánuðum verið raunhæf nálgun breytinga á vanskilaáhættu á líftíma. Í þeim tilvikum getur eining notað breytingar á vanskilaáhættu á næstu 12 mánuðum til að ákvarða hvort útlánaáhætta hafi aukist verulega frá upphafsfærslu nema aðstæður gefi til kynna að nauðsynlegt sé að meta líftíma.

B5.5.14 Að því er varðar suma fjármálagerninga eða við sumar aðstæður kann þó að vera að ekki sé viðeigandi að nota breytingar á vanskilaáhættu á næstu 12 mánuðum til að ákvarða hvort færa eigi vænt útlánatap á líftíma. Breyting á vanskilaáhættu á næstu 12 mánuðum kann t.d. ekki að vera viðeigandi til að ákvarða hvort útlánaáhætta hafi aukist á fjármálagerningi með lengri binditíma en 12 mánuði þegar:

a) fjármálagerningurinn hefur aðeins verulega greiðsluskyldu eftir næstu 12 mánuði,

b) breytingar verða á viðeigandi þjóðhagslegum þáttum eða öðrum lánstengdum þáttum sem endurspeglast ekki nægilega í vanskilaáhættu næstu 12 mánaða eða

c) breytingar á lánstengdum þáttum hafa aðeins áhrif á útlánaáhættu fjármálagerningsins (eða hafa ríkari áhrif) eftir 12 mánuði.

Ákvörðun um hvort útlánaáhætta hafi aukist verulega frá upphafsfærslu

B5.5.15 Þegar tekin er ákvörðun um það hvort krafist sé færslu vænts útlánataps á líftíma skal eining líta til raunhæfra og rökstuddra upplýsinga sem fyrir liggja án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar og kunna að hafa áhrif á útlánaáhættu af fjármálagerningi í samræmi við c-lið í lið 5.5.17. Þess er ekki krafist að eining leggi í tæmandi leit að upplýsingum til að ákvarða hvort útlánaáhætta hafi aukist verulega frá upphafsfærslu.

B5.5.16 Greining á útlánaáhættu er fjölþætt og heildræn greining; hvort tiltekinn þáttur skiptir máli og hvernig hann er veginn borið saman við aðra þætti veltur á tegund vöru, einkennum fjármálagerninganna og lántaka, sem og landsvæði. Eining skal líta til raunhæfra og rökstuddra upplýsinga sem fyrir liggja án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar og sem skipta máli fyrir þann tiltekna fjármálagerning sem verið er að meta. Suma þætti eða vísa kann þó að vera ómögulegt að greina fyrir staka fjármálagerninga. Í því tilviki skal meta þættina eða vísana fyrir viðeigandi eignasöfn, flokka eignasafna eða hluta af eignasöfnum fjármálagerninga til að ákvarða hvort krafan í lið 5.5.3 vegna færslu vænts útlánataps á líftíma hafi verið uppfyllt.

B5.5.17 Hér á eftir fer skrá, sem er ekki tæmandi, yfir upplýsingar sem kunna að skipta máli við mat á breytingum á útlánaáhættu:

a) verulegar breytingar á innri verðvísum útlánaáhættu sem afleiðing af breytingu á útlánaáhættu frá upphafi, þ.m.t., en takmarkast þó ekki við, skuldatryggingarálag sem myndi leiða af því ef tiltekinn fjármálagerningur eða svipaður fjármálagerningur með sömu skilmálum og sama mótaðila hefur verið útgefinn nýlega eða gefinn út á reikningsskiladegi,

b) aðrar breytingar á vöxtum eða skilmálum fyrirliggjandi fjármálagernings sem væru verulega frábrugðnar ef gerningurinn hefur verið útgefinn nýlega eða gefinn út á reikningsskiladegi (s.s. strangari ákvæði, hækkun veð- eða tryggingafjárhæða eða hærri tekjutrygging) vegna breytinga á útlánaáhættu fjármálagerningsins frá upphafsfærslu,

c) verulegar breytingar á ytri markaðsvísum útlánaáhættu vegna tiltekins fjármálagernings eða svipaðra fjármálagerninga með sama vænta líftíma. Breytingar á markaðsvísum útlánaáhættu eru m.a., en takmarkast þó ekki við:

(i) skuldatryggingarálag,

(ii) verð skuldatrygginga fyrir lántaka,

(iii) í hve langan tíma og að hvaða marki gangvirði fjáreignar hefur verið lægra en afskrifað kostnaðarverð og

(iv) aðrar markaðsupplýsingar sem varða lántakann, s.s. breytingar á verði skulda- og eiginfjárgerninga lántakans,

d) raunveruleg eða vænt veruleg breyting á ytra lánshæfismati fjármálagerningsins,

e) raunveruleg eða vænt innri lækkun á lánshæfismati fyrir lántakann eða lækkun í atferliseinkunn (e. *behavioural scoring*) sem er notuð til innra mats á útlánaáhættu. Innra lánshæfismat og innri atferliseinkunn eru áreiðanlegri mælikvarðar þegar þeir eru tengdir ytra mati eða studdir rannsóknum á vanskilum,

f) fyrirliggjandi eða áætlaðar óhagstæðar breytingar á rekstrar-, fjárhags- eða efnahagslegum skilyrðum sem gert er ráð fyrir að valdi verulegri breytingu á getu lántaka til að uppfylla skuldbindingar sínar, s.s. raunveruleg eða vænt hækkun vaxta eða raunveruleg eða vænt veruleg aukning atvinnuleysis,

g) raunveruleg eða vænt veruleg breyting á rekstrarárangri lántaka. Dæmi um þetta eru m.a. raunverulegur eða væntur samdráttur í tekjum eða framlegð, aukin rekstraráhætta, skortur á rekstrarfé, minnkandi gæði eignar, aukin skuldsetning í efnahagsreikningi, lausafjárstaða, stjórnunarvandi eða breytingar á starfs- eða rekstrarformi (s.s. ef rekstri viðskiptaeiningar er hætt) sem leiðir til verulegrar breytingar á getu lántaka til að uppfylla skuldbindingar sínar,

h) verulega aukin útlánaáhætta af öðrum fjármálagerningum sama lántaka,

i) raunveruleg eða vænt verulega óhagstæð breyting á eftirlits-, efnahags- eða tækniumhverfi lántaka sem leiðir til verulegrar breytingar á getu lántaka til að uppfylla fjárskuldbindingar sínar, s.s. samdráttur í eftirspurn eftir söluvöru lántaka vegna breytinga í tækni,

j) verulegar breytingar á virði veðs sem er að baki skuldbindingunni eða á gæðum ábyrgða þriðja aðila eða endurbættu lánshæfi sem gert er ráð fyrir að dragi úr efnahagshvata lántakans til að greiða samningsbundnar greiðslur á umsömdum tíma eða hafi á annan hátt áhrif á líkur á vanefndum. Ef virði veðs rýrnar vegna lækkandi húsnæðisverðs hafa lántakar í sumum lögsagnarumdæmum meiri tilhneigingu til að lenda í vanskilum með húsnæðislán sín,

k) veruleg breyting á gæðum ábyrgðar sem hluthafi lætur í té (eða foreldrar einstaklings) ef hluthafi (eða foreldrar) hafa hvata eða fjárhagslega burði til að koma í veg fyrir vanskil með innborgun fjármagns eða handbærs fjár,

l) verulegar breytingar, s.s. samdráttur í fjárstuðningi frá móðurfélagi eða tengdum aðila, eða raunveruleg eða vænt breyting á gæðum endurbætts lánshæfis sem gert er ráð fyrir að dragi úr efnahagshvata lántaka til að standa við samningsbundnar greiðslur. Í tengslum við endurbætt útlánagæði eða stuðning skal taka tillit til fjárhagslegrar stöðu ábyrgðaraðila og/eða, að því er varðar vexti sem eru gefnir út við verðbréfun, hvort búist er við því að víkjandi vextir geti mætt væntu útlánatapi (t.d. af lánum sem liggja að baki verðbréfuninni),

m) væntar breytingar á lánsgögnum, þ.m.t. vænt samningsbrot sem kann að leiða til afturköllunar eða breytingar á ákvæðum, hléa á vaxtagreiðslum, stighækkandi vaxta, kröfu um viðbótarveð eða -ábyrgðir eða annarra breytinga á samningsramma gerningsins,

n) verulegar breytingar á væntum árangri og atferli lántaka, þ.m.t. breytingar á greiðslustöðu lántaka í flokknum (t.d. aukinn, væntur fjöldi eða aukið umfang seinkaðra samningsgreiðslna eða veruleg hækkun á væntum fjölda greiðslukortalántaka sem gert er ráð fyrir að fari nærri eða yfir úttektarheimild sína eða greiði mánaðarlega lágmarksfjárhæð),

o) breytingar á aðferð einingarinnar við útlánastjórnun í tengslum við fjármálagerninginn; þ.e. byggt á nýjum vísum um breytingar á útlánaáhættu fjármálagerningsins, er gert ráð fyrir virkari útlánaáhættustjórnun einingarinnar eða að í henni verði lögð áhersla á stjórnun gerningsins, m.a. að fylgst verði betur með gerningnum og honum betur stjórnað eða að einingin grípi sérstaklega inn í hjá lántakanum,

p) upplýsingar um gjalddaga, m.a. þá hrekjanleg forsendu sem sett er fram í lið 5.5.11.

B5.5.18 Í sumum tilvikum kunna efnislegar og tölulegar, þó ekki tölfræðilegar, upplýsingar að nægja til að ákveða hvort fjármálagerningur hafi uppfyllt skilyrði vegna færslu niðurfærslu við fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma. Nánar tiltekið þá þurfa upplýsingarnar ekki að fara í gegnum tölfræðilegt líkan eða lánshæfismatsferli til þess að unnt sé að ákveða hvort veruleg aukning hafi orðið í útlánaáhættu fjármálagerningsins. Í öðrum tilvikum getur eining þurft að líta til annarra upplýsinga, m.a. upplýsinga úr tölfræðilegum líkönum eða lánshæfismatsferlum sínum. Að öðrum kosti getur einingin byggt matið á báðum tegundum upplýsinga, þ.e. efnislegum atriðum sem koma ekki fram í lánshæfismatsferlinu og sérstökum innri matsflokki á reikningsskiladegi, þar sem tekið er tillit til útlánaáhættueinkenna við upphafsfærslu ef báðar tegundir upplýsinga skipta máli.

Hrekjanleg forsenda er varðar greiðslur sem eru komnar meira en 30 daga fram yfir gjalddaga

B5.5.19 Hrekjanlega forsendan í lið 5.5.11 er ekki algild vísbending um að færa eigi vænt útlánatap á líftíma en litið er á hana sem síðasta tímapunkt til færslu vænts útlánataps á líftíma jafnvel þótt notaðar séu upplýsingar sem líta til langs tíma (m.a. þjóðhagslegra atriða á eignasafnsstigi).

B5.5.20 Eining getur hrakið þessa forsendu. Hún getur þó einungis gert það þegar fyrir liggja raunhæfar og rökstuddar upplýsingar sem sýna að jafnvel þótt samningsbundnar greiðslur fari 30 daga yfir gjalddaga þýði það ekki verulega aukna útlánaáhættu af fjármálagerningi. Til dæmis þegar greiðslufall var stjórnsýsluleg yfirsjón í stað þess að leiða af fjárhagserfiðleikum lántakans eða einingin hefur aðgang að sögulegum gögnum sem sýna að það er engin fylgni milli verulega aukinnar vanskilaáhættu og fjáreigna þar sem greiðslur eru komnar 30 daga fram yfir gjalddaga en sú vísbending greinir ekki slíka fylgni þegar greiðslur eru komnar meira en 60 daga fram yfir gjalddaga.

B5.5.21 Eining getur ekki lagað tímasetningar í tengslum við verulega aukna útlánaáhættu og færslu væntrar útlánaáhættu á líftíma að því þegar litið er á fjáreign sem virðisrýrða eða innri skilgreiningu einingar á vanskilum.

Fjármálagerningar með litla útlánaáhættu á reikningsskiladegi

B5.5.22 Útlánaáhætta af fjármálagerningi er talin lítil með tilliti til liðar 5.5.10 ef lítil hætta er á að fjármálagerningurinn fari í vanskil, lántaki hefur mikla getu til að uppfylla skuldbindingar sínar um samningsbundið sjóðstreymi í náinni framtíð og óhagstæðar breytingar á efnahagslegum og rekstrarlegum skilyrðum til langs tíma gætu dregið úr getu lántakans til að uppfylla skuldbindingar sínar um samningsbundið sjóðstreymi en þurfa þó ekki endilega að gera það. Fjármálagerningar eru ekki taldir bera litla útlánaáhættu ef litið er svo á að þeir beri litla hættu á tapi einungis vegna þess að ekki yrði litið á virði veðs og fjármálagernings án þess veðs sem litla útlánaáhættu. Ekki er heldur litið svo á að fjármálagerningar beri litla útlánaáhættu einungis vegna þess að þeim fylgi minni vanskilaáhætta en af öðrum fjármálagerningum einingarinnar eða borið saman við útlánaáhættu í lögsagnarumdæminu sem einingin starfar í.

B5.5.23 Til að ákvarða hvort fjármálagerningur beri litla útlánaáhættu getur eining notað innra útlánaáhættumat sitt eða aðra aðferð sem er í samræmi við skilgreiningu á lítilli útlánaáhættu, sem almennur skilningur ríkir um og lítur til áhættu og þeirrar tegundar fjármálagerninga sem verið er að meta. Ytra mat á „fjárfestingarflokki“ er dæmi um fjármálagerning sem líta má svo á að bera litla útlánaáhættu. Þess er þó ekki krafist að fjármálagerningar sæti ytra mati til þess að þeir teljist bera litla útlánaáhættu. Þó skal líta svo á að þeir beri litla útlánaáhættu frá sjónarhóli markaðsaðila, að teknu tilliti til allra skilmála og skilyrða fjármálagerningsins.

B5.5.24 Vænt útlánatap á líftíma er ekki fært fyrir fjármálagerning einungis vegna þess að litið var svo á að hann beri litla útlánaáhættu á fyrra reikningsskilatímabili og er ekki talinn bera litla útlánaáhættu á reikningsskiladegi. Í því tilviki skal eining ákveða hvort útlánaáhætta hafi aukist verulega frá upphafsfærslu og þar með hvort færa þurfi vænt útlánatap á líftíma í samræmi við lið 5.5.3.

Breytingar

B5.5.25 Við vissar aðstæður getur það að semja að nýju um eða breyta samningsbundnu sjóðstreymi af fjáreign leitt til afskráningar fyrirliggjandi fjáreignar í samræmi við þennan staðal. Þegar breyting á fjáreign leiðir til afskráningar fyrirliggjandi fjáreignar og síðari færslu breyttu fjáreignarinnar er litið á breyttu eignina sem „nýja“ fjáreign að því er þennan staðal varðar.

B5.5.26 Til samræmis við það skal fara með breytingardaginn sem upphaflegan færsludag fjáreignarinnar þegar beitt er virðisrýrnunarkröfum gagnvart breyttu fjáreigninni. Almennt merkir þetta að leggja verður mat á niðurfærslu við fjárhæð sem er jöfn væntu útlánatapi á 12 mánaða tímabili þar til kröfur varðandi færslu vænts útlánataps á líftíma í lið 5.5.3 hafa verið uppfylltar. Við vissar óvenjulegar aðstæður í kjölfar breytingar, sem leiðir til afskráningar upprunalegu fjáreignarinnar, geta verið vísbendingar um að breytta fjáreignin sé virðisrýrð við upphafsfærslu og því skal færa fjáreignina sem útgefna virðisrýrða fjáreign. Þetta kann til dæmis að gerast við aðstæður þar sem gerðar voru verulegar breytingar á eign í fjárhagserfiðleikum sem leiðir til afskráningar upprunalegu fjáreignarinnar. Í því tilviki getur breytingin mögulega leitt til nýrrar fjáreignar sem er virðisrýrð við upphafsfærslu.

B5.5.27 Ef samið hefur verið að nýju um samningsbundið sjóðstreymi fjáreignar eða því breytt á annan hátt, en fjáreignin er ekki afskráð, er ekki sjálfkrafa litið svo á að fjáreignin beri litla útlánaáhættu. Eining skal meta hvort útlánaáhætta hafi aukist verulega frá upphafsfærslu á grundvelli allra raunhæfra og rökstuddra upplýsinga sem fyrir liggja án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar. Þetta tekur til sögulegra upplýsinga og upplýsinga sem líta til langs tíma og mats á útlánaáhættu á væntum líftíma fjáreignarinnar sem tekur til upplýsinga um þær aðstæður sem leiddu til breytingarinnar. Vísbending um að skilyrðin fyrir færslu vænts útlánataps á líftíma séu ekki lengur uppfyllt getur tekið til sögu um uppfærðar og tímanlegar greiðslur í tengslum við breytta samningsskilmála. Alla jafna myndi viðskiptavinur þurfa að sýna fram á að hann eigi góða samfellda greiðslusögu yfir tiltekinn tíma áður en hægt er að líta svo á að dregið hafi úr útlánaáhættu. Til dæmis myndi saga um greiðslufall eða ófullnægjandi greiðslur venjulega ekki þurrkast út einfaldlega með því að greiða eina greiðslu á réttum tíma í kjölfar breytingar á samningsskilmálum.

Mat á væntu útlánatapi

Vænt útlánatap

B5.5.28 Vænt útlánatap er líkindavegið mat á útlánatapi (þ.e. núvirði alls óinnheimts reiðufjár) á væntum líftíma fjármálagerningsins. Óinnheimt reiðufé er mismunur milli sjóðstreymis sem einingu ber í samræmi við samninginn og sjóðstreymis sem eining væntir. Þar eð vænt útlánatap lítur til fjárhæðar og tímasetningar greiðslna verður útlánatap jafnvel þótt einingin vænti þess að fá fulla greiðslu en síðar en kveðið er á um í samningi.

B5.5.29 Útlánatap af fjáreignum er núvirði mismunarins milli:

a) samningsbundins sjóðstreymis sem greiða ber einingu samkvæmt samningi og

b) sjóðstreymis sem einingin væntir.

B5.5.30 Útlánatap af óádregnum lánsskuldbindingum er núvirði mismunarins milli:

a) samningsbundins sjóðstreymis sem greiða ber einingunni ef handhafi lánsskuldbindingarinnar nýtir lánið og

b) sjóðstreymis sem einingin væntir ef lánið er nýtt.

B5.5.31 Mat einingar á væntu útlánatapi af lánsskuldbindingum skal vera í samræmi við væntingar hennar um nýtingu lánsskuldbindinga, þ.e. hún skal líta til þess hluta lánsskuldbindingarinnar sem hún telur að verði nýtt innan 12 mánaða frá reikningsskiladegi þegar hún metur vænt útlánatap á 12 mánaða tímabili og þess hluta lánsskuldbindingar sem verður nýttur á væntum líftíma lánsskuldbindingarinnar við mat á væntu útlánatapi á líftíma.

B5.5.32 Að því er varðar samning með fjárhagslegri tryggingu er þess krafist að einingin inni af hendi greiðslur því aðeins að skuldari lendi í vanskilum í samræmi við skilmála gerningsins sem er tryggður. Til samræmis við það er óinnheimt reiðufé væntar greiðslur til að endurgreiða handhafanum útlánatap sem einingin veldur, að frádregnum fjárhæðum sem hún væntir frá handhafa, skuldara eða öðrum aðila. Ef eign er tryggð að fullu væri áætlað óinnheimt reiðufé vegna samnings með fjárhagslegri tryggingu í samræmi við áætlað óinnheimt reiðufé fyrir þá eign sem fellur undir trygginguna.

B5.5.33 Að því er varðar fjáreign, sem er virðisrýrð á reikningsskiladegi en er ekki keypt eða útgefin virðisrýrð fjáreign, skal eining meta vænt útlánatap sem mismuninn milli vergs bókfærðs verðs eignarinnar og núvirðis áætlaðs framtíðarsjóðstreymis sem er afskráð á upphaflegum virkum vöxtum fjáreignarinnar. Leiðrétting er færð sem virðisrýrður hagnaðar eða tap í rekstrarreikningi.

B5.5.34 Við mat á niðurfærslu fyrir útistandandi leigu skal sjóðstreymi, sem er notað til að ákvarða vænt útlánatap, vera í samræmi við sjóðstreymið sem er notað til að meta útistandandi leigu í samræmi við IFRS-staðal 16, leigusamningar.

B5.5.35 Eining getur notað einfaldari leiðir við mat á væntu útlánatapi ef þær eru í samræmi við meginreglur liðar 5.5.17. Dæmi um einfalda leið er að nota leiðréttingartöflu til að reikna út vænt útlánatap af viðskiptakröfum. Einingin skal nota reynslu sína af útlánatapi (leiðrétt eftir því sem við á í samræmi við liði B5.5.51–B5.5.52) að því er varðar viðskiptakröfur til að meta vænt útlánatap yfir 12 mánaða tímabil eða vænt útlánatap af fjáreignunum á líftíma, eftir því sem við á. Í töflunni er m.a. hægt að tilgreina fast hlutfall í varasjóð sem veltur á fjölda daga sem viðskiptakrafa er komin fram yfir gjalddaga (t.d. 1 prósent ef hún er ekki gjaldfallin, 2 prósent ef liðnir eru innan við 30 dagar frá gjalddaga, 3 prósent ef liðnir eru yfir 30 en færri en 90 dagar frá gjalddaga, 20 prósent ef liðnir eru 90–180 dagar frá gjalddaga o.s.frv.). Með hliðsjón af viðskiptamannagrunni sínum myndi einingin nota viðeigandi flokkun ef reynsla hennar af útlánatapi sýnir verulega frábrugðin tapmynstur fyrir ólíka hópa viðskiptavina. Dæmi um viðmiðanir sem hægt væri að nota til að flokka eignir eftir eru landsvæði, vörutegund, mat á viðskiptavinum, veðtryggingar eða tryggingar vegna greiðslufrests og tegund viðskiptavinar (s.s. heildsali eða smásali).

Skilgreining á vanskilum

B5.5.36 Þess er krafist í lið 5.5.9 að við ákvörðun á því hvort útlánaáhætta af fjármálagerningi hafi aukist verulega skuli eining líta til breytingar á vanskilaáhættu frá upphafsfærslu.

B5.5.37 Við skilgreiningu á vanskilum að því er varðar ákvörðun útlánaáhættu skal eining beita skilgreiningu á vanskilum sem er í samræmi við þá skilgreiningu sem er notuð við innri stýringu útlánaáhættu af viðkomandi fjármálagerningi og líta til að eigindlegra vísa (t.d. fjárhagslegra samningsskilmála), eftir því sem við á. Þó er fyrir hendi hrekjanleg forsenda um að vanskil verði ekki fyrr en fjáreign er komin 90 daga fram yfir gjalddaga nema eining búi yfir raunhæfum og rökstuddum upplýsingum sem sýna fram á að réttlæta megi lengra viðmið varðandi vanskil. Beita skal skilgreiningu á vanskilum, sem er notuð í þessum tilgangi, með samkvæmum hætti gagnvart öllum fjármálagerningum nema upplýsingar liggi fyrir sem sýna fram á að önnur skilgreining á vanskilum eigi betur við að því er tiltekinn fjármálagerning varðar.

Matstímabil vænts útlánataps

B5.5.38 Í samræmi við lið 5.5.19 skal hámarksmatstímabil vænts útlánataps vera það hámarkssamningstímabil sem einingin er óvarin fyrir útlánaáhættu. Að því er lánsskuldbindingar og samninga með fjárhagslegri tryggingu varðar er þetta það hámarkssamningstímabil þegar eining er skuldbundin samkvæmt samningi að veita lán.

B5.5.39 Í samræmi við lið 5.5.20 felst þó í sumum fjármálagerningum bæði lánsþáttur og óádreginn skuldbindingarþáttur og geta einingarinnar samkvæmt samningi til að krefjast endurgreiðslu og fella úr gildi lánsskuldbindingu takmarkar ekki hættu hennar á útlánatapi við samningsbundinn uppsagnarfrest. Lánveitandi getur til dæmis dregið til baka hlaupandi lánafyrirgreiðslur á borð við kreditkort og yfirdrátt með jafnvel aðeins eins dags fyrirvara. Í reynd halda lánveitendur þó áfram að veita lán til lengri tíma og geta aðeins dregið lánið til baka ef útlánaáhætta af lántakanum eykst en þá kann að vera of seint að koma í veg fyrir vænt útlánatap í heild eða að hluta. Almennt bera þessir fjármálagerningar eftirfarandi einkenni í samræmi við eðli fjármálagerninga, það á hvern hátt þeim er stjórnað og eðli fyrirliggjandi upplýsinga um verulega aukna útlánaáhættu:

a) fjármálagerningarnir hafa ekki fastan gildistíma eða endurgreiðsluáætlun og hafa venjulega stuttan samnings bundinn uppsagnarfrest (t.d. einn dag),

b) samningsbundnum möguleika á að segja upp samningi er ekki framfylgt við venjulega daglega stjórnun fjármálagerningsins og aðeins er hægt að segja samningnum upp þegar einingu verður ljós aukin útlánaáhætta af gerningnum og

c) fjármálagerningunum er stjórnað á sameiginlegum grunni.

B5.5.40 Við ákvörðun þess tímabils þegar gert er ráð fyrir því að einingin sé óvarin fyrir útlánaáhættu en venjuleg útlánaáhættustjórnun einingarinnar myndi ekki draga úr væntu útlánatapi skal eining líta til þátta á borð við sögulegar upplýsingar og reynslu varðandi:

a) tímabilið þegar einingin var óvarin fyrir útlánaáhættu af svipuðum fjármálagerningum,

b) hve langur tími leið fram að vanskilum svipaðra fjármálagerninga í kjölfar verulega aukinnar útlánaáhættu og

c) aðgerðir til að stjórna útlánaáhættu sem eining gerir ráð fyrir að grípa til þegar útlánaáhætta af fjármálgerningnum eykst, s.s. með því að lækka eða loka á óádregnar heimildir.

Líkindavegin niðurstaða

B5.5.41 Tilgangurinn með því að meta vænt útlánatap er hvorki að leggja mat á verstu né bestu hugsanlegu sviðsmynd. Þess í stað skal mat á væntu útlánatapi ætíð endurspegla möguleikann á því að útlánatap verði og möguleikann á því að ekkert útlánatap verði, jafnvel þótt líklegasta niðurstaðan sé ekkert útlánatap.

B5.5.42 Í a-lið í lið 5.5.17 er sett fram sú krafa að lagt sé mat á vænt útlánatap til að endurspegla óhlutdræga og líkindavegna fjárhæð sem er ákvörðuð með því að meta ýmsar mögulegar niðurstöður. Í reynd er þetta ekki endilega flókin greining. Í sumum tilvikum kann tiltölulega einföld líkanagerð að duga, án þess að þörf sé á margs konar ítarlegri hermun sviðsmynda. Til dæmis getur meðaltal útlánataps af stórum flokkum fjármálagerninga, sem bera sameiginleg áhættueinkenni, verið raunhæft mat á líkindaveginni fjárhæð. Í öðrum tilvikum er sennilega þörf á greiningu sviðsmynda þar sem tilgreind er fjárhæð og tímasetning sjóðstreymis fyrir tilteknar niðurstöður og metnar líkur á slíkum niðurstöðum. Í þeim tilvikum skal vænt útlánatap endurspegla a.m.k. tvenns konar niðurstöður í samræmi við lið 5.5.18.

B5.5.43 Að því er vænt útlánatap á líftíma varðar skal eining meta vanskilaáhættu af fjármálagerningnum á væntum líftíma hans. Vænt útlánatap yfir 12 mánaða tímabili er hluti af væntu útlánatapi á líftíma og sýnir óinnheimt reiðufé á líftíma sem leiðir til vanskila á 12 mánaða tímabili eftir reikningsskiladaginn (eða styttra tímabil ef væntur líftími fjármálagernings er styttri en 12 mánuðir), vegið með líkum á vanskilum. Þannig er vænt útlánatap á 12 mánaða tímabili hvorki vænt útlánatap á líftíma, sem eining verður fyrir vegna fjármálagerninga sem hún telur að vanskil verði á næstu 12 mánuðum, né heldur óinnheimts reiðufjár sem vænst er á næstu 12 mánuðum.

Tímavirði peninga

B5.5.44 Afvaxta skal vænt útlánatap að reikningsskiladegi, ekki að væntum vanskilum eða annarri dagsetningu, með því að nota virka vexti við upphafsfærslu eða námundun við það. Ef fjármálagerningur ber breytilega vexti skal afvaxta vænt útlánatap með því að nota ríkjandi, virka vexti sem eru ákveðnir í samræmi við lið B5.4.5.

B5.5.45 Að því er keyptar eða útgefnar virðisrýrðar fjáreignir varðar skal afvaxta vænt útlánatap með því að nota lánaleiðrétta virka vexti sem eru ákveðnir við upphafsfærslu.

B5.5.46 Afvaxta skal vænt útlánatap af útistandandi leigu með því að nota sama afvöxtunarstuðul og notaður er við mat á útistandandi leigu í samræmi við IFRS-staðal 16.

B5.5.47 Afvaxta skal vænt útlánatap af lánsskuldbindingu með því að nota virka vexti eða námundun við það sem verður beitt með því að færa þá fjáreign sem leiðir af lánsskuldbindingunni. Ástæða þessa er sú að til þess að beita virðisrýrnunarákvæðum skal fara með fjáreign, sem er færð í kjölfar nýtingar lánsskuldbindingar, eins og framhald af þeirri skuldbindingu í stað þess að fara með hana eins og nýjan fjármálagerning. Því skal meta vænt útlánatap af fjáreigninni með því að líta til upphaflegrar útlánaáhættu af lánsskuldbindingunni frá þeim degi þegar einingin gerðist aðili að þeirri óafturkræfu skuldbindingu.

B5.5.48 Afvaxta skal vænt útlánatap af samningum með fjárhagslegri tryggingu eða lánsskuldbindingum, þar sem ekki er unnt að ákvarða virka vexti, með því að beita afvöxtunarstuðli sem endurspeglar ríkjandi mat markaðarins á tímavirði peninga og áhættur sem eru sértækar fyrir það sjóðstreymi en því aðeins, og að því marki sem, tekið er tillit til áhættunnar við leiðréttingu á afvöxtunarstuðlinum í stað leiðréttingar á óinnheimtu reiðufé sem verið er að afvaxta.

Raunhæfar og rökstuddar upplýsingar

B5.5.49 Að því er þennan staðal varðar eru raunhæfar og rökstuddar upplýsingar þær upplýsingar sem tiltækar eru með góðu móti á reikningsskiladegi án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar, þ.m.t. upplýsingar um liðna atburði, ríkjandi skilyrði og spár um efnahagsleg skilyrði í framtíðinni. Litið er svo á að upplýsingar sem liggja fyrir vegna reikningsskila liggi fyrir án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar.

B5.5.50 Þess er ekki krafist að eining taki tillit til spáa um framtíðarskilyrði á öllum væntum líftíma fjármálagernings. Að hvaða marki beita þarf eigin mati til að leggja mat á vænt útlánatap veltur á því hve mikið af ítarlegum upplýsingum liggur fyrir. Því lengur sem spátímabilið er þeim mun minna liggur fyrir af ítarlegum upplýsingum og beita þarf eigin mati í ríkari mæli til þess að leggja mat á vænt útlánatap. Ekki er þörf á ítarlegu mati fyrir tímabil í fjarlægri framtíð við mat á væntu útlánatapi því að fyrir slík tímabil getur eining nýtt sér fyrirliggjandi ítarlegar upplýsingar til að framreikna spár.

B5.5.51 Þess er ekki krafist að eining leggi í tæmandi leit að upplýsingum en hún skal líta til raunhæfra og rökstuddra upplýsinga sem fyrir liggja án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar og sem hafa þýðingu við mat á væntu útlánatapi, m.a. áhrif af væntri uppgreiðslu. Í þessum upplýsingum skulu koma fram þættir sem eiga sérstaklega við um lántakann, almenn efnahagsskilyrði og mat á bæði ríkjandi og væntri þróun skilyrða á reikningsskiladegi. Eining getur notað ýmsar gagnalindir, bæði innri (varða eininguna) og ytri. Mögulegar gagnalindir eru m.a. söguleg reynsla af útlánatapi, innra mat, reynsla annarra eininga af útlánatapi og ytra mat, skýrslur og tölfræðilegar upplýsingar. Einingar sem hafa engar eða ófullnægjandi gagnalindir um einingabundin gögn geta notað reynslu sambærilegra eininga (e. *peer group experience*) af sambærilegum fjármálagerningum (eða flokkum fjármálagerninga).

B5.5.52 Sögulegar upplýsingar eru mikilvæg festa eða grunnur fyrir mat á væntu útlánatapi. Eining skal þó leiðrétta söguleg gögn, s.s. reynslu af útlánatapi, á grundvelli gildandi, sannreynanlegra gagna til að endurspegla áhrifin af ríkjandi skilyrðum og spár hennar um framtíðarskilyrði sem höfðu ekki áhrif á tímabilinu sem sögulegu gögnin byggjast á og til að eyða áhrifum af þeim skilyrðum á sögulega tímabilinu sem skipta ekki máli fyrir samningsbundið framtíðarsjóðstreymi. Í sumum tilvikum gætu þær raunhæfu og rökstuddu upplýsingar sem bestar eru verið óleiðréttar sögulegar upplýsingar en það veltur á eðli sögulegu upplýsinganna og hvenær þær voru reiknaðar, borið saman við aðstæður á reikningsskiladegi og einkenni þeirra fjármálagerninga sem eru til skoðunar. Mat á breytingum á væntu útlánatapi skal endurspegla og vera í beinu samræmi við breytingar á tengdum, sannreynanlegum gögnum frá tímabili til tímabils (s.s. breytingar á atvinnuleysistölum, fasteignaverði, hrávöruverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem gefa vísbendingar um útlánatap af fjármálagerningnum eða flokki fjármálagerninga og umfang þessara breytinga). Eining skal endurskoða reglulega aðferðafræðina og þær forsendur, sem notaðar eru til að meta vænt útlánatap, til að draga úr hvers kyns mismun á mati á útlánatapi og raunverulegu tapi.

B5.5.53 Þegar notuð er söguleg reynsla af útlánatapi við mat á væntu útlánatapi skiptir máli að upplýsingar um sögulegt útlánataphlutfall séu notaðar á flokka sem eru skilgreindir í samræmi við flokkana sem fyrra útlánataphlutfall var mælt fyrir. Af þeim sökum skal aðferðin, sem notuð er, gera kleift að tengja hvern flokk fjáreigna við upplýsingar um fyrri reynslu af útlánatapi í flokkum fjáreigna með sambærileg áhættueinkenni og viðeigandi, sannreynanleg gögn sem endurspegla ríkjandi skilyrði.

B5.5.54 Vænt útlánatap endurspeglar væntingar einingar um útlánatap. Þegar litið er til raunhæfra og rökstuddu upplýsinga, sem fyrir liggja án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar, við mat á væntu útlánatapi skal eining þó líta til sannreynanlegra markaðsupplýsinga um útlánaáhættu af tilteknum fjármálagerningi eða sambærilegum fjármálagerningum.

Veðtrygging

B5.5.55 Við mat á væntu útlánatapi skal mat á væntu óinnheimtu reiðufé endurspegla vænt sjóðstreymi frá veði og öðrum endurbótum á lánshæfi sem eru hluti samningsskilmála og einingin færir ekki sérstaklega. Mat á væntu óinnheimtu reiðufé í veðtryggðum fjármálagerningi endurspeglar fjárhæð og tímasetningu sjóðstreymis sem gert er ráð fyrir við yfirtöku á veði, að frádregnum kostnaði við það að ganga að veðinu og sölu þess, óháð því hvort yfirtaka er líkleg (þ.e. mat á væntu sjóðstreymi lítur til þess hvort líkur eru á yfirtöku og til sjóðstreymis sem leiðir af því). Af þeim sökum skal fella inn í þessa greiningu hvers kyns sjóðstreymi sem vænst er við innlausn á veði eftir samningsbundinn gjalddaga samningsins. Veð, sem gengið er að í kjölfar yfirtöku á veði, er ekki innleyst sem eign sem er aðgreind frá veðtryggðum fjármálagerningi nema það fullnægi viðeigandi færsluskilyrðum vegna eignar í þessum staðli eða öðrum stöðlum.

Endurflokkun fjáreigna (þáttur 5.6)

B5.6.1 Ef eining endurflokkar fjáreignir í samræmi við lið 4.4.1 er gerð sú krafa í lið 5.6.1 að endurflokkuninni sé beitt framvirkt frá endurflokkunardeginum. Þess er krafist bæði í flokki afskrifaðs kostnaðarverðs og flokki gangvirðis í gegnum aðra heildarafkomu að virkir vextir sé ákvarðaðir við upphafsfærslu. Þess er einnig krafist í báðum þessum matsflokkum að virðisrýrnunarkröfum sé beitt á sama hátt. Af því leiðir að þegar eining endurflokkar fjáreign úr matsflokki afskrifaðs kostnaðarverðs og í matsflokk gangvirðis í gegnum aðra heildarafkomu:

a) breytist færsla vaxtatekna ekki og því heldur einingin áfram að nota sömu virku vexti,

b) breytist mat á væntu útlánatapi ekki vegna þess að báðir matsflokkarnir beita sömu virðisrýrnunaraðferðinni. Ef fjáreign er endurflokkuð úr matsflokki gangvirðis í gegnum aðra heildarafkomu yfir í matsflokk afskrifaðs kostnaðarverðs verður niðurfærsla færð sem leiðrétting á vergu bókfærðu verði af fjáreigninni frá endurflokkunardeginum. Ef fjáreign er endurflokkuð úr matsflokki afskrifaðs kostnaðarverðs yfir í matsflokk gangvirðis í gegnum aðra heildarafkomu yrði niðurfærsla afskráð (og yrði þar með ekki lengur færð sem leiðrétting á vergu bókfærðu verði) en yrði þess í stað færð sem uppsöfnuð virðisrýrnunarfjárhæð (af jafnhárri fjárhæð) í aðra heildarafkomu og yrði birt frá endurflokkunardeginum.

B5.6.2 Þess er þó ekki krafist að eining færi sérstaklega vaxtatekjur eða virðisrýrnunarhagnað eða -tap vegna fjáreignar sem er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Af því leiðir að þegar eining endurflokkar fjáreign úr matsflokki gangvirðis í gegnum rekstrarreikning eru virkir vextir ákvarðaðir á grundvelli gangvirðis eignarinnar á þeim degi sem hún er endurflokkuð. Enn fremur er litið á endurflokkunardaginn sem upphaflegan færsludag þegar þætti 5.5 er beitt gagnvart fjáreign frá endurflokkunardegi.

Hagnaður og tap (þáttur 5.7)

B5.7.1 Liður 5.7.5 heimilar einingu að velja það með óafturkræfum hætti að setja fram í annarri heildarafkomu breytingar á gangvirði fjárfestingar í eiginfjárgerningi sem er ekki ætlaður til veltuviðskipta. Þetta val fer fram á grundvelli hvers gernings (þ.e. sérhvers hlutabréfs). Ekki skal flytja fjárhæðir, sem eru settar fram í annarri heildarafkomu, síðar fram í rekstrarreikningi. Eining getur þó flutt uppsafnaðan hagnað eða tap í eigið fé. Arður af slíkum fjárfestingum er færður í rekstrarreikning í samræmi við lið 5.7.6 nema hann tákni greinilega endurheimt hluta kostnaðar við fjárfestinguna.

B5.7.1A Þess er krafist í lið 4.1.2A, nema liður 4.1.5 eigi við, að fjáreign sé metin á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu ef samningsskilmálar fjáreignarinnar leiða til sjóðstreymis sem er eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól og eigninni er haldið í viðskiptalíkani þar sem markmiði þess er náð bæði með því að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og selja fjáreignir. Í þessum matsflokki eru upplýsingar færðar í rekstrarreikning líkt og fjáreignin sé metin á afskrifuðu kostnaðarverði jafnframt því sem hún er metin í efnahagsreikningi á gangvirði. Hagnaður eða tap, annað en það sem fært er í rekstrarreikning í samræmi við liði 5.7.10–5.7.11, er fært í aðra heildarafkomu. Þegar þessar fjáreignir eru afskráðar er uppsafnaður hagnaður eða tap, sem var áður fært í aðra heildarafkomu, endurflokkað í rekstrarreikningi. Þetta endurspeglar hagnað eða tap sem myndi hafa verið fært í rekstrarreikning við afskráningu ef fjáreignin hafði verið metin við afskrifuðu kostnaðarverði.

B5.7.2 Eining beitir IAS-staðli 21 á fjáreignir og fjárskuldir sem eru peningalegir liðir í samræmi við IAS-staðal 21 og tilgreindir í erlendum gjaldmiðli. Þess er krafist í IAS-staðli 21 að hagnaður og tap vegna gengismunar á peningalegum eignum og peningalegum skuldum verði fært í rekstrarreikning. Undantekningin er peningalegur liður sem er tilgreindur sem áhættuvarnargerningur í sjóðstreymisvörn (sjá lið 6.5.11), áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar (sjá lið 6.5.13) eða gangvirðisvörn vegna eiginfjárgernings sem eining hefur valið til að setja fram breytingar á gangvirði í annarri heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.5 (sjá lið 6.5.8).

B5.7.2A Í þeim tilgangi að færa gengishagnað og -tap á erlendum gjaldmiðlum samkvæmt IAS-staðli 21 er farið með fjáreign, sem er metin á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu, í samræmi við lið 4.1.2A, sem peningalegan lið. Til samræmis við það er farið með slíka fjáreign sem eign sem er metin á afskrifuðu kostnaðarverði í erlendum gjaldmiðli. Gengismunur vegna afskrifaðs kostnaðarverðs er færður í rekstrarreikning og aðrar breytingar á bókfærðu verði eru færðar í samræmi við lið 5.7.10.

B5.7.3 Liður 5.7.5 heimilar einingu að velja það með óafturkræfum hætti að setja fram í annarri heildarafkomu síðari breytingar á gangvirði tiltekinna fjárfestinga í eiginfjárgerningum. Slík fjárfesting er ekki peningalegur liður. Til samræmis við það felst í hagnaði eða tapi, sem er sett fram í annarri heildarafkomu í samræmi við lið 5.7.5, hvers kyns tengdir þættir erlends gjaldmiðils.

B5.7.4 Ef áhættuvarnartengsl eru milli óafleiddrar peningalegrar eignar og óafleiddrar peningalegrar skuldar eru breytingar á erlendum gjaldmiðilsþætti þessara fjármálagerninga settar fram í rekstrarreikningi.

Skuldir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

B5.7.5 Þegar eining tilgreinir fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning verður hún að ákveða hvort það að setja áhrif af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar fram í annarri heildarafkomu myndi leiða til reikningsskilalegs ósamræmis í rekstrarreikningi eða auka það. Það myndi leiða til reikningsskilalegs ósamræmis eða auka það ef það að setja áhrif af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar fram í annarri heildarafkomu myndi leiða til frekara ósamræmis í rekstrarreikningi en vera myndi ef þessar fjárhæðir væru settar fram í rekstrarreikningi.

B5.7.6 Við þá ákvörðun verður eining að meta hvort hún geri ráð fyrir því að áhrifin af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar jafnist út í rekstrarreikningi með breytingu á gangvirði annars fjármálagernings sem er metinn á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Byggja verður slíka væntingu á efnahagstengslum milli einkenna skuldarinnar og einkenna hins fjármálagerningsins.

B5.7.7 Sú ákvörðun er tekin við upphafsfærslu og ekki endurmetin. Af hagkvæmnisástæðum þarf einingin ekki að stofna til allra þeirra eigna og skulda sem gefa tilefni til reikningsskilalegs ósamræmis á nákvæmlega sama tíma. Hæfilegur dráttur er heimill að því tilskildu að gert sé ráð fyrir því að eftirstæð viðskipti fari fram. Eining verður að beita af samkvæmni þessari aðferðafræði við að ákveða hvort það að setja áhrif af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar fram í annarri heildarafkomu myndi leiða til reikningsskilalegs ósamræmis í rekstrarreikningi eða auka á slíkt ósamræmi. Eining getur þó notað ólíka aðferðafræði í ólíkum efnahagstengslum milli einkenna skulda sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og einkenna annarra fjármálagerninga. Í IFRS-staðli 7 er gerð sú krafa að eining setji fram efnislegar upplýsingar í athugasemdum við reikninga um þá aðferðafræði sem hún notar við ákvarðanatökuna.

B5.7.8 Ef slíkt ósamræmi myndast eða eykst er þess krafist að einingin setji fram allar breytingar á gangvirði (þ.m.t. áhrifin af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar) í rekstrarreikningi. Ef slíkt ósamræmi myndast ekki eða eykst er þess krafist að einingin setji fram áhrifin af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar í annarri heildarafkomu.

B5.7.9 Ekki skal flytja fjárhæðir, sem eru settar fram í annarri heildarafkomu, síðar fram í rekstrarreikningi. Eining getur þó flutt uppsafnaðan hagnað eða tap í eigið fé.

B5.7.10 Eftirfarandi dæmi lýsa aðstæðum þar sem reikningsskilalegt ósamræmi myndi myndast í rekstrarreikningi ef áhrifin af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar væru sett fram í annarri heildarafkomu. Húsnæðislánabanki veitir viðskiptavinum lán og fjármagnar slík lán með því að selja skuldabréf með samsvarandi einkennum (t.d. útistandandi fjárhæð, endurgreiðslusniði, lánstíma og gjaldmiðli) á markaði. Samningsskilmálar lánsins heimila viðskiptavininum með veðlánið að endurgreiða lán sitt (þ.e. uppfylla skuldbindingu sína gagnvart bankanum) með því að kaupa samsvarandi skuldabréf á gangvirði á markaði og afhenda húsnæðislánabankanum skuldabréfið. Af þessum samningsbundna rétti leiðir að gangvirði lánseignar húsnæðisbankans lækkar ef útlánagæði skuldabréfsins minnka (og þar með minnkar gangvirði skuldar húsnæðisbankans). Breyting á gangvirði eignarinnar endurspeglar samningsbundinn rétt viðskiptavinar með veðlán til að greiða upp veðlánið með því að kaupa undirliggjandi skuldabréf á gangvirði (sem hefur lækkað í þessu dæmi) og afhenda húsnæðislánabankanum skuldabréfið. Af þessum sökum verða áhrifin af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar (skuldabréfsins) jöfnuð í rekstrarreikningi með samsvarandi breytingu á gangvirði fjáreignarinnar (lánsins). Ef áhrifin af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar eru sett fram í annarri heildarafkomu kæmi fram reikningsskilalegt ósamræmi í rekstrarreikningi. Af þessum sökum er þess krafist að húsnæðislánabankinn setji fram allar breytingar á gangvirði skuldarinnar (þ.m.t. áhrifin af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar) í rekstrarreikningi.

B5.7.11 Í dæminu í lið B5.7.10 eru samningsbundin tengsl milli áhrifa af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar og breytingum á gangvirði fjáreignarinnar (þ.e. sem leiðir af samningsbundnum rétti viðskiptavinar með veðlán til að greiða lán upp með því að kaupa skuldabréfið á gangvirði og afhenda það húsnæðislánabankanum). Reikningsskilalegt ósamræmi getur þó einnig orðið þótt engin samningsbundin tengsl séu fyrir hendi.

B5.7.12 Við beitingu krafna liða 5.7.7 og 5.7.8 er ástæða reikningsskilalegs ósamræmis ekki einungis matsaðferðin sem eining notar til að ákvarða áhrifin af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar. Reikningsskilalegt ósamræmi í rekstrarreikningi kæmi einungis fram þegar gert er ráð fyrir því að áhrifin af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar (eins og skilgreint er í IFRS-staðli 7) verði jöfnuð með breytingum á gangvirði annars fjármálagernings. Ósamræmi, sem leiðir einungis af niðurstöðu matsaðferðar (þ.e. vegna þess að eining aðskilur ekki breytingar á útlánaáhættu skuldar frá öðrum breytingum á gangvirði), hefur ekki áhrif á ákvörðunina sem krafist er í liðum 5.7.7 og 5.7.8. Eining getur t.a.m. ekki aðskilið breytingar á útlánaáhættu skuldar frá breytingum á greiðsluhæfisáhættu. Ef eining setur fram sameinuð áhrif beggja þátta í annarri heildarafkomu kann ósamræmi að eiga sér stað þar sem breytingar á greiðsluhæfisáhættu kunna að vera hluti af gangvirðismati á fjáreignum einingarinnar og heildarbreytingin á gangvirði þessara eigna er sett fram í rekstrarreikningi. Slíkt ósamræmi er þó vegna ónákvæmni í mati en ekki í tengslum við þá jöfnun sem lýst er í lið B5.7.6 og hefur af þeim sökum ekki áhrif á þá ákvörðun sem krafist er í liðum 5.7.7 og 5.7.8.

Merking hugtaksins „útlánaáhætta“ (liðir 5.7.7 og 5.7.8)

B5.7.13 Í IFRS-staðli 7 er útlánaáhætta skilgreind sem „sú áhætta að annar aðilinn að fjármálagerningi muni valda hinum aðilanum fjárhagstjóni með því að standa ekki við skuldbindingu“. Krafan í a-lið í lið 5.7.7 tengist þeirri áhættu að útgefandi standi ekki við þá tilteknu skuldbindingu. Þetta tengist ekki endilega lánshæfi útgefandans. Ef eining gefur t.d. út veðtryggða skuldbindingu og óveðtryggða skuldbindingu sem eru að öðru leyti eins verður útlánaáhætta af þessum tveimur skuldbindingum ólík jafnvel þótt sama eining gefi þær út. Útlánaáhætta af veðtryggðu skuldbindingunni verður minni en af óveðtryggðu skuldbindingunni. Útlánaáhætta af veðtryggðu skuldbindingunni kann að vera nánast engin.

B5.7.14 Útlánaáhætta er ólík eignasérgreindri vanefndaáhættu að því er beitingu kröfu a-liðar í lið 5.7.7 varðar. Eignasérgreind vanefndaáhætta tengist ekki hættu á því að eining standi ekki við tiltekna skuldbindingu heldur tengist fremur hættu á að árangur af tiltekinni eign eða eignaflokki verði rýr (eða jafnvel enginn).

B5.7.15 Eftirfarandi eru dæmi um eignasérgreinda vanefndaáhættu:

a) skuld með einingarbundnum þætti þar sem fjárhæð til greiðslu til fjárfesta er ákveðin samkvæmt samningi á grundvelli árangurs af tilteknum eignum. Áhrifin af þessum einingarbundna þætti á gangvirði skuldar er eignasérgreind vanefndaáhætta, ekki útlánaáhætta,

b) skuld gefin út af sérsniðinni einingu sem ber eftirfarandi einkenni. Einingin er lagalega einangruð þannig að eignir hennar eru aðskildar eingöngu í þágu fjárfesta hennar, jafnvel þótt til gjaldþrots komi. Einingin tekur ekki þátt í öðrum viðskiptum og ekki er hægt að veðsetja eignir hennar. Fjárhæðir eru einungis greiddar út til fjárfesta einingarinnar ef aðskildu eignirnar skila sjóðstreymi. Þannig endurspegla breytingar á gangvirði skuldarinnar fyrst og fremst breytingar á gangvirði eignanna. Áhrifin af árangri eignanna á gangvirði skuldarinnar er eignasérgreind vanefndaáhætta, ekki útlánaáhætta,

Ákvörðun áhrifa af breytingum á útlánaáhættu

B5.7.16 Í tengslum við beitingu kröfunnar í a-lið í lið 5.7.7 skal eining ákveða fjárhæð breytingar á gangvirði fjárskuldarinnar, sem rekja má til breytinga á útlánaáhættu af þeirri skuld, annaðhvort:

a) sem fjárhæð breytingar á gangvirði sem ekki er hægt að rekja til breytinga á markaðsaðstæðum sem leiða til markaðsáhættu (sjá liði B5.7.17 og B5.7.18) eða

b) með því að beita annarri aðferð sem einingin telur að gefi gleggri mynd af fjárhæð breytingarinnar á gangvirði skuldarinnar sem rekja má til breytinga á útlánaáhættu hennar.

B5.7.17 Undir breytingar á markaðsaðstæðum, sem leiða til markaðsáhættu, falla breytingar á viðmiðunarvöxtum, verð á fjármálagerningi annarrar einingar, vöruverð, gengi, vísitala neysluverðs eða vaxtavísitala.

B5.7.18 Ef einu breytingarnar á markaðsaðstæðum skuldar, sem skipta máli, eru breytingar á sannreyndum útlánsvöxtum (viðmiðunarvöxtum) er unnt að meta fjárhæðina í a-lið í lið B5.7.16 sem hér segir:

a) Einingin reiknar fyrst innri vexti skuldarinnar við upphaf tímabilsins með því að nota gangvirði skuldarinnar og samningsbundið sjóðstreymi hennar við upphaf tímabilsins. Sannreyndir vextir (viðmiðunarvextir) við upphaf tímabilsins eru dregnir frá þessari ávöxtun til að fá fram þann hluta innri vaxta sem á aðeins við gerninginn.

b) Því næst reiknar einingin núvirði sjóðstreymisins í tengslum við skuldina með því að nota samningsbundið sjóðstreymi skuldarinnar við lok tímabilsins og afvöxtunarhlutfall sem er jafnt summu i. sannreyndra vaxta (viðmiðunarvaxta) við lok tímabilsins og ii. þess hluta innri vaxta sem aðeins á við gerninginn eins og hann er ákvarðaður skv. a-lið.

c) Mismunurinn á gangvirði skuldarinnar við lok tímabilsins og fjárhæðarinnar, sem ákvörðuð er í b-lið, er breytingin á gangvirði sem er ekki hægt að rekja til breytinga á sannreyndum vöxtum (viðmiðunarvöxtum). Þessi fjárhæð er sett fram í annarri heildarafkomu í samræmi við a-lið í lið 5.7.7.

B5.7.19 Dæmið í lið B5.7.18 er miðað við að breytingar á gangvirði, sem verða til vegna annarra þátta en breytinga á útlánaáhættu gerningsins eða sannreyndra vaxta (viðmiðunarvaxta), séu ekki umtalsverðar. Þessi aðferð myndi ekki eiga við ef verulegar breytingar verða á gangvirði vegna annarra þátta. Í þeim tilvikum er þess krafist að eining noti aðra aðferð sem mælir nákvæmar áhrifin af breytingum á útlánaáhættu skuldarinnar (sjá b-lið í lið B5.7.16). Ef innbyggð afleiða er t.d. í gerningnum í dæminu er breytingin á gangvirði innbyggðu afleiðunnar undanskilin við ákvörðun á fjárhæðinni sem á að greina frá í annarri heildarafkomu í samræmi við a-lið í lið 5.7.7.

B5.7.20 Líkt og á við að því er varðar mat á gangvirði þarf mæliaðferð einingar til ákvörðunar á hluta breytingar á gangvirði skuldarinnar, sem tengja má breytingum á útlánaáhættu hennar, að hámarka notkun viðkomandi sannreynanlegra ílaga og lágmarka notkun ósannreynanlegra ílaga.

ÁHÆTTUVARNARREIKNINGSSKIL (6. KAFLI)

Áhættuvarnargerningar (þáttur 6.2)

Gerningar sem teljast áhættuvarnargerningar

B6.2.1 Ekki er hægt að tilgreina afleiður, sem eru innbyggðar í blandaða samninga en eru ekki færðar sérstaklega, sem sérstaka áhættuvarnargerninga.

B6.2.2 Eiginfjárgerningar einingar eru ekki fjáreignir eða fjárskuldir einingarinnar og þess vegna er ekki hægt að tilgreina þá sem áhættuvarnargerninga.

B6.2.3 Að því er gengisáhættu erlendra gjaldmiðla varðar er gengisáhættuþáttur erlendra gjaldmiðla óafleidds fjármálagernings ákvarðaður í samræmi við IAS-staðal 21.

Útgefinn valréttur

B6.2.4 Þessi staðall þessi hefur ekki í för með sér takmarkanir á aðstæðum þar sem hægt er að tilgreina sem áhættu varnargerning afleiðu sem er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, nema í nokkrum útgefnum valréttarsamningum. Útgefinn valréttur telst ekki vera áhættuvarnargerningur nema hann sé tilgreindur sem jöfnun á móti keyptum valrétti, þ.m.t. valréttur sem er innbyggður í annan fjármálagerning (t.d. útgefinn kaupréttur sem notaður er til að verja innkallanlega skuld).

Tilgreining áhættuvarnargerninga

B6.2.5 Að því er varðar áhættuvörn, aðra en vörn gegn gengisáhættu erlendra gjaldmiðla, má eining, þegar hún tilgreinir óafleidda fjáreign eða óafleidda fjárskuld, sem er metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, sem áhættu-varnargerning, aðeins tilgreina óafleidda fjármálagerninginn í heild eða að hluta.

B6.2.6 Tilgreina má stakan áhættuvarnargerning sem áhættuvarnargerning í fleiri en einum áhættuflokki, að því tilskildu að fyrir liggi sértæk tilgreining áhættuvarnargerningsins og ólíkrar stöðuáhættu sem áhættuvarinna liða. Þessir áhættuvörðu liðir geta verið í ólíkum áhættuvarnartengslum.

Áhættuvarðir liðir (þáttur 6.3)

Liðir sem teljast varðir fyrir áhættu

B6.3.1 Föst skuldbinding um að kaupa fyrirtæki við sameiningu fyrirtækja getur ekki verið áhættuvarinn liður nema gegn gengisáhættu erlendra gjaldmiðla vegna þess að ekki er hægt að skilgreina sérstaklega og meta aðra áhættu sem varið er gegn. Önnur áhætta er almenn áhætta í viðskiptum.

B6.3.2 Fjárfesting samkvæmt hlutdeildaraðferðinni getur ekki verið áhættuvarinn liður í gangvirðisvörn. Þetta er vegna þess að með hlutdeildaraðferðinni er færður hlutur fjárfestisins í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélagsins í rekstrarreikning fremur en breytingar á gangvirði fjárfestingarinnar. Eins getur fjárfesting í dótturfélagi í samstæðu ekki verið áhættuvarinn liður í gangvirðisvörn. Þetta er vegna þess að samstæða færir hlut dótturfélagsins í hagnaði eða tapi í rekstrarreikning fremur en breytingar á gangvirði fjárfestingarinnar. Annað gildir um áhættuvörn fyrir hreina fjárfestingu í erlendum rekstri vegna þess að það er vörn gegn áhættu vegna eignar í erlendum gjaldmiðli en ekki gangvirðisvörn gegn breytingu á virði fjárfestingarinnar.

B6.3.3 Liður 6.3.4 heimilar einingu að tilgreina samanlagða áhættu, sem er samsetning áhættuskuldbindingar og afleiðu, sem áhættuvarða liði. Þegar eining tilgreinir slíkan áhættuvarinn lið metur hún hvort samanlögð áhætta sameinar áhættuskuldbindingu og afleiðu þannig að með því myndist ólík samanlögð áhætta sem stjórnað er sem einni áhættuskuldbindingu gagnvart tiltekinni áhættu (eða áhættum). Í því tilviki getur eining tilgreint áhættuvarða liðinn á grundvelli samanlagðrar áhættu. Dæmi:

a) getur eining varið tiltekið magn afar líklegra kaffiinnkaupa eftir 15 mánuði gegn verðáhættu (byggt á bandaríkjadal) með því að nota 15 mánaða framtíðarsamning fyrir kaffi. Líta má á sambland þessara afar líklegu innkaupa á kaffi og framtíðarsamnings fyrir kaffi sem 15 mánaða gengisáhættu fastrar fjárhæðar í bandaríkjadölum við áhættustjórnun (þ.e. sem útstreymi handbærs fjár í fastri fjárhæð bandaríkjadala eftir 15 mánuði),

b) getur eining varið gegn gengisáhættu erlendra gjaldmiðla skuld á föstum vöxtum til 10 ára sem er gefin upp í erlendum gjaldmiðli. Einingin hefur þó einungis þörf fyrir að áhættuskuldbinding á föstum vöxtum í starfrækslugjaldmiðli hennar sé notuð í skamman eða meðallangan tíma (t.d. tvö ár) og að áhættuskuldbinding á breytilegum vöxtum í starfrækslugjaldmiðli hennar sé notuð þann tíma sem eftir stendur af gildistíma. Við lok hvers tveggja ára tímabils (þ.e. á tveggja ára fresti) fastsetur einingin vexti áhættuskuldbindingar til næstu tveggja ára (ef vaxtastigið er með þeim hætti að einingin vilji festa vextina). Í þeim aðstæðum getur eining gert vaxtaskiptasamning milli gjaldmiðla til 10 ára með föstum/breytilegum vöxtum sem skiptir skuld í erlendum gjaldmiðli á föstum vöxtum í áhættuskuldbindingu í starfrækslugjaldmiðli á breytilegum vöxtum. Við þetta bætist 2ja ára vaxtaskiptasamningur þar sem skuld með breytilegum vöxtum er breytt í skuld með föstum vöxtum, á grundvelli starfrækslugjaldmiðils. Í áhættustjórnun er í reynd litið á skuld í erlendum gjaldmiðli á föstum vöxtum og vaxtaskiptasamning milli gjaldmiðla til 10 ára með föstum/breytilegum vöxtum sem áhættuskuldbindingu til 10 ára með breytilegum vöxtum í starfrækslugjaldmiðli.

B6.3.4 Þegar eining tilgreinir áhættuvarinn lið á grundvelli samanlagðrar áhættu lítur hún til sameinaðra áhrifa af liðunum sem teljast vera samanlögð áhætta við mat á skilvirkni og óskilvirkni áhættuvarnar. Liðir, sem teljast vera samanlögð áhætta, eru þó færðir sérstaklega. Þetta merkir m.a.:

a) afleiður sem eru hluti af samanlagðri áhættu eru færðar sem aðgreindar eignir eða skuldir metið á gangvirði og

b) ef áhættuvarnartengsl eru tilgreind milli liða, sem teljast vera samanlögð áhætta, skal sú leið við að fella afleiðu undir samanlagða áhættu vera í samræmi við tilgreiningu afleiðunnar sem áhættuvarnargernings á stigi samanlögðu áhættunnar. Ef eining undanskilur t.d. framvirkan þátt afleiðu við að tilgreina hana sem áhættuvarnargerning í áhættuvarnartengslum milli þeirra liða, sem teljast vera samanlögð áhætta, verður hún að undanskilja framvirka þáttinn þegar hún tekur afleiðuna sem áhættuvarinn lið í samanlagðri áhættu. Að öðrum kosti skal samanlögð áhætta taka til afleiðu annaðhvort í heild eða að hluta.

B6.3.5 Í lið 6.3.6 kemur fram að gengisáhætta vegna gjaldmiðla í afar líklegum, áætluðum framtíðarviðskiptum innan samstæðu uppfylli skilyrði áhættuvarins liðar í sjóðstreymisvörnum, að því tilskildu að viðskiptin séu tilgreind í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli einingarinnar, sem mun eiga viðskiptin, og að gengisáhætta vegna gjaldmiðla hafi áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar. Einingin, sem í hlut á, getur verið móðurfélag, dótturfélag, hlutdeildarfélag, sameiginlegt fyrirkomulag eða útibú. Ef gengisáhætta vegna gjaldmiðla í áætluðum framtíðarviðskiptum innan samstæðu hefur ekki áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar uppfylla viðskipti innan samstæðu ekki skilyrði um áhættuvarinn lið. Þetta á yfirleitt við um greiðslu umboðslauna, vaxtagreiðslur eða stjórnunarþóknanir milli aðila sömu samstæðu nema um sé að ræða tengd viðskipti utan samstæðunnar. Ef gengisáhætta vegna gjaldmiðla í áætluðum framtíðarviðskiptum innan samstæðu hefur áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar geta viðskiptin innan samstæðunnar talist vera áhættuvarinn liður. Dæmi um þetta er áætluð sala eða kaup á birgðum milli aðila í sömu samstæðu ef selja á birgðirnar áfram til aðila utan samstæðunnar. Eins getur áætluð sala rekstrarfjármuna innan samstæðu frá einingu innan samstæðunnar, sem framleiðir rekstrarfjármunina, til einingar innan samstæðunnar, sem notar þá í starfsemi sinni, haft áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar. Þetta getur t.d. gerst vegna þess að einingin, sem kaupir, afskrifar rekstrarfjármunina og fjárhæðin, sem upphaflega er færð vegna rekstrarfjármunanna, kann að breytast ef áætluð viðskipti innan samstæðunnar eru tilgreind í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli einingarinnar sem kaupir.

B6.3.6 Ef áhættuvörn vegna áætlaðra viðskipta innan samstæðu uppfyllir skilyrði varðandi áhættuvarnarreikningsskil er hagnaður eða tap fært í aðra heildarafkomu í samræmi við lið 6.5.11. Það eða þau tímabil þegar gengisáhætta erlendra gjaldmiðla hefur áhrif á hagnað eða tap er þegar hún hefur áhrif á rekstrarreikning samstæðunnar.

Tilgreining áhættuvarinna liða

B6.3.7 Þáttur er áhættuvarinn liður sem er minni en liðurinn í heild. Af þessum sökum endurspeglar þáttur einungis suma áhættu af liðnum sem hann er hluti af eða endurspeglar áhættu aðeins að vissu marki (t.d. þegar hluti liðar er tilgreindur).

Áhættuþættir

B6.3.8 Til að uppfylla skilyrði fyrir tilgreiningu sem áhættuvarinn liður verður áhættuþáttur að vera aðgreinanlegur frá fjárhagslegum eða ófjárhagslegum lið og það verður að vera hægt að meta breytingar á sjóðstreymi eða gangvirði liðar, sem rekja má til breytinga á þessum áhættuþætti, með áreiðanlegum hætti.

B6.3.9 Þegar eining greinir áhættuþætti, sem uppfylla skilyrði til þess að vera tilgreindir sem áhættuvarinn liður, metur hún þá í samhengi við tiltekið markaðsskipulag sem áhættan tengist og þar sem áhættuvarnarstarfsemi fer fram. Slík ákvörðun krefst mats á viðeigandi málsatvikum og aðstæðum sem eru ólíkar eftir áhættu og markaði.

B6.3.10 Þegar eining tilgreinir áhættuþætti sem áhættuvarða liði lítur hún til þess hvort áhættuþættirnir eru tilgreindir sérstaklega í samningi (áhættuþættir tilgreindir í samningi) eða hvort þeir felast í gangvirði eða sjóðstreymi liðar sem þær eru hluti af (áhættuþættir tilgreindir utan samninga). Áhættuþættir, sem eru tilgreindir utan samninga, geta varðað liði sem eru ekki samningur (t.d. áætluð framtíðarviðskipti) eða samningar sem tilgreina liðinn ekki sérstaklega (t.d. föst skuldbinding sem tekur aðeins til eins verðs í stað verðlagningarreglu sem vísar til ólíkra undirliggjandi þátta). Dæmi:

a) Eining A hefur langtímavörusamning um jarðgas sem er verðlagt með því að nota tilgreinda reglu í samningi sem vísar til hrávöru og annarra þátta (t.d. gasolíu, eldsneytisolíu og annarra þátta á borð við flutningskostnað). Eining A áhættuver gasolíuþáttinn í vörusamningnum með því að nota framvirkan gasolíusamning. Þar sem gasolíuþátturinn er tilgreindur í skilmálum og skilyrðum vörusamningsins er um að ræða tilgreindan samningsbundinn áhættuþátt. Því lítur eining A svo á, vegna verðlagningarreglunnar, að greina megi verðáhættu vegna gasolíu sérstaklega. Jafnframt er fyrir hendi markaður fyrir framvirka gasolíusamninga. Því lítur eining A svo á að unnt sé að meta verðáhættu vegna gasolíu með áreiðanlegum hætti. Þar af leiðir er verðáhætta vegna gasolíu í vörusamningnum áhættuþáttur sem uppfyllir skilyrði fyrir tilgreiningu sem áhættuvarinn liður.

b) Eining B áhættuver vegna framvirkra innkaupa á kaffi byggt á framtíðarspám hennar. Áhættuvörn hefst allt að 15 mánuðum fyrir afhendingu á hluta af áætluðu innkaupamagni. Eining B eykur áhættuvarið magn með tímanum (eftir því sem afhendingardagur nálgast). Eining B notar tvær ólíkar tegundir samninga til að stjórna áhættu sinni af kaffiverði:

(i) framtíðarsamningar um kaffi sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði og

(ii) vörusamningar um Arabica-kaffi frá Kólumbíu sem er afhent á tilteknum framleiðslustað. Þessir samningar verðleggja tonn af kaffi á grundvelli kaffiverðs í framtíðarsamningum, sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði, auk fasts verðmunar og breytilegs gjalds fyrir flutninga- og vörustjórnunarþjónustu, með því að nota verðlagningarreglu. Vörusamningurinn um kaffi er óuppfylltur samningur en eining B afhendir kaffi í reynd í samræmi við hann.

Afhending, sem tengist yfirstandandi uppskeru, gerir einingu B kleift við gerð vörusamninga um kaffi að festa verðmun milli raunverulega keyptra kaffigæða (Arabica-kaffi frá Kólumbíu) og undirliggjandi viðmiðunargæða í framtíðarsamningum sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði. Ekki liggja þó enn fyrir vörusamningar um kaffi úr næstu uppskeru og því er ekki hægt að festa verðmuninn. Eining B notar framtíðarsamninga um kaffi, sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði, til að verja þátt viðmiðargæða í kaffiverðsáhættu að því er varðar afhendingu sem tengist yfirstandandi uppskeru, auk næstu uppskeru. Eining B kemst að þeirri niðurstöðu að hún sé óvarin fyrir þrenns konar áhættu: kaffiverðsáhættu sem endurspeglar viðmiðunargæði, kaffiverðsáhættu sem endurspeglar mismun (álag) milli verðs fyrir viðmiðunargæði kaffis og tiltekins Arabica-kaffis frá Kólumbíu sem hún fær í reynd og vegna breytilegs kostnaðar við flutninga og vörustjórnun. Eftir að eining B gerir vörusamning um kaffi úr núverandi uppskeru er kaffiverðsáhætta, sem endurspeglar viðmiðunargæði, tilgreind sem samningsbundinn áhættuþáttur vegna þess að verðlagningarreglan tekur til verðbóta á kaffiverði í framtíðarsamningum sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði. Eining B kemst að þeirri niðurstöðu að hægt sé að greina þennan áhættuþátt sérstaklega og meta hann með áreiðanlegum hætti. Eining B hefur ekki enn gert vörusamninga um kaffi úr næstu uppskeru (þ.e. þessi afhending er áætluð framtíðarviðskipti). Af því leiðir að kaffiverðsáhætta sem endurspeglar viðmiðunargæði er sértækur ósamningsbundinn áhættuþáttur. Greining einingar B á gerð markaðarins tekur til þess hvernig síðari afhending á kaffinu, sem hún fær, er verðlögð. Þess vegna kemst eining B að þeirri niðurstöðu, á grundvelli þessarar greiningar á gerð markaðarins, að áætluð framtíðarviðskipti taki einnig til kaffiáhættuþáttarins sem endurspeglar viðmiðunargæði sem áhættuþátt sem er hægt að greina sérstaklega og meta með áreiðanlegum hætti jafnvel þótt hann sé ekki tilgreindur í samningi. Af þessum sökum getur eining B tilgreint áhættuvarnartengsl á grundvelli áhættuþáttar (vegna kaffiverðsáhættu sem endurspeglar viðmiðunargæði) í vörusamningum um kaffi og sem áætluð framtíðarviðskipti.

c) Eining C áhættuver framtíðarinnkaup á þotueldsneyti á grundvelli neysluspár sinnar allt að 24 mánuðum fyrir afhendingu og eykur með tímanum það magn sem hún ver gegn áhættu. Eining C áhættuver þessa áhættuskuldbindingu með því að nota ólíkar tegundir samninga eftir tímabili áhættuvarnarinnar sem hefur áhrif á seljanleika afleiðnanna á markaði. Á lengri tímabilum (12–24 mánuðum) notar eining C hráolíusamninga vegna þess að aðeins þeir eru nægilega seljanlegir á markaði. Á 6–12 mánaða tímabilum notar eining C gasolíuafleiður vegna þess að þær eru nægilega seljanlegar. Á styttri tímabilum en sex mánuðum notar eining C samninga um þotueldsneyti. Eining C greinir gerð markaðar fyrir olíu og olíuvörur og mat hennar á viðeigandi málsatvikum og aðstæðum er sem hér segir:

(i) Eining C starfar á landsvæði þar sem Brent er hráolíuviðmiðið. Hráolía er viðmið fyrir hráefni sem hafa áhrif á verð ýmissa hreinsaðra olíuafurða sem er helstu grunnaðföng þeirra. Gasolía er viðmið fyrir hreinsaðar olíuafurðir sem eru notaðar sem verðviðmið fyrir olíueimi almennt. Þetta endurspeglast líka í tegundum afleiddra fjármálagerninga fyrir markaði hráolíu og hreinsaðra olíuafurða í því umhverfi sem eining C starfar í, s.s.:

— framtíðarsamningi fyrir viðmiðunarhráolíu, sem er Brent-hráolía,

— framtíðarsamningi fyrir viðmiðunargasolíu, sem er notaður sem viðmiðunarverðlagning fyrir eimi, t.d. áhættuálagsafleiður fyrir þotueldsneyti sem ná yfir verðmuninn á þotueldsneyti og viðmiðunargasolíu og

— viðmiðunarhvellbili gasolíuafleiðu (þ.e. afleiðu fyrir verðbil milli hráolíu og gasolíu, hreinsunar-hlutdeild), sem er verðtryggt og fylgir Brent-hráolíu,

(ii) verðlagning hreinsaðra olíuafurða er ekki háð því hvaða tiltekna hráolía er unnin í tiltekinni hreinsunarstöð vegna þess að þessar hreinsuðu olíuafurðir (s.s. gasolía eða þotueldsneyti) eru staðlaðar vörur.

Þar af leiðandi kemst eining C að þeirri niðurstöðu að verðáhætta í innkaupum hennar á þotueldsneyti feli í sér áhættuþátt hráolíuverðs sem byggist á verðáhættuþætti Brent-hráolíu og gasolíu jafnvel þótt hráolía og gasolía séu ekki tilgreindar í samningsbundnu fyrirkomulagi. Eining C kemst að þeirri niðurstöðu að hægt sé að greina þessa tvo áhættuþætti sérstaklega og meta með áreiðanlegum hætti jafnvel þótt þeir séu ekki tilgreindir í samningi. Af þessum sökum getur eining C tilgreint áhættuvarnartengsl vegna áætlaðra kaupa á þotueldsneyti á grundvelli áhættuþátta (fyrir hráolíu eða gasolíu). Þessi greining þýðir einnig að ef t.d. eining C notar hráolíuafleiður, sem byggjast á hráolíu West Texas Intermediate (WTI), myndu breytingar á verðmuni milli Brent-hráolíu og WTI-hráolíu leiða til óskilvirkni áhættuvarnarinnar.

d) Eining D er handhafi skuldagernings á föstum vöxtum. Þessi gerningur er gefinn út í umhverfi með markaði þar sem mörg afbrigði af svipuðum skuldagerningum eru borin saman með áhættuálagi þeirra á viðmiðunarvöxtum (t.d. LIBOR-vöxtum) og gerningar með breytilegum vöxtum í því umhverfi eru allajafna vísitölutryggðir með þeim viðmiðunarvöxtum. Vaxtaskiptasamningar eru oft notaðir til að stýra vaxtaáhættu á grundvelli þessara viðmiðunarvaxta óháð áhættuálagi skuldagerninga í tengslum við þá viðmiðunarvexti. Verð skuldagerninga á föstum vöxtum breytist í beinu samhengi við breytingar á viðmiðunarvöxtum eftir því sem þær verða. Eining D kemst að þeirri niðurstöðu að viðmiðunarvextir eru þáttur sem hægt er að greina sérstaklega og meta með áreiðanlegum hætti. Af þeim sökum getur eining D tilgreint áhættuvarnartengsl fyrir skuldagerning á föstum vöxtum á grundvelli áhættuþáttar fyrir viðmiðunarvaxtaáhættu.

B6.3.11 Þegar áhættuþáttur er tilgreindur sem áhættuvarinn liður gilda kröfur áhættuvarnarreikningsskila um þann áhættuþátt á sama hátt og um aðra áhættuvarða liði sem eru ekki áhættuþættir. Til dæmis gilda viðmiðanir um uppfyllingu skilyrða, m.a. að áhættuvarnartengsl verði að uppfylla kröfur um skilvirkni áhættuvarnar, og meta verður og færa hvers kyns óskilvirkni áhættuvarnar.

B6.3.12 Eining getur einnig aðeins tilgreint breytingar á sjóðstreymi eða gangvirði áhættuvarins liðar sem eru hærri eða lægri en tilgreint verð eða önnur breyta (einhliða áhætta). Innra virði keypts valréttar áhættuvarnargernings (að því gefnu að hann hafi sömu aðalskilmála og tilgreinda áhættan), en ekki tímavirði hans, endurspeglar einhliða áhættu áhættuvarins liðar. Sem dæmi getur eining tilgreint breytileika í framtíðarsjóðstreymi sem verður vegna verðhækkunar væntra innkaupa hrávöru. Við slíkar aðstæður tilgreinir eining einungis sjóðstreymistap sem verður vegna hækkunar á verði yfir tilgreint stig. Áhætta, sem varið er gegn, felur ekki í sér tímavirði keypts valréttar því tímavirðið er ekki hluti áætlaðra framtíðarviðskipta sem hafa áhrif á rekstrarreikning.

B6.3.13 Fyrir hendi er hrekjanleg forsenda þess efnis að verðbólguáhættu sé ekki hægt að greina sérstaklega og meta með áreiðanlegum hætti og því er ekki hægt að tilgreina hana sem áhættuþátt fjármálagernings nema hún sé tilgreind í samningi. Þó er hægt í takmörkuðum fjölda tilvika að greina áhættuþátt verðbólguáhættu sem er greind sérstaklega og metin með áreiðanlegum hætti vegna tiltekinna aðstæðna í verðbólguumhverfi og viðeigandi skuldamarkaðar.

B6.3.14 Eining gefur, sem dæmi, út skuldabréf í umhverfi þar sem magn- og vaxtaróf verðtryggðra skuldabréfa leiðir til nægilegs kviks markaðar sem leyfir vaxtaróf þar sem raunvextir greiðast í lok lánstíma með eingreiðslu. Þetta þýðir hvað viðkomandi gjaldmiðil varðar að verðbólga er viðeigandi þáttur sem litið er sérstaklega til á skuldamörkuðum. Við þær aðstæður má ákvarða verðbólguáhættuþáttinn með því að afvaxta sjóðstreymi áhættuvarnargerningsins með vaxtarófi þar sem raunvextir greiðast í lok lánstíma með eingreiðslu (þ.e. á hátt sem svipar til þess hvernig áhættulaus (nafn)vaxtaþáttur er ákvarðaður). Á hinn bóginn er verðbólguþáttur, í mörgum tilvikum, ekki greindur sérstaklega eða metinn með áreiðanlegum hætti. Eining gefur, sem dæmi, aðeins út nafnvaxtaskuld í umhverfi þar sem markaður með verðtryggð skuldabréf er ekki nægilega kvikur til að leyfa vaxtaróf þar sem raunvextir eru greiddir í lok lánstíma með eingreiðslu. Í því tilviki styður greining á markaðsgerð og málsatvikum og aðstæðum eininguna ekki í því að líta svo á að verðbólga sé viðeigandi þáttur sem líta skal sérstaklega til á skuldamörkuðum. Þar af leiðandi getur eining ekki litið fram hjá þeirri hrekjanlegu staðreynd að verðbólguáhætta, sem er ekki tilgreind í samningi, er ekki greind sérstaklega eða metin með áreiðanlegum hætti. Af þessum sökum uppfyllir verðbólguáhættuþáttur ekki skilyrði til þess að vera tilgreindur sem áhættuvarinn liður. Þetta á við óháð hvers kyns áhættuvarnargerningi þar sem varið er gegn verðbólgu og einingin hefur í reynd gert samning um. Einkum getur einingin ekki einfaldlega tekið skilmála og skilyrði eiginlegs verðbólguáhættuvarnargernings og notað fyrir nafnvaxtaskuld.

B6.3.15 Verðbólguáhættuþátt sjóðstreymis, sem er í skilmálum viðurkennds, verðtryggðs skuldabréfs (að því gefnu að engar kröfur séu um að reikna innbyggða afleiðu sérstaklega), er hægt að greina sérstaklega og meta með áreiðanlegum hætti svo framarlega sem annað sjóðstreymi gerningsins verði ekki fyrir áhrifum af verðbólguáhættuþættinum.

Nafnverðsþættir

B6.3.16 Unnt er að tilgreina tvær tegundir nafnverðsþátta sem tilgreina má sem áhættuvarinn lið í áhættuvarnartengslum: þátt sem er hluti heildarliðar eða lag. Tegund þáttar breytir niðurstöðu reikningsskilanna. Eining skal tilgreina þáttinn vegna reikningsskila í samræmi við markmið sín um áhættustjórnun.

B6.3.17 Dæmi um hlutfallslegan þátt er 50% af samningsbundnu sjóðstreymi láns.

B6.3.18 Lag má tilgreina úr skilgreindu en opnu þýði eða skilgreindu nafnverði. Sem dæmi má nefna:

a) hluti af peningalegu umfangi viðskipta, t.d. sjóðstreymi næstu 10 EEG úr sölu sem er gefin upp í erlendum gjaldmiðli eftir fyrstu 20 EEG í mars 201X ([54]),

b) hluti af efnislegu magni, t.d. neðsta lag, sem mælist 5 milljón rúmmetrar eða hluti jarðgass sem er geymdur á stað XYZ,

c) hluti af efnislegu magni eða öðru magni sem viðskipti eru með, t.d. fyrstu 100 tunnurnar af olíu sem keyptar eru í júní 201X eða fyrstu 100 MWh af rafsölu í júní 201X eða

([54]) Í þessum staðli eru fjárhæðir tilgreindar í „gjaldmiðilseiningum“ (GE) og „einingum erlends gjaldmiðils“ (EEG).

d) lag úr nafnverði áhættuvarins liðar, t.d. síðustu 80 milljón GE af 100 milljón GE fastrar skuldbindingar, neðsta lag sem er 20 milljón GE af 100 milljón GE skuldabréfs á föstum vöxtum eða efsta lag sem er 30 milljón GE af heildarfjárhæðinni 100 milljón GE skuldar á föstum vöxtum sem greiða má fyrir fram á gangvirði (skilgreinda nafnverðið er 100 milljón GE).

B6.3.19 Ef lag er tilgreint í gangvirðisvörn skal eining tilgreina það í skilgreinda nafnverðinu. Til að uppfylla skilyrði fyrir því að flokkast sem gangvirðisvörn skal eining endurmeta áhættuvarinn lið vegna breytinga á gangvirði (þ.e. endurmeta liðinn vegna breytinga á gangvirði sem rekja má til áhættu sem varið er gegn). Færa verður leiðréttingu á gangvirðisvörn í rekstrarreikning eigi síðan en þegar liðurinn er afskráður. Af þessum sökum er nauðsynlegt að rekja þann lið sem leiðréttingin á gangvirðisvörn tengist. Að því er lag í gangvirðisvörn varðar er gerð sú krafa að eining reki nafnverðið sem lagið er skilgreint út frá. Í d-lið í lið B6.3.18 verður t.d. að rekja skilgreint heildarnafnverð sem er 100 milljón GE til þess að rekja neðsta lagið sem er 20 milljón GE eða efsta lagið sem er 30 milljón GE.

B6.3.20 Lag, sem felur í sér uppgreiðslurétt, uppfyllir ekki skilyrði fyrir því að vera tilgreint sem áhættuvarinn liður í gangvirðisvörn ef gangvirði uppgreiðsluréttarins verður fyrir áhrifum af breytingum á áhættunni, sem varið er gegn, nema tilgreinda lagið feli í sér áhrif á tengda uppgreiðsluréttinn þegar breyting á gangvirði áhættuvarða liðarins er ákveðin.

Tengsl milli þátta og heildarsjóðstreymi liðar

B6.3.21 Ef þáttur í sjóðstreymi fjárhagslegs eða ófjárhagslegs liðar er tilgreindur sem áhættuvarinn liður verður þátturinn að vera lægri eða jafn heildarsjóðstreymi alls liðarins. Þó má tilgreina allt sjóðstreymi alls liðarins sem áhættuvarinn lið og verja hann aðeins gagnvart einni tiltekinni áhættu (t.d. aðeins þeim breytingum sem rekja má til breytinga á LIBOR-vöxtum eða viðmiðunarverði hrávöru).

B6.3.22 Eining getur t.d. ekki tilgreint, í tilviki fjárskuldar þar sem virkir vextir eru undir LIBOR-vöxtum:

a) þátt skuldarinnar sem er jafn LIBOR-vöxtum (auk höfuðstóls ef um er að ræða gangvirðisvörn) og

b) neikvæðan hrakvirðisþátt.

B6.3.23 Eining getur þó tilgreint sem áhættuvarinn lið breytingu á virði heildarskuldarinnar (þ.e. höfuðstóls auk LIBOR-vaxta, að frádregnum 100 grunnpunktum) sem rekja má til breytinga á LIBOR-vöxtum, þegar um er að ræða fjárskuldbindingu á föstum vöxtum þar sem virkir vextir eru (t.d.) 100 grunnpunktum undir LIBOR-vöxtum. Einingin getur, ef fjármálagerningur með föstum vöxtum er varinn áhættu eftir útgáfu hans og vextir hafa breyst í millitíðinni, tilgreint áhættuþátt sem er jafn viðmiðunarvöxtum sem eru hærri en greiddir samningsbundnir vextir af liðnum. Einingin getur gert þetta að því tilskildu að viðmiðunarvextirnir séu lægri en virkir vextir sem eru reiknaðir út á þeim grundvelli að einingin hafi keypt gerninginn daginn sem hún tilgreindi varða liðinn í fyrsta sinn. Sem dæmi gefur eining út fjáreign að fjárhæð 100 GE á föstum vöxtum og virkir vextir hennar eru 6% á sama tíma og LIBOR-vextir eru 4%. Hún byrjar að verja þessa eign gegn áhættu nokkru síðar þegar LIBOR-vextir hafa hækkað í 8% og gangvirði eignarinnar hefur lækkað í 90 GE. Einingin reiknar út að ef hún hefði keypt eignina daginn sem hún tilgreindi tengda LIBOR-vaxtaáhættu sem áhættuvarinn lið í fyrsta sinn hefðu virku vextirnir af eigninni verið 9,5% á grundvelli gangvirðis hennar sem þá var 90 GE. Þar sem LIBOR-vextir eru lægri en þessir virku vextir getur einingin tilgreint LIBOR-vaxtaþáttinn, sem nemur 8%, sem er að hluta samningsbundið vaxtasjóðstreymi og að hluta mismunurinn á gangvirðinu (þ.e. 90 GE) og fjárhæðinni sem skal endurgreiða á gjalddaga (þ.e. 100 GE).

B6.3.24 Ef fjárskuldbinding með breytilegum vöxtum ber (t.d.) þriggja mánaða LIBOR-vexti, að frádregnum 20 grunnpunktum (þar sem gólfið er núll grunnpunktar), getur eining tilgreint sem áhættuvarinn lið breytinguna á sjóðstreymi allrar skuldbindingarinnar (þ.e. þriggja mánaða LIBOR-vaxta, að frádregnum 20 grunnpunktum, þ.m.t. gólfið) sem rekja má til breytinga á LIBOR-vöxtum. Þannig hefur áhættuvarði liðurinn sama breytilega sjóðstreymið og skuldbinding sem ber þriggja mánaða LIBOR-vexti með áhættuálag í núlli eða jákvætt, svo fremi að þriggja mánaða framvirkur ferill LIBOR-vaxta til loka líftíma skuldbindingarinnar fari ekki undir 20 grunnpunkta. Ef framvirkur ferill þriggja mánaða LIBOR-vaxta til loka líftíma skuldbindingarinnar (eða hluta hennar) fer undir 20 grunnpunkta hefur áhættuvarði liðurinn þó minni breytileika í sjóðstreymi en skuldbinding sem ber þriggja mánaða LIBOR-vexti með áhættuálag í núlli eða jákvætt.

B6.3.25 Svipað dæmi um ófjárhagslegan lið er verð tiltekinnar tegundar hráolíu af olíuvinnslusvæði sem byggist á viðeigandi viðmiðunarhráolíu. Ef eining selur hráolíu samkvæmt samningi og notar samningsbundna verðlagningarreglu, sem setur verð á tunnu við viðmiðunarverð hráolíu, að frádregnu 10 GE þar sem gólfið er 15 GE, getur einingin tilgreint sem áhættuvarinn lið allan breytileika í sjóðstreymi samkvæmt sölusamningnum sem rekja má til breytingarinnar á viðmiðunarverði hráolíu. Einingin getur þó ekki tilgreint þátt sem er jafn fullri breytingu á viðmiðunarverði hráolíu. Þannig hefur áhættuvarinn liður sama breytileika í sjóðstreymi og hráolíusala á viðmiðunarverði hráolíu (eða með jákvæðu áhættuálagi) svo fremi að framvirkt verð (fyrir hverja afhendingu) fari ekki undir 25 GE. Áhættuvarði liðurinn hefur þó minni breytileika í sjóðstreymi en hráolíusala á viðmiðunarverði hráolíu (eða með jákvæðu áhættuálagi) ef framvirkt verð fyrir hverja afhendingu fer undir 25 GE.

Skilyrði vegna áhættuvarnarreikningsskila (þáttur 6.4)

Skilvirkni áhættuvarnar

B6.4.1 Skilvirkni áhættuvarnar kemur fram í því að hve miklu leyti breytingar á gangvirði eða sjóðstreymi áhættuvarn argernings eru jafnaðar út með breytingum á gangvirði eða sjóðstreymi áhættuvarnargerningsins (t.d. þegar áhættuvarði liðurinn er áhættuþáttur, viðeigandi breyting á gangvirði eða sjóðstreymi liðar er sú sem rekja má til áhættunnar sem varið er gegn). Óskilvirkni áhættuvarnar kemur fram í því að hve miklu leyti breytingar á gangvirði eða sjóðstreymi áhættuvarnargernings er meiri eða minni en breytingar á áhættuvarða liðnum.

B6.4.2 Eining skal, þegar hún tilgreinir áhættuvarnartengsl og áfram, greina uppsprettu óskilvirkni áhættuvarnar sem gert er ráð fyrir að hafi áhrif á áhættuvarnartengslin á líftíma hennar. Þessi greining (þ.m.t. hvers kyns uppfærslur í samræmi við lið B6.5.21 sem verða vegna endurstillingar á áhættuvarnartengslum) er grundvöllur fyrir mat einingarinnar á því hvort hún uppfyllir kröfur um skilvirkni áhættuvarnar.

B6.4.3 Til að taka af allan vafa skal endurspegla áhrif þess að skipta út upphaflega mótaðilanum fyrir greiðslujöfn unarmótaðila og áhrif þess að gera tengdar breytingar, eins og lýst er í lið 6.5.6, í matinu á áhættuvarnargerningnum og þar af leiðandi í matinu á skilvirkni áhættuvarnar og mælingunni á skilvirkni áhættuvarnar.

Efnahagstengsl milli áhættuvarða liðarins og áhættuvarnargerningsins

B6.4.4 Sú krafa að efnahagstengsl séu fyrir hendi þýðir að áhættuvarnargerningurinn og áhættuvarði liðurinn hafi virði sem hreyfist alla jafna í gagnstæða átt vegna sömu áhættu, þ.e. áhættu sem varið er gegn. Því hlýtur að vera vænting um að virði áhættuvarnargerningsins og virði áhættuvarða liðarins breytist kerfisbundið í kjölfar hreyfinga á sama undirliggjandi gerningi eða gerningum sem eru tengdir efnahagslega þannig að þeir bregðist á svipaðan hátt við áhættunni sem varið er gegn (t.d. Brent-hráolía og WTI-hráolía).

B6.4.5 Ef undirliggjandi gerningar eru ekki eins en efnahagslega tengdir geta komið upp aðstæður þar sem virði áhættuvarnargerningsins og virði áhættuvarða liðarins hreyfast í sömu átt, t.d. vegna verðmunar milli breytinga á tveimur undirliggjandi gerningum enda þótt þeir sjálfir hreyfist ekki verulega. Þetta er enn í samræmi við efnahagstengsl milli áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins ef þess er enn vænst að virði áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins hreyfist alla jafna í gagnstæða átt þegar undirliggjandi gerningar hreyfast.

B6.4.6 Mat á því hvort fyrir liggi efnahagstengsl felur m.a. í sér greiningu á mögulegri hegðan áhættuvarnartengsla á gildistíma þeirra til að ganga úr skugga um hvort þess megi vænta að þau uppfylli markmið um áhættustjórnun. Það eitt að tölfræðileg fylgni sé á milli tveggja breytna felur ekki í sjálfu sér stuðning við gilda niðurstöðu um að efnahagstengsl séu fyrir hendi.

Áhrif útlánaáhættu

B6.4.7 Þar sem líkan áhættuvarnarreikningsskila er almennt byggt á jöfnun milli hagnaðar og taps af áhættuvarn argerningnum og áhættuvarða liðnum er skilvirkni áhættuvarnar ekki aðeins ákvörðun á grundvelli efnahagstengsla milli þessara liða (þ.e. breytinga á undirliggjandi gerningum þeirra) heldur einnig á áhrifum af útlánaáhættu á virði bæði áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins. Áhrif af útlánaáhættu þýðir að jafnvel þótt fyrir hendi séu efnahagstengsl milli áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins kunni jöfnunin að verða óútreiknanleg. Þetta getur orðið vegna breytingar á útlánaáhættu annaðhvort áhættuvarnargerningsins eða áhættuvarða liðarins sem er af slíkri stærðargráðu að hún verður ríkjandi þáttur í virði breytinga sem leiðir af efnahagstengslunum (þ.e. áhrif af breytingum í undirliggjandi gerningum). Sú stærð sem gefur tilefni til ríkjandi stöðu er stærð sem myndi leiða til taps (eða hagnaðar) af útlánaáhættu sem gera að engu áhrifin af breytingum á undirliggjandi gerningum á virði áhættuvarnargerningsins eða áhættuvarða liðarins jafnvel þótt þær breytingar væru verulegar. Ef á hinn bóginn lítil breyting verður á undirliggjandi gerningum á tilteknu tímabili leiðir sú staðreynd, að jafnvel litlar útlánaáhættutengdar breytingar á virði áhættuvarnargerningsins eða áhættuvarða liðarins kunni að hafa áhrif á virði fleiri undirliggjandi gerninga, ekki til ríkjandi stöðu.

B6.4.8 Dæmi um það þegar útlánaáhætta ríkir í áhættuvarnartengslum er þegar eining ver áhættuskuldbindingu gegn hrávöruverðsáhættu með því að nota ótryggðar afleiður. Ef mótaðili þeirrar afleiðu verður fyrir því að lánshæfi hans versnar verulega kunna áhrifin af breytingum á lánshæfi hans að vega þyngra en áhrif af breytingum á hrávöruverði á gangvirði áhættuvarnargerningsins þar eð breytingar á virði áhættuvarða liðarins veltur að verulegu leyti á breytingum á hrávöruverði.

Áhættuvarnarhlutfall

B6.4.9 Í samræmi við kröfur um skilvirkni áhættuvarnar verður áhættuvarnarhlutfall áhættuvarnartengslanna að vera hið sama og leiðir af magni áhættuvarins liðar sem einingin hefur í reynd varið áhættu og magni áhættuvarnargernings sem einingin notar í reynd til að áhættuverja þetta magn áhættuvarins liðar. Ef eining ver innan við 100% af áhættuskuldbindingu á lið, t.d. 85%, skal hún því tilgreina áhættuvarnartengslin með því að nota áhættuvarnarhlutfall sem er hið sama og leiðir af 85% af áhættuskuldbindingunni og það magn áhættuvarnargerningsins sem einingin notar í reynd til að verja þessi 85% gegn áhættu. Á sama hátt skal eining, ef hún ver t.d. áhættuskuldbindingu gegn áhættu með því að nota nafnverð 40 eininga í fjármálagerningi, tilgreina áhættuvarnartengslin með því að nota áhættuvarnarhlutfall sem er hið sama og það sem leiðir af þessu magni, 40 einingum (þ.e. einingin má ekki nota áhættuvarnarhlutfall sem er byggt á meira magni eininga sem hún kann að hafa í heildina eða minna magni eininga) og magni í áhættuvarða liðnum sem hún ver í reynd gegn áhættu með þessum 40 einingum.

B6.4.10 Þó skal tilgreining áhættuvarnartengsla, með því að nota sama áhættuvarnarhlutfall og það sem leiðir af magni í áhættuvarða liðnum og áhættuvarnargerningnum, sem einingin notar í reynd, ekki endurspegla ójafnvægi milli vægis áhættuvarða liðarins og áhættuvarnargerningsins sem myndi aftur leiða til óskilvirkni áhættuvarnar (óháð því hvort færsla hefur átt sér stað) sem kann að leiða til reikningsskilaniðurstöðu sem væri í ósamræmi við tilgang áhættuvarnarreikningsskilanna. Eining verður því, að því er varðar tilgreiningu áhættuvarnartengsla, að leiðrétta áhættuvarnarhlutfallið sem leiðir af því magni áhættuvarða liðarins og áhættuvarnargerningsins sem einingin notar í reynd ef þörf er á því til að komast hjá slíku ójafnvægi.

B6.4.11 Dæmi um viðeigandi atriði við mat á því hvort reikningsskilaleg niðurstaða er í ósamræmi við tilgang áhættu varnarreikningsskilanna eru:

a) hvort fyrirhuguðu áhættuvarnarhlutfalli er komið á til að komast hjá því að færa óskilvirkni áhættuvarnar í sjóðstreymisvarnir eða til að ná fram leiðréttingu á gangvirðisvörn fyrir fleiri áhættuvarða liði með það að markmiði að auka notkun gangverðsreikningsskila en án þess að jafna breytingar á gangvirði áhættuvarnargerningsins og

b) hvort fyrir liggi viðskiptaleg ástæða fyrir tilteknu vægi áhættuvarins liðar og áhættuvarnargernings jafnvel þótt það myndi leiða til óskilvirkni áhættuvarnar. Eining setur t.d. fram og tilgreinir magn áhættuvarnargernings sem er ekki það magn sem hún ákveður að sé besta áhættuvörn áhættuvarða liðarins vegna þess að staðlað magn áhættuvarnargerninganna leyfir ekki að hún setji fram nákvæmlega sama magn í áhættuvarnargerningi („einingarstærðarvandamál“). Dæmi um þetta er eining sem ver 100 tonn af kaffiinnkaupum gegn áhættu með stöðluðum framtíðarsamningum um kaffi þar sem samningsstærð er 37500 pund. Eining gæti aðeins notað annaðhvort fimm eða sex samninga (jafngildi 85,0 og 102,1 tonna, eftir því sem við á) til þess að verja kaup á 100 tonnum gegn áhættu. Í því tilviki tilgreinir eining áhættuvarnartengsl með því að nota það áhættuvarnarhlutfall sem leiðir af þeim fjölda framtíðarsamninga um kaffi sem hún notar í reynd vegna þess að óskilvirkni áhættuvarnar, sem leiðir af ósamræmi milli vægis áhættuvarins liðar og áhættuvarnargernings, myndi ekki leiða til reikningsskilaniðurstöðu sem er í ósamræmi við tilgang áhættuvarnarreikningsskilanna.

Tíðni mats á því hvort kröfur um skilvirkni áhættuvarnar eru uppfylltar

B6.4.12 Eining skal, við upphaf áhættuvarnartengslanna og áfram, meta hvort áhættuvarnartengslin uppfylli kröfur um skilvirkni áhættuvarnar. Eining skal í það minnsta framkvæma áfram mat á hverjum reikningsskiladegi eða þegar veruleg breyting verður á aðstæðum sem hefur áhrif á kröfur um skilvirkni áhættuvarnar, hvort sem ber fyrr að. Matið tengist væntingum um skilvirkni áhættuvarnar og horfir því aðeins til framtíðar.

Aðferð við mat á því hvort kröfur um skilvirkni áhættuvarnar eru uppfylltar

B6.4.13 Þessi staðall tilgreinir ekki aðferð við mat á því hvort áhættuvarnartengsl uppfylli kröfur um skilvirkni áhættuvarnar. Eining skal þó nota aðferð sem nær viðeigandi einkennum áhættuvarnartengslanna, þ.m.t. uppsprettu óskilvirkni áhættuvarnar. Aðferðin getur verið eigindlegt eða megindlegt mat, en það veltur á þessum atriðum.

B6.4.14 Til dæmis getur eining, þegar aðalskilmálar (t.d. nafnverð, gjalddagi og undirliggjandi gerningur) áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins samsvara hver öðrum eða eru vel samræmdir, mögulega ákveðið á grundvelli eigindlegs mats á þessum þýðingarmiklu skilmálum að virði áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins muni almennt hreyfast í gagnstæða átt vegna sömu áhættu og því liggi fyrir efnahagstengsl milli áhættuvarða liðarins og áhættuvarnargerningsins (sjá liði B6.4.4–B6.4.6).

B6.4.15 Sú staðreynd að hagnaður eða tap er af afleiðunni þegar hún er tilgreind sem áhættuvarnargerningur merkir ekki í sjálfu sér að eigindlegt mat eigi ekki við. Það veltur á aðstæðum hvort óskilvirkni áhættuvarnar, sem rekja má til þeirrar staðreyndar, gæti verið af stærð sem eigindlegt mat myndi ekki ná með fullnægjandi hætti.

B6.4.16 Ef þýðingarmiklir skilmálar áhættuvarnargernings og áhættuvarins liðar eru hins vegar ekki vel samræmdir eykst óvissan um umfang jöfnunar. Af þessum sökum er erfiðara að spá fyrir um skilvirkni áhættuvarnar á tímabili áhættuvarnartengslanna. Í þeim aðstæðum verður kannski aðeins mögulegt fyrir einingu að komast að þeirri niðurstöðu á grundvelli megindlegs mats að efnahagstengsl séu fyrir hendi milli áhættuvarða liðarins og áhættuvarnargerningsins (sjá liði B6.4.4–B6.4.6). Við vissar aðstæður kann einnig að vera þörf á megindlegu mati til að meta hvort það áhættuvarnarhlutfall, sem er notað við tilgreiningu áhættuvarnartengslanna, uppfylli kröfur um skilvirkni áhættuvarnar (sjá liði B6.4.9–B6.4.11). Eining getur notað sömu eða ólíkar aðferðir í þessum tvenns konar tilgangi.

B6.4.17 Ef breytingar verða á aðstæðum sem hafa áhrif á skilvirkni áhættuvarnar getur eining þurft að breyta um aðferð við mat á því hvort áhættuvarnartengsl uppfylli kröfur um skilvirkni áhættuvarnar til þess að tryggja að enn sé hægt að ná utan um viðeigandi einkenni áhættuvarnartengslanna, m.a. uppsprettu óskilvirkni áhættuvarnar.

B6.4.18 Áhættustjórnun einingar er helsta uppspretta upplýsinga við framkvæmd mats á því hvort áhættuvarnartengsl uppfylli kröfur um skilvirkni áhættuvarnar. Þetta þýðir að nota má upplýsingar um (eða greiningu á) stjórnun, sem eru notaðar við ákvarðanatöku, sem grundvöll mats á því hvort áhættuvarnartengsl uppfylli kröfur um skilvirkni áhættuvarnar.

B6.4.19 Gögn einingar um áhættuvarnartengslin fela í sér upplýsingar um það hvernig hún mun meta kröfur um skilvirkni áhættuvarnar, m.a. þá aðferð eða aðferðir sem eru notaðar. Uppfæra skal gögn um áhættuvarnartengsl við hvers kyns breytingar á aðferðum (sjá lið B6.4.17).

Færsla áhættuvarnartengsla sem uppfylla skilyrði (þáttur 6.5)

B6.5.1 Dæmi um gangvirðisvörn er vörn gegn áhættu vegna breytinga á gangvirði skuldagernings á föstum vöxtum sem leiðir af breytingum á vöxtum. Útgefandi eða handhafi geta komið sér upp þess háttar áhættuvörn.

B6.5.2 Markmiðið með sjóðstreymisvörn er að fresta hagnaði eða tapi af áhættuvarnargerningnum til tímabils eða tímabila þegar vænt áhættuvarið framtíðarsjóðstreymi hefur áhrif á rekstrarreikning. Dæmi um sjóðstreymisvörn er notkun skiptasamnings til að breyta skuld með fljótandi vöxtum (hvort sem hún er metin á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði) yfir í skuld með föstum vöxtum (þ.e. áhættuvörn fyrir framtíðarviðskipti þegar framtíðarsjóðstreymi, sem er verið að verja, er framtíðarvaxtagreiðslur). Á hinn bóginn eru áætluð kaup á eiginfjárgerningi, sem verða færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þegar þau hafa gengið í gegn, dæmi um lið sem getur ekki verið áhættuvarði liðurinn í sjóðstreymisvörn vegna þess að hagnað eða tap af áhættuvarnargerningnum, sem yrði frestað, væri ekki hægt að endurflokka með viðeigandi hætti í rekstrarreikning á tímabili jöfnunar. Af sömu ástæðu geta áætluð kaup á eiginfjárgerningi, sem eru færð, þegar þau hafa gengið í gegn, á gangvirði með breytingum á gangvirði sem er sett fram í annarri heildarafkomu, heldur ekki verið áhættuvarði liðurinn í sjóðstreymisvörn.

B6.5.3 Áhættuvörn fastrar skuldbindingar (t.d. vörn gegn breytingu á eldsneytisverði í tengslum við ófærða, samningsbundna skuldbindingu rafveitu um að kaupa eldsneyti á föstu verði) er áhættuvörn gegn áhættu vegna breytingar á gangvirði. Í samræmi við það er þess háttar áhættuvörn gangvirðisvörn. Í samræmi við lið 6.5.4 væri þó að öðrum kosti hægt að færa vörn vegna gengisáhættu erlendra gjaldmiðla í fastri skuldbindingu sem sjóðstreymisvörn.

Mat á óskilvirkni áhættuvarnar

B6.5.4 Við mat á óskilvirkni áhættuvarnar skal eining líta til tímavirðis peninga. Af þessum sökum ákvarðar einingin virði áhættuvarða liðarins á grundvelli núvirðis og því felur breytingin á virði áhættuvarða liðarins einnig í sér áhrif af tímavirði peninga.

B6.5.5 Við útreikning á breytingu á virði áhættuvarða liðarins í þeim tilgangi að meta óskilvirkni áhættuvarnar getur eining notað afleiðu sem myndi hafa skilmála sem samsvara aðalskilmálum áhættuvarða liðarins (venjulega er vísað til þessa sem „ímyndaðrar afleiðu“) og yrði t.d. fyrir áhættuvörn áætlaðra framtíðarviðskipta kvarðað með því að nota áhættuvarið verðbil (eða vaxtastig). Ef áhættuvörnin var t.d. vegna tvíhliða áhættu á núverandi markaðsstigi myndi ímyndaða afleiðan standa fyrir ímyndaðan framvirkan samning sem er kvarðaður að núllvirði við tilgreiningu áhættuvarnartengslanna. Ef áhættuvörnin var t.d. einhliða áhætta myndi ímyndaða afleiðan standa fyrir innra virði ímyndaðs valréttar sem er á sléttu (e. *at the money*) við tilgreiningu áhættuvarnartengslanna ef verðbil áhættuvarnarinnar er núverandi markaðsstig eða er í tapi ef áhættuvarið verðbil er yfir (eða undir að því er varðar áhættuvörn gnóttstöðu) núverandi markaðsstigi. Ein möguleg leið til að reikna út breytingu á virði áhættuvarða liðarins er að nota ímyndaða afleiðu. Ímyndaða afleiðan líkir eftir áhættuvarða liðnum og leiðir því til sömu niðurstöðu og þegar þessi breyting á virði er ákveðin með annarri aðferð. Af því leiðir að „ímyndaða afleiðan“ er ekki aðferð sem slík heldur stærðfræðilegt úrræði sem aðeins má nota til að reikna út virði áhættuvarða liðarins. Af þessum sökum er ekki hægt að nota „ímynduðu afleiðuna“ til að telja með þætti í virði áhættuvarða liðarins sem eru aðeins fyrir hendi í áhættuvarnargerningnum (en ekki í áhættuvarða liðnum). Dæmi um þetta er skuld sem er gefin upp í erlendum gjaldmiðli (óháð því hvort hún er á föstum eða breytilegum vöxtum). Þegar ímynduð afleiða er notuð til að reikna út breytinguna á virði slíkrar skuldar eða núverandi virði uppsafnaðrar breytingar á sjóðstreymi hennar getur ímyndaða afleiðan ekki einfaldlega reiknað gjald fyrir það að skipta á milli ólíkra gjaldmiðla jafnvel þótt raunverulegar afleiður, þar sem skipt er ólíkum gjaldmiðlum, kunna að fela í sér slíkt gjald (t.d. vaxtaskiptasamningar milli gjaldmiðla).

B6.5.6 Breytingu á virði áhættuvarins liðar, sem er ákveðin með því að nota ímyndaða afleiðu, má einnig nota í þeim tilgangi að meta hvort áhættuvarnartengsl uppfylla kröfur varðandi skilvirkni áhættuvarnar.

Endurstilling áhættuvarnartengsla og breytinga á áhættuvarnarhlutfalli

B6.5.7 Endurstilling vísar til leiðréttinga á tilgreindu magni áhættuvarða liðarins eða áhættuvarnargerningsins í fyrirliggjandi áhættuvarnartengslum í þeim tilgangi að viðhalda áhættuvarnarhlutfalli sem uppfyllir kröfur varðandi skilvirkni áhættuvarnar. Breytingar á tilgreindu magni áhættuvarins liðar eða áhættuvarnargernings í öðrum tilgangi teljast ekki vera endurstilling að því er þennan staðal varðar.

B6.5.8 Endurstilling er færð sem framhald áhættuvarnartengslanna í samræmi við liði B6.5.9–B6.5.21. Við endurstillingu er óskilvirkni áhættuvarnar í áhættuvarnartengslum ákvörðuð og færð þegar í stað áður en áhættuvarnartengslin eru leiðrétt.

B6.5.9 Leiðrétting á áhættuvarnarhlutfalli gefur einingu færi á að bregðast við breytingum á tengslum milli áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins sem leiðir af undirliggjandi gerningum eða áhættubreytum. Til dæmis er áhættuvarnartengslum, þar sem áhættuvarnargerningurinn og áhættuvarði liðurinn hafa ólíka en skylda undirliggjandi gerninga, breytt ef tengslum milli þessara tveggja undirliggjandi gerninga er breytt (t.d. ólíkir en skyldir viðmiðunarvísar, vextir eða verð). Af þessu leiðir að endurstilling gerir það kleift að viðhalda áhættuvarnartengslum í aðstæðum þar sem tengslin milli áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins breytast á þann hátt sem hægt er að vega upp með því að leiðrétta áhættuvarnarhlutfallið.

B6.5.10 Til dæmis ver eining áhættuskuldbindingu gegn áhættu af gjaldmiðli A með því að nota gjaldmiðilsafleiðu sem vísar til gjaldmiðils B og gjaldmiðlar A og B eru bundnir (þ.e. gengi þeirra er viðhaldið innan tiltekins bils eða á gengi sem seðlabanki eða annað yfirvald ákveður). Ef gengi milli gjaldmiðils A og gjaldmiðils B væri breytt (þ.e. ákveðið væri nýtt bil eða gengi) myndi endurstilling áhættuvarnartengslanna til þess að endurspegla nýja gengið tryggja að áhættuvarnartengslin myndu áfram uppfylla kröfuna um skilvirkni áhættuvarnar að því er varðar áhættuvarnarhlutfallið í nýju aðstæðunum. Ef á hinn bóginn gjaldmiðilsafleiða fer í vanskil myndi breyting á áhættuvarnarhlutfallinu ekki tryggja að áhættuvarnartengslin myndi áfram uppfylla kröfuna um skilvirkni áhættuvarnar. Af þessu leiðir að endurstilling greiðir ekki fyrir viðhaldi áhættuvarnartengsla í aðstæðum þar sem tengslin milli áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins breytast á þann hátt að ekki er hægt að vega það upp með því að leiðrétta áhættuvarnarhlutfallið.

B6.5.11 Breyting á umfangi jöfnunar milli breytinga á gangvirði áhættuvarnargerningsins og gangvirði eða sjóðstreymi áhættuvarða liðarins telst ekki alltaf vera breyting á tengslum milli áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins. Eining greinir uppsprettu óskilvirkni áhættuvarnar sem gert er ráð fyrir að hafi áhrif á áhættuvarnartengslin á meðan þau eru í gildi og metur hvort breytingar á umfangi jöfnunar eru:

a) sveiflur í kringum það áhættuvarnarhlutfall sem helst í gildi (þ.e. heldur áfram að endurspegla með viðeigandi hætti tengslin milli áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins) eða

b) vísbending um að áhættuvarnarhlutfallið endurspegli ekki lengur með viðeigandi hætti tengslin milli áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins.

Eining framkvæmir þetta mat í tengslum við kröfuna um skilvirkni áhættuvarnar vegna áhættuvarnarhlutfallsins, þ.e. til að tryggja að áhættuvarnartengslin endurspegli ekki ójafnvægi milli vægis áhættuvarða liðarins og áhættuvarnargerningsins sem myndi leiða til óskilvirkni áhættuvarnar (óháð því hvort færsla hefur átt sér stað) sem kann að leiða til reikningsskilaniðurstöðu sem væri í ósamræmi við tilgang áhættuvarnarreikningsskilanna. Því þarf að beita dómgreind við matið.

B6.5.12 Ekki er hægt að draga úr sveiflum í kringum stöðugt áhættuvarnarhlutfall (og þar með tengdri óskilvirkni áhættuvarnar) með því að leiðrétta áhættuvarnarhlutfallið í kjölfar hverrar tiltekinnar niðurstöðu. Í þeim aðstæðum er breyting á umfangi jöfnunar því spurning um að meta og færa óskilvirkni áhættuvarnar en krefst ekki endurstillingar.

B6.5.13 Á hinn bóginn, ef breytingar á umfangi jöfnunar gefa til kynna að sveiflan sé í kringum áhættuvarnarhlutfall, sem er ólíkt því áhættuvarnarhlutfalli sem er notað fyrir þessi áhættuvarnartengsl, eða ef leitni er frá áhættuvarnarhlutfallinu má draga úr óskilvirkni áhættuvarnar með því að leiðrétta áhættuvarnarhlutfallið vegna þess að ef því yrði haldið myndi það leiða í auknum mæli til óskilvirkni áhættuvarnar. Við slíkar aðstæður verður eining því að meta hvort áhættuvarnartengslin endurspegli ójafnvægi milli vægis áhættuvarða liðarins og áhættuvarnargerningsins sem myndi leiða til óskilvirkni áhættuvarnar (óháð því hvort færsla hefur átt sér stað) sem kann að leiða til reikningsskilaniðurstöðu sem væri í ósamræmi við tilgang áhættuvarnarreikningsskilanna. Ef áhættuvarnarhlutfall er leiðrétt hefur það líka áhrif á mat og færslu óskilvirkni áhættuvarnar vegna þess að við endurstillingu verður að ákvarða óskilvirkni áhættuvarnar áhættuvarnartengslanna og færa þegar í stað áður en áhættuvarnartengslin eru leiðrétt í samræmi við lið B6.5.8.

B6.5.14 Endurstilling merkir, að því er áhættuvarnarreikningsskil varðar, að eining leiðrétti magn áhættuvarnargerningsins eða áhættuvarða liðarins, eftir að áhættuvarnartengsl hefjast, til þess að bregðast við breytingum á aðstæðum sem hafa áhrif á áhættuvarnarhlutfall þessara áhættuvarnartengsla. Venjulega ætti leiðréttingin að endurspegla leiðréttingar á magni áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins sem hún notar í reynd. Eining verður þó að leiðrétta áhættuvarnarhlutfallið sem leiðir af magni áhættuvarða liðarins eða áhættuvarnargerningsins sem hún notar í reynd ef:

a) áhættuvarnarhlutfallið, sem leiðir af breytingum á magni áhættuvarnargerningsins eða áhættuvarða liðarins sem einingin notar í reynd, myndi endurspegla ójafnvægi sem myndi skapa óskilvirkni áhættuvarnar sem kann að leiða til reikningsskilaniðurstöðu sem væri í ósamræmi við tilgang áhættuvarnarreikningsskilanna eða

b) eining myndi halda eftir magni áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins sem hún notar í reynd, sem leiðir til þess að áhættuvarnahlutfall myndi, við nýjar aðstæður, endurspegla ójafnvægi sem myndi skapa óskilvirkni áhættuvarnar sem kann að leiða til reikningsskilaniðurstöðu sem væri í ósamræmi við tilgang áhættuvarnarreikningsskilanna (þ.e. eining má ekki skapa ójafnvægi með því að sleppa því að leiðrétta áhættuvarnarhlutfallið).

B6.5.15 Endurstilling á ekki við ef markmið áhættustjórnunartengsla hefur breyst. Þess í stað skal hætta áhættuvarnarskilum vegna þessara áhættuvarnartengsla (þrátt fyrir að eining kunni að tilgreina ný áhættuvarnartengsl sem taka til áhættuvarnargerningsins eða áhættuvarða liðarins í fyrri áhættuvarnartengslunum eins og lýst er í lið B6.5.28).

B6.5.16 Ef áhættuvarnartengsl eru endurstillt getur leiðrétting á áhættuvarnarhlutfallinu orðið fyrir áhrifum á ólíkan hátt:

a) auka má vægi áhættuvarða liðarins (sem dregur jafnframt úr vægi áhættuvarnargerningsins) með því að:

(i) auka umfang áhættuvarða liðarins eða

(ii) draga úr umfangi áhættuvarnargerningsins,

b) auka má vægi áhættuvarnargerningsins (sem dregur jafnframt úr vægi áhættuvarða liðarins) með því:

(i) að auka umfang áhættuvarnargerningsins eða

(ii) draga úr umfangi áhættuvarða liðarins.

Breytingar á umfangi vísar til þess magns sem er hluti áhættuvarnartengslanna. Af því leiðir að lækkun á umfangi merkir ekki endilega að liðirnir eða viðskiptin séu ekki lengur fyrir hendi eða að þess sé ekki vænst að þau muni eiga sér stað heldur eru þau ekki hluti af áhættuvarnartengslunum. Ef dregið er sem dæmi úr umfangi áhættuvarnargerningsins getur það leitt til þess að einingin haldi eftir afleiðu en einungis hluti hennar kann að haldast sem áhættuvarnargerningur áhættuvarnartengslanna. Þetta gæti orðið ef aðeins það að draga úr umfangi áhættuvarnargernings áhættuvarnartengslanna gæti haft áhrif á endurstillinguna en þannig að einingin haldi því umfangi sem ekki er lengur þörf fyrir. Í því tilviki yrði ótilgreindi hlutinn af afleiðunni færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (nema hann sé tilgreindur sem áhættuvarnargerningur í öðrum áhættuvarnartengslum).

B6.5.17 Það að lagfæra áhættuvarnarhlutfallið með því að auka umfang áhættuvarða liðarins hefur ekki áhrif á það hvernig breytingarnar á gangvirði áhættuvarnargerningsins eru metnar. Matið á breytingum á virði áhættuvarða liðarins, er tengist því umfangi sem áður var tilgreint, verður ekki fyrir áhrifum. Breytingarnar á virði áhættuvarða liðarins taka allt frá endurstillingardegi þó einnig til breytingarinnar á virði viðbótarumfangs áhættuvarða liðarins. Þessar breytingar eru metnar frá endurstillingardegi, og með vísan til hans, í stað þess dags þegar áhættuvarnartengslin voru tilgreind. Til dæmis ef eining hefur í upphafi varið 100 tonn af vöru gegn áhættu á framvirka verðinu 80 GE (framvirkt verð við upphaf áhættuvarnartengslanna) og 10 tonn til viðbótar við endurstillingu þegar framvirkt verð var 90 GE myndi áhættuvarði liðurinn hafa tvö lög eftir endurstillingu: 100 tonn sem eru áhættuvarin á 80 GE og 10 tonn á 90 GE.

B6.5.18 Það að lagfæra áhættuvarnarhlutfallið með því að draga úr umfangi áhættuvarnargerningsins hefur ekki áhrif á það hvernig breytingarnar á gangvirði áhættuvarða liðarins eru metnar. Mat á breytingum á gangvirði áhættuvarnargerningsins, er tengist því umfangi sem áður var tilgreint, verður ekki heldur fyrir áhrifum. Frá endurstillingardegi er það umfang, sem áhættuvarnargerningurinn var lækkaður um, þó ekki lengur hluti áhættuvarnartengslanna. Ef eining varði til dæmis í upphafi gegn verðáhættu hrávöru með því að nota 100 tonna afleiðu sem áhættuvarnargerning og lækkar það umfang um 10 tonn við endurstillingu myndi nafnverð 90 tonna af umfangi áhættuvarnargerningsins standa eftir (sjá lið B6.5.16 að því er varðar afleiðingar af afleiðuumfangi (þ.e. 10 tonnin) sem eru ekki lengur hluti af áhættuvarnartengslunum).

B6.5.19 Það að lagfæra áhættuvarnarhlutfallið með því að auka umfang áhættuvarnargerningsins hefur ekki áhrif á það hvernig breytingarnar á virði áhættuvarða liðarins eru metnar. Mat á breytingum á gangvirði áhættuvarnargerningsins, er tengist því umfangi sem áður var tilgreint, verður ekki heldur fyrir áhrifum. Breytingar á gangvirði áhættuvarnargerningsins taka allt frá endurstillingardegi þó einnig til breytinga á virði viðbótarumfangs áhættuvarnargerningsins. Þessar breytingar eru metnar frá endurstillingardegi, og með vísan til hans, í stað þess dags þegar áhættuvarnartengslin voru tilgreind. Ef eining varði til dæmis í upphafi gegn verðáhættu hrávöru með því að nota 100 tonna afleiðu sem áhættuvarnargerning og bætti við 10 tonnum við endurstillingu verður afleiðuumfang áhættuvarnargerningsins eftir endurstillingu 110 tonn. Breyting á gangvirði áhættuvarnargerningsins er heildarbreyting á gangvirði afleiðnanna sem mynda 110 tonn heildarumfangið. Þýðingarmiklir skilmálar þessara afleiðna gætu verið (og væru líklega) ólíkir, s.s. framvirkir vextir þeirra, vegna þess að gerðir voru samningar um þá á ólíkum tímum (þ.m.t. möguleikann á að tilgreina afleiður í áhættuvarnartengslum eftir upphafsfærslu þeirra).

B6.5.20 Það að lagfæra áhættuvarnarhlutfallið með því að draga úr umfangi áhættuvarða liðarins hefur ekki áhrif á það hvernig breytingar á gangvirði áhættuvarnargerningsins eru metnar. Mat á breytingum á virði áhættuvarnargerningsins, er tengist því umfangi sem áður var tilgreint, verður ekki heldur fyrir áhrifum. Það umfang, sem áhættuvarði liðurinn var lækkaður um, er þó ekki lengur hluti áhættuvarnartengslanna frá endurstillingardegi. Ef eining hefur, svo dæmi sé tekið, varið 100 tonn af vöru gegn áhættu á framvirku verði sem er 80 GE og dregur úr umfanginu um 10 tonn við endurstillingu yrði áhættuvarði liðurinn 90 tonn á 80 GE eftir endurstillingu. Þessi 10 tonn áhættuvarða liðarins, sem eru ekki lengur hluti af áhættuvarnartengslunum, yrðu færð í samræmi við kröfur um aflagningu áhættuvarnarreikningsskila (sjá liði 6.5.6–6.5.7 og B6.5.22–B6.5.28).

B6.5.21 Við endurstillingu áhættuvarnartengsla skal eining uppfæra greiningu sína á uppsprettu óskilvirkni áhættuvarnar sem gert er ráð fyrir að hafi áhrif á áhættuvarnartengslin á (eftirstæðum) gildistíma þeirra (sjá lið B6.4.2). Uppfæra skal gögn um áhættuvarnartengslin til samræmis við það.

Aflagning áhættuvarnarreikningsskila

B6.5.22 Aflagningu áhættuvarnarreikningsskila er beitt framvirkt frá þeim degi þegar skilyrði eru ekki lengur uppfyllt.

B6.5.23 Eining skal ekki hætta að tilgreina, og þar með leggja af, áhættuvarnartengsl sem:

a) uppfylla enn markmið áhættustjórnunar en á grundvelli hennar uppfylltu þau skilyrði áhættuvarnar-reikningsskila (þ.e. einingin stefnir enn að markmiði áhættustjórnunar) og

b) uppfylla áfram öll skilyrði (eftir að tekið hefur verið tillit til hvers kyns endurstillingar áhættuvarnartengsla, ef við á).

B6.5.24 Að því er þennan staðal varðar er áhættustýringaráætlun einingar aðgreind frá markmiðum hennar um áhættu stjórnun. Áhættustýringaráætluninni er komið á fót á æðsta stigi innan einingar sem ákveður hvernig hún stjórnar áhættu sinni. Í áhættustýringaráætlunum eru yfirleitt greindar þær áhættur sem einingin er óvarin gegn og sett fram hvernig einingin bregst við þeim. Venjulega gildir áhættustýringaráætlun til lengri tíma og í henni getur verið nokkur sveigjanleiki til þess að bregðast við breyttum aðstæðum sem upp koma á gildistíma áætlunarinnar (t.d. aðrir vextir eða annað hrávöruverð sem leiðir til mismikillar áhættuvarnar). Þetta er alla jafna sett fram í almennu skjali sem fer niður hvert þrep einingarinnar með stefnum þar sem fram koma sértækar leiðbeiningar. Aftur á móti á markmið áhættustjórnunar vegna áhættuvarnartengsla við á stigi tiltekinna áhættuvarnartengsla. Það tengist því hvernig tiltekinn áhættuvarnargerningur, sem hefur verið tilgreindur, er notaður til þess að verja þá tilteknu áhættuskuldbindingu sem hefur verið tilgreind sem áhættuvarinn liður. Af því leiðir að áhættustýringaráætlun getur tekið til margra ólíkra áhættuvarnartengsla þar sem markmið áhættustjórnunar tengjast því að koma þessari heildaráhættustýringaráætlun til framkvæmda. Dæmi:

a) eining hefur áætlun um að stjórna vaxtaáhættu sinni við skuldafjármögnun þar sem vaxtabil fyrir eininguna í heild er blanda af breytilegum vöxtum og föstum vöxtum. Áætlunin á að halda milli 20 og 40% af skuldinni á föstum vöxtum. Einingin ákveður öðru hverju hvernig framkvæma skuli þessa stefnu (þ.e. hvernig hún staðsetur sig á bilinu 20 til 40% áhættu með föstum vöxtum) eftir því hvert vaxtastigið er. Ef vextir eru lágir setur einingin meira af skuldum á fasta vexti en þegar vextir eru háir. Skuldir einingar eru 100 GE á breytilegum vöxtum þar sem 30 GE er skipt yfir í áhættu á föstum vöxtum. Einingin nýtir lága vexti til þess að gefa út viðbótarskuld upp á 50 GE til þess að fjármagna stóra fjárfestingu en það gerir hún með því að gefa út skuldabréf á föstum vöxtum. Í ljósi þessara lágu vaxta ákveður einingin að fastsetja áhættu sína á föstum vöxtum við 40% af heildarskuldinni með því að lækka þá áhættu sem hún hafði áður áhættuvarið á breytilegum vöxtum um 20 GE þannig að niðurstaðan verður að áhætta á föstum vöxtum verður 60 GE. Í þessum aðstæðum helst sjálf áhættustýringaráætlunin óbreytt. Aftur á móti hefur framkvæmd einingarinnar á þessari áætlun breyst og það þýðir, að því er varðar þá áhættu upp á 20 GE sem var áður áhættuvarin á breytilegum vöxtum, að markmið áhættustjórnunar hefur breyst (þ.e. á stigi áhættuvarnartengsla). Af þessu leiðir að við þessar aðstæður verður að hætta áhættuvarnarreikningsskilum fyrir 20 GE af þeirri áhættu sem var áður áhættuvarin á breytilegum vöxtum. Þetta getur falið í sér að draga úr skiptastöðunni (e. *swap position*) um 20 GE á nafnverði en eining gæti, allt eftir því hverjar aðstæður eru, haldið eftir umfangi til að skipta og notað það t.a.m. til að verja aðra áhættu eða það gæti orðið hluti af veltubók. Aftur á móti ef eining skipti þess í stað hluta af nýrri skuld sinni á föstum vöxtum í áhættuskuldbindingu á breytilegum vöxtum yrði að halda áhættuvarnar-reikningsskilum áfram fyrir þá áhættuskuldbindingu á breytilegum vöxtum sem var áður varin,

b) sumar áhættuskuldbindingar eru afleiðing staðna sem breytast oft, t.d. vaxtaáhætta í opnu eignasafni skuldagerninga. Það að bæta við nýjum skuldagerningum og afskrá stöðugt skuldagerninga breytir áhættuskuldbindingunni (þ.e. þetta er ólíkt stöðu sem fær einfaldlega að falla í gjalddaga). Þetta er virkt ferli þar sem bæði áhættuskuldbindingin og áhættuvarnargerningarnir, sem eru notaðir til að stjórna henni, haldast ekki eins lengi. Af þessum sökum leiðréttir eining með slíka áhættuskuldbindingu oft áhættuvarnargerninga, sem er notaðir til að stjórna vaxtaáhættu, eftir því sem áhættuskuldbindingin breytist. Þannig eru t.d. skuldagerningar með 24 mánaða eftirstæðan gildistíma tilgreindir sem áhættuvarinn liður með vaxtaáhættu til 24 mánaða. Sama ferli er beitt gagnvart öðrum tímabilum eða binditímum. Eftir stutt tímabil hættir einingin öllum, sumum eða hluta áhættuvarnartengsla sem voru tilgreind áður vegna binditíma og tilgreinir ný áhættuvarnartengsl vegna binditíma á grundvelli stærðar þeirra og þeirra áhættuvarnargerninga sem fyrir liggja á þeim tíma. Það að leggja af áhættuvarnarreikningsskil við þessar aðstæður endurspeglar að þessum áhættuvarnartengslum er komið á með þeim hætti að einingin lítur til nýs áhættuvarnargernings og nýs áhættuvarins liðar í stað áður tilgreinds áhættuvarnargernings og áhættuvarins liðar. Áhættustýringaráætlunin helst óbreytt en ekkert áframhaldandi markmið áhættustjórnunar er fyrir hendi fyrir þessi áður tilgreindu áhættuvarnartengsl sem eru sem slík ekki lengur fyrir hendi. Við þær aðstæður gildir aflagning áhættuvarnarreikningsskila að því marki sem markmið áhættustjórnunar hefur breyst. Þetta veltur á aðstæðum einingar og gæti t.a.m. haft áhrif á öll eða einungis sum áhættuvarnartengsl á binditíma eða aðeins hluta áhættuvarnartengsla,

c) eining hefur áhættustýringaráætlun um það hvernig hún stjórnar gengisáhættu erlendra gjaldmiðla í áætlaðri sölu og þeim viðskiptakröfum sem af því leiðir. Einingin stjórnar gengisáhættu erlendra gjaldmiðla í áætluninni eins og sérstökum áhættuvarnartengslum einungis fram að færslu viðskiptakröfunnar. Eftir það stjórnar einingin ekki lengur gengisáhættu erlendra gjaldmiðla á þeirri forsendu að um sérstök áhættuvarnartengsl sé að ræða. Þess í stað stjórnar hún saman gengisáhættu erlendra gjaldmiðla af viðskiptakröfum, skuldum og afleiðum (sem tengjast ekki áætluðum framtíðarviðskiptum sem ekki hafa enn verið framkvæmd), sem er gefnar upp í erlendum gjaldmiðli. Þetta virkar eins og „náttúruleg“ áhættuvörn að því er reikningsskil varðar vegna þess að hagnaður og tap af gengisáhættu erlendra gjaldmiðla af öllum þessum liðum eru færð þegar í stað í rekstrarreikning. Ef áhættuvarnartengslin eru tilgreind fyrir tímabil fram að greiðsludegi skal því hætta færslu þeirra, með hliðsjón af reikningsskilum, þegar viðskiptakrafan er færð vegna þess að markmið áhættustjórnunar í upphaflegu áhættuvarnartengslunum á ekki lengur við. Gengisáhættu erlendra gjaldmiðla er nú stjórnað innan sömu áætlunar en á annarri forsendu. Ef eining hafði aftur á móti annað markmið í áhættustjórnun og stjórnaði gengisáhættu erlendra gjaldmiðla sem einum stöðugum áhættuvarnartengslum sérstaklega fyrir þessa áætluðu sölu og þá viðskiptakröfu sem af þessu leiðir fram að uppgjörsdegi myndu áhættuvarnarreikningsskilin halda áfram til þess dags.

B6.5.25 Aflagning áhættuvarnarreikningsskila getur haft áhrif á:

a) áhættuvarnartengsl í heild sinni eða

b) hluta áhættuvarnartengsla (sem þýðir að áhættuvarnarreikningsskil halda áfram til loka áhættuvarnartengslanna).

B6.5.26 Áhættuvarnartengsl eru lögð af í heild sinni þegar þau sem heild hætta að uppfylla skilyrði. Dæmi:

a) uppfylla áhættuvarnartengslin ekki lengur markmið áhættustjórnunar en á grundvelli hennar uppfylltu þau skilyrði áhættuvarnarreikningsskila (þ.e. einingin stefnir ekki lengur að markmiði áhættustjórnunar),

b) búið er að selja eða fella niður áhættuvarnargerning eða -gerninga (í tengslum við allt umfangið sem var hluti áhættuvarnartengslanna) eða

c) ekki eru lengur fyrir hendi efnahagstengsl milli áhættuvarða liðarins og áhættuvarnargerningsins eða útlánaáhætta fer að hafa ríkjandi áhrif á þær virðisbreytingar sem leiðir af þessum efnahagstengslum.

B6.5.27 Hluti áhættuvarnartengsla hefur verið lagður af (og áhættuvarnarreikningsskil halda áfram til loka þeirra) þegar aðeins hluti af áhættuvarnartengslunum uppfyllir ekki lengur skilyrði. Dæmi:

a) mætti, að því er varðar endurstillingu áhættuvarnartengslanna, leiðrétta áhættuvarnarhlutfallið þannig að hluti umfangs áhættuvarða liðarins er ekki lengur hluti af áhættuvarnartengslunum (sjá lið B6.5.20); af þeim sökum eru áhættuvarnarreikningsskil aflögð aðeins fyrir það umfang áhættuvarða liðarins sem er ekki lengur hluti af áhættuvarnartengslunum eða

b) þegar ekki eru lengur miklar líkur á að hluti af umfangi áhættuvarða liðarins, sem er áætluð framtíðarviðskipti (eða hluti af þeim), komi til með að eiga sér stað eru áhættuvarnarreikningsskilin aflögð aðeins fyrir það umfang áhættuvarða liðarins sem er ekki lengur miklar líkur á að verði. Ef eining á sér hins vegar sögu um að hafa tilgreint áhættuvörn fyrir áætluð framtíðarviðskipti og hefur síðar ákvarðað að ekki sé lengur gert ráð fyrir því að af þessum áætluðu framtíðarviðskiptum verði er geta einingarinnar til að spá fyrir um áætluð framtíðarviðskipti dregin í efa þegar spáð er fyrir um sambærileg áætluð framtíðarviðskipti. Þetta hefur áhrif á mat á því hvort verulegar líkur séu á sambærilegum áætluðum framtíðarviðskiptum (sjá lið 6.3.3) og þar með hvort þau uppfylli skilyrði fyrir því að teljast áhættuvarðir liðir.

B6.5.28 Eining getur tilgreint ný áhættuvarnartengsl sem taka til áhættuvarnargernings eða áhættuvarins liðar í fyrri áhættuvarnartengslum þar sem áhættuvarnarreikningsskil hafa verið lögð af (í heild eða að hluta). Þetta telst ekki vera framhald áhættuvarnartengsla heldur að byrjað hafi verið að nýju. Dæmi:

a) verði áhættuvarnargerningur fyrir svo alvarlegri skerðingu á lánstrausti að einingin setur nýjan áhættu varnargerning í hans stað. Þetta þýðir að upphaflegu áhættuvarnartengslunum tókst ekki að sýna fram á að markmiði áhættustjórnunar hafi verið náð og eru því aflögð í heild sinni. Nýi áhættuvarnargerningurinn er tilgreindur sem áhættuvörn sömu áhættuskuldbindingar og var áður varin og myndar ný áhættuvarnartengsl. Af þeim sökum eru breytingar á gangvirði eða sjóðstreymi áhættuvarða liðarins metnar frá þeim degi, og með vísan til hans, þegar nýju áhættuvarnartengslin voru tilgreind en ekki þeim degi þegar upphaflegu áhættu-varnartengslin voru tilgreind,

b) eru áhættuvarnartengsl aflögð fyrir lok gildistíma þeirra. Tilgreina má áhættuvarnargerninginn í þessum áhættuvarnartengslum sem áhættuvarnargerning í öðrum áhættuvarnartengslum (t.d. þegar áhættu-varnarhlutfallið er leiðrétt við endurstillingu með því að auka umfang áhættuvarnargerningsins eða þegar ný áhættuvarnartengsl eru tilgreind í heild sinni).

Reikningsskil tímavirðis valréttarsamninga

B6.5.29 Líta má svo á að valréttarsamningur tengist tímabili vegna þess að tímavirði hans stendur fyrir gjald fyrir þá vernd sem handhafi valréttarsamningsins nýtur yfir ákveðið tímabil. Viðeigandi þáttur að því er varðar mat á því hvort valréttur verji viðskipti gegn áhættu eða tímatengdur áhættuvarinn lið eru þó einkenni á áhættuvarða liðnum, m.a. því hvort og hvernig hann hefur áhrif á rekstrarreikning. Af því leiðir að eining skal meta tegund áhættuvarins liðar (sjá a-lið í lið 6.5.15) á grundvelli eðlis áhættuvarða liðarins (óháð því hvort áhættuvarnartengslin eru sjóð-streymisvörn eða gangvirðisvörn):

a) tímavirði valréttarins tengist viðskiptatengdum áhættuvörðum lið ef eðli áhættuvarða liðarins er viðskipti þar sem tímavirði ber einkenni kostnaðar við viðskiptin. Dæmi um þetta er þegar tímavirði valréttar tengist áhættuvörðum lið sem leiðir til færslu liðar þar sem upphaflegt mat felur í sér viðskiptakostnað (t.d. ver eining hrávörukaup, hvort sem um er að ræða áætluð framtíðarviðskipti eða fasta skuldbindingu, gegn hrávöru-verðsáhættu og tekur með viðskiptakostnað í upphaflegu mati á birgðaskrá). Afleiðing af því að fella tímavirði valréttar inn í upphaflegt mat tiltekins áhættuvarins liðar er að tímavirðið hefur áhrif á rekstrarreikninginn á sama tíma og áhættuvarði liðurinn. Á sama hátt myndi eining, sem ver sölu á hrávöru gegn áhættu, hvort sem um er að ræða áætluð framtíðarviðskipti eða fasta skuldbindingu, taka með tímavirði valréttar sem hluta af kostnaði sem tengist þeirri sölu (þannig yrði tímavirðið fært í rekstrarreikning á sama tímabili og tekjur af áhættuvörðu sölunni),

b) tímavirði valréttar tengist tímatengdum áhættuvörðum lið ef eðli áhættuvarða liðarins er með þeim hætti að tímavirðið ber einkenni kostnaðar við að njóta verndar gegn áhættu yfir tiltekið tímabil (en áhættuvarði liðurinn leiðir ekki til viðskipta sem taka til viðskiptakostnaðar í samræmi við a-lið). Ef hrávörubirgðir eru t.d. varðar gegn lækkun gangvirðis í sex mánuði með því að nota hrávöruvalrétt með samsvarandi líftíma myndi tímavirði valréttarins verða ráðstafað í rekstrarreikning (þ.e. afskrifaður á kerfisbundinn og rökréttan hátt) yfir sex mánaða tímabil. Annað dæmi er áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri sem er áhættuvarinn í 18 mánuði með því að nota gengisvalrétt sem myndi leiða til ráðstöfunar tímavirðis valréttarins yfir 18 mánaða tímabil.

B6.5.30 Einkenni áhættuvarða liðarins, m.a. hvernig og hvenær hann hefur áhrif á rekstrarreikning, hafa einnig áhrif á tímabilið þegar tímavirði valréttar, sem ver tímatengdan áhættuvarinn lið, er afskrifað sem er í samræmi við tímabilið þegar innra virði valréttarins getur haft áhrif á rekstrarreikning í samræmi við áhættuvarnarreikningsskil. Sem dæmi, ef valréttur að vöxtum (þak) er notaður til að verjast auknum vaxtakostnaði á skuldabréfi á fljótandi vöxtum er tímavirði þaksins afskrifað í rekstrarreikningi yfir sama tímabil og innra virði þaksins myndi hafa áhrif á rekstrarreikning:

a) ef vextir áhættuvarnar þaksins hækka á fyrstu þremur árum af heildarlíftíma fimm ára skuldabréfs á fljótandi vöxtum er tímavirði þaksins afskrifað á fyrstu þremur árunum eða

b) ef þakið er framvirkur upphafsvalréttur sem ver gegn hækkun vaxta á ári tvö og þrjú af heildarlíftíma fimm ára skuldabréfs á fljótandi vöxtum er tímavirði þaksins afskrifað á ári tvö og þrjú.

B6.5.31 Reikningsskil vegna tímavirðis valréttarsamninga í samræmi við lið 6.5.15 eiga einnig við um sambland keypts og útgefins valréttar (annar er söluréttur og hinn kaupréttur) sem hefur á þeim degi þegar áhættuvarnargerningur er tilgreindur hreint tímavirði á núlli (almennt kallað „ókeypis verðþak“ (e. *zero-cost collar*). Í því tilviki skal eining færa hvers kyns breytingar á tímavirði í aðra heildarafkomu jafnvel þótt uppsöfnuð breyting á tímavirði á heildartímabili áhættuvarnartengslanna sé núll. Ef tímavirði valréttar varðar:

a) viðskiptatengdan áhættuvarinn lið myndi fjárhæð tímavirðis við lok áhættuvarnartengslanna, sem leiðréttir áhættuvarða liðinn eða er endurflokkuð í rekstrarreikning (sjá b-lið í lið 6.5.15), þar með verða á núlli,

b) tímatengdan áhættuvarinn lið er afskriftarkostnaður sem tengist tímavirðinu þar með á núlli.

B6.5.32 Reikningsskil vegna tímavirðis valréttarsamninga í samræmi við lið 6.5.15 eiga einungis við að því marki sem tímavirðið tengist áhættuvarða liðnum (aðlagað tímavirði). Tímavirði valréttarins tengist áhættuvarða liðnum ef þýðingarmiklir skilmálar valréttarins (s.s. nafnverð, líftími og undirliggjandi gerningar) eru lagaðar að áhættuvarða liðnum. Ef þýðingarmiklir skilmálar valréttarins og áhættuvarða liðarins eru ekki aðlagaðir að fullu skal eining af þeim sökum ákvarða aðlagaða tímavirðið, þ.e. hve mikið af tímavirðinu, sem fellur undir yfirverðið (raunverulegt tímavirði), tengist áhættuvarða liðnum (og ætti því að fara með í samræmi við lið 6.5.15). Eining ákveður aðlagaða tímavirðið með því að nota virði valréttarins sem myndi hafa þýðingarmikla skilmála sem passa fullkomlega við áhættuvarða liðinn.

B6.5.33 Ef raunverulegt tímavirði og aðlagað tímavirði er ólíkt skal eining ákveða þá fjárhæð sem safnast upp í sérstökum eiginfjárþætti í samræmi við lið 6.5.15 sem hér segir:

a) ef raunverulegt tímavirði er, við upphaf áhættuvarnartengslanna, hærra en aðlagað tímavirði skal einingin:

(i) ákveða þá fjárhæð sem safnast upp í sérstökum eiginfjárþætti á grundvelli aðlagaðs tímavirðis og

(ii) gera grein fyrir muninum á gangvirðisbreytingunum milli þessara tveggja tilvika tímavirðis í rekstrar-reikningi,

b) ef raunverulegt tímavirði er, við upphaf áhættuvarnartengslanna, lægra en aðlagað tímavirði skal einingin ákveða þá fjárhæð sem safnast upp í sérstökum eiginfjárþætti með vísan til þeirrar uppsöfnuðu breytingar á gangvirði sem er lægri:

(i) raunverulegt tímavirði og

(ii) aðlagað tímavirði.

Færa skal eftirstöðvar breytingarinnar á gangvirði raunverulegs tímavirðis í rekstrarreikning.

Reikningsskil framvirks þáttar í framvirkum samningum og grunnálags erlendra gjaldmiðla í fjármálagerningum

B6.5.34 Líta má svo á að framvirkur samningur tengist tímabili vegna þess að framvirki þátturinn í honum sýnir gjöld fyrir tímabil (sem er lánstíminn sem hann er ákvarðaður fyrir). Viðeigandi þáttur að því er varðar mat á því hvort áhættuvarnargerningur verji viðskipti gegn áhættu eða tímatengdan áhættuvarinn lið eru þó einkenni á áhættuvarða liðnum, m.a. því hvort og hvernig hann hefur áhrif á rekstrarreikning. Af því leiðir að eining skal meta tegund áhættuvarins liðar (sjá lið 6.5.16 og a-lið í lið 6.5.15) á grundvelli eðlis áhættuvarða liðarins (óháð því hvort áhættuvarnartengslin eru sjóðstreymisvörn eða gangvirðisvörn):

a) framvirkur þáttur valréttarins tengist viðskiptatengdum áhættuvörðum lið ef eðli áhættuvarða liðarins er viðskipti þar sem framvirki þátturinn ber einkenni kostnaðar við viðskiptin. Dæmi um þetta er þegar framvirkur þáttur tengist áhættuvörðum lið sem leiðir til færslu liðar þar sem upphaflegt mat felur í sér viðskiptakostnað (t.d. ver eining birgðakaup, sem eru gefin upp í erlendum gjaldmiðli, hvort sem um er að ræða áætluð framtíðarviðskipti eða fasta skuldbindingu, gegn gengisáhættu erlendra gjaldmiðla og tekur með viðskiptakostnað í upphaflegu mati á birgðum). Afleiðing af því að fella framvirka þáttinn inn í upphaflegt mat tiltekins áhættuvarins liðar er að framvirki þátturinn hefur áhrif á rekstrarreikninginn á sama tíma og áhættuvarði liðurinn. Á sama hátt myndi eining, sem ver sölu hrávöru, sem er gefin upp í erlendum gjaldmiðli, gegn gengisáhættu erlendra gjaldmiðla, hvort sem um er að ræða áætluð framtíðarviðskipti eða fasta skuldbindingu, taka með framvirka þáttinn sem hluta af kostnaði sem tengist þeirri sölu (þannig yrði framvirki þátturinn færður í rekstrarreikning á sama tímabili og tekjur af áhættuvörðu sölunni),

b) tímavirði valréttar tengist tímatengdum áhættuvörðum lið ef eðli áhættuvarða liðarins er með þeim hætti að tímavirðið ber einkenni kostnaðar við að njóta verndar gegn áhættu yfir tiltekið tímabil (en áhættuvarði liðurinn leiðir ekki til viðskipta sem taka til viðskiptakostnaðar í samræmi við a-lið). Ef hrávörubirgðir eru t.d. varðar gegn breytingum á gangvirði í sex mánuði með því að nota framvirkan hrávörusamning með samsvarandi líftíma myndi framvirka þættinum verða ráðstafað í rekstrarreikning (þ.e. afskrifaður á kerfisbundinn og rökréttan hátt) yfir sex mánaða tímabil. Annað dæmi er áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri sem er áhættuvarinn í 18 mánuði með því að nota framvirkan samning í erlendum gjaldeyri sem myndi leiða til ráðstöfunar framvirka þáttarins í framvirka samningnum yfir það 18 mánaða tímabil.

B6.5.35 Einkenni áhættuvarða liðarins, m.a. hvernig og hvenær hann hefur áhrif á rekstrarreikning, hafa einnig áhrif á tímabilið þegar framvirkur þáttur í framvirkum samningi, sem ver tímatengdan áhættuvarinn lið, er afskrifaður, þ.e. á tímabilinu sem framvirki þátturinn tengist. Ef framvirkur samningur ver t.d. áhættuskuldbindingu gegnum breytileika þriggja mánaða vaxta í þrjá mánuði sem hefjast eftir sex mánuði er framvirki þátturinn afskrifaður á tímabilinu sem nær frá sjöunda til níunda mánaðar.

B6.5.36 Reikningsskil vegna framvirka þáttarins í framvirkum samningi í samræmi við lið 6.5.16 eiga einnig við ef framvirki þátturinn er á núlli á þeim degi þegar framvirki samningurinn er tilgreindur sem áhættuvarnargerningur. Í því tilviki skal eining færa hvers kyns breytingar á gangvirði sem rekja má til framvirka þáttarins í aðra heildarafkomu jafnvel þótt uppsöfnuð breyting á gangvirði, sem rekja má til framvirka þáttarins á heildartímabili áhættuvarnartengslanna, sé núll. Ef framvirki þátturinn í framvirkum samningi varðar:

a) viðskiptatengdan áhættuvarinn lið myndi fjárhæð tengd framvirka þættinum við lok áhættuvarnartengslanna, sem leiðréttir áhættuvarða liðinn eða er endurflokkuð í rekstrarreikning (sjá b-lið í lið 6.5.15 og lið 6.5.16), þar með verða á núlli,

b) tímatengdan áhættuvarinn lið er afskriftarfjárhæð sem tengist framvirka þættinum þar með á núlli.

B6.5.37 Reikningsskil vegna framvirka þáttarins í framvirkum samningum í samræmi við lið 6.5.16 eiga einungis við að því marki sem framvirki þátturinn tengist áhættuvarða liðnum (aðlagaður framvirkur þáttur). Framvirki þátturinn í framvirkum samningi tengist áhættuvarða liðnum ef þýðingarmiklir skilmálar framvirka samningsins (s.s. nafnverð, líftími og undirliggjandi gerningar) eru lagaðir að áhættuvarða liðnum. Ef þýðingarmiklir skilmálar framvirka samningsins og áhættuvarða liðarins eru ekki aðlagaðir að fullu skal eining af þeim sökum ákvarða aðlagaða framvirka þáttinn, þ.e. hve mikið af tímavirðinu, sem fellur undir framvirka samninginn (raunverulegt tímavirði), tengist áhættuvarða liðnum (og ætti því að fara með í samræmi við lið 6.5.16). Eining ákveður aðlagaða framvirka þáttinn með því að nota virði framvirka samningsins sem myndi hafa þýðingarmikla skilmála sem passa fullkomlega við áhættuvarða liðinn.

B6.5.38 Ef raunverulegur framvirkur þáttur og aðlagaður framvirkur þáttur eru ólíkir skal eining ákveða þá fjárhæð sem safnast upp í sérstökum eiginfjárþætti í samræmi við lið 6.5.16 sem hér segir:

a) ef fastsett fjárhæð raunverulegs framvirks þáttar er, við upphaf áhættuvarnartengslanna, hærri en aðlagaði framvirki þátturinn skal einingin:

(i) ákveða þá fjárhæð sem safnast upp í sérstökum eiginfjárþætti á grundvelli aðlagaða framvirka þáttarins og

(ii) gera grein fyrir muninum á gangvirðisbreytingunum milli þessara tveggja framvirku þátta í rekstrarreikningi,

b) ef raunveruleg fjárhæð framvirka þáttarins er, við upphaf áhættuvarnartengslanna, lægra en aðlagaður framvirkur þáttur skal einingin ákveða þá fjárhæð sem safnast upp í sérstökum eiginfjárþætti með vísan til þeirrar uppsöfnuðu breytingar á gangvirði sem er lægri:

(i) hrein fjárhæð raunverulegs framvirks þáttar og

(ii) hrein fjárhæð aðlagaðs framvirks þáttar.

Færa skal eftirstöðvar breytingarinnar á gangvirði raunverulegs framvirks þáttar í rekstrarreikning.

B6.5.39 Þegar eining aðgreinir grunnálag erlenda gjaldmiðilsins frá fjármálagerningi og útilokar það frá tilgreiningu þess fjármálagernings sem áhættuvarnargernings (sjá b-lið í lið 6.2.4) á beiting leiðbeiningar í liðum B6.5.34–B6.5.38 við um grunnálag erlenda gjaldmiðilsins á sama hátt og þeim er beitt gagnvart framvirkum þætti í framvirkum samningi.

Áhættuvörn flokks liða (þáttur 6.6)

Áhættuvörn hreinnar stöðu

Skilyrði áhættuvarnarreikningsskila og tilgreiningar hreinnar stöðu

B6.6.1 Hrein staða uppfyllir skilyrði vegna áhættuvarnarreikningsskila því aðeins að eining verji gegn áhættu á hreinum grunni að því er áhættustjórnun varðar. Það hvort eining verji gegn áhættu á þennan hátt þarf að byggjast á staðreyndum (ekki aðeins fullyrðingum eða gögnum). Af þeim sökum getur eining því ekki beitt áhættuvarnarreikningsskilum á hreinum grunni einungis til að ná tiltekinni reikningsskilalegri niðurstöðu ef það myndi ekki endurspegla áhættustjórnunaraðferð hennar. Áhættuvörn hreinnar stöðu verður að vera hluti fastrar áhættustjórnunaraðferðar. Venjulega myndu lykilstarfsmenn í stjórnunarstöðum samþykkja þetta eins og skilgreint er í IAS-staðli 24.

B6.6.2 Sem dæmi hefur eining A, en starfrækslugjaldmiðill hennar er innlendur gjaldmiðill hennar, fasta skuldbindingu um að greiða 150 000 EEG vegna auglýsingakostnaðar eftir níu mánuði og fasta skuldbindingu um að selja fullunnar vörur á 150 000 EEG eftir 15 mánuði. Eining A gerir samning um afleiðu í erlendum gjaldmiðli, sem er gerð upp eftir níu mánuði, en samkvæmt honum fær hún 100 EEG og greiðir 70 GE. Eining A hefur engar aðrar áhættuskuldbindingar í EEG. Eining A stjórnar ekki gengisáhættu erlendra gjaldmiðla á hreinum grunni. Af því leiðir að eining A getur ekki beitt áhættuvarnarreikningsskilum gagnvart áhættuvarnartengslum milli afleiðu í erlendum gjaldmiðli og hreinnar stöðu upp á 100 EEG (samanstendur af 150 000 EEG fastrar kaupskuldbindingar, þ.e. auglýsingaþjónusta, og 149 900 EEG (af þessum 150 000 EEG) fastrar söluskuldbindingar) á níu mánaða tímabili.

B6.6.3 Ef eining A stjórnaði gengisáhættu erlendra gjaldmiðla á hreinum grunni og gerði ekki samning um afleiðu í erlendum gjaldmiðli (vegna þess að hún jók áhættuskuldbindingu sína í erlendum gjaldmiðli í stað þess að draga úr henni) myndi hún vera í eðlilegri áhættuvarinni stöðu í níu mánuði. Venjulega myndi þessi áhættuvarða staða ekki endurspeglast í reikningsskilunum vegna þess að viðskiptin eru færð á ólíkum reikningsskilatímabilum í framtíðinni. Þessi hreina núllstaða myndi uppfylla skilyrði fyrir áhættuvarnarreikningsskilum því aðeins að skilyrði liðar 6.6.6 hafi verið uppfyllt.

B6.6.4 Þegar flokkur liða, sem teljast vera hrein staða, er tilgreindur sem áhættuvarinn liður skal eining tilgreina heildarflokk liða sem tekur til þeirra liða sem geta myndað hreinu stöðuna. Einingu er ekki heimilt að tilgreina ótilgreinda brúttófjárhæð hreinnar stöðu. Eining hefur sem dæmi flokk fastra söluskuldbindinga á níu mánaða tímabili fyrir 100 EEG og flokk fastra kaupskuldbindinga á 18 mánaða tímabili fyrir 120 EEG. Einingin getur ekki tilgreint brúttófjárhæð hreinnar stöðu að 20 EEG. Þess í stað verður hún að tilgreina heildarfjárhæð kaupa og heildarfjárhæð sölu sem hafa saman gefið tilefni til áhættuvarinnar hreinnar stöðu. Eining skal tilgreina vergar stöður sem leiða til hreinu stöðunnar þannig að einingin geti uppfyllt kröfur varðandi reikningsskil áhættuvarnartengsla sem uppfylla skilyrði.

Beiting krafna um skilvirkni áhættuvarnar þegar hrein staða er varin gegn áhættu.

B6.6.5 Þegar eining ákvarðar hvort kröfur c-liðar í lið 6.4.1 um skilvirkni áhættuvarnar hafa verið uppfylltar þegar hún ver hreina stöðu skal hún líta til breytinga á virði liðanna í hreinu stöðunni sem hafa svipuð áhrif og áhættuvarnargerningurinn í tengslum við breytingu á gangvirði áhættuvarnargerningsins. Eining hefur sem dæmi flokk fastra söluskuldbindinga á níu mánaða tímabili fyrir 100 EEG og flokk fastra kaupskuldbindinga á 18 mánaða tímabili fyrir 120 EEG. Hún ver gegn gengisáhættu erlendra gjaldmiðla í hreinni stöðu á 20 EEG með því að nota framvirkan gjaldmiðlasamning fyrir 20 EEG. Þegar eining ákvarðar hvort kröfur c-liðar í lið 6.4.1 hafa verið uppfylltar skal hún líta til tengsla milli:

a) breytinga á gangvirði framvirka gjaldmiðlasamningsins ásamt gengisáhættu erlendra gjaldmiðla sem tengist breytingum á virði fastra söluskuldbindinga og

b) gengisáhættu erlendra gjaldmiðla í tengslum við virði fastra kaupskuldbindinga.

B6.6.6 Á sama hátt myndi eining, ef hún hefur, í dæminu í lið B6.6.5, hreina stöðu á núlli, líta á tengslin milli gengisáhættu erlendra gjaldmiðla, sem tengist breytingum á virði fastra söluskuldbindinga, og breytinga á gengisáhættu erlendra gjaldmiðla á virði fastra kaupskuldbindinga þegar hún ákvarðar hvort kröfur um skilvirkni áhættuvarnar í c-lið í lið 6.4.1 hafa verið uppfylltar.

Sjóðstreymisvörn sem telst vera hrein staða

B6.6.7 Þegar eining ver flokk liða gegn áhættu með áhættustöðum sem jafna hver aðra út (þ.e. hrein staða) veltur það á tegund áhættuvarnar hvort skilyrði fyrir áhættuvarnarreikningsskilum séu uppfyllt. Ef áhættuvörnin er gangvirðisvörn getur hrein staða uppfyllt skilyrði sem áhættuvarinn liður. Ef áhættuvörnin er hins vegar sjóðstreymisvörn getur hrein staða aðeins uppfyllt skilyrði sem áhættuvarinn liður ef vörn gengisáhættu erlendra gjaldmiðla og tilgreining þeirrar hreinu stöðu tiltekur reikningsskilatímabilið þegar þess er vænst að áætluð framtíðarviðskipti hafi áhrif á rekstrarreikning og tiltekur einnig eðli þeirra og umfang.

B6.6.8 Eining hefur, svo dæmi sé tekið, hreina stöðu sem samanstendur af neðsta lagi sölu upp á 100 EEG og neðsta lagi kaupa upp á 150 EEG. Bæði sala og kaup eru gefin upp í sama erlenda gjaldmiðlinum. Til þess að tiltaka tilgreiningu áhættuvarinnar hreinnar stöðu með fullnægjandi hætti tiltekur einingin í upphaflegum gögnum áhættuvarnartengslanna að sala geti tekið til vöru A eða vöru B og að kaup geti verið á vélbúnaði af tegund A, vélbúnaði af tegund B og hráefni A. Einingin tiltekur einnig umfang viðskiptanna eftir tegundum. Einingin skráir að neðsta lag sölu (100 EEG) samanstendur af áætluðu sölumagni fyrir 70 EEG af vöru A og fyrstu 30 EEG af vöru B. Ef gert er ráð fyrir því að þetta sölumagn hafi áhrif á rekstrarreikning á ólíkum reikningsskilatímabilum myndi einingin setja það fram í gögnunum, t.d. að gert er ráð fyrir því að fyrstu 70 EEG af sölu á afurð A hafi áhrif á rekstrarreikning á fyrsta reikningsskilatímabili og að fyrstu 30 EEG af sölu á afurð B hafi áhrif á rekstrarreikning á öðru reikningsskilatímabili. Einingin skráir líka að neðsta lag kaupanna (150 EEG) samanstandi af kaupum á fyrstu 60 EEG af vélbúnaði af tegund A, fyrstu 40 EEG af vélbúnaði af tegund B og fyrstu 50 EEG af hráefni A. Ef gert er ráð fyrir því að þetta kaupmagn hafi áhrif á rekstrarreikning á ólíkum reikningsskilatímabilum myndi einingin setja fram í gögnunum aðgreiningu kaupmagns eftir þeim reikningsskilatímabilum þar sem gert er ráð fyrir að þau hafi áhrif á rekstrarreikning (svipað því hvernig hún skráir sölumagn). Til dæmis myndu áætluð framtíðarviðskipti vera tilgreind sem:

a) fyrstu 60 EEG af kaupum á vélbúnaði af tegund A sem gert er ráð fyrir að hafi áhrif á rekstrarreikning af þriðja reikningsskilatímabili á næstu tíu reikningsskilatímabilum,

b) fyrstu 40 EEG af kaupum á vélbúnaði af tegund B sem gert er ráð fyrir að hafi áhrif á rekstrarreikning af fjórða reikningsskilatímabili á næstu 20 reikningsskilatímabilum og

c) fyrstu 50 EEG af kaupum á hráefni A sem gert er ráð fyrir að tekið verði við á þriðja reikningsskilatímabili og selt, þ.e. hefur áhrif á rekstrarreikning, á því og næsta reikningsskilatímabili.

Þegar eðli áætlaðra framtíðarviðskipta er tiltekið myndi það taka til þátta á borð við afskriftarmynsturs fyrir liði varanlegra rekstrarfjármuna af sömu tegund ef eðli þessara liða er með þeim hætti að afskriftarmynstur gæti verið breytilegt allt eftir því hvernig einingin notar þessa liði. Til dæmis, ef einingin notar hluta af vélbúnaði af tegund A í tveimur mismunandi framleiðsluferlum, sem leiðir til aðferðar línulegrar afskriftar yfir tíu reikningsskilatímabil og framleiðslueiningaaðferðarinnar, eftir því sem við á, myndi hún, í þeim gögnum sem varða áætluð kaup á vélbúnaði af tegund A, skipta magninu eftir þessum afskriftarmynstrum.

B6.6.9 Fjárhæðir, sem eru ákvarðaðar í samræmi við lið 6.5.11, skulu, að því er varðar sjóðstreymisvörn hreinnar stöðu, fela í sér þær breytingar á virði liðanna í hreinu stöðunni sem hafa svipuð áhrif og áhættuvarnargerningurinn í tengslum við breytingu á gangvirði áhættuvarnargerningsins. Breytingarnar á virði liðanna í hreinu stöðunni, sem hafa svipuð áhrif og áhættuvarnargerningurinn, eru hins vegar aðeins færðar þegar viðskiptin sem þær tengjast eru færð, s.s. þegar áætluð sala er færð sem tekjur. Eining hefur sem dæmi flokk afar líklegra áætlaðra söluviðskipta á níu mánaða tímabili fyrir 100 EEG og flokk afar líklegra áætlaðra kaupviðskipta á 18 mánaða tímabili fyrir 120 EEG. Hún ver gegn gengisáhættu erlendra gjaldmiðla í hreinni stöðu á 20 EEG með því að nota framvirkan gjaldmiðlasamning fyrir 20 EEG. Þegar ákvarðaðar eru fjárhæðir sem eru færðar í varasjóð sjóðstreymisvarnar í samræmi við a- til b-liðar í lið 6.5.11 ber einingin saman:

a) breytingu á gangvirði framvirka gjaldmiðlasamningsins, ásamt gengisáhættu erlendra gjaldmiðla sem tengist breytingum á virði afar líklegra áætlaðra söluviðskipta, og

b) gengisáhættu erlendra gjaldmiðla í tengslum við breytingar á virði afar líklegra áætlaðra kaupviðskipta.

Einingin færir þó aðeins fjárhæðir sem tengjast framvirkum gjaldmiðlasamningi þar til afar líkleg áætluð söluviðskipti eru færð í reikningsskilin en þá er hagnaður eða tap af þessum áætluðu framtíðarviðskiptum færð (þ.e. breytingin á virði sem rekja má til breytingarinnar á gengi milli þess sem áhættuvarnartengsl eru tilgreind og tekjur eru færðar).

B6.6.10 Ef einingin hefur í dæminu hreina núllstöðu myndi hún á sama hátt bera saman gengisáhættu erlendra gjaldmiðla, sem tengjast breytingum á virði afar líklegra áætlaðra söluviðskipta, og gengisáhættu erlendra gjaldmiðla sem tengist breytingum á virði afar líklegra áætlaðra kaupviðskipta. Þessar fjárhæðir eru þó því aðeins færðar að tengd áætluð framtíðarviðskipti hafi verið færð í reikningsskilin.

Lög flokka liða sem eru tilgreindir sem áhættuvarinn liður

B6.6.11 Af sömu ástæðum og greint er frá í lið B6.3.19 verður við tilgreiningu lags í flokkum fyrirliggjandi liða að greina sérstaklega nafnverð flokks liða þaðan sem áhættuvarða lagið er komið.

B6.6.12 Í áhættuvarnartengslum geta falist lög úr nokkrum ólíkum flokkum liða. Þannig geta áhættuvarnartengsl, í áhættuvörn hreinnar stöðu flokks eigna og flokks skulda, t.d. falið í sér, í sameiningu, lag í flokki eigna og lag í flokki skulda.

Framsetning hagnaðar eða taps af áhættuvarnargerningi

B6.6.13 Ef liðir eru varðir saman gegn áhættu sem flokkur í sjóðstreymisvörn gætu þeir haft áhrif á ólíkar sérlínur í rekstrarreikningi og annarri heildarafkomu. Framsetning áhættuvarins hagnaðar eða taps í rekstrarreikningnum veltur á flokki liða.

B6.6.14 Ef flokkur liða hefur ekki áhættustöður sem jafna hver aðra út (t.d. flokkur kostnaðar í erlendum gjaldmiðli sem hefur áhrif á ólíkar sérlínur í rekstrarreikningnum og annarri heildarafkomu sem eru varðar gegn gengisáhættu erlendra gjaldmiðla) skal endurflokkuðum hagnaði eða tapi af áhættuvarnargerningnum skipt á sérlínur sem verða fyrir áhrifum af áhættuvörðu liðunum. Þessi skipting skal gerð með skipulögðum og rökréttum hætti og ekki leiða til uppreiknings hreins hagnaðar eða taps sem leiðir af stökum áhættuvarnargerningi.

B6.6.15 Ef flokkur liða hefur áhættustöður sem jafna hver aðra út (t.d. flokkur sölu og kostnaðar sem eru gefin upp í erlendum gjaldmiðli eru áhættuvarðar saman vegna gengisáhættu erlendra gjaldmiðla) skal einingin setja áhættuvarinn hagnað eða tap í sérlínur í rekstrarreikningi og annarri heildarafkomu. Sem dæmi má nefna áhættuvörn vegna gengisáhættu erlendra gjaldmiðla í hreinni stöðu 100 EEG sölu í erlendum gjaldmiðli og 80 EEG kostnaðar í erlendum gjaldmiðli með því að nota framvirkan gjaldmiðlasamning upp á 20 EEG. Hagnaður eða tap af framvirkum gjaldmiðlasamningi, sem er endurflokkað úr varasjóði sjóðstreymisvarnar í rekstrarreikning (þegar hrein staða hefur áhrif á rekstrarreikning), skal sett fram í sérlínu úr áhættuvarinni sölu og kostnaði. Ef salan á sér enn fremur stað á tímabili, sem er á undan tímabili kostnaðar, eru sölutekjur áfram metnar á stundargengi í samræmi við IAS-staðal 21. Tengdur áhættuvarinn hagnaður eða tap er sett fram í sérlínu þannig að rekstrarreikningur endurspegli áhrif af áhættuvörn á hreina stöðu, með samsvarandi leiðréttingu á varasjóði sjóðstreymisvarnar. Þegar áhættuvarinn kostnaður hefur áhrif á rekstrarreikning á síðara tímabili er áhættuvarinn hagnaður eða tap, sem var áður fært í varasjóð sjóðstreymisvarnar vegna sölunnar, endurflokkað í rekstrarreikning og sett fram í sérlínu úr liðum sem tóku til áhættuvarins kostnaðar, sem er metinn á stundargengi í samræmi við IAS-staðli 21.

B6.6.16 Markmið áhættuvarnarinnar er, að því er sumar tegundir gangvirðisvarnar varðar, ekki fyrst og fremst að jafna gangvirðisvörn áhættuvarða liðarins heldur fremur að umbreyta sjóðstreymi áhættuvarða liðarins. Eining ver t.d. gangvirðisvaxtaáhættu skuldagernings á föstum vöxtum gegn áhættu með því að nota vaxtaskiptasamning. Áhættuvarnarmarkmið einingarinnar er að umbreyta sjóðstreymi á föstum vöxtum í sjóðstreymi á breytilegum vöxtum. Þetta markmið endurspeglast í reikningsskilum vegna áhættuvarnartengsla með því að safna saman hreinum áföllnum vöxtum af vaxtaskiptasamningi í rekstrarreikningi. Ef um er að ræða áhættuvörn hreinnar stöðu (t.d. hrein staða eignar á föstum vöxtum og skuldar á föstum vöxtum) verður að setja þessa hreinu uppsöfnuðu vexti fram í sérlínu í rekstrarreikningi og annarri heildarafkomu. Þetta er til að komast hjá uppreikningi hreins hagnaðar eða taps af stökum gerningi til þess að jafna vergar fjárhæðir og færa þær í ólíka liði (t.d. kemur þetta í veg fyrir uppreikning á hreinum vaxtatekjum af stökum vaxtaskiptasamningi í vergum vaxtatekjum og vergum vaxtakostnaði).

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTING (7. KAFLI)

Umbreyting (þáttur 7.2)

Fjáreignir ætlaðar til veltuviðskipta

B7.2.1 Á upphafsdegi beitingar þessa staðals verður eining að ákveða hvort markmið viðskiptalíkans einingarinnar vegna stjórnunar fjáreignar hennar uppfylli skilyrðið í a-lið í lið 4.1.2 eða skilyrðið í a-lið í lið 4.1.2 A eða hvort fjáreign uppfylli skilyrði fyrir valinu í lið 5.7.5. Eining skal, í þeim tilgangi, ákveða hvort fjáreignir séu í samræmi við skilgreininguna á því að vera ætlaðar til veltuviðskipta ef einingin hefur keypt eignirnar á upphafsdegi beitingar.

Virðisrýrnun

B7.2.2 Við umbreytingu skal eining leitast við að áætla útlánaáhættu við upphafsfærslu með því að líta til allra raunhæfra og rökstuddra upplýsinga sem fyrir liggja án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar. Þess er ekki krafist að eining leggi í tæmandi leit að upplýsingum við að ákvarða, á umbreytingardegi, hvort útlánaáhætta hafi aukist verulega frá upphafsfærslu. Ef eining er ekki fær um að taka þessa ákvörðun án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar gildir liður 7.2.20.

B7.2.3 Til þess að ákvarða niðurfærslu fjármálagerninga (eða lánsskuldbindinga eða samninga með fjárhagslegri tryggingu sem einingin gerðist aðili að), sem voru færðir fyrir upphafsdag beitingar, skal eining, bæði við umbreytingu og fram að afskráningu þessara liða, líta til upplýsinga sem máli skipta við ákvörðun eða áætlun útlánaáhættu við upphafsfærslu. Til þess að ákvarða eða áætla upphaflega útlánaáhættu getur eining litið til innri og ytri upplýsinga, m.a. eignasafnsupplýsinga, í samræmi við liði B5.5.1–B5.5.6.

B7.2.4 Eining, sem býr yfir rýrum sögulegum upplýsingum, getur notað upplýsingar úr innri skýrslum og tölfræðilegar upplýsingar (sem kunna að hafa verið teknar saman þegar tekin var ákvörðun um að markaðssetja nýja vöru), upplýsingar um svipaðar vörur eða reynslu sambærilegra eininga að því er varðar sambærilega fjármálagerninga, ef við á.

SKILGREININGAR (VIÐBÆTIR A)

Afleiður

BA.1 Dæmigerðar afleiður eru framtíðarsamningur og framvirkir samningar, skiptasamningar og valréttarsamningar. Afleiða hefur yfirleitt grundvallarfjárhæð sem er gjaldmiðilsfjárhæð, fjöldi hlutabréfa, fjöldi þyngdar- eða magneininga eða annarra eininga sem eru tilgreindar í samningnum. Í afleiðugerningi er þess þó ekki krafist að handhafi eða seljandi afleiðugernings greiði eða taki við grundvallarfjárhæðinni við gildistöku samningsins. Á hinn bóginn gæti verið gerð krafa í afleiðusamningi um fasta greiðslu eða greiðslu fjárhæðar sem getur breyst (en ekki í hlutfalli við breytingu á því sem liggur til grundvallar) vegna einhverra atburða í framtíðinni sem tengjast ekki grundvallarfjárhæðinni. Í samningi gæti t.d. verið krafist fastrar fjárhæðar, sem nemur 1000 GE, ef sex mánaða LIBOR-vextir hækka um 100 grunnstig. Slíkur samningur er afleiða jafnvel þótt grundvallarfjárhæð sé ekki tilgreind.

BA.2 Skilgreining á afleiðu í þessum staðli tekur til samninga sem eru greiddir upp í heild með afhendingu á því sem liggur til grundvallar (t.d. framvirkur samningur um að kaupa skuldagerning á föstum vöxtum). Eining getur verið aðili að samningi um að kaupa eða selja ófjárhagslegan lið sem hægt er að gera upp með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum (t.d. samningi um að kaupa eða selja vöru á föstu verði á tilgreindum degi í framtíðinni). Slíkur samningur fellur innan gildissviðs þessa staðals nema hann hafi verið gerður og gildi áfram í þeim tilgangi að afhending fari fram á ófjárhagslegum lið í samræmi við áætlaða þörf einingarinnar fyrir kaup, sölu eða notkun. Þó gildir þessi staðall um slíka samninga við vænt kaup einingar, sölu eða notkunarkröfur ef einingin setur fram tilgreiningu í samræmi við lið 2.5 (sjá liði 2.4–2.7).

BA.3 Eitt sem er einkennandi fyrir afleiðu er að hrein upphafsfjárfesting vegna hennar er lægri en gerð væri krafa um vegna annarra samningsgerða sem vænta mætti að hefðu sambærilega svörun gagnvart breytingum á markaðsþáttum, Valréttarsamningur fellur að þeirri skilgreiningu vegna þess að yfirverðið er lægra en sú fjárfesting sem þyrfti til að öðlast fjármálagerninginn sem liggur til grundvallar og valrétturinn er tengdur. Gjaldmiðlaskipti, sem krefjast í upphafi skipta á mismunandi gjaldmiðlum á jöfnu gangvirði, falla að skilgreiningunni vegna þess að hrein upphafsfjárfesting þeirra er núll.

BA.4 Reglubundin kaup eða sala leiðir til fastrar verðskuldbindingar frá viðskiptadegi til uppgjörsdags sem fellur að skilgreiningunni á afleiðu. Vegna þess hve skuldbindingin nær yfir skamman tíma er hún þó ekki færð sem afleiðufjármálagerningur. Í þessum staðli er þess í stað kveðið á um sérstaka reikningsskilaaðferð fyrir þess háttar reglubundna samninga (sjá liði 3.1.2 og B3.1.3–B3.1.6).

BA.5 Skilgreiningin á afleiðu á við ófjárhagslegar breytur sem eiga ekki sérstaklega við aðila að samningnum. Þær taka til vísitölu vegna tjóns af völdum jarðskjálfta á tilteknu svæði og vísitölu fyrir hitastig í tiltekinni borg. Ófjárhagslegar breytur sem eiga sérstaklega við aðila að samningnum taka t.d. til elds sem brýst út, eða ekki, og skemmir eða eyðileggur eign aðila að samningnum. Breyting á gangvirði ófjárhagslegrar eignar á sérstaklega við eigandann ef gangvirðið endurspeglar ekki aðeins breytingar á markaðsverði slíkra eigna (fjárhagsleg breyta) heldur einnig ástand tilgreindrar ófjárhagslegrar eignar (ófjárhagsleg breyta). Ef t.d. ábyrgð á hrakvirði tiltekinnar bifreiðar gerir ábyrgðaraðila óvarinn fyrir áhættu af breytingum á efnislegu ástandi bifreiðarinnar á breytingin á hrakvirðinu sérstaklega við eiganda bifreiðarinnar.

Fjáreignir eða fjárskuldir ætlaðar til veltuviðskipta

BA.6 Viðskipti felast yfirleitt í virkum og tíðum kaupum og sölu og fjármálagerningar sem er haldið til veltuviðskipta eru notaðir með það að markmiði að mynda hagnað af skammvinnum sveiflum í verði eða hlutdeild söluaðila.

BA.7 Til fjárskulda sem eru ætlaðar til veltuviðskipta teljast:

a) afleiðuskuldir sem eru ekki færðar sem áhættuvarnargerningar,

b) skuldbindingar um að afhenda fjáreignir sem skortseljandi (þ.e. eining sem selur fjáreignir sem hún hefur fengið að láni og á ekki enn þá) hefur fengið að láni,

c) fjárskuldir, sem stofnað er til í þeim tilgangi að kaupa þær aftur í náinni framtíð (t.d. skráður skuldagerningur sem útgefandi getur keypt aftur í náinni framtíð eftir því hvaða breytingar verða á gangvirði hans) og

d) fjárskuldir, sem eru hluti safns skilgreindra fjármálagerninga sem er stýrt sameiginlega og gögn sýna nýlegt mynstur skammtímahagnaðar á því.

BA.8 Það að skuld sé notuð til að fjármagna viðskiptastarfsemi felur í sjálfu sér ekki í sér að skuldin sé fjárskuld sem er ætluð til veltuviðskipta.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 10 (IFRS-staðall 10)

Samstæðureikningsskil

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum IFRS-staðli er að koma á meginreglum um framsetningu og gerð samstæðureikningsskila þegar eining hefur yfirráð yfir einni eða fleiri einingum.

Markmiðið uppfyllt

2 Í því skyni að uppfylla markmiðið í 1. lið felur þessi IFRS-staðall í sér:

a) kröfu um að eining (*móðurfélagið*) sem hefur yfirráð yfir einni eða fleiri einingum (*dótturfélög*) leggi fram samstæðureikningsskil,

b) skilgreiningu á meginreglunni um *yfirráð* og fastsetur yfirráð sem grundvöll samstæðu,

c) lýsingu á því hvernig skal beita meginreglunni um yfirráð til að greina hvort fjárfestir hefur yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í og skuli því taka félagið sem fjárfest er í með í samstæðureikningsskil,

d) kröfurnar um reikningsskil við gerð samstæðureikningsskila, og

e) skilgreiningu á fjárfestingareiningu og setur fram undanþágu frá því að taka með í samstæðu tiltekin dótturfélög fjárfestingareiningar.

3 Í þessum IFRS-staðli er ekki fjallað um reikningsskilakröfur við sameiningu fyrirtækja og áhrif þeirra á samstæðu, þ.m.t. viðskiptavild sem myndast við sameiningu fyrirtækja (sjá IFRS-staðal 3, *sameining fyrirtækja*).

GILDISSVIÐ

4 Eining sem er móðurfélag skal setja fram samstæðureikningsskil. Þessi IFRS-staðall gildir um allar einingar, nema í eftirfarandi tilvikum:

a) móðurfélag þarf ekki að leggja fram samstæðureikningsskil ef það uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

(i) það sé sjálft dótturfélag, sem er að öllu leyti í eigu eins móðurfélags eða er að hluta til í eigu annarrar einingar og allir aðrir eigendur þess, þ.m.t. þeir sem ekki hafa með öðrum hætti atkvæðisrétt, hafi fengið upplýsingar um og ekki andmælt því að móðurfélagið setji ekki fram samstæðureikningsskil,

(ii) að ekki séu höfð viðskipti með skulda- eða eiginfjárgerninga þess á almennum markaði (innlendum eða erlendum kauphöllum eða opnum tilboðsmarkaði, þ.m.t. stað- og svæðisbundnir markaðir),

(iii) það hafi ekki lagt inn né sé að leggja inn reikningsskil sín hjá verðbréfaeftirlitsstofnun eða annarri eftirlitsstofnun í þeim tilgangi að gefa út flokk verðbréfa á almennum markaði og

(iv) að endanlega móðurfélagið eða eitthvert millistigsmóðurfélag þess leggi fram reikningsskil, sem eru tiltæk almenningi og honum til afnota og fylgja IFRS-stöðlum, þar sem dótturfélög eru tekin með í samstæðureikningsskil eða metin á gangvirði í rekstrarreikningi í samræmi við þennan IFRS-staðal.

b) [felldur brott].

c) [felldur brott].

4A Þessi IFRS-staðall gildir ekki um eftirlaunakerfi eða önnur langtímastarfskjarakerfi sem IAS-staðall 19, *starfskjör*, gildir um.

4B Móðurfélag sem er fjárfestingareining skal ekki leggja fram samstæðureikningsskil ef þess er krafist, í samræmi við 31. lið þessa IFRS-staðals, að hún meti öll dótturfélög sín á gangvirði í rekstrarreikningi.

EFTIRLIT

5 Fjárfestir, án tillits til þess með hvaða hætti þátttaka hans er í einingu (félaginu sem fjárfest er í), skal ákvarða hvort hann er móðurfélag með því að meta hvort hann hafi yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í.

6 Fjárfestir hefur yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í þegar hann ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegrar ávöxtunar vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í og getur haft áhrif á þennan ávinning með valdi sínu yfir félaginu sem fjárfest er í.

7 Því hefur fjárfestir aðeins yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í ef fjárfestirinn uppfyllir allt af eftirfarandi:

a) hann hefur vald yfir félaginu sem fjárfest er í (sjá 10.–14. lið),

b) hann ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegrar ávöxtunar vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í (sjá 15. og 16. lið), og

c) hann getur með valdi sínu yfir félaginu sem fjárfest er í haft áhrif á ávöxtun fjárfestisins af fjárfestingunni (sjá 17. og 18. lið).

8 Þegar fjárfestir leggur mat á það hvort hann hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í skal hann taka til athugunar alla málavexti og aðstæður. Fjárfestirinn skal endurmeta hvort hann hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í ef málavextir og aðstæður gefa til kynna breytingar á einum eða fleiri af þeim þremur þáttum yfirráða sem tilgreindir eru í 7. lið (sjá liði B80–B85).

9 Tveir eða fleiri fjárfestar hafa sameiginleg yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í ef þeir þurfa að vinna saman til að stýra viðkomandi starfsemi. Í slíkum tilvikum, þar sem enginn fjárfestir getur stýrt starfseminni án samvinnu hinna fjárfestanna, hefur enginn fjárfestir einn yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í. Hver og einn fjárfestir skal gera grein fyrir hagsmunum sínum í félaginu sem fjárfest er í, í samræmi við viðeigandi IFRS-staðla, s.s. IFRS-staðal 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*, eða IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar*.

Vald

10 Fjárfestir hefur vald yfir félagi sem fjárfest er í ef fjárfestirinn hefur gildandi réttindi sem veita honum núverandi getu til að stýra *viðeigandi starfsemi*, þ.e. starfsemi sem hefur veruleg áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í.

11 Vald er afleiðing réttinda. Stundum getur mat á valdi verið einfalt, t.d. þegar vald yfir félagi sem fjárfest er í er fengið beint og eingöngu með atkvæðisréttinum sem fylgir eiginfjárgerningum s.s. hlutabréfum, og unnt er að meta það að teknu tilliti til atkvæðisréttar sem fylgir þessari hlutafjáreign. Í öðrum tilvikum er matið flóknara og krefst þess að tekið sé tillit til fleiri en eins þáttar, t.d. ef vald er afleiðing einnar eða fleiri samningsbundinna skyldna.

12 Fjárfestir sem hefur núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi hefur vald jafnvel þótt réttindi hans til að stýra hafi ekki enn verið nýtt. Sönnun um að fjárfestir hafi stýrt viðeigandi starfsemi getur hjálpað til að ákvarða hvort fjárfestir hafi vald, en slík sönnunargögn skera í sjálfu sér ekki endanlega úr um það hvort fjárfestirinn hafi vald yfir félagi sem fjárfest er í.

13 Ef tveir eða fleiri fjárfestar hafa, hver um sig, gildandi réttindi sem veita þeim einhliða getu til að stýra mismunandi viðeigandi starfsemi hefur sá fjárfestir sem hefur núverandi getu til að stýra þeirri starfsemi sem hefur mest áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í vald yfir félaginu sem fjárfest er í.

14 Fjárfestir getur haft vald yfir félagi sem fjárfest er í jafnvel þótt aðrar einingar hafi gildandi réttindi sem veita þeim núverandi réttindi til að taka þátt í stýringu á viðeigandi starfsemi, t.d. þegar önnur eining hefur *veruleg áhrif*. Fjárfestir sem aðeins hefur verndarréttindi skal þó ekki hafa vald yfir félagi sem fjárfest er í (sjá liði B26–B28) og hefur þar af leiðandi ekki yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í.

Skil

15 Fjárfestir ber áhættu, eða hefur réttinn til að njóta breytilegrar ávöxtunar vegna þátttöku í félagi sem fjárfest er í ef ávöxtun fjárfestisins af þátttöku er breytileg sem afleiðing af frammistöðu félagsins sem fjárfest er í. Ávöxtun fjárfestisins getur verið eingöngu jákvæð, eingöngu neikvæð eða bæði jákvæð og neikvæð.

16 Þrátt fyrir að einungis einn fjárfestir geti haft yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í geta fleiri en einn aðili skipt á milli sín ávöxtun af félagi sem fjárfest er í. Sem dæmi geta eigendur hluta sem ekki eru ráðandi skipt á milli sín hagnaði eða útgreiðslum félags sem fjárfest er í.

Tengsl á milli valds og ávöxtunar

17 Fjárfestir hefur yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í ef fjárfestirinn hefur ekki aðeins vald yfir félaginu sem fjárfest er í og ber áhættu eða á rétt á breytilegri ávöxtun vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í, heldur hefur einnig getu til að beita valdi sínu til að hafa áhrif á ávöxtun fjárfestisins af þátttöku sinni í félaginu sem fjárfest er í.

18 Af þeim sökum skal fjárfestir sem hefur ákvarðanatökuvald ákvarða hvort hann sé umbjóðandi eða umboðsaðili. Fjárfestir sem er umboðsaðili í samræmi við liði B58–B72 hefur ekki yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í þegar hann nýtir ákvarðanatökurétt sem honum var falinn.

REIKNINGSSKILAKRÖFUR

19 Móðurfélag skal gera samstæðureikningsskil og nota við það samræmdar reikningsskilaaðferðir fyrir sams konar viðskipti og aðra atburði við sambærilegar aðstæður.

20 Samstæðugerð félags sem fjárfest er í skal hefjast frá þeim degi sem fjárfestirinn nær yfirráðum yfir félaginu sem fjárfest er í og ljúka þegar fjárfestirinn missir yfirráð yfir félaginu sem fjárfest var í.

21 Í liðum B86–B93 eru settar fram leiðbeiningar um gerð samstæðureikningsskila.

Hlutir sem ekki eru ráðandi

22 Móðurfélag skal setja fram hluti sem ekki eru ráðandi innan eigin fjár í efnahagsreikningi samstæðunnar, aðgreinda frá eigin fé móðurfélagsins.

23 Breytingar á eignarhaldi móðurfélags á dótturfélagi, sem leiða ekki til taps móðurfélagsins á yfirráðum yfir dótturfélagi, eru viðskipti með eigið fé (þ.e. viðskipti við eigendur í hlutverki sínu sem eigendur).

24 Í liðum B94–B96 eru settar fram leiðbeiningar um færslu hluta sem ekki eru ráðandi í samstæðureikningsskilum.

Tap á yfirráðum

25 Ef móðurfélag tapar yfirráðum yfir dótturfélagi skal móðurfélagið:

a) afskrá eignir og skuldir fyrrum dótturfélags úr samstæðuefnahagsreikningnum,

b) færa allar fjárfestingar í fyrrum dótturfélagi, sem haldið er, á gangvirði ef yfirráð tapast og síðan færa þær ásamt öllum fjárhæðum sem það á inni hjá eða skuldar fyrrum dótturfélaginu í samræmi við viðeigandi IFRS-staðla. Það gangvirði telst vera gangvirði við upphafsfærslu fjáreignar í samræmi við IFRS-staðal 9 eða, ef við á, kostnaður við upphafsfærslu fjárfestingar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri,

c) færa hagnað eða tap í tengslum við tap á yfirráðum sem tengist fyrrum ráðandi hlut.

26 Í liðum B97–B99 eru settar fram leiðbeiningar um færslu vegna taps á yfirráðum.

ÁKVÖRÐUN Á ÞVÍ HVORT EINING SÉ FJÁRFESTINGAREINING

27 Móðurfélag skal ákvarða hvort það sé fjárfestingareining. Fjárfestingareining er eining sem:

a) fær fjármagn frá einum eða fleiri fjárfestum í þeim tilgangi að veita viðkomandi fjárfesti eða fjárfestum þjónustu á sviði fjárfestingarstýringar,

b) skuldbindur sig gagnvart fjárfesti eða fjárfestum sínum að tilgangur viðskipta hennar sé eingöngu að fjárfesta til að ná fram verðmætisaukningu, fjárfestingartekjum, eða bæði, og

c) mælir og metur árangur nánast allra fjárfestinga sinna á gangvirði.

Ákvæði liða B85A–B85M veita leiðbeiningar um beitingu í þessu samhengi.

28 Við mat á því hvort hún fellur að skilgreiningunni sem lýst er í 27. lið skal eining taka til athugunar hvort hún hafi eftirfarandi dæmigerð einkenni fjárfestingareiningar:

a) hún á fleiri en eina fjárfestingu (sjá liði B85O–B85P),

b) hún hefur fleiri en einn fjárfesti (sjá liði B85Q–B85S),

c) fjárfestar hennar eru aðilar sem ekki eru tengdir einingunni (sjá liði B85T–B85U), og

d) hún á eignarhluti í formi eigin fjár eða sambærilegra hagsmuna (sjá liði B85V–B85W).

Ef ekkert þessara dæmigerðu einkenna er fyrir hendi kemur það ekki endilega í veg fyrir að flokka megi einingu sem fjárfestingareiningu. Fjárfestingareining sem hefur ekki öll þessi dæmigerðu einkenni veitir viðbótarupplýsingar sem krafist er í lið 9A í IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum*.

29 Ef málsatvik og aðstæður gefa til kynna að breytingar séu á einum eða fleiri af þessum þremur þáttum sem mynda skilgreininguna á fjárfestingareiningu, eins og lýst er í 27. lið, eða dæmigerðum einkennum fjárfestingareiningar, eins og lýst er í 28. lið, skal móðurfélag endurmeta hvort það sé fjárfestingareining.

30 Móðurfélag sem annaðhvort hættir að vera fjárfestingareining eða verður fjárfestingareining skal gera grein fyrir breyttri stöðu sinni framvirkt frá þeim degi sem breytingin á sér stað (sjá liði B100–B101).

FJÁRFESTINGAREININGAR: UNDANÞÁGA FRÁ SAMSTÆÐUREIKNINGSSKILUM

31 Með þeirri undantekningu sem lýst er í 32. lið skal fjárfestingareining hvorki taka dótturfélög sín með í samstæðureikningsskil né beita IFRS-staðli 3 er hún öðlast yfirráð yfir annarri einingu. Í stað þess skal fjárfestingareining meta fjárfestingu í dótturfélagi á gangvirði í rekstrarreikningi eða í samræmi við IFRS-staðal 9 ([55]).

([55]) Í lið C7 í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*, kemur fram að „beiti eining þessum IFRS-staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísanir í þessum IFRS-staðli í IFRS-staðal 9 sem tilvísanir í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.“

32 Þrátt fyrir kröfuna í 31. lið skal fjárfestingareining, eigi hún dótturfélag sem er ekki sjálft fjárfestingareining og sem hefur það að aðalmarkmiði sínu og starfsemi að veita þjónustu í tengslum við fjárfestingarstarfsemi fjárfestingareiningarinnar (sjá liði B85C–B85E), taka viðkomandi dótturfélag með í samstæðureikningsskil í samræmi við liði 19–26 í þessum IFRS-staðli og beita kröfum IFRS-staðals 3 við kaup á öllum slíkum dótturfélögum.

33 Móðurfélag fjárfestingareiningar skal taka með í samstæðureikningsskil allar einingar sem það hefur yfirráð yfir, þ.m.t. þær sem það stjórnar fyrir milligöngu dótturfélags fjárfestingareiningar, nema móðurfélagið sjálft sé fjárfestingareining.

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

samstæðureikningsskil	Reikningsskil **samstæðu** þar sem framsetning eigna, skulda, eigin fjár, tekna, gjalda og sjóðstreymis **móðurfélags** og **dótturfélaga** þess er eins og um eina efnahagslega einingu væri að ræða.
yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í	Fjárfestir hefur yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í þegar fjárfestir ber áhættu, eða hefur réttinn til að njóta breytilegrar ávöxtunar vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í og getur haft áhrif á þennan ávinning með valdi sínu yfir félaginu sem fjárfest er í.
sá sem tekur ákvarðanir	Eining með ákvarðanatökurétt sem er annaðhvort umbjóðandi eða umboðsaðili fyrir aðra aðila.
samstæða	**Móðurfélag** og **dótturfélög** þess.
fjárfestingareining	Eining sem: a) fær fjármagn frá einum eða fleiri fjárfestum í þeim tilgangi að veita viðkomandi fjárfesti eða fjárfestum þjónustu á sviði fjárfestingarstýringar, b) skuldbindur sig gagnvart fjárfesti eða fjárfestum sínum að tilgangur viðskipta hennar sé eingöngu að fjárfesta til að ná fram verðmætisaukningu, fjárfestingartekjum, eða bæði, og c) mælir og metur árangur nánast allra fjárfestinga sinna á gangvirði.
hlutur sem ekki er ráðandi	Eigið fé í **dótturfélagi** sem ekki er, beint eða óbeint, í eigu **móðurfélags**.
móðurfélag	Eining sem **hefur yfirráð** yfir einni eða fleiri einingum.
vald	Gildandi réttindi sem veita núverandi getu til að stýra **viðeigandi starfsemi**.
verndarréttindi	Réttindi sem eru til þess ætluð að vernda hagsmuni aðilans sem hefur þau réttindi án þess að veita viðkomandi aðila vald yfir einingunni sem þessi réttindi varða.
viðeigandi starfsemi	Að því er varðar þennan IFRS-staðal er viðeigandi starfsemi félagsins sem fjárfest er í starfsemi sem hefur marktæk áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í.
réttindi varðandi lausn	Réttindi til að svipta ákvarðanatökuaðila ákvarðanatökuvaldi.
dótturfélag	Eining sem er undir yfirráðum annarrar einingar.

Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í IFRS-staðli 11, IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum*, IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt árið 2011) eða IAS-staðli 24, *upplýsingar um tengda aðila*, og eru notuð í þessum IFRS-staðli með þeim merkingum sem tilgreindar eru í þeim IFRS-stöðlum:

— hlutdeildarfélag

— hagsmunir í annarri einingu

— samrekstur

— lykilstarfsmenn í stjórnunarstöðum

— tengdur aðili

— veruleg áhrif.

Viðbætir B

Leiðbeiningar varðandi beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins. Hann lýsir beitingu 1.–33. liðar og hefur sama gildi og aðrir hlutar IFRS-staðalsins.

B1 Dæmin í þessum viðbæti lýsa ímynduðum stöðum. Þrátt fyrir að sumir þættir í dæmunum geti komið fyrir við raunverulegar aðstæður, skal meta alla málavexti og kringumstæður einstakra aðstæðna við beitingu IFRS-staðals 10.

MAT Á YFIRRÁÐUM

B2 Til að ákvarða hvort fjárfestir hafi yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í skal fjárfestir meta hvort hann búi yfir öllu af eftirfarandi:

a) vald yfir félaginu sem fjárfest er í,

b) ber áhættu, eða hefur réttinn til að njóta breytilegrar ávöxtunar vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í, og

c) geti með valdi sínu yfir félaginu sem fjárfest er í haft áhrif á ávöxtun sína af fjárfestingunni.

B3 Það getur hjálpað til við ákvörðun að taka tillit til eftirfarandi þátta:

a) tilgangur og uppbygging félagsins sem fjárfest er í (sjá liði B5–B8),

b) hver viðeigandi starfsemi er og hvernig ákvarðanir um þessa starfsemi eru teknar (sjá liði B11–B13),

c) hvort réttindi fjárfestis veiti honum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi (sjá liði B14–B54),

d) hvort fjárfestir beri áhættu, eða hafi rétt til að njóta, breytilegrar ávöxtunar vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í (sjá liði B55–B57) og

e) hvort fjárfestir geti með valdi sínu yfir félaginu sem fjárfest er í haft áhrif á ávöxtun sína af fjárfestingunni (sjá liði B58–B72).

B4 Þegar fjárfestir metur það hvort hann hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í skal hann taka til athugunar hvernig samband þess er við aðra aðila (sjá liði B73–B75).

Tilgangur og uppbygging félags sem fjárfest er í

B5 Þegar fjárfestir metur það hvort hann hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í skal hann taka til athugunar tilgang og uppbyggingu félagsins sem fjárfest er í til að greina viðeigandi starfsemi, hvernig ákvarðanir um viðeigandi starfsemi eru teknar, hver hefur núverandi getu til að stýra þessari starfsemi og hver tekur við ávöxtun af þessari starfsemi.

B6 Þegar tilgangur og uppbygging félags sem fjárfest er í er tekið til athugunar getur það verið skýrt að félagi sem fjárfest er í sé stýrt með eiginfjárgerningum sem veita handhafa þeirra hlutfallslegan atkvæðisrétt, t.d. almenna hluti í félagi sem fjárfest er í. Í slíku tilviki, ef ekki er um neitt annað fyrirkomulag að ræða sem breytir ákvarðanatöku, beinir matið á yfirráðum sjónum sínum að því hvaða aðili, ef einhver, geti nýtt atkvæðisrétt sem er nægilegur til að ákvarða rekstrar- og fjármögnunarstefnu félagsins sem fjárfest er í (sjá liði B34–B50). Í einfaldasta tilvikinu hefur fjárfestirinn sem ræður meirihluta þessa atkvæðisréttar, þegar ekki er um aðra þætti að ræða, yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í.

B7 Til þess að ákvarða hvort fjárfestir hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í þegar um flóknari mál er að ræða getur verið nauðsynlegt að taka til athugunar alla eða suma þættina í lið B3.

B8 Félag sem fjárfest er í getur verið byggt upp með þeim hætti að atkvæðisrétturinn er ekki veigamesti þátturinn við ákvörðun á því hver hefur yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í, t.d. ef atkvæðisréttur er aðeins í tengslum við stjórnsýsluverkefni og viðeigandi starfsemi er stýrt með samningsbundnu fyrirkomulagi. Í slíkum tilvikum skal fjárfestirinn, þegar hann tekur til athugunar tilgang og uppbyggingu félagsins sem fjárfest er í, einnig taka tillit til áhættu sem félagið sem fjárfest er í var ætlað að bera áhættu gagnvart, áhættu sem það var gert til að yfirfæra til aðilanna sem taka þátt í félaginu sem fjárfest er í og hvort fjárfestirinn beri áhættu gagnvart einhverjum þessara þátta. Athugun á áhættu tekur ekki aðeins til neikvæðrar áhættu heldur einnig til mögulegra jákvæðra áhrifa.

Vald

B9 Til að hafa vald yfir félagi sem fjárfest er í þarf fjárfestir að hafa gildandi réttindi sem veita honum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi. Í þeim tilgangi að leggja mat á vald skal aðeins taka til athugunar efnisleg réttindi og réttindi sem eru ekki verndandi (sjá liði B22–B28).

B10 Ákvörðun þess efnis hvort fjárfestir hafi vald sem er háð viðeigandi starfsemi, hvernig ákvarðanir eru teknar um viðeigandi starfsemi og réttindi fjárfestis og annarra aðila í tengslum við félagið sem fjárfest er í.

Viðeigandi starfsemi og stýring á viðeigandi starfsemi

B11 Í tilviki margra félaga sem fjárfest er í hefur breitt svið rekstrar- og fjármögnunarstarfsemi marktæk áhrif á ávöxtun þess. Dæmi um starfsemi sem, með hliðsjón af aðstæðum, getur verið viðeigandi starfsemi eru m.a., en takmarkast ekki við:

a) sala og kaup á vöru eða þjónustu,

b) stjórnun fjáreigna á líftíma þeirra (þ.m.t. við vanskil),

c) val, yfirtaka eða sala eigna,

d) rannsóknir og þróun á nýjum afurðum eða ferlum og

e) ákvörðun á fjármögnunarskipulagi eða útvegun fjármagns.

B12 Dæmi um ákvarðanir um viðeigandi starfsemi fela í sér en takmarkast ekki við:

a) rekstrar- og fjármögnunarákvarðanir félagsins sem fjárfest er í, þ.m.t. fjárhagsáætlanir, og

b) tilnefning og laun lykilstarfsmanna í stjórnunarstöðum hjá félaginu sem fjárfest er í eða þjónustuveitendur og uppsögn þjónustuveitingar eða starfa.

B13 Við sumar aðstæður getur starfsemi, bæði fyrir og eftir tilteknar kringumstæður eða tiltekna atburði, verið viðeigandi starfsemi. Ef tveir eða fleiri fjárfestar hafa núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi og sú starfsemi fer fram á mismunandi tímum skulu fjárfestarnir ákveða hver fjárfestanna geti stýrt þeirri starfsemi sem hefur mest áhrif á ávöxtun í samræmi við meðferð samverkandi ákvarðanatökuréttinda (sjá 13. lið). Fjárfestarnir skulu endurskoða matið með tímanum ef viðeigandi málavextir eða aðstæður breytast.

Dæmi 1

Tveir fjárfestar stofna félag sem fjárfest er í til að þróa og markaðssetja vöru til lækninga. Einn fjárfestir ber ábyrgð á þróun og að fá stjórnsýslusamþykki fyrir vörunni til lækninga—í þeirri ábyrgð felst einhliða geta til að taka allar ákvarðanir í tengslum við þróun vörunnar og að fá stjórnsýslusamþykkt. Þegar eftirlitsyfirvaldið hefur samþykkt vöruna mun hinn fjárfestirinn framleiða og markaðssetja hana—sá fjárfestir hefur einhliða getu til að taka allar ákvarðanir um framleiðslu og markaðssetningu vörunnar. Ef öll starfsemin—þróun og umsókn um stjórnsýslusamþykki auk framleiðslu og markaðssetningu vöru til lækninga—er viðeigandi starfsemi, skal hver fjárfestir ákveða hvort hann geti stýrt starfseminni sem hefur *mest* áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í. Til samræmis við það þarf hver fjárfestir að taka til athugunar hvort þróun og umsókn um stjórnsýslusamþykki eða framleiðsla og markaðssetning vöru til lækninga sé sú starfsemi sem hefur *mest* áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í og hvort hann geti stýrt þeirri starfsemi. Við ákvörðun á því hvaða fjárfestir hafi vald skulu fjárfestarnir taka til athugunar:

a) tilgang og uppbyggingu félagsins sem fjárfest er í,

b) þættina sem ákvarða hagnaðarhlutfallið, tekjur og virði félagsins sem fjárfest er í auk virði vörunnar til lækninga,

c) áhrifin á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í sem leiðir af ákvarðanatökuvaldi hvers fjárfestis að því er varðar þættina í b-lið, og

d) áhættuna sem fjárfestarnir bera gagnvart breytileika ávöxtunar.

Í þessu tiltekna dæmi skulu fjárfestarnir einnig taka til athugunar:

e) óvissuna varðandi, og það framtak sem þarf til að fá, stjórnsýslusamþykki (að teknu tilliti til sögu fjárfestisins að því er varðar að þróa og fá stjórnsýslusamþykki fyrir vörur til lækninga), og

f) hver fjárfestanna stýrir vörunni til lækninga þegar þróunaráfanginn ber árangur.

Dæmi 2

Fjárfestingafélag (félag sem fjárfest er í) er stofnað og fjármagnað með skuldagerningi í eigu fjárfestis (skuldafjárfestirinn) og eiginfjárgerningum í eigu nokkurra annarra fjárfesta. Eiginfjárhlutinn er til þess ætlaður að standa undir fyrsta tapinu og til að taka við eftirstandandi ávöxtun af félaginu sem fjárfest er í. Einn fjárfestanna sem leggur fram eigið fé og á 30% eigin fjár er einnig forstöðumaður eigna. Félagið sem fjárfest er í notar ágóða sinn til að kaupa safn fjáreigna og félagið sem fjárfest er í ber því útlánaáhættu í tengslum við möguleg vanskil á höfuðstól og vaxtagreiðslum af eignunum. Viðskiptin eru markaðssett fyrir skuldafjárfestinn sem fjárfesting sem ber lágmarkslánsáhættu í tengslum við möguleg vanskil eigna í eignasafninu vegna eðlis þessara eigna og vegna þess að eiginfjárhlutinn er ætlaður til þess að koma til móts við fyrsta tap félagsins sem fjárfest er í. Ávöxtun félagsins sem fjárfest er í verður fyrir verulegum áhrifum af stjórnun eignasafns félagsins sem fjárfest er í, þ.m.t. ákvarðanir um val, kaup og sölu eignanna í eignasafninu innan marka viðmiðunarreglna eignasafnsins og stýringar við vanskil einhverra eigna í eignasafninu. Öll þessi starfsemi er undir stjórn forstöðumanns eigna þar til vanskil eru orðin tilgreint hlutfall af virði eignasafns (þ.e. ef virði eignasafnsins er með þeim hætti að eiginfjárhluti félagsins sem fjárfest er í er uppurinn). Frá þeim tíma tekur þriðji aðili, sem er fjárvörsluaðili, við stjórn eignanna samkvæmt leiðbeiningum skuldafjárfestis. Stýring á eignasafni félags sem fjárfest er í telst vera viðeigandi starfsemi félagsins sem fjárfest er í. Forstöðumaður eigna getur stýrt viðeigandi starfsemi þar til eignir í vanskilum ná tilteknu hlutfalli af virði eignasafnsins; skuldafjárfestirinn getur stýrt viðeigandi starfsemi þegar virði vanskilaeigna er umfram tilgreint hlutfall af virði eignasafnsins. Forstöðumaður eigna og skuldafjárfestirinn skulu hvor um sig ákveða hvort þeir geti stýrt starfseminni sem hefur *mest* áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í, þ.m.t. að teknu tilliti til tilgangs og uppbyggingar félagsins sem fjárfest er í auk áhættunnar sem hver aðili ber gagnvart breytileika ávöxtunar.

Réttindi sem veita fjárfesti vald yfir félagi sem fjárfest er í

B14 Vald er afleiðing réttinda. Til að hafa vald yfir félagi sem fjárfest er í þarf fjárfestir að hafa gildandi réttindi sem veita fjárfestinum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi. Réttindin sem veita fjárfesti vald geta verið mismunandi á milli félaga sem fjárfest er í.

B15 Dæmi um réttindi sem, annaðhvort hver fyrir sig eða í sameiningu, geta veitt fjárfesti vald eru m.a. en takmarkast ekki við:

a) réttindi í formi atkvæðisréttar (eða mögulegs atkvæðisréttar) félags sem fjárfest er í (sjá liði B34–B50),

b) réttindi til að tilnefna, endurskipa eða víkja úr störfum lykilstarfsmönnum í stjórnunarstöðum félags sem fjárfest er í sem hafa getu til að stýra viðeigandi starfsemi,

c) réttindi til að tilnefna eða víkja annarri einingu frá sem stýrir viðeigandi starfsemi,

d) réttindi til að stýra félagi sem fjárfest er í til að eiga, eða beita neitunarvaldi varðandi, viðskipti í þágu fjárfestis og

e) önnur réttindi (svo sem ákvarðanatökuréttindi sem tilgreind eru í stjórnunarsamningi) sem veita handhafanum getu til að stýra viðeigandi starfsemi.

B16 Almennt er það þannig þegar félag sem fjárfest er í stundar fjölbreytta rekstrar- og fjármögnunarstarfsemi, sem hefur marktæk áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í, og þegar stöðugrar efnislegrar ákvarðanatöku er krafist að því er þessa starfsemi varðar, er það atkvæðisréttur eða sambærilegur réttur sem veitir fjárfesti vald, annaðhvort einn og sér eða ásamt öðru fyrirkomulagi.

B17 Þegar atkvæðisréttur getur ekki haft veruleg áhrif á ávöxtun félags sem fjárfest er í, s.s. þegar atkvæðisréttur varðar aðeins stjórnsýsluverkefni og samningsbundið fyrirkomulag ákvarðar stefnu viðeigandi starfsemi, þarf fjárfestirinn að meta viðkomandi samningsbundið fyrirkomulag til að ákvarða hvort það hafi réttindi sem eru næg til þess að hafa vald yfir félagi sem fjárfest er í. Til að ákvarða hvort fjárfestir hafi réttindi sem eru næg til þess að veita honum vald skal fjárfestirinn taka til athugunar tilgang og uppbyggingu félagsins sem fjárfest er í (sjá liði B5–B8) og kröfurnar sem gerðar eru í liðum B51–B54 ásamt liðum B18-B20.

B18 Við sumar aðstæður getur reynst erfitt að ákvarða hvort réttindi fjárfestis séu næg til að veita honum valdheimild yfir félagi sem fjárfest er í. Við slíkar aðstæður skal fjárfestirinn, til að gera það kleift að meta vald, taka til athugunar vísbendingar þess efnis hvort hann hafi í reynd getu til að stýra viðeigandi starfsemi einhliða. Meðal annars er tekið tillit til eftirfarandi sem, ef það er gert í tengslum við réttindi fjárfestis og vísanna í liðum B19 og B20, getur gefið vísbendingar um að réttindi fjárfestis séu næg til að veita honum vald yfir félagi sem fjárfest er í:

a) fjárfestirinn getur, án þess að hafa til þess samningsbundinn rétt, tilnefnt eða samþykkt lykilstarfsmenn í stjórnunarstöðum sem hafa getu til að stýra viðeigandi starfsemi,

b) fjárfestirinn getur, án þess að hafa til þess samningsbundinn rétt, stýrt félaginu sem fjárfest er í til að eiga, eða beita neitunarvaldi varðandi veruleg viðskipti í þágu fjárfestis,

c) fjárfestirinn getur ráðið annaðhvort tilnefningarferlinu við val á aðilum í stjórn félagsins sem fjárfest er í eða söfnun umboða frá öðrum handhöfum atkvæðisréttar,

d) lykilstarfsmenn í stjórnunarstöðum í félagi sem fjárfest er í eru tengdir aðilar að því er varðar fjárfestinn (t.d. er forstjóri félagsins sem fjárfest er í og forstjóri fjárfestis einn og sami aðilinn),

e) meirihluti aðila stjórnar félagsins sem fjárfest er í eru aðilar tengdir fjárfestinum.

B19 Stundum eru vísbendingar um að fjárfestir eigi í sérstöku sambandi við félagið sem fjárfest er í, sem gefa til kynna að fjárfestirinn hafi meira en hlutlausan áhuga á félaginu sem fjárfest er í. Ef um einstaka vísbendingu er að ræða, eða tiltekna samsetningu vísbendinga, þarf það ekki endilega að merkja að viðmiðanirnar varðandi vald séu uppfylltar. Ef áhuginn á félagi sem fjárfest er í er meiri en hlutlaus getur það þó verið vísbending um að fjárfestirinn hafi önnur tengd réttindi sem eru næg til að veita honum vald eða veita vísbendingu um að hann hafi vald yfir félagi sem fjárfest er í. Til dæmis getur eftirfarandi gefið til kynna að fjárfestirinn hafi meira en hlutlausan áhuga á félaginu sem fjárfest er í og, ásamt öðrum réttindum, gefið til kynna vald:

a) lykilstarfsmenn í stjórnunarstöðum félagsins sem fjárfest er í, sem hafa getu til að stýra viðeigandi starfsemi, eru núverandi eða fyrrum starfsmenn fjárfestisins,

b) starfsemi félagsins sem fjárfest er í er háð fjárfestinum, s.s. við eftirfarandi aðstæður:

(i) félagið sem fjárfest er í er háð því að fjárfestirinn fjármagni verulegan hluta starfsemi þess,

(ii) fjárfestirinn ábyrgist verulegan hluta af skuldbindingum félagsins sem fjárfest er í,

(iii) félagið sem fjárfest er í er háð fjárfestinum að því er varðar mikilvæga þjónustu, tækni, birgðir eða hráefni,

(iv) fjárfestirinn hefur yfirráð yfir eignum s.s. leyfum eða vörumerkjum sem eru mikilvæg fyrir starfsemi félagsins sem fjárfest er í,

(v) félagið sem fjárfest er í er háð fjárfestinum að því er varðar lykilstarfsmenn í stjórnunarstöðum, s.s. þegar starfsfólk fjárfestis býr yfir sérfræðiþekkingu á starfsemi félagsins sem fjárfest er í,

c) verulegur hluti af starfsemi félagsins sem fjárfest er í er annaðhvort í höndum fjárfestis eða er framkvæmd fyrir hönd hans,

d) áhættan sem fjárfestirinn ber gagnvart, eða réttindin til að njóta ávöxtun af, þátttöku sinni í félagi sem fjárfest er í er í röngu hlutfalli meiri en atkvæðisréttur hans eða önnur svipuð réttindi. Aðstæður geta til dæmis verið með þeim hætti að fjárfestir á rétt á, eða ber áhættu gagnvart, ávöxtun af félagi sem fjárfest er í en á minna en helming atkvæðisréttar félagsins sem fjárfest er í.

B20 Þeim mun meiri áhættu sem fjárfestirinn ber gagnvart, eða rétt sem hann hefur varðandi, breytileika ávöxtunar af þátttöku í félaginu sem fjárfest er í þeim mun meiri er hvati fjárfestisins til að ná sér í réttindi sem eru næg til að veita honum vald. Ef fjárfestir ber mikla áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar er það því vísbending um að fjárfestirinn hafi vald. Umfang áhættu sem fjárfestirinn ber er þó ekki í sjálfu sér ákvarðandi um það hvort fjárfestir hafi vald yfir félagi sem fjárfest er í.

B21 Ef þættirnir sem settir eru fram í lið B18 og vísarnir sem settir eru fram í liðum B19 og B20 eru teknir til athugunar ásamt réttindum fjárfestis skal gefa vísbendingum um vald, sem lýst er í lið B18, meira vægi.

Efnisleg réttindi

B22 Fjárfestir tekur aðeins til athugunar efnisleg réttindi að því er varðar félag sem fjárfest er í (í eigu fjárfesta og annarra) er hann metur hvort hann búi yfir valdi. Til þess að réttindi séu efnisleg þarf handhafinn að hafa hagnýta getu til að neyta þeirra réttinda.

B23 Ákvörðun þess efnis hvort réttindi eru efnisleg þarfnast dómgreindar, með tilliti til allra málavaxta og aðstæðna. Þættir sem ber að taka til athugunar við þá ákvörðun eru m.a., en takmarkast ekki við:

a) hvort um einhverjar hindranir sé að ræða (efnahagslegar eða annars konar) sem koma í veg fyrir að handhafi (eða handhafar) neyti réttindanna. Dæmi um slíkar hindranir fela í sér en takmarkast ekki við:

(i) fjárhagsleg viðurlög og hvata sem myndu koma í veg fyrir (eða aftra) að handhafinn neyti réttinda sinna,

(ii) nýtingarverð eða umreikningsverð sem myndar fjárhagslega hindrun sem myndi koma í veg fyrir (eða aftra) að handhafinn neyti réttinda sinna,

(iii) skilmála og skilyrði sem gera það ólíklegt að réttindin verði nýtt, t.d. skilyrði sem setja þröngar takmarkanir á tímann þegar nýtingin getur farið fram,

(iv) ef ekki er að finna skýra, réttmæta tilhögun í stofnskjölum félags sem fjárfest er í eða í gildandi lögum eða reglugerðum sem gera handhafa réttinda kleift að neyta réttinda sinna,

(v) ef handhafi réttindanna getur ekki nálgast upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að neyta réttinda sinna,

(vi) rekstrarhindranir eða hvatar sem myndu koma í veg fyrir (eða aftra) að handhafi neyti réttinda sinna (þ.e. ef ekki eru aðrir stjórnendur sem eru tilbúnir eða hæfir til að veita sérfræðiþjónustu eða veita þjónustuna og taka á sig aðra hagsmuni stjórnandans sem fyrir er),

(vii) kröfur samkvæmt lögum eða reglum sem koma í veg fyrir að handhafinn neyti réttinda sinna (t.d. ef erlendum fjárfesti er bannað að neyta réttinda sinna),

b) ef neyting réttinda krefst samkomulags eins eða fleiri aðila, eða ef réttindin eru í höndum eins eða fleiri aðila, hvort sem tilhögun er til staðar sem kveður á um að þessir aðilar, sem hafa hagnýta getu til að neyta réttinda sinna í sameiningu, ef þeir kjósa að gera það. Sé slík tilhögun ekki til staðar er það vísbending um að réttindin séu ekki efnisleg. Þeim mun fleiri aðila sem þarf til að samþykkja neytingu réttinda, þeim mun ólíklegra er að þessi réttindi séu efnisleg. Þó getur stjórn, ef aðilar hennar eru óháðir þeim sem tekur ákvarðanir, þjónað sem gangvirki fyrir nokkra fjárfesta sem grípa til sameiginlegra aðgerða til að neyta réttinda sinna. Þar af leiðandi eru réttindi varðandi lausn sem óháð stjórn getur neytt líklegri til að vera efnisleg heldur en ef mikill fjöldi fjárfesta gætu neytt þessara sömu réttinda hver í sínu lagi,

c) hvort aðilinn eða aðilarnir sem á/eiga réttindin myndu hafa hag af því að neyta réttindanna. Handhafi mögulegs atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í (sjá liði B47–B50) skal t.d. taka til athugunar nýtingarverð eða umreikningsverð gerningsins. Skilmálar og skilyrði varðandi mögulegan atkvæðisrétt eru líklegri til að vera efnisleg ef gerningurinn er í gróða eða ef fjárfestirinn myndi njóta hagræðis af öðrum ástæðum (t.d. vegna samlegðaráhrifa á milli fjárfestis og félagsins sem fjárfest er í) við nýtingu eða umbreytingu gerningsins.

B24 Til að vera efnisleg þurfa réttindi einnig að vera neytanleg þegar taka þarf ákvarðanir um stefnu viðeigandi starfsemi. Til að vera efnisleg þurfa réttindi venjulega að vera neytanleg á þeim tíma. Réttindi geta þó stundum verið efnisleg þrátt fyrir að þau séu ekki neytanleg á þeim tíma.

Dæmi um beitingu

Dæmi 3

Félagið sem fjárfest er í heldur árlega hluthafafundi þar sem ákvarðanir um stýringu viðeigandi starfsemi eru teknar. Næsti áætlaði hluthafafundur er eftir átta mánuði. Hluthafar sem hver um sig eða í sameiningu ráða yfir a.m.k. 5% atkvæðisréttar geta þó kallað til aukafundar til að breyta gildandi stefnu að því er varðar viðeigandi starfsemi, en krafan um að öðrum hluthöfum sé tilkynnt um það þýðir að ekki er unnt að halda slíkan fund í a.m.k. 30 daga. Aðeins má breyta stefnu viðeigandi starfsemi á aukafundum eða áætluðum fundum hluthafa. Þar með talið er samþykki á verulegri sölu eigna auk framkvæmdar eða sölu á verulegum fjárfestingum.

Ofangreint mynstur málsatvika gildir um dæmi 3A–3D sem er lýst hér á eftir. Hvert dæmi er tekið til athugunar eitt og sér

Dæmi 3A

Fjárfestir hefur meirihluta atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Atkvæðisréttur fjárfestis er efnislegur þar sem fjárfestir getur tekið ákvarðanir um stefnu viðeigandi starfsemi þegar þess þarf. Þótt líða þurfi 30 dagar áður en fjárfestirinn getur nýtt atkvæðisrétt sinn kemur það ekki í veg fyrir að fjárfestirinn geti haft núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi frá þeirri stundu sem hann aflar hlutafjáreignarinnar.

Dæmi 3B

Fjárfestir er aðili að framvirkum samningi til að afla meirihluta hlutabréfa í félagi sem fjárfest er í. Greiðsludagur framvirka samningsins er eftir 25 daga. Núverandi hluthafar geta ekki breytt núverandi stefnu varðandi viðeigandi starfsemi þar sem ekki er unnt að halda aukafund fyrr en eftir a.m.k. 30 daga, en þá hefur framvirki samningurinn verið gerður upp. Þar af leiðandi hefur fjárfestirinn réttindi sem í raun jafngilda réttindum meirihlutaeiganda hlutafjár í dæmi 3A hér að ofan (þ.e. fjárfestirinn sem á framvirka samninginn getur tekið ákvarðanir um stefnu viðeigandi starfsemi þegar þess þarf). Framvirkur samningur fjárfestis er efnisleg réttindi sem veitir fjárfestinum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi jafnvel áður en framvirki samningurinn er gerður upp.

Dæmi 3C

Fjárfestir á efnislegan kauprétt að meirihluta hlutabréfa í félaginu sem fjárfest er í, sem er innleysanlegur eftir 25 daga og er í verulegum gróða. Sama niðurstaða fengist og í dæmi 3B.

Dæmi 3D

Fjárfestir er aðili að framvirkum samningi til að afla meirihluta hlutabréfa í félagi sem fjárfest er í, án þess að eiga nokkur önnur réttindi að því er varðar félagið sem fjárfest er í. Greiðsludagur framvirka samningsins er eftir sex mánuði. Öfugt við dæmin hér að ofan hefur fjárfestirinn ekki núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi. Núverandi hluthafar hafa núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi þar sem þeir geta breytt gildandi stefnu varðandi viðeigandi starfsemi áður en framvirki samningurinn er gerður upp.

B25 Efnisleg réttindi sem aðrir aðilar geta neytt geta komið í veg fyrir að fjárfestir hafi yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í, sem þessi réttindi varða. Slík efnisleg réttindi krefjast þess ekki að handhafar þeirra geti átt frumkvæði að ákvörðunum. Á meðan réttindin eru ekki eingöngu til verndar (sjá liði B26–B28) geta efnisleg réttindi annarra aðila komið í veg fyrir að fjárfestir hafi yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í jafnvel þótt réttindin veiti handhafa þeirra aðeins núverandi getu til að samþykkja eða koma í veg fyrir ákvarðanir í tengslum við viðeigandi starfsemi.

Verndarréttindi

B26 Við mat á því hvort réttindi veiti fjárfesti vald yfir félagi sem fjárfest er í skal fjárfestir meta hvort réttindi hans, og réttindi annarra, séu verndarréttindi. Verndarréttindi tengjast grundvallarbreytingum á starfsemi félags sem fjárfest er í eða gilda við sérstakar aðstæður. Þó eru ekki öll réttindi sem gilda við sérstakar aðstæður eða eru háð verndandi atburðum (sjá liði B13 og B53).

B27 Vegna þess að verndarréttindi eru til þess ætluð að vernda hagsmuni handhafa þeirra án þess að veita viðkomandi aðila vald yfir félaginu sem fjárfest er í, sem þessi réttindi varða, getur fjárfestir sem hefur aðeins verndarréttindi ekki haft vald yfir eða komið í veg fyrir að annar aðili hafi vald yfir félagi sem fjárfest er í (sjá 14. lið).

B28 Dæmi um slík verndarréttindi eru m.a., en takmarkast ekki við:

a) réttindi lánveitanda til að koma í veg fyrir að lántaki stundi starfsemi sem gæti breytt verulega útlánaáhættu lántaka í óhag fyrir lánveitandann,

b) réttindi aðila sem á hlut sem ekki er ráðandi í félagi sem fjárfest er í til að samþykkja fjárfestingarútgjöld sem eru hærri en nauðsynlegt er við venjubundinn rekstur, eða til að samþykkja útgáfu eiginfjár- eða skuldagerninga,

c) réttindi lánveitanda til að leggja hald á eignir lántaka ef lántakinn uppfyllir ekki tilgreind skilyrði varðandi endurgreiðslu láns.

Sérleyfi

B29 Sérleyfissamningur, þar sem félagið sem fjárfest er í er sérleyfishafinn, veitir oft þeim sem veitir sérleyfið réttindi sem eru til þess ætluð að vernda vöruheiti sérleyfisins. Sérleyfissamningar veita gjarnan sérleyfisveitandanum einhvern ákvarðanatökurétt að því er varðar starfsemi sérleyfishafans.

B30 Réttindi sérleyfisveitenda takmarka almennt ekki getu annarra aðila en sérleyfisveitandans til að taka ákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á ávöxtun sérleyfishafans. Réttindi sérleyfisveitandans í sérleyfissamningi veita heldur ekki endilega sérleyfisveitandanum núverandi getu til að stýra starfsemi sem hefur veruleg áhrif á ávöxtun sérleyfishafans.

B31 Nauðsynlegt er að greina á milli þess að búa yfir getu til að taka ákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á ávöxtun sérleyfishafa og þess að hafa getu til að taka ákvarðanir sem vernda vöruheiti sérleyfis. Sérleyfisveitandinn hefur ekki vald yfir sérleyfishafa ef aðrir aðilar hafa gildandi réttindi sem veita þeim núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi sérleyfishafans.

B32 Með því að gera sérleyfissamning hefur sérleyfishafinn tekið einhliða ákvörðun um að reka starfsemi sína í samræmi við skilmála sérleyfissamningsins, en fyrir eigin reikning.

B33 Yfirráð yfir grundvallarbreytingum líkt og lagalegu formi sérleyfishafa og fjármögnunarfyrirkomulagi hans getur verið í höndum annarra aðila en sérleyfishafans og getur haft veruleg áhrif á ávöxtun sérleyfishafans. Þeim mun lægri fjárstuðning sem sérleyfisveitandinn veitir og þeim mun lægri sem áhættan er sem sérleyfisveitandinn ber gagnvart breytileika ávöxtunar sérleyfishafans þeim mun líklegra er að sérleyfisveitandinn hafi einungis verndarréttindi.

Atkvæðisréttur

B34 Oft hefur fjárfestir núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi með atkvæðisrétti eða svipuðum réttindum. Fjárfestir tekur kröfurnar í þessum hluta til athugunar (liði B35–B50) ef viðeigandi starfsemi félags sem fjárfest er í er stjórnað með atkvæðisrétti.

Vald sem fylgir því að hafa meirihluta atkvæðisréttar

B35 Fjárfestir sem ræður yfir meira en helmingi atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í hefur vald við eftirfarandi aðstæður, nema liður B36 eða liður B37 gildi:

a) viðeigandi starfsemi er stýrt með atkvæði handhafa meirihluta atkvæðisréttar, eða

b) meirihluti aðila stjórnar sem stýrir viðeigandi starfsemi eru tilnefndir með atkvæði handhafa meirihluta atkvæðisréttar.

Meirihluti atkvæðisréttar en engin völd

B36 Til að fjárfestir, sem ræður yfir meira en helmingi atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í, hafi vald yfir félagi sem fjárfest er í skal atkvæðisréttur fjárfestis vera efnislegur, í samræmi við liði B22-B25 og veita fjárfestinum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi, sem oft fer fram með því að ákvarða rekstrar- og fjármögnunarstefnu. Ef önnur eining hefur gildandi réttindi sem veita viðkomandi einingu rétt til að stýra viðeigandi starfsemi og sú eining er ekki umboðsaðili fjárfestisins hefur fjárfestirinn ekki vald yfir félaginu sem fjárfest er í.

B37 Fjárfestir hefur ekki vald yfir félagi sem fjárfest er í, jafnvel þótt fjárfestirinn hafi meirihluta atkvæðisréttar í félaginu sem fjárfest er í, ef þessi atkvæðisréttur er ekki efnislegur. Til dæmis getur fjárfestir, sem hefur meira en helming atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í, ekki haft vald ef viðeigandi starfsemi er háð stýringu ríkisstjórnar, dómstóls, stjórnanda, slitastjóra, skiptastjóra eða eftirlitsaðila.

Vald án þess að hafa meirihluta atkvæðisréttar

B38 Fjárfestir getur haft vald, jafnvel án þess að hann hafi meirihluta atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Fjárfestir getur haft vald með minna en meirihluta atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í, t.d. með:

a) samningsbundnu fyrirkomulagi á milli fjárfestis og annarra handhafa atkvæðisréttar (sjá lið B39),

b) réttindum sem leiða af öðru samningsbundnu fyrirkomulagi (sjá lið B40),

c) atkvæðisrétti fjárfestis (sjá liði B41–B45),

d) mögulegum atkvæðisrétti (sjá liði B47–B50), eða

e) samsetningu a- til d-liðar.

Samningsbundið fyrirkomulag við aðra handhafa atkvæðisréttar

B39 Samningsbundið fyrirkomulag á milli fjárfestis og annarra handhafa atkvæðisréttar getur gefið fjárfestinum rétt til að nýta atkvæðisrétt sem er nægur til að veita fjárfestinum vald, jafnvel þótt fjárfestirinn ráði ekki yfir nægilegum atkvæðisrétti til að veita honum vald án samningsbundna fyrirkomulagsins. Samningsbundið fyrirkomulag gæti þó tryggt það að fjárfestir geti stýrt nægilega mörgum öðrum handhöfum atkvæðisréttar til að kjósa með þeim hætti að tryggt sé að fjárfestir geti tekið ákvarðanir um viðeigandi starfsemi.

Réttindi sem stafa af annars konar samningsbundnu fyrirkomulagi

B40 Annar ákvarðanatökuréttur, ásamt atkvæðisrétti, getur veitt fjárfesti núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi. Til dæmis geta réttindin, sem tilgreind eru í samningsbundnu fyrirkomulagi í tengslum við atkvæðisrétt, verið næg til þess að veita fjárfesti núverandi getu til að stýra framleiðsluferli félags sem fjárfest er í eða til að stýra rekstrar- eða fjármögnunarstarfsemi félags sem fjárfest er í, sem hefur veruleg áhrif á ávöxtun félags sem fjárfest er í. Ef ekki er um önnur réttindi að ræða veldur efnahagslegt ósjálfstæði félags sem fjárfest er í gagnvart fjárfesti (s.s. samband birgja við helsta viðskiptavin sinn) ekki því að fjárfestir hafi vald yfir félaginu sem fjárfest er í.

Atkvæðisréttur fjárfestis

B41 Fjárfestir sem ræður yfir minna en meirihluta atkvæðisréttar hefur réttindi sem eru næg til þess að veita honum vald ef fjárfestirinn hefur hagnýta getu til að stýra viðeigandi starfsemi einhliða.

B42 Við mat á því hvort atkvæðisréttur fjárfestis sé nægur til að veita honum vald skal fjárfestir taka til athugunar öll málsatvik og allar aðstæður, þ.m.t.:

a) umfang atkvæðisréttar fjárfestis í hlutfalli við umfang og dreifingu eignarhlutdeildar annarra handhafa atkvæðis réttar, þar sem veitt er athygli:

(i) að þeim mun meiri atkvæðisrétt sem fjárfestir ræður yfir, þeim mun líklegra er að fjárfestir hafi gildandi réttindi sem veita honum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi,

(ii) að þeim mun meiri atkvæðisrétt sem fjárfestir ræður yfir, í hlutfalli við aðra handhafa atkvæðisréttar, þeim mun líklegra er að fjárfestirinn hafi gildandi réttindi sem veita honum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi,

(iii) að þeim mun fleiri aðilar þyrftu að vinna saman til að hafa meiri atkvæðisrétt en fjárfestirinn, þeim mun líklegra er að fjárfestirinn hafi gildandi réttindi sem veita honum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi,

b) mögulegan atkvæðisrétt sem fjárfestirinn, aðrir handhafar atkvæðisréttar eða aðrir aðilar ráða yfir (sjá liði B47–B50),

c) réttindi sem leiða af öðru samningsbundnu fyrirkomulagi (sjá lið B40) og

d) öll önnur málsatvik og aðstæður sem tilgreina að fjárfestir hafi, eða hafi ekki, núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi á þeim tíma sem taka þarf ákvarðanir, þ.m.t. kosningamynstur á fyrri hluthafafundum.

B43 Ef stefna viðeigandi starfsemi er ákvörðuð með meirihluta atkvæða og fjárfestir ræður yfir miklu meiri atkvæðisrétti en aðrir handhafar atkvæðisréttar eða skipulagðra hópa handhafa atkvæðisréttar og önnur hlutafjáreign er vel dreifð getur það verið skýrt, að teknu tilliti til þeirra þátta sem taldir eru upp í a- til c-lið liðar B42 eingöngu, að fjárfestirinn hafi vald yfir félaginu sem fjárfest er í.

Dæmi um beitingu

Dæmi 4

Fjárfestir eignast 48% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Atkvæðisrétturinn sem eftir er, er í höndum þúsunda hluthafa og enginn þeirra á einn og sér meira en 1% atkvæðisréttarins. Enginn hluthafanna hefur komið á fyrirkomulagi til að hafa samráð við einhverja hinna hluthafanna eða til að taka sameiginlegar ákvarðanir. Við mat á því hversu hátt hlutfall atkvæðisréttar ætti að afla, á grundvelli hlutfallslegrar stærðar annarrar hlutafjáreignar, ákvarðaði fjárfestirinn að 48% hlutdeild væri næg til að veita honum yfirráð. Í þessu tilviki, á grundvelli hlutafjáreignar sinnar í raun og hlutfallslegrar stærðar annarrar hlutafjáreignar, ákvarðar fjárfestirinn að hann ráði yfir nægilega ráðandi atkvæðarétti til að uppfylla viðmiðunina um vald án þess að þurfa að taka til athugunar aðrar vísbendingar um vald.

Dæmi 5

Fjárfestir A ræður yfir 40% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í og tólf aðrir fjárfestar ráða hver um sig yfir 5% atkvæðisréttar í félaginu sem fjárfest er í. Hluthafasamkomulag veitir fjárfesti A rétt til að tilnefna, víkja frá störfum og ákvarða laun stjórnar sem ber ábyrgð á að stýra viðeigandi starfsemi. Til að breyta samkomulaginu þarf meirihluta tveggja þriðju hluta atkvæða hluthafa. Í þessu tilviki kemst fjárfestir A að þeirri niðurstöðu að raunstærð eignarhlutdeildar fjárfestisins og hlutfallsleg stærð annarrar hlutafjáreignar ein og sér sé ekki nægilega afgerandi til að ákvarða hvort fjárfestirinn hafi réttindi sem eru næg til að veita honum vald. Fjárfestir A ákvarðar þó að samningsbundinn réttur hans til að tilnefna, víkja frá störfum og ákvarða laun stjórnar sé nægur til að komast að niðurstöðu um að hann hafi vald yfir félaginu sem fjárfest er í. Ekki skal taka til athugunar þá staðreynd að fjárfestir A gæti hafa sleppt því að nýta þennan rétt eða líkurnar á því að fjárfestir A nýti rétt sinn til að velja, tilnefna eða víkja frá störfum stjórn þegar metið er hvort fjárfestir A hafi vald.

B44 Við aðrar aðstæður getur það verið skýrt, eftir að hafa tekið tillit til þáttanna sem taldir eru upp í a- til c-lið liðar B42 eingöngu, að fjárfestir hafi ekki vald.

Dæmi um beitingu

Dæmi 6

Fjárfestir A á 45% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Tveir aðrir fjárfestar eiga hvor um sig 26% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Atkvæðisrétturinn sem eftir er, er í höndum þriggja annarra hluthafa sem hver á 1% hlut. Ekkert annað fyrirkomulag er fyrir hendi sem hefur áhrif á ákvarðanatöku. Í þessu tilviki er umfang atkvæðisréttar fjárfestis A og umfang hans í hlutfalli við aðra hlutafjáreign nægilegt til að komast að niðurstöðu um að fjárfestir A hafi ekki vald. Einungis þarf samvinnu tveggja annarra fjárfesta til að koma í veg fyrir að fjárfestir A stýri viðeigandi starfsemi félagsins sem fjárfest er í.

B45 Þó er ekki víst að þættirnir, sem taldir eru upp í a- til c-lið liðar B42 eingöngu, séu afgerandi. Sé fjárfestir, eftir að hafa tekið þessa þætti til athugunar, ekki viss um að hann hafi vald skal hann taka til athugunar fleiri málsatvik og aðstæður, s.s. hvort aðrir hluthafar séu óvirkir í eðli sínu eins og fram kemur í kosningahegðun á fyrri hluthafafundum. Í þessu felst mat á þeim þáttum sem settir eru fram í lið B18 og vísunum í liðum B19 og B20. Þeim mun minni atkvæðisrétt sem fjárfestir hefur og þeim mun færri aðilar sem þurfa að vinna saman til að ná fleiri atkvæðum heldur en fjárfestirinn, þeim mun meiri áhersla yrði lögð á fleiri málsatvik og aðstæður til að leggja mat á það hvort réttindi fjárfestis séu næg til að veita honum vald. Þegar málsatvik og aðstæður í liðum B18–B20 eru tekin til athugunar ásamt réttindum fjárfestisins skal gefa vísbendingunum um vald í lið B18 meira vægi en vísbendingunum um vald í liðum B19 og B20.

Dæmi um beitingu

Dæmi 7

Fjárfestir á 45% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Ellefu aðrir fjárfestar eiga hver um sig 5% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Enginn hluthafanna hefur komið á samningsbundnu fyrirkomulagi um að hafa samráð við einhverja hinna hluthafanna til að taka sameiginlegar ákvarðanir. Í þessu tilviki er raunstærð eignarhlutdeildar fjárfestisins og hlutfallsleg stærð annarrar hlutafjáreignar ein og sér ekki nægilega afgerandi til að ákvarða hvort fjárfestirinn hafi réttindi sem eru næg til að veita honum vald í félaginu sem fjárfest er í. Taka skal til athugunar önnur málsatvik og aðrar aðstæður sem gætu sýnt fram á að fjárfestir hafi, eða hafi ekki, vald.

Dæmi 8

Fjárfestir á 35% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Þrír aðrir hluthafar eiga hver um sig 5% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Atkvæðisrétturinn sem eftir er, er í höndum fjölda annarra hluthafa og enginn þeirra á einn og sér meira en 1% atkvæðisréttarins. Enginn hluthafanna hefur komið á fyrirkomulagi um að hafa samráð við einhverja hinna hluthafanna til að taka sameiginlegar ákvarðanir. Ákvarðanir um viðeigandi starfsemi félags sem fjárfest er í krefjast samþykkis með meirihluta greiddra atkvæða á viðeigandi hluthafafundum—75% atkvæðisréttar félags sem fjárfest er í hefur verið nýttur á síðustu viðeigandi hluthafafundum. Í þessu tilviki gefur virk þátttaka annarra hluthafa á síðustu hluthafafundum vísbendingu um að fjárfestir myndi ekki hafa hagnýta getu til að stýra viðeigandi starfsemi einhliða, án tillits til þess hvort fjárfestir hafi stýrt viðeigandi starfsemi þar sem nægilega mikill fjöldi annarra hluthafa kaus eins og fjárfestirinn.

B46 Ef það er ekki skýrt, eftir að þeir þættir sem skráðir eru í a- til d-lið liðar B42 hafa verið teknir til athugunar, að fjárfestir hafi vald hefur fjárfestirinn ekki yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í.

Mögulegur atkvæðisréttur

B47 Þegar lagt er mat á vald skal fjárfestir taka til athugunar mögulegan atkvæðisrétt sinn auk mögulegs atkvæðisréttar annarra aðila til að ákvarða hvort hann hafi yfir valdi að ráða. Mögulegur atkvæðisréttur er réttur til að fá atkvæðisrétt félags sem fjárfest er í, s.s. sá réttur sem leiðir af breytanlegum gerningum eða valréttum, þ.m.t. framvirkir samningar. Þessi mögulegi atkvæðisréttur er aðeins tekinn til athugunar ef rétturinn er efnislegur (sjá liði B22–B25).

B48 Þegar mögulegur atkvæðisréttur er tekinn til athugunar skal fjárfestir taka til athugunar tilgang og uppbyggingu gerningsins, auk tilgangs og uppbyggingu allrar annarrar þátttöku fjárfestisins í félagi sem fjárfest er í. Þar á meðal er mat á ýmsum skilmálum og skilyrðum gerningsins auk augljósra væntinga, tilgangs og ástæða fjárfestisins fyrir að samþykkja þessa skilmála og skilyrði.

B49 Hafi fjárfestirinn einnig atkvæðisrétt eða annan ákvarðanatökurétt í tengslum við starfsemi félagsins sem fjárfest er í metur fjárfestirinn einnig hvort sá réttur, í tengslum við mögulegan atkvæðisrétt, veitir fjárfestinum vald.

B50 Efnislegur mögulegur atkvæðisréttur einn og sér, eða ásamt öðrum rétti, getur veitt fjárfesti núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi. Til dæmis er líklegt að svo sé þegar fjárfestir á 40% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í og á, í samræmi við lið B23, efnisleg réttindi sem leiða af valréttum um kaup á 20% til viðbótar af atkvæðisréttinum.

Dæmi um beitingu

Dæmi 9

Fjárfestir A á 70% atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Fjárfestir B á 30% af atkvæðisrétti í félagi sem fjárfest er í auk kaupréttar á helmingi atkvæðisréttar fjárfestis A. Kauprétturinn er nýtanlegur næstu tvö árin á föstu verði sem er í umtalsverðu tapi (og þess er vænst að svo verði næstu tvö árin). Fjárfestir A hefur nýtt atkvæðisrétt sinn og stýrir með virkum hætti viðeigandi starfsemi félagsins sem fjárfest er í. Í slíku tilviki er fjárfestir A líklegur til að uppfylla viðmiðunina um vald þar sem svo virðist sem hann hafi núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi. Þrátt fyrir að fjárfestir B eigi nýtanlegan kauprétt til að afla viðbótaratkvæðisréttar (sem, ef hann er nýttur, myndi veita honum meirihluta atkvæðisréttar í félaginu sem fjárfest er í), eru tengdir skilmálar og skilyrði með þeim hætti að kaupréttur-inn telst ekki efnislegur.

Dæmi 10

Fjárfestir A og tveir aðrir fjárfestar eiga hver um sig þriðjung atkvæðisréttar í félagi sem fjárfest er í. Atvinnustarfsemi félagsins sem fjárfest er í tengist náið fjárfesti A. Auk eiginfjárgerninga á fjárfestir A skuldagerninga sem eru hvenær sem er breytanlegir í almenna hluti í félaginu sem fjárfest er í á föstu verði sem er í tapi (en ekki í umtalsverðu tapi). Ef skuldinni yrði breytt ætti fjárfestir A 60% atkvæðisréttar í félaginu sem fjárfest er í. Fjárfestir A myndi njóta hagræðis af samlegðaráhrifum ef skuldagerningunum yrði breytt í almenna hluti. Fjárfestir A hefur vald yfir félagi sem fjárfest er í þar sem hann ræður yfir atkvæðisrétti félags sem fjárfest er í ásamt efnislegum mögulegum atkvæðisrétti sem veitir honum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi.

Vald þegar atkvæðaréttur eða svipuð réttindi hafa ekki veruleg áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í

B51 Við mat á tilgangi og uppbyggingu félags sem fjárfest er í (sjá liði B5–B8) skal fjárfestir taka til athugunar þátttöku og ákvarðanir við stofnun félagsins sem fjárfest er í sem hluta af gerð þess og leggja mat á það hvort viðskiptaskilmálar og einkenni þátttöku veita fjárfestinum réttindi sem eru næg til að veita honum vald. Þátttaka í uppbyggingu félags sem fjárfest er í er ein og sér ekki næg til að veita fjárfesti yfirráð. Þátttaka í uppbyggingu getur gefið vísbendingu um að fjárfestirinn hafi haft tækifæri til að fá réttindi sem eru næg til að veita honum vald yfir félagi sem fjárfest er í.

B52 Auk þess skal fjárfestir taka til athugunar samningsbundið fyrirkomulag s.s. kauprétti, sölurétti og innlausnarréttindi sem komið er á við stofnun félagsins sem fjárfest er í. Feli slíkt samningsbundið fyrirkomulag í sér starfsemi sem er nátengd félaginu sem fjárfest er í er þessi starfsemi, efnislega, órjúfanlegur þáttur af heildarstarfsemi félagsins sem fjárfest er í, jafnvel þótt hún fari fram utan lagalegra marka félagsins sem fjárfest er í. Því skal telja beinan eða óbeinan ákvarðanatökurétt sem er greyptur í samningsbundið fyrirkomulag sem er nátengt félaginu sem fjárfest er í sem viðeigandi starfsemi þegar vald yfir félaginu sem fjárfest er í er ákvarðað.

B53 Að því er varðar sum félög sem fjárfest er í á viðeigandi starfsemi sér aðeins stað við sérstakar aðstæður eða sérstaka atburði. Félag sem fjárfest er í getur verið byggt upp með þeim hætti að stefna starfseminnar og ávöxtunin er fyrirfram ákveðin nema, og þar til, þessar sérstöku aðstæður eða sérstöku atburðir eiga sér stað. Í þessu tilviki geta aðeins ákvarðanir um starfsemi félags sem fjárfest er í, þegar þessar aðstæður eða atburðir eiga sér stað, haft veruleg áhrif á ávöxtun þess og þar af leiðandi verið viðeigandi starfsemi. Aðstæðurnar eða atburðirnir þurfa ekki að hafa átt sér stað til þess að fjárfestir, sem getur tekið þessar ákvarðanir, hafi vald. Það að rétturinn til að taka ákvarðanir er háður því að aðstæður komi upp eða atburðir eigi sér stað gerir ekki í sjálfu sér þessi réttindi verndandi.

Dæmi um beitingu

Dæmi 11

Eina atvinnustarfsemi félags sem fjárfest er í, eins og tilgreint er í stofnskjölum þess, er að kaupa viðskiptakröfur og þjónusta þær daglega fyrir fjárfesta sína. Daglega þjónustan felur í sér innheimtu og áframsendingu höfuðstóls- og vaxtagreiðslna eftir því sem þær falla í gjalddaga. Falli viðskiptakrafa í vanskil flytur félagið sem fjárfest er í sjálfkrafa viðskiptakröfuna til fjárfestis eins og samið var um sérstaklega í sölusamningi milli fjárfestis og félags sem fjárfest er í. Eina viðeigandi starfsemin er stýring viðskiptakrafnanna við vanskil þar sem það er eina starfsemin sem getur haft veruleg áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í. Stýring viðskiptakrafna fyrir vanskil er ekki viðeigandi starfsemi þar sem hún þarfnast ekki þess að teknar séu efnislegar ákvarðanir sem gætu haft veruleg áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í—starfsemin fyrir vanskil er fyrirfram ákveðin og nær aðeins til þess að innheimta sjóðstreymi er það fellur í gjalddaga og flytja það áfram til fjárfesta. Þess vegna skal aðeins taka til athugunar rétt fjárfestis til að stýra eignum eftir að þær falla í vanskil þegar lagt er mat á heildarstarfsemi félagsins sem fjárfest er í sem getur haft veruleg áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í. Í þessu dæmi tryggir uppbygging félagsins sem fjárfest er í að fjárfestirinn hefur ákvarðanatökuvald varðandi starfsemi sem hefur veruleg áhrif á ávöxtunina á eina tímanum sem slíks ákvarðanatökuvalds er krafist. Skilmálar sölusamningsins eru óaðskiljanlegur hluti heildar-viðskiptanna og stofnsetningar félagsins sem fjárfest er í. Því leiða skilmálar sölusamningsins ásamt stofnskjölum félagsins sem fjárfest er í til þeirra niðurstöðu að fjárfestir hefur vald yfir félaginu sem fjárfest er í jafnvel þótt fjárfestirinn taki aðeins við eignarhaldi á viðskiptakröfunum við vanskil og stýri vanskilakröfunum utan lagalegra marka félagsins sem fjárfest er í.

Dæmi 12

Eina eign félags sem fjárfest er í eru viðskiptakröfur. Ef litið er á tilgang og uppbyggingu félagsins sem fjárfest er í er það ljóst að eina viðeigandi starfsemin er stýring viðskiptakrafna eftir að þær falla í vanskil. Aðilinn sem hefur getu til að stýra vanskilakröfunum hefur vald yfir félaginu sem fjárfest er í, án tillits til þess hvort einhver lántakanna eru í vanskilum.

B54 Fjárfestir getur haft beina eða óbeina skyldu til að tryggja að félag sem fjárfest er í haldi áfram rekstri eins og því var ætlað. Slík skuldbinding getur aukið áhættuna sem fjárfestir ber gagnvart breytileika ávöxtunar og þar með aukið hvata fjárfestisins til að fá nægileg réttindi til að hann öðlist vald. Því getur skuldbinding um að tryggja að félag sem fjárfest er í sé starfrækt með þeim hætti sem því var ætlað verið vísbending um að fjárfestirinn hafi vald, en veitir í sjálfu sér hvorki fjárfesti vald né kemur hún í veg fyrir að annar aðili hafi vald.

Áhætta gagnvart, eða réttindi til breytilegrar ávöxtunar af félagi sem fjárfest er í

B55 Við mat á því hvort fjárfestir hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í ákvarðar fjárfestirinn hvort hann beri áhættu gagnvart, eða á rétt á, breytilegri ávöxtun af þátttöku sinni í félaginu sem fjárfest er í.

B56 Breytileg ávöxtun er ávöxtun sem er ekki föst og getur breyst vegna frammistöðu félags sem fjárfest er í. Breytileg ávöxtun getur aðeins verið jákvæð, aðeins neikvæð eða bæði jákvæð og neikvæð (sjá 15. lið). Fjárfestir metur hvort ávöxtun af félagi sem fjárfest er í sé breytileg og hversu breytileg þessi ávöxtun er á grundvelli eðlis fyrirkomulagsins og án tillits til lagalegs forms ávöxtunarinnar. Fjárfestir getur til dæmis átt skuldabréf sem ber fastar vaxtagreiðslur. Föstu vaxtagreiðslurnar eru breytileg ávöxtun að því er varðar þennan IFRS-staðal þar sem þær eru með fyrirvara um vanskilaáhættu og valda því að fjárfestir ber útlánaáhættu vegna útgáfu skuldabréfsins. Fjárhæð breytileika (þ.e. hversu breytileg þessi ávöxtun er) er háð útlánaáhættu skuldabréfsins. Með svipuðum hætti er föst árangurstengd þóknun fyrir stýringu eigna félags sem fjárfest er í breytileg ávöxtun þar sem þóknunin veldur því að fjárfestir ber áhættu gagnvart frammistöðu félagsins sem fjárfest er í. Fjárhæð breytileika er háð getu félagsins sem fjárfest er í til að skapa nægar tekjur til að greiða þóknunina.

B57 Dæmi um ávöxtun eru m.a.:

a) arður, önnur útgreiðsla efnahagslegs ávinnings af félagi sem fjárfest er í (þ.e. vextir af skuldabréfum gefin út af félagi sem fjárfest er í) og breytingar á virði fjárfestingar fjárfestis í félagi sem fjárfest er í,

b) þóknun fyrir að þjónusta eignir eða skuldir félags sem fjárfest er í, þóknanir og áhætta gagnvart tapi vegna veitingar lána- eða lausafjárstuðnings, eftirstæður hluti í eignum og skuldum þess við slit félags sem fjárfest er í, skattaívilnanir og aðgangur að lausafé í framtíðinni, sem fjárfestir hefur vegna þátttöku sinnar í félagi sem fjárfest er í,

c) ávöxtun sem er ekki aðgengileg öðrum hagsmunaaðilum. Til dæmis getur fjárfestir notað eignir sínar ásamt eignum félagsins sem fjárfest er í, s.s. með því að sameina rekstraraðgerðir til að ná fram stærðarhagkvæmni, kostnaðarlækkunum, finna vörur sem eru af skornum skammti, fá aðgengi að mikilvægri þekkingu eða takmarka starfsemi eða eignir, til að auka virði annarra eigna fjárfestisins.

Tengsl á milli valds og ávöxtunar

Framselt vald

B58 Þegar fjárfestir sem hefur ákvarðanatökurétt (ákvarðanataki) metur hvort hann hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í skal hann ákvarða hvort hann sé umbjóðandi eða umboðsaðili. Fjárfestir skal einnig ákvarða hvort önnur eining sem hefur ákvarðanatökurétt komi fram sem umboðsaðili fjárfestisins. Umboðsaðili er aðili sem hefur það meginhlutverk að koma fram fyrir hönd og í þágu annars aðila eða annarra aðila (umbjóðanda eða umbjóðenda) og hefur því ekki yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í þegar það beitir ákvarðanatökuvaldi sínu (sjá liði 17 og 18). Þar af leiðandi getur vald umbjóðanda og beiting þess verið í höndum umboðsaðila, en fyrir hönd umbjóðandans. Sá sem tekur ákvarðanir er ekki umboðsaðili einfaldlega vegna þess að aðrir aðilar geta haft hagræði af þeim ákvörðunum sem hann tekur.

B59 Fjárfestir getur framselt ákvarðanatökuvald sitt, að því er varðar tiltekin málefni eða alla viðeigandi starfsemi, til umboðsaðila. Þegar fjárfestir metur hvort hann hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í skal hann fara með ákvarðanatökuréttinn, sem framseldur er umboðsaðila hans, eins og fjárfestirinn hafi sjálfur þennan rétt. Við aðstæður þar sem um fleiri en einn umbjóðanda er að ræða skal hver umbjóðandi meta hvort hann hafi vald yfir félaginu sem fjárfest er í að teknu tilliti til krafnanna í liðum B5–B54. Liðir B60–B72 veita leiðbeiningar um ákvörðun þess efnis hvort sá sem tekur ákvarðanir sé umboðsaðili eða umbjóðandi.

B60 Við ákvörðun á því hvort sá sem tekur ákvarðanir sé umboðsaðili skal sá aðili taka til athugunar heildartengsl á milli sín, félagsins sem fjárfest er í og verið er að stýra og annarra aðila sem taka þátt í félaginu sem fjárfest er í, einkum alla þættina sem nefndir eru hér á eftir:

a) umfang ákvarðanatökuvalds sem hann hefur yfir félaginu sem fjárfest er í (liðir B62 og B63),

b) réttindi annarra aðila (liðir B64–B67),

c) þóknanir sem hann á rétt á í samræmi við samninginn eða samningana um þóknun (sjá B68–B70),

d) áhættuna sem sá sem tekur ákvarðanir ber gagnvart breytileika ávöxtunar af öðrum hagsmunum sem það hefur í félagi sem fjárfest er í (liðir B71 og B72).

Beita skal mismunandi vægi á hvern þáttanna á grundvelli tiltekinna málsatvika og aðstæðna.

B61 Ákvörðun þess efnis hvort sá sem tekur ákvarðanir sé umboðsaðili krefst mats á öllum þáttunum sem skráðir eru í lið B60 nema einn aðili sé handhafi efnislegra réttinda til að leysa þann sem tekur ákvarðanir frá störfum (réttindi varðandi lausn) og getur leyst þann sem tekur ákvarðanir frá störfum án ástæðu (sjá lið B65).

Umfang ákvarðanatökuvalds

B62 Umfang ákvarðanatökuvalds þess sem tekur ákvarðanir er metið að teknu tilliti til:

a) starfseminnar sem er leyfileg samkvæmt samningnum eða samningunum um ákvarðanatöku og tilgreind í lögum og

b) ákvörðunarfrelsi sem sá sem tekur ákvarðanir hefur þegar hann tekur ákvarðanir um þessa starfsemi.

B63 Sá sem tekur ákvarðanir skal taka til athugunar tilgang og uppbyggingu félagsins sem fjárfest er í, áhættuna sem félagið sem fjárfest er í er ætlað að bera, áhættuna sem það var gert til að yfirfæra til þeirra aðila sem taka þátt og hvaða áhrif sá sem tekur ákvarðanir hefði við skipulagningu félags sem fjárfest er í. Ef sem dæmi sá sem tekur ákvarðanir tók verulegan þátt í uppbyggingu félagsins sem fjárfest er í (þ.m.t. að ákvarða umfang ákvarðanatökuvalds) getur sú þátttaka verið vísbending um að sá sem tekur ákvarðanir hafi haft tækifæri til þess og hvata til að öðlast þau réttindi sem valda því að sá sem tekur ákvarðanir hafi getu til að stýra viðeigandi starfsemi.

Réttindi annarra aðila

B64 Efnisleg réttindi annarra aðila geta haft áhrif á getu þess sem tekur ákvarðanir til að stýra viðeigandi starfsemi félags sem fjárfest er í. Efnisleg réttindi varðandi lausn eða önnur réttindi geta gefið til kynna að sá sem tekur ákvarðanir sé umboðsaðili.

B65 Ef einn aðili hefur yfir efnislegum réttindum að ráða varðandi lausn og getur leyst þann sem tekur ákvarðanir frá störfum án ástæðu er það, eitt og sér, nægilegt til að komast að niðurstöðu um að sá sem tekur ákvarðanir sé umboðsaðili. Ef fleiri en einn aðili hafa yfir slíkum réttindum að ráða (og enginn einn aðili getur leyst þann sem tekur ákvarðanir frá störfum án samþykkis annarra aðila) eru þessi réttindi, ein og sér, ekki afgerandi þáttur við ákvörðun um að sá sem tekur ákvarðanir komi aðallega fram fyrir hönd og í þágu annarra. Auk þess er það þannig að þeim mun fleiri aðilar sem þurfa að vinna saman til að neyta réttinda til að leysa aðila sem tekur ákvarðanir frá störfum og þeim mun meira umfang, og meiri breytileiki, í tengslum við aðra efnahagslega hagsmuni þess sem tekur ákvarðanir (þ.e. þóknanir og aðrir hagsmunir), þeim mun minna vægi skal sá þáttur hafa.

B66 Taka skal til athugunar efnisleg réttindi annarra aðila sem takmarka ákvörðunarfrelsi þess sem tekur ákvarðanir með svipuðum hætti og réttindi varðandi lausn þegar lagt er mat á það hvort sá sem tekur ákvarðanir er umboðsaðili. Sem dæmi er sá sem tekur ákvarðanir og sem er skyldugur til að fá samþykki lítils hluta annarra aðila vegna aðgerða venjulega umboðsaðili. (Sjá liði B22–B25 varðandi viðbótarleiðbeiningar um réttindi og hvort þau séu efnisleg.)

B67 Þegar réttindi annarra aðila eru tekin til athugunar skal það fela í sér mat á öllum þeim réttindum stjórnar félags sem fjárfest er í (eða annað stjórnvald) getur nýtt sér og áhrif þeirra á ákvarðanatökuyfirvaldið (sjá b-lið liðar B23).

Verklaun

B68 Þeim mun meira sem umfang og breytileiki þóknana þess aðila sem tekur ákvarðanir er í hlutfalli við væntа ávöxtun af starfsemi félagsins sem fjárfest er í, þeim mun líklegra er að sá sem tekur ákvarðanir sé umbjóðandi.

B69 Þegar sá sem tekur ákvarðanir ákvarðar hvort hann sé umbjóðandi eða umboðsaðili skal sá aðili einnig taka til athugunar hvort eftirfarandi aðstæður séu fyrir hendi:

a) þóknun þess sem tekur ákvarðanir er í réttu hlutfalli við þá þjónustu sem veitt er,

b) að samningurinn um þóknun taki aðeins til skilmála, skilyrða eða fjárhæða sem er venjulega að finna í samningum á milli ótengdra aðila um sambærilega þjónustu og kunnáttu.

B70 Sá sem tekur ákvarðanir getur ekki verið umboðsaðili nema skilyrðin sem sett eru fram í a- og b-lið liðar B69 séu uppfyllt. Þó þessi skilyrði séu uppfyllt hvert fyrir sig er það ekki nægilegt til að komast að niðurstöðu um að sá sem tekur ákvarðanir sé umboðsaðili.

Áhætta gagnvart breytileika ávöxtunar af öðrum hagsmunum

B71 Sá sem tekur ákvarðanir sem hefur aðra hagsmuni í félagi sem fjárfest er í (þ.e. fjárfestingar í félaginu sem fjárfest er í eða veitir ábyrgðir að því er varðar árangur félagsins sem fjárfest er í) skal taka til athugunar áhættu sína gagnvart breytileika ávöxtunar af þessum hagsmunum við mat á því hvort hann er umboðsaðili. Eigi sá sem tekur ákvarðanir aðra hagsmuni í félagi sem fjárfest er í gefur það til kynna að hann geti verið umbjóðandi.

B72 Við mat á áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af öðrum hagsmunum í félagi sem fjárfest er í skal sá sem tekur ákvarðanir taka eftirfarandi til athugunar:

a) þeim mun meira sem umfang og breytileiki efnahagslegra hagsmuna hans er, að teknu tilliti til þóknana og annarra hagsmuna samtals, þeim mun líklegra er að sá sem tekur ákvarðanir sé umbjóðandi,

b) hvort áhætta hans gagnvart breytileika ávöxtunar sé önnur en áhætta annarra fjárfesta og, ef svo er, hvort það gæti haft áhrif á aðgerðir hans. Það getur til dæmis verið svo ef sá sem tekur ákvarðanir á víkjandi hagsmuna að gæta í félagi sem fjárfest er í eða endurbætir lánshæfi þess með öðrum hætti.

Sá sem tekur ákvarðanir skal leggja mat á áhættu sína með tilliti til heildarbreytileika ávöxtunar af félagi sem fjárfest er í. Þetta mat fer að mestu fram á grundvelli væntrar ávöxtunar af starfsemi félagsins sem fjárfest er í en þó skal ekki líta framhjá hámarksáhættu þess sem tekur ákvarðanir gagnvart breytileika ávöxtunar af félagi sem fjárfest er í vegna annarra hagsmuna sem sá sem tekur ákvarðanir hefur að gæta.

Dæmi um beitingu

Dæmi 13

Sá sem tekur ákvarðanir (sjóðsstjóri) stofnar, markaðssetur og stýrir sjóði, sem skráður er á almennan markað og lýtur eftirliti samkvæmt þröngt skilgreindum mörkum sem sett eru fram í umboðinu til fjárfestinga eins og krafist er í landslögum hans og reglugerðum. Sjóðurinn var markaðssettur fyrir fjárfesta sem fjárfesting í dreifðu safni hlutabréfa-tengdra verðbréfa eininga sem skráðar eru á almennan markað. Sjóðsstjórinn hefur, innan skilgreindra marka, ákvarðanafrelsi varðandi eignir sem fyrirhugað er að fjárfesta í. Sjóðsstjórinn hefur framkvæmt 10% hlutfallslega fjárfestingu í sjóðnum og fær markaðstengda þóknun fyrir þjónustu sína, sem er jafngild 1% af verðmæti hreinnar eignar sjóðsins. Þóknanirnar eru í réttu hlutfalli við veitta þjónustu. Sjóðsstjóranum ber engin skylda til að fjármagna tap sem er umfram 10% af fjárfestingu. Sjóðurinn er ekki skyldugur til að koma á fót, og hefur ekki komið á fót, óháðri stjórn. Fjárfestarnir eiga engin efnisleg réttindi sem myndu hafa áhrif á ákvarðanatökuvald sjóðsstjórans, en þeir geta innleyst hagsmuni sína innan tiltekinna marka sem sjóðurinn mælir fyrir um.

Þrátt fyrir að starfað sé innan þeirra marka sem sett eru fram í umboðinu til fjárfestinga og í samræmi við kröfur samkvæmt reglum hefur sjóðsstjórinn ákvarðanatökurétt sem veitir honum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi sjóðsins—fjárfestarnir hafa ekki efnisleg réttindi sem gætu haft áhrif á ákvarðanatökuvald sjóðsstjórans. Sjóðsstjórinn fær markaðstengda þóknun fyrir þjónustu sína, í réttu hlutfalli við veitta þjónustu, og hefur einnig fjárfest hlutfallslega í sjóðnum. Þóknun og fjárfesting sjóðsstjórans veldur því að hann ber áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi sjóðsins án þess að valda áhættu sem er af slíku umfangi að hún gefi til kynna að sjóðsstjórinn sé umbjóðandi.

Í þessu dæmi er tekið tillit til áhættu sjóðsstjórans gagnvart breytileika ávöxtunar af sjóðnum auk ákvarðanatökuvalds hans innan takmarkaðra marka og gefur það til kynna að sjóðsstjórinn sé umboðsaðili. Þar af leiðandi kemst sjóðsstjórinn að þeirri niðurstöðu að hann hefur ekki yfirráð yfir sjóðnum.

Dæmi 14

Aðili sem tekur ákvarðanir kemur á fót, markaðssetur og stýrir sjóði sem veitir fjölda fjárfesta fjárfestingatækifæri. Sá sem tekur ákvarðanir (sjóðsstjóri) skal taka ákvarðanir í þágu allra fjárfesta og í samræmi við gildandi samninga sjóðsins. Sjóðsstjórinn hefur samt sem áður víðtækt ákvarðanatökufrelsi. Sjóðsstjórinn fær markaðstengda þóknun fyrir þjónustu sína sem jafngildir 1% af eignum í stýringu og 20% af öllum hagnaði sjóðsins ef tilteknum hagnaði er náð. Þóknanirnar eru í réttu hlutfalli við veitta þjónustu.

Þrátt fyrir að hann verði að taka ákvarðanir með hagsmuni allra fjárfesta í huga hefur sjóðsstjórinn víðtækt ákvarðanatökuvald til að stýra viðeigandi starfsemi sjóðsins. Sjóðsstjórinn fær greiddar fastar og árangurstengdar þóknanir sem eru í réttu hlutfalli við veitta þjónustu. Auk þess samræmir þóknunin hagsmuni sjóðsstjórans við hagsmuni hinna fjárfestanna með það í huga að auka virði sjóðsins, án þess að skapa áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi sjóðsins sem er slík að umfangi að þóknunin, þegar hún er tekin til athugunar ein og sér, gefi til kynna að sjóðsstjórinn sé umbjóðandi.

Ofangreint mynstur málsatvika og greining gildir um dæmi 14A–14C sem er lýst hér á eftir. Hvert dæmi er tekið til athugunar eitt og sér.

Dæmi 14A

Sjóðsstjórinn á einnig 2% fjárfestingu í sjóðnum sem samræmir hagsmuni hans við hagsmuni annarra fjárfesta. Sjóðsstjóranum ber engin skylda til að fjármagna tap sem er umfram 2% af fjárfestingu. Fjárfestarnir geta leyst sjóðsstjórann frá störfum með einföldum meirihluta atkvæða, en aðeins ef hann brýtur gegn samningi.

Fjárfesting sjóðsstjórans upp á 2% eykur áhættu hans gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi sjóðsins án þess að valda áhættu sem er af slíku umfangi að hún gefi til kynna að sjóðsstjórinn sé umbjóðandi. Réttindi annarra fjárfesta til að leysa sjóðsstjórann frá störfum teljast vera verndarréttindi þar sem aðeins er hægt að neyta þeirra ef brotið er gegn samningi. Í þessu dæmi gefur áhætta sjóðsstjórans til kynna að sjóðsstjórinn sé umboðsaðili, þrátt fyrir að sjóðsstjórinn hafi víðtækt ákvarðanatökuvald og beri áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af hagsmunum sínum og þóknun. Þar af leiðandi kemst sjóðsstjórinn að þeirri niðurstöðu að hann hefur ekki yfirráð yfir sjóðnum.

Dæmi 14B

Sjóðsstjórinn á hlutfallslega meiri fjárfestingu í sjóðnum, en honum ber engin skylda til að fjármagna tap umfram þá fjárfestingu. Fjárfestarnir geta leyst sjóðsstjórann frá störfum með einföldum meirihluta atkvæða, en aðeins ef hann brýtur gegn samningi.

Í þessu dæmi teljast réttindi annarra fjárfesta til að leysa sjóðsstjórann frá störfum vera verndarréttindi þar sem aðeins er hægt að neyta þeirra ef brotið er gegn samningi. Þrátt fyrir að sjóðsstjórinn fái greiddar fastar og árangurstengdar þóknanir sem eru í réttu hlutfalli við veitta þjónustu gæti samsetning fjárfestingar sjóðsstjórans og þóknunar hans valdið áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi sjóðsins, sem er slík að umfangi að hún gefur til kynna að sjóðsstjórinn sé umbjóðandi. Þeim mun meira sem umfang og breytileiki efnahagslegra hagsmuna sjóðsstjórans er (að teknu tilliti til þóknana og annarra hagsmuna samanlagt) þeim mun meiri áherslu leggur sjóðsstjórinn á þessa efnahagslegu hagsmuni í greiningunni og þeim mun líklegra er að sjóðsstjórinn sé umbjóðandi.

Til dæmis gæti sjóðsstjórinn, að teknu tilliti til þóknana og annarra hagsmuna, álitið að 20% fjárfesting væri næg til að komast að þeirri niðurstöðu að hann hafi yfirráð yfir sjóðnum. Við aðrar aðstæður (t.d. ef þóknun eða aðrir þættir eru með öðrum hætti) geta yfirráð samt sem áður myndast ef umfang fjárfestingar er annað.

Dæmi 14C

Sjóðsstjórinn á 20% hlutfallslega fjárfestingu í sjóðnum en honum ber engin skylda til að fjármagna tap umfram 20% fjárfestingarinnar. Sjóðurinn hefur stjórn og allir meðlimir hennar eru óháðir sjóðsstjóranum og eru tilnefndir af hinum fjárfestunum. Stjórnin tilnefnir sjóðsstjórann árlega. Hafi stjórnin ákveðið að endurnýja ekki samning sjóðsstjórans geta aðrir framkvæmdastjórar innan geirans framkvæmt þjónustuna sem sjóðsstjórinn veitir.

Þrátt fyrir að sjóðsstjórinn fái greiddar fastar og árangurstengdar þóknanir sem eru í réttu hlutfalli við veitta þjónustu gæti samsetning 20% fjárfestingar sjóðsstjórans og þóknunar hans valdið áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi sjóðsins, sem er slík að umfangi að hún gefur til kynna að sjóðsstjórinn sé umbjóðandi. Fjárfestarnir hafa þó efnisleg réttindi til að leysa sjóðsstjórann frá störfum—stjórnin kemur á fyrirkomulagi sem tryggir að fjárfestarnir geti leyst sjóðsstjórann frá störfum ef þeir ákveða að gera það.

Í þessu dæmi leggur sjóðsstjórinn meiri áherslu á efnislegu réttindin varðandi lausn í greiningunni. Þannig gefa efnisleg réttindi annarra fjárfesta til kynna að sjóðsstjórinn sé umboðsaðili, þrátt fyrir að sjóðsstjórinn hafi víðtækt ákvarðanatökuvald og beri áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar sjóðsins af þóknun sinni og fjárfestingu. Þar af leiðandi kemst sjóðsstjórinn að þeirri niðurstöðu að hann hefur ekki yfirráð yfir sjóðnum.

Dæmi 15

Félag sem fjárfest er í er stofnað til að kaupa eignasafn eignavarinna verðbréfa með föstum vöxtum, fjármögnuðum með skuldagerningum á föstum vöxtum og eiginfjárgerningum. Eiginfjárgerningarnir eru hannaðir til að veita skulda-fjárfestunum vernd, sem er ætluð síðasta kröfuhafanum í kröfuröðinni, og taka við allri viðbótarávöxtun félagsins sem fjárfest er í. Viðskiptin voru markaðssett fyrir mögulega skuldafjárfesta sem fjárfesting í safni eignavarinna verðbréfa sem bera útlánaáhættu í tengslum við möguleg vanskil útgefenda eignavörðu verðbréfanna í eignasafninu og vaxtaáhættu í tengslum við stýringu eignasafnsins. Við stofnun eru eiginfjárgerningarnir 10% af virði keyptra eigna. Aðili sem tekur ákvarðanir (forstöðumaður eigna) stýrir virka eignasafninu með því að taka fjárfestingarákvarðanir innan þeirra marka sem sett eru fram í lýsingu félagsins sem fjárfest er í. Fyrir þá þjónustu fær forstöðumaður eigna fasta markaðstengda þóknun (þ.e. 1% af eignum í stýringu) og árangurstengda þóknun (þ.e. 10% af hagnaði) ef hagnaður félagsins sem fjárfest er í fer yfir tilgreind mörk. Þóknanirnar eru í réttu hlutfalli við veitta þjónustu. Forstöðumaður eigna á 35% eigin fjár félagsins sem fjárfest er í.

Þau 65% eigin fjár sem eftir standa og allir skuldagerningarnir eru í eigu fjölda vel dreifðra ótengdra fjárfesta sem eru þriðju aðilar. Leysa má forstöðumann eigna frá störfum, án ástæðu, með ákvörðun annarra fjárfesta sem tekin er með einföldum meirihluta.

Forstöðumaður eigna fær greiddar fastar og árangurstengdar þóknanir sem eru í réttu hlutfalli við veitta þjónustu. Þóknunin samræmir hagsmuni sjóðsstjórans við hagsmuni annarra fjárfesta þess efnis að auka virði sjóðsins. Forstöðumaður eigna ber áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi sjóðsins þar sem hann er handhafi 35% af eigin fé hans, og af þóknun sinni.

Þrátt fyrir að starfað sé innan þeirra marka sem sett eru fram í útboðslýsingu félagsins sem fjárfest er í hefur forstöðumaður eigna núverandi getu til að taka fjárfestingarákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á ávöxtun félagsins sem fjárfest er í— réttindi annarra fjárfesta varðandi lausn hafa lítið vægi í greiningunni þar sem þau réttindi eru á hendi fjölda ýmissa dreifðra fjárfesta. Í þessu dæmi leggur forstöðumaður eigna meiri áherslu á áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar sjóðsins af eiginfjárhlutdeild sinni, sem víkja fyrir skuldagerningunum. Eignarhald á 35% eigin fjár skapar undirliggjandi áhættu gagnvart tapi og réttindum varðandi ávöxtun félagsins sem fjárfest er í, sem hefur það mikið vægi að það gefur til kynna að forstöðumaður eigna sé umbjóðandi. Þar af leiðandi kemst forstöðumaður eigna að þeirri niðurstöðu að hann hafi yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í.

Dæmi 16

Aðili sem tekur ákvarðanir (umsýsluaðili) hefur umsjón með miðlunarsjóði margra seljenda, sem gefur út skulda-gerninga til skamms tíma til ótengdra fjárfesta sem eru þriðju aðilar. Viðskiptin voru markaðssett fyrir mögulega fjárfesta sem fjárfesting í safni hátt metinna eigna til meðallangs tíma sem bera lágmarks útlánaáhættu í tengslum við möguleg vanskil útgefenda eigna í eignasafninu. Ýmsir framseljendur selja miðlunarsjóðnum hágæða eignasöfn til meðallangs tíma. Hver framseljandi þjónustar eignasafnið sem hann selur miðlunarsjóðnum og stýrir vanskilakröfum fyrir markaðstengda umsýsluþóknun. Hver framseljandi veitir einnig síðasta kröfuhafanum í kröfuröðinni vörn gegn tapi á eignasafni sínu með yfirveðsetningu eigna sem færðar eru í miðlunarsjóðinn. Umsýsluaðilinn setur skilmála fyrir miðlunarsjóðinn og stýrir starfsemi hans fyrir markaðstengda þóknun. Þóknunin er í réttu hlutfalli við veitta þjónustu. Umsýsluaðilinn samþykkir þá seljendur sem fá leyfi til að selja miðlunarsjóðnum, samþykkir eignirnar sem miðlunarsjóðurinn kaupir og tekur ákvarðanir um fjármögnun miðlunarsjóðsins. Umsýsluaðilinn starfar með hagsmuni allra fjárfestanna í huga.

Umsýsluaðilinn á rétt á allri viðbótarávöxtun miðlunarsjóðsins og bætir einnig lánshæfi hans og veitir honum lausafjárfyrirgreiðslu. Endurbót á lánshæfi sem umsýsluaðilinn veitir stendur undir fyrsta tapi, sem er allt að 5% af öllum eignum miðlunarsjóðsins, eftir að framseljendurnir hafa tekið á sig tap. Lausafjárfyrirgreiðsla er ekki nýtt á móti vanskilaeignum. Fjárfestarnir eiga ekki efnisleg réttindi sem gætu haft áhrif á ákvarðanatökuvald umsýsluaðilans.

Þrátt fyrir að umsýsluaðilinn fái greidda markaðstengda þóknun fyrir þjónustu sína, sem er í réttu hlutfalli við veitta þjónustu, ber umsýsluaðilinn áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi miðlunarsjóðsins vegna þess að hann á rétt á allri viðbótarávöxtun miðlunarsjóðsins og gagnvart bætingu lánshæfis og lausafjárfyrirgreiðslu (þ.e. miðlunarsjóðurinn ber áhættu gagnvart greiðsluhæfisáhættu með því að nota skammtímaskuldagerninga til að fjármagna eignir til meðallangs tíma). Þrátt fyrir að hver framseljandi hafi ákvarðanatökuréttindi sem hafa áhrif á virði eigna miðlunarsjóðsins hefur umsýsluaðilinn víðtækt ákvarðanatökuvald sem veitir honum núverandi réttindi til að stýra þeirri starfsemi sem hefur *mest* áhrif á ávöxtun miðlunarsjóðsins (þ.e. umsýsluaðilinn setti fram skilmála miðlunarsjóðsins, hefur rétt til að taka ákvarðanir um eignirnar (samþykkja keyptar eignir og framseljendur þessara eigna) og fjármögnun miðlunarsjóðsins (en nauðsynlegt er að fá inn nýja fjárfestingu með reglulegu millibili)). Rétturinn til viðbótarávöxtunar miðlunarsjóðsins og bæting lánshæfis og veiting lausafjárfyrirgreiðslu veldur því að umsýsluaðilinn ber áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af starfsemi miðlunarsjóðsins sem er frábrugðin áhættu annarra fjárfesta. Til samræmis við það gefur áhættan til kynna að umsýsluaðilinn sé umbjóðandi og þar af leiðandi kemst umsýsluaðilinn að þeirri niðurstöðu að hann hafi yfirráð yfir miðlunarsjóðnum. Skylda umsýsluaðilans til að starfa í þágu allra fjárfesta kemur ekki í veg fyrir að umsýsluaðilinn sé umbjóðandi.

Tengsl við aðra aðila

B73 Við mat á yfirráðum skal fjárfestir taka til athugunar með hvaða hætti hann tengist öðrum aðilum og hvort þessir aðilar komi fram fyrir hönd fjárfestisins (þ.e. hvort þeir séu „umboðsaðilar í reynd“). Ákvörðun á því hvort aðilar komi fram sem umboðsaðilar í reynd krefst mats, þar sem ekki eingöngu er tekið tillit til eðlis tengslanna heldur einnig til samspils þessara aðila hver við annan og við fjárfestinn.

B74 Slík tengsl þurfa ekki að fela í sér samningsbundið fyrirkomulag. Aðili er umboðsaðili í reynd ef fjárfestirinn, eða þeir sem stýra starfsemi fjárfestisins, geta stýrt þeim aðila til að starfa fyrir hönd fjárfestisins. Við þessar aðstæður skal fjárfestirinn taka til athugunar ákvarðanatökurétt þess sem er umboðsaðili hans í reynd og óbeina áhættu sem fjárfestirinn ber gagnvart breytileika ávöxtunar, eða rétti til ávöxtunar, fyrir milligöngu umboðsaðilans í reynd, ásamt sínum eigin rétti og áhættu, þegar lagt er mat á yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í.

B75 Eftirfarandi eru dæmi um aðra slíka aðila sem, vegna þess með hvaða hætti tengsl þeirra eru, gætu komið fram sem umboðsaðilar fjárfestisins í reynd:

a) aðilar tengdir fjárfestinum,

b) aðili sem hefur fengið hagsmuni sína í félaginu sem fjárfest er í sem framlag eða lán frá fjárfestinum,

c) aðili sem hefur samþykkt hvorki að selja, yfirfæra né leggja kvaðir á hagsmuni sína í félaginu sem fjárfest er í án fyrirframsamþykkis fjárfestisins (nema við aðstæður þar sem fjárfestirinn og hinn aðilinn hafa réttindi til að fyrirframsamþykkja og réttindin eru á grundvelli skilmála sem viljugir óháðir aðilar hafa samþykkt),

d) aðili sem getur ekki fjármagnað starfsemi sína án víkjandi fjárstuðnings frá fjárfestinum,

e) félag sem fjárfest er í ef meirihluti aðila í stjórn þess eða lykilstarfsmenn í stjórnunarstöðum eru þeir sömu og hjá fjárfestinum,

f) aðili sem á náin viðskiptatengsl við fjárfestinn, svo sem tengsl á milli veitanda sérfræðiþjónustu og mikilvægs viðskiptavinar hans.

Yfirráð yfir tilteknum eignum

B76 Fjárfestir skal taka til athugunar hvort hann fari með hluta félags sem fjárfest er í sem einingu sem álitin er aðskilin og, ef svo er, hvort hann hafi yfirráð yfir einingunni sem álitin er aðskilin.

B77 Fjárfestir skal meðhöndla hluta félags sem fjárfest er í sem einingu sem álitin er aðskilin og einungis að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Greiðslur vegna tilgreindra skulda koma einungis frá tilgreindum eignum félagsins sem fjárfest er í (og bættu lánshæfi sem tengist því, ef um það er að ræða), eða öðrum tilgreindum hagsmunum í félaginu sem fjárfest er í. Aðrir aðilar en þeir sem eiga tilgreindar skuldir eiga ekki réttindi eða skyldur sem tengjast tilgreindu eignunum eða eftirstandandi sjóðstreymi frá þessum eignum. Í raun er eftirstandandi félagi sem fjárfest er í ekki heimilt að nota hagnað frá tilgreindu eignunum, og ekki má greiða skuldir einingarinnar sem álitin er aðskilin með eignum eftirstandandi félagsins sem fjárfest er í. Því eru í raun allar eignir, skuldir og eigið fé einingarinnar sem álitin er aðskilin, algerlega aðskildar frá aðalfélaginu sem fjárfest er í. Þessar einingar sem álitnar eru aðskildar eru oft nefndar „síló.“

B78 Að uppfylltum skilyrðunum í lið B77, skal fjárfestir auðkenna starfsemina, sem hefur veruleg áhrif á hagnað einingarinnar sem álitin er aðskilin, og hvernig starfseminni er stýrt í því skyni að meta hvort hann hefur vald yfir þeim hluta í félaginu sem fjárfest er í. Þegar fjárfestirinn leggur mat á yfirráð yfir einingu sem álitin er aðskilin, skal hann einnig taka til athugunar hvort að þátttaka hans, í einingunni sem álitin er aðskilin, beri áhættu eða rétt til að njóta breytilegrar ávöxtunar og hvort hann geti með valdi sínu yfir félaginu sem fjárfest er í haft áhrif á ávöxtun sína af fjárfestingunni.

B79 Hafi fjárfestirinn yfirráð yfir einingunni sem álitin er aðskilin skal hann gera samstæðu úr þeim hlut félagsins sem fjárfest er í. Í því tilviki skulu aðrir aðilar undanskilja þann hluta félagsins sem fjárfest er í, þegar þeir leggja mat á yfirráðin yfir og við gerð samstæðu úr félaginu sem fjárfest er í.

Símat

B80 Fjárfestir skal endurmeta hvort hann hafi yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í ef málavextir og aðstæður gefa til kynna breytingar á einum eða fleiri af þeim þremur þáttum yfirráða, sem tilgreind eru í 7. lið.

B81 Verði breyting á því hvernig farið er með vald yfir félagi sem fjárfest er í, skal breytingin endurspeglast í því hvernig fjárfestir metur vald sitt yfir félagi sem fjárfest er í. Sem dæmi geta breytingar á ákvarðanatökuréttinum þýtt að viðkomandi starfsemi sé ekki lengur stýrt fyrir milligöngu atkvæðisréttar, heldur veitir annað samkomulag, t.d. samningar, öðrum aðila eða aðilum núverandi getu til að stýra viðeigandi starfsemi.

B82 Atburður getur orðið til þess að fjárfestir öðlast eða missir vald yfir félagi sem fjárfest er í án þess að fjárfestirinn taki þátt í þeim atburði. Til dæmis getur fjárfestir öðlast vald yfir félagi sem fjárfest er í vegna þess að ákvarðanatökuréttur annarra aðila, eins eða fleiri, sem áður komu í veg fyrir yfirráð fjárfestisins yfir félaginu sem fjárfest er í, er fallinn úr gildi.

B83 Fjárfestir skal einnig taka til athugunar breytingar, sem hafa áhrif á áhættuna sem hann ber eða réttinn til að njóta breytilegrar ávöxtunar, sem tengjast þátttöku hans í félagi sem fjárfest er í. Til dæmis getur fjárfestir sem hefur vald yfir félagi sem fjárfest er í misst yfirráðin yfir félaginu sem fjárfest er í, eigi hann ekki lengur rétt á hagnaði eða að hann beri ekki lengur áhættu gagnvart skuldbindingum, því þá uppfyllir fjárfestirinn ekki lengur ákvæði b-liðar 7. liðar (t.d. ef samningi um móttöku frammistöðutengdrar þóknunar er slitið).

B84 Fjárfestir skal taka til athugunar hvort mat hans á því hvort hann sé í hlutverki umboðsaðila eða umbjóðanda hafi breyst. Breytingar á heildartengslum á milli fjárfestisins og annarra aðila geta haft í för með sér að fjárfestirinn verði ekki lengur í hlutverki umboðsaðila, þrátt fyrir að hafa áður verið umboðsaðili og öfugt. Til dæmis þegar breytingar verða á réttindum fjárfestisins, eða annarra aðila, skal fjárfestirinn endurmeta stöðu sína sem umbjóðandi eða umboðsaðili.

B85 Upphaflegt mat fjárfestis á yfirráðum eða stöðu sinni sem umboðsaðili eða umbjóðandi breytist ekki einfaldlega vegna þess að breytingar verða á markaðsaðstæðum (t.d. breytingar á hagnaði félagsins sem fjárfest er í sem eru til komnar vegna markaðsaðstæðna), nema að breytingarnar á markaðsaðstæðunum breyti einum eða fleiri þeirra þriggja þátta yfirráða sem taldir eru upp í 7. lið, eða verði til þess að heildartengslin á milli umbjóðanda og umboðsaðila breytist.

ÁKVÖRÐUN Á ÞVÍ HVORT EINING SÉ FJÁRFESTINGAREINING

B85A Eining skal taka til athugunar öll málsatvik og aðstæður við mat á því hvort hún sé fjárfestingareining, þ.m.t. tilgang hennar og gerð. Eining sem hefur til að bera alla þrjá þætti skilgreiningarinnar á fjárfestingareiningu, sem sett er fram í 27. lið, er fjárfestingareining. Liðir B85B–B85M lýsa þáttum skilgreiningarinnar í smáatriðum.

Tilgangur viðskipta

B85B Skilgreiningin á fjárfestingareiningu krefst þess að tilgangur einingarinnar sé að fjárfesta eingöngu í tilgangi verð mætisaukningar, fjárfestingartekna (s.s. arðs, vaxta eða leigutekna), eða bæði. Gögn sem gefa til kynna fjárfestingarmarkmið einingarinnar, s.s. útboðsskilmálar einingarinnar, útgefið efni einingarinnar og önnur gögn fyrirtækja eða samstarfsaðila, veita yfirleitt vísbendingu um tilgang viðskipta fjárfestingareiningar. Nánari vísbendingar geta m.a. falist í því með hvaða hætti eining kynnir sig gagnvart öðrum aðilum (s.s. mögulegum fjárfestum eða félögum sem mögulega er fjárfest í); til dæmis getur eining kynnt starfsemi sína sem fjárfestingu til meðallangs tíma í tilgangi verðmætisaukningar. Aftur á móti er tilgangur viðskipta einingar, sem kynnir sig sem fjárfesti sem hefur það markmið að þróa, framleiða eða markaðsetja afurðir í samstarfi við félögin sem fjárfest er í, ekki í samræmi við tilgang viðskipta fjárfestingareiningar vegna þess að einingin mun njóta ávöxtunar af þróunar-, framleiðslu- eða markaðsstarfsemi auk ávöxtunar af fjárfestingum sínum (sjá lið B85I).

B85C Fjárfestingareining getur veitt þriðju aðilum og fjárfestum fjárfestingartengda þjónustu (þ.e. fjárfestingarráðgjöf, fjárfestingarstýringu, fjárfestingarstuðning og stjórnsýsluþjónustu), annað hvort beint eða fyrir milligöngu dótturfélags, einnig þegar þessi starfsemi er veruleg fyrir eininguna svo framarlega sem einingin samræmist áfram skilgreiningunni á fjárfestingareiningu.

B85D Fjárfestingareining getur einnig tekið þátt í eftirfarandi fjárfestingatengdri starfsemi, annað hvort beint eða fyrir milligöngu dótturfélags, ef þessi starfsemi er í þeim tilgangi að hámarka ávöxtun fjárfestinga (verðmætisaukning eða fjárfestingartekjur) í félögunum sem hún fjárfestir í og er ekki aðskilin veruleg atvinnustarfsemi eða aðskilinn verulegur tekjustofn fjárfestingareiningarinnar:

a) að veita félagi, sem fjárfest er í, stjórnunarþjónustu og stefnumótandi ráðgjöf og

b) að veita félagi, sem fjárfest er í, fjárstuðning, s.s. lán, fjármagnsskuldbindingu eða ábyrgð.

B85E Ef fjárfestingareining á dótturfélag, sem er ekki sjálft fjárfestingareining og hefur það að aðalmarkmiði sínu og starfsemi að veita henni eða öðrum aðilum fjárfestingartengda þjónustu eða stunda fjárfestingartengda starfsemi í tengslum við fjárfestingarstarfsemi fjárfestingareiningarinnar, svo sem þá sem lýst er í liðum B85C–B85D, skal hún taka viðkomandi dótturfélag með í samstæðureikningsskil í samræmi við 32. lið. Ef dótturfélagið, sem veitir fjárfestingartengda þjónustu eða stundar fjárfestingartengda starfsemi, er sjálft fjárfestingareining skal móðurfélagið meta það dótturfélag sitt á gangvirði í rekstrarreikningi í samræmi við 31. lið.

Útgönguáætlanir

B85F Fjárfestingaráætlanir einingar gefa einnig vísbendingu um tilgang viðskipta hennar. Einn þáttur sem aðgreinir fjárfestingareiningu frá öðrum einingum er að fjárfestingareining ætlar sér ekki að eiga fjárfestingu sína um óákveðinn tíma; hún á þær í takmarkaðan tíma. Vegna þess að mögulegt er að eiga fjárfestingar í hlutabréfum og eignum sem eru ekki fjáreign í ótakmarkaðan tíma skal fjárfestingareining hafa útgönguáætlun sem segir til um með hvaða hætti einingin áætlar að innleysa verðmætisaukningu nær allra hlutabréfafjárfestinga sinna og fjárfestinga í eignum sem eru ekki fjáreign. Fjárfestingareining skal einnig hafa útgönguáætlun vegna allra skuldagerninga sem mögulegt er að eiga í ótakmarkaðan tíma, t.d. ótímabundinna skuldafjárfestinga. Einingin þarf ekki að skjalfesta tilteknar útgönguáætlanir fyrir sérhverja fjárfestingu en skal skilgreina mismunandi mögulegar áætlanir fyrir mismunandi tegundir fjárfestingasafna, þ.m.t. efnislegan tímaramma fyrir núverandi fjárfestingar. Útgönguáætlanir sem eru aðeins gerðar vegna vanskilaatburða, s.s. samningsbrota eða vanefnda, teljast ekki vera útgönguáætlanir að því er varðar þetta mat.

B85G Útgönguáætlanir geta verið mismunandi eftir tegund fjárfestingar. Að því er varðar fjárfestingar í óskráðum hlutabréfatengdum verðbréfum eru dæmi um útgönguáætlanir m.a. fyrsta útboð verðbréfa, lokað útboð, sala fyrirtækis, úthlutun eignarhluta í félögum sem fjárfest hefur verið í (til fjárfesta) og sala eigna (þ.m.t. sala á eignum félags sem fjárfest hefur verið í eftir að því félagi hefur verið slitið). Að því er varðar hlutabréfafjárfestingar sem viðskipti eru með á opinberum markaði eru dæmi um útgönguáætlanir m.a. sala á fjárfestingunni í lokuðu útboði eða á opinberum markaði. Að því er varðar fjárfestingar í fasteignum er dæmi um útgönguáætlun sala fasteignarinnar fyrir milligöngu sérhæfðs eignasala eða á opnum markaði.

B85H Fjárfestingareining getur átt fjárfestingu í annarri fjárfestingareiningu sem myndast í tengslum við einingunа af ástæðum á sviði laga, reglusetningar, skatta eða svipaðra viðskipta. Ef svo er þarf fjárfestingareiningin ekki að hafa útgönguáætlun fyrir þá fjárfestingu, að því tilskildu að félagið sem fjárfestingareiningin hefur fjárfest í hafi viðeigandi útgönguáætlanir fyrir sínar fjárfestingar.

Tekjur af fjárfestingum

B85I Eining fjárfestir ekki eingöngu til að ná fram verðmætisaukningu, fjárfestingartekjum, eða bæði, ef einingin eða annar aðili samstæðunnar, sem einingin er hluti af (þ.e. samstæðunnar sem er undir yfirráðum endanlegs móðurfélags fjárfestingareiningarinnar), öðlast eða hefur það að markmiði að öðlast ávinning af fjárfestingum einingarinnar, sem ekki er aðgengilegur öðrum aðilum sem ekki eru tengdir félaginu sem fjárfest er í. Slíkur ávinningur er m.a.:

a) kaup, notkun, miðlun eða nýting á ferlum, eignum eða tækni félags sem fjárfest er í. Þar með telst ef einingin eða annar aðili samstæðunnar hefur ótilhlýðilegan rétt eða einkarétt á að kaupa eignir, tækni, afurðir eða þjónustu félags sem fjárfest er í; t.d. með því að eiga forkaupsrétt á eign af félagi sem fjárfest er í ef þróun eignarinnar telst árangursrík,

b) sameiginlegt fyrirkomulag (eins og það er skilgreint í IFRS-staðli 11) eða annað fyrirkomulag milli einingarinnar eða annars aðila samstæðunnar og félags sem fjárfest er í um að þróa, framleiða, markaðssetja eða bjóða afurðir eða þjónustu,

c) fjárhagslegar tryggingar eða eignir sem félag sem fjárfest er í leggur fram sem tryggingu fyrir lántöku einingarinnar eða annars aðila samstæðunnar (fjárfestingareining getur þó áfram notað fjárfestingu í félagi sem fjárfest er í sem tryggingu fyrir lántökur sínar),

d) vilnun í eigu aðila, sem tengdur er einingunni, er veitir viðkomandi aðila rétt til að kaupa af einingunni eða öðrum aðila samstæðunnar eignarhlut í félagi sem einingin hefur fjárfest í,

e) að undanskildum eins og lýst er í lið B85J, viðskiptum á milli einingarinnar og annars aðila samstæðunnar og félags sem fjárfest er í sem:

(i) eru með skilyrðum sem einingar, sem ekki eru tengdir aðilar annað hvort einingarinnar, annars aðila samstæðunnar eða félagsins sem fjárfest er í, geta ekki uppfyllt,

(ii) eru ekki á gangvirði, eða

(iii) eru verulegur hluti af atvinnustarfsemi félagsins sem fjárfest er í eða einingarinnar, þ.m.t. atvinnustarfsemi annarra eininga samstæðunnar.

B85J Fjárfestingareining getur haft áætlun um að fjárfesta í fleiri en einu félagi innan sömu atvinnugreinar, sama markaðar eða sama landsvæðis til að hafa hag af samlegðaráhrifum sem auka verðmætisaukningu og fjárfestingartekjur af þessum félögum sem fjárfest er í. Þrátt fyrir lið B85I(e) er eining ekki ótæk til flokkunar sem fjárfestingareining einungis vegna þess að slík félög sem fjárfest er í eiga viðskipti hvert við annað.

Gangvirðismat

B85K Mikilvægur þáttur skilgreiningarinnar á fjárfestingareiningu er að hún mælir og metur árangur nær allra fjárfestinga einingarinnar á gangvirði, vegna þess að notkun gangvirðis veitir meira viðeigandi upplýsingar en, t.d. það að taka dótturfélög hennar með í samstæðureikningsskil eða notkun hlutdeildaraðferðar vegna hagsmuna hennar í samstarfsfyrirtækjum eða samrekstri. Til að sýna fram á að hún uppfylli þennan þátt skilgreiningarinnar skal fjárfestingareining:

a) veita fjárfestum upplýsingar um gangvirði og meta nær allar fjárfestingar sínar á gangvirði í reikningsskilum sínum þegar gangvirðis er krafist eða heimilað í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og

b) veita upplýsingar um gangvirði til lykilstarfsmanna í stjórnunarstöðum innan einingarinnar (eins og skilgreint er í IAS-staðli 24), sem notar gangvirði sem helstu eigindina við mælingu árangurs nær allra fjárfestinga sinna og til að taka ákvarðanir um fjárfestingar.

B85L Til að uppfylla kröfurnar í a-lið B85K myndi fjárfestingareining:

a) kjósa að gera grein fyrir öllum fjárfestingareignum með því að nota gangvirðislíkanið í IAS-staðli 40, *fjárfestingareignir*,

b) kjósa að beita undanþágunni frá því að nota hlutdeildaraðferðina í IAS-staðli 28 að því er varðar fjárfestingar sínar í hlutdeildarfélögum og samrekstri og

c) meta fjáreignir sínar á gangvirði með því að beita kröfunum sem settar eru fram í IFRS-staðli 9.

B85M Fjárfestingareining getur átt einhverjar eignir sem eru ekki fjárfestingareignir, s.s. aðalskrifstofu og tengdan búnað, og getur einnig átt fjárskuldbindingar. Sá þáttur skilgreiningarinnar á fjárfestingareiningu í c-lið 27. liðar sem er gangvirðismatið á við um fjárfestingar fjárfestingareiningar. Til samræmis við það þarf fjárfestingareining hvorki að meta eign sem ekki er fjárfestingareign né skuldbindingar sínar á gangvirði.

Dæmigerð einkenni fjárfestingareiningar

B85N Við ákvörðun á því hvort eining uppfyllir skilgreininguna á fjárfestingareiningu skal hún taka til athugunar hvort hún hafi dæmigerð einkenni slíkrar einingar (sjá lið 28). Þrátt fyrir að eitt eða fleiri þessara dæmigerðu einkenna séu ekki fyrir hendi kemur það ekki endilega í veg fyrir að unnt sé að flokka einingu sem fjárfestingareiningu, en gefur þó til kynna að krafist sé frekari mats við ákvörðun á því hvort eining sé fjárfestingareining.

Fleiri en ein fjárfesting

B85O Fjárfestingareining á venjulega margar fjárfestingar til að dreifa áhættu sinni og hámarka ávöxtun sína. Eining getur átt eignasafn fjárfestinga beint eða óbeint, t.d. með því að eiga eina fjárfestingu í annarri fjárfestingareiningu sem síðan á margar fjárfestingar.

B85P Það getur komið tími þar sem einingin á eina fjárfestingu. Það kemur þó ekki endilega í veg fyrir að eining uppfylli skilgreininguna á fjárfestingareiningu. Fjárfestingareining getur t.d. átt eina fjárfestingu þegar einingin:

a) er á byrjunarstigi sínu og hefur ekki enn skilgreint viðeigandi fjárfestingar og hefur því ekki enn framkvæmt fjárfestingaráætlun sína sem felst í kaupum á mörgum fjárfestingum,

b) hefur ekki enn framkvæmt aðrar fjárfestingar sem er ætlað að koma í stað þeirra sem hefur verið ráðstafað,

c) er stofnuð til að safna fjármagni fjárfesta í því skyni að fjárfesta í einni fjárfestingu þegar sú fjárfesting er óaðgengileg stökum fjárfestum (t.d. ef sú lágmarksfjárfesting sem er krafist er of mikil fyrir staka fjárfesta), eða

d) er í skiptameðferð.

Fleiri en einn fjárfestir

B85Q Dæmigert er að fjárfestingareining hafi marga fjárfesta sem myndu safna saman fjármagni sínu til að fá aðgang að fjárfestingastýringarþjónustu og fjárfestingartækifærum sem þeir gætu ekki haft aðgang að hver fyrir sig. Þegar fjárfestarnir eru margir er það ólíklegra að einingin, eða aðrir aðilar samstæðunnar sem einingin er hluti af, hafi annan ávinning en verðmætisaukningu eða fjárfestingartekjur (sjá lið B85I).

B85R Á hinn bóginn er mögulegt að fjárfestingareining sé stofnuð af einum fjárfesti, eða fyrir einn fjárfesti, sem er í forsvari fyrir eða styður hagsmuni stærri hóps fjárfesta (t.d. lífeyrissjóðs, fjárfestingarsjóðs ríkis eða fjölskyldusjóðs).

B85S Það geta einnig komið tímar þar sem einingin hefur tímabundið aðeins einn fjárfesti. Fjárfestingareining getur t.d. haft aðeins einn fjárfesti þegar einingin:

a) er á tímabili fyrsta útboðs, sem ekki er lokið og einingin er að auðkenna viðeigandi fjárfesta,

b) hefur ekki enn auðkennt viðeigandi fjárfesta sem ætlað er að koma í stað eignarhluta sem hafa verið innleystir, eða

c) er í skiptameðferð.

Ótengdir fjárfestar

B85T Dæmigert er að fjárfestingareining hafi marga fjárfesta sem eru ekki tengdir aðilar (eins og það er skilgreint í IAS-staðli 24) einingarinnar eða annarra aðila samstæðunnar sem einingin er hluti af. Þegar fjárfestarnir eru ótengdir er það ólíklegra að einingin, eða aðrir aðilar samstæðunnar sem einingin er hluti af, hafi annan ávinning en verðmætisaukningu eða fjárfestingartekjur (sjá lið B85I).

B85U Þó getur eining enn flokkast sem fjárfestingareining þótt fjárfestar hennar séu tengdir einingunni. Eining getur t.d. komið á fót aðgreindum „hliðstæðum“ sjóði fyrir hóp af starfsfólki sínu (s.s. lykilstarfsmanna í stjórnunarstöðum) eða aðra aðila, sem tengdir eru fjárfestinum eða fjárfestunum, sem endurspeglar fjárfestingar helsta fjárfestingarsjóðs einingarinnar. Þessi „hliðstæði“ sjóður getur flokkast sem fjárfestingareining jafnvel þótt allir fjárfestar hans séu tengdir aðilar.

Eignarhlutir

B85V Fjárfestingareining er venjulega sérstakur lögaðili, en þess er þó ekki krafist að hann sé það. Eignarhlutir í fjárfestingareiningu eru venjulega í formi eigin fjár eða sambærilegra hagsmuna (t.d. hlutdeild í samrekstri), sem veitir rétt á hreinni eign fjárfestingareiningarinnar í réttu hlutfalli við eignarhlutann. Þrátt fyrir að eining hafi mismunandi flokka fjárfesta, sem sumir eiga aðeins rétt á tilteknum fjárfestingum eða hópi fjárfestinga eða eiga mismunandi mikla hlutdeild í hreinu eignunum, kemur það ekki í veg fyrir að hún geti verið fjárfestingareining.

B85W Þar að auki má enn flokka einingu, sem á verulegan eignarhlut í formi skuldar, sem í samræmi við aðra gildandi IFRS-staðla uppfyllir ekki skilgreininguna á eigin fé, sem fjárfestingareiningu, að því tilskildu að eigandi skuldarinnar beri áhættu gagnvart breytilegri ávöxtun vegna breytinga á gangvirði hreinna eigna einingarinnar.

REIKNINGSSKILAKRÖFUR

Aðferðir við gerð samstæðureikningsskila

B86 Samstæðureikningsskil:

a) draga saman eigna-, skulda-, eigin fjár-, tekju-, gjalda- og sjóðstreymisliði móðurfélags við sambærilega liði dótturfélaga þess,

b) jafna saman (fellir niður) bókfært verð fjárfestingar móðurfélagsins í sérhverju dótturfélagi á móti hlut móðurfélagsins í eigin fé sérhvers dótturfélags (sjá IFRS-staðal 3 þar sem meðferð allrar tengdrar viðskiptavildar er lýst),

c) fella niður að fullu eignir og skuldir innan samstæðu, eigið fé, tekjur, gjöld og sjóðstreymi sem tengjast viðskiptum á milli eininga samstæðunnar (hagnaður eða tap af viðskiptum innan samstæðu, sem er fært í eignum, s.s. birgðum og fastafjármunum, er fellt niður að fullu). Tap innan samstæðu getur bent til virðisrýrnunar sem nauðsynlegt er að færa í samstæðureikningsskilunum. IAS-staðall 12, *tekjuskattar*, gildir um tímabundinn mismun sem stafar af brottfellingu hagnaðar og taps sem rekja má til viðskipta innan samstæðu.

Samræmdar reikningsskilaaðferðir

B87 Ef eining í samstæðunni notar aðrar reikningsskilaaðferðir, en þær sem notaðar eru í samstæðureikningsskilunum, fyrir sambærileg viðskipti og atburði við sambærilegar aðstæður eru gerðar viðeigandi leiðréttingar á reikningsskilum hennar þegar þau eru notuð við gerð samstæðureikningsskilanna, til að tryggja samræmi við reikningsskilastefnu samstæðunnar.

Mæling

B88 Eining skal telja með tekjur og gjöld dótturfélags í samstæðureikningsskilunum frá þeim degi sem hún öðlast yfirráð fram að þeim degi sem einingin hættir að hafa yfirráð yfir félaginu. Tekjur og gjöld dótturfélagsins eru byggð á fjárhæðum eigna og skulda sem færð eru í samstæðureikningsskil á yfirtökudegi. Kostnaður við afskriftir, sem er færður í yfirlit um heildarafkomu samstæðunnar eftir yfirtökudag, skal t.d. byggjast á gangvirði tengdu afskrifanlegu eignarinnar sem er fært í samstæðureikningsskil á yfirtökudegi.

Mögulegur atkvæðisréttur

B89 Þegar mögulegur atkvæðisréttur, eða aðrar afleiður sem fela í sér mögulegan atkvæðisrétt eru til staðar, skal hlutfall hagnaðar eða taps og eiginfjárhreyfinga sem skipt er á móðurfélagið og hlutar sem ekki er ráðandi í samstæðureikningsskilum, einvörðungu ákvarðað á grundvelli núverandi eignarhluta og það endurspeglar ekki hugsanlega nýtingu eða breytingu mögulegs atkvæðisréttar og annarra afleiðna, nema ákvæði liðar B90 gildi.

B90 Við ákveðnar aðstæður hefur eining í raun og veru núverandi eignarhluta sem leiðir af viðskiptum, sem veitir einingunni eins og er aðgang að hagnaðinum sem tengist eignarhluta. Þegar svo háttar til skal hlutinn, sem ráðstafað er til móðurfélagsins og hlutar sem ekki eru ráðandi í samstæðureikningsskilum, ákvarðaðir með tilliti til endanlegrar beitingar mögulegs atkvæðisréttar og annarra afleiða sem veita einingunni eins og er aðgang að hagnaðinum.

B91 IFRS-staðall 9 gildir ekki um hagsmuni í dótturfélögum sem eru samsteypt. Þegar gerningar sem fela í sér mögulegan atkvæðisrétt veita eins og er aðgang að hagnaðinum sem tengist eignarhluta í dótturfélagi, falla gerningarnir ekki undir kröfur IFRS-staðals 9. Í öllum öðrum tilvikum skal færa gerninga sem fela í sér mögulegan atkvæðisrétt í dótturfélagi í samræmi við IFRS-staðal 9.

Reikningsskiladagur

B92 Reikningsskil móðurfélagsins og dótturfélaga þess, sem eru notuð við gerð samstæðureikningsskilanna, skulu hafa sama reikningsskiladag. Þegar lok reikningsskilatímabils móðurfélagsins og dótturfélags eru ekki þau sömu, gerir dótturfélagið viðbótarreikningsskil vegna samstæðureikningsskilanna, miðað við reikningsskiladag móðurfélagsins, til að móðurfélagið geti skráð fjárhagsupplýsingar dótturfélagsins í samstæðureikningsskilin, nema það sé ógerlegt.

B93 Ef það er ógerlegt, skal móðurfélagið taka fjárhagsupplýsingar dótturfélagsins í samstæðureikningsskil miðað við nýjustu reikningsskil dótturfélagsins sem leiðrétt eru með tilliti til áhrifa af verulegum viðskiptum eða atburðum sem verða á milli þessara reikningsskila og dags samstæðureikningsskilanna. Tímabilið á milli reikningsskiladags dótturfélagsins og dags samstæðureikningsskilanna skal ekki vera lengra en þrír mánuðir og lengd reikningsskilatímabilanna og mismunurinn á tímabilinu á milli reikningsskiladaganna skal vera það sama frá tímabili til tímabils.

Hlutir sem ekki eru ráðandi

B94 Eining skal færa hagnað eða tap og hvern þátt annarrar heildarafkomu á eigendur móðurfélagsins og eigendur hluta sem ekki eru ráðandi. Einingin skal einnig færa samanlagða heildarafkomu á eigendur móðurfélagsins og á hluta sem ekki eru ráðandi, jafnvel þótt það leiði til þess að halli verði á hlutanum sem ekki er ráðandi.

B95 Ef í dótturfélagi eru útistandandi forgangshlutir með uppsafnanlegan arðgreiðslurétt sem eru í eigu hluta sem ekki eru ráðandi og flokkaðir sem eigið fé, reiknar einingin hlutdeild sína í hagnaði eða tapi, eftir að tekið hefur verið tillit til arðs af slíkum hlutum, óháð því hvort tilkynnt hefur verið um arðgreiðslur.

Breytingar á þeim hluta sem er í eigu hluta sem ekki eru ráðandi

B96 Verði breyting á hlutfalli eiginfjár þess hluta sem ekki er ráðandi skal eining leiðrétta bókfært verð ráðandi hlutar og hlutar sem ekki er ráðandi til að endurspegla breytingar á hlutfallslegum hagsmunum hennar í dótturfélaginu. Einingin skal færa mismun á fjárhæðinni sem sett er á hlut sem ekki er ráðandi og gangvirði greiðslu, sem er greidd eða móttekin, beint sem eigið fé og skrá á eigendur móðurfélagsins.

Tap á yfirráðum

B97 Móðurfélag getur tapað yfirráðum yfir dótturfélagi í tveimur eða fleiri samningum (viðskiptum). Hinsvegar eru kringumstæður stundum þannig að fara ætti með marga samninga sem ein viðskipti. Þegar ákveðið er hvort samningarnir skuli færðir sem ein viðskipti skal móðurfélagið taka tillit til allra skilmála og skilyrða samninganna og efnahagslegra áhrifa þeirra. Eitt eða fleiri eftirfarandi atriða geta bent til þess að móðurfélagið skuli færa marga samninga sem ein viðskipti:

a) þeir eru gerðir samtímis eða þess vænst að einn leiði af öðrum,

b) þeir mynda ein viðskipti sem er ætlað að ná fram heildarviðskiptaáhrifum,

c) það að einn samningur sé gerður er háð því að a.m.k. einn annar samningur sé gerður,

d) ekki er hægt að réttlæta stakan samning efnahagslega en sé hann settur í samhengi við aðra samninga gegnir öðru máli. Dæmi um þetta er þegar hlutabréf eru seld undir markaðsverði og sú sala jöfnuð út síðar með sölu bréfa yfir markaðsverði.

B98 Ef móðurfélag tapar yfirráðum yfir dótturfélagi skal það:

a) afskrá:

(i) eignir (þ.m.t. viðskiptavild) og skuldir dótturfélagsins á bókfærðu verði dagsins sem yfirráðin töpuðust og

(ii) bókfært verð allra hluta sem ekki eru ráðandi í fyrrnefndu dótturfélagi daginn sem yfirráðin tapast (þ.m.t. allir þættir annarrar heildarafkomu sem tilheyra því),

b) færa:

(i) gangvirði móttekins endurgjalds, ef eitthvert hefur verið, vegna viðskiptanna, atburðarins eða aðstæðnanna sem leiddu til taps á yfirráðum,

(ii) ef viðskiptin, atburðurinn eða aðstæðurnar sem leiddu til taps á yfirráðum, fela í sér úthlutun hlutabréfa dótturfélagsins til eigenda, í krafti þess að þeir eru eigendur, þá úthlutun, og

(iii) hverja þá fjárfestingu sem haldið er í fyrrnefndu dótturfélagi á gangvirði dagsins sem yfirráðin töpuðust,

c) endurflokka fjárhæðir, sem færðar eru í aðra heildarafkomu í rekstrarreikning í tengslum við dótturfélagið á þeim grundvelli sem greint er frá í lið B99, eða yfirfæra þær beint í óráðstafað eigið fé ef gerð er krafa um það í öðrum IFRS-stöðlum,

d) færa hvern þann mismun sem hlýst af sem ágóða eða tap í rekstrarreikning móðurfélagsins.

B99 Ef móðurfélag tapar yfirráðum yfir dótturfélagi skal móðurfélagið gera grein fyrir öllum fjárhæðum sem færðar eru í aðra heildarafkomu í tengslum við það dótturfélag á sama grundvelli og krafist væri ef móðurfélagið hefði ráðstafað beint tengdum eignum eða skuldum. Ef ágóði eða tap, sem áður var fært í aðra heildarafkomu, er endurflokkað og fært í rekstrarreikning við ráðstöfun tengdra eigna og skulda, ber móðurfélaginu af þeim sökum að endurflokka ágóðann eða tapið úr eigin fé og í rekstrarreikning (endurflokkunarleiðrétting) þegar það tapar yfirráðunum yfir dótturfélaginu. Eins yfirfærir móðurfélagið endurmatsreikninginn beint í óráðstafað eigið fé, þegar það tapar yfirráðum yfir dótturfélaginu, ef endurmatsreikningur, sem áður var færður í aðra heildarafkomu, er færður beint í óráðstafað eigið fé þegar eigninni er ráðstafað.

REIKNINGSSKIL VEGNA BREYTINGAR Á STÖÐU FJÁRFESTINGAREININGAR

B100 Ef eining hættir að vera fjárfestingareining skal hún beita IFRS-staðli 3 að því er varðar öll dótturfélög sem áður voru færð á gangvirði í rekstrarreikningi í samræmi við 31. lið. Dagsetning breytingar á stöðu telst vera dagurinn sem talinn er kaupdagurinn. Gangvirði dótturfélagsins á álitnum kaupdegi skal vera yfirfært álitið endurgjald við mat á allri viðskiptavild eða öllum ávinningi af hagstæðum kaupum sem leiðir af álitnu kaupunum. Öll dótturfélög skulu tekin með í samstæðureikningsskil í samræmi við liði 19–24 í þessum IFRS-staðli frá þeim degi sem breyting verður á stöðu.

B101 Ef eining verður fjárfestingareining skal hún láta af því að taka dótturfélög sín með í samstæðureikningsskil daginn sem breytingin verður á stöðu hennar, nema að því er varðar öll dótturfélög sem áfram skal taka með í samstæðureikningsskil í samræmi við 32. lið. Fjárfestingareiningin skal beita kröfunum sem settar eru fram í 25. og 26. lið á þau dótturfélög sem hún hættir að taka með í samstæðureikningsskilin eins og fjárfestingareiningin hefði misst yfirráð yfir viðkomandi dótturfélögum á þeim degi.

Viðbætir C

Gildistökudagur og umbreytingarákvæði

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti af IFRS-staðlinum og hefur sama gildi og aðrir hlutar hans.

GILDISTÖKUDAGUR

C1 Eining skal beita þessum IFRS-staðli fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Beiti eining þessum IFRS-staðli fyrr, skal hún greina frá því og beita samtímis IFRS-staðli 11, IFRS-staðli 12, IAS-staðli 27, *aðgreind reikningsskil*, og IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011).

C1A *Samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar* (Breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12) útgefnar í júní 2012, breyttu liðum C2–C6 og bættu við liðum C2A–C2B, C4A–C4C, C5A og C6A–C6B. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Beiti eining IFRS-staðli 10 á fyrra tímabili, taka breytingarnar gildi á því fyrra tímabili.

C1B *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu liðum 2, 4, C2A, C6A og viðbæti A og bættu við liðum 27–33, B85A–B85W, B100–B101 og C3A–C3F. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita breytingunum fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún birta upplýsingar um það og beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

C1D *Fjárfestingareiningar: beiting undanþágunnar frá samstæðureikningsskilum* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 28), útgefnar í desember 2014, breyttu liðum 4, 32, B85C, B85E og C2A og bættu við liðum 4A–4B. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

UMBREYTING

C2 Eining skal beita þessum IFRS-staðli afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, nema að því leyti sem tilgreint er í liðum C2A–C6.

C2A Þrátt fyrir kröfurnar í 28. lið IAS-staðals 8, þarf eining, þegar þessum alþjóðlega reikningsskilastaðli er beitt í fyrsta sinn, og, ef það á sér stað síðar, þegar breytingunum á þessum alþjóðlega reikningsskilastaðli er varða *fjárfestingareiningar: beitingu undanþágunnar frá samstæðureikningsskilum* er beitt í fyrsta sinn, einungis að leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir árlega tímabilið næst á undan þeim degi þegar þessum IFRS-staðli var fyrst beitt („næstliðna tímabilið“). Einingu er einnig heimilt að leggja fram þessar upplýsingar fyrir yfirstandandi tímabil eða fyrir samanburðartímabil en þess er ekki krafist.

C2B Að því er varðar þennan IFRS-staðal er dagsetning upphaflegrar beitingar við upphaf árlega reikningsskilatímabilsins þegar þessum alþjóðlega reikningsskilastaðli er beitt í fyrsta sinn.

C3 Við dagsetningu upphaflegrar beitingar er ekki gerð krafa um að eining geri breytingar á fyrri reikningsskilum vegna þátttöku sinnar í annað hvort:

a) einingum sem myndu falla undir samstæðureikningsskil á þeim degi í samræmi við IAS-staðal 27, *samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil*, og SIC-túlkun 12, *samstæðureikningsskil — rekstrareiningar um sérverkefni*, og eru enn hluti af samstæðu í samræmi við þennan IFRS-staðal, eða

b) einingum sem falla ekki undir samstæðureikningsskil á þeim degi í samræmi við IAS-staðal 27 og SIC-túlkun 12, og eru ekki í samstæðureikningsskilum í samræmi við þennan IFRS-staðal.

C3A Við dagsetningu upphaflegrar beitingar skal eining meta hvort hún sé fjárfestingareining á grundvelli allra málsatvika og aðstæðna sem eiga við á þeirri dagsetningu. Ef eining kemst að þeirri niðurstöðu við dagsetningu upphaflegrar beitingar skal hún beita kröfunum sem settar eru fram í liðum C3B–C3F í stað krafnanna sem settar eru fram í liðum C5–C5A.

C3B Nema að því er varðar öll dótturfélög sem tekin eru með í samstæðureikningsskil í samræmi við 32. lið (sem liðir C3 og C6 eða liðir C4–C4C, eftir því sem á við, gilda um), skal fjárfestingareining meta fjárfestingu sína í hverju og einu dótturfélagi á gangvirði í rekstrarreikningi eins og kröfurnar í þessum IFRS-staðli hafi ávallt verið í gildi. Fjárfestingareiningin skal leiðrétta afturvirkt bæði næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar og eigið fé við upphaf næstliðna tímabilsins, með tilliti til alls mismunar á:

a) fyrra bókfærðu verði dótturfélagsins og

b) gangvirði fjárfestingar fjárfestingareiningarinnar í dótturfélaginu.

Uppsöfnuð fjárhæð allra leiðréttinga á gangvirði, sem áður voru færðar undir heildarafkomu, skal færa á óráðstafað eigið fé við upphaf næstliðna árlega tímabilsins fyrir upphafsdag beitingarinnar.

C3C Fyrir dagsetninguna sem IFRS-staðall 13, *gangvirðismat*, er samþykktur skal fjárfestingareining nota gangvirðisfjárhæðirnar sem áður voru tilkynntar fjárfestum eða stjórn, ef þessar fjárhæðir sýna fjárhæðina sem hefði verið mögulegt að selja fjárfestinguna fyrir í viðskiptum milli ótengdra, upplýstra aðila sem voru fúsir til viðskiptanna á matsdeginum.

C3D Ef ekki er hægt að framkvæma mat á fjárfestingu í dótturfélagi, í samræmi við liði C3B–C3C (eins og skilgreint er í IAS-staðli 8), skal fjárfestingareining beita kröfum þessa IFRS-staðals við upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita liðum C3B–C3C, sem getur verið yfirstandandi tímabil. Fjárfestirinn skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar, nema að upphaf fyrsta tímabilsins, sem hægt er að beita þessum lið sé yfirstandandi tímabil. Ef svo er skal leiðréttingin á eigin fé færð við upphaf yfirstandandi tímabils.

C3E Ef fjárfestingareining hefur ráðstafað, eða misst yfirráð yfir, fjárfestingu í dótturfélagi fyrir þá dagsetningu sem þessum IFRS-staðli er fyrst beitt er þess ekki krafist að fjárfestingareiningin leiðrétti fyrri reikningsskil vegna þeirrar fjárfestingar.

C3F Ef eining beitir breytingunum *Fjárfestingareiningar* fyrir síðara tímabil en það þegar hún beitir IFRS-staðli 10 í fyrsta sinn skal lesa tilvísanir í „dagsetningu upphaflegrar beitingar“ í liðum C3A–C3E sem „upphaf árlegs skýrslutímabils þegar breytingunum í *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, er beitt í fyrsta sinn.“

C4 Ákveði fjárfestir, á degi upphaflegrar beitingar, að gera samstæðu úr félagi sem fjárfest er í, sem myndaði ekki samstæðu samkvæmt IAS-staðli 27 og SIC-túlkun 12, skal hann:

a) ef félagið sem fjárfest er í er fyrirtæki (eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja*), meta eignir, skuldir og hlutdeild hlutar sem ekki er ráðandi í félaginu sem fjárfest er í, og sem fram að þessu myndar ekki samstæðu, eins og ef það félag sem fjárfesta á í myndar samstæðu (og hafi þannig fært yfirtökuna í samræmi við IFRS-staðal 3) frá þeim degi, þegar fjárfestirinn öðlaðist yfirráð í fyrirtækinu sem fjárfest var í, á grundvelli krafnanna í þessum IFRS-staðli. Fjárfestirinn skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar. Ef dagsetningin, þegar fjárfestirinn öðlaðist þau yfirráð, er á undan þeirri dagsetningu þegar næstliðna tímabilið hefst, skal fjárfestirinn, sem leiðréttingu á eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins, færa allan mismun á milli:

i) fjárhæðar eigna, skulda og viðurkenndra hluta sem ekki eru ráðandi, og

ii) fyrra bókfærðs verðs fjárfestisins vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í.

b) ef félagið sem fjárfest er í, er ekki fyrirtæki (eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3), meta eignir, skuldir og hlutdeild hlutar sem ekki er ráðandi í félaginu sem fjárfest er í, og sem fram að þessu myndar ekki samstæðu, eins og ef það félag sem fjárfest er í, myndar samstæðu (með beitingu yfirtökuaðferðarinnar sem lýst er í IFRS-staðli 3, en án þess að færa viðskiptavild félagsins sem fjárfest er í) frá þeim degi, þegar fjárfestirinn öðlaðist yfirráð í fyrirtækinu sem fjárfest var í, á grundvelli krafnanna í þessum IFRS-staðli. Fjárfestirinn skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar. Ef dagsetningin, þegar fjárfestirinn öðlaðist þau yfirráð, er á undan þeirri dagsetningu þegar næstliðna tímabilið hefst, skal fjárfestirinn, sem leiðréttingu á eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins, færa allan mismun á milli:

i) fjárhæðar eigna, skulda og viðurkenndra hluta sem ekki eru ráðandi, og

ii) fyrra bókfærðs verðs fjárfestisins vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í.

C4A Ef ekki er hægt að framkvæma mat á eignum, skuldum og hlut sem ekki er ráðandi í samræmi við a- eða b-lið liðar C4 (eins og skilgreint er í IAS-staðli 8), skal fjárfestirinn:

a) þegar félagið sem fjárfest er í er fyrirtæki, beita kröfunum í IFRS-staðli 3, frá og með álitnum kaupdegi. Álitinn kaupdagur er dagurinn við upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita a-lið liðar C4, sem getur verið yfirstandandi tímabil.

b) þegar félagið sem fjárfest er í er ekki fyrirtæki, skal beita yfirtökuaðferðinni sem lýst er í IFRS-staðli 3, en án þess að viðurkenna viðskiptavild félagsins sem fjárfest er í, frá og með álitnum kaupdegi. Álitinn kaupdagur er dagurinn við upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita b-lið liðar C4, sem getur verið yfirstandandi tímabil.

Fjárfestirinn skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar, nema að upphaf fyrsta tímabilsins, sem unnt er að beita þessum lið, sé yfirstandandi tímabil. Ef álitinn kaupdagur er á undan upphafi næstliðna tímabilsins, skal fjárfestirinn, sem leiðréttingu á eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins, færa allan mismun á milli:

c) fjárhæðar eigna, skulda og viðurkenndra hluta sem ekki eru ráðandi, og

d) fyrra bókfærðs verðs fjárfestisins vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í.

Ef upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita þessum lið er yfirstandandi tímabil, skal færa leiðréttinguna á eigin fé við upphaf yfirstandandi tímabilsins.

C4B Þegar fjárfestir beitir liðum C4–C4A og dagsetningin, þegar fjárfestirinn öðlaðist yfirráð, í samræmi við þennan IFRS-staðal, er á eftir gildistökudegi IFRS-staðals 3, eins og hann var endurskoðaður árið 2008 (IFRS-staðall 3 (2008)), skulu tilvísanir í IFRS-staðal 3, í liðum C4 og C4A vera í IFRS-staðal 3 (2008). Ef fjárfestirinn öðlaðist yfirráð fyrir gildistökudag IFRS-staðals 3 (2008), skal hann annað hvort beita IFRS-staðli 3 (2008) eða IFRS-staðli 3 (gefinn út 2004).

C4C Þegar fjárfestir beitir liðum C4–C4A og dagsetningin, þegar fjárfestirinn öðlaðist yfirráð, í samræmi við þennan alþjóðlega reikningsskilastaðal, er á eftir gildistökudegi IAS-staðals 27, eins og hann var endurskoðaður árið 2008 (IAS-staðall 27 (2008)), skal fjárfestir beita kröfum þessa IFRS-staðals fyrir öll tímabilin sem félagið sem fjárfest er í myndar samstæðu afturvirkt í samræmi við liði C4–C4A. Hafi yfirráðum verið náð fyrir gildistökudag IAS-staðals 27 (2008), skal fjárfestir beita annað hvort:

a) kröfum þessa IFRS-staðals fyrir öll tímabil sem félagið sem fjárfest er í myndar samstæðu afturvirkt, í samræmi við liði C4–C4A, eða

b) kröfunum í útgáfunni af IAS-staðli 27, sem var gefinn út árið 2003 (IAS-staðall 27 (2003)), fyrir tímabilin á undan gildistökudegi IAS-staðals 27 (2008) og þar á eftir kröfum þessa IFRS-staðals fyrir síðari tímabil.

C5 Ákveði fjárfestir, á degi upphaflegrar beitingar, að hann muni ekki lengur taka félag sem fjárfest er í með í samstæðureikningsskil, sem var með í samstæðureikningsskilum í samræmi við IAS-staðal 27 og SIC-túlkun 12, skal fjárfestirinn meta hlutdeild sína í félaginu sem fjárfest var í á þeirri fjárhæð sem það hefði verið metið á, ef kröfur þessa IFRS-staðals hefðu verið virkar þegar fjárfestirinn hóf afskipti af (en öðlaðist ekki yfirráð yfir í samræmi við þennan IFRS-staðal) eða missti yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í. Fjárfestirinn skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar. Þegar dagsetningin sem fjárfestirinn hóf afskipti af (en öðlaðist ekki yfirráð í samræmi við þennan IFRS-staðal), eða missti yfirráð yfir félaginu sem fjárfest var í, er á undan upphafi næstliðna tímabilsins, skal fjárfestirinn, sem leiðréttingu á eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins, færa allan mismun á milli:

a) fyrra bókfærðs verðs eignanna, skulda og færðra hluta sem ekki eru ráðandi, og

b) færðrar fjárhæðar fjárfestisins vegna hlutdeildar sinnar í félaginu sem fjárfest er í.

C5A Ef ekki er hægt að framkvæma mat á hlutdeild í félaginu sem fjárfest er í, í samræmi við lið C5 (eins og skilgreint er í IAS-staðli 8), skal fjárfestirinn beita kröfum þessa IFRS-staðals við upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita lið C5, sem getur verið yfirstandandi tímabil. Fjárfestirinn skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar, nema að upphaf fyrsta tímabilsins, sem unnt er að beita þessum lið, sé yfirstandandi tímabil. Þegar dagsetningin sem fjárfestirinn hóf afskipti af (en öðlaðist ekki yfirráð í samræmi við þennan IFRS-staðal), eða missti yfirráð yfir félaginu sem fjárfest var í, er á undan upphafi næstliðna tímabilsins, skal fjárfestirinn, sem leiðréttingu á eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins, færa allan mismun á milli:

a) fyrra bókfærðs verðs eignanna, skulda og færðra hluta sem ekki eru ráðandi, og

b) færðrar fjárhæðar fjárfestisins vegna hlutdeildar sinnar í félaginu sem fjárfest er í.

Ef upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita þessum lið er yfirstandandi tímabil, skal færa leiðréttinguna á eigin fé við upphaf yfirstandandi tímabilsins.

C6 Liðir 23, 25, B94 og B96–B99 voru breytingar á IAS-staðli 27, sem gerðar voru 2008 og yfirfærðar í IFRS-staðal 10. Eining skal beita kröfunum í þessum liðum, nema hún beiti lið C3 eða þess er krafist að hún beiti liðum C4–C5A, með eftirfarandi hætti:

a) eining skal ekki endurákvarða neina þætti í rekstrarreikningi fyrir reikningsskilatímabil áður en breytingin í lið B94 tekur gildi í fyrsta sinn,

b) kröfurnar í liðum 23 og B96 um að gera grein fyrir breytingum á eignarhaldi í dótturfélagi eftir að yfirráðum hefur verið náð, gilda ekki um breytingar sem áttu sér stað áður en eining beitir breytingunum í fyrsta sinn,

c) eining skal ekki endurákvarða bókfært verð fjárfestingar í fyrrverandi dótturfélagi ef hún tapaði yfirráðum yfir því áður en hún beitir breytingunum í 25. lið og liðum B97–B99 í fyrsta sinn. Auk þess skal eining ekki endurákvarða neinn ágóða eða tap ef hún hefur tapað yfirráðum yfir dótturfélagi áður en breytingunum í 25. lið og liðum B97–B99 er beitt í fyrsta sinn.

Tilvísun í „næstliðna tímabilið“

C6A Þrátt fyrir tilvísanir í næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar („næstliðna tímabilið“) í liðum C3B–C5A, er einingu einnig heimilt að leggja fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil sem sett eru fram, en þess er ekki krafist. Leggi eining fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil, ber að líta á allar tilvísanir í „næstliðna tímabilið“ í liðum C3B–C5A sem það „fyrsta af fyrri leiðréttum samanburðartímabilum, sem sett hafa verið fram“.

C6B Leggi eining fram óleiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil, skal hún auðkenna óleiðréttu upplýsingarnar með skýrum hætti, tilgreina að þær hafi verið unnar á öðrum grundvelli og gera grein fyrir þeim grundvelli.

Tilvísanir í IFRS-staðal 9

C7 Beiti eining þessum IFRS-staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísanirnar í þessum IFRS-staðli í IFRS-staðal 9 sem tilvísanir í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar*: *færsla og mat*.

AFTURKÖLLUN ANNARRA IFRS-STAÐLA

C8 Þessi IFRS-staðall leysir af hólmi kröfurnar varðandi samstæðureikningsskil í IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2008).

C9 Þessi IFRS-staðall leysir einnig af hólmi SIC-túlkun 12, *samstæðureikningsskil – rekstrareiningar um sérverkefni*.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 11 (IFRS-staðall 11)

Sameiginlegt fyrirkomulag

MARKMIÐ

1 Markmið þessa IFRS-staðals er að setja meginreglur um reikningsskil eininga, sem eiga hlut í verkefnum sem stjórnað er sameiginlega (þ.e. *sameiginlegt fyrirkomulag*).

Markmiðið uppfyllt

2 Í því skyni að uppfylla markmiðið í 1. lið, eru *sameiginleg yfirráð* skilgreind í þessum IFRS-staðli og kröfur settar fram um að eining, þ.e. *aðili að sameiginlegu fyrirkomulagi* ákvarði tegund sameiginlega fyrirkomulagsins sem hún tekur þátt í, þannig að hún meti réttindi og skyldur sínar og geri grein fyrir þessum réttindum og skyldum í samræmi við þá gerð sameiginlega fyrirkomulagsins.

GILDISSVIÐ

3 Allar einingar, sem eru aðilar að sameiginlegu fyrirkomulagi, skulu beita þessum IFRS-staðli.

SAMEIGINLEGT FYRIRKOMULAG

4 Sameiginlegt fyrirkomulag er fyrirkomulag þar sem tveir eða fleiri aðilar hafa sameiginleg yfirráð.

5 Sameiginlegt fyrirkomulag hefur eftirfarandi einkenni:

a) aðilarnir eru bundnir af samningsbundnu fyrirkomulagi (sjá liði B2–B4),

b) samningsbundna fyrirkomulagið veitir tveimur eða fleirum þessara aðila sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu (sjá 7.–13. lið).

6 Sameiginlegt fyrirkomulag er annað hvort *sameiginlegur rekstur* eða *samrekstur*.

Sameiginleg yfirráð

7 Sameiginleg yfirráð er samningsbundin skipting á stjórnun fyrirkomulags, sem er aðeins fyrir hendi þegar ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi krefjast einróma samþykkis aðilanna sem deila yfirráðunum.

8 Eining sem er aðili að fyrirkomulaginu skal meta hvort samningsbundna fyrirkomulagið veitir öllum aðilunum, eða hópi aðila, sameiginlega stjórn yfir fyrirkomulaginu. Allir aðilar, eða hópar aðila, stjórna fyrirkomulaginu sameiginlega þegar þeir verða að starfa saman til að stýra starfsemi sem hefur veruleg áhrif á hagnað fyrirkomulagsins (þ.e. viðkomandi starfsemi).

9 Þegar ákvarðað hefur verið að allir aðilarnir, eða hópur aðila, stjórni fyrirkomulaginu sameiginlega, eru sameiginleg yfirráð einungis til staðar ef ákvarðanir um viðkomandi starfsemi krefjast einróma samþykkis aðilanna sem stjórna fyrirkomulaginu sameiginlega.

10 Í sameiginlegu fyrirkomulagi er enginn einn aðili sem fer með stjórn fyrirkomulagsins. Aðili sem hefur sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulagi getur komið í veg fyrir að einhver hinna aðilanna, eða hópur aðila, stjórni fyrirkomulaginu.

11 Fyrirkomulag getur verið sameiginlegt fyrirkomulag jafnvel þó að allir aðilar þess hafi ekki sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu. Þessi IFRS-staðall gerir greinarmun á aðilum sem hafa sameiginleg yfirráð yfir sameiginlegu fyrirkomulagi (*sameiginlegir rekstraraðilar eða samrekstraraðilar*) og aðilar sem taka þátt í, en hafa ekki sameiginleg yfirráð yfir, sameiginlegu fyrirkomulagi.

12 Það er háð mati einingar hvort allir aðilarnir, eða hópur aðila, hafa sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulagi. Eining skal taka tillit til allra málavaxta og aðstæðna við framkvæmd á þessu mati (sjá liði B5–B11).

13 Breytist málavextir og aðstæður skal eining endurmeta hvor hún hafi enn sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu.

Tegundir sameiginlegs fyrirkomulags

14 Eining skal ákvarða gerð sameiginlega fyrirkomulagsins sem hún tekur þátt í. Flokkun sameiginlegs fyrirkomulags sem sameiginlegs rekstrar eða samrekstrar er háð réttindum og skyldum aðilanna að fyrirkomulaginu.

15 Sameiginlegur rekstur er sameiginlegt fyrirkomulag þar sem aðilar hafa sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu og hafa rétt til eignanna, og skuldbindinganna vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu. Þessir aðilar nefnast sameiginlegir rekstraraðilar.

16 Samrekstur er sameiginlegt fyrirkomulag þar sem aðilar sem hafa sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu hafa rétt til hreinna eigna fyrirkomulagsins. Þessir aðilar nefnast samrekstraraðilar.

17 Það er háð mati einingar hvort sameiginlegt fyrirkomulag er sameiginlegur rekstur eða samrekstur. Eining skal ákvarða gerð sameiginlega fyrirkomulagsins sem hún tekur þátt í að teknu tilliti til réttinda og skuldbindinga sem leiða af fyrirkomulaginu. Eining metur réttindi sín og skyldur með því að taka tillit til skipulags og lagalegs forms fyrirkomulagsins, skilmálanna sem aðilarnir samþykktu í samningsbundna fyrirkomulaginu, og eftir því sem við á annarra málavaxta og aðstæðna (sjá liði B12–B33).

18 Aðilarnir eru stundum bundnir af rammasamningi þar sem almennir samningsskilmálar fyrir eina eða fleiri aðgerðir eru settir fram. Rammasamningurinn getur falið í sér ákvæði um að aðilar komi ólíku sameiginlegu fyrirkomulagi á fót varðandi sértækar aðgerðir, sem mynda hluta samningsins. Jafnvel þó þetta sameiginlega fyrirkomulag tengist sama rammasamningi geta þau verið ólíkrar tegundar ef réttindi og skyldur aðilanna eru mismunandi við framkvæmd á ólíkum aðgerðum sem fjallað er um í rammasamningnum. Því getur sameiginlegur rekstur og samrekstur verið til staðar þegar aðilar framkvæma ólíkar aðgerðir sem mynda hluta af sama rammasamningi.

19 Breytist málavextir og aðstæður skal einingin endurmeta hvort gerð sameiginlega fyrirkomulagsins sem hún tekur þátt í hefur breyst.

REIKNINGSSKIL AÐILA AÐ SAMEIGINLEGU FYRIRKOMULAGI

Sameiginlegur rekstur

20 Sameiginlegur rekstraraðili skal, í tengslum við hlutdeild sína í sameiginlegum rekstri, færa:

a) eignir sínar, þ.m.t. hlut sinn í sameiginlegum eignum,

b) skuldir sínar, þ.m.t. hlut sinn í sameiginlegum skuldum,

c) tekjur sínar af sölu á hlut sínum í framleiðslu sameiginlega rekstursins,

d) hlut sinn í tekjum af sölu á framleiðslu sameiginlega rekstursins og

e) útgjöld sín, þ.m.t. hlut sinn í útgjöldum sem stofnað var til sameiginlega.

21 Sameiginlegur rekstraraðili skal færa eignir, skuldir, tekjur og útgjöld er tengjast hlutdeild hans í sameiginlegum rekstri í samræmi við IFRS-staðlana sem gilda um þessar tilteknu eignir, skuldir, tekjur og útgjöld.

21A Þegar eining yfirtekur hlutdeild í sameiginlegum rekstri þar sem starfsemi sameiginlega rekstrarins myndar fyrirtæki, eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja*, skal hún, í samræmi við eignarhlut sinn skv. 20. lið, beita öllum meginreglunum um reikningsskil við sameiningu fyrirtækja í IFRS-staðli 3 og öðrum IFRS-stöðlum, sem stríða ekki gegn leiðbeiningunum í þessum IFRS-staðli, og veita þær upplýsingar sem er krafist í þeim IFRS-stöðlum í tengslum við sameiningu fyrirtækja. Þetta gildir bæði um yfirtöku á upphaflegu hlutdeildinni og viðbótarhlutdeild í sameiginlegum rekstri þar sem starfsemi sameiginlega rekstrarins myndar fyrirtæki. Reikningsskilameðferð vegna yfirtöku á hlutdeild í slíkum sameiginlegum rekstri er tilgreind í liðum B33A–B33D.

22 Sameiginlegi rekstraraðilinn, vegna reikningsskila á viðskiptum svo sem sölu, framlegð eða kaupum á eignum milli einingar og sameiginlegs rekstrar, er tilgreindur í liðum B34–B37.

23 Aðili sem tekur þátt í, en hefur ekki sameiginleg yfirráð yfir sameiginlegum rekstri skal einnig gera grein fyrir hagsmunum sínum í fyrirkomulaginu í samræmi við liði 20–22 ef aðilinn hefur rétt til eignanna, og skuldbindinga vegna skulda sameiginlega rekstursins. Ef aðili sem tekur þátt í, en hefur ekki sameiginleg yfirráð yfir sameiginlegum rekstri, hefur ekki rétt til eignanna, né skuldbindingar vegna skuldanna sem tengjast sameiginlega rekstrinum, skal hann gera grein fyrir hagsmunum sínum í sameiginlega rekstrinum í samræmi við IFRS-staðalinn sem gildir um þá hagsmuni.

Samrekstur

24 Samrekstraraðili skal færa hagsmuni sína í samrekstri eins og fjárfestingu og skal færa þá fjárfestingu með hlutdeildaraðferðinni í samræmi við IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*, nema að einingin sé undanþegin því að beita hlutdeildaraðferðinni eins og tilgreint er í staðlinum.

25 Aðili sem tekur þátt í, en hefur ekki sameiginleg yfirráð yfir samrekstri skal gera grein fyrir hagsmunum sínum í fyrirkomulaginu í samræmi við IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar*, nema hann hafi veruleg áhrif yfir samrekstrinum en þá skal hann gera grein fyrir því í samræmi við IAS-staðal 28 (eins og honum var breytt 2011).

AÐGREIND REIKNINGSSKIL

26 Sameiginlegur rekstraraðili eða samrekstraraðili skal, í aðgreindu reikningsskilunum, gera grein fyrir hagsmunum sínum í:

a) sameiginlegum rekstri í samræmi við liði 20–22,

b) samrekstri í samræmi við 10. lið IAS-staðals 27, *aðgreind reikningsskil*.

27 Aðili sem tekur þátt í en hefur ekki sameiginleg yfirráð yfir sameiginlegu fyrirkomulagi skal, í aðgreindum reikningsskilum sínum, gera grein fyrir hagsmunum sínum í:

a) sameiginlegum rekstri í samræmi við 23. lið,

b) samrekstri í samræmi við IFRS-staðal 9, nema ef einingin hefur veruleg áhrif yfir samrekstrinum, en þá skal beita 10. lið IAS-staðals 27 (eins og honum var breytt 2011).

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

sameiginlegt fyrirkomulag	Fyrirkomulag þar sem tvær eða fleiri einingar hafa **sameiginleg yfirráð**.
sameiginleg yfirráð	Samningsbundin skipting á stjórnun fyrirkomulags, sem er aðeins til staðar þegar ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi krefjast einróma samþykkis aðilanna sem deila yfirráðunum.
sameiginlegur rekstur	**Sameiginlegt fyrirkomulag** þar sem aðilar sem hafa **sameiginleg yfirráð** yfir fyrirkomulaginu hafa rétt til eignanna og skuldbindinga vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu.
sameiginlegur rekstraraðili	Aðili að **sameiginlegum rekstri** sem hefur **sameiginleg yfirráð** yfir sameiginlega rekstrinum.
samrekstur	**sameiginlegt fyrirkomulag** þar sem aðilarnir sem hafa **sameiginleg yfirráð** yfir fyrirkomulaginu hafa rétt til hreinna eigna fyrirkomulagsins.
samrekstraraðili	Aðili að **samrekstri** sem hefur **sameiginleg yfirráð** yfir samrekstrinum.
aðili að sameiginlega fyrirkomulaginu	Eining sem tekur þátt í **sameiginlegu fyrirkomulagi**, óháð því hvort einingin hefur **sameiginleg yfirráð** yfir fyrirkomulaginu.
aðskilið milligöngufélag	Fjármagnsskipan sem er sanngreinanleg ein og sér, þ.m.t. aðskildar lagalegar einingar eða einingar viðurkenndar í stofnsamþykkt, óháð því hvort þessar einingar hafi réttarstöðu lögaðila.

Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2011), IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011) eða IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil* og eru notuð í þessum IFRS-staðli með þeim merkingum sem tilgreindar eru í þeim IFRS-stöðlum:

— yfirráð yfir félagi sem fjárfest er í

— hlutdeildaraðferð

— vald

— verndarréttindi

— viðeigandi starfsemi

— aðgreind reikningsskil

— veruleg áhrif.

Viðbætir B

Leiðbeiningar varðandi beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins. Hann lýsir beitingu 1.-27. liðar og hefur sama gildi og aðrir hlutar IFRS-staðalsins.

B1 Dæmin í þessum viðbæti lýsa ímynduðum stöðum. Þrátt fyrir að sumar hliðar dæmanna geti komið fyrir við raunverulegar aðstæður, skal meta alla málavexti og aðstæður tiltekinna málavaxta við beitingu IFRS-staðals 11.

SAMEIGINLEGT FYRIRKOMULAG

Samningsbundið fyrirkomulag (5. liður)

B2 Hægt er að staðfesta samningsbundið fyrirkomulag á mismunandi hátt. Staðfest samningsbundið fyrirkomulag er oft, en ekki alltaf, skriflegt, venjulega í formi samnings eða skjalfestra viðræðna á milli aðila. Lögboðið kerfi getur einnig haft í för með sér framfylgjanlegt fyrirkomulag, annað hvort eitt sér eða í tengslum við samninga á milli aðila.

B3 Ef sameiginlega fyrirkomulagið er skipulagt í gegnum *aðskilið milligöngufélag* (sjá liði B19–B33), mun samnings-bundna fyrirkomulagið, eða sumir hlutar þess, í sumum tilvikum verða fellt inn í greinarnar, stofnskrána eða samþykktir aðskilda milligöngufélagsins.

B4 Samningsbundna fyrirkomulagið felur í sér skilmála varðandi þátttöku aðilanna í starfseminni, sem er viðfangsefni fyrirkomulagsins. Samningsbundna fyrirkomulagið fjallar almennt um mál eins og:

a) tilganginn, starfsemina og lengd sameiginlega fyrirkomulagsins,

b) hvernig stjórnarmenn eða sambærilegir stjórnendur sameiginlega fyrirkomulagsins eru skipaðir,

c) ákvarðanatökuferlið: mál sem krefjast þess að aðilarnir taki ákvörðun, atkvæðisrétt aðilanna og nauðsynlegan meirihluta í þessum málum. Ákvarðanatökuferlið sem endurspeglast í samningsbundna fyrirkomulaginu kemur á sameiginlegum yfirráðum yfir fyrirkomulaginu (sjá liði B5-B11),

d) fjármagn eða annað framlag sem krafist er frá aðilunum,

e) hvernig aðilarnir deila eignum, skuldum, tekjum, útgjöldum eða hagnaði eða tapi vegna sameiginlega fyrirkomu lagsins.

Sameiginleg yfirráð (7.–13. liður)

B5 Við mat á því hvort eining hafi sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu, skal einingin meta fyrst hvort allir aðilar eða hópur aðila stjórni fyrirkomulaginu. Í IFRS-staðli 10 er hugtakið yfirráð skilgreint og skal það notað til að ákvarða hvort allir aðilar, eða hópur aðila, hafa áhrif á eða eiga rétt á að njóta breytilegrar ávöxtunar af, þátttöku þeirra í fyrirkomulaginu og hafa áhrif á þessa ávöxtun í gegnum vald þeirra yfir fyrirkomulaginu. Þegar allir aðilar, eða hópur aðila, taldir saman geta stjórnað starfseminni sem hefur veruleg áhrif á hagnað af fyrirkomulaginu (þ.e. viðkomandi starfsemi), fara aðilarnir sameiginlega með stjórn samkvæmt fyrirkomulaginu.

B6 Að fenginni þeirri niðurstöðu að allir aðilarnir, eða hópur aðila, fari sameiginlega með stjórn samkvæmt fyrirkomulaginu skal eining meta hvort hún hafi sameiginleg yfirráð samkvæmt fyrirkomulaginu. Einungis er um sameiginleg yfirráð að ræða þegar ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi krefjast einróma samþykkis aðilanna sem fara sameiginlega með stjórn samkvæmt fyrirkomulaginu. Mat á því hvort fyrirkomulaginu sé stjórnað sameiginlega af öllum aðilum þess eða hópi aðilanna, eða sé eingöngu stjórnað af einum aðila getur krafist úrskurðar.

B7 Ákvarðanatökuferlið sem aðilar koma sér saman um í samningsbundna fyrirkomulaginu leiðir stundum skilyrðislaust til sameiginlegra yfirráða. Gerum til dæmis ráð fyrir því að tveir aðilar komi að fyrirkomulagi þar sem hvor um sig fer með 50% atkvæðisréttarins og samningsbundna fyrirkomulagið sem þeir gerðu með sér tiltekur að það þurfi a.m.k. 51% atkvæðisréttar til að taka ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi. Í því tilviki hafa aðilar skilyrðislaust samþykkt að þeir fari með sameiginleg yfirráð samkvæmt fyrirkomulaginu vegna þess að ekki er hægt að taka ákvarðanir um viðkomandi starfsemi án samþykkis beggja aðila.

B8 Í öðrum kringumstæðum er þess krafist í samningsbundna fyrirkomulaginu að lágmarkshlutfall atkvæðisréttar þurfi til að taka ákvarðanir um viðkomandi starfsemi. Þegar mögulegt er að uppfylla kröfuna um lágmarkshlutfall atkvæðisréttar með fleiri en einni samsetningu aðila sem koma sér saman, er fyrirkomulagið ekki sameiginlegt fyrirkomulag nema að samningsbundna fyrirkomulagið tilgreini hvaða aðilar (eða samsetning aðila) þurfa að samþykkja einróma ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi í tengslum við fyrirkomulagið.

Dæmi um beitingu

Dæmi 1

Gerum ráð fyrir að þrír aðilar komi að fyrirkomulagi: A fer með 50% atkvæðisréttar samkvæmt fyrirkomulaginu, B fer með 30% og C með 20%. Í samningsbundna fyrirkomulaginu á milli A, B og C kemur fram krafa um a.m.k. 75% atkvæðisréttar til að taka ákvarðanir um viðkomandi starfsemi samkvæmt fyrirkomulaginu. Jafnvel þó A geti hindrað ákvarðanir stjórnar það ekki fyrirkomulaginu vegna þess að það þarf samþykki frá B. Það að samkvæmt skilmálum samningsbundna fyrirkomulagsins þarf a.m.k. 75% atkvæðisréttar til að taka ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi gefur til kynna að A og B hafi sameiginleg yfirráð samkvæmt fyrirkomulaginu vegna þess að ekki er hægt að taka ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi samkvæmt fyrirkomulaginu án þess að bæði A og B samþykki þær.

Dæmi 2

Gerum ráð fyrir að það séu þrír aðilar að fyrirkomulagi: A fer með 50% atkvæðisréttar samkvæmt fyrirkomulaginu, B og C fara með 25% hver. Í samningsbundna fyrirkomulaginu á milli A, B og C kemur fram krafa um a.m.k. 75% atkvæðisréttar til að taka ákvarðanir um viðkomandi starfsemi samkvæmt fyrirkomulaginu. Jafnvel þó A geti hindrað ákvarðanir stjórnar það ekki fyrirkomulaginu vegna þess að það þarf samþykki frá annað hvort B eða C. Í þessu dæmi fara A, B og C sameiginlega með stjórn samkvæmt fyrirkomulaginu. Þó eru fleiri en ein samsetning aðila sem geta komið sér saman um að ná 75% atkvæðisréttar (þ.e. annað hvort A og B eða A og C). Til að teljast vera sameiginlegt fyrirkomulag í slíkum aðstæðum, þarf að koma fram í samningsbundna fyrirkomulaginu á milli aðila hvaða samsetningu aðila þarf til að samþykkja einróma ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi samkvæmt fyrirkomulaginu.


Dæmi 3

Gerum ráð fyrir fyrirkomulagi þar sem A og B hafa 35% atkvæðisréttar hver samkvæmt fyrirkomulaginu og eftirstandandi 30% eru mjög dreifð. Meirihluta atkvæðisréttar þarf til að samþykkja ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi. A og B hafa einungis sameiginleg yfirráð samkvæmt fyrirkomulaginu ef samningsbundna fyrirkomulagið tilgreinir að bæði A og B þurfi að samþykkja ákvarðanir varðandi viðkomandi starfsemi samkvæmt fyrirkomulaginu.

B9 Krafan um einróma samþykki merkir að allir aðilar sem hafa sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulaginu geta komið í veg fyrir að hinir aðilarnir, eða hópur aðila, nái einróma samþykki (um viðkomandi starfsemi) án samþykkis viðkomandi. Ef krafan um einróma samþykki snýr eingöngu að ákvörðunum sem veita aðila verndarréttindi og ekki að ákvörðunum um viðkomandi starfsemi samkvæmt fyrirkomulaginu, er sá aðili ekki aðili sem hefur sameiginleg yfirráð samkvæmt fyrirkomulaginu.

B10 Samningsbundið fyrirkomulag getur falið í sér ákvæði um lausn deilumála svo sem gerðardóm. Þessi ákvæði geta heimilað ákvarðanatöku þó að einróma samþykki liggi ekki fyrir á milli aðila sem fara með sameiginleg yfirráð. Það að slík ákvæði séu fyrir hendi kemur ekki í veg fyrir að samkvæmt fyrirkomulaginu sé sameiginleg stjórn, og af þessum sökum sameiginlegt fyrirkomulag.

Mat á sameiginlegum yfirráðum



B11 Þegar fyrirkomulag fellur utan gildissviðs IFRS-staðals 11, gerir eining grein fyrir hagsmunum sínum í fyrirkomulaginu í samræmi við viðeigandi IFRS-staðla, s.s. IFRS-staðal 10, IAS-staðal 28 (eins og honum var breytt 2011) eða IFRS-staðal 9.

TEGUNDIR SAMEIGINLEGS FYRIRKOMULAGS (LIÐIR 14–19)

B12 Það eru margar ástæður fyrir því að koma sameiginlegu fyrirkomulagi á fót (t.d. sem leið fyrir aðila til að deila kostnaði og áhættu, eða sem leið til að veita aðilum aðgang að nýrri tækni eða nýjum mörkuðum) og hægt er að stofna slíkt með því að nota mismunandi skipulag og lagaleg form.

B13 Í sumu fyrirkomulagi er þess ekki krafist að starfsemin sem fyrirkomulagið snýst um fari fram í aðskildu milligöngufélagi. Annað fyrirkomulag felur þó í sér að aðskildu milligöngufélagi sé komið á fót.

B14 Sú flokkun á sameiginlegu fyrirkomulagi sem krafist er í þessum IFRS-staðli er háð réttindum og skyldum aðila sem leiða af fyrirkomulaginu í venjubundnum viðskiptum. Þessi IFRS-staðall flokkar sameiginlegt fyrirkomulag í annað hvort sameiginlegan rekstur eða samrekstur. Fyrirkomulagið er sameiginlegur rekstur þegar eining hefur rétt til eignanna, og skuldbindingar vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu. Fyrirkomulagið er samrekstur þegar eining hefur rétt til hreinna eigna fyrirkomulagsins. Í liðum B16–B33 er matið, sem eining framkvæmir til að ákvarða hvort hún hafi hagsmuni í sameiginlegum rekstri eða samrekstri, sett fram.

Flokkun sameiginlegs fyrirkomulags

B15 Eins og fram kemur í lið B14, krefst flokkunin á sameiginlegu fyrirkomulagi þess að aðilar meti réttindi sín og skyldur sem leiða af fyrirkomulaginu. Við matið skal eining taka tillit til eftirfarandi:

a) skipulags sameiginlega fyrirkomulagsins (sjá liði B16–B21),

b) ef sameiginlega fyrirkomulagið er byggt upp í gegnum aðskilið milligöngufélag:

i) lagalegs forms aðskilda milligöngufélagsins (sjá liði B22–B24),

ii) skilmála samningsbundna fyrirkomulagsins (sjá liði B25–B28), og

iii) þegar við á, annarra málavaxta og aðstæðna (sjá liði B29–B33).

Uppbygging sameiginlega fyrirkomulagsins

Sameiginlegt fyrirkomulag sem ekki er byggt upp í gegnum aðskilið milligöngufélag

B16 Sameiginlegt fyrirkomulag sem ekki er byggt upp í gegnum aðskilið milligöngufélag er sameiginlegur rekstur. Í slíkum tilvikum fastsetur samningsbundna fyrirkomulagið rétt aðila til eignanna og skuldbindinga vegna skuldanna, sem tengjast fyrirkomulaginu, og rétt aðila til samsvarandi tekna og skuldbindinga vegna samsvarandi útgjalda.

B17 Í samningsbundna fyrirkomulaginu er eðli starfseminnar, sem fyrirkomulagið tekur til, oft lýst og því hvernig aðilarnir hyggjast framkvæma þessa starfsemi saman. Aðilar að sameiginlegu fyrirkomulagi gætu til dæmis komið sér saman um að framleiða vöru í sameiningu, þar sem hver aðili er ábyrgur fyrir tilteknu viðfangsefni og hver um sig notar sínar eigin eignir og stofnar til eigin skulda. Í samningsbundna fyrirkomulaginu gæti einnig verið tiltekið hvernig skipta skuli sameiginlegum hagnaði og útgjöldum aðilanna á milli þeirra. Í slíkum tilvikum skal hver og einn sameiginlegur rekstraraðili færa, í reikningsskilin, eignirnar og skuldirnar sem eru tilkomnar vegna tiltekinna viðfangsefna, og sinn hluta af hagnaðinum og útgjöldunum í samræmi við samningsbundna fyrirkomulagið.

B18 Í öðrum tilvikum gætu aðilar að sameiginlegu fyrirkomulagi komið sér saman um t.d. að deila og reka eign saman. Í slíkum tilvikum fastsetur samningsbundna fyrirkomulagið rétt aðilanna til eignanna, sem reknar eru í sameiningu, og hvernig framleiðslu eða hagnaði af eigininni og rekstrarkostnaði er skipt á milli aðila. Hver og einn sameiginlegur rekstraraðili gerir grein fyrir sínum hluta af sameiginlegu eigninni og samþykktum hluta skulda, og færir sinn hluta af framleiðslunni, hagnaðinum og útgjöldunum í samræmi við samningsbundna fyrirkomulagið.

Sameiginlegt fyrirkomulag sem er byggt upp í gegnum aðskilið milligöngufélag

B19 Sameiginlegt fyrirkomulag, þar sem eignum og skuldum, er varða fyrirkomulagið, er haldið í aðskildu milligöngu félagi, getur annað hvort verið samrekstur eða sameiginlegur rekstur.


B20 Hvort aðili er sameiginlegur rekstraraðili eða samrekstraraðili veltur á rétti aðilans til eignanna og skuldbindinga vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu og haldið er í aðskilda milligöngufélaginu.

B21 Eins og fram kemur í lið B15 þegar aðilar hafa byggt upp sameiginlegt fyrirkomulag í aðskildu milligöngufélagi þurfa aðilarnir að meta hvort lagalegt form aðskilda milligöngufélagsins, skilmálar samningsbundna fyrirkomulagsins og þegar aðrir viðkomandi málavextir og aðstæður veita þeim:

a) rétt til eignanna, og skuldbindinga vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu (þ.e. fyrirkomulagið er sameiginlegur rekstur), eða

b) rétt til hreinna eigna fyrirkomulagsins (þ.e. fyrirkomulagið er samrekstur).

Flokkun sameiginlegs fyrirkomulags: mat á réttindum og skyldum aðila sem leiða af fyrirkomulaginu



Lagalegt form aðskilda milligöngufélagsins

B22 Við mat á gerð sameiginlega fyrirkomulagsins skiptir lagalegt form aðskilda milligöngufélagsins máli. Lagalega formið skiptir máli við upphaflega matið á rétti aðilanna til eignanna, og skuldbindinga vegna skuldanna sem haldið er í aðskilda milligöngufélaginu, t.d. hvort aðilarnir hafi hagsmuna að gæta í eignunum sem haldið er í aðskilda milligöngufélaginu og hvort þeir hafi skuldbindingar gagnvart skuldum sem haldið er í aðskilda milligöngufélaginu.

B23 Aðilar geta t.d. starfrækt sameiginlega fyrirkomulagið í gegnum aðskilið milligöngufélag sem er á lagalegu formi sem gerir það að verkum að litið er á aðskilda milligöngufélagið sem sjálfstæða einingu (þ.e. eignir og skuldir sem haldið er í aðskilda milligöngufélaginu eru eignir og skuldir aðskilda milligöngufélagsins og ekki eignir og skuldir aðilanna). Í slíku tilviki gefur matið á réttindum og skyldum, sem aðilar hafa samkvæmt lagalegu formi aðskilda milligöngufélagsins, til kynna að fyrirkomulagið sé samrekstur. Skilmálarnir, sem aðilar samþykktu í samningsbundna fyrirkomulaginu (sjá liði B25–B28), og þar sem það á við aðrir málavextir og aðstæður (sjá liði B29–B33) geta þó vegið þyngra en matið á réttindum og skyldum sem aðilar hafa samkvæmt lagalegu formi aðskilda milligöngufélagsins.

B24 Matið á réttindum og skyldum, sem aðilar hafa samkvæmt lagalegu formi aðskilda milligöngufélagsins, er eingöngu nægjanlegt til að ákvarða að fyrirkomulagið sé sameiginlegur rekstur ef aðilarnir starfrækja sameiginlega fyrirkomulagið í gegnum aðskilið milligöngufélag sem er á lagalegu formi sem ekki hefur í för með sér aðskilnað á milli aðilanna og aðskilda milligöngufélagsins (þ.e. eignirnar og skuldirnar sem haldið er í aðskilda milligöngufélaginu eru eignir og skuldir aðilanna).

Mat á skilmálum samningsbundna fyrirkomulagsins

B25 Í mörgum tilvikum eru réttindin og skyldurnar sem aðilarnir samþykktu í samningsbundna fyrirkomulaginu í samræmi við, eða stangast ekki á við réttindin og skyldurnar sem aðilarnir hafa samkvæmt lagalegu formi aðskilda milligöngufélagsins sem sameiginlega fyrirkomulagið er byggt upp samkvæmt.

B26 Í öðrum tilvikum nota aðilarnir samningsbundna fyrirkomulagið til að ógilda eða breyta réttindunum og skyldunum sem aðilar hafa samkvæmt lagalegu formi aðskilda milligöngufélagsins sem fyrirkomulagið er byggt upp samkvæmt.

Dæmi um beitingu

Dæmi 4

Gerum ráð fyrir því að tveir aðilar byggi upp sameiginlegt fyrirkomulag í einingu sem hefur réttarstöðu lögaðila. Hvor aðili á 50% eignarhlut í einingunni sem hefur réttarstöðu lögaðila. Réttarstaða lögaðila heimilar aðskilnað einingarinnar frá eigendum sínum og þar af leiðandi eru eignir og skuldir sem haldið er í einingunni, eignir og skuldir einingarinnar sem hefur réttarstöðu lögaðila. Í slíkum tilvikum gefur matið á réttindum og skyldum, sem aðilar hafa samkvæmt lagalegu formi aðskilda milligöngufélagsins, til kynna að aðilarnir hafi rétt til hreinna eigna fyrirkomulagsins.

Aðilarnir breyta þó ákvörðununum varðandi fyrirtækið í gegnum samningsbundna fyrirkomulagið, þannig að hver og einn eigi hagsmuna að gæta í eignum einingarinnar sem hefur réttarstöðu lögaðila og hver um sig ber ábyrgð á skuldum einingarinnar með réttarstöðu lögaðila í tilteknu hlutfalli. Slíkar samningsbundnar breytingar á ákvörðunum fyrirtækis geta orðið til þess að fyrirkomulagið verði sameiginlegur rekstur.

B27 Eftirfarandi tafla ber saman almenna skilmála í samningsbundnu fyrirkomulagi aðila að sameiginlegum rekstri og almenna skilmála í samningsbundnu fyrirkomulagi aðila í samrekstri. Dæmin um samningsskilmálana sem sett eru fram í eftirfarandi töflu eru ekki tæmandi.

Mat á skilmálum samningsbundna fyrirkomulagsins

	Sameiginlegur rekstur	Samrekstur
Skilmálar samningsbundna fyrirkomulagsins	Samningsbundna fyrirkomulagið kveður á um rétt aðila að sameiginlega fyrirkomulaginu til eignanna, og skuldbindinga vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu.	Samningsbundna fyrirkomulagið kveður á um að aðilar að sameiginlega fyrirkomulaginu sem hafa rétt til hreinnar eignar fyrirkomulagsins (þ.e. aðskilda milligöngufélagið, ekki aðilarnir sem eiga rétt á eignunum og hefur skyldur gagnvart skuldum sem tengjast fyrirkomulaginu).
Réttur til eigna	Með samningsbundna fyrirkomulaginu er ákveðið að aðilar að sameiginlega fyrirkomulaginu deili öllum hagsmunum (þ.e. réttindum, heimildum eða eignarhaldi) sem þeir hafa í eignunum sem tengjast fyrirkomulaginu í tilteknu hlutfalli (t.d. í hlutfalli við eignarhald í fyrirkomulaginu eða í hlutfalli við starfsemina sem fer fram í gegnum fyrirkomulagið sem beinlínis tengist þeim).	Samningsbundna fyrirkomulagið fastsetur að eignirnar sem komið var með í fyrirkomulagið eða aflað síðar af sameiginlega fyrirkomulaginu eru eignir fyrirkomulagsins. Aðilar hafa engra hagsmuna að gæta (þ.e. engin réttindi, heimildir eða eignarhald) í eignum fyrirkomulagsins.
Skuldbindingar gagnvart skuldum	Samningsbundna fyrirkomulagið fastsetur að aðilarnir að sameiginlega fyrirkomulaginu deili öllum skuldum, skyldum, kostnaði og útgjöldum í tilteknu hlutfalli (þ.e. í hlutfalli við eignarhald aðilanna í fyrirkomulaginu eða í hlutfalli við starfsemina sem fer fram í gegnum fyrirkomulagið sem beinlínis tengist þeim).	Samningsbundna fyrirkomulagið fastsetur að sameiginlega fyrirkomulagið beri ábyrgð á skuldum og skuldbindingum fyrirkomulagsins.

	Sameiginlegur rekstur	Samrekstur
		Samningsbundna fyrirkomulagið fastsetur að aðilarnir að sameiginlega fyrirkomulaginu beri einungis ábyrgð á fyrirkomulaginu að marki viðkomandi fjárfestinga þeirra í fyrirkomulaginu eða skuldbindinga sem þeir leggja til ógreidds eða viðbótarfjármagns til fyrirkomulagsins, eða hvorttveggja.
	Með samningsbundna fyrirkomulaginu er ákveðið að aðilarnir að sameiginlega fyrirkomulaginu séu ábyrgir fyrir kröfum sem þriðju aðilar setja fram.	Í samningsbundna fyrirkomulaginu kemur fram að skuldarar sameiginlega fyrirkomulagsins eiga ekki endurkröfurétt gagnvart aðilum að því er varðar skuldir eða skyldur fyrirkomulagsins.
Tekjur, gjöld, hagnaður eða tap	Með samningsbundna fyrirkomulaginu er ráðstöfun á hagnaði og útgjöldum á grundvelli viðkomandi framkvæmdar hvers aðila að sameiginlega fyrirkomulaginu fyrir sig ákveðin. Samningsbundna fyrirkomulagið gæti t.d. fastsett að hagnaði og útgjöldum sé ráðstafað á grundvelli afkasta sem hver og einn aðili nýtir í verksmiðju sem er starfrækt sameiginlega, sem gæti verið frábrugðið eignarhlut þeirra í sameiginlega fyrirkomulaginu. Í öðrum tilvikum gætu aðilarnir hafa komið sér saman um að deila hagnaði eða tapi að því er varðar fyrirkomulagið á grundvelli tiltekins hlutfalls svo sem eignarhlut aðilanna í fyrirkomulaginu. Það kæmi ekki í veg fyrir að fyrirkomulagið teldist sameiginlegur rekstur ef aðilarnir hafa rétt til eignanna, og skuldbindinga vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu.	Með samningsbundna fyrirkomulaginu er hlutur hvers aðila í hagnaðinum eða tapinu ákveðinn í tengslum við starfsemi fyrirkomulagsins.
Ábyrgðir	Þess er oft krafist af aðilum að sameiginlega fyrirkomulaginu að þeir leggi fram ábyrgðir til þriðju aðila sem, t.d. fá þjónustu frá, eða veita fjármögnun til sameiginlega fyrirkomulagsins. Ákvæði um slíkar ábyrgðir, eða skuldbindingar aðilanna um að veita þær, ákvarða ekki í sjálfu sér að sameiginlega fyrirkomulagið sé sameiginlegur rekstur. Það sem ákvarðar hvort sameiginlega fyrirkomulagið er sameiginlegur rekstur eða samrekstur er hvort aðilarnir séu skuldbundnir gagnvart skuldum tengdu fyrirkomulaginu (það er ekki skilyrði að aðilarnir hafi lagt fram ábyrgðir fyrir einhverjar þeirra).	

B28 Ef það er tilgreint í samningsbundna fyrirkomulaginu að aðilar eigi rétt til eignanna og hafi skyldur gagnvart skuldum sem tengjast fyrirkomulaginu, þá eru þeir aðilar að sameiginlegum rekstri og þurfa ekki að taka tillit til annarra málavaxta og aðstæðna (liðir B29–B33) í þeim tilgangi að flokka sameiginlega fyrirkomulagið.

Mat á öðrum málavöxtum og aðstæðum

B29 Þegar ekki er tilgreint í skilmálum samningsbundna fyrirkomulagsins hvort aðilar hafi rétt til eignanna, og skuldbindinga vegna skuldanna sem tengjast fyrirkomulaginu, skulu aðilar taka tillit til annarra málavaxta og aðstæðna við mat á því hvort fyrirkomulagið er sameiginlegur rekstur eða samrekstur.

B30 Sameiginlega fyrirkomulagið getur verið byggt upp í aðskildu milligöngufélagi sem er á lagalegu formi sem leiðir til aðskilnaðar á milli aðilanna og aðskilda milligöngufélagsins. Mögulegt er að samningsskilmálarnir sem aðilarnir samþykktu sín á milli tilgreini ekki rétt aðila til eignanna og skuldbindinga vegna skuldanna, en að teknu tilliti til annarra málavaxta og aðstæðna gætu þeir leitt til þess að slíkt fyrirkomulag yrði flokkað sem sameiginlegur rekstur. Það væri tilfellið þegar aðrir málavextir og aðstæður veita aðilunum rétt til eignanna, og skuldbindinga vegna skuldanna sem varða fyrirkomulagið.

B31 Sé starfsemi fyrirkomulagsins fyrst og fremst byggð upp með tilliti til þess að veita aðilum afurðir, gefur það til kynna að aðilarnir hafi raunverulega rétt til alls efnahagslegs ávinnings af eignum fyrirkomulagsins. Aðilar að slíku fyrirkomulagi tryggja oft aðgengi sitt að afurðum fyrirkomulagsins með því að koma í veg fyrir að fyrirkomulagið selji þær til þriðju aðila.

B32 Áhrif fyrirkomulags sem er byggt upp á þennan hátt og í þessum tilgangi er að sjóðstreymið frá aðilunum í gegnum kaup á framleiðslunni vegi í raun upp á móti skuldunum sem fyrirkomulagið stofnar til. Þegar aðilarnir eru raunverulega einu upptök sjóðstreymis sem lagt er til áframhaldandi starfsemi fyrirkomulagsins, gefur það til kynna að aðilarnir hafi skyldur gagnvart skuldunum sem tengjast fyrirkomulaginu.

Dæmi um beitingu

Dæmi 5

Gerum ráð fyrir að tveir aðilar byggi upp sameiginlegt fyrirkomulag í einingu með réttarstöðu lögaðila (eining C) þar sem hvor aðili um sig á 50% eignarhlut. Tilgangurinn með fyrirkomulaginu er að framleiða efni sem aðilar þurfa fyrir þeirra eigin einstöku framleiðsluferli. Fyrirkomulagið tryggir að aðilar starfræki aðstöðuna þar sem efnið er unnið samkvæmt magn- og gæðaforskrift aðilanna.

Lagalegt form einingar C (eining með réttarstöðu lögaðila) þar sem starfsemin fer fram gefur upphaflega til kynna að eignir og skuldir sem haldið er í einingu C séu eignir og skuldir einingar C. Í samningsbundna fyrirkomulaginu á milli aðilanna er ekki tilgreint hvort aðilarnir eigi rétt til eignanna eða hafi skyldum að gegna vegna skulda einingar C. Í samræmi við það gefur lagalegt form einingar C og skilmálar samningsbundna fyrirkomulagsins til kynna að fyrirkomulagið sé samrekstur.

Aðilar skulu þó samt sem áður einnig taka eftirfarandi sjónarmið til athugunar varðandi fyrirkomulagið:

— Aðilar samþykktu að kaupa alla framleiðslu einingar C í hlutfallinu 50:50. Eining C má ekki selja framleiðslu til þriðju aðila, nema aðilarnir tveir að fyrirkomulaginu samþykki það. Þar eð tilgangur fyrirkomulagsins er að veita aðilunum þá framleiðslu sem þeir þurfa má gera ráð fyrir því að sala til þriðju aðila sé óalgeng og óveruleg.

— Verðið sem framleiðslan er seld á til aðilanna er ákvarðað af báðum aðilum á því bili sem miðast við að nái yfir kostnað við framleiðsluna og stjórnunarkostnað sem eining C stofnar til. Á grundvelli þessa rekstrarkerfis er fyrirkomulaginu ætlað að vera í jafnvægi.

Í ljósi ofangreindra málsatvika skipta eftirfarandi málavextir og aðstæður máli:

— Skyldur aðila til að kaupa alla framleiðslu sem eining C framleiðir endurspeglar það að eining C er algerlega háð aðilunum um myndun sjóðstreymis og því eru aðilarnir skyldugir til að fjármagna uppgjör skulda einingar C.


— Sú staðreynd að aðilar eiga rétt á allri framleiðslu sem eining C framleiðir merkir að aðilar neyta og hafa því rétt til alls efnahagslegs ávinnings af eignum einingar C.

Þessir málavextir og aðstæður gefa vísbendingu um það að fyrirkomulagið er sameiginlegur rekstur. Niðurstaða flokkunarinnar á sameiginlega fyrirkomulaginu í þessum aðstæðum myndi ekki breytast ef að í stað þess að aðilarnir noti sinn hluta af framleiðslunni sjálfir í síðara framleiðsluferli, þá selji þeir sinn hluta framleiðslunnar til þriðju aðila.

Ef aðilarnir breyta skilmálum samningsbundna fyrirkomulagsins á þann hátt að fyrirkomulagið geti selt framleiðslu til þriðju aðila hefði það í för með sér að eining C tæki á sig áhættu af eftirspurn, birgðum og lánum. Við þær aðstæður myndi slík breyting á málavöxtum og aðstæðum krefjast endurmats á flokkun sameiginlega fyrirkomulagsins. Slíkir málavextir og aðstæður gefa vísbendingu um það að fyrirkomulagið er samrekstur.

B33 Eftirfarandi flæðirit endurspeglar matið sem eining fylgir til að flokka fyrirkomulag þegar sameiginlega fyrirkomulagið er byggt upp í gegnum aðskilið milligöngufélag:

Flokkun á sameiginlegu fyrirkomulagi sem er byggt upp í gegnum aðskilið milligöngufélag



REIKNINGSSKIL AÐILA AÐ SAMEIGINLEGU FYRIRKOMULAGI (LIÐIR 21A–22)

Reikningsskilameðferð vegna yfirtöku á hlutdeild í sameiginlegum rekstri

B33A Þegar eining yfirtekur hlutdeild í sameiginlegum rekstri þar sem starfsemi sameiginlega rekstrarins myndar fyrirtæki, eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3, skal hún, í samræmi við eignarhlut sinn skv. 20. lið, beita öllum meginreglunum um reikningsskil við sameiningu fyrirtækja í IFRS-staðli 3 og öðrum IFRS-stöðlum, sem stríða ekki gegn

leiðbeiningunum í þessum IFRS-staðli, og veita þær upplýsingar sem er krafist í þeim IFRS-stöðlum í tengslum við sameiningu fyrirtækja. Meginreglurnar um reikningsskil við sameiningu fyrirtækja sem stríða ekki gegn leiðbeiningunum í þessum IFRS-staðli, ná yfir, en einskorðast ekki við:

a) mælingu á aðgreinanlegum eignum og skuldum á gangvirði nema liðum sem undantekningar eru tilgreindar fyrir í IFRS-staðli 3 og öðrum IFRS-stöðlum,

b) færslu kostnaðar vegna yfirtöku sem útgjalda á því tímabili sem til hans er stofnað og þjónustan þegin, með þeirri undantekningu að kostnað vegna útgáfu skulda- og hlutabréfa skal færa í samræmi við IAS-staðal 32, *fjármálagerningar: framsetning*, og IFRS-staðal 9 ([56]),

c) færslu frestaðrar skattinneignar og frestaðar skattskuldbindingar, sem stafa af upphaflegri færslu eigna eða skulda, nema frestaðar skattskuldbindingar sem verða til úr upphaflegri færslu viðskiptavildar, eins og krafist er í IFRS-staðli 3 og IAS-staðli 12, *tekjuskattar*, vegna sameiningar fyrirtækja,

d) færslu fjárhæðar yfirfærðs endurgjalds, sem er umfram nettófjárhæð yfirtekinna aðgreinanlegra eigna og yfirtekinna skulda á yfirtökudegi, ef einhverjar eru, og

e) árlega virðisrýrnunarprófun á fjárskapandi einingu, sem viðskiptavild hefur verið skipt niður á, og ætíð þegar vísbending er fyrir hendi um að einingin kunni að hafa virðisrýrnað, eins og krafist er í IAS-staðli 36, *virðisrýrnun eigna*, að því er varðar viðskiptavild sem var yfirtekin við sameiningu fyrirtækja.

B33B Liðir 21A og B33A gilda einnig þegar stofnað er til sameiginlegs rekstrar ef, og aðeins ef, einn af aðilunum sem taka þátt í sameiginlega rekstrinum leggja fyrirtæki sem fyrir var, samkvæmt skilgreiningu í IFRS-staðli 3, til sameiginlega rekstrarins þegar stofnað er til hans. Þessir liðir gilda þó ekki þegar stofnað er til sameiginlegs rekstrar ef allir aðilar, sem taka þátt í sameiginlega rekstrinum, leggja eignir eða eignaflokka, sem eru ekki fyrirtæki, til sameiginlega rekstrarins þegar stofnað er til hans.

B33C Sameiginlegur rekstraraðili gæti aukið hlutdeild sína í sameiginlegum rekstri þar sem starfsemi sameiginlega rekstrarins myndar fyrirtæki, eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3, með yfirtöku á viðbótarhlutdeild í sameiginlega rekstrinum. Í slíkum tilvikum er fyrri hlutdeild í sameiginlega rekstrinum ekki endurmetin ef sameiginlegi rekstraraðilinn heldur sameiginlegum yfirráðum.

B33CA Aðili sem tekur þátt í, en hefur ekki sameiginleg yfirráð yfir, sameiginlegum rekstri getur öðlast sameiginleg yfirráð yfir sameiginlega rekstrinum þar sem starfsemi sameiginlega rekstrarins myndar fyrirtæki eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3. Í slíkum tilvikum er fyrri hlutdeild í sameiginlega rekstrinum ekki endurmetin.

B33D Liðir 21A og B33A–B33C gilda ekki við yfirtöku á hlutdeild í sameiginlegum rekstri þegar aðilarnir sem deila yfirráðum, þ.m.t. einingin sem yfirtekur hlutdeildina í sameiginlegum rekstri, eru undir sameiginlegum yfirráðum aðila, eins eða fleiri, sem hafa æðsta ákvörðunarvald bæði fyrir og eftir yfirtökuna og þau yfirráð eru ekki til bráðabirgða.

([56]) Beiti eining þessum breytingum þótt hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísanirnar í þessum breytingum í IFRS-staðal 9 sem tilvísanir í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.

Reikningsskil vegna sölu eða framlegð eigna til sameiginlegs rekstrar

B34 Þegar eining á í viðskiptum, svo sem sölu eða framlagningu eigna, við sameiginlegan rekstur þar sem hún er sameiginlegur rekstraraðili, er hún í viðskiptum við aðra aðila að sameiginlega rekstrinum og því skal sameiginlegi rekstraraðilinn einungis færa hagnað og tap, sem rekja má til slíkra viðskipta, að því marki sem hinir aðilarnir hafa hagsmuni af í sameiginlega rekstrinum.

B35 Þegar slík viðskipti veita vísbendingar um lækkun á hreinu söluvirði eignanna sem selja á eða leggja á til sameiginlega rekstursins, eða um virðisrýrnunartap þessara eigna, skal sameiginlegi rekstraraðilinn færa tapið að fullu.

Reikningsskil vegna kaupa á eignum frá sameiginlegum rekstri

B36 Þegar eining á í viðskiptum, svo sem kaupum á eignum, við sameiginlegan rekstur sem hún er sameiginlegur rekstraraðili að, skal hún ekki færa sinn hluta af hagnaði og tapi fyrr en hún endurselur þriðja aðila þessar eignir.

B37 Þegar slík viðskipti veita vísbendingar um lækkun á hreinu söluvirði eignanna sem kaupa á eða um virðisrýrnunartap á þessum eignum skal sameiginlegi rekstraraðilinn færa sinn hluta af tapinu.

Viðbætir C

Gildistökudagur, umbreyting og afturköllun annarra IFRS-staðla

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti af IFRS-staðlinum og hefur sama gildi og aðrir hlutar hans.

GILDISTÖKUDAGUR

C1 Eining skal beita þessum IFRS-staðli fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Beiti eining þessum IFRS-staðli fyrr, skal hún greina frá þeirri staðreynd og beita samtímis IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum*, IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2011) og IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011) samtímis.

C1A *Samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar* (Breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12) útgefnar í júní 2012, breytingar á liðum C2–C5, C7–C10, C12 og liðum C1B, C13A–C13B er bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Beiti eining IFRS-staðli 11 á fyrra tímabili, taka breytingarnar gildi á því fyrra tímabili.

C1AA *Reikningsskilameðferð vegna yfirtöku á hlutdeild í sameiginlegum rekstri* (breytingar á IFRS 11), gefin út í maí 2014, breytti fyrirsögninni á eftir lið B33 og liðir 21A, B33A–B33D og C14A bættust við ásamt tengdum fyrirsögnum þeirra. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum fyrir fyrra tímabil.

C1AB Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) fyrir tímabilið 2015-2017*, sem voru gefnar út í desember 2017, var lið B33CA bætt við. Eining skal beita þessum breytingum á viðskipti þar sem hún öðlast sameiginleg yfirráð við eða eftir upphaf fyrsta árlega reikningsskilatímabils sem byrjar 1. janúar 2019 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir þessum breytingum fyrr skal hún greina frá því.

Aðlögun

C1B Þrátt fyrir kröfurnar í lið 28 í IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, þarf eining, þegar þessum IFRS-staðli er beitt í fyrsta sinn, einungis að leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir árlega tímabilið næst á undan árlega tímabilinu þegar IFRS-staðli 11 var fyrst beitt („næstliðna tímabilið“). Einingu er einnig heimilt að leggja fram þessar upplýsingar fyrir yfirstandandi tímabil eða fyrir samanburðartímabil en þess er ekki krafist.

Samrekstur—umskipti frá hlutfallslegum samstæðureikningsskilum yfir í hlutdeildaraðferð

C2 Við breytinguna frá hlutfallslegum samstæðureikningsskilum yfir í hlutdeildaraðferð, skal eining færa fjárfestingu sína í samrekstrinum frá upphafi næstliðna tímabilsins. Meta skal upphaflegu fjárfestinguna sem samanlagt bókfært verð eignarinnar og skuldir sem einingin gerði grein fyrir fram að þessu í hlutfallslegum samstæðureikningsskilum, þ.m.t. viðskiptavild sem er til komin vegna yfirtöku. Í því tilviki að viðskiptavildin tilheyrði áður fjárskapandi einingu, eða fjárskapandi einingaflokkum, skal einingin útdeila viðskiptavildinni á samreksturinn á grundvelli hlutfallslegs bókfærðs verðs samrekstursins og á fjárskapandi eininguna eða fjárskapandi einingarflokkana sem hún var hluti af.

C3 Upphafsstaða fjárfestingarinnar, sem ákvörðuð er í samræmi við lið C2, telst vera álitinn kostnaður fjárfestingarinnar í upphafsfærslunni. Eining skal beita liðum 40–43 í IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011) á upphafsstöðu fjárfestingarinnar til að meta hvort fjárfestingin hefur rýrnað að virði og færa virðisrýrnunartap sem leiðréttingu á óráðstöfuðu eigin fé frá upphafi næstliðna tímabilsins. Upphaflega undanþágufærslan í liðum 15 og 24 í IAS-staðli 12, *tekjuskattar* gildir ekki þegar eining færir hlutdeild í samrekstri, sem leiðir af beitingu bráðabirgðakrafnanna fyrir samrekstur, sem áður var gerð grein fyrir í hlutfallslegu samstæðureikningsskilunum.

C4 Sé niðurstaða allra samanlagðra fyrri hlutfallslegu samstæðureikningsskila eigna og skulda neikvæð hrein eign, skal eining meta hvort hún hefur lagalegar eða ætlaðar skuldbindingar í tengslum við neikvæðu hreinu eignina og ef svo er, skal einingin færa samsvarandi skuld. Komist eining að þeirri niðurstöðu að hún hafi hvorki lagalegar eða ætlaðar skuldbindingar í tengslum við neikvæðu hreinu eignina skal hún ekki færa samsvarandi skuld heldur leiðrétta óráðstafað, eigið fé við upphaf næstliðna tímabilsins. Einingin skal greina frá því ásamt uppsöfnuðum ófærðum hlut í tapi samreksturs síns við upphaf næstliðna tímabilsins og á þeim degi þegar þessum IFRS-staðli er fyrst beitt.

C5 Eining skal upplýsa um sundurliðun eigna og skulda sem lagðar hafa verið saman í eina línu í fjárfestingarjöfnuðinum eins og hún var við upphaf næstliðna tímabilsins. Þessar upplýsingar skulu gerðar á samanteknu formi varðandi allan samrekstur sem fyrirtækið beitir bráðabirgðaákvæðunum á, sem um getur í C2–C6.

C6 Eining skal, á eftir upphafsfærslu, færa hlutdeild sína í samrekstrinum með hlutdeildaraðferð í samræmi við IAS-staðal 28 (eins og honum var breytt 2011).

Sameiginlegur rekstur—umbreyting frá hlutdeildaraðferð yfir í reikningsskil fyrir eignir og skuldir

C7 Eining skal, við upphaf næstliðna tímabilsins, þegar umbreyting frá hlutdeildaraðferð yfir í reikningsskil fyrir eignir og skuldir á sér stað, að því er varðar hlutdeild hennar í sameiginlegum rekstri, afskrá fjárfestinguna sem áður var færð með hlutdeildaraðferðinni og alla aðra þætti sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar í fyrirkomulaginu í samræmi við 38. lið IAS-staðals 28 (eins og honum var breytt 2011) og færa hlut sinn í eignum og skuldum að því er varðar hlutdeild hennar í sameiginlega rekstrinum, þ.m.t. viðskiptavild, sem myndar hluta af bókfærðu verði fjárfestingarinnar.

C8 Eining skal ákvarða hlutdeild sína í eignum og skuldum að því er varðar sameiginlega reksturinn á grundvelli réttinda sinna og skyldna í tilteknu hlutfalli í samræmi við samningsbundna fyrirkomulagið. Eining metur upphaflegt bókfært verð eigna og skulda með því að aðgreina þær frá bókfærðu verði fjárfestingarinnar við upphaf næstliðna tímabilsins á grundvelli upplýsinganna sem einingin notar við beitingu hlutdeildaraðferðarinnar.

C9 Allan mismun, sem leiðir af fjárfestingunni sem áður var færður með því að nota hlutdeildaraðferð ásamt öllum öðrum þáttum sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar í fyrirkomulaginu, í samræmi við 38. lið IAS-staðals 28 (eins og honum var breytt 2011), og hrein fjárhæð eigna og skulda, þ.m.t. færð viðskiptavild, skal:

a) jafna saman viðskiptavild, að því er varðar fjárfestinguna, á móti eftirstandandi mismun sem jafnað er á móti óráðstöfuðu eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins ef hrein fjárhæð eignanna og skuldanna, þ.m.t. færð viðskiptavild, er hærri en afskráða fjárfestingin (og allir aðrir þættir sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar).

b) jafna á móti óráðstöfuðu, eigin fé, við upphaf næstliðna tímabilsins, ef hrein fjárhæð eignanna og skuldanna, þ.m.t. færð viðskiptavild er lægri en afskráða fjárfestingin (og allir aðrir þættir sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar).

C10 Eining sem breytir frá hlutdeildaraðferð yfir í reikningsskil fyrir eignir og skuldir skal leggja fram afstemmingu á milli afskráðrar fjárfestingar og færðra eigna og skulda, ásamt eftirstandandi mismun sem jafnað er á móti óráðstöfuðu, eigin fé, við upphaf næstliðna tímabilsins.

C11 Upphaflega undanþágufærslan í liðum 15 og 24 í IAS-staðli 12, gildir ekki þegar eining færir eignir og skuldir sem tengjast hagsmunum hennar í sameiginlegum rekstri.

Bráðabirgðaákvæði í aðgreindum reikningsskilum einingar

C12 Eining sem, í samræmi við 10. lið í IAS-staðli 27, gerði áður reikningsskil í aðgreindum reikningsskilum sínum vegna hlutdeildar sinnar í sameiginlegum rekstri, sem fjárfestingu á kostnaðarverði eða í samræmi við IFRS-staðal 9, skal:

a) afskrá fjárfestinguna og færa eignina og skuldirnar að því er varðar hlutdeild sína í sameiginlega rekstrinum á þeirri fjárhæð sem ákvörðuð er í samræmi við liði C7–C9,

b) leggja fram afstemmingu á milli afskráðrar fjárfestingar og færðra eigna og skulda ásamt eftirstandandi mismun leiðréttum í óráðstöfuðu, eigin fé, við upphaf næstliðna tímabilsins.

C13 Upphaflega undanþágufærslan í liðum 15 og 24 í IAS-staðli 12, gildir ekki þegar eining færir eignir og skuldir sem tengjast hlutdeild hennar í sameiginlegum rekstri í aðgreindum reikningsskilum sínum sem leiðir af beitingu bráðabirgðakrafnanna fyrir sameiginlegan rekstur sem um getur í lið C12.

Tilvísun í „næstliðna tímabilið“

C13A Þrátt fyrir tilvísun í næstliðna tímabilið í liðum C2–C12, er einingu einnig heimilt að leggja fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil sem birt eru, en þess er ekki krafist. Leggi eining fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil, ber að líta á allar tilvísanir í „næstliðna tímabilið“ í liðum C2–C12 sem það „fyrsta af fyrri leiðréttum samanburðartímabilum, sem sett hafa verið fram“.

C13B Leggi eining fram óleiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil, skal hún auðkenna óleiðréttu upplýsingarnar með skýrum hætti, tilgreina að þær hafi verið unnar á öðrum grundvelli og gera grein fyrir þeim grundvelli.

Tilvísanir í IFRS-staðal 9

C14 Beiti eining þessum IFRS-staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísun í IFRS-staðal 9 sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.

Reikningsskilameðferð vegna yfirtöku á hlutdeild í sameiginlegum rekstri

C14A *Reikningsskilameðferð vegna yfirtöku á hlutdeild í sameiginlegum rekstri* (breytingar á IFRS 11), gefin út í maí 2014, breytti fyrirsögninni á eftir lið B33 og liðir 21A, B33A–B33D og C1AA bættust við ásamt tengdum fyrirsögnum þeirra. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar yfirtöku á hlutdeild í sameiginlegum rekstri þar sem starfsemi sameiginlega rekstrarins myndar fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í IFRS-staðli 3 frá upphafi fyrsta tímabilsins sem það samþykkir umrædda breytingu fyrir. Af þessum sökum skal ekki lagfæra fjárhæðir sem eru færðar vegna yfirtöku hlutdeildar í sameiginlegum rekstri sem átti sér stað á fyrri tímabilum.

AFTURKÖLLUN ANNARRA IFRS-STAÐLA

C15 Þessi IFRS-staðall kemur í stað eftirfarandi IFRS-staðla:

a) IAS-staðals 31, *hlutdeild í samrekstri*, og

b) SIC-túlkunar 13, *sameiginlegar rekstrareiningar — óþeningaleg framlög frá samrekstraraðilum*.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 12 (IFRS-staðall 12)

Upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum IFRS-staðli er að gera kröfu um að eining veiti upplýsingar sem gera notendum reikningsskila einingarinnar kleift að meta:

a) einkenni og áhættu sem tengist *hagsmunum* hennar í *öðrum einingum*, og

b) áhrif hagsmunanna á efnahag einingarinnar, rekstrarárangur og sjóðstreymi.

Markmiðið uppfyllt

2 Til að uppfylla markmiðið í 1. lið skal eining veita upplýsingar um:

a) mikilvægt mat og forsendur sem gerðar voru til að ákvarða:

i) eðli hagsmuna sinna í annarri einingu eða fyrirkomulagi,

ii) gerð sameiginlegs fyrirkomulags sem hún gæti átt hagsmuni í (liðir 7–9),

iii) að hún uppfyllir skilgreininguna á fjárfestingareiningu, ef við á (liður 9A), og

b) upplýsingar um hagsmuni hennar í:

i) dótturfélögum (liðir 10–19),

ii) sameiginlegu fyrirkomulagi og hlutdeildarfélögum (liðir 20–23), og

iii) *sérsniðnar einingar* sem einingin hefur ekki yfirráð yfir (sérsniðnar einingar utan samstæðu) (liðir 24–31).

3 Ef upplýsingarnar, sem krafist er að birtar séu í þessum og öðrum IFRS-stöðlum, fullnægja ekki því markmiði, sem sett er fram í 1. lið, skal eining birta hvaða viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að það markmið náist.

4 Eining skal meta hversu nákvæmar upplýsingar hún veitir til að uppfylla kröfur þessa IFRS-staðals, og hversu mikla áherslu hún leggur á hvern þátt krafnanna. Hún skal bæta við eða fjarlægja upplýsingar, þannig að nýtanlegar upplýsingar séu ekki ógreinilegar annað hvort vegna þess að þær eru settar fram innan um fjölda óverulegra smáatriða eða samansafn þátta sem hafa ólík einkenni (sjá liði B2–B6).

GILDISSVIÐ

5 Þessum IFRS-staðli skal beitt af einingu sem á hagsmuni í a.m.k. einu af eftirfarandi:

a) dótturfélagi,

b) sameiginlegu fyrirkomulagi (þ.e. sameiginlegum rekstri eða samrekstri),

c) hlutdeildarfélagi,

d) sérsniðnum einingum utan samstæðu.

5A Nema að því leyti sem lýst er í lið B17 gilda kröfurnar í þessum IFRS-staðli um hlutdeild einingar, eins og skráð er 5. lið, sem er skilgreind (eða er í ráðstöfunarflokki sem er skilgreindur) sem haldið til sölu eða aflögð starfsemi í samræmi við IFRS-staðall 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*.

6 Þessi IFRS-staðall gildir ekki um:

a) eftirlaunakerfi eða annað langtímastarfskjarakerfi sem IAS-staðall 19, *starfskjör*, gildir um,

b) aðgreind reikningsskil einingar, sem IAS-staðall 27, *aðgreind reikningsskil*, gildir um. Þó:

i) skal eining, sem á hagsmuni í sérsniðnum einingum utan samstæðu og undirbýr aðgreind reikningsskil sem einu reikningsskilin, beita kröfunum í liðum 24–31 við undirbúning á aðgreindu reikningsskilunum,

ii) skal fjárfestingareining, sem undirbýr reikningsskil þar sem öll dótturfélög hennar eru metin á gangvirði í rekstrarreikningi, í samræmi við 31. lið IFRS-staðals 10, leggja fram upplýsingarnar um fjárfestingareiningar sem krafist er í þeim IFRS-staðli.

c) hagsmuni sem haldið er af einingu sem tekur þátt í en hefur ekki sameiginleg yfirráð yfir sameiginlegu fyrirkomulagi nema hagsmunirnir leiði til verulegra áhrifa yfir fyrirkomulaginu eða séu hagsmunir í sérsniðinni einingu,

d) hagsmunir í annarri einingu sem skráð er í samræmi við IFRS-staðal 9, *fjármálagerningar*. Eining skal þó beita þessum IFRS-staðli þegar:

i) hagsmunirnir eru hagsmunir í hlutdeildarfélagi eða samrekstri sem er mæld, í samræmi við IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*, á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, eða

ii) hagsmunirnir eru hagsmunir í sérsniðnum einingum utan samstæðu.

MIKILVÆGT MAT OG FORSENDUR

7 Eining skal birta upplýsingar um mikilvægt mat og forsendur sem hún hefur framkvæmt (og breytingar á þessu mati og forsendum) við ákvörðun á:

a) því hvort hún hafi yfirráð yfir annarri einingu, þ.e. félagi sem fjárfest er í og lýst er í 5. og 6. lið í IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*,

b) því hvort hún hafi sameiginleg yfirráð yfir fyrirkomulagi eða veruleg áhrif yfir annarri einingu, og

c) gerð sameiginlega fyrirkomulagsins (þ.e. sameiginlega rekstursins eða samrekstursins) þegar fyrirkomulagið hefur verið byggt upp í gegnum aðskilið milligöngufélag.

8 Upplýsingarnar um mikilvægt mat og forsendur í samræmi við 7. lið fela í sér þær sem einingin framkvæmir ef breytingarnar varðandi málavexti og aðstæður leiða til breytinga á niðurstöðu varðandi það hvort hún hefur yfirráð, sameiginleg yfirráð eða hvort breytingar hafa orðið á verulegum áhrifum á reikningsskilatímabilinu.

9 Til að fara að 7. lið skal eining leggja fram upplýsingar um mikilvægt mat og forsendur sem gerðar voru til að ákvarða að:

a) hún hafi ekki yfirráð yfir annarri einingu, jafnvel þó að hún ráði yfir meira en helmingi atkvæðisréttar hinnar einingarinnar,

b) hún hafi yfirráð yfir annarri einingu jafnvel þó að hún ráði yfir minna en helmingi atkvæðisréttar hinnar einingarinnar,

c) hún sé umboðsaðili eða umbjóðandi (sjá liði B58–B72 í IFRS-staðli 10),

d) hún hafi ekki veruleg áhrif þrátt fyrir að ráða yfir 20% atkvæðisréttar annarrar einingar, eða meira,

e) hún hafi veruleg áhrif þrátt fyrir að ráða yfir minna en 20% atkvæðisréttar annarrar einingar.

Staða fjárfestingareiningar

9A Þegar móðurfélag ákvarðar að það sé fjárfestingareining í samræmi við 27. lið í IFRS-staðli 10 skal fjárfestingareiningin birta upplýsingar um mikilvægt mat og forsendur sem gerðar voru til að ákvarða að það sé fjárfestingareining. Ef fjárfestingareining hefur ekki eitt eða fleiri af einkennum dæmigerðrar fjárfestingareiningar (sjá 28. lið í IFRS-staðli 10) skal hún birta ástæður sínar fyrir því að hún komst að þeirri niðurstöðu að hún sé þrátt fyrir það fjárfestingareining.

9B Þegar eining verður, eða hættir að vera, fjárfestingareining skal hún birta upplýsingar um breytingu á stöðu fjárfestingareiningar og ástæður breytingarinnar. Þar að auki skal eining sem verður fjárfestingareining birta upplýsingar um áhrifin af breyttri stöðu á reikningsskilin fyrir það tímabil sem sett er fram, þ.m.t.:

a) heildargangvirði, á þeim degi sem breytingin á stöðu á sér stað, þeirra dótturfélaga sem hætt er að taka með í samstæðureikningsskil,

b) heildarhagnað eða -tap, ef eitthvert er, útreiknað í samræmi við lið B101 IFRS-staðals 10 og

c) sérlínu/sérlínum í rekstrarreikningi þar sem hagnaður eða tap er fært (ef ekki er gerð grein fyrir því sérstaklega).

HAGSMUNIR Í DÓTTURFÉLÖGUM

10 Eining skal birta upplýsingar sem gera notendum samstæðureikningsskila hennar kleift

a) að skilja:

(i) samsetningu samstæðunnar, og

(ii) hagsmunina sem hlutir sem ekki eru ráðandi hafa í starfsemi og sjóðstreymi samstæðunnar (12. liður) og

b) að meta:

(i) eðli og umfang verulegra takmarkana á getu hennar til að fá aðgang að eða nota eignir samstæðunnar og greiða skuldir hennar (13. liður),

(ii) eðli og breytingar á áhættu sem tengist hlutdeild einingarinnar í sérsniðinni einingu innan samstæðu (14.–17. liður),

(iii) afleiðingar breytinga á eignarhlut einingarinnar í dótturfélagi sem hefur ekki í för með sér tap á yfirráðum (18. liður), og

(iv) afleiðingar þess að missa yfirráð yfir dótturfélagi á reikningsskilatímabilinu (19. liður).

11 Ef reikningsskil dótturfélags sem notuð eru við undirbúning á samstæðureikningsskilum eru dagsett frá öðrum degi eða tímabili en samstæðureikningsskilin (sjá liði B92 og B93 í IFRS-staðli 10), skal einingin leggja fram upplýsingar um:

a) dagsetninguna á lokum reikningsskilatímabilsins í reikningsskilum dótturfélagsins, og

b) ástæðu þess að nota ólíka dagsetningu eða tímabil,

Hagsmunirnir sem hlutir sem ekki eru ráðandi hafa í starfsemi og sjóðstreymi samstæðunnar

12 Eining skal fyrir hvert og eitt dótturfélag, sem á hlut sem ekki er ráðandi, sem skiptir máli fyrir eininguna sem reikningsskilin taka til, birta upplýsingar um:

a) heiti dótturfélagsins,

b) höfuðstöðvar dótturfélagsins (og landið þar sem það var stofnað, ef það er annað en þar sem höfuðstöðvarnar eru),

c) hlutfall eignarhalds í eigu hluta sem ekki eru ráðandi,

d) hlutfall atkvæðisréttar hluta sem ekki eru ráðandi, ef það er annað en hlutfall eignarhlutar,

e) rekstrarreikninginn sem úthlutað er til hluta dótturfélagsins sem ekki eru ráðandi á meðan á reikningsskilatímabilinu stendur,

f) samansafn hluta dótturfélagsins sem ekki er ráðandi við lok reikningsskilatímabilsins,

g) samanteknar fjárhagsupplýsingar um dótturfélagið (sjá lið B10).

Eðli og umfang verulegra takmarkana

13 Eining skal birta upplýsingar um:

a) verulegar takmarkanir (t.d. lögboðnar, samningsbundnar og reglubundnar takmarkanir) á möguleikum hennar til að fá aðgang eða nota eignir og gera upp skuldir samstæðunnar, t.d.:

i) þær sem takmarka getu móðurfélags eða dótturfélaga þess til að yfirfæra handbært fé eða aðrar eignir til (eða frá) öðrum einingum í samstæðunni,

ii) ábyrgðir eða aðrar kröfur sem geta takmarkað arðgreiðslur og greiðslur á öðrum fjárúthlutunum eða lán og fyrirframgreiðslur sem veittar eru eða endurgreiddar til (eða frá) öðrum einingum innan samstæðunnar,

b) eðli og umfang verndarréttinda hlutar sem ekki er ráðandi sem getur takmarkað verulega getu einingarinnar til þess að fá aðgang að eða nota eignir og gera upp skuldir samstæðunnar (t.d. ef móðurfélag er skuldbundið til að gera upp skuldir dótturfélagsins á undan uppgjöri eigin skulda, eða ef gerð er krafa um samþykki hlutar sem ekki er ráðandi til að fá aðgang að eignum eða til að greiða skuldir dótturfélags),

c) bókfært verð eigna og skulda, sem þessar takmarkanir gilda um, í samstæðureikningsskilunum.

Eðli áhættunnar í tengslum við hagsmuni einingar í sérsniðnum einingum innan samstæðu

14 Eining skal veita upplýsingar um skilmála alls samningsbundins fyrirkomulags sem getur haft það í för með sér að móðurfélag eða dótturfélög þess þurfi að veita sérsniðinni eining innan samstæðu fjárstuðning, þ.m.t. atburði eða aðstæður sem gætu orðið til þess að einingin sem reikningsskilin taka til verði óvarin fyrir tapi (t.d. greiðslugetu-fyrirkomulag eða viðbrögð við lánshæfismati sem tengjast skuldbindingum um að kaupa eignir af félaginu sem háð er takmörkunum eða veita fjárstuðning).

15 Hafi móðurfélag eða eitt dótturfélaga þess, á reikningsskilatímabilinu, veitt fjárstuðning eða annan stuðning til sérsniðinnar einingar innan samstæðu sem háð er takmörkunum án þess að vera skuldbundið til þess samkvæmt samningi (t.d. kaup á eignum félagsins sem háð er takmörkunum eða gerningum sem það hefur gefið út), skal einingin veita upplýsingar um:

a) gerð og fjárhæð stuðningsins sem veittur er, þ.m.t. aðstæður þar sem móðurfélagið eða dótturfélög þess aðstoða sérsniðnu eininguna sem háð er takmörkunum við að fá fjárstuðning, og

b) ástæður fyrir veitingu stuðningsins.

16 Hafi móðurfélag eða eitt dótturfélaga þess veitt fjárstuðning eða annan stuðning á reikningsskilatímabilinu til sérsniðinnar einingar, sem fram að þessu var ekki innan samstæðu, og stuðningurinn varð til þess að einingin öðlaðist yfirráð yfir sérsniðnu einingunni skal einingin leggja fram skýringu um þá þætti sem lágu til grundvallar ákvörðuninni.

17 Eining skal veita upplýsingar um öll núverandi áform um að veita fjárstuðning eða annan stuðning til félags innan samstæðu sem háð er takmörkunum, þ.m.t. áform um að aðstoða félagið sem er háð takmörkunum við að fá fjárstuðning.

Afleiðingar breytinga á eignarhlut móðurfélags í dótturfélagi sem hefur ekki í för með sér tap á yfirráðum

18 Eining skal birta áætlun sem sýnir áhrif breytinga á eignarhaldi í dótturfélagi á eigið fé, sem tilheyrir eigendum móðurfélagsins, sem leiða ekki til taps á yfirráðum.

Afleiðingar þess að missa yfirráð yfir dótturfélagi á reikningsskilatímabilinu

19 Eining skal veita upplýsingar um hagnað eða tap, ef eitthvert er, útreiknað í samræmi við 25. lið IFRS-staðals 10, og:

a) mæla þann hluta hagnaðarins eða tapsins á hverja þá fjárfestingu sem tilheyrir og er haldið í fyrrverandi dótturfélagi á gangverði dagsins, sem yfirráðin töpuðust, og

b) sérlínu/sérlínum í rekstrarreikningi þar sem hagnaður eða tap er fært (ef ekki er gerð grein fyrir því sérstaklega).

HAGSMUNIR Í DÓTTURFÉLÖGUM SEM EKKI ERU INNAN SAMSTÆÐU (FJÁRFESTINGAREININGAR)

19A Fjárfestingareining sem krafist er, í samræmi við IFRS-staðal 10, að beiti undanþágunni frá samstæðureikningsskilum og geri þess í stað grein fyrir fjárfestingum sínum í dótturfélagi á gangvirði í rekstrarreikningi skal birta þær upplýsingar.

19B Fyrir hvert dótturfélag sem ekki er innan samstæðu skal fjárfestingareining birta upplýsingar um:

a) nafn dótturfélagsins,

b) höfuðstöðvar dótturfélagsins (og landið þar sem það var stofnað, ef það er annað en þar sem höfuðstöðvarnar eru), og

c) hlutfall eignarhlutar í eigu fjárfestingareiningarinnar og, ef það er ekki það sama, hlutfall atkvæðisréttar sem hún hefur.

19C Ef fjárfestingareining er móðurfélag annarrar fjárfestingareiningar skal móðurfélagið einnig veita upplýsingarnar í a- til c-liðum liðar 19B um fjárfestingar sem eru undir yfirráðum dótturfélags fjárfestingareiningar. Unnt er að veita upplýsingarnar með því að hafa reikningsskil dótturfélagsins (eða dótturfélaganna), sem innihalda áðurnefndar upplýsingar, með í reikningsskilum móðurfélagsins.

19D Fjárfestingareining skal birta upplýsingar um:

a) eðli og umfang hvers kyns verulegra takmarkana (t.d. sem stafa af lánskjörum, kröfum eftirlitsyfirvalda eða samningsbundnu fyrirkomulagi) á getu dótturfélaga sem ekki eru innan samstæðu til að yfirfæra fjármagn til fjárfestingareiningarinnar í formi arðgreiðslna í handbæru fé eða til endurgreiðslu lána eða fyrirframgreiðslna fjárfestingareiningarinnar til dótturfélagsins sem er ekki innan samstæðu, og

b) öll núverandi áform um að veita fjárstuðning eða annan stuðning til dótturfélags sem er ekki innan samstæðu, þ.m.t. skuldbindingar eða áform um að aðstoða dótturfélagið við að fá fjárstuðning.

19E Hafi fjárfestingareining eða eitt dótturfélaga hennar, á reikningsskilatímabilinu, veitt fjárstuðning eða annan stuðning til dótturfélags sem er ekki innan samstæðunnar, án þess að vera skuldbundið til þess samkvæmt samningi (t.d. kaup á eignum dótturfélagsins eða gerningum sem það hefur gefið út eða aðstoðað dótturfélagið við að fá fjárstuðning), skal einingin veita upplýsingar um:

a) gerð og fjárhæð stuðningsins sem veittur er hverju dótturfélagi sem ekki er innan samstæðunnar, og

b) ástæður fyrir veitingu stuðningsins.

19F Fjárfestingareining skal veita upplýsingar um skilmála alls samningsbundins fyrirkomulags sem getur haft það í för með sér að einingin eða dótturfélög hennar, sem ekki eru í samstæðunni, þurfi að veita einingu, sem lýtur sameiginlegri stjórn en er ekki innan samstæðu, fjárstuðning, þ.m.t. atburði eða aðstæður sem gætu orðið til þess að einingin sem reikningsskilin taka til verði óvarin fyrir tapi (t.d. greiðslugetufyrirkomulag eða viðbrögð við lánshæfismati sem tengjast skuldbindingum um að kaupa eignir af félaginu sem háð er takmörkunum eða veita fjárstuðning).

19G Hafi fjárfestingareining eða eitt dótturfélaga hennar, sem ekki er innan samstæðu, á reikningsskilatímabilinu, veitt fjárstuðning eða annan stuðning til sérsniðinnar einingar, sem ekki er innan samstæðunnar, fjárfestingareiningin hafði ekki yfirráð yfir, og stuðningurinn varð til þess að fjárfestingareiningin öðlaðist yfirráð yfir sérsniðnu einingunni, skal fjárfestingareiningin leggja fram skýringu um þá þætti sem lágu til grundvallar ákvörðuninni að veita þann stuðning.

HLUTDEILD Í SAMEIGINLEGU FYRIRKOMULAGI OG HLUTDEILDARFÉLÖGUM

20 Eining skal birta upplýsingar sem gera notendum reikningsskila hennar kleift að meta:

a) eðli, umfang og fjárhagsleg áhrif af hagsmunum hennar í sameiginlegu fyrirkomulagi og hlutdeildarfélögum, þ.m.t. eðli og áhrif samningsbundinna tengsla við aðra fjárfesta sem hafa sameiginleg yfirráð eða veruleg áhrif yfir sameiginlegu fyrirkomulagi og hlutdeildarfélögum (21. og 22. liður), og

b) eðli og breytingar á áhættu sem tengist hagsmunum einingarinnar í samrekstri og hlutdeildarfélögum (23. liður).

Eðli, umfang og fjárhagsleg áhrif af hagsmunum einingar í sameiginlegu fyrirkomulagi og hlutdeildarfélögum

21 Eining skal birta upplýsingar um:

a) fyrir hvert og eitt sameiginlegt fyrirkomulag og hlutdeildarfélag, sem skiptir máli fyrir einingunа sem reikningsskilin taka til:

i) heiti sameiginlega fyrirkomulagsins eða hlutdeildarfélagsins,

ii) með hvaða hætti einingin tengist sameiginlega fyrirkomulaginu eða hlutdeildarfélaginu (t.d. með því að lýsa eðli starfsemi sameiginlega fyrirkomulagsins eða hlutdeildarfélagsins, og hvort hún er stefnumótandi fyrir starfsemi einingarinnar),

iii) höfuðstöðvar (og landið þar sem þær voru stofnaðar, ef það er annað en þar sem höfuðstöðvarnar eru) sameiginlega fyrirkomulagsins eða hlutdeildarfélagsins,

iv) hlutfall eignarhlutar eða hlutar í hlutdeildinni í eigu einingarinnar og, ef það er ekki það sama, hlutfall atkvæðisréttar sem hún hefur (ef við á),

b) fyrir hvern og einn samrekstur og hlutdeildarfélag, sem skiptir máli fyrir einingunа sem reikningsskilin taka til:

i) hvort hlutdeildin í samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu er mæld með hlutdeildaraðferðinni eða á gangvirði,

ii) samantekt á fjárhagsupplýsingum um samreksturinn eða hlutdeildarfélagið eins og tilgreint er í liðum B12 og B13,

iii) ef samreksturinn eða hlutdeildarfélagið er fært með hlutdeildaraðferðinni, gangvirði fjárfestingarinnar í samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu, ef um skráð markaðsverð á fjárfestingunni er að ræða,

c) fjárhagsupplýsingar eins og tilgreindar eru í lið B16 varðandi hlutdeild í samrekstri og hlutdeildarfélagi, sem ekki eru mikilvægar einar og sér:

i) í samanteknu formi fyrir einstök smávægileg sameiginleg verkefni, og á aðskilinn máta,

ii) í samanteknu formi fyrir einstök smávægileg hlutdeildarfélög.

21A Fjárfestingareining þarf ekki að veita upplýsingarnar sem krafist er í b- til c-lið 21. liðar.

22 Eining skal birta upplýsingar um:

a) eðli og umfang allra mikilvægra takmarkana (t.d. vegna lánafyrirkomulags, krafna samkvæmt reglum eða samningsbundins fyrirkomulags á milli fjárfesta með sameiginleg yfirráð eða sem hafa veruleg áhrif á samrekstur eða hlutdeildarfélag) sem varða getu samreksturs eða hlutdeildarfélaga til að flytja fjármuni til einingarinnar í formi arðgreiðslna í handbæru fé, eða til að endurgreiða lán eða fyrirframgreiðslur sem einingin hefur framkvæmt,

b) reikningsskil samrekstrar eða hlutdeildarfélaga sem notuð eru við beitingu hlutdeildaraðferðarinnar ef þau eru ekki frá sama degi eða tímabili og einingin lagði til grundvallar:

i) dagsetninguna á lokum reikningsskilatímabilsins í reikningsskilum samrekstrarins eða hlutdeildarfélagsins, og

ii) ástæðu þess að nota ólíka dagsetningu eða tímabil,

c) ófærðan hlut í tapi samrekstrar eða hlutdeildarfélagi bæði frá reikningsskilatímabilinu og uppsafnaðan, ef einingin hætti að færa hlut í tapi samrekstursins eða hlutdeildarfélagsins við beitingu hlutdeildaraðferðarinnar.

Áhætta sem tengist hagsmunum einingarinnar í samrekstri og hlutdeildarfélögum

23 Eining skal birta upplýsingar um:

a) skuldbindingar hennar í tengslum við samrekstur, aðskilið frá fjárhæð annarra skuldbindinga eins og tilgreint er í liðum B18-B20,

b) óvissar skuldir sem stofnað er til í tengslum við hagsmuni í samrekstri eða hlutdeildarfélögum (þ.m.t. hlut hennar í óvissum skuldum sem stofnað er til sameiginlega með öðrum fjárfestum sem hafa sameiginleg yfirráð yfir, eða veruleg áhrif á samreksturinn eða hlutdeildarfélögin), aðskilið frá fjárhæð annarra óvissra skulda, í samræmi við IAS-staðal 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, nema ef líkurnar á tapi eru óverulegar.

HAGSMUNIR Í SÉRSNIÐNUM EININGUM UTAN SAMSTÆÐU

24 Eining skal birta upplýsingar sem gera notendum reikningsskila hennar kleift:

a) að skilja eðli og umfang hagsmuna hennar í sérsniðnum einingum utan samstæðu (liðir 26–28), og

b) að meta eðli og breytingar á áhættu sem tengist hagsmunum einingarinnar í sérsniðnum einingum utan samstæðu (liðir 29-31).

25 Krafan um upplýsingar sem sett er fram í b-lið 24. liðar felur í sér upplýsingar um áhættu einingarinnar vegna þátttöku hennar í sérsniðnum einingum utan samstæðu á fyrri tímabilum (t.d. sem stuðningur til sérsniðinnar einingar innan samstæðu), jafnvel þó einingin hafi ekki lengur nein samningsbundin tengsl við sérsniðnu eininguna á reikningsskiladeginum.

25A Fjárfestingareining þarf ekki að veita upplýsingarnar sem krafist er í 24. lið um sérsniðna einingu utan samstæðunnar sem hún hefur yfirráð yfir og sem hún birtir upplýsingar um eins og krafist er í liðum 19A–19G.

Eðli hagsmuna

26 Eining skal greina frá eigindlegum og tölulegum upplýsingum varðandi hagsmuni sína í sérsniðnum einingum utan samstæðu, þ.m.t. en takmarkast ekki við, eðli, tilgang, stærð og starfsemi sérsniðnu einingarinnar og hvernig hún er fjármögnuð.

27 Hafi eining stutt sérsniðna einingu utan samstæðu en leggur ekki fram þær upplýsingar sem gerð er krafa um í 29. lið (t.d. vegna þess að hún á ekki hagsmuni í einingunni á reikningsskiladeginum) skal einingin leggja fram upplýsingar um:

a) hvernig hún ákvarðar hvaða sérsniðnu einingar hún hefur stutt,

b) *tekjur af þessum sérsniðnu einingum* á meðan á reikningsskilatímabili stendur, þ.m.t. lýsing á því hvers konar tekjur eru settar fram, og

c) bókfært verð (á yfirfærslutímapunktinum) allra eigna sem færðar eru yfir til þessara sérsniðnu eininga á meðan á reikningsskilatímabilinu stendur.

28 Eining skal leggja fram upplýsingarnar í 27. lið (b- og c-lið) í töflu, nema annað form eigi betur við, og flokka stuðningsaðgerðir sínar í viðeigandi flokka (sjá liði B2–B6).

Eðli áhættu

29 Eining skal veita á töfluformi, nema annað form eigi betur við, samantekt á:

a) bókfærðu verði eigna og skulda sem færðar eru í reikningsskilum hennar varðandi hagsmuni hennar í sérsniðnum einingum utan samstæðu,

b) sérlínunum í efnahagsreikningnum þar sem þessar eignir og skuldir eru færðar,

c) fjárhæðinni sem gefur besta mynd af hámarksáhættu einingarinnar á tapi af hagsmunum hennar í sérsniðnum einingum utan samstæðu, þ.m.t. hvernig hámarksáhættan á tapi er ákvörðuð. Geti eining ekki ákvarðað hámarksáhættu á tapi af hagsmunum sínum í sérsniðnum einingum utan samstæðu skal hún veita upplýsingar um þá staðreynd og ástæður þess,

d) samanburði bókfærðs verðs eigna og skulda einingarinnar er varða hagsmuni hennar í sérsniðnum einingum utan samstæðu og hámarksáhættu einingarinnar á tapi vegna þessara eininga.

30 Hafi eining veitt sérsniðinni einingu utan samstæðu, sem hún átti eða á hlutdeild í, fjárstuðning eða annan stuðning (t.d. keypt eignir eða gerninga sem sérsniðna einingin hefur gefið út) á reikningsskilatímabilinu, án þess að hafa samningsbundna skyldu til þess, skal einingin veita upplýsingar um:

a) gerð og fjárhæð stuðningsins sem veittur er, þ.m.t. aðstæður þar sem eining aðstoðaði sérsniðnu eininguna við að fá fjárstuðning, og

b) ástæður fyrir veitingu stuðningsins.

31 Eining skal veita upplýsingar um öll núverandi áform um að veita fjárstuðning eða annan stuðning til sérsniðinnar einingar utan samstæðu, þ.m.t. áform um að aðstoða sérsniðnu eininguna við að fá fjárstuðning.

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

tekjur af sérsniðnum einingum

Að því er varðar þennan IFRS-staðal fela tekjur af **sérsniðinni einingu** í sér, en takmarkast ekki við, síendurtekin og einstök gjöld, hlutdeild, arð, hagnað eða tap vegna endurmats eða afskráningar á hlutdeild í sérsniðnum einingum og hagnað eða tap vegna yfirfærslu á eignum og skuldum yfir í sérsniðnu einingunа.

hagsmunir í annarri einingu

Að því er varðar þennan IFRS-staðal vísa hagsmunir í annarri einingu til samningsbundinnar þátttöku og þátttöku utan samninga, sem ber áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar vegna frammistöðu einingarinnar. Hægt er að staðfesta hagsmuni í annarri einingu með, en takmarkast þó ekki við, eignarhlutdeild í eiginfjár- eða skuldagerningum sem og með öðrum gerðum af þátttöku svo sem með veitingu fjármagns, lausafjárstuðningi, ábyrgðum og því að bæta lánshæfi. Þetta felur í sér með hvaða hætti eining hefur yfirráð eða sameiginleg yfirráð eða veruleg áhrif yfir annarri einingu. Eining hefur ekki endilega hagsmuni í annarri einingu eingöngu vegna hefðbundins sambands á milli viðskiptavinar og afhendingaraðila.

Liðir B7–B9 veita frekari upplýsingar um hagsmuni í öðrum einingum.

Liðir B55–B57 í IFRS-staðli 10 útskýra breytileika ávöxtunar.

sérsniðin eining

Eining sem hefur verið byggð upp með þeim hætti að atkvæðisréttur eða sambærileg réttindi er ekki veigamesti þáttur við ákvörðun á því hver hefur yfirráð yfir einingunni, t.d. ef atkvæðisréttur er aðeins í tengslum við stjórnsýsluverkefni og viðeigandi starfsemi er stýrt með samningsbundnu fyrirkomulagi.

Liðir B22–B24 veita frekari upplýsingar um sérsniðnar einingar.

Eftirfarandi hugtök eru skilgreind í IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2011), IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011), IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, og eru notuð í þessum IFRS-staðli með þeim merkingum sem tilgreindar eru í þeim IFRS-stöðlum:

— hlutdeildarfélag

— samstæðureikningsskil

— yfirráð yfir einingu

— hlutdeildaraðferð

— samstæða

— fjárfestingareining

— sameiginlegt fyrirkomulag

— sameiginleg yfirráð

— sameiginlegur rekstur

— samrekstur

— hlutur sem ekki er ráðandi

— móðurfélag

— verndarréttindi

— viðeigandi starfsemi

— aðgreind reikningsskil

— aðskilið milligöngufélag

— veruleg áhrif

— dótturfélag.

Viðbætir B

Leiðbeiningar varðandi beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins. Hann lýsir beitingu 1.–31. liðar og hefur sama gildi og aðrir hlutar IFRS-staðalsins.

B1 Dæmin í þessum viðbæti lýsa ímynduðum stöðum. Þrátt fyrir að sumar hliðar dæmanna geti komið fyrir við raunverulegar aðstæður, skal meta alla málavexti og aðstæður tiltekinna málavaxta við beitingu IFRS-staðals 12.

SAMSAFN (4. LIÐUR)

B2 Einingunni ber að ákveða, í ljósi kringumstæðna, hversu mikið af upplýsingum henni ber að veita til að uppfylla upplýsingaþörf notenda og hversu mikla áherslu hún leggur á ólíka þætti krafnanna og hvernig hún safnar upplýsingunum saman. Nauðsynlegt er að finna jafnvægi milli reikningsskila sem eru full af óþörfum smáatriðum og koma notendum ekki að gagni og reikningsskila þar sem upplýsingar verða torræðar vegna þess að upplýsingar hafa verið dregnar of mikið saman.

B3 Eining getur safnað saman upplýsingunum, sem krafist er í þessum IFRS-staðli, að því er varðar hagsmuni í sambærilegum einingum ef samansafnið er í samræmi við markmiðið um veitingu upplýsinga og kröfuna í lið B4, og verður ekki til þess að veittar upplýsingar verði óskýrar. Eining skal veita upplýsingar um það hvernig hún safnaði saman hagsmunum sínum í sambærilegum einingum.

B4 Eining skal setja fram aðgreindar upplýsingar vegna hagsmuna í:

a) dótturfélögum,

b) samrekstri,

c) sameiginlegum rekstri,

d) hlutdeildarfélögum, og

e) sérsniðnum einingum utan samstæðu.

B5 Við ákvörðun á því hvort safna eigi saman upplýsingum, skal eining taka tillit til megindlegra og eigindlegra upplýsinga varðandi ólík einkenni áhættu og tekna hverrar einingar, sem hún hefur í huga að safna saman, fyrir sig og mikilvægi hverra þessara eininga fyrir eininguna, sem reikningsskilin taka til. Einingin skal birta upplýsingarnar á þann hátt sem útskýrir, fyrir notendum reikningsskilanna, greinilega eðli og umfang hlutdeildar hennar í öðrum einingum.

B6 Þau dæmi um stig samsöfnunar innan einingaflokkanna sem settir eru fram í lið B4 sem gætu verið viðeigandi eru:

a) eðli starfseminnar (t.d. rannsókna- og þróunareining, eining hlaupandi verðbréfunar kreditkortakrafna),

b) atvinnugreinaflokkun,

c) landfræðileg lega (t.d. land eða svæði).

HAGSMUNIR Í ÖÐRUM EININGUM

B7 Hagsmunir í annarri einingu vísa til samningsbundinnar þátttöku og þátttöku utan samninga, sem ber áhættu fyrir eininguna sem reikningsskilin taka til gagnvart breytileika ávöxtunar vegna frammistöðu hinnar einingarinnar. Við mat á því hvort einingin sem reikningsskilin taka til eigi hagsmuni í annarri einingu getur verið hjálplegt að íhuga tilgang og uppbyggingu þeirrar einingar, og þá hvort að gerð er krafa í þessum IFRS-staðli um upplýsingagjöf af hennar hálfu. Með matinu skal tekið tillit til áhættunnar, sem hin einingin var byggð upp til að skapa, og þeirrar sem á að flytja yfir á eininguna sem reikningsskilin taka til og aðra aðila.

B8 Eining sem reikningsskil taka til ber venjulega áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af frammistöðu hinnar einingarinnar með eignarhlutdeild í gerningum (t.d. eiginfjár- eða skuldagerningum sem hin einingin gefur út) eða vegna annarra tengsla sem taka við breytileika. Gerum til dæmis ráð fyrir því að sérsniðin eining eigi lánasafn. Sérsniðna einingin fær skuldatryggingu frá annarri einingu (einingunni sem reikningsskilin taka til) til að verja sig fyrir vanskilum á hlutdeild og afborgunum af höfuðstól lánanna. Einingin sem reikningsskilin taka til hefur aðild sem ber áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar af frammistöðu sérsniðnu einingarinnar vegna þess að skuldatryggingin tekur við breytileika ávöxtunar sérsniðnu einingarinnar.

B9 Sumir gerningar eru hannaðir til að yfirfæra áhættu frá einingu sem reikningsskilin taka til yfir á aðra einingu. Slíkir gerningar búa til breytileika ávöxtunar fyrir hina eininguna en hafa venjulega ekki þau áhrif að einingin sem reikningsskilin taka til beri áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar vegna frammistöðu hinnar einingarinnar. Gerum til dæmis ráð fyrir því að sérsniðinni einingu sé komið á fót til að miðla fjárfestingatækifærum til fjárfesta, sem óska eftir því að bera útlánaáhættu fyrir einingu Z (eining Z er ótengd öllum aðilum sem koma að fyrirkomulaginu). Sérsniðna einingin fær fjármögnun með því að gefa út skuldabréf, sem tengjast útlánaáhættu einingar Z (lánshæfistengd skuldabréf), til þessara fjárfesta og notar ávinninginn af þeim til að fjárfesta í áhættulausum fjáreignum. Sérsniðna einingin verður varnarlaus gagnvart útlánaáhættu einingar Z við það að ganga inn í skuldatryggingu með mótaðila í skiptasamningi. Skuldatryggingin felur í sér að útlánaáhætta einingar Z flyst yfir á sérsniðnu eininguna gegn gjaldi frá mótaðila skiptasamningsins. Fjárfestarnir í sérsniðnu einingunni fá hærri ávöxtun sem endurspeglar hvort tveggja hagnaðinn af eignasafni sérsniðnu einingarinnar og skuldatryggingargjaldið. Mótaðilinn í skiptasamningnum hefur ekki aðild að sérsniðnu einingunni, sem ber þannig áhættu gagnvart breytileika ávöxtunar vegna frammistöðu sérsniðnu einingarinnar, því skuldatryggingin felur í sér að breytileikinn er fluttur yfir á sérsniðnu eininguna, í staðinn fyrir að taka við breytileika ávöxtunar sérsniðnu einingarinnar.

SAMANTEKT Á FJÁRHAGSUPPLÝSINGUM DÓTTURFÉLAGA, SAMREKSTRAR OG HLUTDEILDARFÉLAGA (12. OG 21. LIÐUR)

B10 Eining skal, fyrir hvert dótturfélag sem á hlut sem ekki er ráðandi sem skiptir máli fyrir eininguna sem reikningsskilin taka til, veita upplýsingar um:

a) arðgreiðslur til hluta sem ekki eru ráðandi,

b) samanteknar fjárhagsupplýsingar varðandi eignir, skuldir, rekstrarreikning og sjóðstreymi dótturfélagsins sem gera notendum kleift að skilja hlutdeild hlutanna sem ekki eru ráðandi í starfsemi og sjóðstreymi samstæðunnar. Þessar upplýsingar geta náð yfir, en takmarkast ekki við, t.d. veltufjármuni, fastafjármuni, skammtímaskuldir, langtímaskuldir, tekjur, rekstrarreikning og samanlagða heildarafkomu.

B11 Samanteknu fjárhagsupplýsingarnar sem krafist er í lið B10 (b-lið) skulu vera fjárhæðirnar fyrir niðurfellingar innan samstæðu.

B12 Eining skal, fyrir hvern samrekstur og hvert hlutdeildarfélag, sem skiptir máli fyrir eininguna sem reikningsskilin taka til, veita upplýsingar um:

a) arðgreiðslur frá samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu,

b) samanteknu fjárhagsupplýsingarnar fyrir samreksturinn eða hlutdeildarfélagið (sjá liði B14 og B15) þ.m.t., en takmarkast þó ekki endilega við:

i) veltufjármuni,

ii) fastafjármuni,

iii) skammtímaskuldir,

iv) langtímaskuldir,

v) tekjur,

vi) hagnaðar eða taps af reglulegri starfsemi,

vii) hagnaðar eða taps aflagðrar starfsemi eftir skatta,

viii) annarrar heildarafkomu,

ix) samanlagðrar heildarafkomu.

B13 Eining skal veita upplýsingar, til viðbótar við samanteknu fjárhagsupplýsingarnar sem krafist er í lið B12, fyrir hvern samrekstur sem skiptir máli fyrir eininguna sem reikningsskil taka til, um fjárhæð:

a) handbærs fjár og ígildi handbærs fjár sem fellur undir lið B12 (i.-lið, b-liðar),

b) skammtíma fjárskuldbindinga (að undanskildum viðskiptaskuldum og öðrum skuldum) sem falla undir lið B12 (iii.-lið b-liðar),

c) langtíma fjárskuldbindingar (að undanskildum viðskiptaskuldum og öðrum skuldum) sem falla undir lið B12 (iv.-lið b-liðar),

d) afskrifta og lækkana,

e) vaxtatekna,

f) vaxtakostnaðar,

g) tekjuskattskostnaðar eða tekna.

B14 Samanteknu fjárhagsupplýsingarnar sem lagðar eru fram í samræmi við liði B12 og B13 skulu vera fjárhæðirnar í reikningsskilum samrekstursins eða hlutdeildarfélagsins (og ekki hlutur einingarinnar í þessum fjárhæðum), samkvæmt IFRS-stöðlum. Geri eining grein fyrir hlutdeild sinni í samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu með hlutdeildaraðferð skal:

a) leiðrétta fjárhæðina í reikningsskilum samrekstursins eða hlutdeildarfélagsins, samkvæmt IFRS-stöðlum, til að endurspegla leiðréttingar sem einingin framkvæmdi með hlutdeildaraðferðinni, t.d. leiðréttingar á gangvirði sem gerðar voru á þeim tíma sem kaupin fóru fram og leiðréttingar vegna mismunandi reikningsskilaaðferða,

b) einingin veita afstemmingu á samantekt fjárhagsupplýsinganna, sem lagðar eru fram, við bókfærða verðið á hlutdeild hennar í samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu.

B15 Eining getur lagt fram samanteknu fjárhagsupplýsingarnar sem krafist er í liðum B12 og B13 á grundvelli reikningsskila samrekstursins eða hlutdeildarfélagsins ef:

a) eining mælir hlutdeild sína í samrekstrinum eða hlutdeildarfélaginu á gangvirði í samræmi við IAS-staðal 28 (eins og honum var breytt 2011), og

b) samreksturinn eða hlutdeildarfélagið gerir ekki reikningsskil samkvæmt IFRS-stöðlum, og gerð reikningsskila á þeim grundvelli myndi vera óhentug eða hafa óþarfan kostnað í för með sér.

Í því tilviki skal einingin veita upplýsingar um grundvöllinn sem samanteknu fjárhagsupplýsingarnar voru gerðar á.

B16 Eining skal veita upplýsingar um bókfært verð hlutdeildar sinnar, á samanteknu formi, fyrir allan einstakan smávægilegan samrekstur eða hlutdeildarfélög sem eru færð með hlutdeildaraðferðinni. Eining skal einnig veita upplýsingar, á aðskilinn hátt, um samanlagða fjárhæð sinnar hlutdeildar í þessum samrekstri eða hlutdeildarfélögum:

a) hagnaðar eða taps af reglulegri starfsemi,

b) hagnaðar eða taps aflagðrar starfsemi eftir skatta,

c) annarrar heildarafkomu,

d) samanlagðrar heildarafkomu.

Eining veitir aðgreindar upplýsingar fyrir samrekstur og hlutdeildarfélög.

B17 Þegar hlutdeild einingar í dótturfélagi, samrekstri eða hlutdeildarfélagi (eða hluti hlutdeildar hennar í samrekstri eða hlutdeildarfélagi) er skilgreind (eða er í ráðstöfunarflokki sem er skilgreindur) sem haldið til sölu í samræmi við IFRS-staðal 5 er þess ekki krafist að einingin hún veiti upplýsingar um samantekt á fjárhagsupplýsingum fyrir það dótturfélag, samrekstur eða hlutdeildarfélag í samræmi við liði B10–B16.

SKULDBINDINGAR SAMREKSTRAR (a-LIÐUR Í LIÐ 23)

B18 Eining skal veita upplýsingar um heildarskuldbindingar sem hún hefur gengist undir en ekki fært á reikningsskiladeginum (þ.m.t. hlut einingarinnar í skuldbindingum sem hún gekkst undir ásamt öðrum fjárfestum með sameiginleg yfirráð yfir samrekstrinum) varðandi hlutdeild hennar í samrekstri. Skuldbindingarnar eru þær sem gætu orsakað framtíðarútsreymi handbærs fjár eða annars fjármagns.

B19 Ófærðar skuldbindingar sem gætu orsakað framtíðarútstreymi handbærs fjár eða annars fjármagns taka til:

a) ófærðra skuldbindinga um að taka þátt í fjármögnun eða fjármagni vegna t.d.:

i) stofnskrár- eða kaupsamnings samreksturs (sem krefst þess t.d. að eining taki þátt í fjármögnun yfir tiltekinn tíma),

ii) fjármagnsfrekra verkefna sem samreksturinn tók sér fyrir hendur,

iii) skilyrðislausrar kaupskyldu, sem felur í sér innkaup á tækjabúnaði, vörubirgðum eða þjónustu sem einingin er skuldbundin til að kaupa af, eða fyrir hönd samrekstrar,

iv) ófærðra skuldbindinga um að veita lán eða annan fjárstuðning til samrekstrar,

v) ófærðra skuldbindinga um að leggja samrekstri til fjármagn, t.d. eignir eða þjónustu,

vi) aðrar óuppsegjanlegar ófærðar skuldbindingar varðandi samrekstur,

b) ófærðra skuldbindinga um að kaupa eignarhlut annars aðila (eða hluta af eignarhlutnum) í samrekstri ef tiltekinn atburður á sér stað eða á sér ekki stað í framtíðinni.

B20 Kröfurnar og dæmin sem sett eru fram í liðum B18 og B19 sýna nokkrar gerðir af upplýsingum sem gerð er krafa um að veittar séu í 18. lið IAS-staðals 24, *upplýsingar um tengda aðila*.

HAGSMUNIR Í SÉRSNIÐNUM EININGUM UTAN SAMSTÆÐU (LIÐIR 24–31)

Sérsniðnar einingar

B21 Sérsniðin eining er eining sem hefur verið byggð upp með þeim hætti að atkvæðisréttur eða lík réttindi eru ekki veigamesti þátturinn við ákvörðun á því hver hefur yfirráð yfir einingunni, t.d. ef atkvæðisréttur er aðeins í tengslum við stjórnsýsluverkefni og viðeigandi starfsemi er stýrt með samningsbundnu fyrirkomulagi.

B22 Sérsniðin eining hefur oft nokkur eða öll eftirfarandi einkenni eða eiginleika:

a) afmarkaða starfsemi,

b) þröngt og vel skilgreint markmið, t.d. í þeim tilgangi að gera leigusamning sem er skattalega skilvirkur, framkvæma rannsóknir og þróunarstarfsemi, veita einingu uppsprettu fjármagns eða fjármögnunar eða veita fjárfestum fjárfestingartækifæri með því að flytja áhættu og ágóða sem tengist eignum sérsniðnu einingarinnar yfir á fjárfestana,

c) ekki nægt eigið fé til að sérsniðna einingin geti fjármagnað starfsemi sína án víkjandi fjárstuðnings,

d) fjármögnun á formi margra samningsbundinna gerninga til fjárfesta, sem veldur samþjöppun á lánum eða annarri áhættu (lagskipt).

B23 Dæmi um einingar sem eru álitnar sérsniðnar fela í sér, en takmarkast ekki við:

a) verðbréfunarfyrirtæki,

b) eignavarða fjármögnun,

c) suma fjárfestingarsjóði.

B24 Eining er ekki sérsniðin eining sem stýrt er með atkvæðisrétti, einfaldlega vegna þess t.d. að hún fær fjármögnun frá þriðju aðilum í kjölfar endurskipulagningar.

Eðli áhættu sem fylgir hagsmunum í sérsniðinni einingu utan samstæðu (liðir 29–31)

B25 Til viðbótar við upplýsingarnar sem krafist er í liðum 29–31, skal eining veita þær viðbótarupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að uppfylla upplýsingamarkmiðið í b-lið 24. liðar.

B26 Dæmi um viðbótarupplýsingar sem, með hliðsjón af aðstæðum, gætu varðað mat á áhættu sem einingin er óvarin fyrir þegar hún á hlutdeild í sérsniðinni einingu utan samstæðu eru:

a) skilmálar fyrirkomulags þar sem þess getur verið krafist að einingin veiti sérsniðinni einingu fjárstuðning (t.d. greiðslugetufyrirkomulag eða viðbrögð við lánshæfismati sem tengjast skuldbindingum um að kaupa eignir af sérsniðnu einingunni eða veita fjárstuðning), þ.m.t.:

i) lýsingu á atburðum eða aðstæðum sem gætu orðið til þess að einingin sem reikningsskilin taka til verði óvarin fyrir tapi,

ii) hvort það séu einhverjir skilmálar sem myndu takmarka skylduna,

iii) hvort að það séu einhverjir aðrir aðilar sem veita fjárstuðning og ef svo er, hvernig skyldur einingarinnar sem reikningsskil taka til raðast saman við skyldur hinna aðilanna,

b) tap sem einingin verður fyrir á reikningsskilatímabilinu í tengslum við hagsmuni hennar í sérsniðnum einingum utan samstæðu,

c) tekjuliðir einingarinnar á reikningsskilatímabilinu af hagsmunum hennar í sérsniðnum einingum utan samstæðu,

d) hvort gerð sé krafa um að eining taki á sig tap sérsniðinnar einingar utan samstæðu á undan öðrum aðilum, hámark slíks taps fyrir einingunа og (ef við á) röðun og fjárhæð mögulegs taps sem fellur á aðila sem eiga réttlægri hagsmuni en hagsmunir einingarinnar í sérsniðnu einingunni utan samstæðu,

e) upplýsingar um greiðslugetufyrirkomulag, ábyrgðir eða aðrar skuldbindingar við þriðju aðila sem gætu haft áhrif á gangvirði eða áhættu í tengslum við hagsmuni einingarinnar í sérsniðnum einingum utan samstæðu,

f) öll vandkvæði sem sérsniðin eining utan samstæðu hefur staðið frammi fyrir við fjármögnun á starfsemi sinni meðan á reikningsskilatímabilinu stóð,

g) í tengslum við fjármögnun á sérsniðinni einingu utan samstæðu, form fjármögnunarinnar (t.d. viðskiptabréf eða meðallangt skuldabréf) og veginn meðalendingartími. Þessar upplýsingar gætu falið í sér lánstímagreiningu á eignunum og fjármögnuninni á sérsniðinni einingu utan samstæðu ef sérsniðna einingin á langtímaeignir sem fjármagnaðar eru með fjármögnun til skemmri tíma.

Viðbætir C

Gildistökudagur og umbreytingarákvæði

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti af IFRS-staðlinum og hefur sama gildi og aðrir hlutar hans.

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

C1 Eining skal beita þessum IFRS-staðli fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr.

C1A *Samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar* (Breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12) útgefnar í júní 2012, bætti við liðum C2A–C2B. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Beiti eining IFRS-staðli 12 á fyrra tímabili, taka breytingarnar gildi á því fyrra tímabili.

C1B *Fjárfestingareiningar* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 27), útgefnar í október 2012, breyttu 2. lið og viðbæti A og bættu við liðum 9A–9B, 19A–19G, 21A og 25A. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita breytingunum fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrr skal hún birta upplýsingar um það og beita öllum breytingunum sem um getur í *Fjárfestingareiningar* á sama tíma.

C1C *Fjárfestingareiningar: beiting undanþágunnar frá samstæðureikningsskilum* (breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 12 og IAS-staðli 28), útgefnar í desember 2014, breyttu 6. lið. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2016 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

C1D Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) fyrir tímabilið 2014-2016*, sem voru gefnar út í desember 2016, var lið 5A bætt við og lið B17 breytt. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2017 eða síðar.

C2 Eining er hvött til þess að veita upplýsingarnar sem krafist er í þessum IFRS-staðli áður en árstímabilið hefst, þann 1. janúar 2013 eða síðar. Framlagning nokkurra þeirra upplýsinga sem krafist er í þessum IFRS-staðli skuldbindur ekki eininguna til að uppfylla kröfur þessa IFRS-staðals eða til að beita IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11, IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt 2011) og IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2011) fyrr.

C2A Ekki þarf að beita birtingarkröfum þessa IFRS-staðals fyrir þau tímabil sem sett hafa verið fram og sem hefjast á undan árlega tímabilinu næst á undan því árlega tímabili þegar IFRS-staðli 12 var fyrst beitt.

C2B Ekki þarf að beita birtingarkröfunum í 24.–31. lið og í viðkomandi leiðbeiningum í liðum B21–B26 þessa IFRS-staðals á tímabilin sem sett eru fram og hefjast á undan árlega tímabilinu þegar IFRS-staðli 12 var fyrst beitt.

TILVÍSANIR Í IFRS-STAÐAL 9

C3 Beiti eining þessum IFRS-staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísun í IFRS-staðal 9 sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 13 (IFRS-staðall 13)

Gangvirðismat

MARKMIÐ

1 Þessi IFRS-staðall:

a) skilgreinir *gangvirði*,

b) setur fram ramma til mats á gangvirði í einstökum IFRS-staðli og

c) krefst birtingar upplýsinga um gangvirðismöt.

2 Gangvirði er markaðsmiðað mat en ekki mat fyrir eininguna. Sannreynanleg markaðsviðskipti eða markaðsupplýsingar gætu verið aðgengilegar um sumar eignir og skuldir. Sannreynanleg markaðsviðskipti og markaðsupplýsingar gætu verið óaðgengilegar um aðrar eignir og skuldir. Markmið gangvirðismats er þó í báðum tilfellum hið sama—að áætla verð sem yrði notað í *eðlilegum viðskiptum* við eignasölu eða yfirfærslu skulda á milli *markaðsaðila* á matsdegi við ríkjandi markaðsaðstæður (þ.e. *úttaksverð* á matsdegi frá sjónarhóli markaðsaðila sem heldur eigninni eða hefur ekki greitt skuldina).

3 Eining metur gangvirði með því að nota aðra virðismatsaðferð sem hámarkar notkun viðkomandi *sannreynanlegs ílags* og lágmarkar notkun *ósannreynanlegs ílags* þegar verð á eins eign eða skuld er ekki sannreynanlegt. Þar eð gangvirði er markaðsmiðað mat er það metið með því að nota forsendur sem markaðsaðilar hefðu notað við að verðleggja eign eða skuld, þ.m.t. áhættuforsendur. Þar af leiðandi er ætlun aðila að halda eign, greiða eða með öðrum hætti gera upp skuld, óviðkomandi mati á gangvirði.

4 Skilgreiningin á gangvirði beinir sjónum að eignum og skuldum vegna þess að þær eru aðal viðfangsefnið við mat á skráningu. Þar að auki skal beita þessum IFRS-staðli á eigin eiginfjárgerninga einingarinnar, metna á gangvirði.

GILDISSVIÐ

5 Þessi IFRS-staðall gildir þegar annar IFRS-staðall krefst eða heimilar gangvirðismat eða upplýsingar um gangvirðismöt (og möt, eins og gangvirði að frádregnum sölukostnaði, sem byggjast á gangvirði eða birtingu upplýsinga um þau möt), að undanskildum þeim sem tilgreind eru í 6. og 7. lið.

6 Matið og birtingarkröfur þessa IFRS-staðals gilda ekki um eftirfarandi:

a) eignarhlutatengdar greiðslur innan gildissviðs IFRS-staðals 2, *eignarhlutatengdar greiðslur*,

b) eignaleigusamninga sem eru færðir í samræmi við IFRS-staðall 16, *leigusamningar*, og

c) möt sem líkjast gangvirði að nokkru leyti en eru þó ekki gangvirði, svo sem hreint söluvirði í IAS-staðli 2, *birgðum*, eða notkunarvirði í IAS-staðli 36, *virðisrýrnun eigna*.

7 Ekki er farið fram á þær kröfur um birtingu upplýsinga sem þessi IFRS-staðall krefst vegna eftirfarandi:

a) mats á eignum til greiðslu lífeyris á gangvirði í samræmi við IAS-staðal 19, *starfskjör*,

b) fjárfestinga eftirlaunasjóðs, metinna á gangvirði í samræmi við IAS-staðal 26, *reikningshald og reikningsskil eftirlaunasjóða* og

c) eigna þar sem endurheimtanleg fjárhæð er gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði í samræmi við IAS-staðal 36.

8 Rammi gangvirðismats, sem lýst er í þessum IFRS-staðli, gildir bæði um upphaflegt og síðara mat ef aðrir IFRS-staðlar krefjast eða heimila gangvirði.

MAT

Skilgreining á gangvirði

9 Þessi IFRS-staðall skilgreinir gangvirði sem verðið sem fengist við að selja eign eða greiða fyrir yfirfærslu á skuld í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi.

10 Liður B2 lýsir gangvirðismatsaðferðinni í heild sinni.

Eignin eða skuldin

11 Gangvirðismat er fyrir tiltekna eign eða skuld. Eining skal því við gangvirðismat taka tillit til einkenna eignarinnar eða skuldarinnar ef markaðsaðilar myndu taka tillit til þeirra við verðlagningu á eigninni eða skuldinni á matsdegi. Meðal slíkra einkenna eru til dæmis eftirfarandi:

a) ástand og staðsetning eignarinnar og

b) takmarkanir, ef einhverjar eru, á sölu eða notkun eignarinnar.

12 Áhrifin á matið sem koma til af tilteknu einkenni verða mismunandi eftir því hvernig markaðsaðilar myndu taka tillit til þessa einkennis.

13 Metin eign eða skuld á gangvirði gæti verið annað af eftirfarandi:

a) sjálfstæð eign eða skuld (t.d. fjármálagerningur eða eign sem er ekki fjáreign) eða

b) eignasamstæða, skuldasamstæða eða samstæða eigna og skulda (t.d. fjárskapandi eining eða fyrirtæki).

14 Hvort eignin eða skuldin er sjálfstæð eign eða skuld, eignasamstæða, skuldasamstæða eða samstæða eigna og skulda hvað varðar færslu og upplýsingagjöf fer eftir *reiknieiningu* hennar. Ákvarða skal reiknieiningu fyrir eign eða skuld í samræmi við IFRS-staðalinn sem krefst eða heimilar gangvirðismat, nema í þeim tilfellum sem þessi IFRS-staðall kveður á um.

Viðskiptin

15 Í gangvirðismati er gert ráð fyrir að markaðsaðilar skiptist á eign eða skuld í eðlilegum viðskiptum við sölu eignarinnar, eða yfirfærslu skuldarinnar á matsdegi samkvæmt ríkjandi markaðsaðstæðum.

16 Í gangvirðismati er gert ráð fyrir að viðskiptin sem fela í sér sölu eignarinnar eða yfirfærslu skuldarinnar fari annaðhvort fram:

a) á *helsta markaðnum* fyrir eignina eða skuldina eða

b) á *hagstæðasta markaðnum* fyrir eignina eða skuldina, ef helsti markaður er ekki til staðar.

17 Eining þarf ekki að leggja í yfirgripsmikla leit á öllum hugsanlegum mörkuðum til að auðkenna helsta markaðinn eða, ef helsti markaður er ekki til staðar, hagstæðasta markaðinn en skal þó taka tillit til allra upplýsinga sem tiltækar eru með góðu móti. Þegar ekki er unnt að sýna fram á hið gagnstæða er markaðurinn þar sem einingin myndi að öllu jöfnu ganga til viðskipta um að selja eignina eða yfirfæra skuldina talinn vera helsti markaðurinn eða, ef helsti markaður er ekki til staðar, hagstæðasti markaðurinn.

18 Ef helsti markaður er til staðar fyrir eign eða skuld skal gangvirðismat standa fyrir verð á þeim markaði (hvort sem hægt er að sannreyna það verð beint eða áætla það með annarri virðismatsaðferð), jafnvel þó verð gæti verið hagstæðara á öðrum markaði á matsdegi.

19 Einingin verður að hafa aðgang að helsta (eða hagstæðasta) markaði á matsdegi. Helsti (eða hagstæðasti) markaðurinn fyrir sömu eign eða skuld gæti verið mismunandi fyrir ólíka aðila (og fyrirtæki innan þessara aðila) vegna þess að ólíkir aðilar (og fyrirtæki innan þeirra) í mismunandi starfsemi kunna að hafa aðgang að mismunandi mörkuðum. Því skal líta á helsta (eða hagstæðasta) markaðinn (og þar af leiðandi markaðsaðila) frá sjónarmiði einingarinnar og heimila þar með mismun á milli og meðal aðila með ólíka starfsemi.

20 Þó að eining verði að hafa aðgang að markaðinum þarf hún ekki að geta selt tiltekna eign eða yfirfært ákveðna skuld á matsdegi til að geta metið gangvirði sem byggist á verðlagningu á þeim markaði.

21 Gangvirðismat skal gera ráð fyrir að viðskipti hafi átt sér stað á matsdegi, frá sjónarmiði markaðsaðila sem heldur eign eða á ógreiddar skuldir jafnvel þó að enginn sannreynanlegur markaður sé til að veita upplýsingar um söluverð eignar eða yfirfærsluverð skuldar á þeim degi. Þessi ætluðu viðskipti eru grundvöllur að áætlun söluverðs eignar eða yfirfærsluverðs skuldar.

Markaðsaðilar

22 Eining skal meta gangvirði eignar eða skuldar með því að nota forsendurnar sem markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu á eign eða skuld, að því gefnu að markaðsaðilar þjóni bestu efnahagslegu hagsmunum sínum.

23 Eining þarf ekki að auðkenna tiltekna markaðsaðila við þróun þessara forsendna. Einingin skal öllu heldur tilgreina einkenni sem auðkenna markaðsaðila með almennum hætti og hafa í huga þættina sem eru sértækir fyrir allt eftirfarandi:

a) eignina eða skuldina

b) helsta (eða hagstæðasta) markaðinn fyrir eignina eða skuldina og

c) markaðsaðila sem einingin myndi eiga viðskipti við á þessum markaði.

Verðið

24 Gangvirði er það verð sem fengist við sölu á eign eða yrði greitt fyrir yfirfærslu á skuld í eðlilegum viðskiptum á helsta (eða hagstæðasta) markaði á matsdegi við ríkjandi markaðsaðstæður (þ.e. útgönguverð), óháð því hvort það verð er sannreynanlegt með beinum hætti eða áætlað með öðrum virðismatsaðferðum.

25 Verðið á helsta (eða hagstæðasta) markaðnum sem notað er við gangvirðismat eignar eða skuldar skal ekki leiðrétt fyrir *viðskiptakostnaði*. Viðskiptakostnað skal færa í samræmi við aðra IFRS-staðla. Viðskiptakostnaður er ekki einkenni eignar eða skuldar, hann á öllu heldur sérstaklega við um tiltekin viðskipti og verður mismunandi eftir því hvernig eining kemur að viðskiptum með eignina eða skuldina.

26 Flutningskostnaður telst ekki til viðskiptakostnaðar. Ef staðsetning er einkenni eignarinnar (eins og verið gæti til dæmis um verslunarvöru) skal leiðrétta verðið á helsta (eða hagstæðasta) markaðnum vegna kostnaðar sem stofnað yrði til við flutning á eigninni frá núverandi staðsetningu til þessa markaðar.

Beiting á eignir sem eru ekki fjáreignir

Hæsta og besta notkun á eignum sem eru ekki fjáreignir

27 Gangvirðismat eignar sem er ekki fjáreign tekur tillit til getu markaðsaðila til að mynda efnahagslegan ávinning með *hæstu og bestu* notkun eignarinnar eða með því að selja hana til annars markaðsaðila sem myndi nota eignina með hæsta og besta móti.

28 Hæsta og besta notkun á eign sem er ekki fjáreign tekur tillit til notkunar á eigninni eins og er efnislega mögulegt, lög heimila og fjárhagslega framkvæmanlegt, eins og hér segir:

a) notkun sem er efnislega möguleg tekur tillit til eðliseiginleika eignar sem markaðsaðilar myndu taka tillit til við verðlagningu hennar (t.d. staðsetning eða stærð eignar),

b) notkun sem lög heimila tekur tillit til lagalegra takmarkana á notkun eignar sem markaðsaðilar myndu taka tillit til við verðlagningu hennar (t.d. skipulagsreglur sem gilda um eign),

c) notkun sem er fjárhagslega framkvæmanleg tekur tillit til þess hvort efnislega möguleg og lagalega séð heimil notkun eignarinnar skapi nægjanlegar tekjur eða sjóðstreymi (með tilliti til kostnaðar við að breyta eigninni fyrir slíka notkun) til að skila af sér fjárfestingartekjum sem markaðsaðilinn myndi krefjast af fjárfestingu í þeirri eign sem var notuð í þessu skyni.

29 Hæsta og besta notkun er ákvörðuð frá sjónarmiði markaðsaðila, jafnvel þó að einingin hyggist nota hana á annan hátt. Núverandi notkun einingarinnar á eign sem er ekki fjáreign er þó talin vera hæsta og besta notkun hennar nema markaðurinn eða aðrir þættir gefi til kynna að annars konar notkun markaðsaðila myndi hámarka verðgildi hennar.

30 Eining getur haft í hyggju að nota ekki keypta eign sem er ekki fjáreign með virkum hætti til að vernda samkeppnisstöðu sína, eða af öðrum ástæðum, eða að hún kann að hafa í hyggju að nota hana ekki í samræmi við hæstu og bestu notkun. Það gæti til dæmis gæti átt við um óefnislega eign sem einingin hefur í hyggju að nota í varnarskyni með því að hindra að aðrir geti notað hana. Einingin skal engu að síður meta gangvirði eignar sem er ekki fjáreign með því að gefa sér hæstu og bestu notkun af hálfu markaðsaðilanna.

Matsforsenda fyrir eignir sem eru ekki fjáreignir

31 Hæsta og besta notkun eignar sem er ekki fjáreign er grundvöllur matsforsendunnar sem notuð er til að meta gangvirði eignarinnar eins og hér segir:

a) hæsta og besta notkun eignar, sem er ekki fjáreign, gæti veitt markaðsaðilunum hámarksverðmæti með notkun ásamt öðrum eignum sem samstæðu (uppsettri eða á annan hátt stilltri til notkunar) eða ásamt öðrum eignum og skuldbindingum (t.d. fyrirtæki).

i) Ef hæsta og besta notkun eignarinnar er að nota hana ásamt öðrum eignum, eða með öðrum eignum og skuldum, er gangvirði eignarinnar verðið sem fengist í yfirstandandi viðskiptum með sölu á eigninni að því gefnu að hún yrði notuð með öðrum eignum eða með öðrum eignum og skuldum og að þessar eignir og skuldir (þ.e. viðbótareignir hennar og tengdar skuldbindingar) myndu standa markaðsaðilum til boða.

ii) Skuldir sem tengjast eigninni og viðbótareignum fela meðal annars í sér skuldir sem fjármagna veltufé en telja ekki með skuldir sem notaðar eru til að fjármagna aðrar eignir en þær sem eru innan eignasamstæðunnar.

iii) Samkvæmni skal vera í forsendum fyrir hæstu og bestu notkun allra eigna sem eru ekki fjáreignir (um þær þar sem hæsta og besta notkun skiptir máli) innan þeirra samstæðna eigna eða samstæðna eigna og skulda þar sem eignin yrði notuð.

b) Hæsta og besta notkun eignar sem er ekki fjáreign gæti veitt markaðsaðilunum hámarksverðmæti ein og sér. Ef hæsta og besta notkun eignar er að nota hana eina og sér er gangvirði hennar verðið sem fengist í yfirstandandi viðskiptum við sölu á eigninni til markaðsaðila sem myndu nota hana eina og sér.

32 Gangvirðismat á eign sem er ekki fjáreign gerir ráð fyrir að hún sé seld í samræmi við reiknieininguna sem tilgreind er í öðrum IFRS-stöðlum (sem gæti verið einstök eign). Þetta er jafnvel tilfellið þegar gangvirðismat gerir ráð fyrir að hæsta og besta notkun eignar sé að nota hana ásamt öðrum eignum eða ásamt öðrum eignum og skuldum vegna þess að gangvirðismat gerir ráð fyrir að markaðsaðilinn ráði þegar yfir viðbótareignum og tengdum skuldbindingum.

33 Í lið B3 er lýst notkun á matsforsenduhugtakinu fyrir eignir sem eru ekki fjáreignir.

Notkun á skuldum og eigin eiginfjárgerningum aðila

Almennar meginreglur

34 Gangvirðismat gerir ráð fyrir að fjárskuld, skuld sem er ekki fjárskuld eða eigin eiginfjárgerningur einingar (t.d. hlutdeild í eigin fé sem var gefin út sem endurgjald við sameiningu fyrirtækja) sé yfirfærð til markaðsaðila á matsdegi. Yfirfærsla á skuld eða eigin eiginfjárgerningi einingar gerir ráð fyrir eftirfarandi:

a) skuld yrði áfram útistandandi og markaðsaðilanum sem tekur við yfirfærslunni bæri skylda til að uppfylla skuldbindinguna. Skuldin væri ekki gerð upp við mótaðilann eða með öðrum hætti ógilt á matsdegi,

b) eigin eiginfjárgerningur einingar yrði áfram útistandandi markaðsaðilinn sem tekur við yfirfærslunni tæki á sig réttindi og skyldur sem tengjast gerningnum. Gerningurinn yrði ekki afturkallaður eða með öðrum hætti ógiltur á matsdegi.

35 Jafnvel þegar enginn sannreynanlegur markaður er til að veita verðlagsupplýsingar um yfirfærslu skuldar eða eigin eiginfjárgerninga einingar (t.d. vegna þess að samningar eða aðrar lagalegar takmarkanir hindra yfirfærslu á slíkum fjármunaliðum) gæti sannreynanlegur markaður verið til fyrir slíka liði ef aðrir aðilar hafa þær í vörslu sinni sem eignir (t.d. fyrirtækjaskuldabréf eða kaupréttur á hlutabréfum einingar).

36 Í öllum tilfellum skal eining hámarka notkun á viðeigandi sannreynanlegu ílagi og lágmarka notkun ósannreynanlegs ílags til að ná markmiði gangvirðismats, sem er að áætla verð á yfirfærslu skuldarinnar eða eiginfjárgernings við eðlileg viðskipti á milli markaðsaðila á matsdegi við ríkjandi markaðsaðstæður.

Skuldir og eiginfjárgerningar sem aðrir aðilar halda sem eignum

37 Þegar skráð verð á yfirfærslu eins eða svipaðrar skuldar eða eigin eiginfjárgernings einingar er ekki til staðar og annar aðili heldur sem eign eins lið skal einingin meta gangvirði skuldarinnar eða eiginfjárgerningsins frá sjónarhóli markaðsaðilans sem heldur liðnum, sem er eins, sem eign á matsdegi.

38 Í slíkum tilfellum skal einingin meta gangvirði skuldarinnar eða eiginfjárgerningsins eins og hér segir:

a) með því að nota skráð verð á *virkum markaði* fyrir eins lið sem annar aðili heldur sem eign, ef það verð liggur fyrir,

b) með því að nota annað sannreynanlegt ílag, svo sem skráð verð á óvirkum markaði fyrir eins lið sem annar aðili heldur sem eign, ef það verð liggur ekki fyrir,

c) með því að nota aðra virðismatsaðferð, ef sannreynanlegt verð í a- og b-lið liggur ekki fyrir, eins og:

i) *tekjuaðferð* (t.d. núvirðisaðferð sem tekur tillit til þess framtíðarsjóðstreymis sem markaðsaðili myndi ætlast til að hljóta við að hafa skuld eða eiginfjárgerning sem eign, sjá liði B10 og B11).

ii) *markaðsaðferð* (t.d. með því að nota skráð verð á svipuðum skuldum eða eiginfjárgerningum sem aðrir aðilar halda sem eignum, sjá liði B5—B7).

39 Eining skal aðeins leiðrétta skráð verð á skuld eða eigin eiginfjárgerningi einingar sem annar aðili heldur sem eign ef til staðar eru sértækir þættir fyrir eignina sem gilda ekki við gangvirðismat skuldarinnar eða eiginfjárgerningsins. Eining skal tryggja að verð eignarinnar endurspegli ekki áhrif af takmörkunum sem koma í veg fyrir sölu hennar. Sumir þættir, sem gætu gefið vísbendingar um að leiðrétta skuli bókfært verð, eru meðal annars eftirfarandi:

a) Að bókfært verð eignarinnar tengist svipaðri (en ekki eins) skuld eða eiginfjárgerningi sem annar aðili heldur sem eign. Skuld eða eiginfjárgerningur gæti til dæmis haft tiltekin einkenni (t.d. lánshæfisgæði útgefandans) sem eru frábrugðin þeim sem endurspegla gangvirði svipaðrar skuldar eða eiginfjárgernings sem er haldið sem eign,

b) reiknieining eignarinnar er ekki sú sama og fyrir skuld eða eiginfjárgerning. Fyrir skuldir til dæmis endurspeglar verð á eign í sumum tilvikum sameinað verð fyrir pakka sem inniheldur bæði skuldastöðu útgefandans og endurbót á lánshæfi gegnum þriðja aðila. Ef reiknieining skuldarinnar er ekki fyrir sameinaðan pakka er markmiðið að meta gangvirði skuldar útgefandans, ekki gangvirði sameinaða pakkans. Í slíkum tilfellum ætti einingin því að leiðrétta mælt verð eignarinnar til að undanskilja áhrif af endurbót á lánshæfi gegnum þriðja aðila.

Skuldir og eiginfjárgerningar sem aðrir aðilar halda sem eignum

40 Þegar skráð verð á yfirfærslu eins eða svipaðrar skuldar eða eigin eiginfjárgernings einingar er ekki til staðar og annar aðili heldur eins lið ekki sem eign skal einingin meta gangvirði skuldarinnar eða eiginfjárgerningsins með því að nota virðismatsaðferð frá sjónarhóli markaðsaðilans sem á eftir að greiða skuldina eða hefur gefið út eiginfjárkröfuna.

41 Eining gæti til dæmis tekið tillit til annars af eftirfarandi atriðum þegar hún beitir núvirðisaðferð:

a) framtíðarútstreymi handbærs fjár sem markaðsaðili myndi vænta að stofna til við að uppfylla skuldbindinguna, þ.m.t. umbun sem markaðsaðili myndi krefjast fyrir að taka skuldbindinguna á sig (sjá liði B31–B33),

b) fjárhæðin sem markaðsaðili myndi hljóta við að ganga inn í eða gefa út eins skuld eða eiginfjárgerning, á þeim forsendum sem markaðsaðilar myndu vilja nota við verðlagningu á eins lið (t.d. hafa sömu lánshæfiseiginleika) á helsta (eða hagkvæmasta) markaði til að gefa út skuld eða eiginfjárgerning með sömu samningsskilmálum.

Hætta á vanefndum

42 Gangvirði skuldar endurspeglar áhrif af hættu á vanefndum. Hætta á vanefndum getur falið í sér, er þó ekki takmörkuð við, eigin útlánaáhættu einingarinnar (eins og hún er skilgreind í IFRS-staðli 7, *fjármálagerningum: upplýsingagjöf*). Gert er ráð fyrir að hætta á vanefndum sé sú sama fyrir og eftir yfirfærslu skuldar.

43 Við mat á gangvirði skuldar skal eining taka tillit til áhrifa útlánaáhættu hennar (lánsfjárstöðu) og annarra þátta sem gætu haft áhrif á líkur þess að skuldbindingin verði eða verði ekki uppfyllt. Áhrif þessa gætu verið mismunandi eftir því hvaða skuld um ræðir, til dæmis:

a) hvort skuldin sé skuldbinding til að afhenda reiðufé (fjárskuld) eða vörur eða þjónustu (skuld sem er ekki fjárskuld),

b) skilmálum endurbótar á lánshæfi sem tengist skuldinni, ef um slíkt er að ræða.

44 Gangvirði skuldar endurspeglar áhrif af hættu á vanefndum á grundvelli reiknieiningar hennar. Útgefandi skuldar sem er gefin út með óaðskiljanlegri endurbót á lánshæfi gegnum þriðja aðila sem er talin fram aðskilið frá skuldinni skal ekki telja með áhrif af bættu lánshæfi (t.d. ábyrgð þriðja aðila á skuld) í gangvirðismati skuldarinnar. Útgefandinn verður, ef endurbót á lánshæfi er talin fram aðskilið frá skuldinni, að taka tillit til eigin lánsfjárstöðu en ekki þeirrar hjá þriðja aðilanum sem er ábyrgðaraðili við mat á gangvirði skuldarinnar.

Takmörkun sem kemur í veg fyrir yfirfærslu á skuld eða eigin eiginfjárgerningi aðila

45 Við mat á gangvirði skuldar eða eigin eiginfjárgerningi einingar skal hún ekki telja með sérstakt ílag eða leiðréttingu á öðrum *ílögum* sem tengjast tilvist takmörkunar sem kemur í veg fyrir yfirfærslu liðarins. Áhrif takmarkana sem hindra yfirfærslu á skuldbindingu eða eigin eiginfjárgerningi einingar eru annaðhvort beint eða óbeint innifalin í öðru ílagi í gangvirðismatið.

46 Til dæmis hafa bæði lánveitandinn og loforðsgjafinn samþykkt verð í viðskiptum fyrir skuldina á viðskiptadegi, með fullri vitund um að skuldbindingin felur í sér takmarkanir sem hindra yfirfærslu hennar. Aðskildu ílagi eða leiðréttingu á fyrirliggjandi ílagi er ekki krafist á viðskiptadegi til að endurspegla áhrif af takmörkun á yfirfærslu vegna takmörkunarinnar sem er innifalin í viðskiptaverðinu. Á sama hátt er ekki þörf á aðskildu ílagi eða leiðréttingu á fyrirliggjandi ílagi við síðari matsdaga til að endurspegla áhrifin af takmörkunum á yfirfærslu.

Gjaldkræf fjárskuld

47 Gangvirði gjaldkræfrar fjárskuldar (t.d. veltiinnláns) er ekki lægra en fjárhæðin sem skal greiða við kröfu, afvöxtuð frá fyrsta deginum sem unnt væri að krefjast greiðslu fjárhæðarinnar.

Notkun á fjáreignum og fjárskuldum með stöður í markaðsáhættu eða útlánaáhættu mótaðila sem jafna hver aðra út

48 Eining sem ræður yfir flokki fjáreigna og fjárskulda tekur markaðsáhættu (eins og hún er skilgreind í IFRS-staðli 7) og útlánaáhættu (eins og hún er skilgreind í IFRS-staðli 7) vegna hvers mótaðila síns. Einingunni er heimilt að sækja um undanþágu frá þessum IFRS-staðli fyrir mat á gangvirði ef hún stjórnar þessum flokki fjáreigna og fjárskulda á grundvelli hreinnar áhættu gagnvart annaðhvort markaðsáhættu eða útlánaáhættu. Undanþága þessi heimilar einingu að meta gangvirði flokks fjáreigna og fjárskulda á grundvelli verðsins sem fást myndi við sölu á hreinni gnóttstöðu (þ.e. eign) á tilteknum áhættugrunni eða greitt til að yfirfæra hreina skortstöðu (þ.e. skuld) á tilteknum áhættugrunni í eðlilegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi við ríkjandi markaðsaðstæður. Til samræmis við það skal aðili meta gangvirði flokks fjáreigna og fjárskulda með samræmdum hætti við hvernig markaðsaðilar myndu verðleggja hreinan áhættugrunn á matsdegi.

49 Einingu er aðeins heimilt að nota undanþáguna í 48. lið ef hún gerir allt eftirfarandi:

a) stjórnar flokki fjáreigna og fjárskulda á grundvelli hreinnar áhættu einingarinnar gagnvart tiltekinni markaðsáhættu (eða áhættum) eða gagnvart útlánaáhættu tiltekins mótaðila í samræmi við skjalfesta áhættustýringu eða fjárfestingaráætlun einingarinnar,

b) veitir upplýsingar á þeim grundvelli um flokk fjáreigna og fjárskulda til lykilstarfsmanna einingarinnar í stjórnunarstöðum, eins og þeir eru skilgreindir í IAS-staðli 24, *upplýsingum um tengda aðila*, og

c) ber skylda til og hefur valið að meta þær fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í efnahagsreikningi við lok hvers skýrslutímabils.

50 Undanþágan í 48. lið varðar ekki framsetningu reikningsskila. Í sumum tilfellum er grundvöllur fyrir framsetningu reikningsskila í efnahagsreikningi á ólíkum grundvelli mats á fjármálagerningum, til dæmis ef IFRS-staðall krefst eða heimilar ekki að framsetning fjármálagerninga sé á hreinum grunni. Í slíkum tilfellum getur einingin þurft að gera leiðréttingar á eignasafnsgrunni (sjá 53.–56. lið) fyrir einstakar eignir eða skuldir sem mynda saman flokk fjáreigna eða fjárskulda sem stjórnað er á grunni hreinnar áhættu einingarinnar. Eining skal framkvæma úthlutanir þessar á raunhæfum og samræmdum grundvelli með því að nota viðeigandi aðferðafræði við þessar aðstæður.

51 Eining skal taka ákvörðun um reikningsskilaaðferð, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir*, *breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkju*r, til að nota undanþáguna í 48. lið. Eining sem notar undanþáguna skal beita þeirri reikningsskilaaðferð, þ.m.t. aðferðinni við að úthluta leiðréttingum á kaup- og sölutilboði (sjá 53.–55. liði) leiðréttingar á lánum (sjá 56. lið), ef við á, með samræmdum hætti á milli tímabila fyrir tiltekið eignasafn.

52 Undanþágan í 48. lið gildir aðeins um fjáreignir, fjárskuldir og aðra samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 9, *fjármálagerningar* (eða IAS-staðals 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*, ef IFRS-staðall 9 hefur ekki verið samþykktur). Leggja ætti þann skilning í tilvísanir til fjáreigna og fjárskulda í 48.–51. lið og 53.–56. lið að þær eigi við um alla samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 9 (eða IAS-staðals 39, ef IFRS-staðall 9 hefur ekki verið samþykktur enn), og sem eru færðir í samræmi við hann, án tillits til þess hvort þeir samrýmist skilgreiningum á fjáreignum eða fjárskuldbindingum í IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning*.

Markaðsáhætta

53 Þegar einingin notar undanþáguna í 48. lið til að meta gangvirði flokks fjáreigna og fjárskulda sem stýrt er á grunni hreinnar áhættu einingar gagnvart tiltekinni markaðsáhættu (eða áhættum) skal hún beita því verði innan verðbils kaup- og sölutilboðs sem stendur mest fyrir gangvirði við þessar aðstæður á hreinni áhættu einingarinnar gagnvart þessari markaðsáhættu (sjá 70. og 71. lið).

54 Þegar einingin notar undanþáguna í 48. lið skal hún tryggja að markaðsáhættan (eða áhætturnar) sem hún stendur frammi fyrir innan flokks fjáreigna og fjárskulda sé að verulegu leyti hin sama. Til dæmis myndi einingin ekki sameina vaxtaáhættu sem tengist fjáreign með hrávöruverðsáhættu sem tengist fjárskuld vegna þess að slíkt myndi ekki draga úr áhættu einingarinnar gagnvart vaxtaáhættu eða hrávöruverðsáhættu. Taka skal tillit til grunnáhættu, sem hlýst af því að markaðsáhættubreytur eru ekki eins við notkun undanþágunnar í 48. lið, við gangvirðismat fjáreigna og fjárskulda innan flokksins.

55 Á sama hátt skal tímalengd áhættu einingarinnar gagnvart tiltekinni markaðsáhættu (eða áhættum) sem vegna fjáreigna eða fjárskulda vera að verulegu leyti hin sama. Til dæmis má nefna að aðili sem notar 12 mánaða framtíðarsamning gegn sjóðstreyminu, sem tengist 12 mánaða virði af vaxtaáhættu á fimm ára fjármálagerningum innan flokks, og samanstendur aðeins af þeim fjáreignum og fjárskuldum, metur gangvirði áhættunnar af 12 mánaða vaxtaáhættu á hreinum grunni og eftirstandandi vaxtaáhættu (t.d. ár 2–5) á vergum grunni.

Útlánaáhætta tiltekins mótaðila

56 Einingin skal, þegar hún notar undanþáguna í 48. lið til að meta gangvirði flokks fjáreigna og fjárskulda sem hún hefur gengið inn í með tilteknum mótaðila, telja með áhrifin af hreinni áhættu sinni vegna útlánaáhættu þessa mótaðila, eða hreinni áhættu mótaðilans gagnvart útlánaáhættu einingarinnar við gangvirðismat þegar markaðsaðilar hefðu tekið tillit til fyrirliggjandi tilhögunar, sem dregur úr útlánaáhættu fari svo að vanskil eigi sér stað (t.d. rammasamningur um greiðslujöfnun við mótaðila eða samningur sem krefst skipta á veði á grundvelli hreinnar áhættu hvors málsaðila gagnvart útlánaáhættu hins aðilans). Gangvirðismatið skal endurspegla væntingar markaðsaðila um líkindi þess að hægt yrði að framfylgja slíkum samningi samkvæmt lögum fari svo að vanskil eigi sér stað.

Gangvirði við upphafsfærslu

57 Þegar eign er keypt eða skuld yfirtekin í viðskiptum með þá eign eða skuld er verðið í viðskiptunum það verð sem greitt til að kaupa eignina eða tekið á móti við yfirtöku skuldarinnar (*aðgangsverð*). Aftur á móti er gangvirði eignar eða skuldar það verð sem fengist við sölu eignar eða yrði greitt við yfirfærslu skuldar (úttaksverð). Aðilar selja ekki nauðsynlega eignir á kaupverði þeirra. Á sama hátt yfirfæra einingar ekki nauðsynlega skuldir á yfirtökuverði þeirra.

58 Í mörgum tilfellum verður verðið í viðskiptunum jafngilt gangvirði (t.d. getur sú verið raunin þegar kaup á eign fara fram á viðskiptadegi á þeim markaði þar sem selja átti eignina).

59 Einingin skal taka tillit til þátta sem eiga sérstaklega við um viðskiptin og eignina eða skuldina þegar hún ákvarðar hvort gangvirði upphafsfærslu jafnist á við verðið í viðskiptunum. Í lið B4 er lýst aðstæðum þar sem verð í viðskiptum þarf ekki að vera í samræmi við gangvirði eignar eða skuldar við upphafsfærslu.

60 Eining skal færa hagnað eða tap í rekstrarreikningi, ef aðrir IFRS-staðlar krefjast eða heimila henni upphaflega að meta eign eða skuld á gangvirði og verðið í viðskiptunum er frábrugðið gangvirðinu, nema IFRS-staðall þessi tilgreini annað.

Virðismatsaðferðir

61 Eining skal nota virðismatsaðferðir sem eru viðeigandi við þær aðstæður og sem fullnægjandi gögn eru tiltæk um til að meta gangvirði, hámarka notkun á viðeigandi sannreynanlegu ílagi og lágmarka notkun ósannreynanlegs ílags.

62 Markmiðið með því að nota virðismatsaðferð er að meta hvert söluverð eignar í eðlilegum viðskiptum eða yfirfærsluverð skuldar yrði á milli markaðsaðila á matsdegi við ríkjandi markaðsaðstæður. Markaðsaðferð, *kostnaðaraðferð* og tekjuaðferð eru þrjár virðismatsaðferðir sem víða eru notaðar. Helstu þættir þessara aðferða eru teknir saman í liðum B5–B11. Eining skal nota virðismatsaðferðir sem eru í samræmi við eina eða fleiri af þessum aðferðum til að meta gangvirði.

63 Í sumum tilfellum verður einstök virðismatsaðferð viðeigandi (t.d. við virðismat á eign eða skuld með því að nota skráð verð á virkum markaði með eins eignir eða skuldir). Í öðrum tilfellum er viðeigandi að nota margar virðismatsaðferðir (t.d. gæti slíkt verið tilfellið við virðismat á fjárskapandi einingu). Ef margar virðismatsaðferðir eru notaðar til að meta gangvirði skulu niðurstöðurnar (t.d. viðkomandi upplýsingar um gangvirði) metnar með tilliti til hæfilegs verðmætabils sem niðurstöðurnar benda til. Gangvirðismat er sá punktur innan þeirra marka sem standa mest fyrir gangvirði við þessar aðstæður.

64 Kvarða skal virðismatsaðferðina svo að við upphafsfærslu verði niðurstaða aðferðarinnar jafngild verði í viðskiptum, ef það er gangvirði við upphafsfærslu og virðismatsaðferð sem notar ósannreynanlegt ílag verður notuð til að meta gangvirði á síðari tímabilum. Kvörðun tryggir að virðismatsaðferðin endurspegli ríkjandi markaðsaðstæður og hjálpar einingunni við að ákvarða hvort nauðsynlegt sé að leiðrétta virðismatsaðferðina (t.d. gæti aðferðin misst af að greina einkenni eignar eða skuldar). Eining skal, eftir upphafsfærslu þegar hún metur gangvirði með því að nota virðismatsaðferð eða aðferðir sem nota ósannreynanlegt ílag, tryggja að þessar virðismatsaðferðir endurspegli sannreynanleg markaðsgögn (t.d. verð fyrir svipaða eign eða skuld) á matsdegi.

65 Beita skal virðismatsaðferðum, sem notaðar eru til að mæla gangvirði, með samræmdum hætti. Breyting á virðismatsaðferð eða beitingu hennar (t.d. breyting á vægi hennar þegar margar virðismatsaðferðir eru notaðar eða breyting á leiðréttingu sem beitt er á virðismatsaðferð) er þó viðeigandi ef breytingin leiðir til mats sem stendur jafn vel eða betur fyrir gangvirði við þessar aðstæður. Þetta gæti verið tilfellið ef til dæmis einhverjir af eftirfarandi viðburðum eiga sér stað:

a) þróun nýrra markaða,

b) nýjar upplýsingar verða tiltækar,

c) upplýsingar sem áður voru notaðar eru ekki lengur tiltækar,

d) virðismatsaðferðir batna, eða

e) markaðsaðstæður breytast.

66 Færa skal endurskoðanir sem til koma vegna breytinga á virðismatsaðferðinni eða beitingu hennar sem breytingu á reikningshaldslegu mati í samræmi við IAS-staðal 8. Upplýsinga í IAS-staðli 8 vegna breytinga á reikningshaldslegu mati er þó ekki krafist fyrir endurskoðanir sem til koma til af breytingu í virðismatsaðferð eða beitingu hennar.

Ílag í virðismatsaðferðum

Almennar meginreglur

67 Virðismatsaðferðir sem notaðar eru til að meta gangvirði, skulu hámarka notkun viðkomandi sannreynanlegs ílags og lágmarka notkun ósannreynanlegs ílags.

68 Gjaldeyrismarkaðir, markaðir þar sem markaðsaðilar kaupa og selja fyrir eigin reikning, miðlaramarkaðir og einnig markaðir þar sem aðilar semja beint sín á milli (sjá lið B34) eru meðal dæma um markaði þar sem ílag gæti verið sannreynanlegt fyrir sumar eignir og skuldir (t.d. fjármálagerninga).

69 Eining skal velja ílög sem eru í samræmi við einkenni eignarinnar eða skuldarinnar sem markaðsaðilar myndu taka tillit til í viðskiptum með eignina eða skuldina (sjá 11. og 12. lið). Í sumum tilfellum leiða einkenni þessi til að leiðréttingar eru gerðar, svo sem með yfirverði eða afföllum (t.d. yfirverð á ráðandi hluti eða afföll á hlutum sem eru ekki ráðandi). Gangvirðismat skal þó ekki nota gagnvart yfirverði eða afföllum sem eru í ósamræmi við reiknieiningu í IFRS-staðlinum sem krefst eða heimilar gangvirðismat (sjá 13. og 14. lið). Yfirverð eða afföll sem endurspegla stærð sem einkenni

eignarhlutdeildar einingarinnar (sérstaklega tálmunarþátt sem leiðréttir skráð verð eignar eða skuldar vegna þess að hefðbundin dagleg velta skráðra verðbréfa á markaðnum er ekki fullnægjandi til að taka við magninu sem einingin ræður yfir, eins og lýst er í 80. lið) frekar en einkenni eignarinnar eða skuldarinnar (t.d. yfirverð á ráðandi hluti þegar metið er gangvirði á ráðandi hlut) eru óleyfileg í gangvirðismati. Í öllum tilfellum skal einingin nota skráð verð, ef það er til staðar á virkum markaði (t.d. *1. stigs ílag*), án leiðréttinga þegar hún metur gangvirði, nema eins og tilgreint er í 79. lið.

Ílag sem byggt er á kaup- og sölutilboðsverði

70 Ef eign eða skuld sem metin er á gangvirði hefur kaup- og sölutilboðsverð (t.d. ílag frá mörkuðum þar sem markaðsaðilar kaupa og selja á eigin reikning) skal nota verðið innan verðbils kaup- og sölutilboðs sem stendur mest fyrir gangvirði við þessar aðstæður til að meta gangvirði, óháð því hvar ílagið er flokkað innan stigskiptrar flokkunar gangvirðis (þ.e. á 1., 2. eða 3. stigi, sjá 72.–90. lið). Heimilt er að nota kauptilboðsverð fyrir eignastöður og sölutilboðsverð fyrir skuldastöður en þess er ekki krafist.

71 Þessi IFRS-staðall útilokar ekki notkun miðverðs markaðar eða annarra verðlagningaraðferða sem markaðsaðilar nota sem skynsamlega leið til gangvirðismats innan verðbils kaup- og sölutilboðs.

Stigskipt flokkun gangvirðis

72 Með þessum IFRS-staðli er komið á fót stigskiptri flokkun gangvirðis sem flokkar ílög í virðismatsaðferðum sem notuð eru við gangvirðismat í þrjú stig (sjá 76.–90. lið) til að auka samkvæmni og sambærileika í gangvirðismati og tengdri upplýsingagjöf. Stigskipt flokkun gangvirðis setur í hæsta forgang skráð verð (óleiðrétt) á virkum mörkuðum fyrir eins eignir eða skuldir (1. stigs ílag) og ósannreynanlegt ílag í lægsta forgang (*3. stigs ílag*).

73 Í sumum tilfellum má flokka ílögin sem notuð eru til að meta gangvirði eignar eða skuldar innan mismunandi stiga í stigskiptri flokkun gangvirðis. Í þessum tilfellum er gangvirðismat í heild sinni flokkað í sama stigi í stigskiptri flokkun gangvirðis og lægsta stig ílags sem er marktækt í matinu öllu. Mat á mikilvægi tiltekins ílags í matinu í heild sinni krefst dómgreindar með tilliti til þátta sem gilda sérstaklega um eignina eða skuldina. Ekki skal taka tillit til leiðréttinga til að finna mat sem byggt er á gangvirði, svo sem sölukostnaðar við mat á gangvirði að frádregnum sölukostnaði, þegar ákvarðað er á hvaða stigi stigskiptrar flokkunar gangvirðis gangvirðismat skal flokkast.

74 Tiltækileiki viðeigandi ílaga og hlutfallsleg huglægni þeirra gætu haft áhrif á val viðeigandi virðismatsaðferða (sjá 61. lið). Stigskipt flokkun gangvirðis setur þó ílög í virðismatsaðferðir í forgang en ekki virðismatsaðferðir sem notaðar eru til að meta gangvirði. Til dæmis mætti flokka gangvirðismat sem þróað er með notkun núvirðisaðferðar innan 2. eða 3. stigs með hliðsjón af ílögum sem hafa umtalsverð áhrif á matið í heild sinni og það stig stigskiptrar flokkunar gangvirðis sem ílög þessi eru flokkuð innan.

75 Ef sannreynanlegt ílag krefst leiðréttingar með því að nota ósannreynanlegt ílag og hún leiðir til umtalsvert hærra eða lægra gangvirðismats myndi útkoma matsins vera flokkuð innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis. Til dæmis myndi einingin leiðrétta skráð verð til að endurspegla áhrif þeirrar takmörkunar ef markaðsaðili tæki tillit til áhrifa takmörkunar á sölu eignar við verðmat á eigninni. Matið yrði flokkað innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis ef þetta skráða verð er *2. stigs ílag* og leiðréttingin er ósannreynanlegt ílag sem hefur umtalsverð áhrif á matið í heild sinni.

Ílag á 1. stigi

76 Ílög á 1. stigi eru skráð verð (óleiðrétt) á virkum mörkuðum með eins eignir eða skuldir sem einingin getur haft aðgang að á matsdegi.

77 Skráð verð á virkum markaði veitir áreiðanlegustu gögnin um gangvirði og skal nota þau án leiðréttinga, þegar þau eru tiltæk, til að meta gangvirði, að undanþegnu því sem er tilgreint í 79. lið.

78 Ílag á 1. stigi verður tiltækt fyrir margar fjáreignir og fjárskuldir sem sumum má skipta á mörgum virkum mörkuðum (t.d. á ólíkum mörkuðum). Því er áherslan innan 1. stigs lögð á að ákvarða báða eftirfarandi þætti:

a) helsta markaðinn fyrir eignina eða skuldina eða, ef helsti markaður er ekki til staðar, hagstæðasta markaðinn fyrir eignina eða skuldina og

b) hvort einingin geti gengið til viðskipta á því verði fyrir eignina eða skuldina á þeim markaði á matsdegi.

79 Eining skal ekki gera leiðréttingar á 1. stigs ílagi nema við eftirfarandi aðstæður:

a) þegar einingin á margar svipaðar (en ekki eins) eignir og skuldir (t.d. skuldabréf) sem eru metin á gangvirði og skráð verð á virkum markaði er tiltækt en ekki auðveldlega aðgengilegt fyrir hverja einstaka eign eða skuld (þ.e. erfitt væri að fá verðlagsupplýsingar um hverja einstaka eign eða skuld á matsdegi þar sem einingin hefur margar svipaðar eignir eða skuldir). Í því tilfelli getur aðili talið skynsamlegt að meta gangvirði með því að nota aðra aðferð við verðlagningu sem styðst ekki eingöngu við skráð verð (t.d. fylkjaverðlagningu). Notkun á annarri aðferð við verðlagningu leiðir þó til gangvirðismats sem er flokkað innan lægri stiga stigskiptrar flokkunar gangvirðis,

b) þegar skráð verð á virkum markaði stendur ekki fyrir gangvirði á matsdegi. Sú gæti til dæmis verið raunin ef mikilvægir atburðir (svo sem viðskipti á markaði þar sem aðilar semja beint sín á milli, á miðlaramarkaði eða með tilkynningum) eiga sér stað eftir lok markaðar en fyrir matsdaginn. Eining skal koma á fót og stöðuglega beita aðferð til að auðkenna þá atburði sem gætu haft áhrif á gangvirðismöt. Ef skráð verð er leiðrétt vegna nýrra upplýsinga leiðir leiðréttingin þó til gangvirðismats sem flokkað er innan lægra stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis,

c) við mat á gangvirði skuldar eða eigin eiginfjárgernings einingar með því að nota skráð verð á eins lið sem verslað var með sem eign á virkum markaði og það verð þarf að leiðrétta vegna þátta sem eru sérstakir fyrir liðinn eða eignina (sjá 39. lið). Ef engra leiðréttinga á skráðu verði eignarinnar er krafist verður niðurstaðan gangvirðismat sem flokkað er innan 1. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis. Leiðréttingar á skráðu verði eignarinnar leiða til gangvirðismats sem er flokkað innan lægri stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis.

80 Ef eining hefur stöðu í einstakri eign eða skuld (þ.m.t. stöðu sem nær yfir margar eins eignir eða skuldir, svo sem eignarhlutdeild í fjármálagerningum) og verslað er með eignina eða skuldina á virkum markaði skal meta gangvirði eignarinnar innan 1. stigs sem margfeldi af skráðu verði einstöku eignarinnar eða skuldarinnar og magnsins sem einingin heldur. Þetta á jafnvel við ef hefðbundin dagleg velta skráðra verðbréfa á markaði er ófullnægjandi til að taka við því magni sem haldið er og gefa fyrirmæli um að selja stöðuna í einum viðskiptum gæti haft áhrif á skráða verðið.

Ílag á 2. stigi

81 Ílag á 2. stigi er annað ílag en skráð verð, sem fellur undir 1. stig, sem eru sannreynanleg fyrir eignina eða skuldina, annaðhvort beint eða óbeint.

82 Ílag á 2. stigi verður að vera sannreynanlegt lengst af samningstíma eignarinnar eða skuldarinnar ef eignin eða skuldin hefur tilgreindan (samningsbundinn) tíma. Ílag á 2. stigi er m.a. eftirfarandi:

a) skráð verð fyrir svipaðar eignir eða skuldir á virkum mörkuðum,

b) skráð verð fyrir eins eða svipaðar eignir eða skuldir á óvirkum mörkuðum,

c) önnur ílög en skráð verð sem eru sannreynanleg fyrir eignina eða skuldina, til dæmis:

i) vextir og ávöxtunarferlar sem eru sannreynanlegir á tímabilum sem þeir eru almennt tilgreindir fyrir,

ii) afleitt flökt og

iii) áhættuálag,

d) *ílög sem studd eru af markaði.*

83 Leiðréttingar á 2. stigs ílögum eru mismunandi með hliðsjón af þáttum sem eru sérstakir fyrir eignina eða skuldina. Þessir þættir eru m.a.:

a) ástand eða staðsetning eignarinnar,

b) að hve miklu leyti ílög tengjast liðum sem eru sambærilegir eigninni eða skuldinni (þ.m.t. þáttunum sem er lýst í 39. lið) og

c) umfangið eða stig starfseminnar á mörkuðunum þar sem gögnin eru sannreynanleg.

84 Leiðrétting á 2. stigs ílagi sem er mikilvæg fyrir allt matið gæti leitt til gangvirðismats sem flokkað er innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis ef umtalsvert ósannreynanlegt ílag er notað við leiðréttinguna.

85 Í lið B35 er lýst notkun á 2. stigs ílögum fyrir tiltekna eign eða skuldir.

Ílag á 3. stigi

86 Ílag á 3. stigi er ósannreynanlegt ílag fyrir eignina eða skuldina.

87 Nota skal ósannreynanlegt ílag til að meta gangvirði að því marki sem viðkomandi sannreynanlegt ílag er ekki tiltækt og taka þannig til aðstæðna þar sem lítil eða engin markaðsstafsemi fer fram með eignina eða skuldina á matsdegi. Markmið gangvirðismats verður þó áfram hið sama, þ.e. úttaksverð á matsdegi frá sjónarmiði markaðsaðila sem heldur eigninni eða skuldar skuldina. Ósannreynanlegt ílag skal því endurspegla forsendur sem markaðsaðilar hefðu notað við að verðleggja eignina eða skuldina, þ.m.t. áhættuforsendur.

88 Meðal áhættuforsendna telst innbyggð áhætta í tiltekinni virðismatsaðferð sem notuð er til að meta gangvirði (eins og verðlagningarlíkan) og áhættuna sem er innbyggð í ílögunum í virðismatsaðferðinni. Mat sem felur ekki í sér leiðréttingu vegna áhættu myndi ekki standa fyrir gangvirðismat ef markaðsaðilar hefðu notað eitt mat við verðlagningu eignar eða skuldar. Til dæmis gæti reynst nauðsynlegt að telja með áhættuleiðréttingu þegar umtalsverð matsóvissa er til staðar (t.d. þegar umtalsverð lækkun hefur orðið á magni eða stigi starfsemi í samanburði við hefðbundna markaðsstarfsemi með eignina eða skuldina, eða svipaðar eignir eða skuldir, og að einingin hefur ákvarðað að verðið í viðskiptunum eða skráð verð standi ekki fyrir gangvirði, eins og lýst er í liðum B37–B47).

89 Eining skal þróa ósannreynanlegt ílag með því að nota bestu fyrirliggjandi upplýsingar við þessar aðstæður og gætu eigin gögn einingarinnar verið þar á meðal. Við þróun á ósannreynanlegu ílagi getur einingin byrjað á eigin gögnum en skal leiðrétta þau ef upplýsingar sem tiltækar eru með góðu móti gefa tilefni til að ætla að aðrir markaðsaðilar myndu nota önnur gögn eða ef einingin býr yfir einhverju sérstöku sem ekki er tiltækt öðrum markaðsaðilum (t.d. samvirkni sem er sértæk fyrir hana). Eining þarf ekki að leggja í yfirgripsmikla leit til að komast yfir upplýsingar um forsendur markaðsaðila. Eining skal þó taka tillit til allra upplýsinga um forsendur markaðsaðila sem tiltækar eru með góðu móti. Ósannreynanlegt ílag sem þróað var eins og lýst er hér að framan er álitið forsendur markaðsaðila og uppfylla markmið gangvirðismats.

90 Í lið B36 er lýst notkun á 3. stigs ílögum fyrir tiltekna eign eða skuldir.

BIRTING UPPLÝSINGA

91 Eining skal birta upplýsingar sem hjálpa notendum reikningsskila hennar að nálgast hvort tveggja af eftirfarandi:

a) fyrir eignir og skuldir sem metnar eru á gangvirði síendurtekið eða í eitt skipti í efnahagsreikningi eftir upphafsfærslu, virðismatsaðferðir og ílag sem notað er til að þróa þau möt

b) fyrir síendurtekið gangvirðismat með umtalsverðu ósannreynanlegu ílagi (3. stigs), áhrif matsins á rekstrarreikning eða aðra heildarafkomu á því tímabili.

92 Til að uppfylla markmiðin í 91. lið skal eining taka allt eftirfarandi til athugunar:

a) sundurliðun sem nauðsynleg er til að uppfylla birtingarkröfur,

b) hversu mikla áherslu ber að leggja á mismunandi kröfur,

c) hversu mikla samsöfnun eða aðgreiningu skal framkvæma og

d) hvort notendur reikningsskila þurfi viðbótarupplýsingar til að meta tölulegu upplýsingarnar sem eru birtar.

Eining skal birta nauðsynlegar viðbótarupplýsingar til að uppfylla þessi markmið ef birting upplýsinga í samræmi við í þennan IFRS-staðal og aðra IFRS-staðla er ófullnægjandi til að uppfylla markmiðin í 91. lið.

93 Einingin skal, til að uppfylla markmiðin í 91. lið, að minnsta kosti birta eftirfarandi upplýsingar um hvern eigna- og skuldaflokk (sjá 94. lið fyrir upplýsingar um ákvörðun viðeigandi eigna- og skuldaflokka) metinn á gangvirði (þ.m.t. möt sem byggð eru á gangvirði innan gildissviðs þessa IFRS-staðals) í efnahagsreikningi eftir upphafsfærslu:

a) fyrir síendurtekin eða einstök gangvirðismöt, gangvirðismatið við lok reikningsskilatímabilsins og, fyrir einstök gangvirðismöt, ástæður matsins. Síendurtekin gangvirðismöt eigna eða skulda eru þau sem aðrir IFRS-staðlar krefjast eða heimila í efnahagsreikningi við lok hvers reikningsskilatímabils. Einstök gangvirðismöt eigna eða skulda eru þau sem aðrir IFRS-staðlar krefjast eða heimila í efnahagsreikningi við ákveðnar aðstæður (t.d. þegar eining metur eign sem á að selja á gangvirði að frádregnum sölukostnaði í samræmi við IFRS-staðal 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*, vegna þess að gangvirði að frádregnum sölukostnaði einingarinnar er lægra en bókfærða verðið),

b) það stig stigskiptrar flokkunar gangvirðis sem gangvirðismötin flokkast á í heild sinni (1., 2. og 3. stig) fyrir síendurtekin og einstök gangvirðismöt,

c) fyrir eignir og skuldir sem haldið er við lok reikningsskilatímabils og metnar eru á gangvirði með síendurteknum hætti, fjárhæðir yfirfærslna á milli 1. og 2. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis, ástæður þessara yfirfærslna og aðferð einingarinnar við að ákvarða hvenær álíta skal að yfirfærslur á milli stiga hafi átt sér stað (sjá 95. lið). Greina skal frá yfirfærslum á hvert stig og fjallað um þær aðgreint frá yfirfærslum af hverju stigi,

d) lýsing á virðismatsaðferð(um) og ílögum sem notuð voru við gangvirðismatið á síendurteknum og einstökum gangvirðismötum sem flokkuð eru á 2. og 3. stig í stigskiptri flokkun gangvirðis. Ef breyting hefur orðið á virðismatsaðferð (t.d. breyting frá markaðsaðferð til tekjuaðferðar eða önnur virðismatsaðferð til viðbótar notuð) skal einingin tilgreina þá breytingu og ástæðu(r) þess að hún var gerð. Fyrir gangvirðismat sem flokkað er innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis skal eining veita tölulegar upplýsingar um umtalsvert ósannreynanlegt ílag sem notað er í gangvirðismatinu. Einingunni ber ekki skylda til að taka saman tölulegar upplýsingar til að fara að þessari birtingarkröfu ef hún hefur ekki þróað megindlegt ósannreynanlegt ílag við mat á gangvirði (t.d. þegar eining notar verð frá fyrri viðskiptum eða verðlagsupplýsingar þriðja aðila án leiðréttingar). Einingin getur þó ekki, við birtingu þessara upplýsinga, litið framhjá megindlegu ósannreynanlegu ílagi sem er umtalsvert í gangvirðismatinu og tiltækt henni með góðu móti,

e) afstemmingu frá upphafsstöðu til lokastöðu að því er varðar síendurtekið gangvirðismat innan 3. stigs stigskiptrar flokkunar gangvirðis og tilgreina sérstaklega breytingar á þessu tímabili sem rekja má til eftirfarandi:

i) heildarhagnaðar eða -taps á tímabilinu sem fært er í rekstrarreikning og sérlínu(r) í rekstrarreikningi þar sem viðkomandi gróði eða tap er fært,

ii) heildarhagnaðar eða -taps á tímabilinu sem fært er í aðra heildarafkomu og sérlínu(r) í annarri heildarafkomu þar sem viðkomandi gróði eða tap er fært,

iii) kaupa, sölu, útgáfa og uppgjöra (birta skal upplýsingar sérstaklega um hverja þessara breytingategund),

iv) fjárhæð yfirfærslna á eða af 3. stigi í stigskiptri flokkun gangvirðis, ástæðum þessara yfirfærslna og aðferð einingarinnar við að ákvarða hvenær álíta skal að yfirfærslur á milli stiga hafi átt sér stað (sjá 95. lið). Greina skal frá yfirfærslum á 3. stig og fjalla um þær aðgreint frá yfirfærslum af 3. stigi,

f) fyrir síendurtekin gangvirðismöt sem flokkuð eru innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis, fjárhæð heildarhagnaðar eða -taps á tímabilinu í i. lið e-liðar sem telst með í rekstrarreikningi sem tengja má breytingum í óinnleystum hagnaði eða tapi sem tengist þeim eignum eða skuldum sem haldið var við lok reikningsskilatímabils og sérlínu(r) í rekstrarreikningi þar sem óinnleystur hagnaður eða tap er fært,

g) lýsing á matsferlunum sem einingin notaði (þ.m.t. og til dæmis hvernig eining ákveður matsaðferðir og -málsmeðferðarreglur og greinir breytingar á gangvirðismötum frá einu tímabili til annars), fyrir síendurtekin eða einstök gangvirðismöt sem flokkuð eru á 3. stig í stigskiptri flokkun gangvirðis,

h) fyrir síendurtekin gangvirðismöt sem flokkuð eru á 3. stig í stigskiptri flokkun gangvirðis:

i) fyrir öll slík möt, lýsing í samfelldu máli á næmi gangvirðismatsins fyrir breytingum í ósannreynanlegu ílagi ef breyting á því ílagi í aðra fjárhæð gæti leitt til umtalsvert hærra eða lægra gangvirðismats. Ef innbyrðis tengsl eru á milli þess ílags og annarra ósannreynanlegra ílaga sem notuð eru í gangvirðismati, skal eining einnig gefa lýsingu á þessum innbyrðis tengslum og hvernig þau gætu bætt við eða dregið úr áhrifum breytinga á ósannreynanlega ílaginu á gangvirðismatið. Til að uppfylla þessar birtingarkröfur skal lýsingin á næmleika fyrir breytingum á ósannreynanlegu ílagi a.m.k. fela í sér birtar upplýsingar um ósannreynanlegt ílag þegar farið er að d-lið,

ii) að því er varðar fjáreignir og fjárskuldir skal einingin greina frá því ef breyting á einu eða fleiri ósannreynanlegum ílögum til að endurspegla aðrar raunhæfar forsendur myndi breyta gangvirðinu verulega og skal hún greina frá áhrifum þeirra breytinga. Einingin skal greina frá því hvernig áhrifin af breytingu til að endurspegla aðrar raunhæfar forsendar voru reiknuð út. Að því er það varðar skal mikilvægi metið með tilliti til rekstrarreiknings og heildareigna eða heildarskulda eða alls eigin fjár, þegar breytingar á gangvirði eru færðar í aðra heildarafkomu.

i) fyrir síendurtekin og einstök gangvirðismöt skal einingin, ef hæsta og besta notkun eignar sem er ekki fjáreign er frábrugðin núverandi notkun hennar, birta upplýsingar um það og hvers vegna eign sem er ekki fjáreign er notuð með öðrum hætti en þeim hæsta og besta.

94 Eining skal ákvarða viðeigandi flokka eigna og skulda á grundvelli eftirfarandi:

a) eðlis, einkenna og áhættu eignarinnar eða skuldarinnar og

b) stigsins í stigskiptri flokkun gangvirðis sem gangvirðismatið er flokkað á.

Fjöldi flokka gæti þurft að vera meiri fyrir gangvirðismöt sem flokkuð eru innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis vegna þess að möt þessi fela í sér meiri óvissu og huglægni. Dómgreindar er þörf til að ákvarða viðeigandi flokka eigna og skulda sem upplýsingar eru birtar um vegna gangvirðismata. Flokkur eigna og skulda krefst oft meiri aðgreiningar en sérlínur sem settar eru fram í efnahagsreikningi. Eining skal þó veita upplýsingar sem nægja til að unnt sé að stemma af sérlínurnar sem eru settar fram í efnahagsreikningnum. Ef annar IFRS-staðall tilgreinir flokk eignar eða skuldar getur eining notað þann flokk við upplýsingagjöfina sem krafist er í þessum IFRS-staðli ef sá flokkur uppfyllir kröfur þessa liðar.

95 Eining skal birta upplýsingar og fylgja með samræmdum hætti eigin aðferð við að ákvarða hvenær yfirfærslur á milli stiga í stigskiptri flokkun gangvirðis teljast hafa átt sér stað í samræmi við c-lið og iv. lið e-liðar 93. liðar. Sama aðferðin skal notuð við að tímasetja færslur á yfirfærslum í stigin eins og fyrir yfirfærslur af stigunum. Dæmi um aðferðir til að ákvarða tímasetningu færslna eru eftirfarandi:

a) dagsetning atburðarins eða breytinga á aðstæðum sem orsökuðu yfirfærsluna,

b) upphaf reikningsskilatímabilsins,

c) lok reikningsskilatímabilsins.

96 Eining sem tekur þá ákvörðun varðandi reikningsskilaaðferð að beita undanþágunni í 48. lið skal birta upplýsingar um það.

97 Einingin skal birta upplýsingarnar sem krafist er í b-, d- og i-lið 93. liðar fyrir hvern flokk eigna og skulda sem ekki er metinn á gangvirði í efnahagsreikningi en upplýsingar um gangvirði eru gefnar. Einingu er þó ekki skylt að birta tölulegar upplýsingar um umtalsvert ósannreynanlegt ílag sem notað er við gangvirðismöt sem flokkuð eru innan 3. stigs í stigskiptri flokkun gangvirðis sem krafist er í d-lið 93. liðar. Einingin þarf ekki að birta hinar upplýsingarnar sem þessi IFRS-staðall krefst fyrir slíkar eignir og skuldir.

98 Vegna skuldar sem metin er á gangvirði og gefin út með óaðskiljanlegri endurbót á lánshæfi gegnum þriðja aðila skal útgefandi birta upplýsingar um tilvist þessa bætta lánshæfis og hvort það endurspeglist í gangvirðismati skuldarinnar.

99 Eining skal birta tölulegar upplýsingar sem krafist er í þessum IFRS-staðli í töflu, nema annars konar framsetning eigi betur við.

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

virkur markaður	Markaður þar sem fara fram viðskipti með eignina eða skuldina af nægjanlegri tíðni og magni til að veita upplýsingar um verðlag á áframhaldandi grundvelli.
kostnaðaraðferð	Virðismatsaðferð sem endurspeglar fjárhæðina sem krafist yrði á þeim tíma til að koma í stað þjónustugetu eignar (oft getið um sem núgildandi endurnýjunarkostnaður).
aðgangsverð	Verðið sem greitt er til að kaupa eign eða fengist við að taka á sig skuld í viðskiptum.
úttaksverð	Verðið sem fengist við sölu á eign eða yrði greitt til yfirfærslu skuldar.
vænt sjóðstreymi	Líkindavegið meðaltal (þ.e. meðaltal útgreiðslunnar) hugsanlegs framtíðarsjóðstreymis.
gangvirði	Verðið sem fengist við sölu á eign eða yrði greitt til yfirfærslu skuldar í eðlilegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi.
hæsta og besta notkun	Notkun markaðsaðila á eign sem er ekki fjáreign og myndi hámarka verðgildi eignarinnar eða flokks eigna og skulda (t.d. fyrirtækis) sem eignin yrði notuð innan.
tekjuaðferð	Virðismatsaðferðir sem breyta framtíðarfjárhæðum (t.d. sjóðstreymi eða tekjum og útgjöldum) í eina (þ.e. afvaxtaða) upphæð. Gangvirðismatið er ákvarðað á grundvelli verðgildis sem ákvarðast af fyrirliggjandi væntingum markaðarins um þessar framtíðarfjárhæðir.
Ílag	Forsendurnar sem markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu eigna og skulda, þ.m.t. áhættuforsendur, s.s. eftirfarandi: a) innbyggð áhætta í tiltekinni virðismatsaðferð sem notuð er til að meta gangvirði (s.s. verðlagningarlíkan) og b) innbyggð áhætta í ílögum við virðismatsaðferðina. Ílög geta verið sannreynanleg eða ósannreynanleg.
Ílag á 1. stigi	Skráð verð (óleiðrétt) á virkum mörkuðum með eins eignir eða skuldir sem einingin getur haft aðgang að á matsdegi.
Ílag á 2. stigi	Önnur ílög en skráð verð, innifalin á 1. stigi og eru sannreynanleg fyrir eignina eða skuldina, annaðhvort beint eða óbeint.
Ílag á 3. stigi	Ósannreynanlegt ílag fyrir eignina eða skuldina.

markaðsaðferð Virðismatsaðferð sem notar verð og aðrar viðkomandi upplýsingar sem orðið hafa til í viðskiptum á markaði með eins eða sambærilegar (þ.e. svipaðar) eignir, skuldir eða flokk eigna og skulda, s.s. fyrirtæki.

ílag sem stutt er af markaði Ílag sem kemur fyrst og fremst frá eða er stutt af sannreynanlegum markaðsgögnum með samsvörun eða öðrum hætti.

markaðsaðilar Kaupendur og seljendur á helsta (eða hagstæðasta) markaði fyrir eignina eða skuldina sem hafa öll eftirfarandi einkenni:

a) þeir eru óháðir hver öðrum, þ.e. ekki tengdir aðilar eins og skilgreint er í IAS-staðli 24, þó að nota megi verðið í viðskiptum tengdra aðila sem ílag við gangvirðismat ef einingin hefur sönnun þess að viðskiptin hafi verið færð á markaðsforsendum,

b) þeir eru upplýstir, hafa viðunandi skilning um eignina eða skuldina og viðskiptin með því að byggja á öllum tiltækum upplýsingum, þ.m.t. þeim sem hægt er að nálgast í gegnum afrakstur hefðbundinnar áreiðanleikakönnunar,

c) þeir geta átt viðskipti með eignina eða skuldina,

d) þeir vilja ganga til viðskipta með eignina eða skuldina, þ.e. þeir hafa áhuga en eru ekki þvingaðir, eða ber ekki með öðrum hætti skylda, til að gera svo.

hagstæðasti markaður Markaðurinn sem hámarkar fjárhæðina sem fást myndi við sölu eignarinnar eða lágmarkar fjárhæðina sem greiða yrði fyrir yfirfærslu skuldarinnar, með teknu tilliti til viðskipta- og flutningskostnaðar.

hætta á vanefndum Hættan á að eining muni ekki standa við skuldbindingar sínar. Hætta á vanefndum getur falið í sér, en er ekki takmörkuð við, eigin útlánaáhættu einingarinnar.

sannreynanlegt ílag Ílag sem þróað er með notkun markaðsgagna, eins og til dæmis upplýsinga sem eru tiltækar opinberlega um raunverulega atburði eða viðskipti og sem endurspegla þær forsendur sem markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu á eigninni eða skuldinni.

eðlileg viðskipti Viðskipti sem gera ráð fyrir tímabundinni yfirtöku á markaðsáhættu fyrir matsdaginn til að greiða fyrir hefðbundinni markaðsstarfsemi vegna viðskipta sem innihalda slíkar eignir og skuldir og eru ekki þvinguð viðskipti (t.d. þvinguð félagsslit eða nauðungarsala).

helsti markaður Markaðurinn þar sem er mesta umfang og hæsta stig starfsemi með eignina eða skuldina.

áhættustuðull Umbun sem áhættutregir markaðsaðilar leita eftir fyrir að taka á sig innbyggða óvissu í sjóðstreymi eignar eða skuldar. Einnig getið um sem „áhættuleiðrétting“.

viðskiptakostnaður Kostnaðurinn við að selja eign eða yfirfæra skuld á helsta (eða hagkvæmasta) markaði fyrir eignina eða skuldina sem tengist beint ráðstöfun eignarinnar eða yfirfærslu skuldarinnar og uppfyllir bæði eftirfarandi viðmið:

a) þau leiða beint af og eru nauðsynleg fyrir þessi viðskipti,

b) einingin hefði ekki stofnað til þeirra ef ákvörðunin um að selja eignina eða yfirfæra skuldina hefði ekki verið tekin (svipað og sölukostnaður, eins og hann er skilgreindur í IFRS-staðli 5).

flutningskostnaður	Kostnaður sem hefði verið stofnað til við flutning á eign frá núverandi staðsetningu hennar og til helsta (eða hagstæðasta) markaðar.
reiknieining	Stigið þar sem eign eða skuld er samsöfnuð eða aðgreind í IFRS-staðli vegna færslu.
ósannreynanlegt ílag	Ílag sem engin markaðsgögn eru tiltæk fyrir og er þróað með því að nota bestu tiltæku upplýsingar um forsendurnar sem markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu á eigninni eða skuldinni.

Viðbætir B

Leiðbeiningar varðandi beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins. Hann lýsir beitingu 1.-99. liðar og hefur sama gildi og aðrir hlutar IFRS-staðalsins.

B1 Mismunandi mati getur verið beitt á ólíkar matsaðstæður. Þessi viðbætir lýsir því mati sem gæti verið beitt þegar eining metur gangvirði við ólíkar matsaðstæður.

GANGVIRÐISMATSAÐFERÐIN

B2 Markmiðið með því að nota gangvirðismat er að meta hvert söluverð eignar í eðlilegum viðskiptum eða yfirfærsluverð skuldar yrði á milli markaðsaðila á matsdegi við ríkjandi markaðsaðstæður. Gangvirðismat krefst þess að eining ákvarði um allt eftirfarandi:

a) tiltekna eign eða skuld sem er viðfangsefni matsins (í samræmi við reiknieiningu hennar),

b) fyrir eign sem er ekki fjáreign, matsforsendu sem er viðeigandi fyrir matið (í samræmi við hæstu og bestu notkun hennar),

c) helsta (eða hagstæðasta) markaðinn fyrir eignina eða skuldina,

d) viðeigandi virðismatsaðferð(-ir) fyrir matið að teknu tilliti til tiltækileika gagna sem notuð eru til að þróa ílög sem standa fyrir forsendurnar sem markaðsaðilar myndu nota við að verðleggja eignina eða skuldina og stigið í stigskiptri flokkun gangvirðis sem ílögin eru flokkuð á.

MATSFORSENDA EIGNA SEM ERU EKKI FJÁREIGNIR (31.–33. LIÐUR)

B3 Við mat á gangvirði eignar sem er ekki fjáreign og er notuð ásamt öðrum eignum í samstæðu (uppsett eða á annan hátt stillt til notkunar) eða ásamt öðrum eignum og skuldum (t.d. fyrirtæki) ráðast áhrif matsforsendnanna af aðstæðunum. Dæmi:

a) gangvirði eignar gæti verið það sama hvort sem eignin er notuð ein og sér eða ásamt öðrum eignum eða með öðrum eignum og skuldum. Sú gæti verið raunin ef eignin er fyrirtæki sem markaðsaðilar myndu starfrækja áfram. Í því tilfelli myndu viðskiptin fela í sér verðmat á fyrirtækinu í heild sinni. Notkun eignanna sem samstæðu í yfirstandandi fyrirtæki myndi skila samlegðaráhrifum sem yrðu tiltæk markaðsaðilum (þ.e. samlegðaráhrif markaðsaðila sem skal því hafa áhrif á gangvirði eignar, sem er annaðhvort ein og sér eða ásamt öðrum eignum, eða með öðrum eignum og skuldum),

b) notkun einingar ásamt öðrum eignum eða með öðrum eignum og skuldum gæti verið felld inn í gangvirðismatið með leiðréttingu á virði eignarinnar þegar hún er notuð ein og sér. Sú gæti verið raunin ef eignin er vél og gangvirðismatið er ákvarðað með því að nota sannreynanlegt verð fyrir svipaða vél (hvorki uppsetta né á annan hátt uppstillta til notkunar), leiðrétt fyrir flutnings- og uppsetningarkostnaði svo að gangvirðismatið endurspegli núverandi ástand og staðsetningu vélarinnar (uppstillta og tilbúna til notkunar),

c) notkun eignar ásamt öðrum eignum eða með öðrum eignum og skuldum gæti verið felld inn í gangvirðismatið í gegnum þær forsendur markaðsaðilanna sem notaðar eru til að meta gangvirði eignarinnar. Ef eignin er t.d. lager með vörur í vinnslu, sem eru einstakar og markaðsaðilar myndu umbreyta birgðunum í fullunnar vörur, myndi í gangvirði lagersins gert ráð fyrir að markaðsaðilar hafi fengið eða myndu fá sérhæfðan búnað sem væri nauðsynlegur til að umbreyta lagernum í fullunnar vörur,

d) notkun eignar ásamt öðrum eignum eða með öðrum eignum og skuldum gæti verið felld inn í virðismatsaðferðina sem notuð er til að meta gangvirði eignarinnar. Sú gæti verið raunin þegar aðferð umframhagnaðar yfir mörg tímabil er notuð til að meta gangvirði óefnislegrar eignar vegna þess að sú virðismatsaðferð tekur sérstaklega tillit til framlags viðbótareigna og tengdra skulda í flokknum þar sem þessi óefnislega eign yrði notuð,

e) þegar eining notar eign innan flokks eigna í takmarkaðri aðstæðum gæti einingin metið eignina á fjárhæð sem er í kringum gangvirði hennar við úthlutun gangvirðis eignaflokksins á einstakar eignir innan flokksins. Sú gæti verið raunin ef matið felur í sér að raunverulegum fasteignum og gangvirði endurbættrar fasteignar (þ.e. eignaflokks) er úthlutað til hluta eigna hennar (líkt og land og endurbætur á landi).

GANGVIRÐI VIÐ UPPHAFSFÆRSLU (57.–60. LIÐUR)

B4 Einingin skal taka tillit til þátta sem eiga sérstaklega við um viðskiptin og eignina eða skuldina þegar hún ákvarðar hvort gangvirði upphafsfærslu jafnist á við verðið í viðskiptunum. Sem dæmi gæti verðið í viðskiptunum ekki talist gefa rétta mynd af gangvirði eignar eða skuldar við upphafsfærslu ef ein af eftirfarandi aðstæðum er til staðar:

a) viðskiptin fara fram á milli tengdra aðila, þó að nota megi verðið í viðskiptum tengdra aðila sem ílag við gangvirðismat ef einingin færir sönnur á að viðskiptin hafi verið gerð á markaðsforsendum,

b) viðskiptin fara fram með þvingunum eða seljandinn er knúinn til að samþykkja viðskiptaverðið. Sú gæti til dæmis verið raunin ef seljandinn á við fjárhagserfiðleika að stríða,

c) reiknieiningin sem verðið í viðskiptunum stendur fyrir er önnur en reiknieiningin sem eignin eða skuldin var metin með á gangvirði. Sú gæti til dæmis verið raunin ef eignin eða skuldin, sem metin var á gangvirði, er aðeins einn þáttur viðskiptanna (t.d. við sameiningu fyrirtækja), viðskiptin fela í sér ótilgreind réttindi og forréttindi sem metin eru sérstaklega í samræmi við annan IFRS-staðal eða ef verðið í viðskiptunum felur í sér viðskiptakostnað,

d) markaðurinn þar sem viðskiptin fara fram er ekki sá sami og helsti markaðurinn (eða hagstæðasti markaðurinn). Til dæmis gætu þessir markaðir verið frábrugðnir ef einingin er söluaðili sem gengur til viðskipta við viðskiptavini á smásölumarkaði, en helsti (eða hagstæðasti) markaðurinn fyrir lokaviðskipti er við aðra söluaðila á samningsmarkaði.

VIRÐISMATSAÐFERÐIR (61.–66. LIÐUR)

Markaðsaðferð

B5 Markaðsaðferðin notar verð og aðrar viðkomandi upplýsingar sem orðið hafa til í markaðsviðskiptum með eins eða sambærilegar (þ.e. svipaðar) eignir, skuldir eða flokk eigna og skulda, s.s. fyrirtæki.

B6 Virðismatsaðferðir sem eru í samræmi við markaðsaðferðina nota oft margfeldisstuðla sem eru fengnir úr mengi samanburðargilda. Margfeldisstuðlar kunna að vera á svipuðu bili með mismunandi stuðul fyrir hvert samanburðargildi. Val á viðeigandi margfeldisstuðli innan bilsins krefst mats sem tekur tillit til eigindlegra og megindlegra þátta sem eiga sérstaklega við um matið.

B7 Matsaðferðir sem eru samræmanlegar markaðsaðferðinni innihalda fylkjaverðlagningu, Fylkjaverðlagning er stærðfræðileg aðferð sem er fyrst og fremst notuð til að meta ákveðnar tegundir af fjármálagerningum, t.d. skuldabréf, án þess að treysta eingöngu á skráð verð fyrir tilteknu verðbréfin, heldur treysta frekar á tengsl þeirra við önnur skráð verðbréf sem höfð eru til viðmiðunar.

Kostnaðaraðferð

B8 Kostnaðaraðferð endurspeglar fjárhæðina sem krafist yrði á hverjum tíma til að koma í stað þjónustugetu eignar (oft getið um sem núgildandi endurnýjunarkostnaður).

B9 Frá sjónarhóli seljanda sem er markaðsaðili byggist verðið sem fengist fyrir eign á kostnaði kaupanda sem er markaðsaðili við að afla eða búa til staðgengilseign til sambærilegra nota, leiðrétta fyrir úreldingu. Þetta er af þeim sökum að kaupandi sem er aðili að markaði myndi ekki greiða meira fyrir eign en fjárhæðina sem kosta myndi að endurnýja þjónustugetu viðkomandi eignar. Úrelding nær yfir niðurníðslu, hagnýta (tæknilega) og efnahagslega (ytri) úreldingu og er víðari en afskriftir í reikningsskilalegu tilliti (ráðstöfun á upphaflegu kostnaðarverði) eða skattalegu tilliti (með því að nota tilgreindan endingartíma). Í mörgum tilfellum er aðferð núgildandi endurnýjunarkostnaðar notuð til að meta gangvirði efnislegra eigna sem notaðar eru ásamt öðrum eignum eða með öðrum eignum og skuldum.

Tekjuaðferð

B10 Tekjuaðferð breytir framtíðarfjárhæðum (t.d. sjóðstreymi eða tekjum og útgjöldum) í eina (afvaxtaða) fjárhæð. Þegar tekjuaðferðin er notuð endurspeglar gangvirðismatið fyrirliggjandi væntingar markaðarins um þessar framtíðarfjárhæðir.

B11 Meðal slíkra virðismatsaðferða eru til dæmis eftirfarandi:

a) núvirðisaðferðir (sjá liði B12–B30),

b) verðlagningarlíkön fyrir valrétt, t.d. Black-Scholes-Merton formúlan eða tvíliða líkanið (þ.e. grindalíkanið (e. *lattice model*)), sem fella inn núvirðisaðferðir og endurspegla bæði tímavirði og innra virði valréttar og

c) aðferð umframhagnaðar yfir mörg tímabil, sem er notuð við mat á gangvirði einhverra óefnislegra eigna.

Núvirðisaðferðir

B12 Í liðum B13–B30 er notkun núvirðisaðferða við mat á gangvirði lýst. Liðir þessir beina sjónum að leiðréttingaraðferðum fyrir afvöxtunarstuðul og *vænt sjóðstreymi* (vænt núvirði). Liðir þessir lýsa hvorki notkun einstakrar, tiltekinnar núvirðisaðferðar né takmarka þeir notkun núvirðisaðferðar til að meta gangvirði við umræddar aðferðir. Núvirðisaðferðin, sem notuð er til að meta gangvirði, mun reiða sig á málsatvik og aðstæður sem eiga sérstaklega við um eignina eða skuldina sem metin er (t.d. hvort hægt sé að sannreyna verð á sambærilegum eignum eða skuldum á markaðnum) og tiltækileika fullnægjandi gagna.

Hlutar núvirðismats

B13 Núvirði (þ.e. beiting tekjuaðferðar) er verkfæri sem notað er til að tengja framtíðarfjárhæðir (t.d. sjóðstreymi eða virði) við fjárhæð á núvirði með því að nota afvöxtunarstuðul. Gangvirðismat eignar eða skuldar sem notar núvirðisaðferð nær yfir alla eftirfarandi þætti frá sjónarhóli markaðsaðila á matsdegi:

a) mat á framtíðarsjóðstreymi þeirrar eignar eða skuldar sem metin er,

b) væntingar um hugsanlegar breytingar á fjárhæð og tímasetningu sjóðstreymis sem stendur fyrir innbyggða óvissu sjóðstreymis,

c) tímavirði fjármuna, sett fram sem vextir af áhættulausum peningalegum eignum er hafa gjalddaga eða tímalengd sem samsvarar tímabilinu sem sjóðstreymið nær yfir og veldur eigandanum hvorki óvissu í tímasetningu né hættu á vanskilum (þ.e. áhættulausir vextir),

d) verðið fyrir að taka á sig innbyggða óvissu í sjóðstreymi (þ.e. *áhættuþóknun*),

e) aðrir þættir sem markaðsaðilar myndu taka tillit til við þessar aðstæður,

f) að því er skuld varðar, hætta á vanefndum sem varðar skuld þessa, þ.m.t. eigin útlánaáhætta einingarinnar (þ.e. loforðsgjafans).

Almennar meginreglur

B14 Núvirðisaðferðir ná með mismunandi hætti yfir þættina í lið B13. Allar almennu meginreglurnar hér á eftir stjórna þó beitingu núvirðisaðferða sem notaðar eru til að meta gangvirði:

a) sjóðstreymi og afvöxtunarstuðlar skulu endurspegla forsendur sem markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu á eigninni eða skuldinni,

b) sjóðstreymi og afvöxtunarstuðlar skulu aðeins taka tillit til þátta sem rekja má til eignarinnar eða skuldarinnar sem metin er,

c) afvöxtunarstuðlar skulu endurspegla forsendur sem samsvara þeim sem eru innbyggðar í sjóðstreymi til að koma í veg fyrir tvítalningu eða því að sleppa áhrifum áhættuþátta. Sem dæmi er afvöxtunarstuðull, sem endurspeglar óvissu í væntingum um framtíðarvanskil, viðeigandi ef samningsbundið sjóðstreymi láns er notað (þ.e. leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðuls). Ef vænt (þ.e. líkindavegið) sjóðstreymi (þ.e. vænt núvirðisaðferð) er notað skal ekki nota þennan sama stuðul vegna þess að vænt sjóðstreymi endurspeglar þegar forsendur um óvissuna í framtíðarvanskilum, þess í stað skal nota afvöxtunarstuðul sem samrýmist innbyggðri áhættu í væntu sjóðstreymi,

d) forsendur um sjóðstreymi og afvöxtunarstuðla skulu vera samræmdar innbyrðis. Til dæmis skal nafnvirði sjóðstreymis, þar sem tekið er tillit til áhrifa verðbólgu, vera afvaxtað með stuðli sem felur í sér áhrif verðbólgu. Í áhættulausum nafnvöxtum eru áhrif af verðbólgu tekin með. Raunverulegt sjóðstreymi, sem undanskilur áhrif verðbólgu, skal vera afvaxtað með stuðli sem undanskilur áhrif verðbólgu. Á sama hátt skal sjóðstreymi eftir skatta vera afvaxtað með því að nota afvöxtunarstuðul eftir skatta. Sjóðstreymi fyrir skatta skal vera afvaxtað með stuðli sem er í samræmi við sjóðstreymi þetta,

e) afvöxtunarstuðlar skulu vera í samræmi við undirliggjandi efnahagslega þætti gjaldmiðilsins, sem sjóðstreymið er tilgreint í.

Áhætta og óvissa

B15 Gangvirðismat sem notar núvirðisaðferðir er framkvæmt undir óvissum kringumstæðum vegna þess að notaða sjóðstreymið er áætlað en byggist ekki á þekktum fjárhæðum. Í mörgum tilfellum ríkir óvissa um bæði fjárhæð og tímasetningu sjóðstreymisins. Jafnvel ríkir óvissa um fastar, samningsbundnar fjárhæðir, eins og greiðslur af lánum, ef hætta er á vanskilum.

B16 Markaðsaðilar fara gjarnan fram á umbun (þ.e. áhættuþóknun) fyrir að taka á sig innbyggða óvissu í sjóðstreymi eignar eða skuldar. Í gangvirðismati skal felast áhættuþóknun sem endurspeglar fjárhæð umbunarinnar sem markaðsaðilar myndu krefjast fyrir innbyggðu óvissuna í sjóðstreyminu. Matið myndi annars ekki gefa áreiðanlega mynd af gangvirði. Í sumum tilfellum gæti reynst erfitt að ákvarða viðeigandi áhættuþóknun. Erfiðleikastigið eitt og sér er þó ekki nægjanleg ástæða til að undanskilja áhættuþóknun.

B17 Núvirðisaðferðir eru mismunandi eftir því hvernig þær leiðrétta fyrir áhættu og hvaða tegund sjóðstreymis þær nota. Dæmi:

a) í leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins (sjá liði B18–B22) er notaður afvöxtunarstuðull sem er leiðréttur fyrir áhættu og samningsbundnu, lofuðu eða líklegasta sjóðstreymi,

b) í aðferð 1 í væntri núvirðisaðferð (sjá lið B25) er vænt sjóðstreymi að teknu tilliti til áhættu og áhættulausir vextir notaðir,

c) í aðferð 2 í væntri núvirðisaðferð (sjá lið B26) er vænt sjóðstreymi án þess að tekið sé tillit til áhættu notað og afvöxtunarstuðull sem er leiðréttur til að fela í sér áhættuþóknun sem markaðsaðilar fara fram á. Sá stuðull er frábrugðinn þeim sem notaður er í leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins.

Leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins

B18 Í leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins er notað sameiginlegt sjóðstreymi frá mörgum mögulegum áætluðum fjárhæðum, hvort sem er samningsbundið eða lofað sjóðstreymi (eins og í tilfelli skuldabréfa), eða það líklegasta. Í öllum tilfellum eru sjóðstreymi þessi skilyrt við að tilgreindir atburðir eigi sér stað (t.d. samningsbundið eða lofað sjóðstreymi fyrir skuldabréf er skilyrt við að skuldarinn sé ekki í vanskilum). Afvöxtunarstuðullinn sem notaður er í leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins er fenginn frá sannreynanlegri arðsemi sambærilegra eigna eða skulda sem verslað er með á markaðnum. Til samræmis við það er samningsbundið, lofað eða líklegasta sjóðstreymið afvaxtað með sannreynanlegu eða áætluðu markaðsgengi fyrir skilyrt sjóðstreymi af þeim toga (þ.e. markaðsvextir).

B19 Leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðuls krefst greiningar á markaðsgögnum fyrir sambærilegar eignir eða skuldir. Samanburðarhæfi skal komið á fót að teknu tilliti til eðlis sjóðstreymis (t.d. hvort sjóðstreymið sé samningsbundið eða ekki og hvort líklegt sé að það gæti veitt svipaða svörun við breytingum á efnahagsaðstæðum) sem og annarra þátta (t.d. lánsfjárstöðu, trygginga, tímalengdar, takmarkandi ákvæða og lausafjárstöðu). Að öðrum kosti kann að vera mögulegt að fá fram afvöxtunarstuðul ef ein sambærileg eign eða skuld endurspeglar ekki með sanngjörnum hætti innbyggða áhættu í sjóðstreymi eignarinnar eða skuldarinnar sem metin er með því að nota gögn um nokkrar sambærilegar eignir eða skuldir í tengslum við áhættulausan ávöxtunarferil (þ.e. nota „uppsöfnunaraðferð“).

B20 Uppsöfnunaraðferðinni er lýst þannig að gefið sé að eign A hafi samningsbundinn rétt til að taka við 800 GE ([57]) á einu ári (þ.e.a.s. engin óvissa er með tímalengdina). Markaði hefur verið komið á fót fyrir sambærilegar eignir og upplýsingar um þær eignir, þ.m.t. verðupplýsingar, eru tiltækar. Af þessum sambærilegu eignum:

a) eign B hefur samningsbundinn rétt til að hljóta 1200 GE á einu ári og er markaðsverð hennar 1083 GE. Arðsemi á ársgrundvelli (þ.e. markaðsvextir á einu ári) er því 10,8% [(1200 GE/1083 GE) – 1],

b) eign C hefur samningsbundinn rétt til að hljóta 700 GE á tveimur árum og markaðsverð hennar er 566 GE. Arðsemi á ársgrundvelli (þ.e. markaðsvextir á tveimur árum) er því 11,2% [(700 GE/566GE)^0,5 – 1],

c) allar þrjár eignirnar eru sambærilegar að því er varðar áhættu (þ.e. dreifing hugsanlegrar arðsemi og lánsáhættu).

B21 Á grundvelli tímastillingar samningsbundinna greiðslna sem tekið er við fyrir eign A í réttu hlutfalli við tímastillingar eigna B og C (þ.e. eitt ár hjá eign B gagnvart tveimur árum hjá eign C) er álitið að eign B sé sambærilegri við eign A. Með því að nota samningsbundna greiðslu, sem tekið er við fyrir eign A (GE 800), og eins árs markaðsvexti, sem hlytust frá eign B (10,8%), er gangvirði eignar A 722 GE (800 GE/1108). Að öðrum kosti geta eins árs markaðsvextir fengist af eign C með því að nota uppsöfnunaraðferðina, ef tiltækar markaðsupplýsingar fyrir eign B eru ekki til staðar. Í því tilfelli yrðu tveggja ára markaðsvextirnir, sem eign C vísar til (11,2%), leiðréttir til eins árs markaðsvaxta með því að nota skilmálagerð áhættulauss ávöxtunarferlis. Viðbótarupplýsinga og greininga gæti verið krafist til að ákvarða hvort sama áhættuþóknun sé fyrir eins og tveggja ára eignir. Leiðrétta yrði tveggja ára markaðsvextina enn frekar ef tekin er ákvörðun um að sama áhættuþóknunin gildi ekki fyrir eins og tveggja ára eignir.

B22 Leiðréttingin fyrir innbyggða áhættu í sjóðstreymi metinnar eignar eða skuldar er innifalin í afvöxtunarstuðlinum þegar leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins er beitt á fastar afborganir eða greiðslur. Stöku sinnum, þegar leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins á sjóðstreymi er ekki beitt á fastar greiðslur eða greiðslur, getur verið nauðsynlegt að leiðrétta sjóðstreymið til að ná samanburðarhæfi við sannreynanlegu eignina eða skuldina, þaðan sem afvöxtunarstuðullinn er fenginn.

([57]) Í þessum IFRS-staðli eru fjárhæðir tilgreindar í „gjaldmiðilseiningum (GE)“.

Aðferð vænts núvirðis

B23 Aðferð vænts núvirðis setur upphafspunktinn við flokk sjóðstreymis, sem stendur fyrir líkindavegið meðaltal á allt hugsanlegt framtíðarsjóðstreymi (þ.e. vænt sjóðstreymi). Mat sem byggt er á þessu er það sama og vænt virði, sem, í tölfræðilegum skilningi, er vegið meðaltal af hugsanlegu virði einstakrar, handahófskenndrar breytu vegið með viðkomandi líkum. Vegna þess að allt hugsanlegt sjóðstreymi er líkindavegið er vænt sjóðstreymi sem af þessu hlýst ekki skilyrt við að tilgreindir atburðir eigi sér stað (ólíkt sjóðstreyminu sem notað er í leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðulsins).

B24 Við fjárfestingarákvörðun, sem áhættutregir markaðsaðilar myndu taka tillit til, er sú áhætta til staðar að eiginlegt sjóðstreymi sé annað en vænt sjóðstreymi. Safnakenningin greinir á milli tveggja tegunda af áhættu:

a) ókerfisbundinnar (fjölþættanlegrar) áhættu, sem er áhætta sem er sérstök fyrir ákveðna eign eða skuld,

b) kerfisbundinnar (ekki fjölþættanlegrar) áhættu sem er sameiginleg áhætta sem eign eða skuld deilir með öðrum þáttum í dreifðu safni.

Safnakenningin heldur því fram að á markaði í jafnvægi muni markaðsaðilar aðeins fá bætur fyrir að bera kerfisbundna áhættu sem er innbyggð í sjóðstreymið. (Á mörkuðum sem eru óskilvirkir eða í ójafnvægi gætu annars konar tegundir arðsemi eða umbunar verið tiltækar).

B25 Aðferð 1 í væntri núvirðisaðferð leiðréttir vænt sjóðstreymi eignar vegna kerfisbundinnar (þ.e. markaðs-) áhættu með því að draga frá áhættuþóknun handbærs fjár (þ.e. vænt sjóðstreymi að teknu tilliti til áhættu). Vænt sjóðstreymi þetta, að teknu tilliti til áhættu, stendur fyrir vissugildi sjóðstreymis, sem er afvaxtað með áhættulausum vöxtum. Vissugildi fyrir sjóðstreymi vísar til vænts sjóðstreymis (eins og það er skilgreint) sem hefur verið leiðrétt fyrir áhættu svo að markaðsaðili sé áhugalaus um að eiga viðskipti með tiltekið sjóðstreymi fyrir vænt sjóðstreymi. Til dæmis er 1000 GE vissugildi 1200 GE ef markaðsaðili var tilbúinn til viðskipta með vænt sjóðstreymi 1200 GE fyrir tiltekið sjóðstreymi 1000 GE (þ.e. 200 GE stæði fyrir áhættuþóknun handbærs fjár). Í því tilfelli væri markaðsaðilinn áhugalaus um eignina sem haldið er.

B26 Andstætt því leiðréttir aðferð 2 í væntri núvirðisaðferð kerfisbundna (þ.e. markaðs-) áhættu með því að beita áhættuþóknun á áhættulausa vexti. Vænt sjóðstreymi er afvaxtað til samræmis við það með vöxtum sem samsvara væntum vöxtum er tengjast líkindavegnu sjóðstreymi (þ.e. væntri ávöxtun). Líkön sem notuð eru til verðlagningar á áhættufjármunum, t.d. líkan um verðlagningu eigna, má nota til að áætla vænta arðsemi. Þar eð afvöxtunarhlutfallið sem notað er í leiðréttingaraðferð afvöxtunarstuðuls er arðsemi sem tengist skilyrtu sjóðstreymi og er líklega hærra en afvöxtunarhlutfallið í aðferð 2 í væntri núvirðisaðferð, sem er vænt arðsemi sem tengist væntu eða líkindavegnu sjóðstreymi.

B27 Til að lýsa aðferðum 1 og 2 má gera ráð fyrir að vænt sjóðstreymi eignar fyrir eitt ár sé 780 GE, ákvarðað á grundvelli hugsanlegs sjóðstreymis og líkum sem sýndar eru hér að neðan. Gildandi áhættulausir vextir á sjóðstreymi yfir eins árs tímabil nema 5% og kerfisbundin áhættuþóknun eignar með sömu áhættulýsingu nemur 3%.

Hugsanlegt sjóðstreymi	Líkindi	Líkindavegið sjóðstreymi
CU500	15%	CU75
CU800	60%	CU480
CU900	25%	CU225
Vænt sjóðstreymi		CU780

B28 Í þessari einföldu lýsingu táknar vænt sjóðstreymi (780 GE) líkindavegið meðaltal þriggja hugsanlegra niðurstaðna. Í raunhæfari aðstæðum gætu verið margar hugsanlegar niðurstöður. Til að beita væntri núvirðisaðferð er þó ekki alltaf nauðsynlegt að taka tillit til dreifingar á öllu hugsanlegu sjóðstreymi með því að nota flókin líkön og aðferðir. Mögulegt gæti verið að þróa frekar takmarkaðan fjölda af einstökum aðstæðum og líkindum sem ná yfir flokk hugsanlegs sjóðstreymis. Til dæmis gæti eining notað innleyst sjóðstreymi fyrir viðeigandi liðið tímabil, leiðrétt fyrir breytingum á aðstæðum sem síðar áttu sér stað (t.d. breytingar á ytri þáttum, þ.m.t. efnahagslegum- eða markaðsaðstæðum, atvinnuþróun og samkeppni sem og breytingum á innri þáttum sem hafa áhrif á einingunа með sértækari hætti), með tilliti til forsendna markaðsaðila.

B29 Fræðilega séð er núvirði (þ.e. gangvirði) sjóðstreymis eignarinnar það sama hvort sem það er ákvarðað með því að nota aðferð 1 eða aðferð 2, eins og hér segir:

a) með því að nota aðferð 1 er vænt sjóðstreymi leiðrétt fyrir kerfisbundna (þ.e. markaðs-) áhættu. Án markaðsgagna sem gefa beinlínis upplýsingar um hversu mikil áhættuleiðrétting hafi farið fram getur slík leiðrétting verið fengin frá verðlagningarlíkani eignar með því að nota hugtakið vissugildi. Til dæmis má ákvarða áhættuleiðréttinguna (þ.e. 22 GE áhættuþóknun handbærs fjár) með því að nota 3% kerfisbundna áhættuþóknun (780 GE – [780 GE × (1,05/1,08)]) sem leiðir til vænts sjóðstreymis 758 GE að teknu tilliti til áhættu (780 GE – 22 GE). Stuðullinn 758 GE er vissugildið fyrir 780 GE og er afvaxtaður með áhættulausum vöxtum (5%). Núvirði (þ.e. gangvirði) eignar er 722 GE (758 GE/1,05),

b) með því að nota aðferð 2 er vænt sjóðstreymi ekki leiðrétt fyrir kerfisbundna (þ.e. markaðs-) áhættu. Leiðréttingin fyrir þá áhættu er fremur innifalin í afvöxtunarstuðlinum. Vænt sjóðstreymi er því afvaxtað með 8% væntri ávöxtun (þ.e. 5% áhættulausir vextir auk 3% kerfisbundinnar áhættuþóknunar). Núvirði (þ.e. gangvirði) eignarinnar er 722 GE (780 GE/1,08).

B30 Annaðhvort má nota aðferð 1 eða aðferð 2 þegar vænt núvirðisaðferð er notuð til að meta gangvirði. Valið á aðferð 1 eða aðferð 2 mun byggjast á málsatvikum og aðstæðum, sem eru sérstakar fyrir metna eign eða skuld, að því marki sem fullnægjandi gögn eru tiltæk og dómgreind er beitt.

BEITING NÚVIRÐISAÐFERÐA Á SKULDIR OG EIGIN EIGINFJÁRGERNINGA EININGARINNAR SEM ANNAR AÐILI HELDUR EKKI SEM EIGNUM (40. OG 41. LIÐUR)

B31 Þegar einingin notar núvirðisaðferð til að meta gangvirði skuldar sem annar aðili heldur ekki sem eign (t.d. skuldbinding vegna starfsemi sem leggja skal niður) skal eining meðal annars áætla framtíðarútstreymi handbærs fjár sem markaðsaðilar myndu vænta að stofnað yrði til við uppfyllingu skuldbindingarinnar. Þetta framtíðarútstreymi handbærs fjár skal fela í sér væntingar markaðsaðila varðandi kostnað við að uppfylla skuldbindinguna og jöfnunargreiðsluna sem markaðsaðili myndi krefjast fyrir að taka skuldbindinguna á sig. Innan slíkra jöfnunargreiðslna telst arður sem markaðsaðili myndi krefjast vegna eftirfarandi:

a) að takast á hendur starfsemi (þ.e. verðmæti þess að uppfylla skuldbindinguna, t.d. með því að notast við fjármagn sem gæti verið notað í aðra starfsemi) og

b) að taka á sig áhættu sem tengist skuldbindingunni (þ.e. áhættuþóknun sem endurspeglar áhættuna um að eiginlegt útstreymi handbærs fjár gæti verið frábrugðið væntu útstreymi handbærs fjár, sjá lið B33).

B32 Til dæmis felur skuld sem er ekki fjárskuld ekki í sér samningsbundna ávöxtun og það er engin sannreynanleg markaðsávöxtun fyrir hendi fyrir þá skuld. Í sumum tilfellum myndu efnisþættir í hagnaði sem markaðsaðilar myndu krefjast verða óaðgreinanlegir hver frá öðrum (t.d. þegar verð er notað sem undirverktaki myndi innheimta á grundvelli fasts gjalds). Í öðrum tilfellum þarf eining að meta þessa efnisþætti með aðskildum hætti (t.d. þegar verð er notað sem undirverktaki myndi innheimta á grundvelli álagningar vegna þess að í því tilfelli myndi verktakinn ekki taka á sig áhættuna af síðari tíma breytingum á kostnaði).

B33 Eining getur tekið áhættuþóknun með í gangvirðismati skuldar eða eigin eiginfjárgernings einingarinnar sem annar aðili heldur sem eign með einum af eftirfarandi hætti:

a) með því að leiðrétta sjóðstreymið (þ.e. sem aukningu í fjárhæð útstreymis handbærs fjár) eða

b) með því að leiðrétta stuðulinn sem notaður er við afvöxtun framtíðarsjóðstreymis til núvirðis þess (þ.e. sem lækkun á afvöxtunarstuðlinum).

Eining skal tryggja að hún tvítelji hvorki né sleppi áhættuleiðréttingum. Sem dæmi skal ekki leiðrétta afvöxtunarstuðulinn til að endurspegla þá áhættu, ef vænt sjóðstreymi er aukið svo að tekið sé tillit til umbunar fyrir að taka á sig áhættu sem tengist skuldbindingunni.

ÍLAG Í VIRÐISMATSAÐFERÐUM (67.–71. LIÐUR)

B34 Nefna má eftirfarandi sem dæmi um markaði þar sem ílag gæti verið sannreynanlegt fyrir sumar eignir og skuldir (t.d. fjármálagerninga):

a) *Verðbréfamarkaðir*. Á verðbréfamarkaði er lokaverð bæði auðveldlega tiltækt og almennt góður mælikvarði á gangvirði. Kauphöllin í Lundúnum (e. *London Stock Exchange*) er dæmi um slíkan markað.

b) *Samningsmarkaðir*. Á samningsmarkaði eru söluaðilar tilbúnir til viðskipta (annaðhvort kaupa eða selja fyrir eigin reikning) og veita þannig seljanleika með því að nota eigið fjármagn til að halda birgðir af þeim hlutum sem þeir skapa markað fyrir. Jafnan er auðveldara að fá upplýsingar um kaup- og sölutilboðsverð (sem standa fyrir verðið sem söluaðilinn vill kaupa á og verðið sem söluaðilinn vill selja á, eftir því sem við á) en lokaverð. Opnir tilboðsmarkaðir (þar sem verð eru opinberlega birt) eru samningsmarkaðir. Samningsmarkaðir eru einnig til fyrir aðrar eignir og skuldir, þ.m.t. einhverja fjármálagerninga, hrávörur og efnislegar eignir (t.d. notaðan tækjabúnað).

c) *Miðlaramarkaðir*. Á miðlaramörkuðum reyna miðlarar að koma saman kaupendum og seljendum en geta ekki stundað viðskipti fyrir eigin reikning. Með öðrum orðum, miðlarar nota ekki eigið fjármagn til að halda birgðir þeirra hluta sem þeir skapa markað fyrir. Miðlarinn veit verðin sem viðkomandi aðilar bjóða og óska eftir en hvor aðilinn veit jafnan ekki um verðkröfur hins aðilans. Verð frágenginna viðskipta eru stundum tiltæk. Meðal miðlaramarkaða teljast rafræn samskiptanet, þar sem kaup- og sölupantanir eru paraðar saman, og markaðir með atvinnu- og íbúðarhúsnæði.

d) *Eigendamarkaðir*. Á eigendamörkuðum er samið um viðskipti, bæði upprunaleg og endursölur, með sjálfstæðum hætti, án miðlara. Oftast liggja litlar upplýsingar fyrir um þessi viðskipti opinberlega.

STIGSKIPT FLOKKUN GANGVIRÐIS (72.-90. LIÐUR)

Ílag á 2. stigi (81.–85. liður)

B35 Dæmi um 2. stigs ílag fyrir tilteknar eignir og skuldir eru eftirfarandi:

a) *Vaxtaskiptasamningur, þar sem fengnir eru fastir vextir en greiddir breytilegir vextir, sem byggist á LIBOR-vöxtum á vaxtaskiptasamningum.* Ílag á 2. stigi myndi vera LIBOR-vextir á vaxtaskiptasamningum ef þeir vextir væru sannreynanlegir á tímabilum sem þeir eru almennt tilgreindir fyrir lengst af gildistíma skiptasamningsins.

b) *Vaxtaskiptasamningur, þar sem fengnir eru fastir vextir en greiddir breytilegir vextir, sem byggist á ávöxtunarferli sem tilgreint er í erlendum gjaldmiðli.* Ílag á 2. stigi myndi vera vextir á vaxtaskiptasamningi sem byggist á ávöxtunarferli sem tilgreint er í erlendum gjaldmiðli sem er sannreynanlegt á tímabilum sem þeir eru almennt tilgreindir fyrir lengst af gildistíma skiptasamningsins. Sú yrði raunin við ef gildistími skiptasamningsins væri 10 ár og þeir vextir væru sannreynanlegir á tímabilum sem þeir eru almennt tilgreindir fyrir í níu ár, að því tilskildu að viðeigandi framreikningur á ávöxtunarferlinu fyrir tíunda árið hefði ekki umtalsverð áhrif á gangvirðismat skiptasamningsins í heild sinni.

c) *Vaxtaskiptasamningar, þar sem fengnir eru fastir vextir en greiddir breytilegir vextir, sem byggjast á sértækum kjörvöxtum banka.* Ílag á 2. stigi væru kjörvextir banka sem fengjust í gegnum framreikning ef framreiknuðu verðgildin eru studd af sannreynanlegum markaðsgögnum, til dæmis með samsvörun við vexti sem eru sannreynanlegir allan gildistíma skiptasamningsins.

d) *Þriggja ára valréttur á hlutabréfum sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði.* Ílag á 2. stigi væri afleitt flökt á hlutabréfum sem fengist hefðu við framreikning til þriðja árs, ef bæði eftirfarandi skilyrði væru til staðar:

i) verð á valrétti á hlutabréfum til eins og tveggja ára eru sannreynanleg,

ii) framreiknaða afleidda flöktið á þriggja ára valrétti er stutt af sannreynanlegum markaðsgögnum lengst af valréttartímanum.

Í því tilfelli gæti afleidda flöktið fengist með því að framreikna afleitt flökt eins og tveggja ára valrétta á hlutabréfunum og verið stutt af afleiddu flökti valréttar til þriggja ára á hlutabréfum sambærilegrar einingar, að því tilskildu að samsvörun við eins og tveggja ára afleidda flöktið hafi verið komið á.

e) *Fyrirkomulag leyfisveitingar.* Við fyrirkomulag leyfisveitingar sem fengið er með sameiningu fyrirtækja og einingin sem tekin er yfir (þ.e. aðilinn að fyrirkomulagi leyfisveitingarinnar) hafði nýlega samið um við ótengdan aðila, yrði 2. stigs ílag rétthafagreiðslan í samningnum við ótengda aðilann við upphaf fyrirkomulagsins.

f) *Birgðir fullunninna vara á smásölustað.* Fyrir birgðir fullunninna vara, sem eru teknar yfir við sameiningu fyrirtækja, yrði 2. stigs ílag annaðhvort verð til neytenda á smásölumarkaði eða verð til smásala á heildsölumarkaði með leiðréttingum vegna mismunar á ástandi og staðsetningu lagervöru og sambærilegra (þ.e. svipaðra) lagervara svo að gangvirðismatið endurspegli verðið sem fást myndi í viðskiptum sem fælu í sér að selja birgðirnar til annars smásala sem ljúka myndi nauðsynlegri söluviðleitni. Fræðilega verður gangvirðismat hið sama, hvort sem leiðréttingar eru gerðar á smásöluverði (niður á við) eða á heildsöluverði (upp á við). Almennt ber að nota verðið sem útheimtir fæstar huglægar leiðréttingar við gangvirðismatið.

g) *Bygging sem er haldið og notuð.* Ílag á 2. stigi væri verðið á hvern fermetra í byggingunni (margfeldisstuðull mats) sem fengist úr sannreynanlegum markaðsgögnum, t.d. margfeldisstuðull sem fengist frá verðum í sannreynanlegum viðskiptum með sambærilegar (þ.e. svipaðar) byggingar á svipuðum slóðum.

h) *Fjárskapandi eining.* Ílag á 2. stigi myndi vera margfeldisstuðull mats (t.d. margfeldisstuðull hagnaðar eða tekjuliða eða svipaðra frammistöðumælinga) sem fengist frá sannreynanlegum markaðsgögnum, t.d. margfeldisstuðull sem fengist frá verðum í sannreynanlegum viðskiptum sem hafa með sambærileg (þ.e. svipuð) fyrirtæki að gera, með tilliti til þátta sem varða starfrækslu, markaðsmál, fjármál og þætti sem ekki tengjast fjármálum.

Ílag á 3. stigi (86.–90. liður)

B36 Dæmi um 3. stigs ílag fyrir tilteknar eignir og skuldir eru eftirfarandi:

a) *Gjaldmiðlaskiptasamningur til langs tíma.* Ílag á 3. stigi væru vextir í tilgreindum gjaldmiðli sem eru ekki sannreynanlegir og ekki er hægt að styðja með sannreynanlegum markaðsgögnum á tímabilum sem þeir eru almennt tilgreindir fyrir eða með öðrum hætti lengst af samningstíma gjaldmiðlaskiptasamningsins. Vextir í gjaldmiðlaskiptasamningi eru vextir á skiptasamningum sem reiknaðir eru frá ávöxtunarferli viðkomandi lands.

b) *Þriggja ára valréttur á hlutabréfum sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði.* Ílag á 3. stigi myndi vera fyrra flökt, þ.e. flökt á hlutabréfum sem kom til af fyrri verðum hlutabréfanna. Fyrra flökt stendur jafnan ekki fyrir væntingar núverandi markaðsaðila um framtíðarflökt, jafnvel þó það séu einu upplýsingarnar sem tiltækar eru til að verðleggja valrétt.

c) *Vaxtaskiptasamningur.* Ílag á 3. stigi væri leiðrétting á almennt samþykktu miðmarkaðsverði (ekki bindandi) fyrir skiptasamning sem sett er saman með því að nota gögn sem eru ósannreynanleg með beinum hætti og ekki eru með öðrum hætti studd sannreynanlegum markaðsgögnum.

d) *Skuldbinding vegna starfsemi sem leggja skal niður yfirtekin við sameiningu fyrirtækja*. Ílag á 3. stigi myndi vera fyrirliggjandi mat sem notar eigin gögn einingarinnar um framtíðarútstreymi handbærs fjár sem greitt verður til að uppfylla skuldbindinguna (þ.m.t. væntingar markaðsaðila um kostnað við að uppfylla skuldbindinguna og umbunin sem markaðsaðili myndi krefjast fyrir að taka á sig skuldbindinguna um að skipta eigninni upp) ef upplýsingar, sem tiltækar eru með góðu móti, gefa ekki til kynna að markaðsaðilar myndu nota ólíkar forsendur. Þetta 3. stigs ílag yrði notað við núvirðisaðferð ásamt öðrum ílögum, t.d. fyrirliggjandi áhættulausum vöxtum eða lánaleiðréttum áhættulausum vöxtum ef áhrif lánsfjárstöðu einingarinnar á gangvirði skuldarinnar endurspeglast í afvöxtunarstuðlinum frekar en mati á framtíðarútstreymi handbærs fjár.

e) *Fjárskapandi eining.* Ílag á 3. stigi yrði fjárhagsspá (t.d. um sjóðstreymi eða rekstrarreikning) sem þróuð er með því að nota eigin gögn einingarinnar ef engar upplýsingar, sem tiltækar eru með góðu móti, gefa vísbendingar um að markaðsaðilar myndu nota ólíkar forsendur.

MAT Á GANGVIRÐI ÞEGAR UMFANG EÐA STIG VIÐSKIPTA MEÐ EIGN EÐA SKULD HEFUR UMTALSVERT DREGIST SAMAN

B37 Umtalsverð minnkun á umfangi eða stigi viðskipta með eign eða skuld í tengslum við hefðbundna markaðsstarfsemi með eignina eða skuldina (eða svipaðar eignir eða skuldir) getur haft áhrif á gangvirði eignar eða skuldar. Til að ákvarða, á grundvelli tiltækra upplýsinga, hvort umtalsverður samdráttur hafi orðið í umfangi eða stigi viðskipta með eignina eða skuldina skal eining meta mikilvægi og gildi þátta, s.s. eftirfarandi:

a) lítið hefur verið um nýleg viðskipti,

b) verðskrá er ekki uppfærð með nýjum upplýsingum,

c) verðskrár eru talsvert breytilegar annaðhvort yfir tíma eða meðal viðskiptavaka (t.d. á sumum miðlaramörkuðum),

d) vísitölur sem áður höfðu mikla samsvörun við gangvirði eignarinnar eða skuldarinnar birtast nú án samsvarana við nýjustu vísbendingar um gangvirði viðkomandi eignar eða skuldar,

e) umtalsverð hækkun hefur orðið á tilætlaðri þóknun vegna lausafjáráhættu, ávöxtun eða frammistöðuvísum (s.s. vanskilahlutfalli eða alvarleika taps) fyrir sannreynanleg viðskipti eða skráð verð í samanburði við mat einingarinnar á væntu sjóðstreymi, með tilliti til allra tiltækra markaðsgagna um útlánaáhættu og hættu á vanefndum fyrir eignina eða skuldina,

f) mikið verðbil er á kaup- og sölutilboði eða umtalsverð aukning á verðbili kaup- og sölutilboðs,

g) umtalsverður samdráttur er í starfsemi markaðar, eða slíkur markaður er ekki fyrir hendi, fyrir nýjar útgáfur (þ.e. frummarkaður) fyrir eignina eða skuldina eða svipaðar eignir eða skuldir,

h) litlar upplýsingar eru aðgengilegar öllum (t.d. um viðskipti sem fara fram á eigendamarkaði).

B38 Ef eining kemst að þeirri niðurstöðu að umtalsverður samdráttur hafi orðið í umfangi eða stigi viðskipta með eignina eða skuldina miðað við hefðbundna markaðsstarfsemi með eignina eða skuldina (eða svipaðar eignir eða skuldir) er þörf á frekari greiningu á viðskiptum eða skráðu verði. Samdráttur í umfangi eða stigi viðskipta einn og sér þarf ekki að gefa til kynna að verðið í viðskiptunum eða skráð verð standi ekki fyrir gangvirði eða að viðskipti á þeim markaði séu óeðlileg. Ákvarði eining hins vegar að viðskipti eða skráð verð standi ekki fyrir gangvirði (t.d. að hugsanlega gætu óeðlileg viðskipti hafa farið fram) mun þurfa að leiðrétta viðskiptin eða skráðu verðin ef einingin notar þessi verð sem grundvöll mats á gangvirði og sú leiðrétting gæti verið umtalsverð fyrir gangvirðismatið í heild sinni. Þar að auki gæti verið þörf á leiðréttingum við aðrar aðstæður (t.d. þegar verð fyrir svipaða eign krefst umtalsverðrar leiðréttingar til að gera hana sambærilega við eignina sem verið er að meta eða þegar verðið er staðnað).

B39 Þessi IFRS-staðall lýsir ekki aðferðafræðinni við að gera umtalsverðar leiðréttingar á viðskiptum eða skráðu verði. Sjá 61.–66. lið og liði B5–B11 fyrir umræðu um notkun virðismatsaðferða við mat á gangvirði. Eining skal, óháð því hvaða virðismatsaðferð hún notar, telja með viðeigandi áhættuleiðréttingar, þ.m.t. áhættuþóknun sem endurspeglar fjárhæðina sem markaðsaðilar myndu krefjast sem umbun fyrir innbyggða óvissu í sjóðstreymi eignar eða skuldar (sjá lið B17). Matið gæfi annars ekki áreiðanlega mynd af gangvirði. Í sumum tilfellum gæti reynst erfitt að ákvarða viðeigandi áhættuleiðréttingu. Erfiðleikastigið eitt og sér er þó ekki nægjanleg ástæða til að undanskilja áhættuleiðréttingu. Áhættuleiðréttingin skal endurspegla eðlileg viðskipti á milli markaðsaðila á matsdegi við ríkjandi markaðsaðstæður.

B40 Ef umtalsverður samdráttur er í umfangi eða stigi viðskipta með eignina eða skuldina gæti breyting á virðismatsaðferð eða notkun margra virðismatsaðferða verið viðeigandi (t.d. notkun markaðsaðferðar og núvirðisaðferðar). Þegar vísbendingar um gangvirði sem fást með notkun margra virðismatsaðferða eru vegnar skal eining íhuga hve raunhæft bil gangvirðismata er. Markmiðið er að ákvarða það gildi innan þeirra marka sem helst stendur fyrir gangvirði við ríkjandi markaðsaðstæður. Vítt bil gangvirðismata gæti verið vísbending um að frekari greiningar sé þörf.

B41 Jafnvel þegar umtalsverður samdráttur hefur orðið á umfangi eða stigi viðskipta með eignina eða skuldina verður markmið gangvirðismats áfram hið sama. Gangvirði er verðið sem fengist við að selja eign eða greitt væri fyrir yfirfærslu á skuld í eðlilegum viðskiptum (þ.e. hvorki þvinguð félagsslit né nauðungarsala) á milli markaðsaðila á matsdegi við ríkjandi markaðsaðstæður.

B42 Áætlun á verðinu, sem markaðsaðilar myndu vilja ganga til viðskipta fyrir á matsdegi við ríkjandi markaðsaðstæður ef orðið hefði umtalsverður samdráttur á umfangi eða stigi viðskipta með eignina eða skuldina, fer eftir málsatvikum og aðstæðum á matsdegi og krefst mats. Ætlun einingar að halda eigninni eða gera hana upp eða með öðrum hætti uppfylla skuldbindinguna skiptir ekki máli við mat á gangvirði vegna þess að gangvirði er mat sem miðast við markaðinn, en ekki eininguna.

Auðkenning óeðlilegra viðskipta

B43 Ákvörðun um hvort viðskipti séu eðlileg (eða óeðlileg) er erfiðari ef orðið hefur umtalsverður samdráttur á umfangi eða stigi viðskipta með eignina eða skuldina miðað við hefðbundna markaðsstarfsemi með eignina eða skuldina (eða svipaðar eignir eða skuldir). Við slíkar aðstæður er óviðeigandi að komast að þeirri niðurstöðu að öll viðskipti á þeim markaði séu óeðlileg (þ.e. þvinguð félagsslit eða nauðungarsölur). Meðal aðstæðna sem gætu gefið til kynna að viðskipti séu óeðlileg eru eftirfarandi:

a) viðeigandi sýnileiki var ekki á markaðnum um nokkurt skeið fyrir matsdag til að markaðsstarfsemi gæti verið eðlileg og hefðbundin vegna viðskipta sem fela í sér slíkar eignir eða skuldir við ríkjandi markaðsaðstæður,

b) eðlilegt og hefðbundið markaðstímabil átti sér stað en seljandinn markaðssetti eignina eða skuldina fyrir stakan markaðsaðila,

c) seljandinn er í eða nálægt gjaldþrota- eða skiptameðferð (þ.e. seljandinn er í nauðung),

d) seljandinn þurfti að selja til að uppfylla eftirlitskröfur eða lagaskilyrði (þ.e. seljandinn var þvingaður),

e) verðið í viðskiptunum er frávik í samanburði við önnur nýleg viðskipti með það sama eða sams konar eign eða skuld.

Eining skal meta aðstæðurnar til að ákvarða, í ljósi tiltækra vísbendinga, hvort viðskiptin séu eðlileg.

B44 Eining skal taka öll eftirfarandi atriði til athugunar við mat á gangvirði eða við áætlun á markaðsáhættuþóknun:

a) eining skal setja lítið, ef nokkuð, vægi (í samanburði við aðrar vísbendingar um gangvirði) á þetta verð í viðskiptunum ef vísbendingarnar gefa til kynna að viðskipti séu óeðlileg,

b) eining skal taka tillit til þessa verðs í viðskiptunum ef vísbendingarnar gefa til kynna að viðskiptin séu eðlileg. Vægið sem lagt er á verðið í viðskiptunum, í samanburði við aðrar vísbendingar um gangvirði, mun velta á málsatvikum og aðstæðum, svo sem eftirfarandi:

i) umfangi viðskiptanna,

ii) sambærileika viðskiptanna við eignir eða skuldir sem metnar eru,

iii) nálægð viðskiptanna við matsdaginn,

c) einingin skal taka tillit til verðsins í viðskiptunum ef hún býr ekki yfir nægum upplýsingum til að komast að niðurstöðu um hvort viðskipti séu eðlileg. Vera kann að viðskiptaverð þetta gefi ekki glögga mynd af gangvirði (þ.e. verðið í viðskiptunum er ekki endilega eini eða helsti grunnurinn við mat á gangvirði eða áætlun á markaðsáhættuþóknunum). Þegar eining býr ekki yfir nægum upplýsingum til að komast að niðurstöðu um hvort tiltekin viðskipti séu eðlileg skal einingin leggja minna vægi á þau viðskipti í samanburði við önnur viðskipti sem hafa reynst vera eðlileg.

Eining þarf ekki að leggja í yfirgripsmikla leit til að ákvarða hvort viðskipti séu eðlileg en hún skal ekki horfa framhjá upplýsingum sem eru tiltækar með góðu móti. Þegar eining er aðili að viðskiptum er gert ráð fyrir að hún búi yfir fullnægjandi upplýsingum til að komast að niðurstöðu um hvort viðskiptin séu eðlileg.

Notkun á skráðu verði sem þriðju aðilar veita

B45 Þessi IFRS-staðall útilokar ekki að notað sé skráð verð sem þriðju aðilar veita, svo sem markaðsverðsþjónusta eða miðlarar, ef einingin hefur ákvarðað að skráð verð, sem aðilar þessir veita, sé þróað í samræmi við þennan IFRS-staðal.

B46 Ef umtalsverður samdráttur hefur orðið á umfangi eða stigi viðskipta með eignina eða skuldina skal einingin meta hvort skráð verð, sem þriðju aðilar gáfu upp, hafi fengist með því að nota núverandi upplýsingar sem endurspegla eðlileg viðskipti eða virðismatsaðferð sem endurspeglar forsendur markaðsaðila (þ.m.t. áhættuforsendur). Eining leggur minna vægi (í samanburði við aðrar vísbendingar um gangvirði sem endurspeglar árangur viðskipta) á skráningu verðs sem endurspeglar ekki árangur viðskiptanna þegar skráð verð er vegið sem ílag við gangvirðismat.

B47 Þar að auki skal taka tillit til eðlis skráningar (t.d. hvort skráð verð sé leiðbeinandi eða bindandi tilboð) þegar tiltækar vísbendingar eru vegnar, þar sem leggja skal meira vægi á skráð verð frá þriðju aðilum ef þau standa fyrir bindandi tilboð.

Viðbætir C

Gildistökudagur og umbreyting

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti af IFRS-staðlinum og hefur sama gildi og aðrir hlutar hans.

C1 Eining skal beita þessum IFRS-staðli að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir þessum IFRS-staðli að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

C2 Beita skal þessum IFRS-staðli framvirkt frá og með upphafi árlega tímabilsins þar sem honum var upphaflega beitt.

C3 Birtingarkröfu þessa IFRS-staðals þarf ekki að beita á samanburðarupplýsingar sem veittar eru fyrir tímabil áður en IFRS-staðlinum er upphaflega beitt.

C4 *Árlegar endurbætur tímabilið 2011-2013*, gefnar út í desember 2013, breyttu 52. lið. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt frá upphafi árlega tímabilsins þegar IFRS-staðli 13 var fyrst beitt. Heimilt er að beita breytingunni fyrr. Beiti eining þessari breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

C5 IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti 52. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

C6 IFRS-staðall 16, *leigusamningar* gefinn út í janúar 2016, breytti 6. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 15 (IFRS-staðall 15)

reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum staðli er að setja fram meginreglur um að eining skuli birta notendum reikningsskila gagnlegar upplýsingar um eðli, fjárhæð, tímasetningu og óvissu *tekna* og sjóðstreymis sem leiðir af *samningi* við *viðskiptavin*.

Markmiðið uppfyllt

2 Til að uppfylla markmið 1. liðar skal það vera grundvallarregla þessa staðals að eining færi tekjur til að sýna yfirfærslu umsaminna vara eða þjónustu til viðskiptavina við fjárhæð sem endurspeglar það endurgjald sem einingin gerir ráð fyrir að fá í skiptum fyrir þessar vörur eða þjónustu.

3 Eining skal skoða skilmála samningsins og alla viðeigandi málavexti og aðstæður þegar hún beitir þessum staðli. Eining skal beita þessum staðli, s.s. með því að nota hvers kyns hentug úrræði, á sama hátt gagnvart samningum sem bera sömu einkenni og við sambærilegar aðstæður.

4 Í þessum staðli eru tilgreind reikningsskil vegna stakra samninga við viðskiptavini. Eining getur þó notað það hentuga úrræði að beita þessum staðli gagnvart safni samninga (eða *árangurstengdum skuldbindingum*) með svipuð sérkenni ef einingin hefur ástæðu til að ætla að áhrif á reikningsskil af því að beita þessum staðli gagnvart samningasafninu myndu ekki víkja efnislega frá beitingu þessa staðals gagnvart stökum samningum í samningasafninu (eða árangurstengdum skuldbindingum). Við reikningsskil eignasafns skal eining nota mat og forsendur sem endurspegla stærð og samsetningu eignasafnsins.

GILDISSVIÐ

5 Eining skal beita þessum staðli gagnvart öllum samningum við viðskiptavini, að frátöldum eftirfarandi:

a) leigusamningum innan gildissviðs IFRS-staðals 16, *leigusamningar*,

b) samningum innan gildissviðs IFRS-staðals 17, *vátryggingarsamningar*. Eining getur þó valið að beita þessum staðli að því er varðar vátryggingarsamninga þar sem megintilgangurinn með þeim er að veita þjónustu gegn fastri þóknun í samræmi við 8. lið í IFRS-staðli 17,

c) fjármálagerningum og öðrum samningsbundnum réttindum eða skuldbindingum innan gildissviðs IFRS-staðals 9, *fjármálagerningar*, IFRS-staðals 10, *samstæðureikningsskil*, IFRS-staðals 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, IAS-staðals 27, *aðgreind reikningsskil* og IAS-staðals 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*, og

d) óþeningalegum skiptum milli eininga í sömu atvinnugrein til að auðvelda sölu til viðskiptavina eða mögulegra viðskiptavina. Til dæmis myndi þessi staðall ekki eiga við um samning milli tveggja olíufyrirtækja sem komast að samkomulagi um að skiptast á olíu til að anna tímanlega eftirspurn frá viðskiptavinum sínum á ólíkum, tilgreindum stöðum.

6 Eining getur beitt þessum staðli að því er varðar samning (þó ekki samning sem fram kemur í 5. lið) því aðeins að mótaðili samningsins sé viðskiptavinur. Viðskiptavinur er aðili sem hefur gert samning við einingu um að fá vörur eða þjónustu sem er afrakstur af venjubundinni starfsemi einingarinnar í skiptum fyrir endurgjald. Mótaðili samningsins myndi ekki teljast vera viðskiptavinur ef mótaðilinn hefur, svo dæmi sé tekið, gert samning við eininguna um að taka þátt í starfsemi eða ferli þar sem samningsaðilarnir deila með sér áhættu og ávinningi sem leiðir af starfseminni eða ferlinu (s.s. með því að eiga samstarf um að þróa eign) fremur en að njóta afraksturs af venjubundinni starfsemi einingarinnar.

7 Samningur við viðskiptavin kann að falla að nokkru innan gildissviðs þessa staðals og að nokkru innan gildissviðs annarra staðla sem fram koma í 5. lið.

a) Ef það er tilgreint í öðrum stöðlum hvernig á að aðgreina og/eða meta í upphafi einn eða fleiri hluta samningsins skal einingin fyrst beita kröfum varðandi aðgreiningu og/eða mat í þeim stöðlum. Eining skal útiloka frá viðskiptaverði fjárhæð þess eða þeirra hluta samningsins sem eru í upphafi metnir í samræmi við aðra staðla og beita 73.–86. lið til að ráðstafa þeirri fjárhæð viðskiptaverðs sem eftir stendur (ef einhver er) gagnvart hverri árangurstengdri skuldbindingu innan gildissviðs þessa staðals og öðrum hlutum samningsins sem eru tilgreindir í b-hluta 7. liðar.

b) Ef ekki er tilgreint í öðrum stöðlum hvernig á að aðgreina og/eða meta í upphafi einn eða fleiri hluta samningsins þá skal einingin beita þessum staðli til að aðgreina og/eða meta í upphafi þann (eða þá) hluta samningsins.

8 Í þessum staðli eru tilgreind reikningsskil vegna viðbótarkostnaðar við að koma á samningi við viðskiptavin og kostnaðar sem stofnað er til í því skyni að efna samning gagnvart viðskiptavini ef kostnaðurinn fellur ekki innan gildissviðs annars staðals (sjá 91.–104. lið). Eining skal beita þessum liðum aðeins gagnvart kostnaði sem stofnað er til í tengslum við samning við viðskiptavin (eða hluta þess samnings) sem fellur innan gildissviðs þessa staðals.

FÆRSLA

Auðkenning samningsins

9 Eining skal halda reikningsskil yfir samning við viðskiptavin sem fellur innan gildissviðs þessa staðals því aðeins að öll eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

a) aðilar að samningum hafa samþykkt samninginn (skriflega, munnlega eða í samræmi við aðra hefðbundna viðskiptahætti) og eru staðráðnir í að efna skuldbindingar sínar, hvers um sig,

b) einingin getur tilgreint réttindi hvers aðila að því er varðar vörur eða þjónustu sem til stendur að yfirfæra,

c) einingin getur tilgreint greiðsluskilmála að því er varðar vörur eða þjónustu sem til stendur að yfirfæra,

d) samningurinn er viðskiptalegs eðlis (þ.e. þess er vænst að áhætta, tímasetning eða fjárhæð framtíðar-sjóðstreymis einingarinnar muni breytast í kjölfar samningsins) og

e) það eru líkur á því að einingin muni innheimta það endurgjald sem henni ber í skiptum fyrir vörurnar eða þjónustuna sem verða yfirfærð til viðskiptavinarins. Við mat á því hvort unnt verði að innheimta fjárhæð endurgjaldsins skal einingin athuga hvort viðskiptavinurinn hafi getu og í hyggju að greiða endurgjaldið á gjalddaga. Fjárhæð greiðslunnar, sem einingin mun eiga rétt á, kann að vera lægri en það verð sem fram kemur í samningnum ef greiðslan er breytileg vegna þess að einingin kann að bjóða viðskiptavininum afslátt af verði (sjá 52. lið).

10 Samningur er samkomulag milli tveggja aðila eða fleiri sem myndar framfylgjanleg réttindi og skuldbindingar. Réttindum og skuldbindingum samnings er framfylgt samkvæmt lögum. Samningar geta verið skriflegir, munnlegir eða í samræmi við hefðbundna viðskiptahætti einingarinnar. Venjur og ferli við að koma á samningum við viðskiptavini eru ólík milli lögsagnarumdæma, atvinnugreina og eininga. Enn fremur kunna þau að vera ólík innan einingar (t.d. kunna þau að velta á flokki viðskiptavina eða eðli umsaminna vara eða þjónustu). Eining skal líta til þessara venja og ferla þegar hún ákveður hvort og þá hvenær samningur við viðskiptavin myndar framfylgjanleg réttindi og skuldbindingar.

11 Sumir samningar við viðskiptavini kunna að vera ótímasettir og getur hvor aðili um sig sagt þeim upp eða breytt þeim hvenær sem er. Aðrir samningar kunna að endurnýjast sjálfkrafa og reglubundið eins og tilgreint er í samningnum. Eining skal beita þessum staðli allan gildistíma samningsins (þ.e. samningstímann) á meðan aðilar að honum eiga framfylgjanleg réttindi og skuldbindingar.

12 Að því er beitingu þessa staðals varðar telst samningur ekki vera fyrir hendi ef hvor samningsaðili um sig hefur einhliða framfylgjanlegan rétt til að segja upp samningi sem hefur í engu verið efndur án þess að bæta það hinum aðilanum (eða aðilunum). Samningur telst í engu hafa verið efndur ef bæði eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

a) einingin hefur ekki enn yfirfært til viðskiptavinarins umsamdar vörur eða þjónustu og

b) einingin hefur ekki tekið við endurgjaldi í skiptum fyrir umsamdar vörur og þjónustu og hefur enn ekki öðlast til þess rétt.

13 Ef samningur við viðskiptavin uppfyllir skilyrði 9. liðar við gildistöku samningsins skal einingin ekki leggja nýtt mat á þessi skilyrði nema fyrir liggi vísbending um verulega breytingu á málavöxtum og aðstæðum. Ef t.d. verulega dregur úr getu viðskiptavinar til að greiða endurgjald myndi eining endurmeta hvort líklegt megi telja að hún muni innheimta endurgjaldið sem hún mun eiga rétt á í skiptum fyrir eftirstandandi vörur og þjónustu sem verða yfirfærð til viðskiptavinarins.

14 Ef samningur við viðskiptavin uppfyllir ekki skilyrði 9. liðar skal eining halda áfram að meta samninginn til að ákvarða hvort skilyrði 9. liðar eru uppfyllt síðar.

15 Ef samningur við viðskiptavin uppfyllir ekki skilyrði 9. liðar og eining tekur við endurgjaldi frá viðskiptavininum skal hún færa móttekna endurgjaldið sem tekjur því aðeins að annar hvor eftirfarandi atburða hafi átt sér stað:

a) einingin hefur engar eftirstandandi skuldbindingar um að yfirfæra vörur eða þjónustu til viðskiptavinarins og einingin hefur tekið við öllu eða því sem næst öllu endurgjaldinu sem viðskiptavininn hefur lofað og það er óendurkræft eða

b) samningnum hefur verið sagt upp og endurgjaldið sem tekið hefur verið við frá viðskiptavininum er óendurkræft.

16 Einingin skal færa þá greiðslu sem hún tekur við frá viðskiptavininum sem skuld þar til einn atburðanna í 15. lið á sér stað eða þar til skilyrði 9. liðar eru uppfyllt síðar (sjá 14. lið). Færð skuld stendur fyrir, allt eftir málavöxtum og aðstæðum er tengjast samningnum, skuldbindingu einingarinnar um að annaðhvort yfirfæra vörur eða þjónustu í framtíðinni eða endurgreiða það endurgjald sem hún tók við. Í hvoru tilvikinu sem er skal skuldin nema því endurgjaldi sem tekið hefur verið við frá viðskiptavininum.

Sameining samninga

17 Eining skal sameina tvo eða fleiri samninga sem gerðir hafa verið, eða því sem næst, á sama tíma við sama viðskiptavin (eða aðila tengda sama viðskiptavini) og gera grein fyrir samningum sem einum samningi ef eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða hafa verið uppfyllt:

a) samningarnir hafa verið gerðir í einni heild með eitt viðskiptatengt markmið,

b) endurgjaldið, sem inna ber af hendi í einum samningi, veltur á verði eða efndum hins samningsins eða

c) vörur eða þjónusta sem lofað er í samningunum (eða sumar vörur eða þjónusta sem lofað er í hverjum samningi) eru ein árangurstengd skuldbinding í samræmi við 22.-30. lið.

Breytingar á samningi

18 Breyting á samningi er breyting á gildissviði eða verði samnings (eða hvorutveggja) sem aðilar að samningnum hafa samþykkt. Hægt er að lýsa breytingum á samningi í sumum atvinnugreinum og lögsagnarumdæmum sem breytingaröð, afbrigði eða breytingu. Um er að ræða breytingu á samningi þegar aðilar að samningnum samþykkja breytingu sem annaðhvort myndar framfylgjanleg réttindi og skuldbindingar aðila að samningnum eða breytir fyrirliggjandi framfylgjanlegum réttindum og skuldbindingum. Hægt er að samþykkja samning skriflega, með munnlegu samkomulagi eða í samræmi við hefðbundna viðskiptahætti. Ef aðilar að samningnum hafa ekki samþykkt breytingu á samningi skal eining beita þessum staðli gagnvart fyrirliggjandi samningi þar til samningsbreytingin hefur verið samþykkt.

19 Samningsbreyting kann að vera fyrir hendi jafnvel þótt aðilar að samningnum eigi í deilum um gildissvið eða verð breytingarinnar (eða hvorttveggja) eða hafa samþykkt breytingu á gildissviði samningsins en ekki ákveðið samsvarandi breytingu á verði. Þegar eining ákvarðar hvort þau réttindi og þær skuldbindingar, sem myndast eða taka breytingum með breytingunni, eru framfylgjanleg skal hún skoða alla viðeigandi málavexti og aðstæður, m.a. skilmála samningsins og önnur gögn. Ef aðilar að samningi hafa samþykkt breytingu á gildissviði samningsins en hafa ekki enn ákveðið samsvarandi breytingu á verði skal eining meta breytingu á yfirfærsluverði sem leiðir af breytingunni sbr. 50.-54. lið um að meta breytilega greiðslu og 56.-58. lið um að takmarka mat á breytilegum greiðslum.

20 Eining skal færa breytingu á samningi sem aðgreindan samning ef bæði eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:

a) gildissvið samningsins víkkar út vegna þess að umsömdum aðgreindum vörum eða þjónustu er bætt við (í samræmi við 26.–30. lið) og

b) verð samningsins hækkar um fjárhæð endurgjalds sem endurspeglar *sjálfstætt söluverð* umsaminna viðbótarvara eða -þjónustu einingarinnar og hvers kyns viðeigandi leiðréttingar á því verði til að endurspegla kringumstæður þessa tiltekna samnings. Til að mynda getur eining leiðrétt sjálfstætt söluverð viðbótarvöru eða -þjónustu um þann afslátt sem viðskiptavinurinn fær því að einingin þarf ekki að stofna til sölutengds kostnaðar líkt og hún myndi gera við sölu svipaðrar vöru eða þjónustu til nýs viðskiptavinar.

21 Ef breyting á samningi er ekki færð sem aðgreindur samningur í samræmi við 20. lið skal einingin færa umsamdar vörur eða þjónustu, sem ekki hafa verið yfirfærðar enn, á þeim degi þegar breyting er gerð á samningnum (þ.e. umsamdar vörur og þjónusta sem eftir standa) á þann eftirfarandi hátt sem við á:

a) Eining skal færa breytingu á samningi eins og um væri að ræða uppsögn á fyrirliggjandi samningi og myndun nýs samnings ef þær vörur eða þjónusta sem eftir standa eru aðgreindar frá þeim vörum eða þjónustu sem eru yfirfærðar á þeim degi þegar samningnum er breytt eða síðar. Það endurgjald sem ráðstafa á til eftirstandandi árangurstengdra skuldbindinga (eða þeirra aðgreindu vara eða þjónustu í stakri árangurstengdri skuldbindingu sem eru tilgreindar í samræmi við b-lið 22. liðar) er summa:

i) endurgjalds sem viðskiptavinurinn hefur lofað (þ.m.t. fjárhæð sem þegar hefur verið tekið við frá viðskiptavininum) sem var innifalin í mati á viðskiptaverði og hafði ekki verið færð sem tekjur og

ii) endurgjalds sem lofað var sem hluta af breytingum á samningnum.

b) Eining skal færa breytingu á samningnum eins og um væri að ræða hluta af fyrirliggjandi samningi ef þær vörur eða þjónusta sem eftir standa eru ekki aðgreindar og mynda því hluta af einni árangurstengdri skuldbindingu sem efnd hefur verið að hluta til á þeim degi þegar breyting er gerð á samningnum. Þau áhrif, sem breyting á samningnum hefur á viðskiptaverðið og á árangur einingarinnar við að efna að fullu árangurstengda skuldbindingu, eru færð sem leiðrétting á tekjum (annaðhvort sem aukning á eða samdráttur í tekjum) á þeim degi þegar breyting er gerð á samningnum (þ.e. leiðrétting á tekjum er gerð á uppsöfnuðum grunni).

c) Ef þær vörur eða þjónusta, sem eftir standa eru sambland af a- og b-lið skal einingin færa áhrif breytingarinnar á þær árangurstengdu skuldbindingar sem ekki næst að efna (ekki heldur að hluta til) í breytta samningnum þannig að samrýmist markmiðum þessa liðar.

Tilgreining árangurstengdra skuldbindinga

22 Við gildistöku samningsins skal einingin meta umsamdar vörur og þjónustu samkvæmt samningi við viðskiptavin og tilgreina sem árangurstengda skuldbindingu hvert loforð um að yfirfæra til viðskiptavinar annaðhvort:

a) aðgreinda vöru eða þjónustu (eða samstæðu vara eða þjónustu) eða

b) röð aðgreindra vara eða þjónustu sem eru í meginatriðum hinar sömu og lúta sama mynstri við yfirfærslu til viðskiptavinar (sjá 23. lið).

23 Röð aðgreindra vara eða þjónustu lýtur sama mynstri við yfirfærslu til viðskiptavinar ef báðir aðilar uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) hver aðgreind vara eða þjónusta í röðinni, sem einingin lofar að yfirfæra til viðskiptavinar, myndi uppfylla skilyrði 35. liðar um að vera árangurstengd skuldbinding sem verður efnd á tilteknu tímabili og

b) sama aðferð er notuð til að meta árangur einingarinnar við að efna árangurstengdu skuldbindinguna um að yfirfæra til viðskiptavinarins hverja aðgreinda vöru eða þjónustu í röðinni, sbr. 39.–40. lið.

Loforð í samningum við viðskiptavini

24 Í samningi við viðskiptavin er venjulega tilgreint með skýrum hætti hvaða vörur eða þjónustu eining lofar að yfirfæra til viðskiptavinar í samræmi við samninginn. Þó skal árangurstengd skuldbinding, sem er tilgreind í samningi við viðskiptavin, ekki takmarkast við þær vörur eða þjónustu sem er talin upp með skýrum hætti í þeim samningi. Ástæða þessa er sú að í samningi við viðskiptavin geta einnig falist loforð sem leiðir af hefðbundnum viðskiptaháttum einingarinnar, birtum stefnumiðum eða sérstökum yfirlýsingum ef loforðin gefa, við gildistöku samningsins, viðskiptavini réttmætar væntingar um að einingin muni yfirfæra til hans vöru eða þjónustu.

25 Í árangurstengdum skuldbindingum felast ekki verk sem eining verður að sinna til að efna samninginn nema í þeim felist yfirfærsla á vöru eða þjónustu til viðskiptavinar. Sem dæmi má nefna að þjónustuveitandi kann að þurfa að annast ýmis stjórnsýsluverkefni til að koma samningi á fót. Framkvæmd þessara verkefna felst ekki í yfirfærslu á þjónustu til viðskiptavinar meðan á framkvæmd þeirra stendur. Því teljast þessi verk við að koma á samningi ekki til árangurstengdrar skuldbindingar.

Aðgreindar vörur eða þjónusta

26 Umsamdar vörur eða þjónusta geta, eftir tegund samnings, falið í sér, en takmarkast þó ekki við, eftirfarandi:

a) sölu á vörum sem eining framleiðir (t.d. birgðir framleiðanda),

b) endursölu á vörum sem eining hefur keypt (t.d. varning smásala),

c) endursölu á rétti til vara eða þjónustu sem eining hefur keypt (t.d. miði sem eining hefur endurselt og kemur þá fram sem umbjóðandi, eins og lýst er í liðum B34–B38),

d) framkvæmd samningsbundins verkefnis (eða verkefna) fyrir viðskiptavin,

e) veitingu þeirrar þjónustu að vera ætíð reiðubúnar til að láta í té vörur eða þjónustu (t.d. ótilgreindar uppfærslur á hugbúnaði sem eru látnar í té á grundvelli þess hvort og hvenær slíkt er til reiðu) eða hafa vörur eða þjónustu til reiðu fyrir viðskiptavin sem hann getur notað þegar og ef hann kýs svo,

f) veitingu þjónustu sem felst í því að skipuleggja yfirfærslu á vörum eða þjónustu til viðskiptavinar fyrir annan aðila (s.s. með því að koma fram sem umboðsaðili fyrir annan aðila, eins og lýst er í liðum B34–B38),

g) veitingu réttar til vara eða þjónustu sem verða látnar í té í framtíðinni og viðskiptavinur getur endurselt eða látið viðskiptavini sínum í té (t.d. eining sem selur smásala vöru lofar að yfirfæra til einstaklings, sem kaupir vöruna frá smásalanum, viðbótarvöru eða viðbótarþjónustu),

h) smíði, framleiðslu eða þróun eigna fyrir hönd viðskiptavinar,

i) veitingu leyfa (sjá liði B52–B63B) og

j) veitingu kaupréttar fyrir viðbótarvörur eða -þjónustu (þegar þessir valkostir veita viðskiptavini efnislegan rétt, eins og lýst er í liðum B39–B43).

27 Vara eða þjónusta, sem viðskiptavinur fær loforð um, telst vera aðgreind ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) viðskiptavinurinn getur notið ávinnings af vörunni eða þjónustunni, annaðhvort einni og sér eða ásamt öðrum tilföngum sem viðskiptavinurinn hefur auðvelt aðgengi að (þ.e. varan eða þjónustan getur verið aðgreind) og

b) loforð einingarinnar um að yfirfæra til viðskiptavinar vöru eða þjónustu má greina sérstaklega frá öðrum loforðum samningsins (þ.e. loforð um að yfirfæra vöruna eða þjónustuna er aðgreint innan samningsins).

28 Viðskiptavinur getur notið ávinnings af vöru eða þjónustu í samræmi við a-lið 27. liðar ef hægt er að nota vöruna eða þjónustuna, neyta hennar, selja fyrir hærri fjárhæð en sem nemur hrakvirði eða halda henni þannig að til verði efnahagslegur ávinningur. Að því er sumar vörur eða þjónustu varðar kann viðskiptavinur að njóta ávinnings af vöru eða þjónustu einni og sér. Að því er aðrar vörur eða þjónustu varðar kann viðskiptavinur að njóta ávinnings af vöru eða þjónustu einungis ásamt öðrum auðveldlega aðgengilegum tilföngum. Auðveldlega aðgengilegt tilfang er vara eða þjónusta sem einingin eða önnur eining selur sérstaklega eða tilfang sem viðskiptavinurinn hefur þegar fengið frá einingunni (m.a. vörur eða þjónusta sem einingin hefur þegar yfirfært til viðskiptavinarins samkvæmt samningnum) eða í öðrum viðskiptum eða atburðum. Ýmsir þættir geta gefið vísbendingu um að viðskiptavinurinn hafi notið ávinnings af vöru eða þjónustu, annaðhvort einni og sér eða ásamt öðrum auðveldlega aðgengilegum tilföngum. Þannig myndi sú staðreynd að eining selur reglubundið, svo dæmi sé tekið, vöru eða þjónustu sérstaklega, gefa til kynna að viðskiptavinur gæti notið ávinnings af þeirri vöru eða þjónustu einni og sér eða ásamt öðrum auðveldlega aðgengilegum tilföngum.

29 Við mat á því hvort greina megi sérstaklega loforð einingar um að yfirfæra vörur eða þjónustu til viðskiptavinar, í samræmi við b-lið 27. liðar, er markmiðið að ákvarða hvort eðli loforðsins, í tengslum við samninginn, sé að yfirfæra þessar vöru eða þjónustu hverja fyrir sig eða, þess í stað, að yfirfæra samtengda vöru eða vörur þar sem umsamdar vörur eða þjónusta eru þá aðföng. Þættir, sem gefa til kynna að greina megi sérstaklega tvö eða fleiri loforð um að yfirfæra til viðskiptavinar vöru eða þjónustu, taka til, en takmarkast ekki við, eftirfarandi:

a) einingin veitir umtalsverða þjónustu við að fella vörurnar eða þjónustuna, ásamt öðrum vörum eða þjónustu sem lofað er samkvæmt samningnum, inn í samstæðu vara eða þjónustu sem stendur fyrir samanlagðan afrakstur sem viðskiptavinurinn hefur gert samning um. Með öðrum orðum notar einingin vörurnar eða þjónustuna sem aðföng til að framleiða eða afhenda samanlagðan afrakstur sem viðskiptavinurinn tilgreinir. Samanlagður afrakstur getur falið í sér fleiri en einn fasa, þátt eða einingu,

b) ein vara eða fleiri eða þjónusta breytir í veigamiklum atriðum eða aðlagar, eða er breytt í veigamiklum atriðum eða aðlöguð af annarri vöru eða fleiri öðrum vörum eða annarri þjónustu sem lofað er í samningnum,

c) vörurnar eða þjónustan eru verulega víxlháðar eða hafa rík innbyrðis tengsl sín á milli. Með öðrum orðum þá er hver vara eða þjónusta verulega háð annarri vöru, einni eða fleiri, eða annarri þjónustu í samningnum. Í sumum tilvikum eru t.d. tvær eða fleiri vörur (eða þjónusta) verulega háðar hvor annarri vegna þess að einingin getur ekki staðið við skuldbindingar sínar með því að yfirfæra þær vörur eða þjónustu hverja fyrir sig.

30 Ef umsamin vara eða þjónusta er ekki aðgreind skal eining sameina þá vöru eða þjónustu öðrum umsömdum vörum eða þjónustu þar til hún greinir aðgreinda samstæðu vara eða þjónustu. Í sumum tilvikum myndi það leiða til þess að einingin færði allar vörur eða þjónustu, sem lofað er samkvæmt samningi, sem eina árangurstengda skuldbindingu.

Árangurstengdar skuldbindingar efndar

31 Eining skal færa tekjur þegar (og ef) hún efnir árangurstengda skuldbindingu með því að yfirfæra umsamda vöru eða þjónustu (þ.e. eign) til viðskiptavinar. Eignin telst yfirfærð þegar (og ef) viðskiptavinurinn fær yfirráð yfir eigninni.

32 Eining skal ákvarða fyrir hverja árangurstengda skuldbindingu, sem er tilgreind í samræmi við 22.–30. lið, við gildistöku samnings hvort hún muni efna árangurstengda skuldbindingu á tilteknu tímabili (í samræmi við 35.–37. lið) eða á tilteknum tímapunkti (í samræmi við 38. lið). Ef eining efnir ekki árangurstengda skuldbindingu á tilteknu tímabili skal efna hana á tilteknum tímapunkti.

33 Vörur og þjónusta eru eignir, jafnvel þótt það standi aðeins um stundarsakir, þegar tekið er við þeim og þær notaðar (eins og við á í margs konar þjónustu). Yfirráð yfir eign vísa til getu til að stýra notkun eignar og njóta í öllum aðalatriðum alls eftirstandandi ávinnings af því. Yfirráð fela í sér getuna til að koma í veg fyrir að aðrar einingar stýri notkun eignar og njóti ávinnings af henni. Ávinningur af eign er hugsanlegt sjóðstreymi (innstreymi eða sparnaður í útstreymi) sem hægt er að fá með beinum eða óbeinum hætti á ýmsan hátt, s.s. með því að:

a) nota eignina til að framleiða vörur eða láta í té þjónustu (m.a. opinbera þjónustu),

b) nota eignina til að efla virði annarra eigna,

c) nota eignina til að gera upp skuldir eða draga úr kostnaði,

d) selja eignina eða skipta á henni og öðru,

e) setja eignina sem veð fyrir láni og

f) halda eigninni.

34 Við mat á því hvort viðskiptavinur fær yfirráð yfir eign skal einingin líta til hvers kyns samninga um endurkaup á eigninni (sjá liði B64–B76).

Árangurstengdar skuldbindingar efndar á tilteknu tímabili

35 Eining yfirfærir yfirráð yfir vöru eða þjónustu á tilteknu tímabili og efnir því árangurstengda skuldbindingu og færir tekjur á tilteknu tímabili ef eitt eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) viðskiptavinurinn fær og nýtir þann ávinning sem fæst með árangri einingarinnar á sama tíma og einingin framkvæmir verkefni sín (sjá liði B3–B4),

b) árangur einingarinnar myndar eða eykur við eign (t.d. verk í vinnslu) sem viðskiptavinurinn ræður yfir eftir því sem eignin myndast eða eykst við hana (sbr. lið B5) eða

c) árangur einingarinnar myndar ekki eign með annarri notkun einingarinnar (sjá 36. lið) og einingin hefur framfylgjanlegan rétt til greiðslu fyrir þann árangur sem hefur náðst fram að þeim tíma (sjá 37. lið).

36 Eining hefur ekki önnur not fyrir eign, sem verður til á grundvelli árangurs einingarinnar, ef annaðhvort samningurinn kemur í veg fyrir að eigninni sé ráðstafað til annarra nota, þegar hún er mynduð eða við endurbætur á henni, eða hagnýtar ástæður takmarka möguleika á að nýta eign, í endanlegri mynd sinni, til annars. Mat á því hvort einingin hefur önnur not af eigninni fer fram við gildistöku samnings. Eftir gildistöku samningsins skal eining ekki uppfæra mat á annarri notkun eignar nema samningsaðilar samþykki breytingu á samningi sem breytir verulega árangurstengdri skuldbindingu. Í liðum B6–B8 eru settar fram leiðbeiningar vegna mats á því hvort eining hefur önnur not fyrir eignina.

37 Eining skal skoða samningsskilmála og hver þau lög sem eiga við um samninginn þegar hún metur hvort hún eigi framfylgjanlegan rétt til greiðslu fyrir þann árangur sem hún hefur sýnt fram að þeim tíma í samræmi við c-lið 35. liðar. Réttur til greiðslu fyrir sýndan árangur fram að þeim tíma þarf ekki að vera bundinn fastri fjárhæð. Einingin verður þó að eiga rétt á því allan samningstímann að fá greiðslu fyrir þann árangur sem hefur náðst fram að þeim tíma ef viðskiptavinurinn eða annar aðili segir samningnum upp af annarri ástæðu en þeirri að einingin hafi ekki skilað umsömdum árangri. Í liðum B9–B13 eru settar fram leiðbeiningar um mat á því hvort fyrir liggi framfylgjanlegur réttur til greiðslu og hvort réttur einingar til greiðslu feli í sér rétt hennar til greiðslu fyrir þann árangur sem hún hefur sýnt fram að þeim tíma.

Árangurstengdar skuldbindingar efndar á tilteknum tímapunkti

38 Ef árangurstengd skuldbinding er ekki efnd á tilteknu tímabili í samræmi við 35.–37. lið efnir eining árangurstengdu skuldbindinguna á tilteknum tímapunkti. Til að ákvarða þann tímapunkt þegar viðskiptavinur öðlast yfirráð yfir umsaminni eign og einingin efnir árangurstengda skuldbindingu skal einingin líta til krafna varðandi yfirráð í 31.–34. lið. Enn fremur skal eining líta til vísbendinga um yfirfærslu á yfirráðum sem taka til, en takmarkast ekki við, eftirfarandi:

a) Einingin hefur rétt til greiðslu fyrir eign — ef viðskiptavinur er skuldbundinn til að greiða fyrir eign kann það að gefa til kynna að viðskiptavinurinn hafi fengið rétt til að nýta eignina með beinum hætti í skiptum og fengið í aðalatriðum allan eftirstandandi ávinning af henni.

b) Viðskiptavinurinn hefur löglegt eignarhald á eigninni — löglegt eignarhald kann að gefa til kynna hvaða aðili að samningi hefur rétt til að nýta eign með beinum hætti og fá í aðalatriðum allan eftirstandandi ávinning af henni eða hefur rétt til að takmarka aðgang annarra eininga að þeim ávinningi. Af þeim sökum kann yfirfærsla á löglegu eignarhaldi að gefa til kynna að viðskiptavinurinn hafi fengið yfirráð yfir eigninni. Ef eining heldur eftir löglegu eignarhaldi einungis í þeim tilgangi að verja sig gegn greiðsluvanefndum viðskiptavinar koma þau réttindi einingarinnar ekki í veg fyrir að viðskiptavinurinn fái yfirráð yfir eigninni.

c) Einingin hefur yfirfært vörslu á eigninni — varsla viðskiptavinarins á eign kann að gefa til kynna að viðskiptavinurinn hafi rétt til að nýta eignina með beinum hætti og fá í aðalatriðum allan eftirstandandi ávinning af henni eða hafi rétt til að takmarka aðgang annarra eininga að þeim ávinningi. Varsla þarf þó ekki að fara saman við yfirráð yfir eign. Til dæmis kann viðskiptavinur eða viðtakandi, í sumum endurkaupasamningum og vörusendingarsamningum, að hafa eign í vörslu sinni sem einingin hefur yfirráð yfir. Á hinn bóginn kann eining, í sumum samningum um sölu með frestaðri afhendingu (e. *bill and hold arrangement*), að hafa eign í vörslu sinni sem viðskiptavinurinn hefur yfirráð yfir. Í liðum B64–B76, B77–B78 og B79–B82 eru settar fram leiðbeiningar um færslu endurkaupasamninga, vörusendingarsamninga og samninga um sölu með frestaðri afhendingu, eftir því sem við á.

d) Viðskiptavinurinn ber að verulegu leyti áhættu og hefur ávinning af eignarhaldi yfir eigninni — yfirfærsla á verulegri áhættu og ávinningi af eignarhaldi yfir eign til viðskiptavinarins kann að gefa til kynna að hann hafi rétt til að nýta eignina með beinum hætti og fá í aðalatriðum allan eftirstandandi ávinning af henni. Þegar mat er lagt á áhættu og ávinning af eignarhaldi yfir umsaminni eign skal einingin þó útiloka hvers kyns áhættu sem leiðir til aðskilinnar árangurstengdrar skuldbindingar, auk þeirrar árangurstengdu skuldbindingar að yfirfæra eignina. Til dæmis kann eining að hafa yfirfært yfirráð yfir eign til viðskiptavinar en ekki enn efnt árangurstengda viðbótarskuldbindingu um að láta í té viðhaldsþjónustu er tengist yfirfærðu eigninni.

e) Viðskiptavinurinn hefur tekið við eigninni — móttaka viðskiptavinarins á eign kann að gefa til kynna að hann hafi fengið rétt til að nýta eignina með beinum hætti og fá í aðalatriðum allan eftirstandandi ávinning af henni. Til að meta áhrif af samningsákvæði varðandi móttöku viðskiptavinar um það hvenær yfirráð yfir eign eru yfirfærð skal eining líta til leiðbeininganna í liðum B83–B86.

Mat á því hvernig gengur að efna árangurstengda skuldbindingu að fullu

39 Að því er varðar hverja árangurstengda skuldbindingu, sem er efnd á tilteknu tímabili í samræmi við 35.–37. lið, skal einingin færa tekjur á tilteknu tímabili með því að meta hvernig gengur að efna árangurstengdu skuldbindinguna að fullu. Markmiðið með því að meta framvindu er að sýna fram á árangur einingar við að yfirfæra yfirráð yfir vörum eða þjónustu sem viðskiptavini hefur verið lofað (þ.e. hvernig einingu gengur að efna árangurstengda skuldbindingu).

40 Eining skal beita einni aðferð við að meta framvindu fyrir hverja árangurstengda skuldbindingu sem er efnd á tilteknu tímabili og einingin skal beita þeirri aðferð með samræmdum hætti gagnvart svipuðum árangurstengdum skuldbindingum og við svipaðar aðstæður. Við lok hvers reikningsskilatímabils skal eining endurmeta hvernig henni gengur að efna að fullu árangurstengda skuldbindingu sem er efnd á tilteknu tímabili.

Aðferðir við að meta framvindu

41 Viðeigandi aðferðir við að meta framvindu eru m.a. aðferðir er byggjast á afrakstri og aðföngum. Í liðum B14–B19 eru settar fram leiðbeiningar um notkun aðferða er byggjast á afrakstri og aðföngum til að meta framvindu einingar við að efna árangurstengda skuldbindingu að fullu. Við ákvörðun á viðeigandi aðferð til að meta framvindu skal eining líta til eðlis vörunnar eða þjónustunnar sem hún hefur lofað að yfirfæra til viðskiptavinarins.

42 Við beitingu aðferðar við að meta framvindu skal eining útiloka frá mati þær vörur eða þjónustu sem einingin hefur ekki fært viðskiptavini yfirráð yfir. Á hinn bóginn skal eining fella inn í mat á framvindu þær vörur eða þjónustu sem einingin hefur fært viðskiptavini yfirráð yfir þegar hún efnir þá árangurstengdu skuldbindingu.

43 Eftir því sem aðstæður breytast skal eining uppfæra mat sitt á framvindu svo að það endurspegli hvers kyns breytingar á niðurstöðu árangurstengdu skuldbindingarinnar. Slíkar breytingar á mati eignar á framvindu skulu færðar sem breyting á reikningshaldslegu mati í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á mati í reikningsskilum og skekkjur*.

Viðeigandi mat á framvindu

44 Eining skal færa tekjur vegna árangurstengdrar skuldbindingar, sem er efnd á tilteknu tímabili, ef hún getur metið með skynsamlegum hætti framvindu sína við að efna árangurstengdu skuldbindinguna að fullu. Eining myndi ekki vera fær um að meta með skynsamlegum hætti framvindu sína við að efna árangurstengda skuldbindingu að fullu ef hana skortir áreiðanlegar upplýsingar sem krafist yrði til þess að beita viðeigandi aðferð við að meta framvindu.

45 Við ákveðnar aðstæður (til dæmis á fyrstu stigum samnings) má vera að eining sé ekki fær um að meta niðurstöðu árangurstengdrar skuldbindingar með skynsamlegum hætti en hún hefur væntingar um að endurheimta þann kostnað sem stofnað er til við að efna árangurstengdu skuldbindinguna. Við þær aðstæður skal einingin færa tekjur aðeins fyrir þann kostnað sem stofnað er til eða þar til hún getur metið með skynsamlegum hætti niðurstöðu árangurstengdu skuldbindingarinnar.

MAT

46 Þegar (eða eftir því sem) árangurstengd skuldbinding er efnd skal eining færa sem tekjur fjárhæð viðskiptaverðsins (sem útilokar mat á breytilegu endurgjaldi sem er takmarkað í samræmi við 56.–58. lið) sem er ráðstafað til þeirrar árangurstengdu skuldbindingar.

Ákvörðun um viðskiptaverð

47 Eining skal líta til skilmála samningsins og hefðbundinna viðskiptahátta sinna til þess að ákvarða viðskiptaverð. Viðskiptaverð er fjárhæð endurgjalds sem eining gerir ráð fyrir að eiga rétt á í skiptum fyrir umsamdar vörur eða þjónustu sem eru yfirfærðar til viðskiptavinar, að frátalinni fjárhæð sem er innheimt fyrir hönd þriðju aðila (t.d. söluskattur). Endurgjaldið, sem lofað er samkvæmt samningi við viðskiptavin, getur m.a. verið föst fjárhæð, breytileg fjárhæð eða hvort tveggja.

48 Eðli, tímasetning og fjárhæð endurgjalds sem viðskiptavinur hefur lofað hefur áhrif á mat á viðskiptaverði. Við ákvörðun viðskiptaverðs skal eining líta til áhrifa allra eftirfarandi þátta:

a) breytilegs endurgjalds (sjá 50.–55. lið og 59. lið),

b) takmarkandi mats á breytilegu endurgjaldi (sjá 56.–58. lið),

c) mikilvægs fyrirliggjandi fjármögnunarþáttar í samningnum (sjá 60.–65. lið)

d) endurgjalds sem er ekki handbært fé (sjá 66.–69. lið) og

e) endurgjalds til viðskiptavinar (sjá 70.–72. lið).

49 Til þess að ákvarða viðskiptaverð skal eining gera ráð fyrir að vörurnar eða þjónustan verði yfirfærð til viðskiptavinarins eins og kveðið er á um í gildandi samningi og að samningnum verði hvorki sagt upp, hann endurnýjaður né honum breytt.

Breytilegt endurgjald

50 Ef í endurgjaldi, sem kveðið er á um í samningi, felst breytileg fjárhæð skal eining meta fjárhæð endurgjaldsins sem hún mun eiga rétt á í skiptum fyrir yfirfærslu á umsömdum vörum eða þjónustu til viðskiptavinar.

51 Fjárhæð endurgjaldsins getur verið breytileg vegna afsláttar, endurgreiðslna, lána, verðívilnana, hvata, árangurstengdra aukagreiðslna, sekta eða annarra svipaðra liða. Umsamið endurgjald getur einnig breyst ef réttur einingar til hennar veltur á því hvort framtíðaratburður á sér stað. Til dæmis myndi fjárhæð endurgjalds breytast ef annaðhvort varan væri seld með skilarétti eða ef fastri fjárhæð er lofað sem árangurstengdum aukagreiðslum þegar settu marki er náð.

52 Setja má fram með beinum hætti í samningnum breytileika tengdan loforði viðskiptavinar um endurgjald. Fyrir utan það sem fram kemur í samningsskilmálunum er umsamið endurgjald breytilegt ef aðrar hvorar eftirfarandi aðstæðna eru fyrir hendi:

a) Viðskiptavinur hefur réttmætar væntingar á grundvelli hefðbundinna viðskiptahátta einingarinnar, birtra stefnumiða eða sérstakra yfirlýsinga um að einingin muni taka við lægra endurgjaldi en verð í samningnum segir til um. Það er, þess er vænst að einingin muni bjóða verðívilnun. Vísa má til þess tilboðs sem afsláttar, endurgreiðslu eða láns, allt eftir lögsögu, atvinnugrein eða viðskiptavini.

b) Önnur málsatvik og aðstæður gefa til kynna að ásetningur einingarinnar, við gerð samnings við viðskiptavininn, sé sá að bjóða honum verðívilnun.

53 Eining skal meta fjárhæð breytilegs endurgjalds með því að beita annarri hvorri eftirfarandi aðferða en hvor það verður veltur á því hvor þeirra einingin telur að spái betur fyrir um fjárhæð endurgjalds sem hún á rétt á:

a) Vænt virði — vænt virði er summa líkindaveginna fjárhæða innan bils mögulegra greiðslufjárhæða. Vænt virði getur verið viðeigandi mat á fjárhæð breytilegs endurgjalds ef eining hefur mikinn fjölda samninga með svipuð sérkenni.

b) Líklegasta fjárhæð — líklegasta fjárhæðin er sú fjárhæð sem talin er líklegust innan bils mögulegra greiðslufjárhæða (þ.e. líklegasta niðurstaða samningsins). Líklegasta fjárhæðin kann að vera viðeigandi mat á fjárhæð breytilegs endurgjalds ef tvær niðurstöður samningsins eru mögulegar (t.d. nær eining annaðhvort markmiði vegna árangurstengdra aukagreiðslna eða ekki).

54 Eining skal beita einni aðferð með samræmdum hætti gagnvart samningnum í heild þegar lagt er mat á áhrif óvissu á fjárhæð breytilegs endurgjalds sem einingin mun eiga rétt á. Enn fremur skal eining líta til allra upplýsinga (sögulegra, nýrra og fyrirsjáanlegra) sem hún hefur fremur greiðan aðgang að og greina hæfilegan fjölda mögulegra greiðslufjárhæða. Þær upplýsingar, sem eining notar til að meta fjárhæð breytilegrar greiðslu, væru að jafnaði svipaðar þeim upplýsingum sem stjórn einingarinnar notar í útboðs- og tilboðsferlinu og við að ákveða verð fyrir umsamdar vörur eða þjónustu.

Skuldir vegna endurgreiðslna

55 Eining skal færa skuld vegna endurgreiðslna ef hún tekur við greiðslu frá viðskiptavini og væntir þess að endurgreiða viðskiptavininum hluta greiðslunnar eða hana alla. Skuld vegna endurgreiðslna er metin við fjárhæð móttekins endurgjalds (eða kröfu) sem einingin hefur ekki væntingar um að eiga rétt á (þ.e. fjárhæðir sem eru ekki hluti af viðskiptaverði). Uppfæra skal skuld vegna endurgreiðslna (og samsvarandi breytingu á viðskiptaverði og, þar með, samningsbundna skuld) við lok hvers reikningsskilatímabils vegna breytinga á aðstæðum. Við færslu skuldar vegna endurgreiðslna er tengjast sölu með skilarétti skal eining nota leiðbeiningarnar í liðum B20–B27.

Takmarkanir í mati á breytilegri fjárhæð

56 Eining skal taka fjárhæð breytilega endurgjaldsins, í heild eða að hluta, sem metið er í samræmi við 53. lið, með í viðskiptaverð aðeins að því marki að miklar líkur séu á að ekki verði veruleg bakfærsla á fjárhæð færðra uppsafnaðra tekna þegar leyst verður síðar úr þeirri óvissu sem tengist breytilega endurgjaldinu.

57 Við mat á því hvort fyrir hendi séu miklar líkur á að ekki verði veruleg bakfærsla á fjárhæð færðra uppsafnaðra tekna þegar leyst hefur verið úr þeirri óvissu, sem tengist breytilegu greiðslunni, skal eining líta bæði til þess hverjar líkur á því eru og þess hversu mikil bakfærsla tekna gæti orðið. Þeir þættir, sem kynnu að auka líkur á bakfærslu eða umfangi bakfærslu tekna, geta m.a. verið, en takmarkast þó ekki við, eftirfarandi:

a) fjárhæð endurgjalds er mjög næm fyrir þáttum utan áhrifasviðs einingarinnar. Þessir þættir geta m.a. verið flökt á markaði, mat eða aðgerðir þriðju aðila, veðurskilyrði og mikil hætta á úreldingu á umsaminni vöru eða þjónustu,

b) ekki er búist við því að leyst verði úr óvissu varðandi fjárhæð endurgjalds um langan tíma,

c) einingin hefur takmarkaða reynslu af (eða gögn um) svipaðar tegundir samninga eða slík reynsla hefur (eða önnur gögn hafa) takmarkað forspárgildi,

d) venja einingarinnar er að bjóða annaðhvort margvíslegar verðívilnanir eða breyta greiðsluskilmálum og -skilyrðum svipaðra samninga við svipaðar aðstæður,

e) í samningnum kemur fram mikill fjöldi og margvíslegar mögulegar greiðslufjárhæðir.

58 Eining skal beita lið B63 til að færa greiðslu í formi sölubundinna eða nýtingarbundinna rétthafagreiðslna sem lofað er í skiptum fyrir leyfi vegna hugverka.

Endurmat á breytilegu endurgjaldi

59 Við lok hvers reikningsskilatímabils skal eining uppfæra mat á viðskiptaverði (þ.m.t. uppfæra mat sitt á því hvort mat á breytilegu endurgjaldi sé takmarkað) til að endurspegla nákvæmlega þær aðstæður sem ríktu við lok reikningsskilatímabilsins og þær breytingar á aðstæðum sem ríktu á reikningsskilatímabilinu. Einingin skal færa breytingar á yfirfærsluverði í samræmi við 87.-90. lið.

Mikilvægur fjármögnunarþáttur í samningnum

60 Við ákvörðun á viðskiptaverði skal eining leiðrétta umsamda fjárhæð endurgjalds fyrir áhrifum af tímavirði peninga ef tímasetning greiðslna, sem samningsaðilar hafa samþykkt (annaðhvort með beinum eða óbeinum hætti), veitir viðskiptavininum eða einingunni verulegan ávinning við fjármögnun á yfirfærslu vara eða þjónustu til viðskiptavinarins. Við þær aðstæður inniheldur samningurinn mikilvægan fjármögnunarþátt. Mikilvægur fjármögnunarþáttur kann að vera fyrir hendi óháð því hvort loforð um fjármögnun sé sett fram með skýrum hætti í samningnum eða með óbeinum hætti í greiðsluskilmálum sem samningsaðilar hafa samþykkt.

61 Markmiðið með því að leiðrétta umsamda fjárhæð endurgjalds fyrir mikilvægum fjármögnunarþætti er að eining færi tekjur sem endurspegla það verð umsaminnar vöru eða þjónustu sem viðskiptavinurinn hefði greitt fyrir ef hann hefði greitt með handbæru fé þær vörur og þjónustu við yfirfærslu þeirra til viðskiptavinarins (þ.e. staðgreiðsluverð). Eining skal skoða alla viðeigandi málavexti og aðstæður við mat á því hvort samningur feli í sér fjármögnunarþátt og hvort sá fjármögnunarþáttur sé mikilvægur samningnum, m.a. báða eftirfarandi þætti:

a) mismuninn, ef einhver er, á milli fjárhæðar umsamins endurgjalds og staðgreiðsluverðs umsaminna vara og þjónustu og

b) samanlögð áhrif beggja eftirfarandi þátta:

i) áætlaðs tíma frá yfirfærslu einingar á umsaminni vöru eða þjónustu til viðskiptavinarins og þar til viðskiptavinurinn greiðir fyrir þessar vörur eða þjónustu og

ii) gildandi vaxta á viðeigandi markaði.

62 Þrátt fyrir matið í 61. gr. hefði samningur við viðskiptavin ekki mikilvægan fjármögnunarþátt ef einhver eftirfarandi þátta er til staðar:

a) viðskiptavinurinn greiddi fyrir vörurnar eða þjónustuna fyrir fram og tímasetning yfirfærslu á þeim vörum eða þjónustu var ákvörðuð af viðskiptavininum,

b) umtalsverður hluti endurgjalds, sem viðskiptavinur lofar, er breytilegur og fjárhæð og tímasetning endurgreiðslunnar tekur breytingum á grundvelli þess hvort framtíðaratburður verður sem viðskiptavinurinn eða einingin hefur engin raunveruleg áhrif á hvort muni eiga sér stað eða ekki (t.d. ef greiðslan er sölubundin réttahafagreiðsla),

c) mismunurinn á milli umsamins endurgjalds og staðgreiðsluverðs vöru eða þjónustu (eins og lýst er í 61. lið) kemur til af öðrum ástæðum en aðgangi viðskiptavinarins eða einingarinnar að fjármagni og er mismunurinn milli þeirra fjárhæða í hlutfalli við ástæðu mismunarins. Til dæmis gætu greiðsluskilmálarnir varið einingunа eða viðskiptavininn fyrir því að hinn aðilinn standi ekki fyllilega við allar eða sumar skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

63 Í þágu hentugleika þarf eining ekki að leiðrétta umsamda fjárhæð endurgjalds fyrir áhrifum mikilvægs fjármögnunarþáttar ef einingin væntir þess, við gildistöku samningsins, að innan við eitt ár líði frá yfirfærslu einingar á umsaminni vöru eða þjónustu til viðskiptavinar þar til viðskiptavinurinn greiðir fyrir þá vöru eða þjónustu.

64 Til að uppfylla markmið 61. liðar við leiðréttingu á umsaminni fjárhæð endurgjalds fyrir mikilvægum fjármögnunarþætti skal eining nota afvöxtunarstuðul sem endurspeglast í aðskildum fjármögnunarviðskiptum milli einingarinnar og viðskiptavinarins við gildistöku samningsins. Sá stuðull myndi endurspegla lánshæfiseinkenni þess aðila sem fær fjármögnun í samningnum, auk hvers kyns veða eða trygginga sem viðskiptavinurinn eða einingin lætur í té, m.a. eigna sem yfirfærðar eru í samningnum. Eining getur ákveðið þennan stuðul með því að finna stuðul sem afvaxtar nafnverð umsaminnar endurgreiðslu að verðinu sem viðskiptavinurinn myndi greiða í handbæru fé fyrir vöru eða þjónustu þegar (eða eftir því sem) þær væru yfirfærðar til viðskiptavinarins. Eftir gildistöku samningsins skal eining ekki uppfæra afvöxtunarstuðulinn vegna breytinga á vöxtum eða öðrum aðstæðum (s.s. breytinga á mati á útlánaáhættu vegna viðskiptavinarins).

65 Eining skal setja fram fjármögnunarþætti (vaxtatekjur eða vaxtakostnað) aðskilið frá tekjum af samningum við viðskiptavini í yfirlitinu um heildarafkomu. Vaxtatekjur eða vaxtakostnaður eru aðeins færð að því marki sem samningseign (eða viðskiptakröfur) eða samningsskuld er færð í reikningsskilum samnings við viðskiptavin.

Endurgjald sem er ekki handbært fé

66 Til að ákvarða viðskiptaverð í samningum þar sem viðskiptavinur lofar endurgjaldi, sem er ekki handbært fé, skal eining meta endurgjaldið, sem er ekki handbært fé, (eða samninga um endurgreiðslu sem er ekki handbært fé) á gangvirði.

67 Ef eining getur ekki metið gangvirði endurgjalds, sem er ekki handbært fé, með skynsamlegum hætti skal hún meta endurgjaldið með óbeinum hætti með vísun til sjálfstæðs söluverðs fyrir vörur eða þjónustu sem viðskiptavininum (eða flokki viðskiptavina) er lofað í skiptum fyrir endurgjaldið.

68 Gangvirði endurgjalds, sem ekki er handbært fé, getur verið mismunandi allt eftir því í hvaða formi endurgreiðslan er (t.d. breyting á verði hlutabréfs sem eining á rétt á að fá frá viðskiptavini). Ef gangvirði umsaminnar endurgreiðslu, sem ekki er handbært fé, er mismunandi af annarri ástæðu en aðeins formi endurgjaldsins (t.d. gæti gangvirði verið mismunandi eftir árangri einingarinnar) skal eining beita kröfunum í 56.–58. lið.

69 Ef viðskiptavinur leggur til vörur eða þjónustu (t.d. efni, búnað eða vinnuframlag) til að auðvelda einingunni að efna samninginn skal einingin meta hvort hún öðlist yfirráð yfir þessum vörum eða þjónustu. Ef svo er, skal einingin færa framlagðar vörur eða þjónustu sem endurgjald, sem er ekki handbært fé, frá viðskiptavininum.

Endurgjald til viðskiptavinar

70 Endurgjald til viðskiptavinar er m.a. handbært fé sem eining greiðir, eða hyggst greiða, viðskiptavini (eða öðrum aðilum sem kaupa vörur eða þjónustu einingarinnar af viðskiptavininum). Endurgjald til viðskiptavinar tekur einnig til lána eða annarra liða (t.d. afsláttarmiða eða inneignarmiða) sem framvísa má gegn skuld hjá einingunni (eða af öðrum aðilum sem kaupa vörur eða þjónustu einingarinnar af viðskiptavininum). Eining skal færa endurgjald til viðskiptavinar sem lækkun á viðskiptaverði og því sem tekjur nema greiðsla til viðskiptavinarins sé í skiptum fyrir aðgreinda vöru eða þjónustu (eins og lýst er í 26.-30. lið) sem viðskiptavinurinn yfirfærir til einingarinnar. Ef endurgjaldið til viðskiptavinarins felur í sér breytilega fjárhæð skal eining meta viðskiptaverð (þ.m.t. hvort mat á breytilegu endurgjaldi sé takmarkað) í samræmi við 50.–58. lið.

71 Ef endurgreiðsla til viðskiptavinarins er greiðsla fyrir aðgreinda vöru eða þjónustu skal eining færa kaup á vörum og þjónustu á sama hátt og hún færir kaup á vörum frá birgjum. Ef fjárhæð endurgjalds til viðskiptavinar er hærri en gangvirði aðgreindrar vöru eða þjónustu, sem einingin tekur við frá viðskiptavininum, skal einingin færa slíka hækkun sem lækkun á viðskiptaverði. Ef einingin getur ekki metið með skynsamlegum hætti gangvirði vöru eða þjónustu frá viðskiptavininum skal hún færa allt endurgjald til viðskiptavinarins sem lækkun á viðskiptaverði.

72 Til samræmis við það skal eining færa, ef endurgjald til viðskiptavinar er fært sem lækkun á viðskiptaverði, samdrátt á tekjum þegar (eða eftir því sem) sá síðari af eftirfarandi atburðum á sér stað:

a) einingin færir tekjur af yfirfærslu tengdra vara eða þjónustu til viðskiptavinarins og

b) einingin greiðir eða lofar endurgjaldi (jafnvel þótt greiðslan sé háð framtíðaratburði). Það loforð getur verið í samræmi hefðbundna viðskiptahætti einingarinnar.

Ráðstöfun viðskiptaverðs til árangurstengdra skuldbindinga

73 Markmiðið við ráðstöfun viðskiptaverðs er að eining ráðstafi viðskiptaverðinu til hverrar árangurstengdrar skuldbindingar (eða aðgreindrar vöru eða þjónustu) sem nemur fjárhæð sem sýnir fjárhæð endurgjalds sem einingin gerir ráð fyrir að eiga rétt á í skiptum fyrir yfirfærslu umsaminna vara eða þjónustu til viðskiptavinarins.

74 Til að ná ráðstöfunarmarkmiðinu skal eining ráðstafa viðskiptaverði til hverrar árangurstengdrar skuldbindingar, sem tilgreind er í samningnum, á grundvelli hlutfallslegs sjálfstæðs söluverðs í samræmi við 76.–80. lið nema eins og tilgreint er í 81.–83. lið (fyrir ráðstöfun afsláttar) og í 84.–86. lið (fyrir ráðstöfun endurgjalds sem felur í sér breytilegar fjárhæðir).

75 Ákvæði 76.–86. liðar gilda ekki ef samningurinn inniheldur aðeins eina árangurstengda skuldbindingu. Ákvæði 84.–86. liðar geta hins vegar átt við ef eining lofar að yfirfæra röð aðgreindra vara eða þjónustu sem tilgreind er sem árangurstengd skuldbinding í samræmi við b-lið 22. liðar og ef í umsaminni endurgreiðslu felast breytilegar fjárhæðir.

Ráðstöfun á grundvelli sjálfstæðs söluverðs

76 Til að ráðstafa viðskiptaverði til hverrar árangurstengdrar skuldbindingar á grundvelli hlutfallslegs sjálfstæðs söluverðs skal eining ákvarða sjálfstætt söluverð við gildistöku samningsins um aðgreinda vöru eða þjónustu, sem liggur til grundvallar árangurstengdri skuldbindingu í samningnum, og ráðstafa viðskiptaverði í réttu hlutfalli við þessi sjálfstæðu söluverð.

77 Sjálfstætt söluverð er það verð sem eining myndi selja umsamda aðskilda vöru eða þjónustu á til viðskiptavinar. Besta vísbendingin um sjálfstætt söluverð er sannreynanlegt verð vöru eða þjónustu þegar einingin selur þá vöru eða þjónustu sérstaklega við sambærilegar aðstæður og til sambærilegra viðskiptavina. Samningsbundið verð eða skráð verð vöru eða þjónustu getur verið (en þarf ekki að vera) sjálfstætt söluverð þeirrar vöru eða þjónustu.

78 Ef sjálfstætt söluverð er ekki sannreynanlegt með beinum hætti skal eining meta sjálfstætt söluverð við fjárhæð sem myndi leiða af ráðstöfun viðskiptaverðs sem nær ráðstöfunarmarkmiðinu í 73. lið. Við mat á sjálfstæðu söluverði skal eining líta til allra upplýsinga (þ.m.t. markaðsaðstæðna, þátta sem eiga við um tilteknar einingar og upplýsinga um viðskiptavininn eða flokk viðskiptavina) sem hún hefur fremur greiðan aðgang að. Í því sambandi ætti eining að hámarka notkun á sannreynanlegu ílagi og nota matsaðferðir með samræmdum hætti við svipaðar aðstæður.

79 Viðeigandi aðferðir við að meta sjálfstætt söluverð vöru eða þjónustu eru m.a., en takmarkast ekki við, eftirfarandi:

a) Aðferð leiðréttts markaðsmats — eining gæti metið markaðinn þar sem hún selur vörur sínar eða þjónustu og áætlað verðið sem viðskiptavinur á þeim markaði væri tilbúinn að greiða fyrir þær vörur og þjónustu. Sú aðferð gæti einnig falið í sér vísun í verð samkeppnisaðila einingarinnar á sambærilegum vörum eða þjónustu og leiðréttingu á því verði að því marki sem nauðsynlegt er til að endurspegla kostnað og framlegð einingarinnar.

b) Aðferð áætlaðs kostnaðar auk framlegðar — eining gæti spáð fyrir um væntan kostnað við að efna árangurstengdu skuldbindinguna og síðan bætt við viðeigandi framlegð fyrir þær vörur eða þjónustu.

c) Eftirstöðvaaðferðin — eining getur metið sjálfstætt söluverð með vísan til heildarviðskiptaverðs að frádreginni summu sannreynanlegs sjálfstæðs söluverðs annarra vara eða þjónustu sem lofað er í samningnum. Eining getur hins vegar aðeins notað eftirstöðvaaðferðina til að meta, í samræmi við 78. lið, sjálfstætt söluverð vöru eða þjónustu því aðeins að eitt eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt:

i) einingin selur sömu vöru eða þjónustu til mismunandi viðskiptavina (á sama eða því sem næst sama tíma) á margvíslegu verði (þ.e. söluverðið er mjög breytilegt vegna þess að dæmigert sjálfstætt söluverð er ekki greinanlegt í fyrri viðskiptum eða í öðrum sannreynanlegum gögnum) eða

ii) einingin hefur enn ekki ákveðið verð þeirrar vöru eða þjónustu og varan eða þjónustan hefur ekki áður verið seld á grundvelli sjálfstæðs söluverðs (þ.e. söluverðið er óvíst).

80 Nota má sambland þessara aðferða til að meta sjálfstætt söluverð fyrir vörur eða þjónustu sem lofað er í samningi ef verð á tveimur eða fleiri af þessum vörum eða þjónustu er mjög breytilegt eða óvisst sjálfstætt söluverð. Til dæmis má eining nota eftirstöðvaaðferð til að meta samanlagt sjálfstætt söluverð þessara umsömdu vara eða þjónustu ef sjálfstæða söluverðið er mjög breytilegt eða óvisst og síðan notað aðra aðferð til að meta sjálfstætt söluverð stakrar vöru eða þjónustu borið saman við áætlað samanlagt sjálfstætt söluverð sem ákvarðað er með eftirstöðvaaðferðinni. Þegar eining notar sambland aðferða til að meta sjálfstætt söluverð hverrar umsaminnar vöru eða þjónustu í samningnum skal hún meta hvort ráðstöfun viðskiptaverðs á þessu vænta sjálfstæða söluverði sé í samræmi við ráðstöfunarmarkmiðið í 73. lið og kröfur um mat á sjálfstæðu söluverði í 78. lið.

Ráðstöfun afsláttar

81 Viðskiptavinur fær afslátt við kaup á samstæðu vara eða þjónustu ef summa sjálfstæðra söluverða á vörum og þjónustu, sem lofað er í samningnum, fer yfir umsamda greiðslu í samningnum. Einingin skal ráðstafa afslætti í réttu hlutfalli við árangurstengdar skuldbindingar í samningnum nema þegar hún hefur undir höndum sannreynanleg gögn í samræmi við 82. lið sem sýna að heildarafslátturinn tengist einum eða fleiri, þó ekki öllum, árangurstengdum skuldbindingum í samningnum. Hlutfallsleg ráðstöfun afsláttar við þessar aðstæður er afleiðing af því að eining ráðstafar viðskiptaverði til hverrar árangurstengdrar skuldbindingar á grundvelli viðkomandi sjálfstæðra söluverða undirliggjandi aðgreindra vara eða þjónustu.

82 Eining skal ráðstafa afslætti í heild til einnar eða fleiri, þó ekki allra, árangurstengdra skuldbindinga í samningnum ef öll eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

a) einingin selur reglubundið hverja aðgreinda vöru eða þjónustu (eða hverja samstæðu aðgreindra vara eða þjónustu) sem tilgreind er í samningnum á grundvelli sjálfstæðs söluverðs,

b) einingin selur einnig reglubundið, á grundvelli sjálfstæðs söluverðs, sem samstæðu (eða samstæður) sumar af þessum aðgreindu vörum eða þjónustu með afslætti af sjálfstæðum söluverðum á vörum eða þjónustu í hverri samstæðu og

c) afslátturinn, sem tengist hverri samstæðu vara eða þjónustu og lýst er í b-lið 82. liðar, er að mestu leyti hinn sami og afslátturinn í samningnum og greining á vörum eða þjónustu hverrar samstæðu sýnir sannreynanleg gögn fyrir árangurstengdu skuldbindinguna (eða árangurstengdu skuldbindingarnar) sem heildarafslátturinn í samningnum tilheyrir.

83 Ef afslætti er ráðstafað í heild sinni til einnar eða fleiri árangurstengdrar skuldbindingar í samræmi við 82. lið skal eining ráðstafa afslættinum áður en eftirstöðvaaðferðinni er beitt til að meta sjálfstætt söluverð vöru eða þjónustu í samræmi við c-lið 79. liðar.

Ráðstöfun breytilegs endurgjalds

84 Breytilegt endurgjald, sem lofað er í samningi, getur náð yfir allan samninginn eða tiltekinn hluta hans, s.s. annan hvorn eftirfarandi hluta:

a) eina eða fleiri, þó ekki allar, árangurstengdu skuldbindingarnar í samningnum (t.d. getur árangurstengd aukagreiðsla verið háð því að eining yfirfæri umsamda vöru eða þjónustu innan tiltekins tíma) eða

b) eina eða fleiri, þó ekki allar, aðgreindar vörur eða þjónusta sem lofað er í röð aðgreindra vara eða þjónustu sem mynda hluta af einni árangurstengdri skuldbindingu í samræmi við b-lið 22. liðar (t.d. mun endurgjald sem lofað er á öðru ári tveggja ára samnings um hreingerningaþjónustu hækka á grundvelli breytinga á tiltekinni verðbólguvísitölu).

85 Eining skal ráðstafa breytilegri fjárhæð (og síðari breytingum á þeirri fjárhæð) í heild sinni til árangurstengdrar skuldbindingar eða aðgreindrar vöru eða þjónustu sem myndar hluta af einni árangurstengdri skuldbindingu í samræmi við b-lið 22. liðar ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) skilmálar breytilegrar greiðslu tengjast sérstaklega viðleitni einingarinnar til að efna árangurstengdu skuld bindinguna eða yfirfærslu á aðgreindri vöru eða þjónustu (eða tilteknum árangri sem hlýst af því að efna árangurstengdu skuldbindinguna eða yfirfæra aðgreindu vöruna eða þjónustuna) og

b) breytilegri fjárhæð endurgjalds er ráðstafað í heild sinni til árangurstengdu skuldbindingarinnar eða aðgreind vara eða þjónusta samrýmist ráðstöfunarmarkmiðinu í 73. lið þegar litið er til allra árangurstengdra skuldbindinga og greiðsluskilmála samningsins.

86 Beita skal ráðstöfunarkröfunum í 73.-83. lið til þess að ráðstafa eftirstöðvum viðskiptaverðsins þegar viðmiðin, sem sett eru fram í 85. lið, eru ekki uppfyllt.

Breytingar á viðskiptaverði

87 Eftir gildistöku samningsins getur viðskiptaverð tekið breytingum af ýmsum ástæðum, m.a. vegna ófyrirséðra atburða eða annarra breytinga á aðstæðum sem áhrif hafa á fjárhæð þess endurgjalds sem eining gerir ráð fyrir að eiga rétt á í skiptum fyrir umsamdar vörur eða þjónustu.

88 Eining skal ráðstafa til árangurstengdra skuldbindinga í samningi hvers kyns síðari breytingum á viðskiptaverði á sama grundvelli og gert er við gildistöku samnings. Af þessum sökum skal eining ekki endurráðstafa viðskiptaverði til að endurspegla breytingar á sjálfstæðu söluverði eftir gildistöku samnings. Fjárhæðir, sem ráðstafað er til efndrar árangurstengdrar skuldbindingar, skal færa sem tekjur eða sem samdrátt í tekjum á tímabili breytinga á viðskiptaverðinu.

89 Eining skal ráðstafa breytingum á viðskiptaverði í heild sinni til einnar eða fleiri, þó ekki allra, árangurstengdra skuldbindinga eða aðgreindra umsaminna vara eða þjónustu í röð sem myndar hluta af einni árangurstengdri skuldbindingu, í samræmi við b-lið 22. liðar, því aðeins að skilyrði fyrir ráðstöfun á breytilegu endurgjaldi, sem sett eru fram í 85. lið, séu uppfyllt.

90 Eining skal færa breytingu á viðskiptaverði, sem koma til af breytingum á samningi, í samræmi við 18.–21. lið. Að því er varðar breytingar á viðskiptaverði, sem kemur til eftir breytingu á samningi, skal eining þó beita 87.–89. lið til að ráðstafa breytingu á viðskiptaverði á þann eftirfarandi hátt sem á við:

a) Eining skal ráðstafa breytingum á viðskiptaverði til árangurstengdra skuldbindinga sem tilgreindar eru í samningnum fyrir breytinguna ef, og að því marki sem, rekja má breytingu á viðskiptaverðinu til fjárhæðar breytilegs endurgjalds sem lofað var fyrir breytinguna og að breytingin sé færð í samræmi við a-lið 21. liðar.

b) Í öllum öðrum tilvikum þar sem breytingin var ekki færð sem sérstakur samningur í samræmi við 20. lið skal eining ráðstafa breytingu á viðskiptaverði til árangurstengdra skuldbindinga í breytta samningnum (þ.e. til árangurstengdu skuldbindinganna sem ekki náðist að efna, að fullu eða að hluta, strax eftir breytinguna).

SAMNINGSKOSTNAÐUR

Viðbótarkostnaður við að koma á samningi

91 Eining skal eignfæra viðbótarkostnað við að koma á samningi við viðskiptavin ef einingin væntir þess að endurheimta þann kostnað.

92 Viðbótarkostnaður við að koma á samningi er sá kostnaður sem eining stofnar til við að ná samningi við viðskiptavin sem annars hefði ekki verið stofnað til ef samningur hefði ekki náðst (t.d. sölulaun).

93 Kostnað við að ná samningi, sem stofnað hefði verið til óháð því hvort samningi er náð, skal færa sem kostnað þegar stofnað er til hans nema hægt sé að krefja viðskiptavininn um greiðslu kostnaðarins án tillits til þess hvort samningur hefur náðst.

94 Í þágu hentugleika getur eining fært viðbótarkostnað við að koma á samningi sem kostnað þegar stofnað er til hans ef afskriftatímabil eignarinnar, sem einingin hefði annars fært, er styttra en eitt ár.

Kostnaður við að efna samning

95 Ef sá kostnaður, sem stofnað er til við að efna samning gagnvart viðskiptavini, fellur ekki innan gildissviðs annars staðals (t.d. IAS-staðals 2, *birgðir*, IAS-staðals 16, *varanlegir rekstrarfjármunir* eða IAS-staðal 38, *óefnislegar eignir*), skal eining aðeins eignfæra kostnað sem stofnað hefur verið til við að efna samninginn ef kostnaðurinn uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) kostnaðurinn tengist með beinum hætti samningi eða væntanlegum samningi sem einingin getur greint sérstaklega (t.d. kostnaður í tengslum við þjónustu sem veitt er við endurnýjun á gildandi samningi eða kostnaður við hönnun eignar sem yfirfæra á samkvæmt sérstökum samningi sem hefur ekki enn verið samþykktur),

b) kostnaðurinn leiðir til eða eflir verðmæti einingarinnar sem nýtt verða til að efna (eða halda áfram að efna) árangurstengdar skuldbindingar í framtíðinni og

c) gert er ráð fyrir því að kostnaðurinn endurheimtist.

96 Eining skal færa kostnað, sem stofnað er til í því skyni að efna samning við viðskiptavin, sem fellur innan gildissviðs annars staðals, í samræmi við þessa aðra staðla.

97 Kostnaður, sem tengist samningi (eða tilteknum fyrirhuguðum samningi) með beinum hætti, felur í sér eftirfarandi:

a) beinan launakostnað (t.d. tekjur og laun starfsmanna sem veita viðskiptavininum umsamda þjónustu með beinum hætti),

b) beinan efniskostnað (t.d. birgðir sem notaðar eru til að veita viðskiptavininum þjónustu sem lofað hefur verið),

c) ráðstöfun kostnaðar sem tengist samningnum eða rekstri samningsins með beinum hætti (t.d. kostnaðar við stjórnun og eftirlit, vátryggingar og afskriftir tækja, búnaðar og eigna með afnotarétti sem notaðar eru til að efna samninginn),

d) kostnað sem greinilega er hægt að krefja viðskiptavininn um samkvæmt samningi og

e) annan kostnað sem stofnað er til aðeins vegna þess að eining gerði samninginn (t.d. greiðslur til undirverktaka).

98 Eining skal færa eftirfarandi sem kostnað þegar stofnað er til hans:

a) almennan kostnað og stjórnsýslukostnað (nema greinilega sé hægt að krefja viðskiptavininn um þann kostnað samkvæmt samningnum en í því tilviki skal eining meta þann kostnað í samræmi við 97. lið),

b) kostnað vegna lélegrar nýtingar á hráefni, vinnu eða öðrum tilföngum til að efna samninginn sem endurspeglaðist ekki í verði samningsins,

c) kostnað sem tengist því að efna árangurstengdar skuldbindingar (eða efna árangurstengdar skuldbindingar að hluta til) í samningnum (þ.e. kostnað sem tengist fyrri árangri) og

d) kostnað sem eining getur ekki greint hvort tengist árangurstengdum skuldbindingum sem ekki hafa verið efndar eða árangurstengdum skuldbindingum sem hafa verið efndar (eða árangurstengdum skuldbindingum sem hafa verið efndar að hluta).

Afskriftir og virðisrýrnun

99 Afskrifa skal eign, sem færð hefur verið í samræmi við 91. eða 95. lið, með kerfisbundnum hætti sem er í samræmi við yfirfærslu til viðskiptavinar á vörum eða þjónustu sem eignin tengist. Eignin getur tengst vöru eða þjónustu sem yfirfæra á samkvæmt tilteknum fyrirhuguðum samningi (eins og lýst er í a-lið 95. liðar).

100 Eining skal uppfæra afskriftirnar til að endurspegla umtalsverða breytingu á þeim tíma sem eining áætlar til yfirfærslu á vörum eða þjónustu, sem eignin tengist, til viðskiptavinar. Færa skal slíka breytingu sem breytingu á reikningshaldslegu mati í samræmi við IAS-staðal 8.

101 Eining skal færa virðisrýrnunartap í rekstrarreikning að því marki sem bókfært verð eignar, sem fært hefur verið í samræmi við 91. eða 95. lið, er hærra en:

a) eftirstöðvar endurgjalds, sem einingin væntir í skiptum fyrir vörur eða þjónustu sem eignin tengist, að frádregnum

b) kostnaði sem tengist því með beinum hætti að láta í té þær vörur eða þá þjónustu og hefur ekki áður verið færður sem útgjöld (sjá 97. lið).

102 Þegar 101. lið er beitt við ákvörðun á fjárhæð endurgjalds, sem eining getur vænst, skal eining nota meginreglurnar um ákvörðun viðskiptaverðs (nema að því er varðar kröfurnar í 56.–58. lið um takmörkun mats á breytilegu endurgjaldi) og leiðrétta þá fjárhæð til að endurspegla áhrif af útlánaáhættu vegna viðskiptavinarins.

103 Áður en eining færir virðisrýrnunartap vegna eignar sem færð hefur verið í samræmi við 91. eða 95. lið skal hún færa hvers kyns virðisrýrnunartap vegna eigna sem tengjast samningi sem færður er samkvæmt öðrum staðli (t.d. IAS-staðli 2, IAS-staðli 16 og IAS-staðli 38). Eftir að hafa beitt virðisrýrnunarprófinu í 101. lið skal eining telja bókfært verð eignarinnar, sem af þessu leiðir og fært er í samræmi við 91. eða 95. lið, með í bókfærðu verði fjárskapandi einingarinnar (e. *unit*) sem hún tilheyrir í því skyni að beita IAS-staðli 36, *virðisrýrnun eigna*, gagnvart þeirri fjárskapandi einingu.

104 Eining skal færa í rekstrarreikning bakfærslu virðisrýrnunartaps, að hluta eða í heild, í samræmi við 101. lið þegar virðisrýrnunarskilyrðin eru ekki lengur fyrir hendi eða hafa lagast. Hækkað bókfært verð eignarinnar skal ekki fara yfir þá fjárhæð sem hefði verið ákvörðuð (að frádregnum afskriftum) ef ekkert virðisrýrnunartap hefði verið fært áður.

FRAMSETNING

105 Þegar annar hvor aðili samnings hefur uppfyllt skyldur sínar skal eining setja samninginn fram í efnahagsreikningi sem samningseign eða samningsskuld en hvort það verður veltur á tengslunum milli árangurs einingarinnar og greiðslna viðskiptavinarins. Eining skal setja hvers kyns skilyrðislausan rétt til endurgjalds fram sérstaklega sem viðskiptakröfu.

106 Ef viðskiptavinur greiðir endurgjald eða ef eining á rétt á skilyrðislausu endurgjaldi (þ.e. viðskiptakröfu) áður en einingin yfirfærir vöru eða þjónustu til viðskiptavinarins skal einingin telja samninginn fram sem samningsskuld þegar greiðslan fer fram eða þegar greiðslu ber að inna af hendi (hvort sem gerist fyrr). Samningsskuld er skuldbinding einingar um að flytja vörur eða þjónustu til viðskiptavinar sem viðskiptavinur hefur greitt einingunni fyrir (eða fjárhæð endurgjalds er fallin í gjalddaga).

107 Ef eining efnir skuldbindingar sínar með því að yfirfæra vörur eða þjónustu til viðskiptavinar áður en viðskiptavinurinn greiðir endurgjald eða greiðslan fellur í gjalddaga skal einingin telja samninginn fram sem samningseign, að undanskildum fjárhæðum sem settar eru fram sem viðskiptakröfur. Samningseign er réttur einingar til endurgjalds í skiptum fyrir vörur eða þjónustu sem einingin hefur yfirfært til viðskiptavinar. Eining skal meta samningseign með tilliti til virðisrýrnunar í samræmi við IFRS-staðal 9. Virðisrýrnun samningseignar skal metin, kynnt og birt á sama hátt og fjáreign sem fellur innan gildissviðs IFRS-staðals 9 (sjá einnig b-lið 113. liðar).

108 Viðskiptakrafa er réttur einingar til skilyrðislauss endurgjalds. Réttur til endurgjalds er án skilyrða ef það er aðeins spurning um tíma hvenær greiðsla endurgjaldsins fellur í gjalddaga. Eining myndi t.d. færa viðskiptakröfu ef hún á rétt á greiðslu, jafnvel þótt endurgreiða þurfi þá fjárhæð síðar. Eining skal færa viðskiptakröfu í samræmi við IFRS-staðal 9. Við upphaflega færslu viðskiptakröfu í samningi við viðskiptavin skal hvers kyns munur á mati á viðskiptakröfu í samræmi við IFRS-staðal 9 og samsvarandi fjárhæð færðra tekna sett fram sem kostnaður (t.d. sem virðisrýrnunartap).

109 Í þessum staðli eru notuð hugtökin „samningseign“ og „samningsskuld“ en það bannar einingu ekki að lýsa þessum liðum með öðrum hætti í efnahagsreikningi sínum. Ef eining notar annars konar lýsingu á samningseign skal hún veita notanda reikningsskila nægilegar upplýsingar til að greina á milli viðskiptakrafna og samningseigna.

BIRTING UPPLÝSINGA

110 Markmiðið með kröfum um birtingu upplýsinga er að eining veiti notendum reikningsskila nægilegar upplýsingar til þess að skilja eðli, fjárhæð, tímasetningu og óvissu tekna og sjóðstreymis sem leiðir af samningum við viðskiptavini. Til að ná því markmiði skal eining greina frá efnislegum og tölulegum upplýsingum um alla eftirfarandi þætti:

a) samninga hennar við viðskiptavini (sjá 113.–122. lið),

b) mikilvægt mat og breytingar á mati sem kemur til við beitingu þessa staðals gagnvart þessum samningum (sjá 123.–126. lið) og

c) eignir sem eru færðar sem kostnaðar við að koma á eða efna samning við viðskiptavin í samræmi við 91. eða 95. lið (sjá 127.–128. lið).

111 Eining skal meta hversu nákvæmar upplýsingar nauðsynlegt er að veita til að uppfylla markmiðið um upplýsingagjöf og hversu mikla áherslu hún leggur á hverja kröfu. Eining skal bæta við upplýsingum eða fjarlægja þær þannig að nýtanlegar upplýsingar séu ekki ógreinilegar annaðhvort vegna þess að þær eru settar fram innan um fjölda óverulegra smáatriða eða samsafn efnislega ólíkra þátta.

112 Eining þarf ekki að birta upplýsingar í samræmi við þennan staðal ef hún hefur veitt upplýsingarnar í samræmi við annan staðal.

Samningar við viðskiptavini

113 Eining skal greina frá öllum eftirfarandi fjárhæðum á reikningsskilatímabilinu nema gerð sé grein fyrir þeim fjárhæðum sérstaklega í yfirliti um heildarafkomu í samræmi við aðra staðla:

a) færðum tekjum af samningum við viðskiptavini sem einingin ætlar að greina sérstaklega frá öðrum tekjuliðum og

b) hvers kyns virðisrýrnunartapi sem er fært (í samræmi við IFRS-staðal 9) af hvers kyns viðskiptakröfum eða samningseignum á grundvelli samninga einingar við viðskiptavini sem einingin skal greina sérstaklega frá virðisrýrnunartapi af öðrum samningum.

Skipting tekna

114 Eining skal skipta tekjum af samningum við viðskiptavini í flokka sem sýna hvernig efnahagslegir þættir hafa áhrif á eðli, fjárhæð, tímasetningu og óvissu tekna og sjóðstreymis. Eining skal nota leiðbeiningarnar í liðum B87–B89 við val á flokkum sem eru notaðir við skiptingu tekna.

115 Að auki skal eining veita notendum reikningsskila nægilegar upplýsingar svo að þeir skilji tengslin milli birtingar upplýsinga um skiptingu tekna (í samræmi við 114. lið) og upplýsinga um tekjur sem birtar eru fyrir sérhvern starfsþátt sem ber að færa, ef einingin beitir IFRS-staðli 8, starfsþættir.

Eftirstöðvar samninga

116 Eining skal birta upplýsingar um alla eftirfarandi þætti:

a) upphafs- og lokastöðu viðskiptakrafna, samningseigna og samningsskulda af samningum við viðskiptavini ef slíkar upplýsingar eru ekki tilgreindar eða birtar sérstaklega að öðru leyti,

b) færðar tekjur á reikningstímabilinu sem innifaldar voru í eftirstöðvum samningsskuldar við upphaf tímabilsins og

c) færðar tekjur á reikningstímabilinu af árangurstengdum skuldbindingum sem hafa verið efndar (eða efndar að hluta til) á fyrri tímabilum (t.d. breytingar á viðskiptaverði).

117 Eining skal útskýra hvernig tímasetning efndra árangurstengdra skuldbindinga (sjá a-lið 119. liðar) tengist dæmigerðri tímasetningu greiðslu krafna (sjá b-lið 119. liðar) og áhrifin sem þeir þættir hafa á eftirstöðvar samningseignar og samningsskuldar. Í skýringunni má nota þáttbundnar upplýsingar.

118 Eining skal gefa skýringu á verulegum breytingum á eftirstöðvum samningseignar og samningsskuldar á reiknings-skilatímabilinu. Í skýringunni skulu koma fram þáttbundnar og tölulegar upplýsingar. Dæmi um breytingar á eftirstöðvum samningseigna og samningsskulda eru m.a. eftirfarandi:

a) breytingar vegna sameininga fyrirtækja,

b) uppsafnaðar leiðréttingar á tekjum sem hafa áhrif á samsvarandi samningseign eða samningsskuld, þ.m.t. leiðréttingar sem koma til af mati á árangri, breyting á mati á viðskiptaverði (þ.m.t. hvers kyns breytingar á því hvort mat á breytilegri fjárhæð sé takmarkað) eða breytingar á samningi,

c) virðisrýrnun samningseignar,

d) breytingar á tímaramma réttar til endurgjalds verði skilyrðislausar (þ.e. að samningseign verði endurflokkuð sem viðskiptakrafa) og

e) breyting á tímaramma vegna efndar árangurstengdrar skuldbindingar (þ.e. vegna færslu tekna af samningsskuld).

Árangurstengdar skuldbindingar

119 Eining skal birta upplýsingar um árangurstengdar skuldbindingar sínar í samningum við viðskiptavini, þ.m.t. lýsingu á öllum eftirfarandi þáttum:

a) á því þegar eining efnir árangurstengda skuldbindingu sína á venjubundinn hátt (t.d. við sendingu, við afhendingu, þegar þjónusta er innt af hendi eða henni er lokið), þ.m.t. þegar árangurstengdar skuldbindingar eru efndar með samningi um sölu með frestaðri afhendingu,

b) á mikilvægum greiðsluskilmálum (t.d. hvenær almennt ber að inna greiðslu af hendi, hvort samningurinn innihaldi mikilvægan fjármögnunarþátt, hvort greiðslufjárhæðin sé breytileg og hvort mat á breytilegu endurgjaldi sé almennt takmarkað í samræmi við 56.–58. lið),

c) á eðli vörunnar eða þjónustunnar, sem einingin hefur lofað að yfirfæra, þar sem áhersla er lögð á hvers kyns árangurstengdar skuldbindingar þar sem öðrum aðila er falið að sjá um yfirfærslu á vörum eða þjónustu (þ.e. ef einingin kemur fram sem umboðsaðili),

d) á skuldbindingum um endursendingar, endurgreiðslur og aðrar sambærilegar skuldbindingar og

e) á tegundum ábyrgða og tengdum skuldbindingum.

Viðskiptaverði ráðstafað til eftirstandandi árangurstengdra skuldbindinga

120 Eining skal veita eftirfarandi upplýsingar um eftirstandandi árangurstengdar skuldbindingar:

a) samanlögð fjárhæð viðskiptaverðs sem er ráðstafað til árangurstengdra skuldbindinga sem hafa ekki verið efndar (eða ekki verið efndar að hluta) við lok reikningsskilatímabils og

b) skýringu á því hvenær einingin væntir þess að færa sem tekjur þá fjárhæð sem greint er frá í samræmi við a-lið 120. liðar sem einingin skal greina frá með annarri hvorri eftirfarandi aðferða:

i) á efnislegum grunni með því að nota tímabil sem eiga best við miðað við lengd eftirstandandi árangurstengdra skuldbindinga eða

ii) með því að nota þáttbundnar upplýsingar.

121 Í þágu hentugleika þarf eining ekki að birta upplýsingarnar í 120. lið vegna árangurstengdrar skuldbindingar ef annað eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) árangurstengda skuldbindingin er hluti af samningi sem gert er ráð fyrir í upphafi að standi til eins árs eða skemmri tíma eða

b) einingin færir tekjur af efndu árangurstengdu skuldbindingunni í samræmi við lið B16.

122 Eining skal útskýra með eigindlegum gögnum hvort hún beitir hentuga úrræðinu í 121. lið og hvort endurgjald vegna samninga við viðskiptavini sé ekki innifalið í viðskiptaverði og þar af leiðandi ekki hluti af þeim upplýsingum sem birtar eru í samræmi við 120. lið. Til dæmis myndi mat á viðskiptaverði ekki taka til neins konar áætlaðra fjárhæða breytilegs endurgjalds sem eru takmarkaðar (sjá 56.–58. lið).

Mikilvægt mat við beitingu þessa staðals

123 Eining skal greina frá mati og breytingu á mati sem sett eru fram við beitingu þessa staðals og hefur veruleg áhrif á ákvörðun um fjárhæð og tímasetningu tekna af samningum við viðskiptavini. Einkum skal eining útskýra mat og breytingar á mati sem notað er til að ákvarða báða eftirfarandi þætti:

a) á hvaða tímapunkti árangurstengd skuldbinding er efnd (sjá 124.–125. lið) og

b) viðskiptaverð og fjárhæðir sem ráðstafað er til árangurstengdra skuldbindinga (sjá 126. lið).

Ákvörðun um hvenær efna skal árangurstengda skuldbindingu

124 Eining skal birta, vegna árangurstengdra skuldbindinga sem hún efnir á tilteknu tímabili, upplýsingar um eftirfarandi atriði:

a) þær aðferðir sem notaðar eru við að færa tekjur (t.d. lýsingu á afraksturs - eða aðfangaaðferðum og því hvernig þessum aðferðum er beitt) og

b) skýringu á því á hvern hátt aðferðirnar, sem beitt er, veita rétta lýsingu á yfirfærslu vara eða þjónustu.

125 Eining skal greina, vegna hverrar árangurstengdrar skuldbindingar sem efnd er á tilteknum tímapunkti, frá mikilvægu mati sem gert var við mat á því hvenær viðskiptavinur öðlast yfirráð yfir umsaminni vöru eða þjónustu.

Ákvörðun viðskiptaverðs og fjárhæða sem ráðstafað er til árangurstengdra skuldbindinga

126 Eining skal birta upplýsingar um aðferðir, aðföng og forsendur í tengslum við:

a) ákvörðun viðskiptaverðs sem nær til mats á breytilegu endurgjaldi, leiðréttingar endurgjalds vegna áhrifa af tímavirði peninga og mats á endurgreiðslu sem ekki er handbært fé, en takmarkast þó ekki við það,

b) álit á því hvort mat á breytilegri fjárhæð sé takmarkað,

c) ráðstöfun heildarviðskiptaverðs, þ.m.t. mat á sjálfstæðu söluverði umsaminnar vöru eða þjónustu og ráðstöfun afsláttar og breytilegs endurgjalds til tiltekins hluta samningsins (ef við á) og

d) mat á skuldbindingum um endursendingar, endurgreiðslur og aðrar sambærilegar skuldbindingar.

Eignir færðar sem kostnaður til að koma á eða efna samning við viðskiptavin

127 Eining skal lýsa báðum eftirfarandi þáttum:

a) mati sem unnið er þegar tekin er ákvörðun um fjárhæð kostnaðar sem stofnað er til í því skyni að koma á eða efna samning við viðskiptavin (í samræmi við 91. eða 95. lið) og

b) þeirri aðferð sem hún notar við að ákvarða afskriftir á hverju reikningsskilatímabili.

128 Eining skal birta upplýsingar um alla eftirfarandi þætti:

a) lokastöðu eigna sem eru færðar úr kostnaði sem stofnað er til í því skyni að koma á eða efna samning við viðskiptavin (í samræmi við 91. eða 95. lið), eftir helstu eignaflokkum (t.d. kostnað við að koma á samningi við viðskiptavini, kostnað áður en samningur er gerður og stofnkostnað) og

b) fjárhæð afskrifta og hvers kyns virðisrýrnunartaps sem fært er á reikningstímabilinu.

Hentug úrræði

129 Ef eining kýs að nota hentuga úrræðið í annaðhvort 63. lið (um mikilvæga fyrirliggjandi fjármögnunarþætti) eða 94. lið (um viðbótarkostnað við að koma á samningi) skal hún greina frá því.

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti staðalsins.

samningur	Samkomulag milli tveggja aðila eða fleiri sem myndar framfylgjanleg réttindi og skuldbindingar.
samningseign	Réttur einingar til endurgjalds í skiptum fyrir vörur eða þjónustu sem einingin hefur yfirfært til viðskiptavinar þegar sá réttur er skilyrtur við annað en framrás tímans (t.d. framtíðarárangur einingarinnar).
samningsskuld	Skuldbinding einingar um að yfirfæra vörur eða þjónustu til viðskiptavinar sem hún hefur fengið endurgjald fyrir (eða þegar greiðsla fyrir þær er fallin í gjalddaga).
viðskiptavinur	Aðili sem hefur gert samning við einingu um að fá vörur eða þjónustu, sem eru afrakstur venjubundinnar starfsemi einingarinnar, í skiptum fyrir endurgjald.
tekjur	Aukinn efnahagslegur ávinningur á reikningsskilatímabilinu í formi innstreymis eða endurbóta á eignum eða lækkunar skulda sem leiðir til aukins eigin fjár, annars en þess sem tengist framlögum eigenda.
árangurstengd skuldbinding	Loforð í samningi við viðskiptavin um að yfirfæra til viðskiptavinar annaðhvort: a) aðgreinda vöru eða þjónustu (eða samstæðu vara eða þjónustu) eða b) röð aðgreindra vara eða þjónustu sem eru efnislega hinar sömu og lúta sama mynstri við yfirfærslu til viðskiptavinar.
tekjur	Tekjur af reglulegri starfsemi einingar.
sjálfstætt söluverð (vöru eða þjónustu)	Það verð sem eining myndi selja aðskilda umsamda vöru eða þjónustu á til viðskiptavinar.
viðskiptaverð (fyrir samning við viðskiptavin)	Fjárhæð endurgjalds sem eining gerir ráð fyrir að eiga rétt á í skiptum fyrir umsamdar vörur eða þjónustu sem eru yfirfærðar til viðskiptavinar, að frátöldum fjárhæðum sem eru innheimtar fyrir hönd þriðju aðila.

Viðbætir B

Leiðbeiningar um beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti staðalsins. Hann lýsir beitingu 1.–129. liðar og hefur sama gildi og aðrir hlutar staðalsins.

B1 Þessum leiðbeiningum um beitingu er skipt í eftirfarandi flokka:

a) árangurstengdar skuldbindingar efndar á tilteknu tímabili (liðir B2–B13),

b) aðferðir við mat á því hvernig gengur að efna árangurstengda skuldbindingu að fullu (liðir B14–B19),

c) sala með skilarétti (liðir B20–B27),

d) ábyrgðir (liðir B28–B33),

e) endurgjald til umbjóðanda samanborið við endurgjald til umboðsaðila (liðir B34–B38),

f) valréttur viðskiptavina til viðbótarvara eða -þjónustu (liðir B39–B43),

g) réttindi sem viðskiptavinur hefur ekki nýtt (liðir B44–B47),

h) óendurkræfar fyrirframgreiddar þóknanir (og tengdur kostnaður) (liðir B48–B51),

i) leyfisveitingar (liðir B52–B63B),

j) endurkaupasamningar (liðir B64–B76),

k) vörusendingarsamningar (liðir B77–B78),

l) samningar um sölu með frestaðri afhendingu (liðir B79–B82),

m) móttaka viðskiptavinar (liðir B83–B86) og

n) upplýsingar um skiptingu tekna (liðir B87–B89).

Árangurstengdar skuldbindingar efndar á tilteknu tímabili

B2 Í samræmi við 35. lið er árangurstengd skuldbinding talin efnd á tilteknu tímabili ef eitt eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) viðskiptavinurinn fær og nýtir þann ávinning sem fæst með árangri einingarinnar á sama tíma og einingin framkvæmir verkefni sín (sjá liði B3–B4),

b) árangur einingarinnar myndar eða eykur við eign (t.d. verk í vinnslu) sem viðskiptavinurinn ræður yfir eftir því sem eignin myndast eða eykst við hana (sbr. lið B5) eða

c) árangur einingarinnar myndar ekki eign með annarri notkun einingarinnar (sjá liði B6–B8) og einingin hefur framfylgjanlegan rétt til greiðslu fyrir þann árangur sem hefur náðst fram að þeim tíma (sjá liði B9–B13).

Samhliða móttaka og nýting ávinnings af árangri einingarinnar (a-liður 35. liðar)

B3 Að því er sumar tegundir árangurstengdra skuldbindinga varðar verður mat auðvelt á því hvort viðskiptavinur eigi að njóta ávinnings af árangri einingarinnar þegar einingin framkvæmir verkefni sín og nýtir samtímis ávinninginn þegar hann fæst. Dæmi um slíkt er venjubundin eða síendurtekin þjónusta (s.s. hreingerningaþjónusta) þar sem auðvelt er að ákvarða að viðskiptavinurinn tekur samhliða við og nýtir ávinning af árangri einingarinnar.

B4 Hvað aðrar tegundir árangurstengdra skuldbindinga varðar er ekki víst að eining geti ákvarðað með auðveldum hætti hvort viðskiptavinur eigi að njóta ávinningsins af árangri einingarinnar á sama tíma og einingin framkvæmir verkefni sín. Við slíkar aðstæður er árangurstengd skuldbinding efnd á tilteknu tímabili ef eining ákvarðar að önnur eining þurfi ekki að endurtaka að verulegu leyti þá vinnu sem einingin hefur lokið fram að þeim tíma ef þessi önnur eining efnir eftirstandandi árangurstengda skuldbindingu við viðskiptavininn. Við ákvörðun á því hvort önnur eining þurfi að endurtaka að verulegu leyti þá vinnu sem einingin sjálf hefur lokið fram að þeim tíma skal einingin taka tillit til eftirfarandi forsendna:

a) líta framhjá hugsanlegum samningsbundnum takmörkunum eða raunverulegum takmörkunum sem myndu að öðrum kosti koma í veg fyrir að einingin yfirfæri eftirstandandi árangurstengda skuldbindingu til annarrar einingar og

b) gera ráð fyrir að önnur eining, sem efnir eftirstandandi árangurstengda skuldbindingu, njóti ekki ávinnings af eign sem er undir stjórn einingarinnar og yrði áfram undir hennar stjórn ef árangurstengda skuldbindingin yrði yfirfærð til annarrar einingar.

Viðskiptavinur ræður yfir eign eftir því sem hún myndast eða eykst (b-liður 35. liðar)

B5 Við ákvörðun á því hvort viðskiptavinur ræður yfir eign eftir því sem hún myndast eða eykst, í samræmi við b-lið 35. liðar, skal eining beita ákvæðum um yfirráð í 31.–34. og 38. lið. Eignin sem myndast eða eykst (t.d. eign sem verið er að vinna að) getur verið annaðhvort efnisleg eða óefnisleg.

Árangur einingar myndar ekki eign með annarri notkun (c-liður 35. liðar)

B6 Við mat á því hvort eining hefur önnur not fyrir eignina í samræmi við 36. lið skal eining líta til áhrifa af samningsbundnum takmörkunum og raunverulegum takmörkunum á getu einingarinnar til að geta greiðlega ráðstafað þeirri eign til annarra nota, t.d. selja hana öðrum viðskiptavini. Möguleg slit á samningnum við viðskiptavininn er ekki gild ástæða við mat á því hvort einingin geti ráðstafað eigninni greiðlega til annarra nota.

B7 Samningsbundin takmörkun á getu einingar til að ráðstafa eign til annarra nota verður að vera veruleg svo að einingin hafi ekki önnur not fyrir hana. Samningsbundin takmörkun er veruleg ef viðskiptavinur getur nýtt rétt sinn til umsaminnar eignar þegar einingin reynir að ráðstafa eigninni til annarra nota. Aftur á móti er samningsbundin takmörkun ekki veruleg ef hægt er t.d. að skipta í meginatriðum eign út fyrir aðrar eignir sem eining getur yfirfært til annars viðskiptavinar án þess að brjóta samninginn og án þess að stofna til verulegs kostnaðar sem annars hefði ekki verið stofnað til í tengslum við þann samning.

B8 Það að einingin hljóti verulegt efnahagslegt tjón af ráðstöfun eignarinnar til annarra nota er raunveruleg takmörkun á getu hennar til að ráðstafa eign til annarra nota. Verulegt efnahagslegt tjón kann að verða vegna þess að einingin myndi annaðhvort stofna til verulegs kostnaðar við endurvinnslu á eigninni eða gæti aðeins selt eignina með verulegu tapi. Sem dæmi getur eining staðið frammi fyrir raunverulegri takmörkun á því að beina eignum til annarra nota ef þær eru annaðhvort með hönnunarlýsingum sem eru sérsniðnar að viðskiptavini eða staðsettar á afskekktum svæðum.

Réttur til greiðslu fyrir þann árangur sem náðst hefur fram að þessu (c-liður 35. liðar)

B9 Einingin á, í samræmi við 37. lið, rétt á greiðslum fyrir þann árangur sem náðst hefur fram að þessu ef hún á rétt á fjárhæð sem bætir henni a.m.k. þann árangur sem hún hefur náð til þessa ef viðskiptavinurinn eða annar aðili segir samningnum upp af annarri ástæðu en þeirri að einingin hafi ekki skilað þeim árangri sem lofað var. Sú fjárhæð, sem myndi umbuna einingu fyrir þann árangur sem náðst hefur fram að þessu, yrði fjárhæð sem liggur nærri söluverði vara eða þjónustu sem hafa verið yfirfærðar fram að þessu (t.d. endurheimt kostnaðar sem eining hefur stofnað til í því skyni að efna árangurstengdu skuldbindinguna, að viðbættum hæfilegum hagnaði) fremur en umbun fyrir mögulegan missi hagnaðar ef samningnum yrði rift. Umbun, sem miðast við eðlilegan hagnað, þarf ekki að vera jöfn væntum hagnaði ef samningurinn var efndur eins og lofað var en eining ætti að eiga rétt á umbun vegna annarrar hvorrar eftirfarandi fjárhæða:

a) hluta af væntum hagnaði samkvæmt samningi sem endurspeglar með sanngjörnum hætti árangur einingarinnar samkvæmt samningnum áður en viðskiptavinurinn (eða annar aðili) rifti honum eða

b) hæfilegrar ávöxtunar fjármagnskostnaðar einingar vegna sambærilegra samninga (eða hefðbundinnar rekstrarframlegðar vegna sambærilegra samninga) ef tiltekin framlegð samningsins er hærri en sú ávöxtun sem einingin fær allajafna af sambærilegum samningum.

B10 Réttur einingar til greiðslu fyrir árangur sem náðst hefur fram að þeim tíma þarf ekki að vera skilyrðislaus réttur til greiðslu. Í mörgum tilvikum hefur eining aðeins skilyrðislausan rétt til greiðslu þegar fyrirframákveðnum áfanga hefur verið náð eða þegar árangurstengdar skuldbindingar hafa verið efndar að fullu. Við mat á því hvort eining eigi rétt á greiðslu fyrir þann árangur, sem náðst hefur fram að þeim tíma, skal hún skoða hvort hún myndi eiga framfylgjanlegan rétt til að krefjast eða halda eftir greiðslu fyrir þann árangur sem náðst hefur fram að þeim tíma ef samningnum er rift fyrir samningslok af öðrum ástæðum en þeim að einingin hafi ekki skilað þeim árangri sem lofað var.

B11 Í sumum samningum kann viðskiptavinur að hafa rétt til að rifta samningi einungis á tilteknum tíma á líftíma samningsins eða viðskiptavinur hefur ekki rétt til að rifta samningnum. Ef viðskiptavinur riftir samningi án þess að eiga, á þeim tíma, rétt á því að rifta samningnum (þ.m.t. þegar viðskiptavinur stendur ekki við þær skuldbindingar sínar sem hann hefur lofað) getur samningurinn (eða önnur lög) veitt einingunni rétt til að halda áfram að yfirfæra vörur eða þjónustu til viðskiptavinarins, sem lofað var samkvæmt samningnum, og krafið viðskiptavininn um greiðslu sem lofað var í skiptum fyrir þær vörur eða þjónustu. Við slíkar aðstæður á eining rétt á greiðslu fyrir þann árangur sem náðst hefur fram að þessu vegna þess að einingin á rétt á að standa við skuldbindingar sínar í samræmi við samninginn og krefja viðskiptavininn um að standa við skuldbindingar sínar (sem tekur til greiðslu þess endurgjalds sem lofað var).

B12 Við mat á því hvort fyrir liggi framfylgjanlegur réttur til greiðslu fyrir árangur sem náðst hefur fram að þessu skal eining líta til samningsskilmála, sem og hvers konar löggjafar eða lagafordæma sem gætu aukið við eða gengið framar þessum samningsskilmálum. Þetta tekur m.a. til mats á því hvort:

a) löggjöf, stjórnsýsluvenjur eða lagafordæmi feli í sér rétt einingar til greiðslu fyrir árangur sem náðst hefur fram að þessu, jafnvel þótt sá réttur sé ekki tilgreindur í samningnum við viðskiptavininn,

b) viðkomandi lagafordæmi bendi til að sambærilegur réttur til greiðslu fyrir árangur sem náðst hefur fram að þessu í sambærilegum samningum hafi ekki bindandi lagaleg áhrif eða

c) hefðbundnir viðskiptahættir einingarinnar, sem fela í sér val um að framfylgja ekki rétti sínum til greiðslu, hafi leitt til þess að ekki er hægt að framfylgja þeim rétti í því lagaumhverfi. Þó getur eining, þrátt fyrir að hún geti valið að afsala sér rétti til greiðslu í sambærilegum samningum, haldið rétti sínum til greiðslu fram að þessu ef réttur einingarinnar til greiðslu fyrir árangur fram að þessu helst framfylgjanlegur í samningnum við viðskiptavininn.

B13 Greiðsluáætlun, sem tilgreind er í samningnum, gefur ekki endilega vísbendingar um hvort eining hefur framfylgjanlegan rétt til greiðslu fyrir árangur sem náðst hefur fram að þessu. Enda þótt greiðsluáætlun í samningi tilgreini tímasetningar og fjárhæð endurgjalds sem viðskiptavininum er ætlað að greiða kveður greiðsluáætlunin ekki endilega á um rétt einingarinnar til greiðslu fyrir árangur sem náðst hefur fram að þessu. Ástæða þessa er m.a. sú að samningurinn gæti tilgreint að móttekið endurgjald frá viðskiptavininum sé endurkræft af öðrum ástæðum en þeim að eining hafi ekki skilað þeim árangri sem lofað var í samningnum.

Aðferðir við mat á því hvernig gengur að efna árangurstengda skuldbindingu að fullu

B14 Aðferðir, sem hægt er að nota til að meta hvernig einingu gengur að efna árangurstengda skuldbindingu, sem efnd er á tilteknu tímabili, í samræmi við 35.–37. lið, fela í sér eftirfarandi:

a) afraksturaðferðir (sjá liði B15–B17) og

b) aðfangaaðferðir (sjá liði B18–B19).

Afrakstursaðferðir

B15 Afrakstursaðferðir færa tekjur á grundvelli beins mats á virði yfirfærðra vara eða þjónustu fram til þessa til viðskiptavinarins í hlutfalli við eftirstandandi vörur eða þjónustu sem lofað er samkvæmt samningi. Afrakstursaðferðir taka m.a. til kannana á því sem gert hefur verið hefur fram til þessa, mats á árangri sem náðst hefur, áfanga sem náðst hafa, hversu langur tími er liðinn og til framleiddra eða afhentra eininga (e. *units*). Þegar eining metur hvort beita eigi afrakstursaðferð við mat á því hvernig henni miðar skal hún íhuga hvort sá afrakstur sem valinn er gefi áreiðanlega mynd af árangri einingarinnar við að efna árangurstengda skuldbindingu að fullu. Afrakstursaðferð gefur ekki áreiðanlega mynd af árangri einingarinnar ef val á afrakstri tekur ekki til mats á sumum þeirra vara eða þjónustu sem hafa verið færð undir yfirráð viðskiptavinarins. Til dæmis gefa afrakstursaðferðir, sem byggðar eru á framleiddum eða afhentum einingum, ekki áreiðanlega mynd af árangri einingar við að efna árangurstengda skuldbindingu ef árangur einingarinnar hefur leitt af sér, við lok reikningsskilatímabils, verk í vinnslu eða fullunna vöru sem viðskiptavinurinn hefur yfirráð yfir og eru ekki teknar með við mat á afrakstrinum.

B16 Ef eining á rétt á endurgjaldi frá viðskiptavini, sem nemur fjárhæð sem samsvarar með beinum hætti virði árangurs, sem einingin hefur náð fram til þessa, fyrir viðskiptavininn (t.d. þjónustusamningur þar sem eining rukkar fasta fjárhæð fyrir hverja vinnustund) getur hún, sem hentugt úrræði, fært þá fjárhæð, sem hún hefur rétt til að færa á reikning, sem tekjur.

B17 Ókostir afrakstursaðferða eru þeir að afrakstur, sem er notaður til að meta framvindu, er mögulega ekki hægt að sannreyna með beinum hætti og þær upplýsingar sem krafist er til að beita þeim standa einingunni mögulega ekki til boða nema með óhóflegum kostnaði. Því kann að vera nauðsynlegt að beita aðfangaaðferð.

Aðfangaaðferðir

B18 Með aðfangaaðferðum eru tekjur færðar á grundvelli viðleitni eða aðfanga einingarinnar til að efna árangurstengda skuldbindingu (t.d. notuð tilföng, vinnustundir, kostnaður sem stofnað er til, tímalengd eða fjöldi klukkustunda sem vélar eru í notkun) í hlutfalli við heildarmagn væntra aðfanga til að efna þessa árangurstengdu skuldbindingu. Ef viðleitni eða aðföngum einingarinnar er skipt jafnt á öllu frammistöðutímabilinu kann að vera viðeigandi að einingin færi tekjur línulega.

B19 Annmarkar á aðfangaaðferðum eru þeir að hugsanlega eru ekki bein tengsl milli aðfanga einingar og yfirfærslu á yfirráðum yfir vörum eða þjónustu til viðskiptavinar. Því skal eining útiloka frá aðfangaaðferð hvers kyns áhrif aðfanga sem sýna ekki, í samræmi við markmið um mat á framvindu í 39. lið, fram á árangur einingarinnar við að yfirfæra yfirráð yfir vörum eða þjónustu til viðskiptavinar. Til dæmis þegar notuð er aðfangaaðferð, sem byggist á kostnaði, kann að vera þörf á að leiðrétta mat á framvindu við eftirfarandi aðstæður:

a) Þegar kostnaður, sem stofnað hefur verið til, stuðlar ekki að árangri einingar við að efna árangurstengdu skuldbindinguna. Eining myndi til dæmis ekki færa tekjur á grundvelli kostnaðar, sem stofnað hefur verið til og rekja má til verulegrar óskilvirkni í árangri einingarinnar, sem endurspeglast ekki í verði samningsins (t.d. kostnaðar við ófyrirsjáanlega sóun á efni, vinnuafli eða öðrum tilföngum sem stofnað var til í því skyni að efna árangurstengdu skuldbindinguna).

b) Þegar kostnaður sem stofnað er til er ekki í hlutfalli við árangur einingar við að efna árangurstengdu skuldbindinguna. Við slíkar aðstæður kann það að leiðrétta aðfangaaðferðina, til að færa tekjur aðeins fyrir þann kostnað sem stofnað er til, að gefa besta mynd af árangri einingarinnar. Áreiðanleg mynd af árangri einingar fæst t.d. með því að færa tekjur af fjárhæð sem er jafngild kostnaði af vöru sem notuð hefur verið til að efna árangurstengda skuldbindingu ef einingin væntir þess við gildistöku samnings að öll eftirfarandi skilyrði verði uppfyllt:

i) varan er ekki aðgreind frá öðru,

ii) þess er vænst að viðskiptavinurinn öðlist yfirráð yfir vörunni umtalsvert áður en hann fær þjónustu sem tengd er vörunni,

iii) kostnaður við yfirfærða vöru er verulegur í hlutfalli við væntan heildarkostnað við að efna árangurstengdu skuldbindinguna og

iv) einingin kaupir vörur frá þriðja aðila og tekur ekki verulegan þátt í hönnun og framleiðslu vörunnar (en einingin kemur fram sem umbjóðandi í samræmi við liði B34–B38).

Sala með skilarétti

B20 Samkvæmt sumum samningum yfirfærir eining yfirráð yfir vöru til viðskiptavinar og veitir honum einnig, af ýmsum ástæðum, rétt til að skila vörunni (t.d. vegna óánægju með vöruna) og rétt til hvers kyns samsetninga af eftirfarandi:

a) endurgreiðslu, að fullu eða að hluta, á greiddu endurgjaldi,

b) inneign sem má færa á móti skuldum eða framtíðarskuldum við einingunа og

c) annarri vöru í skiptum.

B21 Til að gera grein fyrir yfirfærslu á vörum með skilarétti (og sumum tegundum þjónustu sem falla undir ákvæði um endurgreiðslu) skal eining færa alla eftirfarandi þætti:

a) tekjur af yfirfærðum vörum að fjárhæð endurgjalds sem einingin gerir ráð fyrir að eiga rétt á (því yrðu tekjur af vörum, sem vænta má að verði skilað, ekki færðar),

b) skuld vegna endurgreiðslna og

c) eign (og samsvarandi leiðrétting á kostnaði við sölu) vegna réttar hennar til að endurheimta vörur frá viðskiptavinum við uppgjör á skuld vegna endurgreiðslna.

B22 Ekki skal gera grein fyrir loforði einingar um að vera reiðubúin til að taka aftur við vöru á skilatíma sem árangurstengdri skuldbindingu til viðbótar við þá skyldu að endurgreiða vöru.

B23 Eining skal beita kröfum 47.–72. liðar (þ.m.t. kröfum um takmarkanir á mati á breytilegu endurgjaldi í 56.–58. lið) til að ákvarða fjárhæð endurgjalds sem einingin gerir ráð fyrir að eiga rétt á (þ.e. að undanskildum vörum sem vænta má að verði skilað). Eining skal ekki færa hvers kyns mótteknar fjárhæðir (eða viðskiptakröfur), sem hún gerir ekki ráð fyrir að eiga rétt á, sem tekjur þegar hún yfirfærir vörur til viðskiptavina heldur færa þessar mótteknu fjárhæðir (eða viðskiptakröfur) sem skuld vegna endurgreiðslna. Því næst skal eining uppfæra, í lok hvers reikningstímabils, mat sitt á fjárhæðum sem hún gerir ráð fyrir að eiga rétt á í skiptum fyrir yfirfærðar vörur og gera samsvarandi breytingu á viðskiptaverði og, þar af leiðandi, á fjárhæð færðra tekna.

B24 Eining skal uppfæra mat á skuld vegna endurgreiðslna í lok hvers reikningstímabils vegna breytinga á væntingum vegna fjárhæðar endurgreiðslna. Eining skal færa samsvarandi leiðréttingar sem tekjur (eða sem lækkun tekna).

B25 Eign, sem er færð vegna réttar einingar til að endurheimta vörur frá viðskiptavini við uppgjör á skuld vegna endurgreiðslna, skal í upphafi metin með hliðsjón af fyrra bókfærðu verði vörunnar (t.d. birgðaskrá), að frádregnum áætluðum kostnaði við að endurheimta þessar vörur (þ.m.t. mögulegar lækkanir á virði skilavara fyrir einninguna). Í lok hvers reikningstímabils skal eining uppfæra mat á eigninni sem leiðir af breytingum á væntingum um vöruskil. Eining skal setja eignina fram aðskilda frá skuld vegna endurgreiðslu.

B26 Skipti viðskiptavina á einni vöru fyrir aðra af sömu tegund, gæðum, í sama ástandi og á sama verði (t.d. á einum lit fyrir annan eða á einni stærð fyrir aðra) teljast ekki vera skil að því er varðar beitingu þessa staðals.

B27 Samningar, sem veita viðskiptavini heimild til að skila gallaðri vöru í skiptum fyrir ógallaða vöru, skulu metnir í samræmi við leiðbeiningar vegna ábyrgða í liðum B28–B33.

Ábyrgð

B28 Algengt er að einingar veiti (í samræmi við samning, lög eða hefðbundna viðskiptahætti einingarinnar) ábyrgð í tengslum við sölu á vöru (hvort sem um er að ræða vöru eða þjónustu). Eðli ábyrgðar getur verið mjög breytilegt milli atvinnugreina og samninga. Sumar ábyrgðir tryggja viðskiptavini að tengd vara muni virka eins og aðilarnir ætluðust til vegna þess að hún er í samræmi við umsamda lýsingu. Aðrar ábyrgðir tryggja viðskiptavininum þjónustu til viðbótar við fullvissu fyrir því að varan sé í samræmi við umsamda lýsingu.

B29 Ef viðskiptavinur á þess kost að kaupa ábyrgð sérstaklega (t.d. vegna þess að ábyrgðin er verðlögð eða um hana samið sérstaklega) er ábyrgðin aðgreind þjónusta vegna þess að einingin lofar að veita viðskiptavininum þjónustu til viðbótar við vöruna sem virkar eins og lýst er í samningnum. Við þær aðstæður skal eining færa þá ábyrgð, sem lofað er, sem árangurstengda skuldbindingu í samræmi við 22.–30. lið og ráðstafa hluta af viðskiptaverðinu til þeirrar árangurstengdu skuldbindingar í samræmi við 73.–86. lið.

B30 Ef viðskiptavinur á þess ekki kost að kaupa ábyrgð sérstaklega skal eining gera grein fyrir ábyrgðinni í samræmi við IAS-staðal 37, reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir, nema umsamin ábyrgð, eða hluti umsaminnar ábyrgðar, tryggi viðskiptavininum þjónustu, auk þess að veita fullvissu fyrir því að varan sé í samræmi við umsamda lýsingu.

B31 Við mat á því hvort ábyrgð tryggi viðskiptavininum þjónustu, auk þess að veita fullvissu fyrir því að varan sé í samræmi við umsamda lýsingu, skal eining líta til þátta á borð við:

a) hvort ábyrgðarinnar sé krafist samkvæmt lögum — ef þess er krafist samkvæmt lögum að einingin veiti ábyrgð gefur tilvist þeirra laga til kynna að umsamin ábyrgð sé ekki árangurstengd skuldbinding vegna þess að slíkar kröfur eru yfirleitt til að vernda viðskiptavini fyrir þeirri áhættu að kaupa gallaðar vörur,

b) lengd ábyrgðartímabils — því lengra sem ábyrgðartímabilið er þeim mun líklegra er að umsamin ábyrgð sé árangurstengd skuldbinding vegna þess að hún er líklegri til að veita þjónustu, auk þess að veita fullvissu fyrir því að varan sé í samræmi við umsamda lýsingu.

c) eðli verkefna sem einingin lofar að framkvæma — ef eining þarf nauðsynlega að inna af hendi tilgreind verkefni til að tryggja fullvissu fyrir því að varan sé í samræmi við umsamda lýsingu (t.d. endursendingarþjónusta fyrir gallaðar vörur) þá leiða þau verkefni líklega ekki til árangurstengdrar skuldbindingar.

B32 Ef ábyrgð eða hluti ábyrgðar tryggir viðskiptavini þjónustu til viðbótar við fullvissu um að varan sé í samræmi við umsamda lýsingu er umsamin þjónusta árangurstengd skuldbinding. Því skal eining ráðstafa viðskiptaverðinu til vörunnar og þjónustunnar. Ef eining lofar bæði fullvissuábyrgð (e. *assurance-type warranty*) og þjónustuábyrgð (e. *service-type warranty*) en getur ekki með góðu móti fært þær ábyrgðir sérstaklega skal einingin færa báðar ábyrgðirnar saman sem eina árangurstengda skuldbindingu.

B33 Lög sem krefja einingu um greiðslu bóta ef vörur hennar valda tjóni eða skaða gefa ekki tilefni til árangurstengdrar skuldbindingar. Framleiðandi getur t.d. selt vörur í lögsagnarumdæmi þar sem hann ber samkvæmt lögum ábyrgð á hvers kyns tjóns (t.d. á persónulegum eigum) sem kann að verða vegna neytandans sem notar vöruna í samræmi við fyrirhugaða notkun. Á sama hátt er loforð einingar um að bæta viðskiptavininum skaða og greiðslu skaðabóta, sem leiðir af einkaleyfi, höfundarrétti, vörumerki eða öðrum brotum tengdum vörum einingarinnar, ekki árangurstengd skuldbinding. Eining skal gera grein fyrir slíkum skuldbindingum í samræmi við IAS-staðal 37.

Eining kemur fram sem umbjóðandi eða umboðsaðili

B34 Þegar annar aðili tekur þátt í að láta viðskiptavini í té vörur eða þjónustu skal einingin ákvarða hvort í loforði hennar felist árangurstengd skuldbinding um að hún láti sjálf í té tilgreindar vörur eða þjónustu (þ.e. einingin kemur fram sem umbjóðandi) eða hún eigi að gera ráðstafanir svo að hinn aðilinn geti látið þær vörur eða þjónustu í té (þ.e. einingin kemur fram sem umboðsaðili). Eining ákvarðar hvort um sé að ræða umbjóðanda eða umboðsaðila í tilviki hverrar tilgreindar vöru eða þjónustu sem lofuð er viðskiptavininum. Tilgreind vara eða þjónusta er aðgreind vara eða þjónusta (eða aðgreind samstæða vara eða þjónustu) sem látin er viðskiptavininum í té (sjá 27.–30. lið). Ef samningur við viðskiptavin nær yfir fleiri en eina tilgreinda vöru eða þjónustu gæti eining verið umbjóðandi fyrir sumar tilgreindar vörur eða þjónustu og umboðsaðili fyrir aðrar vörur eða þjónustu.

B34A Til að ákvarða hvers eðlis loforðið er (eins og lýst er í lið B34) skal eining:

a) skilgreina tilgreindar vörur eða þjónustu sem á að veita viðskiptavininum (sem gæti t.d. verið réttur til vöru eða þjónustu sem annar aðili mun veita (sjá 26. lið)) og

b) meta hvort hún ræður yfir (eins og lýst er í 33. lið) hverri tilgreindri vöru eða þjónustu áður en sú vara eða þjónusta er yfirfærð til viðskiptavinarins.

B35 Eining er umbjóðandi ef hún ræður yfir tilgreindri vöru eða þjónustu áður en sú vara eða þjónusta er yfirfærð til viðskiptavinarins. Eining hefur þó ekki endilega yfirráð yfir tilgreindri vöru ef hún fær löglegt eignarhald yfir vörunni í aðeins mjög skamman tíma áður en löglegt eignarhald er yfirfært til viðskiptavinar. Eining sem er umbjóðandi getur sjálf efnt árangurstengda skuldbindingu um að láta í té tilgreinda vöru eða þjónustu eða hún getur ráðið annan aðila (t.d. undirverktaka) til að efna hana, í heild eða að hluta, fyrir sína hönd.

B35A Þegar annar aðili tekur þátt í að láta viðskiptavini í té vörur eða þjónustu öðlast eining, sem er umbjóðandi, yfirráð yfir einhverju eftirtalinna:

a) vöru eða annarri eign frá hinum aðilanum sem einingin þá yfirfærir til viðskiptavinarins,

b) rétt á þjónustu sem hinn aðilinn annast, þá getur einingin fengið þann aðila til að veita viðskiptavininum þjónustuna fyrir hönd einingarinnar,

c) góðri þjónustu frá hinum aðilanum sem hann svo sameinar öðrum vörum eða þjónustu þegar hann lætur viðskiptavininum í té tilgreinda vöru eða þjónustu. Ef eining veitir t.d. umtalsverða þjónustu við að fella vörur eða þjónustu (sjá a-lið 29. liðar), sem annar aðili veitir, inn í tilgreinda vöru eða þjónustu sem viðskiptavinurinn hefur gert samning um, ræður einingin yfir tilgreindri vöru eða þjónustu áður en sú vara eða þjónusta er yfirfærð til viðskiptavinarins. Ástæða þessa er sú að einingin öðlast fyrst yfirráð yfir aðföngum fyrir tilgreindar vörur eða þjónustu (sem felur í sér vörur og þjónustu frá öðrum aðilum) og stýrir notkun þeirra til að mynda samanlagðan afrakstur sem er hin tilgreinda vara eða þjónusta.

B35B Þegar eining sem er umbjóðandi efnir árangurstengda skuldbindingu skal hún færa tekjur sem heildarfjárhæð þess endurgjalds sem hún gerir ráð fyrir að eiga rétt á í skiptum fyrir þessa tilgreindu yfirfærðu vöru eða þjónustu.

B36 Eining er umboðsaðili ef árangurstengd skuldbinding hennar felst í því að fá annan aðila til að láta í té tilgreinda vöru eða þjónustu. Eining sem er umboðsaðili ræður ekki yfir tilgreindri vöru eða þjónustu sem annar aðili lætur í té áður en sú vara eða þjónusta er yfirfærð til viðskiptavinarins. Þegar eining sem er umboðsaðili efnir árangurstengda skuldbindingu skal hún færa tekjur sem þóknun eða umboðslaun sem hún gerir ráð fyrir að eiga rétt á í skiptum fyrir að hafa milligöngu um að hinn aðilann láti í té tilgreindar vörur eða þjónustu. Þóknun eða umboðslaun einingar gæti verið hrein fjárhæð endurgjalds sem einingin heldur eftir þegar hún hefur greitt hinum aðilanum móttekið endurgjald í skiptum fyrir vörur eða þjónustu sem sá aðili lætur í té.

B37 Vísbendingar um að eining ráði yfir tilgreindri vöru eða þjónustu áður en hún er yfirfærð til viðskiptavinarins (og hún sé því umbjóðandi (sjá lið B35)) taka til, en takmarkast ekki við, eftirfarandi:

a) að einingin beri höfuðábyrgð á því að efna loforð um að láta vöruna eða þjónustuna í té. Þetta tekur að jafnaði til ábyrgðar á að tilgreind vara eða þjónusta sé ásættanleg (t.d. aðalábyrgð á að varan eða þjónustan sé í samræmi við forskrift viðskiptavinarins). Ef einingin ber höfuðábyrgð á því að efna loforð um að láta vöruna eða þjónustuna í té getur það bent til þess að hinn aðilinn, sem tekur þátt í að láta tilgreinda vöru eða þjónustu í té, starfi á vegum einingarinnar,

b) að einingin beri áhættu af birgðum áður en tilgreind vara eða þjónusta hefur verið yfirfærð til viðskiptavinar eða eftir yfirfærslu á yfirráðum til viðskiptavinar (t.d. ef viðskiptavinurinn hefur skilarétt á vöru). Ef einingin fær t.d. eða skuldbindur sig til að fá tilgreinda vöru eða þjónustu áður en hún hefur gert samning við viðskiptavin, getur það bent til þess að einingin geti ráðið yfir notkun og notið í meginatriðum eftirstandandi ávinnings af eigninni eða þjónustunni áður en hún er yfirfærð til viðskiptavinarins,

c) að einingin hafi ákvörðunarrétt varðandi verðlagningu á tilgreindri vöru eða þjónustu. Ákvörðun um verð sem viðskiptavinurinn greiðir fyrir tilgreinda vöru eða þjónustu getur bent til þess að einingin hafi getu til að stjórna notkun á þeirri vöru eða þjónustu og njóta í meginatriðum eftirstandandi ávinnings af vörunni eða þjónustunni. Umboðsaðili getur hins vegar í sumum tilvikum haft ákvörðunarrétt varðandi verðlagningu. Umboðsaðili getur t.d. haft nokkurn sveigjanleika til að ákveða verð til að mynda viðbótartekjur af þeirri þjónustu sinni að hafa milligöngu um að aðrir aðilar láti viðskiptavinum í té vörur eða þjónustu.

B37A Vísarnir í lið B37 kunna að skipta máli, meira eða minna, við mat á yfirráðum eftir því hvers eðlis tilgreind vara eða þjónusta er og skilmálum og skilyrðum samningsins. Auk þess kunna mismunandi vísar í ólíkum samningum að veita meira sannfærandi rök.

B38 Ef önnur eining tekur á sig árangurstengda skuldbindingu einingarinnar og samningsbundin réttindi í samningnum svo að einingunni er ekki lengur skylt að efna árangurstengda skuldbindingu um að yfirfæra tiltekna vöru eða þjónustu til viðskiptavinarins (þ.e. einingin kemur ekki lengur fram sem umbjóðandi) skal einingin ekki færa tekjur af þeirri árangurstengdu skuldbindingu. Þess í stað skal einingin meta hvort færa skuli tekjur af því að efna árangurstengda skuldbindingu til að fá samning fyrir hinn aðilann (þ.e. hvort einingin komi fram sem umboðsaðili).

Valréttur viðskiptavinar varðandi viðbótarvörur eða viðbótarþjónustu

B39 Valréttur viðskiptavinar til að afla viðbótarvara eða viðbótarþjónustu frítt eða með afslætti getur verið með ýmsu móti, m.a. söluhvatar, vildarpunktar (eða punktar), möguleikar á endurnýjun samninga eða annar afsláttur á vörum eða þjónustu í framtíðinni.

B40 Ef eining veitir viðskiptavini valrétt með samningi til að afla viðbótarvara eða viðbótarþjónustu leiðir sá valréttur aðeins til árangurstengdrar skuldbindingar í samningnum ef hann kveður á um efnislegan rétt til handa viðskiptavininum sem hefði ella ekki fengið hann án þess að gera þann samning (t.d. afsláttur sem kemur til viðbótar öðrum afslætti sem er yfirleitt gefinn af slíkum vörum eða þjónustu til þessa tiltekna hóps viðskiptavina á því landsvæði eða þeim markaði). Ef valrétturinn veitir viðskiptavininum efnislegan rétt greiðir hann einingunni í reynd fyrir fram fyrir framtíðarvörur eða -þjónustu og einingin færir tekjur af þessum vörum eða þjónustu þegar þær eru yfirfærðar eða þegar valrétturinn fellur úr gildi.

B41 Ef viðskiptavinur á valrétt til að afla viðbótarvara eða viðbótarþjónustu á verði sem endurspeglar sjálfstætt söluverð þeirrar vöru eða þjónustu veitir sá réttur viðskiptavini ekki efnislegan rétt, jafnvel þótt einungis megi nýta valréttinn með því að gera fyrri samninginn. Í þeim tilvikum hefur einingin gert markaðstilboð sem hún skal færa í samræmi við þennan staðal því aðeins að viðskiptavinurinn nýti sér valréttinn til að kaupa viðbótarvörur eða viðbótarþjónustu.

B42 Í 74. lið er gerð sú krafa að eining ráðstafi viðskiptaverði til árangurstengdrar skuldbindingar á grundvelli hlutfallslegs sjálfstæðs söluverðs. Ef ekki er hægt að sannreyna sjálfstætt söluverð á valrétti viðskiptavinar til að afla viðbótarvara eða viðbótarþjónustu með beinum hætti skal eining áætla það. Sú áætlun skal endurspegla afsláttinn sem viðskiptavinurinn myndi fá þegar hann nýtir sér valréttinn og skal leiðrétta fyrir báðum eftirtöldum þáttum:

a) hvers kyns afslætti sem viðskiptavinurinn gæti fengið án þess að nýta sér valréttinn og

b) líkum á því að valrétturinn verði nýttur.

B43 Ef viðskiptavinur á efnislegan rétt á að afla vara eða þjónustu í framtíðinni og þær vörur eða sú þjónusta er svipuð upprunalegri vöru eða þjónustu í samningnum og er látin í té í samræmi við skilmála upphaflega samningsins getur eining, í stað þess að meta sjálfstætt söluverð á valrétti, ráðstafað viðskiptaverði til valkvæðra vara eða þjónustu með vísan til vara eða þjónustu sem vænst er að verði látin í té og samsvarandi vænts endurgjalds. Yfirleitt eru þessar tegundir valréttar vegna endurnýjunar samninga.

Réttindi viðskiptavinar ekki nýtt

B44 Í samræmi við 106. lið skal eining færa, þegar hún tekur við fyrirframgreiðslu frá viðskiptavini, samningsskuld sem nemur fjárhæð fyrirframgreiðslunnar vegna árangurstengdrar skuldbindingar um yfirfærslu eða vera reiðubúin til þess að yfirfæra vörur eða þjónustu í framtíðinni. Eining skal afskrá þá samningsskuld (og færa tekjur) þegar hún yfirfærir þessar vörur eða þjónustu og efnir með því árangurstengda skuldbindingu sína.

B45 Óendurkræf fyrirframgreiðsla viðskiptavinar til einingar gefur viðskiptavininum rétt til vöru eða þjónustu í framtíðinni (og skuldbindur eininguna til að vera reiðubúin til að yfirfæra vöru eða þjónustu). Það kann þó að vera að viðskiptavinir nýti sér ekki öll samningsbundin réttindi sín. Oft er vísað til þessara réttinda, sem ekki eru nýtt, sem yfirgefinna réttinda (e. *breakage*).

B46 Ef eining gerir ráð fyrir að eiga rétt á fjárhæð yfirgefinna réttinda í samningsskuld skal einingin færa væntа fjárhæð yfirgefinna réttinda sem tekjur í hlutfalli við mynstur réttinda sem viðskiptavinurinn nýtir sér. Ef eining væntir þess ekki að eiga rétt á greiðslu fjárhæðar yfirgefinna réttinda skal hún færa væntа fjárhæð yfirgefinna réttinda sem tekjur þegar líkur á að viðskiptavinurinn nýti sér eftirstandandi réttindi sín teljast hverfandi. Til að ákvarða hvort eining geti vænst þess að eiga rétt á fjárhæð yfirgefinna réttinda skal eining líta til krafna sem settar eru fram í 56.–58. lið um takmarkanir á mati á breytilegu endurgjaldi.

B47 Eining skal færa skuld (og ekki tekjur) vegna hvers kyns endurgjalds sem tekið er við og rekja má til réttinda viðskiptavinar, sem ekki voru nýtt, og einingin þarf að láta af hendi til annars aðila, t.d. til opinberrar stofnunar í samræmi við gildandi lög um ósóttar eignir.

Óendurkræfar fyrirframgreiddar þóknanir (og ýmis tengdur kostnaður)

B48 Samkvæmt sumum samningum rukkar eining viðskiptavin um fyrirframgreiddar þóknanir við gildistöku samnings eða nálægt gildistöku samnings. Dæmi um þetta eru gjöld vegna aðildar að heilsurækt, gjöld vegna virkjunar í fjarskiptasamningum, gjöld vegna uppsetningar í sumum þjónustusamningum og upphafsgjöld í sumum vörusamningum.

B49 Til að greina árangurstengda skuldbindingu í slíkum samningum þarf eining að meta hvort gjöldin tengjast yfirfærslu á umsaminni vöru eða þjónustu. Jafnvel þótt óendurkræf fyrirframgreidd þóknun tengist starfsemi, sem krafist er að einingin hefji við eða nálægt gildistöku samnings til að efna ákvæði samningsins, leiðir sú starfsemi í mörgum tilvikum ekki til yfirfærslu á umsaminni vöru eða þjónustu til viðskiptavinarins (sjá 25. lið). Þess í stað er fyrirframgreidd þóknun fyrirframgreiðsla fyrir framtíðarvörur eða -þjónustu og af þeim sökum ætti að færa hana sem tekjur þegar þær vörur eða sú þjónusta er látin í té. Færslutímabil tekna er lengra en upphaflegt samningstímabil ef einingin veitir viðskiptavininum valrétt til að endurnýja samninginn og sá réttur veitir viðskiptavininum efnislegan rétt eins og lýst er í lið B40.

B50 Ef óendurkræfa fyrirframgreidda þóknunin tengist vöru eða þjónustu skal einingin meta hvort færa skuli vörurnar eða þjónustuna sem aðgreinda árangurstengda skuldbindingu í samræmi við 22.–30. lið.

B51 Eining má fara fram á óendurkræfa upphafsþóknun sem hluta af þóknun vegna kostnaðar við að koma á samningi (eða vegna annarra stjórnsýsluverkefna eins og lýst er í 25. lið). Ef þessar aðgerðir við að koma á samningi verða ekki til að efna árangurstengda skuldbindingu skal eining horfa framhjá þeim aðgerðum (og tengdum kostnaði) við mat á efndum í samræmi við lið B19. Ástæðan er sú að kostnaður við að koma á samningi sýnir ekki yfirfærslu á þjónustu til viðskiptavinarins. Einingin skal meta hvort kostnaður við að koma á samningi hafi leitt af sér eign sem skal færa í samræmi við 95. lið.

Leyfisveiting

B52 Leyfi veitir viðskiptavini rétt til að nota hugverk einingar. Leyfi vegna hugverka geta tekið til, en takmarkast þó ekki við, leyfi vegna eftirfarandi:

a) hugbúnaðar og tækni,

b) kvikmynda, tónlistar og fjölmiðlunar og afþreyingar með öðru sniði,

c) sérleyfa og

d) einkaleyfa, vörumerkja og höfundarréttar.

B53 Til viðbótar við loforð um að veita viðskiptavini leyfi getur eining einnig lofað að yfirfæra aðrar vörur eða þjónustu til viðskiptavinarins. Tilgreina má þessi loforð með skýrum hætti í samningnum eða gefa þau til kynna með hefðbundnum viðskiptaháttum einingar, yfirlýstum stefnum hennar eða sérstökum yfirlýsingum (sjá 24. lið). Eins og með aðrar tegundir samninga þá beitir eining 22.–30. lið til að skilgreina hverja árangurstengda skuldbindingu í samningnum þegar samningur við viðskiptavin felur í sér loforð um leyfisveitingu (eða leyfisveitingar) til viðbótar við aðrar umsamdar vörur eða þjónustu.

B54 Ef loforðið um veitingu leyfis er ekki aðgreint frá öðrum umsömdum vörum eða þjónustu í samningnum, í samræmi við 26.–30. lið, skal eining færa það loforð um leyfisveitingu og þær umsömdu vörur eða þjónustu saman sem eina árangurstengda skuldbindingu. Dæmi um leyfi sem ekki eru aðgreind frá öðrum vörum eða þjónustu sem lofað er í samningi eru eftirfarandi:

a) leyfi sem er hluti af efnislegum fjármunum og sem er óaðskiljanlegur hluti af virkni vörunnar og

b) leyfi sem viðskiptavinurinn getur aðeins hagnast á í tengslum við tengda þjónustu (s.s. þjónusta á Netinu sem einingin veitir og leyfisveiting gerir viðskiptavininum kleift að nálgast efni).

B55 Ef leyfið er ekki aðgreint skal eining beita 31.–38. lið til að ákvarða hvort árangurstengda skuldbindingin (sem felur í sér umsamið leyfi) er árangurstengd skuldbinding sem er efnd á tilteknu tímabili eða á ákveðnum tímapunkti.

B56 Ef loforð um leyfisveitingu er aðgreint frá öðrum umsömdum vörum og þjónustu í samningnum og loforðið um veitingu leyfisins því aðskilin árangurstengd skuldbinding skal eining ákvarða hvort leyfið yfirfærist til viðskiptavinarins annaðhvort á ákveðnum tímapunkti eða á tilteknu tímabili. Við þessa ákvörðun skal eining hafa í huga hvort í loforði einingarinnar um leyfisveitingu til handa viðskiptavininum felist það að veita viðskiptavininum annaðhvort:

a) rétt til aðgangs að hugverki einingarinnar eins og það er fyrir hendi á öllu gildistímabili leyfisins eða

b) rétt til afnota af hugverki einingarinnar eins og það er fyrir hendi á þeim tímapunkti þegar leyfið er veitt.

Eðli loforðs einingarinnar ákvarðað

B57 [Felldur brott]

B58 Eðli loforðs einingar vegna leyfisveitingar er loforð um veitingu réttar til aðgangs að hugverkum einingarinnar ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) í samningi er gerð krafa um, eða viðskiptavinur hefur ástæðu til að ætla, að einingin sinni athöfnum sem hafa veruleg áhrif á hugverk sem viðskiptavinurinn á rétt á (sjá liði B59 og B59A),

b) þau réttindi sem leyfið veitir hafa bein jákvæð eða neikvæð áhrif á viðskiptavininn vegna athafna einingarinnar sem tilgreind er í a-lið liðar B58 og

c) þessar athafnir leiða ekki til yfirfærslu á vörum eða þjónustu til viðskiptavinarins þegar þær eru framkvæmdar (sjá 25. lið).

B59 Þættir, sem geta gefið vísbendingu um að viðskiptavinur geti haft ástæðu til að ætla að eining framkvæmi athafnir sem hafa veruleg áhrif á hugverk, taka m.a. til hefðbundinna viðskiptahátta einingarinnar, birtra stefnumiða eða sérstakra yfirlýsinga. Þótt það sé ekki ákvarðandi þáttur getur tilvist sameiginlegra fjárhagslegra hagsmuna (t.d. sölubundinnar rétthafagreiðslu) einingarinnar og viðskiptavinarins varðandi hugverkið, sem viðskiptavinurinn á rétt á, einnig gefið til kynna að viðskiptavinurinn geti haft ástæðu til að ætla að einingin muni sinna slíkum athöfnum.

B59A Starfsemi einingar hefur veruleg áhrif á hugverk sem viðskiptavinurinn á rétt á þegar annaðhvort:

a) búist er við að slík starfsemi breyti umtalsvert formgerð (t.d. hönnun eða inntaki) eða virkni (t.d. getu til að sinna starfi eða verkefni) hugverks eða

b) geta viðskiptavinarins til að njóta ávinnings af hugverkinu er í meginatriðum dregin af eða háð þeirri starfsemi. Ávinningur af vöruheiti leiðir t.d. oft af eða er háður yfirstandandi aðgerðum einingar sem styðja eða viðhalda verðgildi hugverksins.

Til samræmis við það, ef það hugverk, sem viðskiptavinurinn á rétt á, hefur umtalsverða sjálfstæða virkni leiðir verulegur hluti ávinningsins af því hugverki af þeirri virkni. Af þessum sökum er geta viðskiptavinarins til að njóta ávinnings af hugverkinu ekki háð verulegum áhrifum af athöfnum einingarinnar nema þær athafnir breyti umtalsvert formgerð hennar eða virkni. Hugverk sem oft hafa umtalsverða sjálfstæða virkni eru hugbúnaður, líffræðileg efnasambönd eða lyfjaformúlur og fullbúið fjölmiðlaefni (eins og t.d. kvikmyndir, sjónvarpsþættir og tónlistarupptökur).

B60 Ef skilyrðin í lið B58 eru uppfyllt skal eining færa loforð um leyfisveitingu sem árangurstengda skuldbindingu sem er efnd á tilteknu tímabili vegna þess að viðskiptavinurinn mun samtímis taka við og neyta ávinnings af árangri einingarinnar við að veita aðgang að hugverki sínu um leið og sá árangur kemur fram (sjá a-lið 35. liðar). Eining skal beita 39.–45. lið við val á viðeigandi ráðstöfun til að meta árangur sinn við að efna að fullu árangurstengda skuldbindingu um að veita aðgang.

B61 Ef skilyrðin í lið B58 eru ekki uppfyllt felst loforð einingar í því að veita rétt til afnota af hugverki einingarinnar eins og það stendur (með tilliti til forms og virkni) á þeim tímapunkti þegar leyfið er veitt viðskiptavininum. Þetta þýðir að viðskiptavinurinn getur stjórnað notkun á leyfi og notið í meginatriðum eftirstandandi ávinnings af leyfinu á þeim tímapunkti þegar leyfið er yfirfært. Eining skal færa loforð um veitingu réttar til afnota af hugverki einingarinnar sem árangurstengda skuldbindingu sem efnd er á tilteknum tímapunkti. Eining skal beita 38. lið til að ákvarða á hvaða tímapunkti leyfið er yfirfært til viðskiptavinarins. Ekki er þó unnt að færa tekjur af leyfi sem veitir rétt til afnota af hugverki einingar áður en það tímabil hefst þar sem viðskiptavinurinn getur notað leyfið og notið ávinnings af því. Ef hugbúnaðarleyfi tekur t.d. gildi áður en eining lætur viðskiptavininum í té (eða kemur á annan hátt á framfæri) kóða sem gerir honum kleift að nota hugbúnaðinn tafarlaust skal einingin ekki færa tekjur af því fyrr en sá kóði hefur verið látinn í té (eða komið á annan hátt á framfæri).

B62 Eining skal horfa fram hjá eftirfarandi þáttum þegar hún ákvarðar hvort leyfi veiti rétt til aðgangs að hugverki einingarinnar eða rétt til að nota hugverk einingarinnar:

a) takmarkanir varðandi tíma, landsvæði eða afnot — í þessum takmörkunum eru einkenni umsaminna leyfa skilgreind fremur en að tilgreint sé hvort eining efni árangurstengda skuldbindingu sína á ákveðnum tímapunkti eða með tímanum,

b) ábyrgðaryfirlýsingar einingarinnar um að hún hafi gilt einkaleyfi fyrir hugverki og að hún muni verja það einkaleyfi fyrir óheimilli notkun — loforð um að verja einkaleyfisrétt er ekki árangurstengd skuldbinding vegna þess að það að verja einkaleyfið ver verðgildi hugverkaeigna einingarinnar og fullvissar viðskiptavininn um að yfirfært leyfi uppfylli skilyrði leyfisins sem lofað er í samningnum.

Sölu- eða nýtingarbundnar rétthafagreiðslur

B63 Þrátt fyrir kröfurnar í 56.–59. lið skal eining aðeins færa tekjur af sölu- eða nýtingarbundnum rétthafagreiðslum sem lofað er í skiptum fyrir leyfi vegna hugverka þegar (eða eftir því sem) sá eftirfarandi atburður sem verður síðar á sér stað:

a) síðari sala eða afnot eiga sér stað og

b) árangurstengda skuldbindingin, sem sumum eða öllum sölu- eða nýtingarbundnu rétthafagreiðslunum hefur verið ráðstafað til, hefur verið efnd (eða efnd að hluta).

B63A Krafan í lið B63 um sölu- eða nýtingarbundnar rétthafagreiðslur gildir þegar rétthafargreiðslan tengist aðeins leyfi vegna hugverka eða þegar leyfi vegna hugverka er ráðandi liður í tengslum við rétthafagreiðsluna (t.d. getur leyfi vegna hugverka verið ráðandi liður í tengslum við rétthafagreiðslu þegar eining hefur réttmætar væntingar um að viðskiptavinurinn telji leyfið verulega verðmætara en aðrar vörur eða þjónustu sem rétthafagreiðslan tengist).

B63B Þegar krafan í lið B63A er uppfyllt skal færa tekjur af sölu- eða nýtingarbundnum rétti að fullu í samræmi við lið B63. Þegar krafan í lið B63A er ekki uppfyllt eiga kröfur um breytilegt endurgjald í 50.–59. lið við um sölu- eða nýtingarbundnar rétthafagreiðslur.

Endurhverf verðbréfakaup:

B64 Endurkaupasamningur er samningur þar sem eining selur eign og lofar auk þess endurkaupum á eigninni eða hefur valrétt um það (annaðhvort í sama samningi eða öðrum samningi). Endurkeypta eignin getur verið eign sem var upprunalega seld viðskiptavininum, eign sem er í meginatriðum hin sama og sú eign eða önnur eign sem upprunalega, selda eignin er hluti af.

B65 Endurkaupasamningar eru almennt með þrennu móti:

a) skuldbinding einingar um endurkaup á eigninni (framvirkur samningur),

b) réttur einingar til endurkaupa á eigninni (kaupréttur) og

c) skuldbinding einingar um endurkaup á eigninni að beiðni viðskiptavinar (söluréttur).

Framvirkur samningur eða kaupréttur

B66 Ef eining er skuldbundin eða hefur rétt til endurkaupa á eigninni (framvirkur samningur eða kaupréttur) öðlast viðskiptavinur ekki yfirráð yfir eigninni vegna þess að hann hefur takmarkaða getu til að stjórna notkun á, og njóta í meginatriðum eftirstandandi ávinnings af, eigninni, jafnvel þótt eignin kunni að vera í vörslu viðskiptavinarins. Af þessum sökum skal einingin færa samninginn sem annað af eftirfarandi:

a) leigusamning í samræmi við IFRS-staðal 16, *leigusamningar*, ef einingin getur eða verður að ganga til endurkaupa á eigninni fyrir fjárhæð sem er lægri en upphaflegt söluverð eignarinnar nema samningurinn sé hluti af sölu- og endurleiguviðskiptum. Ef samningurinn er hluti af sölu- og endurleiguviðskiptum skal einingin halda áfram að færa eignina og einnig færa fjárskuld vegna hvers kyns endurgjalds sem tekið er við frá viðskiptavininum. Eining skal gera grein fyrir fjárskuldinni í samræmi við IFRS-staðal 9.

b) fjármögnunarfyrirkomulag í samræmi við lið B68 ef einingin getur eða verður að ganga til endurkaupa á eigninni fyrir fjárhæð sem er jöfn upphaflegu söluverði eignarinnar eða hærri.

B67 Við samanburð á endurkaupsverði og söluverði skal eining líta til tímavirðis peninga.

B68 Ef endurkaupasamningurinn er fjármögnunarfyrirkomulag skal einingin halda áfram að færa eignina og einnig færa fjárskuld vegna hvers kyns endurgjalds sem tekið er við frá viðskiptavininum. Einingin skal færa mismun á þeirri fjárhæð sem fengin er frá viðskiptavininum og þeirri fjárhæð sem greiða skal viðskiptavininum sem vexti og, ef við á, sem vinnslu- eða umsýslukostnað (t.d. tryggingu).

B69 Ef valrétturinn fellur úr gildi án þess að vera nýttur skal eining afskrá skuldina og færa sem tekjur.

Söluréttur

B70 Ef eining er skuldbundin til að ganga til endurkaupa á eigninni að beiðni viðskiptavinar (söluréttur) á verði sem er lægra en upphaflegt söluverð eignarinnar skal einingin, við gildistöku samnings, líta til þess hvort viðskiptavinurinn hafi verulegan efnahagshvata til að neyta þessa réttar síns. Neyti viðskiptavinurinn þess réttar leiðir það til þess að hann greiðir einingunni í reynd fyrir rétt til afnota af tiltekinni eign í ákveðinn tíma. Ef viðskiptavinurinn hefur verulegan efnahagshvata til að neyta þessa réttar skal einingin því færa samninginn sem leigusamning í samræmi við IFRS-staðal 16, nema samningurinn sé hluti af sölu- og endurleiguviðskiptum. Ef samningurinn er hluti af sölu- og endurleiguviðskiptum skal einingin halda áfram að færa eignina og einnig færa fjárskuld vegna hvers kyns endurgjalds sem tekið er við frá viðskiptavininum. Eining skal gera grein fyrir fjárskuldinni í samræmi við IFRS-staðal 9.

B71 Til að ákvarða hvort viðskiptavinur hafi verulegan efnahagshvata til að neyta réttar síns skal eining taka tillit til ýmissa þátta, m.a. tengslanna milli endurkaupsverðs og væntsmarkaðsvirðis eignarinnar á þeim degi sem endurkaupin fóru fram og hversu langur tími líður þar til rétturinn fellur úr gildi. Ef búist er við því t.d. að endurkaupsverðið verði töluvert hærra en markaðsvirði eignarinnar getur það gefið vísbendingar um að viðskiptavinurinn hafi verulegan efnahagshvata til að neyta söluréttarins.

B72 Ef viðskiptavinurinn hefur ekki verulegan efnahagshvata til að neyta réttar síns á verði, sem er lægra en upphaflegt söluverð eignarinnar, skal einingin færa samninginn eins og um væri að ræða sölu á vöru með skilarétti eins og lýst er í liðum B20–B27.

B73 Ef endurkaupsverð eignarinnar er jafnt upphaflegu söluverði eða hærra og hærra en vænt markaðsvirði eignarinnar er samningurinn í reynd fjármögnunarfyrirkomulag og skal því færa eins og lýst er í lið B68.

B74 Ef endurkaupsverð eignarinnar er jafnt upphaflegu söluverði eða hærra og lægra en eða jafnt væntu markaðsvirði eignarinnar og viðskiptavinurinn hefur ekki verulegan efnahagshvata til að neyta réttar síns skal einingin færa samninginn eins og um væri að ræða sölu á vöru með skilarétti eins og lýst er í liðum B20–B27.

B75 Við samanburð á endurkaupsverði og söluverði skal eining líta til tímavirðis peninga.

B76 Ef valrétturinn fellur úr gildi án þess að vera nýttur skal eining afskrá skuldina og færa sem tekjur.

Vörusendingarsamningar

B77 Þegar eining afhendir öðrum aðila (s.s. söluaðila eða dreifingaraðila) vöru til að selja endanlegum viðskiptavinum skal einingin meta hvort þessi annar aðili hafi á þeim tímapunkti öðlast yfirráð yfir vörunni. Halda má vöru, sem afhend hefur verið öðrum aðila, innan vörusendingarsamnings ef hinn aðilinn hefur ekki öðlast yfirráð yfir vörunni. Í samræmi við það skal eining ekki færa tekjur við afhendingu vörunnar til annars aðila ef varan fellur undir vörusendingarsamning.

B78 Vísbendingar um að um vörusendingarsamning sé að ræða eru m.a., en takmarkast ekki við, eftirfarandi:

a) varan lýtur stjórn einingarinnar þar til tilgreindur atburður á sér stað, s.s. sala á vörunni til viðskiptavinar söluaðilans eða þar til tilgreint tímabil er liðið,

b) einingin getur krafist þess að varan sé endursend eða yfirfærð til þriðja aðila (s.s. annars söluaðila) og

c) söluaðilinn hefur ekki skilyrðislausa skyldu til að greiða vöruna (þótt hann þurfi mögulega að leggja fram tryggingarfé).

Samningar um sölu með frestaðri afhendingu

B79 Samningur um sölu með frestaðri afhendingu er samningur sem felur í sér að eining sendir viðskiptavini reikning fyrir vöru en hefur vörunar áfram í sinni vörslu þar til hún yfirfærir hana til viðskiptavinarins á ákveðnum tímapunkti í framtíðinni. Viðskiptavinur getur t.d. farið þess á leit við einingu að hún geri slíkan samning vegna þess að viðskiptavininn skortir tiltækt rými fyrir vöruna eða vegna tafa á framleiðsluáætlunum viðskiptavinarins.

B80 Eining skal ákveða hvenær hún hefur efnt árangurstengda skuldbindingu um að yfirfæra vöru með því að meta hvenær viðskiptavinur hefur öðlast yfirráð yfir þeirri vöru (sjá 38. lið). Í sumum samningum eru yfirráð yfirfærð annaðhvort þegar varan er afhent á athafnasvæði viðskiptavinarins eða þegar varan er send, eftir því sem við á samkvæmt skilmálum samningsins (þ.m.t. afhendingar- og flutningsskilmálum). Í sumum samningum getur viðskiptavinur þó öðlast yfirráð yfir vöru, jafnvel þótt sú vara sé áfram í vörslu einingarinnar. Í því tilviki getur viðskiptavinurinn stjórnað notkun á og notið í meginatriðum eftirstandandi ávinnings af vörunni, jafnvel þótt hann hafi ákveðið að neyta ekki réttar síns til að taka vöruna í vörslu sína. Af því leiðir að einingin hefur ekki yfirráð yfir vörunni. Í stað þess veitir einingin viðskiptavininum vörsluþjónustu vegna eignar viðskiptavinarins.

B81 Auk þess að beita kröfunni í 38. lið verður viðskiptavinur að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til þess að öðlast yfirráð yfir vöru í samningi um sölu með frestaðri afhendingu:

a) ástæðan fyrir samningi um sölu með frestaðri afhendingu verður að vera efnisleg (t.d. sú að viðskiptavinurinn hafi óskað eftir samningnum),

b) varan verður að vera sérstaklega auðkennd sem eign viðskiptavinarins,

c) varan verður jafnframt að vera tilbúin til raunverulegrar yfirfærslu til viðskiptavinarins og

d) einingin getur ekki notað vöruna eða ráðstafað henni til annars viðskiptavinar.

B82 Ef eining færir tekjur af sölu á vöru á grundvelli samnings um sölu með frestaðri afhendingu skal einingin taka til athugunar hvort hún hafi eftirstandandi árangurstengdar skuldbindingar (t.d. vegna vörsluþjónustu) í samræmi við 22.–30. lið en þá skal einingin ráðstafa hluta af viðskiptaverðinu til þeirra árangurstengdu skuldbindinga í samræmi við 73.–86. lið.

Samþykki viðskiptavinar

B83 Í samræmi við e-lið 38. liðar getur móttaka viðskiptavinar á eign gefið til kynna að viðskiptavinurinn hafi öðlast yfirráð yfir eigninni. Ákvæði um móttöku viðskiptavinar heimila viðskiptavini að segja upp samningi eða krefja einingu um aðgerðir til úrbóta ef vara eða þjónusta uppfyllir ekki umsamda lýsingu. Eining skal taka til athugunar slík ákvæði við mat á því hvort viðskiptavinur hafi öðlast yfirráð yfir vöru eða þjónustu.

B84 Ef eining getur á hlutlægan hátt ákveðið að yfirráð yfir vöru eða þjónustu hafi verið yfirfærð til viðskiptavinarins í samræmi við umsamda lýsingu í samningnum er móttaka viðskiptavinarins formsatriði sem hefur ekki áhrif á ákvörðun einingar um hvenær viðskiptavinur hafi öðlast yfirráð yfir vörunni eða þjónustunni. Ef ákvæði um móttöku viðskiptavinarins er t.d. byggt á því að ná tiltekinni stærð eða þyngd getur eining ákvarðað hvort þessi skilyrði hafi verið uppfyllt áður en tekið er við staðfestingu á móttöku viðskiptavinarins. Reynsla einingarinnar af samningum vegna sambærilegra vara eða þjónustu kann að gefa vísbendingu um að vara eða þjónusta sem látin er viðskiptavininum í té sé í samræmi við umsamda lýsingu samningsins. Ef tekjur eru færðar áður en móttaka viðskiptavinarins liggur fyrir verður einingin engu að síður að taka til athugunar hvort fyrir liggi eftirstandandi árangurstengdar skuldbindingar (t.d. uppsetning búnaðar) og meta hvort færa skuli þær sérstaklega.

B85 Ef eining getur á hinn bóginn ekki ákvarðað á hlutlægan hátt að vara eða þjónusta, sem látin er viðskiptavininum í té, sé í samræmi við umsamda lýsingu í samningnum getur einingin ekki ályktað að viðskiptavinurinn hafi öðlast yfirráðin fyrr en einingunni hefur borist samþykki viðskiptavinarins. Ástæðan er sú að við þær aðstæður getur einingin ekki ákvarðað að viðskiptavinurinn hafi getu til að stjórna notkun á og njóta í meginatriðum eftirstandandi ávinnings af eigninni eða þjónustunni.

B86 Ef eining afhendir viðskiptavini vörur til þess að hann geti prófað þær eða metið og hann er ekki skuldbundinn til að greiða endurgjald fyrr en prófunartímabili lýkur eru yfirráð yfir vörunni ekki yfirfærð til viðskiptavinarins fyrr en viðskiptavinurinn hefur annaðhvort samþykkt vöruna eða prófunartímabilinu lýkur.

Upplýsingagjöf um aðgreiningu tekna

B87 Í 114. lið er þess krafist að eining aðgreini tekjur af samningum við viðskiptavini í flokka sem sýna hvernig efnahagslegir þættir hafa áhrif á eðli, fjárhæð, tímasetningu og óvissu tekna og sjóðstreymis. Af þeim sökum veltur aðgreining tekna einingar, að því er þessa upplýsingagjöf varðar, á málsatvikum og aðstæðum sem snúa að samningum einingar við viðskiptavini. Sumar einingar geta þurft að nota fleiri en eina tegund flokka til að uppfylla markmið 114. liðar um aðgreiningu tekna. Aðrar einingar geta uppfyllt markmiðin með því að nota aðeins eina tegund flokks við aðgreiningu tekna.

B88 Við val á tegund flokks (eða flokka) til að aðgreina tekjur skal eining taka til athugunar hvernig upplýsingar um tekjur einingarinnar hafa verið settar fram í öðrum tilgangi, þ.m.t. öll eftirfarandi upplýsingagjöf:

a) upplýsingagjöf utan reikningsskilanna (t.d. birting tekjuupplýsinga, ársskýrslna eða kynninga fyrir fjárfesta),

b) upplýsingar sem sæta reglulegri endurskoðun æðsta ákvarðanatökuaðila í daglegum rekstri við mat á rekstrarárangri starfsþátta og

c) aðrar upplýsingar sem eru sambærilegar þeim tegundum upplýsinga sem tilgreindar eru í a-lið og b-lið liðar B88 og sem einingin, eða notendur reikningsskila einingarinnar, nota til að meta rekstrarárangur einingarinnar eða taka ákvarðanir um ráðstöfun tilfanga.

B89 Dæmi um viðeigandi flokka gætu verið allir eftirfarandi flokkar en takmarkast ekki við þá:

a) tegund vöru eða þjónustu (t.d. helstu vörulínur),

b) landfræðilegt svæði (t.d. ríki eða landsvæði),

c) markaður eða tegund viðskiptavinar (t.d. viðskiptavinir sem eru opinberir aðilar eða aðrir aðilar),

d) tegund samnings (t.d. samningar um fast verð og samningar um greiðslur samkvæmt notkun tíma eða efnis),

e) gildistími samnings (t.d. skammtímasamningar og langtímasamningar),

f) tímasetning yfirfærslu vara eða þjónustu (t.d. tekjur af vörum eða þjónustu sem eru yfirfærðar til viðskiptavina á tilteknum tímapunkti og tekjur af vörum eða þjónustu sem eru yfirfærðar á tilteknu tímabili) og

g) söluleiðir (t.d. vörur sem eru seldar neytendum með beinum hætti og vörur seldar í gegnum milliliði).

Viðbætir C

Gildistökudagur og umbreyting

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti staðalsins og hefur sama gildi og aðrir hlutar hans.

GILDISTÖKUDAGUR

C1 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar. Heimilt er að beita staðlinum fyrr. Ef eining beitir þessum staðli fyrr skal hún greina frá því.

C1A IFRS-staðall 16, *leigusamningar* gefinn út í janúar 2016, breytti 5. og 97. lið og liðum B66 og B70. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

C1B Með nánari útlistun á IFRS-staðli 15, reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini, sem gefinn var út í apríl 2016, breyttust 26., 27. og 29. liður, liðir B1, B34–B38, B52–B53, B58, C2, C5 og C7, liður B57 féll brott og liðir B34A, B35A, B35B, B37A, B59A, B63A, B63B, C7A og C8A bættust við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar. Heimilt er að beita breytingunni fyrr. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

C1C IFRS-staðall 17, gefinn út í maí 2017, breytti 5. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 17.

UMBREYTING

C2 Að því er varðar umbreytingarákvæðin í liðum C3–C8A:

a) upphafsdagur beitingar er upphaf reikningsskilatímabilsins þegar eining beitir þessum staðli í fyrsta sinn og

b) uppfylltur samningur er samningur þar sem eining hefur yfirfært allar vörur eða þjónustu sem auðkennd er í samræmi við IAS-staðal 11, verksamningar, IAS-staðal 18, reglulegar tekjur, og tengdar túlkanir.

C3 Eining skal beita þessum staðli með því að nota aðra hvora eftirfarandi aðferða:

a) afturvirkt fyrir hvert fyrra reikningsskilatímabil sem sett er fram í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, með fyrirvara um úrræðin í lið C5 eða

b) afturvirkt með samlegðaráhrifum af því að beita þessum staðli í upphafi sem færður er á upphafsdegi beitingar í samræmi við liði C7–C8.

C4 Þrátt fyrir kröfurnar í 28. lið IAS-staðals 8 þarf eining, þegar þessum staðli er beitt í fyrsta sinn, einungis að leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir árlega tímabilið næst á undan árlegu tímabili þessa staðals („næstliðið tímabil“) og aðeins ef einingin beitir þessum staðli afturvirkt í samræmi við a-lið liðar C3. Einingu er einnig heimilt að leggja fram þessar upplýsingar fyrir yfirstandandi tímabil eða fyrir samanburðartímabil en þess er ekki krafist.

C5 Eining getur notað eitt eða fleiri af eftirfarandi hentugum úrræðum við afturvirka beitingu þessa staðals í samræmi við a-lið liðar C3:

a) að því er varðar uppfyllta samninga þarf eining ekki að endurgera samninga sem:

i) hefjast og lýkur innan sama árlega reikningsskilatímabils eða

ii) hafa verið uppfylltir í upphafi fyrsta tímabilsins sem sett er fram,

b) að því er varðar uppfyllta samninga með breytilegu endurgjaldi má eining nota viðskiptaverðið á þeim degi þegar samningurinn var uppfylltur fremur en að meta fjárhæðir breytilegs endurgjalds á sambærilegum reikningsskilatímabilum,

c) í samræmi við 20.–21. lið þarf eining ekki að gera afturvirka endurgerð á samningum vegna samninga sem breytt er fyrir upphaf fyrsta tímabilsins sem sett er fram. Þess í stað skal eining endurspegla samanlögð áhrif allra breytinganna sem urðu fyrir upphaf fyrsta tímabilsins sem sett er fram þegar eining:

i) skilgreinir árangurstengdar skuldbindingar sem hafa verið efndar og ekki hafa verið efndar,

ii) ákvarðar viðskiptaverð og

iii) ráðstafar heildarverði í viðskiptum til árangurstengdra skuldbindinga sem hafa verið efndar og ekki hafa verið efndar,

d) að því er varðar öll reikningsskilatímabil sem sett eru fram fyrir upphafsdag beitingar þarf eining hvorki að greina frá fjárhæð viðskiptaverðs til eftirstandandi árangurstengdra skuldbindinga né útskýra hvenær einingin gerir ráð fyrir að færa þá fjárhæð sem tekjur (sjá 120. lið).

C6 Einingin skal, að því er varðar þau hentugu úrræði sem um getur í lið C5 og hún notar, beita viðkomandi úrræði af samkvæmni gagnvart öllum samningum innan allra reikningsskilatímabila sem sett eru fram. Þessu til viðbótar skal einingin leggja fram allar eftirfarandi upplýsingar:

a) þau úrræði sem notuð hafa verið og

b) að því marki sem það er mögulegt, eigindlegt mat á ætluðum áhrifum þess að beita hverju þessara úrræða.

C7 Ef eining velur að beita þessum staðli afturvirkt í samræmi við b-lið liðar C3 skal hún færa samlegðaráhrif af því að beita í upphafi þessum staðli sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár (eða annars eiginfjárþáttar, eftir því sem við á) á árlega reikningsskilatímabilinu sem felur í sér upphafsdag beitingar. Samkvæmt þessari umbreytingaraðferð getur eining valið að beita þessum staðli afturvirkt vegna samninga sem ekki hafa verið uppfylltir á upphafsdegi beitingar (t.d. 1. janúar 2018 að því er varðar einingu með fjárhagsár sem lýkur 31. desember).

C7A Eining sem beitir þessum staðli afturvirkt í samræmi við b-lið liðar C3, getur einnig notast við hentuga úrræðið sem lýst er í c-lið liðar C5, annaðhvort:

a) fyrir allar breytingar á samningi sem verða fyrir upphaf fyrsta tímabils sem sett er fram eða

b) fyrir allar breytingar á samningi sem verða fyrir þann dag sem samningurinn kemur til framkvæmda.

Ef eining nýtir sér þetta hentuga úrræði skal hún beita því úrræði á sama hátt gagnvart öllum samningum og birta upplýsingarnar sem krafist er í ákvæðum liðar C6.

C8 Eining skal, að því er varðar reikningsskilatímabil sem fela í sér upphafsdag beitingar, láta í té eftirfarandi viðbótarupplýsingar ef þessum staðli er beitt afturvirkt í samræmi við b-lið liðar C3:

a) þá fjárhæð sem verður fyrir áhrifum í hverri sérlínu reikningsskila á yfirstandandi reikningsskilatímabili við beitingu þessa staðals, borið saman við IAS-staðal 11, IAS-staðal 18 og tengdar túlkanir sem voru í gildi fyrir breytinguna og

b) skýringu á ástæðum fyrir verulegum breytingum sem tilgreindar eru í a-lið liðar C8.

C8A Eining skal beita *nánari útlistun* á IFRS-staðli 15 afturvirkt (sjá lið C1B) í samræmi við IAS-staðal 8. Við að beita breytingunum afturvirkt skal eining beita breytingunum eins og þær hefðu verið með í IFRS-staðli 15 á upphafsdegi beitingar. Af þessum sökum beitir eining ekki þessum breytingum á reikningsskilatímabil eða samninga þar sem kröfum IFRS-staðals 15 er ekki beitt í samræmi við liði C2–C8. Ef eining beitir t.d. aðeins IFRS-staðli 15, í samræmi við b-lið liðar C3, á samninga sem ekki hafa verið uppfylltir á upphafsdegi breytingar skal eining ekki endurgera uppfyllta samninga á upphafsdegi beitingar IFRS-staðals 15 vegna áhrifa af þessum breytingum.

Tilvísanir í IFRS-staðal 9

C9 Ef eining beitir þessum staðli en hefur ekki enn beitt IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*, ber að lesa tilvísanirnar í þessum staðli í IFRS-staðal 9 sem tilvísanir í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.

AFTURKÖLLUN ANNARRA STAÐLA

C10 Þessi staðall kemur í stað eftirfarandi staðla:

a) IAS-staðals 11, *verksamningar*,

b) IAS-staðals 18, *reglulegar tekjur*,

c) IFRIC-túlkunar 13, *tryggðarkerfi viðskiptavina*,

d) IFRIC-túlkunar 15, *samningar um byggingu fasteigna*,

e) IFRIC-túlkunar 18, *yfirfærsla eigna frá viðskiptavinum* og

f) SIC-túlkunar 31 fastanefndarinnar um túlkanir, *reglulegar tekjur — vöruskipti í tengslum við auglýsingaþjónustu*.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 16 (IFRS-staðall 16)

Leigusamningar

MARKMIÐ

1 Í þessum staðli eru settar fram meginreglur um færslu, mat, framsetningu og birtingu upplýsinga um *leigusamninga*. Markmiðið er að tryggja að *leigutakar* og *leigusalar* láti í té viðeigandi upplýsingar þannig að þær gefi glögga mynd af þessum viðskiptum. Þessar upplýsingar eru grundvöllur fyrir notendur reikningsskila til að meta þau áhrif sem leigusamningar hafa á fjárhagsstöðu, rekstrarárangur og sjóðstreymi einingar.

2 Eining skal skoða skilmála og skilyrði *samninga* og alla viðeigandi málavexti og aðstæður þegar hún beitir þessum staðli. Eining skal beita þessum staðli á sama hátt gagnvart samningum sem bera sömu einkenni og við sambærilegar aðstæður.

GILDISSVIÐ

3 Eining skal beita þessum staðli á alla leigusamninga, þ.m.t. leigusamninga um *eignir með afnotarétti* í *framleigusamningi*, nema:

a) leigusamninga um leit eða notkun á jarðefnum, olíu, jarðgasi og sambærilegum óendurnýjanlegum auðlindum,

b) leigusamninga um lífrænar eignir sem falla innan gildissviðs IAS-staðals 41, *landbúnaður,* sem leigutaki hefur umráð yfir,

c) samninga um þjónustuívilnun innan gildissviðs IFRIC-túlkunar 12, *samningar um þjónustuívilnun*,

d) leyfi vegna hugverka sem leigusali veitir innan gildissviðs IFRS-staðals 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, og

e) réttindi leigutaka samkvæmt leyfissamningum innan gildissviðs IAS-staðals 38, *óefnislegar eignir*, að því er varðar liði eins og kvikmyndir, myndbandsupptökur, leikrit, handrit, einkaleyfi og höfundarrétt.

4 Leigutaki getur, en þess er þó ekki krafist, beitt þessum staðli á leigusamninga um óefnislegar eignir aðrar en þær sem lýst er í e-lið 3. liðar.

UNDANÞÁGUR FRÁ FÆRSLU (LIÐIR B3–B8)

5 Leigutaki getur valið að beita ekki kröfunum í liðum 22–49 á:

a) *skammtímaleigusamninga,* og

b) leigusamninga þar sem virði *undirliggjandi eignar* er lágt (eins og lýst er í liðum B3–B8).

6 Ef leigutaki velur að beita ekki kröfunum í 22.–49. lið, hvorki að því er varðar skammtímaleigusamninga né leigusamninga þar sem virði undirliggjandi eignar er lágt, skal hann færa *leigugreiðslurnar*, sem tengjast þessum leigusamningum, sem útgjöld, annaðhvort samkvæmt línulegri aðferð á *leigutímanum* eða með annarri kerfisbundinni aðferð. Leigutakinn skal nota annan kerfisbundinn grundvöll ef það gefur réttari mynd af ávinningsmynstri hans.

7 Ef leigutaki gerir grein fyrir skammtímaleigusamningum í samræmi við 6. lið skal hann líta á leigusamninginn sem nýjan leigusamning að því er þennan staðal varðar ef:

a) *leigusamningnum* hefur verið *breytt* eða

b) breyting hefur orðið á leigutímanum (leigutakinn kýs t.d. að nýta sér möguleika sem ekki var tekið tillit til áður við ákvörðun leigutímans).

8 Ákvörðun um að velja skammtímaleigusamninga skal vera byggð á flokki undirliggjandi eignar sem afnotarétturinn tengist. Flokkur undirliggjandi eignar er samflokkun undirliggjandi eigna sem eru sambærilegar að gerð og notkun í rekstri einingar. Taka má ákvörðun um að velja leigusamninga þar sem virði undirliggjandi eignar er lágt sérstaklega fyrir hvern leigusamning.

TILGREINING LEIGUSAMNINGS (LIÐIR B9–B33)

9 Við gildistöku samnings skal eining meta hvort samningur sé leigusamningur eða feli í sér leigusamning. Samningur er leigusamningur eða felur í sér slíkan samning ef hann veitir rétt til yfirráða yfir afnotum á tilgreindri eign á tilteknu tímabili í skiptum fyrir endurgjald. Í liðum B9–B31 eru settar fram leiðbeiningar um mat á því hvort samningur sé leigusamningur eða feli í sér slíkan samning.

10 Lýsa má tímabili með umfangi afnota á tilgreindri eign (t.d. þeim fjölda framleiðslueininga sem búnaður verður nýttur til framleiðslu á).

11 Eining skal endurmeta hvort samningur sé leigusamningur eða feli í sér slíkan samning því aðeins að skilmálum og skilyrðum samningsins hafi verið breytt.

Aðgreinandi þættir samnings

12 Að því er varðar samning, sem er leigusamningur eða felur í sér slíkan samning, skal eining gera grein fyrir hverjum leigutengdum þætti í samningnum sem leigusamningi aðskilið frá óleigutengdum þáttum samningsins nema einingin beiti hentuga úrræðinu í 15. lið. Í liðum B32–B33 eru settar fram leiðbeiningar um aðskilda þætti samnings.

Leigutaki

13 Að því er varðar samning, sem felur í sér leigutengdan þátt og einn eða fleiri leigu- eða óleigutengda viðbótarþætti, skal leigutaki ráðstafa endurgjaldi í samningnum til hvers leigutengds þáttar á grundvelli hlutfallsins milli sjálfstæðs verðs leigutengda þáttarins og samanlagðs sjálfstæðs verðs óleigutengdu þáttanna.

14 Hlutfallið milli sjálfstæðs verðs leigu- og óleigutengdra þátta skal ákvarðað á grundvelli þess verðs sem leigusalinn, eða sambærilegur afhendingaraðili, myndi láta einingu greiða fyrir þann þátt, eða sambærilegan þátt, sérstaklega. Ef ekki er hægt að nálgast sannreynanlegt sjálfstætt verð með auðveldum hætti skal leigutakinn meta sjálfstæða verðið með því að nýta að fullu sannreynanlegar upplýsingar.

15 Leigutaki getur gripið til þess hentuga úrræðis að velja, fyrir flokk undirliggjandi eignar, að aðskilja ekki óleigutengda þætti og leigutengda þætti heldur gera þess í stað grein fyrir hverjum leigutengdum þætti og tengdum óleigutengdum þætti sem einum leigutengdum þætti. Leigutaki skal ekki beita þessu hentuga úrræði á innbyggðar afleiður sem uppfylla viðmiðanirnar í lið 4.3.3 í IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*.

16 Leigutaki skal gera grein fyrir óleigutengdum þáttum í samræmi við aðra viðeigandi staðla nema hentuga úrræðinu í 15. lið sé beitt.

Leigusali

17 Að því er varðar samning, sem felur í sér leiguþátt og einn eða fleiri leigu- eða óleigutengda viðbótarþætti, skal leigutaki ráðstafa endurgjaldi í samningnum með því að beita 73.–90. lið í IFRS-staðli 15.

LEIGUTÍMI (LIÐIR B34–B41)

18 Eining skal ákvarða leigutímann á grundvelli óuppsegjanlegs leigutímabils, auk bæði:

a) tímabilum sem falla undir möguleika á að framlengja leigusamninginn ef leigutakinn er nokkuð viss um að nýta sér þann möguleika og

b) tímabilum sem falla undir möguleika á að segja leigusamningnum upp ef leigutakinn er nokkuð viss um að nýta sér ekki þann möguleika.

19 Við mat á því hvort fremur líklegt megi telja að leigutaki nýti sér möguleika á að framlengja leigusamning eða nýti sér ekki möguleika að segja leigusamningi upp skal eining skoða alla viðeigandi málavexti og aðstæður sem mynda efnahagslegan hvata fyrir leigutakann til að nýta sér möguleikann á að framlengja leigusamninginn eða nýta sér ekki möguleikann á að segja leigusamningnum upp, eins og lýst er í liðum B37–B40.

20 Leigutaki skal endurmeta hvort það sé fremur líklegt að hann nýti sér möguleika á framlengingu eða að hann nýti sér ekki möguleika á uppsögn í því tilviki að upp kemur annaðhvort mikilvægur atburður eða veruleg breyting verður á aðstæðum sem:

a) leigutakinn getur haft stjórn á og

b) hafa áhrif á það hvort leigutakinn sé fremur líklegur til að nýta sér möguleika sem ekki var tekið tillit til áður við ákvörðun hans á leigutímanum eða að nýta sér ekki möguleika sem tekið var tillit til við ákvörðun hans á leigutímanum (eins og lýst er í lið B41).

21 Eining skal endurskoða leigutímann ef breyting verður á óuppsegjanlegu tímabili leigusamnings. Óuppsegjanlegt tímabil leigusamnings breytist t.d. ef:

a) leigutakinn nýtir sér möguleika sem ekki var tekið tillit til áður við ákvörðun einingarinnar á leigutímanum,

b) leigutakinn nýtir sér ekki möguleika sem tekið var tillit til áður við ákvörðun einingarinnar á leigutímanum,

c) atburður verður sem gerir leigutaka það skylt samkvæmt samningi að nýta sér möguleika sem ekki var tekið tillit til áður við ákvörðun einingarinnar á leigutímanum eða

d) atburður verður sem bannar leigutaka samkvæmt samningi að nýta sér möguleika sem tekið var tillit til áður við ákvörðun einingarinnar á leigutímanum.

LEIGUTAKI

Færsla

22 Leigutaki skal færa eign með afnotarétti og leiguskuld *á upphafsdegi*.

Mat

Upphaflegt mat

Upphaflegt mat á eign með afnotarétti

23 Á upphafsdegi skal leigutaki meta eign með afnotarétti á kostnaðarverði.

24 Kostnaðarverð eignar með afnotarétti skal samanstanda af:

a) fjárhæð upphaflegs mats á leiguskuld, eins og lýst er í 26. lið,

b) hvers kyns leigugreiðslur sem inntar eru af hendi á upphafsdeginum eða fyrir þann dag, að frádregnum mótteknum *leiguhvötum*,

c) hvers kyns *beinum upphafskostnaði* sem leigutakinn hefur stofnað til og

d) mati á kostnaði sem leigutakinn stofnar til við niðurrif eða flutning undirliggjandi eignar, endurbyggingu á svæðinu þar sem hún er staðsett eða endurbyggingu undirliggjandi eignar þannig að hún verði í því ástandi sem krafist er samkvæmt skilmálum og skilyrðum leigusamningsins nema stofnað sé til þessa kostnaðar til að framleiða í birgðir. Leigutakinn stofnar til skuldbindingar vegna þessa kostnaðar annaðhvort á upphafsdegi eða sem afleiðing af því að hafa notað undirliggjandi eign á tilteknu tímabili.

25 Leigutaki skal færa kostnaðinn, sem lýst er í d-lið 24. liðar, sem hluta kostnaðar við eign með afnotarétti þegar það leiðir til skuldbindingar vegna þessa kostnaðar. Leigutaki beitir IAS-staðli 2, *birgðir*, vegna kostnaðar sem stofnað er til á tilteknu tímabili sem afleiðingar af því að nota eign með afnotarétti til að framleiða í birgðir á því tímabili. Skuldbindingar vegna kostnaðar, sem gerð er grein fyrir við beitingu þessa staðals eða IAS-staðals 2, eru færðar og metnar við beitingu IAS-staðals 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*.

Upphaflegt mat á leiguskuld

26 Á upphafsdegi skal leigutaki meta leiguskuldina á núvirði þeirra leigugreiðslna sem eru ógreiddar á þeim degi. Afvaxta skal leigugreiðslurnar með því að nota *innreiknaða vexti í leigusamningnum* ef unnt er að ákvarða vextina með auðveldum hætti. Ef ekki er unnt að ákvarða vextina með auðveldum hætti skal leigutakinn nota *vaxtakjör leigutaka á nýju lánsfé*.

27 Á upphafsdegi felast eftirfarandi greiðslur í þeim leigugreiðslum sem falla undir mat á leiguskuldinni, að því er varðar afnotarétt á undirliggjandi eign á leigutímanum, sem eru ógreiddar á upphafsdeginum:

a) *fastar greiðslur* (þ.m.t. fastar greiðslur í reynd eins og lýst er í lið B42), að frádregnum leiguhvatakröfum,

b) *breytilegar leigugreiðslur* sem taka mið af vísitölu eða vöxtum, í upphafi metið með því að nota vísitölu eða vexti á upphafsdegi (eins og lýst er í 28. lið),

c) fjárhæðir sem gert er ráð fyrir að komi til greiðslu af hálfu leigutaka í samræmi við *tryggt hrakvirði*,

d) nýtingarverð kaupréttar ef leigutakinn er fremur viss um að nýta þann rétt (metið með hliðsjón af þáttum sem lýst er í liðum B37–B40) og

e) greiðslur sekta fyrir uppsögn leigusamningsins ef leigutíminn endurspeglar að leigutakinn nýtir sér möguleika á að segja leigusamningnum upp.

28. Breytilegar leigugreiðslur sem fara eftir vísitölu eða gengi sem lýst er í b-lið 27. liðar eru t.d. greiðslur sem tengjast neysluverðsvísitölu, greiðslur sem tengjast viðmiðunarvöxtum (svo sem LIBOR) eða greiðslur sem eru breytilegar til að endurspegla breytingar á leiguverði á markaði.

Síðara mat

Síðara mat á eign með afnotarétti

29. Eftir upphafsdaginn skal leigutaki meta eign með afnotarétti með því að beita kostnaðarverðslíkani nema hann beiti öðru hvoru matslíkaninu sem lýst er í 34. og 35. lið.

Kostnaðarverðslíkan

30 Til að beita kostnaðarverðslíkaninu skal leigutaki meta eign með afnotarétti á kostnaðarverði:

a) að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi og

b) leiðrétt fyrir hvers kyns endurmati á leiguskuldinni sem tilgreind er í c-lið 36. liðar.

31 Leigutaki skal beita afskriftarkröfum í IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*, við afskriftir á eign með afnotarétti, með fyrirvara um kröfur 32. liðar.

32 Ef leigusamningurinn yfirfærir eignarhald á undirliggjandi eign á leigutaka við lok leigutímans eða ef kostnaður af eign með afnotarétti sýnir að leigutakinn muni nýta sér kaupréttarákvæði skal leigutakinn afskrifa eignina með afnotaréttinum frá upphafsdegi til loka *nýtingartíma* undirliggjandi eignar. Að öðrum kosti skal leigutakinn afskrifa eignina með afnotaréttinum frá upphafsdegi til loka *nýtingartíma* eignar með afnotarétti eða til loka leigutímans, eftir því hvort ber fyrr að.

33 Leigutaki skal beita IAS-staðli 36, *virðisrýrnun eigna*, til þess að ákvarða hvort eign með afnotarétti sé virðisrýrð og gera grein fyrir hvers kyns tilgreindu virðisrýrnunartapi.

Önnur matslíkön

34 Ef leigutaki beitir gangvirðislíkaninu í IAS-staðli 40, *fjárfestingareignir*, á fjárfestingareign sína skal hann einnig beita því gangvirðislíkani á eignir með afnotarétti sem eru í samræmi við skilgreiningu á fjárfestingareign í IAS-staðli 40.

35 Ef eignir með nýtingarrétti tengjast flokki varanlegra rekstrarfjármuna, sem eru tilefni þess að leigutaki beitir endurmatslíkaninu í IAS-staðli 16, getur hann valið að beita endurmatslíkaninu á allar eignir með afnotarétti sem tengjast þeim flokki varanlegra rekstrarfjármuna.

Síðara mat á leiguskuld

36 Eftir upphafsdag skal leigutaki meta leiguskuldina með því að:

a) hækka bókfært verð til þess að endurspegla vexti af leiguskuldinni,

b) lækka bókfært verð til þess að endurspegla leigugreiðslur sem inntar hafa verið af hendi og

c) endurmeta bókfært verð til þess að endurspegla hvers kyns endurmat eða breytingar á leigusamningi sem tilgreindar eru í 39.–46. lið eða til þess að endurspegla endurskoðaðar leigugreiðslur sem eru fastar í reynd (sjá lið B42).

37 Vextir af leiguskuldinni á hverju tímabili leigutímans skulu vera sú fjárhæð sem gefur stöðuga vexti á eftirstöðvar leiguskuldar fyrir hvert tímabil. Vextir fyrir hvert tímabil er sá afvöxtunarstuðull sem lýst er í 26. lið eða, ef við á, endurskoðaður afvöxtunarstuðull sem lýst er í 41. lið, 43. lið eða 45. lið (c-lið).

38 Eftir upphafsdaginn skal leigutakinn færa í rekstrarreikning, nema kostnaðurinn felist í bókfærðu verði annarrar eignar þar sem beitt er öðrum viðeigandi stöðlum, bæði:

a) vexti af leiguskuld og

b) breytilegar leigugreiðslur sem falla ekki undir matið á leiguskuldinni á því tímabili þegar sá atburður verður eða aðstæður koma upp sem eru tilefni þessara greiðslna.

Endurmat á leiguskuldinni

39 Eftir upphafsdaginn skal leigutakinn beita ákvæðum í 40.–43. lið til þess að endurmeta leiguskuldina í því skyni að endurspegla breytingar á leigugreiðslunum. Leigutaki skal færa fjárhæð endurmats á leiguskuldinni sem leiðréttingu á eign með afnotarétti. Ef bókfært verð eignar með afnotarétti er hins vegar lækkað í núll og frekari lækkun er gerð á mati á leiguskuldinni skal leigutaki færa eftirstandandi fjárhæð endurmatsins í rekstrarreikning.

40 Leigutaki skal endurmeta leiguskuldina með því að afvaxta endurskoðaðar leigugreiðslur og nota til þess endurskoðaðan afvöxtunarstuðul ef annaðhvort:

a) breyting verður á leigutímanum, eins og lýst er í 20.–21. lið. Leigutakinn skal ákvarða endurskoðaðar leigugreiðslur á grundvelli endurskoðaða leigutímans eða

b) breyting verður á mati á rétti til að kaupa undirliggjandi eign, metin með hliðsjón af atburðum og aðstæðum sem lýst er í 20.–21. lið í tengslum við kaupréttarákvæði. Leigutaki skal ákvarða endurskoðuðu leigugreiðslurnar svo að þær endurspegli breytinguna á þeirri fjárhæð sem greiða ber samkvæmt kaupréttarákvæðinu.

41 Við beitingu ákvæða 40. liðar skal leigutaki ákvarða endurskoðaðan afvöxtunarstuðul sem þá vexti sem felast í leigusamningnum til loka leigutímans ef hægt er að ákvarða vextina með auðveldum hætti eða sem vaxtakjör leigutaka á nýju lánsfé á endurmatsdeginum ef ekki er hægt að ákvarða innreiknaða vexti í leigusamningnum með auðveldum hætti.

42 Leigutaki skal endurmeta leiguskuldina með því að afvaxta endurskoðaðar leigugreiðslur ef annaðhvort:

a) breyting verður á þeim fjárhæðum sem gert er ráð fyrir að komi til greiðslu samkvæmt tryggðu hrakvirði. Leigutaki skal ákvarða endurskoðuðu leigugreiðslurnar svo að þær endurspegli breytinguna á þeirri fjárhæð sem gert er ráð fyrir að komi til greiðslu samkvæmt tryggðu hrakvirði,

b) breyting verður á leigugreiðslum í framtíðinni sem leiðir af breytingu á vísitölu eða vöxtum sem notuð eru til að ákvarða þessar greiðslur, þ.m.t. til dæmis breyting til að endurspegla breytingar á markaðsleigu í kjölfar endurskoðunar á markaðsleigu. Leigutakinn skal endurmeta leiguskuldina til að endurspegla þessar endurskoðuðu leigugreiðslur aðeins þegar breyting verður á sjóðstreyminu (þ.e. þegar leiðrétting á leigugreiðslum tekur gildi). Leigutaki skal ákvarða endurskoðuðu leigugreiðslurnar til loka leigutímans á grundvelli endurskoðaðra samningsgreiðslna.

43 Við beitingu 42. liðar skal leigutaki nota óbreyttan afvöxtunarstuðul nema breytingin á leigugreiðslum leiði til breytingar á breytilegum vöxtum. Í því tilviki skal leigutakinn nota endurskoðaðan afvöxtunarstuðul sem endurspeglar breytingar á vöxtunum.

Breytingar á leigusamningi

44 Leigutaki skal færa breytingar á leigusamningi sem aðgreinda leigu að uppfylltum báðum eftirfarandi skilyrðum:

a) breytingin rýmkar gildissvið leigusamningsins með því að bæta við afnotarétti á einni eða fleiri undirliggjandi eignum og

b) endurgjald fyrir leigusamninginn hækkar um fjárhæð sem er í samræmi við sjálfstætt verð fyrir rýmkun gildissviðs og hvers kyns viðeigandi leiðréttingar á þessu sjálfstæða verði til að endurspegla aðstæður viðkomandi samnings.

45 Að því er breytingu á leigusamningi varðar, sem ekki er færður sem aðskilinn leigusamningur, skal leigutaki á *gildistökudegi breytingar á leigusamningi*:

a) ráðstafa endurgjaldi í breyttum samningi með því að beita 13.–16. lið,

b) ákvarða leigutíma breytts leigusamnings með því að beita 18.–19. lið og

c) endurmeta leiguskuldina með því að afvaxta endurskoðaðar leigugreiðslur og nota til þess endurskoðaðan afvöxtunarstuðul. Endurskoðaður afvöxtunarstuðull er ákvarðaður sem innreiknaðir vextir í leigusamningnum til loka leigutímans ef hægt er að ákvarða vextina með auðveldum hætti eða sem vaxtakjör leigutaka á nýju lánsfé á gildistökudegi breytingarinnar ef ekki er hægt að ákvarða innreiknaða vexti leigusamningsins með auðveldum hætti.

46 Að því er breytingu á leigusamningi varðar, sem ekki er gerð grein fyrir sem aðskildum leigusamningi, skal leigutaki endurmeta leiguskuldina með því að:

a) lækka bókfært verð eignar með afnotarétti til að endurspegla uppsögn samnings, í heild eða að hluta, vegna breytinga á leigusamningi sem dregur úr gildissviði leigusamningsins. Leigutakinn skal færa í rekstrarreikning hvers kyns hagnað eða tap sem tengist uppsögn samnings í heild eða að hluta,

b) gera samsvarandi leiðréttingu á eign með afnotarétti að því er varðar allar aðrar breytingar á leigusamningi.

46A Í þágu hentugleika getur leigutaki valið að meta ekki hvort leiguívilnun sem uppfyllir skilyrðin í lið 46B sé breyting á leigusamningi. Leigutaki sem velur það skal halda bókhald um allar breytingar á leigugreiðslum sem leiða af leiguívilnuninni með sama hætti og hann myndi halda bókhald um breytingarnar við beitingu þessa staðals væru þær ekki breyting á leigusamningi.

46B Hentuga úrræðið í lið 46A gildir aðeins um leiguívilnanir sem eiga sér stað sem bein afleiðing af COVID-19-heimsfaraldrinum og aðeins ef öll eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

a) breyting á leigugreiðslum leiðir til endurskoðaðs endurgjalds vegna leigusamningsins sem er nokkurn veginn það sama eða lægra en endurgjaldið vegna leigusamningsins næst á undan breytingunni,

b) lækkanir á leigugreiðslum hafa aðeins áhrif á greiðslur sem upphaflega voru á gjalddaga 30. júní 2022 eða fyrr (t.d. myndi leiguívilnun uppfylla þetta skilyrði ef hún leiddi til lækkunar á leigugreiðslum 30. júní 2022 eða fyrr og hækkunar á leigugreiðslum eftir 30. júní 2022) og

c) það er engin efnisleg breyting á öðrum skilmálum og skilyrðum leigusamningsins.

Framsetning

47 Leigutaki skal annaðhvort setja fram í efnahagsreikningi eða birta upplýsingar í skýringunum:

a) eignir með afnotarétti aðskilið frá öðrum eignum. Ef leigutaki setur eignir með afnotarétti ekki fram aðskilið í efnahagsreikningi skal hann:

i) setja eignir með afnotarétti í sömu sérlínu og hefði verið notuð til að setja fram samsvarandi undirliggjandi eignir í eignarhaldi og

ii) veita upplýsingar um hvaða sérlínur í efnahagsreikningnum taka til þessara eigna með afnotarétti,

b) leiguskuldir aðskilið frá öðrum skuldum. Ef leigutakinn setur leiguskuldir ekki fram aðskilið í efnahagsreikningnum skal hann veita upplýsingar um það hvaða sérlínur í efnahagsreikningi eru notaðar fyrir þessari skuldir.

48 Krafan í a-lið 47. liðar á ekki við um eignir með afnotarétti sem eru í samræmi við skilgreininguna á fjárfestingareign en hana skal setja fram í efnahagsreikningi sem fjárfestingareign.

49 Í rekstrarreikningi og annarri heildarafkomu skal leigutaki setja fram vaxtakostnað af leiguskuld aðskilið frá afskriftum af eign með afnotarétti. Vaxtakostnaður af leiguskuld er þáttur í fjármagnskostnaði en í b-lið 82. liðar í IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, er þess krafist að hann sé settur fram aðskilið í rekstrarreikningi og annarri heildarafkomu.

50 Í yfirliti yfir sjóðstreymi skal leigutaki flokka:

a) greiðslur í handbæru fé fyrir höfuðstólshluta leiguskuldarinnar í fjármögnunarhreyfingum,

b) greiðslur í handbæru fé fyrir vaxtahluta leiguskuldarinnar með því að beita kröfum IAS-staðals 7, *yfirlit um sjóðstreymi*, vegna greiddra vaxta og

c) greiðslur skammtímaleigusamninga, greiðslur fyrir leigu á lágvirðiseignum og breytilegar leigugreiðslur sem falla ekki undir matið á leiguskuldinni í rekstrarhreyfingum.

Upplýsingagjöf

51 Markmiðið með upplýsingagjöfinni er að leigutakar veiti í skýringunum upplýsingar sem eru, ásamt upplýsingum í efnahagsreikningi, rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi, grundvöllur fyrir notendur efnahagsreikningsins til að meta þau áhrif sem leigusamningar hafa á efnahagsreikning, rekstrarárangur og sjóðstreymi leigutakans. Í 52.–60. lið eru tilgreindar kröfur um það hvernig ná skuli þessu markmiði.

52 Leigutaki skal veita upplýsingar um þá leigusamninga sína þar sem hann er leigutaki í einfaldri skýringu eða sérstökum hluta í efnahagsreikningi sínum. Leigutaki þarf þó ekki að endurtaka upplýsingar sem hafa þegar verið settar fram annars staðar í efnahagsreikningum að því tilskildu að upplýsingarnar séu felldar með millivísunum inn í einföldu skýringuna eða sérstakan hluta um leigusamninga.

53 Leigutaki skal veita upplýsingar um eftirtaldar fjárhæðir vegna reikningsskilatímabilsins:

a) afskriftir vegna eigna með afnotarétti eftir flokki undirliggjandi eignar,

b) vaxtakostnað af leiguskuldum,

c) kostnað sem tengist skammtímaleigusamningum sem eru færðir í samræmi við 6. lið. Í þessum kostnaði þarf ekki að felast kostnaður sem tengist leigusamningum með leigutíma til allt að eins mánaðar,

d) kostnað sem tengist leigusamningum fyrir lágvirðiseignir sem eru færðir í samræmi við 6. lið. Þessi kostnaður skal ekki fela í sér kostnað í tengslum við skammtímaleigusamninga fyrir lágvirðiseignir sem falla undir c-lið 53. liðar,

e) kostnað sem tengist breytilegum leigugreiðslum sem falla ekki undir matið á leiguskuldum,

f) tekjur af framleigu á eignum með afnotarétti,

g) heildarútstreymi handbærs fjár vegna leigusamninga,

h) viðbætur við eignir með afnotarétti,

i) hagnað eða tap af sölu- og endurleiguviðskiptum og

j) bókfært verð eigna með afnotarétti við lok reikningsskilatímabils eftir flokki undirliggjandi eignar.

54 Leigutaki skal láta í té þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í 53. lið, í formi töflu nema annars konar framsetning eigi betur við. Þær fjárhæðir, sem upplýsingar eru veittar um, skulu fela í sér kostnað sem leigutaki hefur fellt inn í bókfært verð annarrar eignar á reikningsskilatímabilinu.

55 Leigutaki skal veita upplýsingar um fjárhæð leiguskuldbindinga sinna að því er varðar skammtímaleigusamninga sem eru færðir við beitingu 6. liðar ef eignasafn skammtímaleigusamninga, sem hann hefur skuldbundið sig til við lok reikningsskilatímabils, er ólíkt því eignasafni skammtímaleigusamninga, sem sá kostnaður við skammtímaleigusamning, sem veittar eru upplýsingar um við beitingu c-liðar 53. liðar, tengist.

56 Ef eignir með afnotarétti eru í samræmi við skilgreininguna á fjárfestingareign skal leigutakinn beita kröfum IAS-staðals 40 varðandi upplýsingagjöf. Í því tilviki er þess ekki krafist að leigutaki láti í té upplýsingarnar í a-, f-, h- eða j-lið 53. liðar að því er varðar eignir með afnotarétti.

57 Ef leigutaki metur eignir með afnotarétti á endurmetinni fjárhæð við beitingu IAS-staðals 16, skal hann veita þær upplýsingar, sem krafist er í 77. lið IAS-staðals 16, vegna þessara eigna með afnotarétti.

58 Leigutaki skal veita upplýsingar um lánstímagreiningu leiguskulda við beitingu 39. liðar og liðar B11 í IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*, aðskilið frá lánstímagreiningu á öðrum fjárskuldbindingum.

59 Til viðbótar við þá upplýsingagjöf sem krafist er í 53.–58. lið skal leigutaki veita eigindlegar og megindlegar viðbótarupplýsingar um leigustarfsemi sína sem nauðsynlegar eru til að uppfylla markmiðið um upplýsingagjöf í 51. lið (eins og lýst er í lið B48). Þessar viðbótarupplýsingar geta falið í sér, en takmarkast þó ekki við, upplýsingar sem aðstoða notendur reikningsskila við að meta:

a) hvers eðlis leigustarfsemi leigutakans er,

b) framtíðarútstreymi handbærs fjár sem leigutakinn kann að eiga á hættu og endurspeglast ekki í matinu á leiguskuldum. Þetta tekur til áhættuskuldbindingar sem leiðir af:

i) breytilegum leigugreiðslum (eins og lýst er í lið B49),

ii) framlengingarmöguleikum og uppsagnarmöguleikum (eins og lýst er í lið B50),

iii) hrakvirðistryggingu (eins og lýst er í lið B51) og

iv) leigusamningum sem hafa ekki tekið gildi en leigutakinn er bundinn af,

c) takmörkunum eða ákvæðum sem leiðir af leigusamningum og

d) sölu- og endurleiguviðskiptum (eins og lýst er í lið B52).

60 Leigutaki sem færir skammtímaleigusamninga eða samninga fyrir lágvirðiseignir við beitingu 6. liðar skal upplýsa um það.

60A Ef leigutaki beitir hentuga úrræðinu í lið 46A skal leigutakinn greina frá:

a) því að hann hafi beitt hentuga úrræðinu á allar leiguívilnanir sem uppfylla skilyrðin í lið 46B eða, ef því er ekki beitt á allar slíkar leiguívilnanir, upplýsingum um eðli samninganna sem hann hefur beitt hentuga úrræðinu á (sjá 2. lið) og

b) fjárhæðinni sem færð er í rekstrarreikning fyrir reikningsskilatímabilið til að endurspegla breytingar á leigugreiðslum sem leiða af leiguívilnunum sem leigutaki hefur beitt hentuga úrræðinu í lið 46A á.

LEIGUSALI

Flokkun leigusamninga (liðir B53–B58)

61 Leigusali skal flokka hvern leigusamning sinn annaðhvort sem *rekstrarleigu* eða *fjármögnunarleigu*.

62 Leigusamningur er flokkaður sem fjármögnunarleiga ef hann yfirfærir í meginatriðum alla áhættu og ávinning sem fylgir eignarhaldi á undirliggjandi eign. Leigusamningur er flokkaður sem rekstrarleiga ef hann yfirfærir í meginatriðum alla áhættu og ávinning sem fylgir eignarhaldi á undirliggjandi eign.

63 Það fer eftir efni viðskiptanna fremur en formi samningsins hvort leigusamningur felur í sér fjármögnunarleigu eða rekstrarleigu. Dæmi um aðstæður, sem einar sér eða saman gætu við eðlilegar aðstæður leitt til þess að leigusamningur væri flokkaður sem fjármögnunarleiga, eru:

a) með leigusamningnum er eignarhald á undirliggjandi eign yfirfært til leigutaka við lok leigutímans,

b) leigutaki hefur rétt til að kaupa undirliggjandi eign á verði sem vænta má að sé nægilega langt undir *gangvirði* daginn sem kaupréttarákvæðið verður virkt til að það sé nokkuð víst, á *gildistökudegi*, að kaupréttarákvæðið verði nýtt,

c) leigutíminn nær yfir meirihluta *endingartíma* undirliggjandi eignar, jafnvel þótt eignarhaldið sé ekki yfirfært,

d) núvirði fjárhæða leigugreiðslna jafngildir a.m.k. næstum öllu gangvirði undirliggjandi eignar á gildistökudegi og

e) undirliggjandi eign er svo sérhæfð að aðeins leigutakinn getur notað hana án mikilla breytinga.

64 Vísbendingar um aðstæður sem einar sér eða saman gætu einnig leitt til þess að leigusamningur væri flokkaður sem fjármögnunarleiga eru:

a) ef leigutakinn getur sagt upp leigusamningnum fellur tap leigusalans, sem hlýst af uppsögninni, á leigutakann,

b) ef ágóði eða tap af sveiflum í gangvirði hrakvirðis falla á leigutakann (t.d. sem afsláttur af leigu sem samsvarar að mestu leyti söluverði við lok leigusamningsins) og

c) ef leigutaki getur framlengt leigusamninginn um annað tímabil gegn leigu sem er töluvert lægri en markaðsleiga.

65 Ekki fæst alltaf niðurstaða með dæmunum og vísbendingunum í 63.–64. lið. Ef ljóst er af öðrum þáttum að með leigusamningnum er næstum öll áhætta og ávinningur, sem fylgir eignarhaldi á undirliggjandi eign, ekki yfirfærð er leigusamningurinn flokkaður sem rekstrarleiga. Þetta getur t.d. átt við ef eignarhald á undirliggjandi eign yfirfærist við lok leigutímans gegn breytilegri greiðslu, sem er jöfn gangvirði hennar, eða um er að ræða breytilegar leigugreiðslur sem afleiðing af því að leigusalinn yfirfærir ekki næstum alla slíka áhættu og ávinning.

66 Leigusamningur er flokkaður á gildistökudegi og er því aðeins endurmetinn að gerð sé breyting á honum. Breytingar á mati (t.d. breytingar á mati á endingartíma eða hrakvirði undirliggjandi eignar) eða breytingar á aðstæðum (t.d. vanskil leigutaka) gefa þó ekki tilefni til nýrrar flokkunar á leigusamningi að því er reikningsskil varðar.

Fjármögnunarleiga

Færsla og mat

67 Leigusali skal færa eignir, sem hann á samkvæmt fjármögnunarleigu, í efnahagsreikning sinn á upphafsdegi og setja þær fram sem kröfur með fjárhæð sem er jöfn *hreinni fjárfestingu í hinu leigða*.

Upphaflegt mat

68 Leigusalinn skal nota innreiknaða vexti í leigusamningnum til að meta hreina fjárfestingu í hinu leigða. Ef um er að ræða framleigu og ekki er unnt að ákvarða með auðveldum hætti innreiknaða vexti í framleigusamningnum getur leigusali, sem er milliliður, notað afvöxtunarstuðullinn sem er notaður fyrir aðalleigusamninginn (leiðrétt fyrir hvers kyns beinum upphafskostnaði sem tengist framleigunni) til að meta hreina fjárfestingu í framleigusamningnum.

69 Beinn upphafskostnaður, annar en sá kostnaður sem framleiðandi eða leigumiðlarar stofna til, er innifalinn í upphaflegu mati á hreinni fjárfestingu í hinu leigða og lækkar fjárhæð tekna sem færðar eru á leigutímanum. Innreiknaðir vextir í leigusamningnum eru skilgreindir þannig að beinn upphafskostnaður er sjálfkrafa innifalinn í hreinni fjárfestingu í hinu leigða og engin þörf er á að bæta honum við sérstaklega.

Upphaflegt mat á leigugreiðslunum sem felast í hreinni fjárfestingu í hinu leigða

70 Á upphafsdegi felast eftirfarandi greiðslur í leigugreiðslunum, sem falla undir mat á hreinni fjárfestingu í hinu leigða, að því er varðar afnotarétt yfir undirliggjandi eign á leigutímanum, sem hafa ekki verið greiddar á upphafsdeginum:

a) fastar greiðslur (þ.m.t. fastar greiðslur í reynd eins og lýst er í lið B42), að frádregnum ógreiddum leiguhvötum,

b) breytilegar leigugreiðslur sem taka mið af vísitölu eða vöxtum, í upphafi metið með því að nota vísitölu eða vexti eins og þau voru á upphafsdegi,

c) hrakvirðistryggingar sem leigutaki, aðili, sem er tengdur leigutaka eða þriðji aðili, sem er ótengdur leigusala og hefur fjárhagslegt bolmagn til að standa við skuldbindingar samkvæmt tryggingunni, lætur leigusala í té,

d) nýtingarverð kaupréttarákvæðis ef leigutaki er nokkuð viss um að nýta þann rétt (metið í ljósi þátta sem lýst er í lið B37) og

e) greiðslum sekta vegna uppsagnar leigusamnings, ef leigutími endurspeglar að leigutaki muni nýta sér valrétt til að segja leigusamningnum upp.

Framleiðandi eða leigumiðlarar

71 Á upphafsdegi skal framleiðandi eða leigumiðlari færa eftirfarandi fyrir hvern fjármögnunarleigusamning sinn:

a) tekjur sem eru gangvirði undirliggjandi eignar eða núvirði leigugreiðslnanna sem renna til leigusalans, afvaxtað með því að nota markaðsvexti, ef það er lægra,

b) sölukostnað sem er kostnaðarverð undirliggjandi eignar eða bókfært verð, ef það er annað, að frádregnu núvirði *ótryggðs hrakvirðis* og

c) söluhagnað eða sölutap (sem er mismunurinn á tekjum og kostnaði við sölu) í samræmi við stefnu hans varðandi beina sölu sem IFRS-staðall 15 á við um. Framleiðandi eða leigumiðlari skal færa söluhagnað eða sölutap af fjármögnunarleigu á upphafsdegi, óháð því hvort leigusalinn yfirfærir undirliggjandi eign eins og lýst er í IFRS-staðli 15.

72 Framleiðendur eða söluaðilar gefa viðskiptavinum sínum kost á að kaupa eða leigja eign. Fjármögnunarleiga á eign af hálfu framleiðanda eða leigumiðlara leiðir til hagnaðar eða taps sem jafngildir hagnaði eða tapi af beinni sölu á undirliggjandi eign, á venjulegu söluverði sem endurspeglar hvers kyns viðeigandi magn- eða viðskiptaafslátt.

73 Leigusali, sem er framleiðandi eða söluaðili eignar, tilgreinir stundum óeðlilega lága vexti til að laða að viðskiptavini. Notkun slíks vaxtastigs gæti leitt til þess að leigusalinn færir óeðlilega stóran hluta heildartekna af viðskiptunum á upphafsdegi. Ef tilgreindir eru óeðlilega lágir vextir skal framleiðandi eða leigumiðlari takmarka söluhagnaðinn við það sem gilti ef krafist væri markaðsvaxta.

74 Framleiðandi eða leigumiðlari skal færa kostnað sem stofnað er til í tengslum við það að fá fjármögnunarleigu á upphafsdegi vegna þess að hann tengist aðallega myndun söluhagnaðar hjá framleiðandanum eða miðlaranum. Kostnaður sem framleiðandi eða leigumiðlarar stofna til í tengslum við það að fá fjármögnunarleigu er undanskilinn í skilgreiningu á beinum upphafskostnaði og er því undanskilinn hreinni fjárfestingu í hinu leigða.

Síðara mat

75 Leigusali skal færa fjármagnstekjur á leigutímanum byggt á mynstri sem endurspeglar fasta, reglulega ávöxtunarkröfu af hreinni fjárfestingu leigusala í hinu leigða.

76 Leigusali skal stefna að því að skipta fjármagnstekjum á leigutímann á kerfisbundinn og skynsamlegan hátt. Leigusali skal jafna leigugreiðslunum í tengslum við tímabilið á móti *vergri fjárfestingu í hinu leigða* til að lækka bæði höfuðstólinn og *óinnleystu fjármagnstekjurnar*.

77 Leigusali skal beita kröfum um afskráningu og virðisrýrnun í IFRS-staðli 9 að því er varðar hreina fjárfestingu í hinu leigða. Leigusali skal endurskoða reglulega ótryggt hrakvirði sem er notað til að reikna verga fjárfestingu í hinu leigða. Ef lækkun hefur orðið á áætluðu, ótryggðu hrakvirði skal leigusalinn endurskoða tekjuskiptinguna á leigutímanum og færa án tafar hvers kyns lækkun á fjárhæðum sem hafa safnast upp.

78 Leigusali, sem flokkar eign í fjármögnunarleigu, sem er skilgreind sem haldið til sölu (eða er í ráðstöfunarflokki sem er skilgreindur sem haldið til sölu) með því að beita IFRS-staðli 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*, skal gera grein fyrir eigninni í samræmi við þann staðal.

Breytingar á leigusamningi

79 Leigusali skal gera grein fyrir breytingu á fjármögnunarleigusamningi sem aðskildum leigusamningi ef bæði:

a) breytingin rýmkar gildissvið leigusamningsins með því að bæta við afnotarétti á einni eða fleiri undirliggjandi eignum og

b) endurgjald fyrir leigusamninginn hækkar um fjárhæð sem er í samræmi við sjálfstætt verð fyrir rýmkun gildissviðs og hvers kyns viðeigandi leiðréttingar á þessu sjálfstæða verði til að endurspegla aðstæður viðkomandi samnings.

80 Að því er varðar breytingu á fjármögnunarleigusamningi, sem ekki er gerð grein fyrir sem sérstökum leigusamningi, skal leigusali færa breytinguna á eftirfarandi hátt:

a) ef leigusamningurinn hefði verið flokkaður sem rekstrarleiga, hefði breytingin tekið gildi á gildistökudegi, skal leigusalinn:

i) fara með breytingu á leigusamningnum sem nýjan leigusamning frá gildistökudegi breytingarinnar og

ii) meta bókfært verð undirliggjandi eignar sem hreina fjárfestingu í hinu leigða þegar í stað fyrir gildistökudag breytingar á leigusamningnum,

b) að öðrum kosti skal leigusalinn beita kröfum IFRS-staðals 9.

Rekstrarleiga

Færsla og mat

81 Leigusali skal færa leigugreiðslur af rekstrarleigu sem tekjur, annaðhvort samkvæmt línulegri aðferð eða annarri kerfisbundinni aðferð. Leigusalinn skal beita annarri kerfisbundinni aðferð ef hún gefur sannari mynd af mynstrinu þar sem dregur úr ávinningi af afnotum á undirliggjandi eign.

82 Leigusali skal gjaldfæra kostnað, þ.m.t. afskriftir, sem stofnað er til við öflun leiguteknanna.

83 Leigusali skal bæta beinum upphafskostnaði, sem stofnað er til við að fá rekstrarleigu, við bókfært verð undirliggjandi eignar og gjaldfæra kostnaðinn á leigutímanum á sama grundvelli og leigutekjurnar.

84 Afskriftaaðferðin fyrir afskrifanlegar, undirliggjandi eignir sem falla undir rekstrarleigusamninga skal vera í samræmi við venjulega afskriftaaðferð leigusala fyrir sambærilegar eignir. Leigusali skal reikna afskriftir í samræmi við IAS-staðal 16 og IAS-staðal 38.

85 Leigusali skal beita IAS-staðli 36 til þess að ákvarða hvort undirliggjandi eign, sem fellur undir rekstrarleigu, sé virðisrýrð og gera grein fyrir hvers kyns greindu virðisrýrnunartapi.

86 Framleiðandi eða leigumiðlari færir ekki neinn söluhagnað þegar hann gerir rekstrarleigusamning vegna þess að það er ekki ígildi sölu.

Breytingar á leigusamningi

87 Leigusali skal gera grein fyrir breytingu á rekstrarleigusamningi sem nýjum leigusamningi frá gildistökudegi breytingarinnar þar sem hvers kyns fyrirframgreiddar eða áfallnar greiðslur, sem tengjast upphaflega leigusamningnum, teljast vera hluti af leigugreiðslum fyrir nýja leigusamninginn.

Framsetning

88 Leigusali skal setja fram undirliggjandi eignir, sem heyra undir rekstrarleigusamninga í efnahagsreikningi sínum, í samræmi við eðli undirliggjandi eignar.

Upplýsingagjöf

89 Markmiðið með upplýsingagjöfinni er að leigusalar veiti í skýringunum upplýsingar sem eru, ásamt upplýsingum í efnahagsreikningi, rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi, grundvöllur fyrir notendur efnahagsreikningsins til að meta þau áhrif sem leigusamningar hafa á efnahagsreikning, rekstrarárangur og sjóðstreymi leigusalans. Í 90.–97. lið eru tilgreindar kröfur um það hvernig ná skuli þessu markmiði.

90 Leigusali skal veita upplýsingar um eftirtaldar fjárhæðir vegna reikningsskilatímabilsins:

a) að því er varðar fjármögnunarleigusamninga:

i) söluhagnað eða sölutap,

ii) fjármagnstekjur af hreinni fjárfestingu í hinu leigða og

iii) tekjur sem tengjast breytilegum leigugreiðslum sem falla ekki undir matið á hreinni fjárfestingu í hinu leigða.

b) að því er varðar rekstrarleigusamninga, leigutekjur, þar sem tekjur í formi breytilegra leigugreiðsla, sem velta ekki á vísitölu eða vöxtum, eru birtar sérstaklega.

91 Leigusali skal birta upplýsingar sem tilgreindar eru í 90. lið í formi töflu nema annars konar framsetning eigi betur við.

92 Leigusali skal veita eigindlegar og megindlegar viðbótarupplýsingar um leigustarfsemi sína sem nauðsynlegar eru til að uppfylla markmið um upplýsingagjöf í 89. lið. Þessar viðbótarupplýsingar fela í sér, en takmarkast þó ekki við, upplýsingar sem hjálpa notendum reikningsskila við að meta:

a) hvers eðlis leigustarfsemi leigusalans er og

b) hvernig leigusalinn stýrir áhættu sem tengist einhverjum þeim réttindum sem hann heldur eftir í undirliggjandi eign. Einkum skal leigusali veita upplýsingar um áhættustýringaráætlun sína að því er varðar þau réttindi sem hann heldur eftir í undirliggjandi eignum, m.a. aðferðir sem leigusalinn notar til að draga úr slíkri áhættu. Þær aðferðir geta m.a. verið endurkaupasamningar, hrakvirðistryggingar eða breytilegar leigugreiðslur fyrir afnot umfram tiltekin mörk.

Fjármögnunarleigusamningar

93 Leigusali skal láta í té eigindlega og meginlega skýringu á þýðingarmiklum breytingum á bókfærðu verði hreinnar fjárfestingar í fjármögnunarleigusamningum.

94 Leigusali skal veita upplýsingar um lánstímagreiningu leigukrafna sem sýnir óafvaxtaðar leigugreiðslur sem greiða skal árlega a.m.k. fyrstu fimm árin og heildarfjárhæðir á árunum eftir það. Leigusali skal yfirfæra óafvaxtaðar leigugreiðslur í hreina fjárfestingu í hinu leigða. Í yfirfærslunni skal tilgreina óinnleystar fjármagnstekjur sem tengjast leigukröfunum og afvaxtað ótryggt hrakvirði.

Rekstrarleigusamningar

95 Leigusali skal beita kröfum IAS-staðals 16 um upplýsingagjöf að því er varðar varanlega rekstrarfjármuni sem falla undir rekstrarleigusamning. Við beitingu krafnanna í IAS-staðli 16 um upplýsingagjöf skal leigusali skipta hverjum flokki varanlegra rekstrarfjármuna í eignir sem falla undir rekstrarleigusamninga og eignir sem falla ekki undir rekstrarleigusamninga. Til samræmis við það skal leigusali veita þær upplýsingar sem krafist er í IAS-staðli 16 að því er varðar eignir sem falla undir rekstrarleigusamning (eftir flokki undirliggjandi eignar) aðskilið frá eignum í eignarhaldi sem leigusali hefur í vörslu sinni og notar.

96 Leigusali skal beita kröfum um upplýsingagjöf í IAS-staðli 36, IAS-staðli 38, IAS-staðli 40 og IAS-staðli 41 að því er varðar eignir sem falla undir rekstrarleigusamninga.

97 Leigusali skal veita upplýsingar um lánstímagreiningu leigugreiðslna sem sýnir óafvaxtaðar leigugreiðslur sem greiða skal árlega a.m.k. fyrstu fimm árin og heildarfjárhæðir á árunum eftir það.

SÖLU- OG ENDURLEIGUVIÐSKIPTI

98 Ef eining (seljandi-leigutaki) yfirfærir eign til annarrar einingar (kaupandi-leigusali) og leigir eignina aftur frá kaupanda-leigusala skulu bæði seljandi-leigutaki og kaupandi-leigusali gera grein fyrir samningi um yfirfærslu og leigusamningnum í samræmi við 99.–103. lið.

Mat á því hvort yfirfærsla eignar er sala

99 Til að ákvarða hvort færa skuli yfirfærslu eignar sem sölu eignarinnar skal eining beita kröfum IFRS-staðals 15 við ákvörðun á því hvenær árangurstengd skuldbinding telst uppfyllt.

Yfirfærsla á eign er sala

100 Ef yfirfærsla eignar af hálfu seljanda-leigutaka uppfyllir kröfur IFRS-staðals 15 til þess að vera færð sem sala eignar:

a) skal seljandi-leigutaki meta eign með afnotarétti, sem leiðir af endurleigu, sem það hlutfall af fyrra bókfærðu verði eignarinnar sem tengist afnotaréttinum sem seljandi-leigutaki heldur eftir. Til samræmis við það skal seljandi-leigutaki einungis færa fjárhæð hagnaðar eða taps sem tengist þeim réttindum sem eru yfirfærð til kaupanda-leigusala,

b) kaupandi-leigusali skal gera grein fyrir kaupum á eigninni með því að beita viðeigandi stöðlum og leigu með því að beita kröfum þessa staðals varðandi reikningsskil.

101 Ef gangvirði endurgjalds fyrir sölu eignar er ekki jafnt gangvirði eignarinnar eða ef greiðslur fyrir leiguna eru ekki á markaðsverði skal eining gera eftirfarandi leiðréttingar til að meta söluhagnað á gangvirði:

a) færa skilmála sem eru undir skilmálum á markaði sem fyrirframgreiðslu á leigugreiðslum og

b) færa skilmála sem eru yfir skilmálum á markaði sem viðbótarfjármögnun sem kaupandi-leigusali lætur seljanda-leigutaka í té.

102 Einingin skal meta mögulega leiðréttingu, sem krafist er í 101. lið, á grundvelli þess mismunar sem auðveldara er að ákvarða:

a) mismunar milli gangvirðis endurgjalds fyrir söluna og gangvirðis eignarinnar og

b) mismunar milli núvirðis samningsbundinna greiðslna fyrir leiguna og núvirðis greiðslna fyrir leigu á markaðsverði.

Yfirfærsla á eign er ekki sala

103 Ef yfirfærsla eignar af hálfu seljanda-leigutaka uppfyllir ekki kröfur IFRS-staðals 15 til þess að vera færð sem sala eignar:

a) skal seljandi-leigutaki halda áfram að færa yfirfærðu eignina og skal færa fjárskuldbindingu sem er jöfn yfirfærða ágóðanum. Gera skal grein fyrir fjárskuldbindingunni með því að beita IFRS-staðli 9,

b) skal kaupandi-leigusali ekki færa yfirfærðu eignina og skal færa fjáreign sem er jöfn yfirfærða ágóðanum. Hann skal gera grein fyrir fjáreigninni með því að beita IFRS-staðli 9.

TÍMABUNDIN UNDANÞÁGA SEM HLÝST AF ENDURBÓTUM Á VAXTAVIÐMIÐUNUM

104 Leigutaki skal beita 105.–106. lið að því er varðar allar breytingar á leigusamningum sem breyta grundvelli ákvörðunar um framtíðarleigugreiðslur í kjölfar endurbóta á vaxtaviðmiðunum (sjá liði 5.4.6 og 5.4.8 í IFRS-staðli 9). Þessir liðir gilda eingöngu um slíkar breytingar á leigusamningum. Í þessu skyni vísar hugtakið „endurbætur á vaxtaviðmiðunum“ til endurbóta á vaxtaviðmiðunum á markaði eins og lýst er í lið 6.8.2. í IFRS-staðli 9.

105 Í þágu hentugleika skal leigutaki beita 42. lið til að færa breytingu á leigu sem krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum. Þetta hentuga úrræði gildir aðeins um slíkar breytingar. Í þessu skyni er breytingar á leigu krafist vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum þá og því aðeins að bæði þessi skilyrði séu uppfyllt:

a) breytingin er nauðsynleg vegna beinna afleiðinga af endurbótum á vaxtaviðmiðunum og

b) nýi grundvöllurinn fyrir ákvörðun um leigugreiðslu er fjárhagslega jafngildur fyrri grundvelli (þ.e. grundvöllurinn næst á undan breytingunni).

106 Ef breytingar á leigu eru hins vegar gerðar til viðbótar við þær breytingar á leigu, sem krafist er vegna endurbóta á vaxtarviðmiðunum, skal leigutaki beita viðeigandi kröfum sem settar eru fram í þessum staðli til að færa allar breytingar á leigu sem gerðar eru á sama tíma, þ.m.t. þær sem krafist er vegna endurbóta á vaxtaviðmiðunum.

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti staðalsins.

upphafsdagsetning leigusamnings (upphafsdagsetning)	Sá dagur þegar **leigusalinn** afhendir **leigutaka undirliggjandi eign** til afnota.
endingartími	Annaðhvort tímabilið, þegar vænta má að eign hafi hagrænt notagildi fyrir einn eða fleiri notendur, eða fjöldi framleiðslueininga eða sambærilegra eininga sem einn eða fleiri notendur geta vænst að fáist af eigninni.
gildistökudagur breytingar	Sá dagur þegar báðir aðilar samþykkja **breytingu á leigusamningi**.
gangvirði	Að því er varðar beitingu krafna um reikningsskil **leigusala** í þessum staðli, sú fjárhæð sem unnt er að fá eign fyrir eða þarf til að gera upp skuld í viðskiptum ótengdra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskiptanna.
fjármögnunarleigusamningur	**Leigusamningur** sem yfirfærir næstum alla áhættu og ávinning sem fylgir eignarhaldi á **undirliggjandi eign**.
fastar greiðslur	Greiðslur sem **leigutaki** greiðir **leigusala** fyrir afnotarétt af **undirliggjandi eign** á **leigutímanum**, að frátöldum **breytilegum leigugreiðslum**.
verg fjárfesting í hinu leigða	Summa: a) **leigugreiðslna**, sem **leigusali** á kröfu í samkvæmt **fjármögnunarleigusamningi** og b) **ótryggðs hrakvirðis** sem kemur í hlut leigusala.
gildistökudagur leigusamningsins (gildistökudagur)	Sá dagur sem fyrr ber að: dagsetning **leigusamningsins** eða dagsetning skuldbindingar samningsaðila um grundvallarskilmála og -skilyrði leigusamningsins.
beinn upphafskostnaður	Jaðarkostnaður við að fá **leigusamning**, sem ekki hefði verið stofnað til ef leigusamningurinn hefði ekki fengist, nema framleiðandi eða **leigumiðlari** hafi stofnað til hans í tengslum við **fjármögnunarleigusamninginn**.
innreiknaðir vextir í leigusamningnum	Vextirnir sem leiða til þess að núvirði a) **leigugreiðslnanna** og b) **ótryggða hrakvirðisins** er jafnt samtölu i. **gangvirðis undirliggjandi eignar** og ii. **beinum upphafskostnaði** leigusalans.
leigusamningur	Samningur eða hluti samnings sem felur í sér afnotarétt yfir eign (**undirliggjandi eign**) á tilteknu tímabili í skiptum fyrir endurgjald.

leiguhvatar

Greiðslur sem **leigusali** greiðir **leigutaka** í tengslum við **leigusamning** eða leigusali endurgreiðir eða tekur á sig kostnað leigutaka.

breyting á leigusamningi

Breyting á gildissviði **leigusamnings** eða endurgjaldi fyrir leigusamning sem var ekki hluti af upprunalegum skilmálum og skilyrðum leigusamningsins (t.d. er afnotarétti bætt við eða hann afnumin af einni eða fleiri **undirliggjandi eignum** eða framlenging eða stytting á samningsbundnum **leigutíma**).

leigugreiðslur

Greiðslur, sem **leigutaki** greiðir **leigusala** fyrir afnotarétt af **undirliggjandi eign** á **leigutímanum**, samanstanda af eftirfarandi:

a) **föstum greiðslum** (þ.m.t. föstum greiðslum í reynd), að frádregnum **leiguhvötum**,

b) **breytilegum leigugreiðslum** sem taka mið af vísitölu eða vöxtum,

c) nýtingarverði kaupréttarákvæðis ef leigutakinn er nokkuð viss um að nýta þann rétt og

d) greiðslum sekta vegna uppsagnar **leigusamnings**, ef leigutími endurspeglar að leigutaki muni nýta sér valrétt til að segja leigusamningnum upp.

Að því er leigutakann varðar fela leigugreiðslur einnig í sér fjárhæðir sem gert er ráð fyrir að leigutakinn greiði samkvæmt **hrakvirðistryggingum**. Leigugreiðslur fela ekki í sér greiðslur sem er ráðstafað til óleigutengdra þátta í samningi nema leigutakinn velji að sameina óleigutengda þætti og leigutengda þætti og geri grein fyrir þeim sem einum leiguþætti.

Að því er varðar leigusala fela leigugreiðslur einnig í sér hrakvirðistryggingar sem leigutaki, aðili tengdur leigutaka eða þriðji aðili, sem er ótengdur leigusala, greiðir leigusala sem hefur fjárhagslegt bolmagn til að standa við skuldbindingar samkvæmt tryggingunni. Leigugreiðslur fela ekki í sér greiðslur sem er ráðstafað til óleigutengdra þátta.

leigutími

Óuppsegjanlegt tímabil þar sem **leigutaki** hefur afnotarétt yfir **undirliggjandi eign**, ásamt bæði:

a) tímabilum sem falla undir möguleika á að framlengja **leigusamninginn** ef leigutakinn er nokkuð viss um að nýta sér þann möguleika og

b) tímabilum sem falla undir möguleika á að segja leigusamningnum upp ef leigutakinn er nokkuð viss um að nýta sér ekki þann möguleika.

leigutaki

Eining sem fær afnotarétt yfir **undirliggjandi eign** á tilteknu tímabili í skiptum fyrir endurgjald.

vaxtakjör leigutaka á nýju lánsfé	Vextir sem **leigutaki** myndi þurfa að greiða til að taka lán yfir sambærilegt tímabil og með sambærilegu veði, nauðsynlegt fjármagn til að fá eign sem er af svipuðu verðmæti og **eign með afnotarétti** í svipuðu efnahagsumhverfi.
leigusali	Eining sem veitir afnotarétt af **undirliggjandi eign** í tiltekinn tíma gegn endurgjaldi.
hrein fjárfesting í hinu leigða	**Verg fjárfesting í hinu leigða** er afvöxtuð með **innreiknuðum vöxtum í leigusamningnum**.
rekstrarleigusamningur	**Leigusamningur** sem yfirfærir ekki í meginatriðum alla áhættu og ávinning sem fylgir eignarhaldi á **undirliggjandi eign**.
valkvæðar leigugreiðslur	Greiðslur sem **leigutaki** skal greiða **leigusala** fyrir afnotarétt af **undirliggjandi eign** á tímabilum sem falla undir möguleika á að framlengja eða segja **leigusamningi** upp sem falla ekki undir **leigutímann**.
afnotatími	Heildartímabil afnota af eign sem notuð er til að uppfylla samning við viðskiptavin (þ.m.t. hvers kyns ósamfelld tímabil).
hrakvirðistrygging	Trygging gagnvart **leigusala** af hálfu aðila sem er ótengdur leigusala um að virði (eða hluti virðis) **undirliggjandi eignar** við lok **leigutíma** verði a.m.k. tiltekin fjárhæð.
eign með afnotarétti	Eign sem stendur fyrir afnotarétt **leigutaka** á **undirliggjandi eign** á **leigutímanum**.
skammtímaleigusamningur	**Leigusamningur** sem á **upphafsdegi** hefur allt að 12 mánaða **leigutíma**. Leigusamningur sem felur í sér kauprétt er ekki skammtímaleigusamningur.
framleigusamningur	Viðskipti þar sem **leigutaki** (leigusali sem er milliliður) endurleigir **undirliggjandi eign** til þriðja aðila og **leigusamningurinn** (aðalleigusamningurinn) milli aðalleigusala og leigutaka helst í gildi.
undirliggjandi eign	Eign sem fellur undir **leigusamning** þar sem **leigusali** hefur látið **leigutaka** í té afnotarétt yfir eigninni.
óinnleystar fjármagnstekjur	Mismunurinn á: a) **vergri fjárfestingu í hinu leigða** og b) **hreinni fjárfestingu í hinu leigða**.

ótryggt hrakvirði	Sá hluti hrakvirðis **undirliggjandi eignar** sem **leigusala** er ekki tryggð innlausn á eða er einungis tryggð af aðila, tengdum leigusala.
breytilegar leigugreiðslur	Sá hluti greiðslna sem **leigutaki** greiðir **leigusala** fyrir afnotarétt af **undirliggjandi eign** á **leigutímanum** og er breytilegur vegna breytinga á málavöxtum eða aðstæðum eftir upphafsdaginn, annað en framrás tímans.

Skilmálar sem eru skilgreindir í öðrum stöðlum og notaðir í þessum staðli með sömu merkingu

samningur	Samkomulag milli tveggja aðila eða fleiri sem myndar framfylgjanleg réttindi og skuldbindingar.
nýtingartími	Tímabilið, sem vænta má að eign sé til afnota fyrir einingu eða fjöldi framleiðslueininga eða sambærilegra eininga sem eining geta vænst að fáist af eigninni.

Viðbætir B

Leiðbeiningar varðandi beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti staðalsins. Hann lýsir beitingu 1.–103. liðar og hefur sama gildi og aðrir hlutar staðalsins.

Beiting eignasafns

B1 Í þessum staðli eru tilgreind reikningsskil vegna stakra leigusamninga. Eining getur þó notað það hentuga úrræði að beita þessum staðli gagnvart eignasafni leigusamninga með svipuð einkenni ef einingin hefur ástæðu til að ætla að áhrif á reikningsskil af því að beita þessum staðli gagnvart eignasafninu myndu ekki víkja verulega frá beitingu þessa staðals gagnvart stökum leigusamningum í eignasafninu. Við reikningsskil eignasafns skal eining nota mat og forsendur sem endurspegla stærð og samsetningu eignasafnsins.

Sameining samninga

B2 Við beitingu þessa staðals skal eining sameina tvo eða fleiri samninga sem gerðir hafa verið á sama tíma, eða því sem næst, við sama mótaðila (eða aðila tengda sama mótaðila) og gera grein fyrir samningnum sem einum samningi ef eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða hafa verið uppfyllt:

a) þeir samningar eru gerðir í einum pakka með viðskiptalegt heildarmarkmið sem ekki er hægt að skilja nema líta til allra samninganna í einu,

b) endurgjaldið, sem inna ber af hendi samkvæmt einum samningi veltur á verði eða efndum hins samningsins eða

c) afnotaréttur á undirliggjandi eignum er settur fram í samningunum (eða nokkur hluti afnotaréttar á undirliggjandi eignum í hverjum þessara samninga) mynda einn leiguþátt eins og lýst er í lið B32.

Undanþága frá færslu: leigusamningar þar sem virði undirliggjandi eignar er lágt (5.–8. liður)

B3 Þessi staðall heimilar leigutaka að beita 6. lið til að gera grein fyrir leigusamningum þar sem virði undirliggjandi eignar er lágt, að frátöldu því sem tilgreint er í lið B7. Leigutaki skal meta virði undirliggjandi eignar byggt á virði eignarinnar þegar hún var ný, óháð aldri þeirrar eignar sem verið er að leigja.

B4 Mat á því hvort virði undirliggjandi eignar er lágt fer fram á hreinum grunni. Leigusamningar fyrir lágvirðiseignir uppfylla skilyrði fyrir reikningshaldslegri meðferð í 6. lið óháð því hvort þessir leigusamningar eru mikilvægir leigutakanum. Stærð, eðli eða aðstæður leigutaka hafa ekki áhrif á matið. Af því leiðir að þess er vænst að ólíkir leigutakar komist að sömu niðurstöðu um það hvort virði tiltekinnar undirliggjandi eignar sé lágt.

B5 Virði undirliggjandi eignar getur verið lágt því aðeins að:

a) leigutaki geti haft afnot af undirliggjandi eigninni einni og sér eða ásamt öðrum eignum sem leigutaki hefur auðvelt aðgengi að og

b) undirliggjandi eign reiði sig ekki að miklu leyti á, eða hefur rík tengsl við, aðrar eignir.

B6 Leigusamningur fyrir undirliggjandi eign uppfyllir ekki skilyrði sem leigusamningur þar sem virði eignar er lágt ef eðli eignarinnar er með þeim hætti að virði hennar væri almennt ekki talið lágt þegar hún var ný. Sem dæmi myndi leiga á bílum ekki uppfylla skilyrði leigusamninga fyrir lágvirðiseignir vegna þess að virði nýs bíls er almennt ekki lágt.

B7 Ef leigutaki framleigir eign eða gerir ráð fyrir að framleigja eign telst aðalleigusamningurinn ekki uppfylla skilyrði sem leigusamningur fyrir lágvirðiseign.

B8 Dæmi um undirliggjandi lágvirðiseignir gætu verið spjaldtölur og einkatölvur, smáir hlutir skrifstofuhúsgagna og símar.

Tilgreindur leigusamningur (9.–11. liður)

B9 Til þess að meta hvort samningur feli í sér rétt til að stjórna afnotum af tilgreindri eign (sjá liði B13–B20) yfir tiltekið tímabil skal eining meta hvort viðskiptavinurinn hafi, allt *afnotatímabilið*, bæði:

a) rétt til að njóta í meginatriðum alls efnislegs ávinnings af afnotum af eigninni (eins og lýst er í liðum B21–B23) og

b) rétt til að stjórna afnotum af tilgreindri eign (eins og lýst er í liðum B24–B30).

B10 Ef viðskiptavinur hefur einungis rétt til að stjórna afnotum af tilgreindri eign hluta úr samningstímanum inniheldur samningurinn leigusamning fyrir þann hluta tímans.

B11 Hægt er að gera samning um að fá vörur eða þjónustu með sameiginlegu fyrirkomulagi eða fyrir hönd sameiginlegs fyrirkomulags eins og skilgreint er í IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*. Í þessu tilviki er litið svo á að sameiginlegt fyrirkomulag sé viðskiptavinurinn í samningnum. Til samræmis við það skal eining, við mat á því hvort slíkur samningur feli í sér leigusamning, meta hvort sameiginlega fyrirkomulagið eigi rétt á að stjórna notkun á tilgreindri eign á afnotatímanum.

B12 Eining skal meta hvort samningur feli í sér leigusamning fyrir hvern mögulegan, aðskilinn leigubundinn þátt. Vísað er til liðar B32 að því er varðar leiðbeiningar um aðskilda, leigubundna þætti.

Tilgreind eign

B13 Almennt skal tilgreina eign með því að tiltaka hana með ótvíræðum hætti í samningi. Þó er einnig hægt að tilgreina eign með því að tiltaka hana með ótvíræðum hætti á þeim tíma þegar eining verður aðgengileg til afnota fyrir viðskiptavininn.

Efnislegur útskiptiréttur

B14 Enda þótt eign sé tiltekin hefur viðskiptavinur ekki rétt til afnota á tilgreindri eign ef afhendingaraðili hefur efnislegan skiptirétt til hennar á afnotatímanum. Réttur afhendingaraðila til að skipta út eign er einungis efnislegur ef bæði eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:

a) afhendingaraðili hefur hagnýta getu til að skipta á öðrum eignum á öllu afnotatímabilinu (t.d. getur viðskiptavinur ekki komið í veg fyrir að afhendingaraðili skipti eigninni út fyrir aðrar eignir sem hann hefur auðveldan aðgang að eða getur fengið innan hæfilegs tíma) og

b) afhendingaraðili myndi njóta efnahagslegs ávinnings af því neyta réttar síns til að skipta eigninni út (þ.e. gert er ráð fyrir að efnahagslegur ávinningur sem tengist því að skipta eigninni út verði hærri en kostnaður sem tengist því að skipta henni út).

B15 Ef afhendingaraðili hefur rétt til eða ber skylda til að skipta eigninni út einungis á eða eftir tiltekinn dag eða þegar tiltekinn viðburður verður, eða síðar, er útskiptiréttur afhendingaraðila ekki efnislegur vegna þess að hann hefur í reynd ekki getu til að skipta út öðrum eignum á öllu afnotatímabilinu.

B16 Mat einingar á því hvort útskiptiréttur afhendingaraðila sé efnislegur byggist á málavöxtum og aðstæðum við gildistöku samningsins og skal ekki líta til framtíðaratburða sem voru ekki taldir líklegir við gildistökuna. Dæmi um framtíðaratburði, sem yrðu við gildistöku samningsins taldir líklegir til að koma fram og myndu því vera undanþegnir mati, eru m.a.:

a) samningur framtíðarviðskiptavinar um að greiða fyrir afnot af eigninni yfir markaðsverði,

b) fram kemur ný tækni sem hefur ekki verið þróuð í meginatriðum við gildistöku samningsins,

c) verulegur munur milli afnota viðskiptavinar af eigninni eða afkastagetu eignarinnar og þeirra afnota eða afkastagetu sem talin eru líkleg við gildistöku samningsins og

d) verulegur munur milli markaðsverðs eignarinnar á afnotatímabilinu og þess markaðsverðs sem talið er líklegt við gildistöku samningsins.

B17 Ef eign er staðsett á athafnasvæði viðskiptavinar eða annars staðar er kostnaður tengdur útskiptum almennt hærri en þegar hún er staðsett á athafnasvæði afhendingaraðila og af þeim sökum líklegri til að fara yfir þann ávinning sem tengist því að skipta eigninni út.

B18 Réttur eða skylda afhendingaraðila til að skipta eigninni út vegna viðgerða og viðhalds, ef eignin starfar ekki rétt eða fyrir liggja tæknilegar uppfærslur, útiloka ekki að viðskiptavinurinn hafi rétt til afnota af tilgreindri eign.

B19 Ef viðskiptavinur getur ekki ákveðið með auðveldum hætti hvort afhendingaraðili eigi efnislegan útskiptirétt skal hann ganga út frá því að hvers kyns útskiptiréttur sé ekki efnislegur.

Hlutar eigna

B20 Afkastahluti eignar er tilgreind eign ef hún er í reynd aðgreind (t.d. gólf byggingar). Afkastahluti eða annar hluti eignar sem er ekki í reynd aðgreindur (t.d. afkastahluti ljósleiðarakapals) er ekki tilgreind eign nema hann standi í meginatriðum fyrir alla afkastagetu eignarinnar og veitir því viðskiptavininum rétt til að fá í meginatriðum allan efnahagslegan ávinning af afnotum á eigninni.

Réttur til að fá efnahagslegan ávinning af afnotum

B21 Til þess að stjórna afnotum af tilgreindri eign þarf viðskiptavinur að eiga rétt á að fá í meginatriðum allan efnahagslegan ávinning af afnotum á eigninni á afnotatímanum (t.d. með því að hafa einkaafnot af eigninni á því tímabili). Viðskiptavinur getur fengið efnahagslegan ávinning af afnotum af eign beint eða óbeint með margvíslegum hætti, s.s. með því nýta, eiga eða framleigja eignina. Efnahagslegur ávinningur af nýtingu eignar felur í sér aðalafurðir hennar og aukaafurðir (þ.m.t. mögulegt sjóðstreymi sem leiðir af þeim) og annan efnahagslegan ávinning af nýtingu eignarinnar sem kann að verða innleystur með viðskiptum við þriðja aðila.

B22 Við mat á rétti til að fá í meginatriðum allan efnahagslegan ávinning af nýtingu eignar skal eining líta til þess efnahagslega ávinnings sem leiðir af nýtingu eignarinnar innan skilgreinds ramma réttar viðskiptavinar til að nýta eignina (sjá lið B30). Til dæmis:

a) ef samningur takmarkar notkun vélknúins ökutækis við aðeins eitt tiltekið yfirráðasvæði á afnotatímanum skal eining aðeins líta til efnahagslegs ávinnings af notkun vélknúna ökutækisins á því svæði en ekki umfram það,

b) ef það er tilgreint í samningi að viðskiptavinur geti einungis ekið vélknúnu ökutæki að tilteknum fjölda mílna á afnotatímanum skal eining einungis líta til efnahagslegs ávinnings af notkun vélknúna ökutækisins í heimilaðan mílufjölda en ekki umfram það.

B23 Ef þess er krafist í samningi að viðskiptavinur greiði afhendingaraðila eða öðrum aðila hluta af sjóðstreymi, sem fæst að notkun eignar, sem endurgjald skal litið svo á að þetta sjóðstreymi, sem er greitt sem endurgjald, sé hluti efnahagslegs ávinnings sem viðskiptavinurinn fær af notkun eignarinnar. Til dæmis, ef þess er krafist að viðskiptavinur greiði afhendingaraðila hlutfall af sölu sem fæst af nýtingu smásölurýmis sem endurgjald fyrir þá nýtingu kemur sú krafa ekki í veg fyrir að viðskiptavinurinn eigi rétt á að fá í meginatriðum allan efnahagslegan ávinning af nýtingu smásölurýmisins. Ástæða þessa er sú að litið er á sjóðstreymi sem leiðir af þessari sölu sem efnahagslegan ávinning sem viðskiptavinurinn fær með því að nýta smásölurýmið en hann greiðir hluta þess til afhendingaraðila sem endurgjald fyrir afnotarétt af rýminu.

Réttur til beinna afnota

B24 Viðskiptavinur hefur rétt til þess að stjórna nýtingu tilgreindrar eignar á afnotatímabilinu því aðeins að annaðhvort:

a) viðskiptavinurinn eigi rétt á að stjórna því hvernig og í hvaða tilgangi eignin er nýtt á afnotatímabilinu (eins og lýst er í liðum B25–B30) eða

b) viðeigandi ákvarðanir um það hvernig og í hvaða tilgangi eignin er nýtt séu teknar fyrir fram og:

i) að viðskiptavinurinn eigi rétt á að reka eignina (eða ákveða að annar reki hana með þeim hætti sem hann ákvarðar) á afnotatímabilinu án þess að afhendingaraðilinn hafi rétt til að breyta þessum rekstrarfyrirmælum eða

ii) að viðskiptavinurinn hannaði eignina (eða tiltekna þætti hennar) með þeim hætti sem ákvarðar fyrir fram hvernig og í hvaða tilgangi eignin verður nýtt á afnotatímanum.

Hvernig og í hvaða tilgangi eignin er nýtt

B25 Viðskiptavinur hefur rétt á að stjórna því hvernig og í hvaða tilgangi eignin er nýtt ef hann getur, innan marka afnotaréttar síns sem er skilgreindur í samningnum, breytt því hvernig og í hvaða tilgangi eignin er notuð á afnotatímanum. Við þetta mat lítur eining til réttinda varðandi ákvarðanatöku sem mestu skipta við breytingu á því hvernig og í hvaða tilgangi eignin er nýtt á afnotatímanum. Réttindi varðandi ákvarðanatöku skipta máli þegar þau hafa áhrif á efnahagslegan ávinning sem leiðir af nýtingu. Réttindi varðandi ákvarðanatöku sem mestu máli skipta eru að líkindum mismunandi í ólíkum samningum, eftir því hvert eðli eignarinnar er og skilmálar og skilyrði samningsins.

B26 Dæmi um réttindi varðandi ákvarðanatöku sem veita rétt til þess að breyta því hvernig og í hvaða tilgangi eignin er nýtt, allt eftir aðstæðum, innan skilgreinds ramma afnotaréttar viðskiptavinarins, taka til:

a) réttar til þess að breyta tegund afurðar sem verður til með eigninni (t.d. ákveða hvort nýta eigi flutningsgám til þess að flytja vörur eða til geymslu eða til að ákveða blöndun framleiðsluvara sem eru seldar í smásölurými),

b) réttar til breyta því hvenær afurðin verður til (t.d. ákveða hvenær vélbúnaður eða orkuver er notað),

c) réttar til að breyta því hvar afurðin verður til (t.d. ákveða áfangastað vörubifreiðar eða skips eða ákveða hvar búnaður er notaður) og

d) réttar til að breyta hvort afurðin verður til og magn hennar (t.d. ákveða hvort framleiða eigi orku í orkuveri og hversu mikla orku á að framleiða í því orkuveri).

B27 Dæmi um rétt til ákvarðanatöku sem veitir ekki rétt til að breyta því hvernig og í hvaða tilgangi eignin er nýtt tekur til réttar sem takmarkast við rekstur eða viðhald eignarinnar. Viðskiptavinurinn eða afhendingaraðilinn geta haft slík réttindi. Enda þótt réttur á borð til þann er varðar rekstur eða viðhald eignar sé oft nauðsynlegur vegna skilvirkrar nýtingar eignar felur hann ekki í sér rétt til að stjórna því hvernig og í hvaða tilgangi eignin er nýtt og veltur oft á ákvörðunum um það hvernig og í hvaða tilgangi eignin er nýtt. Þó getur réttur til að starfrækja eign veitt viðskiptavininum rétt til að stjórna nýtingu á eigninni ef viðeigandi ákvarðanir um það hvernig og í hvaða tilgangi eignin er nýtt eru teknar fyrir fram (sjá i. lið í b-lið liðar B24).

Ákvarðanir sem eru teknar á afnotatímabilinu eða fyrir afnotatímabilið


B28 Hægt er að taka viðeigandi ákvarðanir um það hvernig og í hvaða tilgangi eignin er nýtt fyrir fram eftir ýmsum leiðum. Til dæmis er hægt að taka viðeigandi ákvarðanir fyrir fram á grundvelli hönnunar eignarinnar eða með samningsbundnum takmörkunum varðandi nýtingu eignarinnar.

B29 Við mat á því hvort viðskiptavinur hafi rétt til að stjórna nýtingu eignar skal eining einungis líta til réttar til að taka ákvarðanir um nýtingu eignarinnar á afnotatímanum nema viðskiptavinurinn hafi hannað eignina (eða sértæka þætti hennar) eins og lýst er í ii. lið í b-lið liðar B24. Af þeim sökum skal eining ekki íhuga ákvarðanir sem eru teknar fyrir afnotatímabilið, nema skilyrði ii. liðar í b-lið liðar B24 séu fyrir hendi. Til dæmis, ef viðskiptavinur getur aðeins tilgreint afrakstur eignar fyrir afnotatímabilið hefur viðskiptavinurinn ekki rétt til að stjórna nýtingu eignarinnar. Getan til að tilgreina afrakstur í samningi fyrir afnotatímabilið, án annars ákvarðanatökuréttar sem varðar nýtingu eignarinnar, veitir viðskiptavini sama rétt og hverjum öðrum viðskiptavini sem kaupir vörur eða þjónustu.

Verndarréttindi

B30 Í samningi geta verið skilmálar og skilyrði sem eru til þess ætluð að vernda hagsmuni afhendingaraðila í eigninni eða öðrum eignum, til þess að vernda starfsfólk hans eða tryggja að afhendingaraðili fari eða lögum eða reglum. Hér eru dæmi um verndarréttindi. Til dæmis má í samningi i. tilgreina hámarksnýtingu eignar eða takmarka hvar og hvenær viðskiptavinurinn getur nýtt eignina, ii. gera þá kröfu að viðskiptavinur fylgi tilteknum rekstrarvenjum eða iii. gera þá kröfu að viðskiptavinur upplýsi afhendingaraðilann um breytingar á því hvernig eign verður nýtt. Almennt skilgreina verndarréttindi ramma um rétt viðskiptavinar til nýtingar en koma ekki í sjálfu sér í veg fyrir að viðskiptavinurinn hafi rétt til að stýra nýtingu eignar.

B31 Eftirfarandi flæðirit gæti aðstoðað einingar við að meta hvort samningur er leigusamningur eða feli í sér leigusamning.



Aðskiljandi þættir samnings (12.–17. liður)

B32 Afnotaréttur á undirliggjandi eign er aðskilinn leigubundinn þáttur ef bæði:

a) leigutakinn getur fengið ávinning af afnotum á undirliggjandi eign, annaðhvort einni og sér eða ásamt öðrum tilföngum sem leigutaki hefur auðvelt aðgengi að. Auðveldlega aðgengileg tilföng eru vörur eða þjónusta sem er seld eða leigð sérstaklega (af hálfu leigusala eða annarra afhendingaraðila) eða tilföng sem leigutaki hefur þegar fengið (frá leigusala eða vegna annarra viðskipta eða atburða) og

b) undirliggjandi eign reiðir sig ekki að verulegu leyti á, eða hefur rík tengsl við, aðrar undirliggjandi eignir í samningnum. Til dæmis, sú staðreynd að leigutaki gæti ákveðið að leigja ekki undirliggjandi eign án þess að það hafi veruleg áhrif á rétt hans til að nýta aðrar undirliggjandi eignir í samningnum gæti gefið til kynna að undirliggjandi eignin er ekki verulega háð öðrum undirliggjandi eigum eða hefur rík tengsl við þær.

B33 Samningur getur falið í sér fjárhæð sem leigutaki á eftir að greiða fyrir starfsemi og kostnað sem yfirfæra ekki vöru eða þjónustu til leigutakans. Til dæmis getur leigusali fellt undir ógreidda heildarfjárhæð gjald fyrir stjórnsýsluverkefni eða annan kostnað sem hann stofnar til í tengslum við leigusamninginn sem yfirfærir ekki vöru eða þjónustu til leigutakans. Slíkar ógreiddar fjárhæðir leiða ekki til aðskilins þáttar í samningnum heldur er litið á þær sem hluta af heildarendurgjaldi sem er ráðstafað til sérstaklega tilgreindra þátta í samningnum.

Leigutími (18.–21. liður)

B34 Við ákvörðun leigutíma og mat á lengd óuppsegjanlegs leigutímabils skal eining beita skilgreiningunni á samningi og ákvarða það tímabil þegar unnt er að framfylgja samningnum. Ekki er hægt að framfylgja leigusamningi lengur þegar leigutaki og leigusali hefur hvor um sig rétt til að segja upp leigusamningnum án heimildar frá hinum aðilanum einungis gegn óverulegri sekt.

B35 Ef aðeins leigutaki hefur rétt til að segja samningi upp er litið á þennan rétt sem val um að segja upp leigusamningi sem leigutaki getur nýtt sér og eining lítur til þegar hún ákvarðar leigutímann. Ef aðeins leigusali hefur rétt til að segja leigusamningi upp felur óuppsegjanlegt tímabil leigusamningsins í sér tímabil sem fellur undir möguleikann á að segja leigusamningi upp.

B36 Leigutíminn byrjar á upphafdeginum og felur í sér hvers kyns leigulaus tímabil sem leigusalinn lætur leigutakanum í té.

B37 Á upphafsdegi metur eining hvort leigutakinn sé nokkuð viss um að nýta sér möguleika á að framlengja leigusamninginn eða kaupa undirliggjandi eign, eða nýta sér ekki möguleikann á að segja leigusamningnum upp. Einingin skal líta til allra viðeigandi málsatvika og aðstæðna sem skapa efnahagshvata fyrir leigutakana til að nýta sér möguleikann eða nýta sér hann ekki, þ.m.t. hvers kyns væntanlegar breytingar á málsatvikum og aðstæðna frá upphafsdeginum fram að þeim degi þegar möguleikinn kemur til framkvæmda. Dæmi um þætti sem líta skal til eru m.a., en takmarkast ekki við:

a) samningsskilmálar og -skilyrði fyrir valkvæð tímabil, miðað við markaðsverð, s.s.:

i) fjárhæð leigugreiðslna á hverju valkvæðu tímabili,

ii) fjárhæð hvers kyns breytilegra leigugreiðslna eða annarra óvissra greiðslna, s.s. sektargreiðslna vegna uppsagnar og hrakvirðistrygginga og

iii) skilmálar og skilyrði hvers kyns valkosta sem hægt er að nýta eftir lok valkvæðra upphafstímabila (t.d. kaupréttur sem nýta má við lok framlengingartímabils á verði sem er undir núverandi markaðsverði),

b) mikilvægar umbætur á leigusamningi sem gerðar eru (eða vænst er að gerðar verði) á samningstímanum, sem gert er ráð fyrir að feli í sér mikilvægan efnahagsávinning fyrir leigutakann þegar nýta má möguleikann á framlengingu eða uppsögn leigusamnings eða kaupa undirliggjandi eign,

c) kostnaður er tengist uppsögn leigusamningsins, s.s. kostnaður vegna samningaviðræðna, kostnaður vegna flutninga, við að greina aðra undirliggjandi eign sem hentar þörfum leigutakans, kostnaður við að fella nýja eign að rekstri leigutakans eða sektargreiðslur vegna uppsagnar og sambærilegur kostnaður, m.a. kostnaður sem tengist því að færa undirliggjandi eign aftur í það ástand sem er tilgreint í samningi eða á stað sem er tilgreindur í samningi,

d) mikilvægi þessarar undirliggjandi eignar fyrir rekstur leigutakans þar sem litið er t.d. til þess hvort undirliggjandi eign er sérhæfð eign, staðsetningar undirliggjandi eignar og hvort fyrir liggja aðrir hentugir kostir og

e) skilyrði sem tengjast nýtingu valmöguleikans (þ.e. þegar valmöguleikinn er aðeins nýttur ef eitt eða fleiri skilyrði eru uppfyllt) og hversu líklegt er að þessi skilyrði verði fyrir hendi.

B38 Valmöguleikanum á að framlengja eða segja upp leigusamningi má sameina öðrum samningsþáttum, einum eða fleiri (t.d. tryggðu hrakvirði), þannig að leigutakinn tryggi leigusala lágmarksávöxtun eða fasta ávöxtun í handbæru fé sem er í meginatriðum hin sama óháð því hvort möguleikinn er nýttur. Í þeim tilvikum og þrátt fyrir leiðbeiningar um fastar greiðslur í reynd í lið B42 skal eining gera ráð fyrir því að leigutaki sé nokkuð viss um að nýta sér möguleikann á að framlengja leigusamning eða að nýta ekki möguleikann á að segja leigusamningnum upp.

B39 Þeim mun styttri sem óuppsegjanlegt tímabil leigusamnings er þeim mun líklegri er leigutaki til að nýta sér möguleika á að framlengja leigusamninginn eða að nýta ekki möguleika á að segja leigusamningnum upp. Ástæða þess er sú að kostnaður sem tengist því að komast yfir aðra eign í hinnar stað verður líklega hlutfallslega hærri eftir því sem óuppsegjanlega tímabilið er styttra.

B40 Fyrri venjur leigutaka varðandi tímabil þegar hann nýtir venjulega tilteknar tegundir eigna (hvort sem þær eru leigðar eða í eignarhaldi), og fjárhagslegar ástæður hans fyrir því, geta veitt upplýsingar sem eru gagnlegar við að meta hvort leigutakinn sé nokkuð viss um að nýta möguleika eða ekki. Til dæmis, ef leigutaki hefur almennt nýtt tilteknar tegundir eigna á tilteknu tímabili eða ef leigutaki er vanur að nýta möguleika á leigu tiltekinna tegunda undirliggjandi eigna skal leigutakinn skoða fjárhagslegar ástæður fyrir fyrri venjum við mat á því hvort hann sé nokkuð viss um að nýta möguleika um leigu þessara eigna.

B41 Í 20. lið er tilgreint að eftir upphafsdag endurmeti leigutaki leigutímann komi upp mikilvægur atburður eða verði mikilvæg breyting á aðstæðum sem eru í valdi leigutakans og hefur áhrif á það hvort hann sé tiltölulega viss um að nýta möguleika sem var ekki áður hluti ákvörðunar hans um leigutímann eða að nýta ekki möguleika sem var áður hluti ákvörðunar hans um leigutímann. Dæmi um mikilvæga atburði eða breytingar á aðstæðum eru m.a.:

a) mikilvægar umbætur á leigusamningi sem ekki er gert ráð fyrir á upphafsdegi sem búist er við að veiti leigutakanum mikilvægan efnahagslegan ávinning þegar nýta má möguleika á að framlengja eða segja upp leigusamningi eða kaupa undirliggjandi eign,

b) mikilvæg breyting eða aðlögun á undirliggjandi eign sem ekki var gert ráð fyrir á upphafsdegi,

c) gerð framleigusamnings fyrir undirliggjandi eign á tímabili eftir lok þess leigutíma sem var ákveðinn áður og

d) ákvörðun leigutakans á viðskiptagrundvelli sem varðar með beinum hætti það að nýta sér eða nýta sér ekki möguleika (t.d. ákvörðun um að framlengja leigusamning tengdrar eignar, losa sig við aðra eign eða losa sig við viðskiptaeiningu sem eign með afnotarétti er nýtt innan).

Fastar leigugreiðslur í reynd (a-liður 27. liðar, c-liður 36. liðar og a-liður 70. liðar)

B42 Leigugreiðslur fela í sér hvers kyns leigugreiðslur sem eru fastar í reynd. Fastar leigugreiðslur í reynd eru greiðslur sem geta að formi til falið í sér breytileika en eru í reynd óhjákvæmilegar. Fastar leigugreiðslur í reynd eru t.d. fyrir hendi ef:

a) greiðslur eru að formi til breytilegar leigugreiðslur en ekki er fyrir hendi raunverulegur breytileiki í þessum greiðslum. Þessar greiðslur fela í sér ákvæði um breytileika sem hafa ekki í för með sér raunverulegt efnahagslegt inntak. Dæmi um þessar tegundir greiðslna eru:

i) greiðslur sem inna verður af hendi því aðeins að sannað hafi verið að eign sé rekstrarhæf á leigutímanum eða því aðeins að atburður eigi sér stað sem enginn raunverulegur möguleiki var á að gæti ekki orðið eða

ii) greiðslur sem voru í upphafi að formi til breytilegar leigugreiðslur sem tengjast notkun undirliggjandi eignar en leyst verður úr breytileikanum einhvern tímann eftir upphafsdaginn þannig að greiðslurnar verði fastar til loka leigutímans. Þessar greiðslur verða fastar greiðslur í reynd þegar leyst hefur verið úr breytileikanum,

b) fyrir hendi er fleiri en ein röð greiðslna sem leigutaki getur innt af hendi en einungis ein röð greiðslnanna er raunhæf. Í því tilviki skal eining líta svo á að raunhæfa röðin af greiðslum séu leigugreiðslur,

c) fyrir hendi er fleiri en ein raunhæf röð greiðslna sem leigutakinn gæti innt af hendi en hann verður að greiða a.m.k. aðra þessara röð greiðslna. Í því tilviki skal eining líta svo á að röð greiðslna sem leggjast saman að lægstu fjárhæð (á afvöxtuðum grunni) séu leigugreiðslurnar.

Aðkoma leigutaka að undirliggjandi eign fyrir upphafsdag

Kostnaður leigutaka sem tengist smíði eða hönnun undirliggjandi eignar

B43 Eining getur gert leigusamning áður en undirliggjandi eign stendur leigutakanum til reiðu til nýtingar. Að því er suma leigusamninga varðar getur þurft að smíða eða endurhanna undirliggjandi eign svo að leigutakinn geti nýtt hana. Mögulega verður gerð sú krafa að leigutaki inni af hendi greiðslur sem varða smíði eða hönnun eignarinnar en það veltur á skilmálum og skilyrðum samningsins.

B44 Ef leigutaki stofnar til kostnaðar við smíði eða hönnun undirliggjandi eignar skal hann gera grein fyrir þeim kostnaði með því að beita öðrum viðeigandi stöðlum, t.d. IAS-staðli 16. Kostnaður, sem tengist smíði eða hönnun undirliggjandi eignar, felur ekki í sér greiðslur sem leigutakinn innti af hendi vegna afnotaréttar á undirliggjandi eign. Greiðslur fyrir afnotarétt á undirliggjandi eign eru greiðslur fyrir leigu, óháð tímasetningu þessara greiðslna.

Löglegt eignarhald yfir undirliggjandi eign

B45 Leigutaki getur fengið löglegt eignarhald yfir undirliggjandi eign áður en það er yfirfært til leigusala og eignin er leigð til leigutakans. Það að öðlast löglegt eignarhald ákvarðar í sjálfu sér ekki hvernig gera skuli grein fyrir yfirfærslunni.

B46 Ef leigutakinn hefur umráð (eða öðlast umráð) yfir undirliggjandi eign áður en eignin er yfirfærð til leigusalans eru viðskiptin sölu- og endurleiguviðskipti sem grein er gerð fyrir við beitingu 98.–103. liðar.

B47 Ef leigutakinn öðlast hins vegar ekki umráð yfir undirliggjandi eign áður en eignin er yfirfærð til leigusalans eru viðskiptin ekki sölu- og endurleiguviðskipti. Til dæmis, þetta kann að vera tilfellið ef framleiðandi, leigusali og leigutaki semja um viðskipti vegna kaupa leigusala á eign frá framleiðanda sem er síðan leigð leigutaka. Leigutakinn getur öðlast löglegt eignarhald yfir undirliggjandi eign áður en löglegt eignarhald flyst til leigusala. Í því tilviki, ef leigutaki öðlast löglegt eignarhald yfir undirliggjandi en fær ekki umráð yfir eigninni áður en hún er yfirfærð til leigusalans, eru viðskiptin ekki skráð sem sölu- og endurleiguviðskipti heldur sem leiga.

Upplýsingagjöf leigutaka (59. liður)

B48 Við ákvörðun á því hvort viðbótarupplýsingar um leigustarfsemi séu nauðsynlegar til að uppfylla markmið um upplýsingagjöf í 51. lið skal leigutaki athuga:

a) hvort þær upplýsingar varði notendur reikningsskila. Leigutaki skal láta í té þær viðbótarupplýsingar sem eru tilgreindar í 59. lið því aðeins að gert sé ráð fyrir að þær upplýsingar varði notendur reikningsskila. Í þessu samhengi á þetta líklega við ef það hjálpar notendum að skilja:

i) þann sveigjanleika sem felst í leigusamningum. Leigusamningar geta falið í sér sveigjanleika ef t.d. leigutaki getur dregið úr áhættuskuldbindingum sínum með því að nýta sér uppsagnarmöguleika eða endurnýja leigusamninga með hagstæðari skilmálum og skilyrðum,

ii) þær takmarkanir sem leigusamningar fela í sér. Leigusamningar geta falið í sér takmarkanir t.d. með því að krafist sé að leigutakinn viðhaldi tilteknum fjárhagskennitölum,

iii) viðkvæmni þeirra upplýsinga sem látnar eru í té gagnvart lykilbreytum. Tilkynntar upplýsingar geta t.d. verið viðkvæmar gagnvart breytilegum framtíðarleigugreiðslum,

iv) áhættu gagnvart öðrum áhættuþáttum sem leiðir af leigusamningum,

v) frávik frá því sem tíðkast í atvinnugreininni. Slík frávik geta t.d. falið í sér óvenjulega eða sérstæða leiguskilmála og -skilyrði sem hafa áhrif á leigusafn leigutaka,

b) hvort ráða megi þær upplýsingar af upplýsingum sem fram koma annaðhvort í frumreikningsskilum eða eru gefnar í skýringunum. Leigutaki þarf ekki að endurtaka upplýsingar sem hafa þegar verið settar fram annars staðar í reikningsskilunum.

B49 Viðbótarupplýsingar sem varða breytilegar leigugreiðslur sem þörf kann að vera fyrir til að ná markmiði um upplýsingagjöf í 51. lið, eftir aðstæðum, gætu falið í sér upplýsingar sem aðstoða notendur reikningsskila við að meta t.d.:

a) ástæður leigutaka fyrir því að nota breytilegar leigugreiðslur og algengi slíkra greiðslna,

b) hlutfallslegt umfang breytilegra leigugreiðslna og fastra greiðslna,

c) lykilbreytur sem breytilegar leigugreiðslur velta á og hvernig gert er ráð fyrir að greiðslur breytist í samræmi við breytingar á þessum lykilbreytum og

d) önnur rekstrarleg og fjárhagsleg áhrif af breytilegum leigugreiðslum.

B50 Viðbótarupplýsingar sem varða möguleika á framlengingu eða uppsögn sem þörf kann að vera fyrir til að ná markmiði um upplýsingagjöf í 51. lið, eftir aðstæðum, gætu falið í sér upplýsingar sem aðstoða notendur reikningsskila við að meta t.d.:

a) ástæður leigutaka fyrir því að nýta sér möguleika á framlengingu eða uppsögn og algengi slíkra möguleika,

b) hlutfallslegt umfang *valkvæðra leigugreiðslna* og leigugreiðslna,

c) algengi þess að möguleikar eru nýttir sem voru ekki áður taldir með í mati á leiguskuldbindingum og

d) önnur rekstrarleg og fjárhagsleg áhrif af þessum möguleikum.

B51 Viðbótarupplýsingar sem varða tryggt hrakvirði sem þörf kann að vera fyrir til að ná markmiðinu um upplýsingagjöf í 51. lið, eftir aðstæðum, gætu falið í sér upplýsingar sem aðstoða notendur reikningsskila við að meta t.d.:

a) ástæður leigutaka fyrir því að nota tryggt hrakvirði og algengi slíkra trygginga,

b) umfang áhættu leigutaka gagnvart hrakvirðisáhættu,

c) eðli undirliggjandi eigna sem þessar tryggingar eru látnar í té fyrir og

d) önnur rekstrarleg og fjárhagsleg áhrif af þessum tryggingum.

B52 Viðbótarupplýsingar sem varða sölu- og endurleiguviðskipti sem þörf kann að vera fyrir til að ná markmiði um upplýsingagjöf í 51. lið, eftir aðstæðum, gætu falið í sér upplýsingar sem aðstoða notendur reikningsskila við að meta t.d.:

a) ástæður leigutaka fyrir sölu- og endurleiguviðskiptum og algengi slíkra viðskipta,

b) lykilskilmála og -skilyrði við stök sölu- og endurleiguviðskipti,

c) greiðslur sem felast ekki í mati á leiguskuldbindingum og

d) áhrif sölu- og endurleiguviðskipta á sjóðstreymi á reikningsskilatímabilinu.

Flokkun leigusala á leigusamningum (61.–66. liður)

B53 Flokkun leigusamninga fyrir leigusala í þessum staðli byggist á því að hvaða marki leigusamningur yfirfærir áhættu og ávinning sem tengist eignarhaldi á undirliggjandi eign. Meðal áhættuþátta eru líkindi á tapi vegna ónýttrar afkastagetu eða tæknilegrar úreldingar og sveiflna í afkomu vegna breytinga á efnahagslegum aðstæðum. Ávinningur getur komið fram sem væntingar um arðsemi í rekstri á endingartíma undirliggjandi eignar og hagnaður af hækkun í verði eða innlausn á hrakvirði.

B54 Leigusamningur getur falið í sér skilmála og skilyrði um að leiðrétta leigugreiðslur fyrir tilteknum breytingum sem verða milli gildistökudags og upphafsdags (t.d. breytingu á kostnaði leigusala af undirliggjandi eign eða breytingu á kostnaði leigusala af fjármögnun leigunnar). Í því tilviki skulu áhrif af slíkum breytingum talin hafa orðið á gildistökudegi að því er flokkun leigusamningsins varðar.

B55 Þegar leigusamningur felur í sér bæði lóðar- og byggingartengda þætti metur leigusali flokkun hvors þáttar fyrir sig sem fjármögnunarleigu eða rekstrarleigu í samræmi við 62.–66. lið og liði B53–B54. Við ákvörðun á því hvort lóðartengdur þáttur er rekstrarleiga eða fjármögnunarleiga er mikilvægt að hafa í huga að land hefur yfirleitt óákveðinn endingartíma.

B56 Þegar nauðsynlegt reynist að flokka og gera grein fyrir leigu á landi og byggingum skal leigusali skipta leigugreiðslum (þ.m.t. fyrirframgreiddum eingreiðslum) milli lands- og byggingartengdra þátta í hlutfalli við viðeigandi gangvirði hlutdeildar leigusamnings í land- og byggingaþætti leigunnar á gildistökudeginum. Ef ekki er hægt að skipta leigugreiðslum með áreiðanlegum hætti milli þessara tveggja þátta er öll leigan flokkuð sem fjármögnunarleiga nema ljóst sé að báðir þættirnir séu rekstrarleiga en þá er öll leigan flokkuð sem rekstrarleiga.

B57 Að því er varðar leigu á landi og byggingum þar sem fjárhæð fyrir landþáttinn er óveruleg fyrir leigusamninginn skal leigusali fara með landið og byggingarnar sem eina heild og flokka sem fjármögnunar- eða rekstrarleigu með því að beita 62.–66. lið og liðum B53–B54. Í því tilviki skal leigusali líta á endingartíma bygginganna sem endingaríma undirliggjandi eignar í heild.

Flokkun framleigusamnings

B58 Við flokkun framleigusamnings skal leigumiðlari flokka framleigusamning sem fjármögnunarleigu eða rekstrarleigu eins og hér segir:

a) ef aðalleigusamningurinn er skammtímaleigusamningur sem eining, sem leigutaki, hefur gert grein fyrir við beitingu 6. liðar skal flokka framleigusamninginn sem rekstrarleigu,

b) að öðrum kosti skal flokka framleigusamninginn með vísan til eignar með afnotarétti sem leiðir af aðalleigu samningnum fremur en með vísan til undirliggjandi eignar (t.d. varanlegra rekstrarfjármuna sem falla undir leigusamninginn).

Viðbætir C

Gildistökudagur og umbreyting

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti staðalsins og hefur sama gildi og aðrir hlutar hans.

GILDISTÖKUDAGUR

C1 Eining skal beita þessum staðli að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar. Fyrri beiting er heimil fyrir einingar, sem beita IFRS-staðli 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, á upphafsdegi beitingar þessa staðals eða síðar. Ef eining beitir þessum staðli fyrr skal hún greina frá því.

C1A Í *Leiguívilnunum í tengslum við COVID-19*, gefnum út í maí 2020, bættust við liðir 46A, 46B, 60A, C20A og C20B. Leigutaki skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júní 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil, þ.m.t. í reikningsskilum sem ekki hafa verið samþykkt til útgáfu 28. maí 2020.

C1B Með *Endurbótum á vaxtaviðmiðunum – 2. áfanga*, sem breyttu IFRS-staðli 9, IAS-staðli 39, IFRS-staðli 7, IFRS-staðli 4 og IFRS-staðli 16, sem gefnar voru út í ágúst 2020, var liðum 104–106 og C20C–C20D bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2021 eða síðar. Heimilt er að beita breytingunum fyrr. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil.

C1C Með *Leiguívilnunum í tengslum við COVID-19* eftir 30. júní 2021, sem gefnar voru út í mars 2021, var lið 46B breytt og liðum C20BA–C20BC bætt við. Leigutaki skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. apríl 2021 eða síðar. Fyrri beiting er heimil, þ.m.t. í reikningsskilum sem ekki hafa verið samþykkt til útgáfu 31. mars 2021.

UMBREYTING

C2 Að því er varðar kröfur í liðum C1–C9 er upphafsdagur beitingar upphaf árlega reikningsskilatímabilsins þegar eining beitir þessum staðli í fyrsta sinn.

Skilgreining á leigusamningi

C3 Sem hentugt úrræði er þess ekki krafist að eining endurmeti hvort samningur sé leigusamningur eða feli í sér leigusamning á upphafsdegi beitingar. Þess í stað er einingunni heimilt að:

a) beita þessum staðli á samninga sem voru áður tilgreindir sem leigusamningar við beitingu IAS-staðals 17, *leigusamningar*, og IFRIC-túlkunar 4, *ákvörðun um hvort samningur inniheldur leigusamning*. Einingin skal beita umbreytingarkröfunum í liðum C5–C18 á þessa leigusamninga,

b) beita ekki þessum staðli á samninga sem voru ekki áður tilgreindir sem samningar sem innihalda leigusamning við beitingu IAS-staðals 17 og IFRIC-túlkunar 4.

C4 Ef eining velur hentuga úrræðið í lið C3 skal hún upplýsa um það og beita úrræðinu gagnvart öllum samningum sínum. Einingin skal í kjölfar þess beita kröfunum í 9.–11. lið aðeins gagnvart samningum sem eru gerðir (eða þeim breytt) á upphafsdegi beitingar eða síðar.

Leigutakar

C5 Leigutaki skal nota þennan staðal á leigusamninga sína annaðhvort:

a) afturvirkt fyrir hvert fyrra reikningsskilatímabil sem sett er fram í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, eða

b) afturvirkt með samlegðaráhrifum af því að beita þessum staðli í upphafi sem færður er á upphafsdegi beitingar í samræmi við liði C7–C13.

C6 Leigutaki skal beita því vali sem lýst er í lið C5 jafnt gagnvart öllum leigusamningum sínum þar sem hann er leigutaki.

C7 Ef leigutaki velur að beita þessum staðli í samræmi við b-lið í lið C5 skal hann ekki endurtaka samanburðar upplýsingar. Þess í stað skal leigutaki færa samlegðaráhrif af upphaflegri beitingu þessa staðals sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár (eða annars eiginfjárþáttar, eftir því sem við á) á upphafsdegi beitingar.

Leigusamningar sem voru áður flokkaðir sem rekstrarleigusamningar

C8 Ef leigutaki velur að beita þessum staðli í samræmi við b-lið í lið C5 skal hann:

a) færa leiguskuld á upphafsdegi beitingar að því er varðar leigusamninga sem voru áður flokkaðir sem rekstrarleigusamningar við beitingu IAS-staðals 17. Leigutaki skal meta þessa leiguskuld á núvirði eftirstandandi leigugreiðslna, afvaxtað með því að nota vaxtakjör leigutaka á nýju lánsfé á upphafsdegi beitingar,

b) færa eign með afnotarétti á upphafsdegi beitingar að því er varðar leigusamninga sem voru áður flokkaðir sem rekstrarleigusamningar við beitingu IAS-staðals 17. Leigutakinn skal velja, sérstaklega fyrir hvern leigusamning, að meta eign með afnotarétti annaðhvort á:

i) bókfærðu verði hennar líkt og staðlinum hefði verið beitt frá upphafsdegi en afvaxtað með því að nota vaxtakjör leigutakans á nýju lánsfé á upphafsdegi beitingar eða

ii) fjárhæð sem er jöfn leiguskuldinni, leiðrétt fyrir þeirri fjárhæð fyrirframgreiddra eða uppsafnaðra leigugreiðslna sem tengjast færslu leigusamningsins í efnahagsreikninginn rétt fyrir upphafsdag beitingar,

c) beita IAS-staðli 36, *virðisrýrnun eigna*, gagnvart eignum með afnotarétti á upphafsdegi beitingar nema leigutakinn beiti hentuga úrræðinu í b-lið liðar C10.

C9 Þrátt fyrir kröfur í lið C8, að því er varðar leigusamninga sem voru áður flokkaðir sem rekstrarleigusamningar við beitingu IAS-staðals 17, skal leigutaki:

a) ekki krafinn um að gera leiðréttingar við umbreytingu að því er varðar leigusamninga þar sem virði undirliggjandi eignar er lágt (eins og lýst er í liðum B3–B8) sem gerð verður grein fyrir við beitingu 6. liðar. Leigutaki skal gera grein fyrir þessum leigusamningum við beitingu þessa staðals frá upphafsdegi beitingar,

b) ekki krafinn um að gera leiðréttingar við umbreytingu að því er varðar leigusamninga sem gerð var grein fyrir áður sem fjárfestingareign með því að nota gangvirðislíkanið í IAS-staðli 40, *fjárfestingareignir*. Leigutaki skal gera grein fyrir eign með afnotarétti og leiguskuld sem leiðir af þessum leigusamningum með því að beita IAS-staðli 40 og þessum staðli frá upphafsdegi beitingar,

c) meta eign með afnotarétti á gangvirði á upphafsdegi beitingar að því er varðar leigusamninga sem gerð var grein fyrir áður sem rekstrarleigusamningum við beitingu IAS-staðals 17 og grein verður gerð fyrir sem fjárfestingareign með því að nota gangvirðislíkanið í IAS-staðli 40 frá upphafsdegi beitingar. Leigutaki skal gera grein fyrir eign með afnotarétti og leiguskuld sem leiðir af þessum leigusamningum með því að beita IAS-staðli 40 og þessum staðli frá upphafsdegi beitingar.

C10 Leigutaki getur notað eitt eða fleiri af eftirfarandi hentugum úrræðum við afturvirka beitingu þessa staðals í samræmi við b-lið liðar C5 að því er varðar leigusamninga sem voru áður flokkaðir sem rekstrarleigusamningar við beitingu IAS-staðals 17. Leigutaka er heimilt að beita þessum hentugu úrræðum sérstaklega fyrir hvern leigusamning:

a) leigutaki getur beitt einum afvöxtunarstuðli á eignasafn leigusamninga með nokkuð líkum einkennum (t.d. svipaðan eftirstandandi leigutíma fyrir svipaðan flokk undirliggjandi eigna í svipuðu efnahagsumhverfi),

b) leigutaki getur notað mat sitt á því hvort leigusamningar séu íþyngjandi við beitingu IAS-staðals 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, strax fyrir upphaflega beitingu sem annars valkostar en að láta fara fram endurmat á virðisrýrnun. Ef leigutaki kýs þetta hentuga úrræði skal hann leiðrétta eign með afnotarétti á upphafsdegi beitingar fyrir þeirri fjárhæð reiknaðrar skuldbindingar vegna íþyngjandi leigusamninga sem eru færðir í efnahagsreikning strax fyrir upphafsdag beitingar,

c) leigutaki getur kosið að beita ekki kröfunum í lið C8 að því er varðar leigusamninga þar sem leigutímanum lýkur innan 12 mánaða frá upphafsdegi beitingar. Í því tilviki skal leigutaki:

i) gera grein fyrir þessum leigusamningum á sama hátt og skammtímaleigusamningum eins og lýst er í 6. lið og

ii) setja kostnað sem tengist þessum leigusamningum í upplýsingagjöf um kostnað við skammtímaleigusamning á árlegu reikningsskilatímabili sem felur í sér upphafsdag beitingar,

d) leigutaki getur undanþegið upphaflegan beinan kostnað frá mati á eign með afnotarétti á upphafsdegi beitingar,

e) leigutaki getur nýtt sér eftirhyggju, s.s. til þess að ákvarða leigutímann ef samningurinn býður upp á möguleika á því að framlengja eða segja leigusamningnum upp.

Leigusamningar sem voru áður flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar

C11 Ef leigutaki kýs að beita þessum staðli í samræmi við b-lið liðar C5, að því er varðar leigusamninga sem eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar við beitingu IAS-staðals 17, skal bókfært verð eignar með afnotarétti og leiguskuldin á upphafsdegi beitingar vera bókfært verð leigueignar og leiguskuldar strax fyrir þann dag, metið við beitingu IAS-staðals 17. Að því er varðar leigusamninga skal leigutaki gera grein fyrir eign með afnotarétti og leiguskuld með því að beita þessum staðli frá upphafsdegi beitingar.

Upplýsingagjöf

C12 Ef leigutaki velur að beita þessum staðli í samræmi við b-lið liðar C5 skal hann veita upplýsingar um þá upphaflegu beitingu sem krafist er í 28. lið í IAS-staðli 8 nema að því er varðar upplýsingar sem eru tilgreindar í f-lið 28. liðar í IAS-staðli 8. Í stað þeirra upplýsinga, sem eru tilgreindar í f-lið 28. liðar í IAS-staðli 8, skal leigutaki veita upplýsingar um:

a) vegið meðaltal vaxtakjara á nýju lánsfé leigutakans sem er beitt á leiguskuldir sem eru færðar í efnahagsreikning á upphafsdegi beitingar og

b) skýringu á hvers kyns mismun milli:

i) skuldbindinga samkvæmt rekstrarleigusamningi sem upplýsingar eru veittar um við beitingu IAS-staðals 17 við lok árlegs reikningsskilatímabils strax fyrir upphafsdag beitingar, afvaxtað með því að nota vaxtakjör á nýju lánsfé á upphafsdegi beitingar eins og lýst er í a-lið liðar C8 og

ii) leiguskulda sem eru færðar í efnahagsreikning á upphafsdegi beitingar.

C13 Ef leigutaki notar fleiri en eitt sértækt hentugt úrræði í lið C10 skal hann veita upplýsingar um það.

Leigusalar

C14 Þess er ekki krafist að leigusali geri leiðréttingar við umbreytingu vegna leigusamninga þar sem hann er leigusali og skal gera grein fyrir þessum leigusamningum með því að beita þessum staðli frá upphafsdegi beitingar.

C15 Leigusali sem er milliliður skal:

a) endurmeta framleigusamninga sem voru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar við beitingu IAS-staðals 17 og eru í gildi á upphafsdegi beitingar, til þess að ákvarða hvort flokka ætti hvern framleigusamning sem rekstrarleigusamning eða fjármögnunarleigu við beitingu þessa staðals. Leigusali, sem er milliliður, skal annast þetta mat á upphafsdegi beitingar á grundvelli eftirstandandi samningsskilmála og -skilyrða aðalleigusamningsins og framleigusamnings á þeim degi,

b) að því er varðar framleigusamninga sem voru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar við beitingu IAS-staðals 17 en sem fjármögnunarleigusamningar við beitingu þessa staðals, gera grein fyrir framleigusamningnum sem nýjum fjármögnunarleigusamningi sem er gerður á upphafsdegi beitingar.

Sölu- og endurleiguviðskipti fyrir upphafsdag beitingar

C16 Eining skal ekki endurmeta sölu- og endurleiguviðskipti, sem áttu sér stað fyrir upphafsdag beitingar, til að ákvarða hvort yfirfærsla undirliggjandi eignar uppfylli kröfur IFRS-staðals 15 um að gerð yrði grein fyrir henni sem sölu.

C17 Ef gerð er grein fyrir sölu- og endurleiguviðskiptum sem sölu og fjármögnunarleigu við beitingu IAS-staðals 17 skal seljandi-leigutaki:

a) gera grein fyrir endurleigunni á sama hátt og hann gerir grein fyrir annarri fjármögnunarleigu sem lá fyrir á upphafsdegi beitingar og

b) halda áfram að afskrifa hvers kyns hagnað af sölu á leigutímanum.

C18 Ef sölu- og endurleiguviðskipti voru skráð sem sölu og rekstrarleiga við beitingu IAS-staðals 17 skal seljandi-leigutaki:

a) skrá endurleiguna á sama hátt og hann skráir aðra rekstrarleigu sem lá fyrir á upphafsdegi beitingar og

b) leiðrétta endurleigða eign með afnotarétti fyrir frestuðum hagnaði eða tapi sem tengist skilmálum utan markaðar sem eru færðir í efnahagsreikningi strax fyrir upphafsdag beitingar.

Fjárhæðir sem voru áður færðar með tilliti til sameiningar fyrirtækja

C19 Ef leigutaki hefur áður fært eign eða skuld með því að beita IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja*, sem tengist hagstæðum eða óhagstæðum skilmálum rekstrarleigusamnings sem krafist er sem hluta af sameiningu fyrirtækja skal hann afskrifa eignina eða skuldina og leiðrétta bókfært verð eignar með afnotarétti fyrir samsvarandi fjárhæð á upphafsdegi beitingar.

Tilvísanir í IFRS-staðal 9

C20 Ef eining beitir þessum staðli en hefur ekki enn beitt IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*, ber að lesa tilvísanirnar í þessum staðli í IFRS-staðal 9 sem tilvísanir í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar*: *færsla og mat*.

Leiguívilnanir í tengslum við COVID-19 fyrir leigutaka

C20A Leigutaki skal beita *Leiguívilnunum í tengslum við COVID-19* (sjá lið C1A) afturvirkt og færa samlegðaráhrif af því að beita þeirri breytingu í upphafi sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár (eða annars eiginfjárþáttar, eftir því sem við á) við upphaf þess árlega reikningsskilatímabils þegar leigutakinn beitir breytingunni í fyrsta sinn.

C20B Leigutaka er ekki skylt að birta upplýsingarnar sem gerð er krafa um í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 á reiknings-skilatímabilinu þegar leigutaki beitir *Leiguívilnunum í tengslum við COVID-19* í fyrsta sinn.

C20BA Leigutaki skal beita *Leiguívilnunum í tengslum við COVID-19 eftir 30. júní 2021* (sjá lið C1C) afturvirkt og færa samlegðaráhrif af því að beita þeirri breytingu í upphafi sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár (eða annars eiginfjárþáttar, eftir því sem við á) við upphaf þess árlega reikningsskilatímabils þegar leigutakinn beitir breytingunni í fyrsta sinn.

C20BB Leigutaka er ekki skylt að birta upplýsingarnar sem gerð er krafa um í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 á reiknings skilatímabilinu þegar leigutaki beitir *Leiguívilnunum í tengslum við COVID-19* eftir *30. júní 2021* í fyrsta sinn.

C20BC Við beitingu 2. liðar þessa staðals skal leigutaki beita hentuga úrræðinu í lið 46A með samræmdum hætti gagnvart samningum með svipuð einkenni sem uppfylla skilyrði og við svipaðar aðstæður, án tillits til þess hvort samningurinn hafi uppfyllt skilyrði að því er varðar hentuga úrræðið í kjölfar þess að leigutaki beitti *Leiguívilnunum í tengslum við COVID-19* (sjá lið C1A) eða *Leiguívilnunum í tengslum við COVID-19 eftir 30. júní 2021* (sjá lið C1C).

Endurbætur á vaxtaviðmiðunum – 2. áfangi

C20C Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8 nema að því leyti sem tilgreint er í lið C20D.

C20D Einingu er ekki skylt að endurgera fyrri tímabil til að endurspegla beitingu þessara breytinga. Einingin getur endurgert fyrri tímabil þá og því aðeins að slíkt sé hægt án eftiráskýringa. Ef eining endurgerir ekki fyrri tímabil skal hún færa hvers kyns mismun milli fyrra bókfærðs verðs og bókfærðs verðs við upphaf árlegs reikningsskilatímabils, sem tekur til upphafsdags beitingar þessara breytinga, í upphaflegt óráðstafað eigið fé (eða annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á) á árlega reikningsskilatímabilinu sem felur í sér upphafsdag beitingar þessara breytinga.

AFTURKÖLLUN ANNARRA STAÐLA

C21 Þessi staðall kemur í stað eftirfarandi staðla og túlkana:

a) IAS-staðals 17, *leigusamningar*,

b) IFRIC-túlkunar 4, *ákvörðun um hvort samningur inniheldur leigusamning*,

c) SIC-túlkunar 15, *rekstrarleiga – hvatar*, og

d) SIC-túlkunar 27, *mat á efnisinnihaldi viðskipta þegar um er að ræða leigusamninga í lagalegum skilningi*.

Viðbætir D

Breytingar á öðrum stöðlum

Í þessum viðbæti eru settar fram breytingar á öðrum stöðlum sem eru afleiðing af útgáfu Alþjóðareikningsskilaráðsins á þessum staðli. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar. Ef rekstrareining beitir þessum staðli að því er varðar fyrra tímabil skal hún einnig beita þessum breytingum fyrir það fyrra tímabil.

Einingu er ekki heimilt að beita IFRS-staðli 16 fyrir beitingu IFRS-staðals 15, tekjur af samningum við viðskiptavini *(sjá lið C1)*.

Af þeim sökum eru, að því er varðar staðla sem tóku gildi 1. janúar 2016, breytingar á þessum viðbæti settar fram á grundvelli texta þeirra staðla sem voru í gildi 1. janúar 2016, eins og þeim er breytt með IFRS-staðli 15. Texti þeirra staðla í þessum viðbæti felur ekki í sér aðrar breytingar sem ekki voru í gildi 1. janúar 2016.

Að því er varðar staðla sem voru ekki í gildi 1. janúar 2016 eru breytingar í þessum viðbæti settar fram á grundvelli texta viðkomandi staðals eins og hann var birtur í upphafi, eins og honum er breytt með IFRS-staðli 15. Texti þeirra staðla í þessum viðbæti felur ekki í sér aðrar breytingar sem ekki voru í gildi 1. janúar 2016.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL 17 (IFRS-staðall 17)

Vátryggingasamningar

MARKMIÐ

1 Með IFRS-staðli 17, *vátryggingarsamningar*, eru settar fram meginreglur um færslu, mat, framsetningu og upplýsingagjöf um *vátryggingarsamninga* innan gildissviðs staðalsins. Markmiðið með IFRS-staðli 17 er að tryggja að eining veiti viðeigandi upplýsingar sem gefa rétta mynd af þeim samningum. Þessar upplýsingar veita notendum reikningsskila grundvöll til að meta þau áhrif sem vátryggingarsamningar hafa á fjárhagsstöðu, rekstrarárangur og sjóðstreymi einingarinnar.

2 Eining skal líta til efnislegra réttinda og skuldbindinga sinna, hvort sem þau er til komin vegna samnings, laga eða reglna, við beitingu IFRS-staðals 17. Samningur er samkomulag milli tveggja aðila eða fleiri sem myndar framfylgjanleg réttindi og skuldbindingar. Réttindum og skuldbindingum samnings er framfylgt samkvæmt lögum. Samningar geta verið skriflegir, munnlegir eða fylgja hefðbundnum viðskiptaháttum einingarinnar. Samningsskilmálar fela í sér alla skilmála í samningi, jafnt beina sem óbeina, en eining skal líta framhjá skilmálum sem eru ekki viðskiptalegs eðlis (þ.e. hafa engin merkjanleg áhrif á fjárhagslega þætti samningsins). Óbeinir samningsskilmálar taka til skilmála sem eru settir með lögum eða reglum. Venjur og ferli við að koma á samningum við viðskiptavini eru ólík milli lögsagnarumdæma, atvinnugreina og eininga. Enn fremur kunna þau að vera ólík innan einingar (t.d. kunna þau að velta á flokki viðskiptavina eða eðli umsaminna vara eða þjónustu).

GILDISSVIÐ

3 Eining skal beita IFRS-staðli 17 gagnvart:

a) vátryggingarsamningum, þ.m.t. *endurtryggingarsamningum*, sem hún gefur út,

b) endurtryggingarsamningum til eigin endurtrygginga og

c) *fjárfestingarsamningum með valkvæðum þátttökuákvæðum*, sem hún gefur út, að því tilskildu að einingin gefi einnig út vátryggingarsamninga.

4 Allar tilvísanir til vátryggingarsamninga í IFRS-staðli 17 eiga einnig við um:

a) endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga, að undanskildum:

i. tilvísunum í útgefna vátryggingarsamninga, og

ii. eins og lýst er í liðum 60–70A,

b) fjárfestingarsamninga með valkvæðum þátttökuákvæðum, eins og sett er fram í c-lið 3. liðar, að undanskilinni tilvísuninni í vátryggingarsamninga í c-lið 3. liðar og eins og lýst er í 71. lið.

5 Allar tilvísanir í IFRS-staðli 17 til útgefinna vátryggingarsamninga eiga einnig við um vátryggingarsamninga sem einingin yfirtekur við yfirfærslu vátryggingarsamninga eða sameiningu fyrirtækja, aðra en endurtryggingarsamninga í vörslu.

6 Í viðauka A er vátryggingarsamningur skilgreindur og liðir B2–B30 í viðbæti B eru leiðbeinandi fyrir skilgreiningu á vátryggingarsamningi.

7 Eining skal ekki beita IFRS-staðli 17 að því er varðar:

a) ábyrgðir sem framleiðandi, seljandi eða smásali veitir í tengslum við sölu á vörum eða þjónustu sinni til viðskiptavinar (sjá IFRS-staðal 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*),

b) eignir og skuldir vinnuveitenda samkvæmt lífeyriskerfum (sjá IAS-staðal 19, *starfskjör*, og IFRS-staðal 2, *eignarhlutatengd greiðsla*) og eftirlaunaskuldbindingum, sem tilheyra réttindatengdum eftirlaunakerfum (sjá IAS-staðal 26, *reikningshald og reikningsskil eftirlaunasjóða*),

c) samningsbundin réttindi eða samningsbundnar skyldur sem eru háðar framtíðarnotkun eða rétti til nýtingar á ófjárhagslegum liðum (t.d. sum leyfisgjöld, höfundarlaun, breytilegar og aðrar skilyrtar leigugreiðslur og sambærilegir liðir: sjá IFRS-staðal 15, IAS-staðal 38, *óefnislegar eignir*, og IFRS-staðal 16, *leigusamningar*),

d) hrakvirðistryggingar sem framleiðandi, seljandi eða smásali veita og hrakvirðistryggingar leigutaka þegar þær eru innbyggðar í leigusamning (sjá IFRS-staðal 15 og IFRS-staðal 16),

e) samninga með fjárhagslegri tryggingu nema útgefandi hafi haldið því ótvírætt fram áður að hann líti á slíka samninga sem vátryggingarsamninga og hafi fylgt reikningsskilum sem gilda um vátryggingarsamninga. Útgefandi skal velja að beita annaðhvort IFRS-staðli 17 eða IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning*, IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*, og IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*, að því er varðar slíka samninga með fjárhagslegri tryggingu. Útgefandi getur ákvarðað þetta fyrir hvern samning fyrir sig en ákvörðun fyrir hvern samning er óafturkræf.

f) skilyrtar viðbótargreiðslur, sem eru krafa eða skuld vegna sameiningar fyrirtækja (sjá IFRS-staðal 3, *sameining fyrirtækja*),

g) vátryggingarsamninga þar sem einingin er *vátryggingartaki* nema þessir samningar séu endurtryggingarsamningar til eigin endurtrygginga (sjá b-lið 3. liðar),

h) kreditkortasamninga eða svipaða samninga þar sem kveðið er á um láns- eða greiðslufyrirkomulag, sem samrýmist skilgreiningunni á vátryggingarsamningi þá og því aðeins að einingin leggi ekki mat á *vátryggingaáhættu* sem tengist stökum viðskiptavini við ákvörðun verðs samnings við þann viðskiptavin (sjá IFRS-staðal 9 og aðra gildandi IFRS-staðla). Þá og því aðeins að þess sé krafist í IFRS-staðli 9 að eining aðgreini þátt tryggingaverndar (sjá iv. lið e-liðar í lið 2.1 í IFRS-staðli 9) sem er innbyggður í slíkan samning skal einingin þó beita IFRS-staðli 17 að því er þann þátt varðar.

8 Ákveðnir samningar falla að skilgreiningunni á vátryggingarsamningi en megintilgangurinn með þeim er að veita þjónustu gegn fastri þóknun. Eining getur valið að beita IFRS-staðli 15 í stað IFRS-staðals 17 gagnvart slíkum samningum sem hún gefur út þá og því aðeins að tiltekin skilyrði hafi verið uppfyllt. Eining getur ákvarðað þetta fyrir hvern samning fyrir sig en ákvörðun fyrir hvern samning er óafturkræf. Skilyrðin eru:

a) að einingin endurspegli ekki mat á áhættu sem tengist stökum viðskiptavini við ákvörðun verðs á samningi við þann viðskiptavin,

b) að samningurinn bæti viðskiptavininum það með því að veita þjónustu fremur en með greiðslum í reiðufé til viðskiptavinarins og

c) að vátryggingaáhættan sem yfirfærð er með samningnum sé einkum til komin vegna nýtingar viðskiptavinarins á þjónustu fremur en vegna óvissu um kostnað við þessa þjónustu.

8A Ákveðnir samningar samrýmast skilgreiningunni á vátryggingarsamningi en takmarka bætur vegna *tryggðra atburða* við fjárhæðina sem annars þyrfti til að gera upp skuldbindingu vátryggingartakans sem er til komin vegna samningsins (t.d. lán með niðurfellingu við andlát). Eining skal velja að beita annaðhvort IFRS-staðli 17 eða IFRS-staðli 9 gagnvart slíkum samningum sem hún gefur út nema þeir séu undanskildir gildissviði IFRS-staðals 17 skv. 7. lið. Einingin skal ákvarða þetta fyrir hvert *safn vátryggingarsamninga* og er ákvörðun fyrir hvert safn óafturkræf.

Sameining vátryggingarsamninga

9 Safn eða röð vátryggingarsamninga við sama eða tengdan mótaðila getur náð fram eða verið ætlað að ná fram heildarviðskiptaáhrifum. Til að skýra frá efni slíkra samninga kann að vera nauðsynlegt að fara með safn eða röð samninga sem heild. Ef réttindi eða skyldur í einum samningi miða sem dæmi eingöngu að því að fella með öllu niður réttindi eða skyldur í öðrum samningi sem gerður er á sama tíma við sama mótaðila, eru samanlögð áhrif þau að engin réttindi eða skyldur eru fyrir hendi.

Aðgreining þátta úr vátryggingarsamningi (sjá liði B31–B35)

10 Vátryggingarsamningur getur falið í sér einn eða fleiri þætti sem væru innan gildissviðs annars staðals ef þeir væru aðskildir samningar. Vátryggingarsamningur getur t.d. falið í sér *fjárfestingarþátt* eða þjónustuþátt, aðra en *þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi* (eða hvort tveggja). Eining skal beita 11.–13. lið til að tilgreina og færa þætti samningsins.

11 Eining skal:

a) beita IFRS-staðli 9 til að ákvarða hvort aðgreina eigi innbyggða afleiðu og, ef svo er, hvernig eigi að færa afleiðuna,

b) aðskilja fjárfestingarþátt frá meginvátryggingarsamningi (e. *host insurance contract*) þá og því aðeins að fjárfestingarþátturinn sé aðskilinn (sjá liði B31–B32). Einingin skal beita IFRS-staðli 9 til að færa aðgreinda fjárfestingarþáttinn nema hann sé fjárfestingarsamningur með valkvæðum þátttökuákvæðum innan gildissviðs IFRS-staðals 17 (sjá c-lið 3. liðar).

12 Eftir að 11. lið er beitt til þess að aðgreina sjóðstreymi sem tengist innbyggðum afleiðum og aðgreindum fjár festingarþáttum skal eining aðgreina frá meginvátryggingarsamningi hvers kyns loforð um að yfirfæra til vátryggingartaka aðgreindar vörur eða þjónustu, aðra en þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi, með því að beita 7. lið IFRS-staðals 15. Einingin skal gera grein fyrir slíkum loforðum með því að beita IFRS-staðli 15. Við beitingu 7. liðar IFRS-staðals 15 til að aðgreina loforð skal einingin beita liðum B33–B35 í IFRS-staðli 17 og skal hún við upphafsfærslu:

a) beita IFRS-staðli 15 til að skipta innstreymi handbærs fjár milli vátryggingaþáttarins og loforða um aðskildar vörur eða þjónustu, aðra en þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi, og

b) skipta útstreymi handbærs fjár milli vátryggingaþáttarins og loforða um vörur eða þjónustu, aðra en þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi, sem er fært með því að beita IFRS-staðli 15 þannig að:

i. útstreymi handbærs fjár sem tengist hverjum þætti beint er heimfært á þann þátt og

ii. eftirstætt útstreymi handbærs fjár er heimfært á kerfisbundinn og rökréttan hátt sem endurspeglar það útstreymi handbærs fjár sem einingin myndi gera ráð fyrir ef sá þáttur væri aðgreindur samningur.

13 Eftir beitingu 11.–12. liðar skal eining beita IFRS-staðli 17 á alla eftirstæða þætti meginvátryggingarsamningsins. Hér eftir vísa allar tilvísanir í innbyggðar afleiður í IFRS-staðli 17 í afleiður sem hafa ekki verið aðgreindar frá meginvátryggingarsamningnum og allar tilvísanir í fjárfestingarþætti vísa til fjárfestingarþátta sem hafa ekki verið aðgreindir frá meginvátryggingarsamningnum (að undanskildum tilvísunum í liðum B31–B32).

FLOKKUNARÞREP VÁTRYGGINGARSAMNINGA

14 Eining skal tilgreina söfn vátryggingarsamninga. Safn samanstendur af samningum sem falla undir sambærilega áhættu og er stýrt sameiginlega. Þess er vænst að samningar innan vörulínu séu með svipaða áhættu og séu því í sama safni ef þeim er stýrt sameiginlega. Þess er ekki vænst að samningar í mismunandi vörulínum (t.d. fastur lífeyrir gegn eingreiðsluiðgjaldi í samanburði við hreina líftryggingu) hafi sambærilega áhættu og því er þess vænst að þeir séu í mismunandi söfnum.

15 Ákvæði 16.–24. liðar gilda um útgefna vátryggingarsamninga. Kröfur varðandi flokkunarþrep endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga eru settar fram í 61. lið.

16 Eining skal skipta safni útgefinna vátryggingarsamninga í a.m.k.:

a) flokk samninga sem eru íþyngjandi við upphaflega færslu, ef einhverjir eru,

b) flokk samninga sem eru við upphafsfærslu ekki verulega líklegir til að verða íþyngjandi síðar, ef einhverjir eru, og

c) flokk eftirstæðra samninga í safninu, ef einhverjir eru.

17 Ef eining hefur viðeigandi og rökstuddar upplýsingar sem gera henni kleift að komast að þeirri niðurstöðu að safn samninga verði allt í sama flokki við beitingu 16. lið getur hún metið safn samninganna til að ákvarða hvort þeir séu íþyngjandi (sjá 47. lið) og metið safn samninganna til að ákvarða hvort verulegar líkur séu á að þeir verði íþyngjandi síðar (sjá 19. lið). Ef einingin býr ekki yfir viðeigandi og rökstuddum upplýsingum til að komast að þeirri niðurstöðu að safn samninga verði allt í sama flokki skal hún ákvarða hvaða flokki samningarnir tilheyra með því að skoða staka samninga.

18 Að því er útgefna samninga varðar þar sem eining beitir einfaldaðri úthlutunaraðferð (e. *premium allocation approach*) (sjá 53.–59. lið) skal einingin ekki gera ráð fyrir að samningar í safninu séu íþyngjandi við upphafsfærslu nema málavextir og aðstæður bendi til annars. Eining skal meta hvort verulegar líkur séu á að samningar, sem eru ekki íþyngjandi við upphafsfærslu, verði íþyngjandi síðar með því að meta líkur á breytingum á viðeigandi málavöxtum og aðstæðum.

19 Að því er varðar útgefna samninga þar sem eining beitir ekki einfölduðu úthlutunaraðferðinni (sjá 53.–54. lið) skal einingin meta hvort verulegar líkur séu á að samningar, sem ekki eru íþyngjandi við upphafsfærslu, verði íþyngjandi:

a) byggt á því hversu líklegt er að breytingar verði á forsendum sem myndu leiða til þess að samningarnir yrðu íþyngjandi,

b) með því að nota upplýsingar um áætlanir sem settar eru fram í innri skýrslugjöf einingarinnar. Af því leiðir að við mat á því hvort verulegar líkur séu á að samningar, sem eru ekki íþyngjandi við upphafsfærslu, verði íþyngjandi:

i. skal eining ekki líta framhjá upplýsingum sem fengnar eru við innri skýrslugjöf hennar um hvernig breytingar á forsendum varðandi mismunandi samninga hafa áhrif á líkur á því að þeir verði íþyngjandi en

ii. ekki er gerð krafa um að eining afli viðbótarupplýsinga umfram þær sem settar eru fram í innri skýrslugjöf hennar um áhrif breytinga á forsendum á mismunandi samninga.

20 Ef samningar innan safns myndu falla undir mismunandi flokka við beitingu 14.–19. liðar einungis vegna þess að lög eða reglur takmarka sérstaklega raunverulega getu einingarinnar til að ákveða annað verð eða tiltekin réttindi fyrir vátryggingartaka með mismunandi einkenni getur einingin sett þessa samninga í sama flokk. Einingin skal ekki beita þessum lið á hliðstæðan hátt að því er aðra liði varðar.

21 Einingu er heimilt að skipta upp flokkunum sem lýst er í 16. lið. Eining getur t.d. valið að skipta söfnunum í:

a) fleiri flokka sem eru ekki íþyngjandi við upphafsfærslu, ef innri reikningsskil einingarinnar veita upplýsingar sem greina á milli:

i. mismunandi arðsemi eða

ii. mismunandi möguleika á því að samningar verði íþyngjandi eftir upphafsfærslu og

b) fleiri en einn flokk samninga sem eru íþyngjandi við upphafsfærslu, ef innri skýrslugerð einingarinnar veitir nákvæmari upplýsingar um að hvaða marki samningarnir eru íþyngjandi.

22 Eining skal ekki taka með þá samninga sem eru gefnir út með meira en eins árs millibili í sama flokki. Til að ná þessu fram skal einingin skipta, ef þörf krefur, enn frekar upp flokkunum sem lýst er í 16.–21. lið.

23 *Flokkur vátryggingarsamninga* skal samanstanda af einum samningi ef það er niðurstaðan af beitingu 14.–22. liðar.

24 Eining skal beita kröfum í IFRS-staðli 17 varðandi færslu og mat á flokkum samninga sem ákvarðaðir eru við beitingu 14.–23. liðar. Eining skal ákvarða flokkana við upphafsfærslu og bæta samningum við þá með því að beita 28. lið. Einingin skal ekki endurmeta samsetningu flokkanna síðar. Til að meta flokk samninga getur eining metið *uppfyllingarsjóðstreymi* á hærra flokkunarþrepi en flokkurinn eða safnið er á, að því tilskildu að einingin geti tekið viðeigandi uppfyllingarsjóðstreymi með í mati á flokknum, með beitingu a-liðar 32. liðar, i. liðar a-liðar 40. liðar og b-liðar 40. liðar, með því að úthluta slíku mati á flokka samninga.

FÆRSLA

25 Eining skal færa flokk vátryggingarsamninga sem hún gefur út frá og með þeim degi sem fyrst ber upp af eftirfarandi:

a) upphaf *vátryggingartímabils* viðkomandi flokks samninga,

b) sá dagur þegar fyrsta greiðsla frá vátryggingartaka í flokknum fellur í gjalddaga og

c) að því er varðar flokk íþyngjandi samninga, þegar flokkurinn verður íþyngjandi.

26 Ef enginn samningsbundinn gjalddagi er fyrir hendi telst fyrsta greiðsla frá vátryggingartaka vera á gjalddaga þegar hún berst. Þess er krafist að eining ákvarði hvort samningar myndi flokk íþyngjandi samninga með því að beita 16. lið fyrir þá daga, sem settar eru fram í a-lið 25. liðar og b-lið 25. liðar, ef málavextir og aðstæður gefa til kynna að um slíkan flokk sé að ræða, hvorn þeirra sem ber fyrr að.

27 [Felldur brott]

28 Við færslu á flokki vátryggingarsamninga á reikningsskilatímabili skal eining aðeins telja með samninga sem hver um sig uppfyllir eitt af þeim viðmiðum sem sett eru fram í 25. lið og framkvæma mat á afvöxtunarstuðlum á upphafsfærsludegi (sjá lið B73) og vátryggingareiningum sem veittar eru á reikningsskilatímabilinu (sjá lið B119). Eining getur sett fleiri samninga undir flokkinn eftir lok reikningsskilatímabils, með fyrirvara um 14.–22. lið. Eining skal bæta samningi við flokkinn á því reikningsskilatímabili þegar viðkomandi samningur uppfyllir eitt af þeim viðmiðum sem sett eru fram í 25. lið. Þetta getur leitt til breytingar á ákvörðun afvöxtunarstuðla á upphafsfærsludegi við beitingu liðar B73. Eining skal beita endurskoðuðum stuðlum frá upphafi þess reikningsskilatímabils þegar nýju samningunum er bætt við flokkinn.

Sjóðstreymi við öflun vátrygginga (liðir B35A–B35D)

28A Eining skal úthluta *sjóðstreymi við öflun vátrygginga* á flokka vátryggingarsamninga með því að nota kerfisbundna og rökrétta aðferð með beitingu liða B35A–B35B nema hún kjósi að færa það sem gjöld með beitingu a-liðar 59. liðar.

28B Eining sem beitir ekki a-lið 59. liðar skal færa sem eign sjóðstreymi við öflun vátrygginga (eða sjóðstreymi við öflun vátrygginga þegar skuld vegna þess hefur verið færð með því að beita öðrum IFRS-staðli) sem er greitt áður en tengdur flokkur vátryggingarsamninga er færður. Eining skal færa slíka eign fyrir hvern tengdan flokk vátryggingarsamninga.

28C Eining skal afskrá eign sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga þegar sjóðstreymi við öflun vátrygginga er tekið með í mati á tengdum flokki vátryggingarsamninga við beitingu i. liðar c-liðar 38. liðar eða iii. liðar a-liðar 55. liðar.

28D Ef 28. liður á við skal eining beita liðum 28B–28C í samræmi við lið B35C.

28E Í lok hvers reikningsskilatímabils skal eining meta möguleika á endurheimt eignar sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga ef málavextir og aðstæður gefa til kynna að virði eignarinnar hafi rýrnað (sjá lið B35D). Ef eining tilgreinir virðisrýrnunartap skal hún leiðrétta bókfært verð eignarinnar og færa virðisrýrnunartapið í rekstrarreikning.

28F Eining skal færa í rekstrarreikning bakfærslu virðisrýrnunartaps, að hluta eða í heild, við beitingu liðar 28E og hækka bókfært verð eignarinnar, að því marki sem virðisrýrnunarskilyrðin eru ekki lengur fyrir hendi eða hafa lagast.

MAT (LIÐIR B36–B119F)

29 Eining skal beita 30.–52. lið gagnvart öllum flokkum vátryggingarsamninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17, með eftirfarandi undantekningum:

a) eining getur, að því er varðar flokka vátryggingarsamninga sem uppfylla aðra hvora viðmiðunina sem tilgreind er í 53. lið, einfaldað mat á flokknum með því að nota einfölduðu úthlutunaraðferðina í 55.–59. lið,

b) að því er varðar flokka endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga skal eining beita 32.–46. lið eins og krafist er í liðum 63–70A. Ákvæði 45. liðar (um *vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum*) og 47.–52. liðar (um íþyngjandi samninga) gilda ekki um flokka endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga,

c) eining skal beita 32.–52. lið að því er varðar flokka fjárfestingasamninga með valkvæðum þátttökuákvæðum, eins og þeim er breytt með 71. lið.

30 Þegar eining beitir IAS-staðli 21, *áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla*, á flokk vátryggingarsamninga sem mynda sjóðstreymi í erlendum gjaldmiðli skal hún fara með þennan flokk samninga, þ.m.t. *samningsbundið þjónustuálag*, sem peningalegan lið.

31 Í reikningsskilum einingar sem gefur út vátryggingarsamninga skal uppfyllingarsjóðstreymi ekki endurspegla hættu á vanefndum þeirrar einingar (hætta á vanefndum er skilgreind í IFRS-staðli 13, *gangvirðismat*).

Mat við upphafsfærslu (liðir B36–B95F)

32 Við upphafsfærslu skal eining meta flokk vátryggingarsamninga sem heildarfjárhæð:

a) uppfyllingarsjóðstreymis, sem samanstendur af:

i. mati á framtíðarsjóðstreymi (33.–35. liður),

ii. leiðréttingu til að endurspegla tímaviðmið peninga og *fjárhagslega áhættu* sem tengist framtíðarsjóðstreymi, að því marki sem fjárhagsleg áhætta er ekki innifalin í mati á framtíðarsjóðstreymi (36. liður) og

iii. *áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu* (37. liður),

b) samningsbundins þjónustuálags, metið með beitingu 38.–39. liðar.

Mat á framtíðarsjóðstreymi (liðir B36-B71)

33 Eining skal taka með í mati á flokki vátryggingarsamninga allt framtíðarsjóðstreymi innan marka hvers samnings í flokknum (sjá 34. lið). Með því að beita 24. lið getur eining metið framtíðarsjóðstreymi á hærra flokkunarþrepi og síðan úthlutað því uppfyllingarsjóðstreymi sem myndast á staka flokka samninga. Mat á framtíðarsjóðstreymi skal:

a) fella, á óhlutdrægan hátt, inn allar viðeigandi og rökstuddar upplýsingar, sem tiltækar eru án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar, um fjárhæð, tímasetningu og óvissu þessa framtíðarsjóðstreymis (sjá liði B37–B41). Í þessu skyni skal eining meta vænt virði (þ.e. líkindavegið meðaltal) allra hugsanlegra niðurstaðna,

b) endurspegla sjónarmið einingarinnar, að því tilskildu að mat á öllum viðeigandi markaðsbreytum sé í samræmi við sannreynanlegt markaðsverð fyrir þessar breytur (sjá liði B42–B53),

c) vera gildandi mat — matið skal endurspegla aðstæður á matsdegi, þ.m.t. forsendur á þeim degi er varða framtíðina (sjá liði B54–B60),

d) vera ótvírætt — einingin skal meta leiðréttinguna vegna ófjárhagslegrar áhættu aðskilið frá öðru mati (sjá lið B90). Einingin skal einnig meta sjóðstreymið aðskilið frá leiðréttingu vegna tímavirðis peninga og fjárhagslegrar áhættu nema sú matstækni sem á best við sameini þessi möt (sjá lið B46).

34 Sjóðstreymi er innan marka vátryggingarsamnings ef það er til komið vegna efnislegra réttinda og skuldbindinga sem eru fyrir hendi á reikningsskilatímabilinu þegar einingin getur þvingað vátryggingartakann til að greiða iðgjöldin eða þegar einingin hefur efnislega skuldbindingu um að veita vátryggingartaka þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi (sjá liði B61–B71). Efnislegri skuldbindingu um að veita þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi lýkur þegar:

a) einingin hefur í reynd getu til að endurmeta áhættu tiltekins vátryggingartaka og getur þar af leiðandi ákvarðað verð eða bótastig sem endurspeglar að fullu þá áhættu eða

b) báðar eftirfarandi viðmiðanir hafa verið uppfylltar:

i. einingin hefur í reynd getu til að endurmeta áhættuna af safni vátryggingarsamninga sem inniheldur samninginn og getur þar af leiðandi ákvarðað verð eða bótastig sem endurspeglar að fullu áhættuna af því safni og

ii. við verðlagningu iðgjaldanna fram að þeim degi þegar áhættan er endurmetin er ekki tekið tillit til áhættu sem varðar tímabil eftir endurmatsdaginn.

35 Eining skal ekki færa neinar fjárhæðir í tengslum við vænt iðgjöld eða væntar kröfur sem skuld eða eign utan marka vátryggingarsamningsins. Slíkar fjárhæðir tengjast vátryggingarsamningum í framtíðinni.

Afvöxtunarstuðlar (liðir B72–B85)

36 Eining skal leiðrétta mat á framtíðarsjóðstreymi til að endurspegla tímavirði peninga og fjárhagslega áhættu sem tengist því sjóðstreymi, að því marki sem fjárhagsleg áhætta er ekki innifalin í mati á sjóðstreymi. Afvöxtunarstuðlarnir, sem beitt er við mat á framtíðarsjóðstreymi og lýst er í 33. lið, skulu:

a) endurspegla tímavirði peninga, eiginleika sjóðstreymis og lausafjáreiginleika vátryggingarsamninganna,

b) vera í samræmi við sannreynanlegt gildandi markaðsverð (ef einhver eru) fyrir fjármálagerninga þar sem eiginleikar sjóðstreymis eru í samræmi við eiginleika vátryggingarsamninganna, t.d. með tilliti til tímasetningar, gjaldmiðils og lausafjárstöðu og

c) útiloka áhrif þátta sem hafa áhrif á slíkt sannreynanlegt markaðsverð en hafa ekki áhrif á framtíðar-sjóðstreymi vátryggingarsamninganna.

Áhættuleiðrétting vegna ófjárhagslegrar áhættu (liðir B86–B92).

37 Eining skal leiðrétta mat á núvirði framtíðarsjóðstreymis til að endurspegla bætur sem einingin fer fram á fyrir að taka á sig óvissu varðandi fjárhæð og tímasetningu sjóðstreymis sem er til komin vegna ófjárhagslegrar áhættu.

Samningsbundið þjónustuálag

38 Samningsbundið þjónustuálag er hluti eignar eða skuldar fyrir flokk vátryggingarsamninga sem stendur fyrir óinnleystar tekjur (e. *unearned profit*) sem einingin mun færa þegar hún veitir þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi í framtíðinni. Eining skal meta samningsbundið þjónustuálag við upphafsfærslu á flokki vátryggingarsamninga á fjárhæð sem leiðir ekki til, nema 47. liður (um íþyngjandi samninga) eða liður B123A (um vátryggingatekjur sem tengjast ii. lið c-liðar 38. liðar) eigi við, tekna eða gjalda sem eru til komin vegna:

a) upphafsfærslu fjárhæðar uppfyllingarsjóðstreymis, metið með því að beita 32.–37. lið,

b) sjóðstreymis sem er til komið vegna samninga í flokknum á þeim degi,

c) afskráningar á upphafsfærsludegi á:

i. eign sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga við beitingu liðar 28C og

ii. hvers kyns öðrum eignum eða skuldum sem hafa verið færðar áður vegna sjóðstreymis er tengist samningaflokknum eins og tilgreint er í lið B66A,

39 Eining skal beita 38. lið vegna vátryggingarsamninga sem eru yfirteknir við yfirfærslu vátryggingarsamninga eða við sameiningu fyrirtækja innan gildissviðs IFRS-staðals 3 í samræmi við liði B93–B95F.

Síðara mat

40 Bókfært verð flokks vátryggingarsamninga við lok hvers reikningstímabils skal vera samtala:

a) *skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar* sem samanstendur af:

i. uppfyllingarsjóðstreymi sem tengist framtíðarþjónustu sem úthlutað er á flokkinn á þeim degi, metið með því að beita 33.–37. lið og liðum B36–B92,

ii. samningsbundnu þjónustuálagi flokksins á þeim degi, metin með því að beita 43.–46. lið og

b) *skuldar vegna gjaldfærðra tjóna*, sem samanstendur af uppfyllingarsjóðstreymi sem tengist áður veitta þjónustu sem úthlutað er á flokkinn á þeim degi, metið með því að beita 33.–37. lið og liðum B36–B92.

41 Eining skal færa tekjur og gjöld vegna eftirfarandi breytinga á bókfærðu verði skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar:

a) vátryggingartekjur — lækkunar á skuld vegna eftirstæðrar tryggingaverndar vegna þjónustu sem veitt er á tímabilinu, metið með því að beita liðum B120–B124,

b) gjöld vegna vátryggingarþjónustu — taps á flokkum íþyngjandi samninga, og bakfærslur slíks taps (sjá 47.–52. lið) og

c) fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga — áhrifa af tímavirði peninga og áhrifa fjárhagslegrar áhættu eins og tilgreint er í 87. lið.

42 Eining skal færa tekjur og gjöld vegna eftirfarandi breytinga á bókfærðu verði skuldar vegna gjaldfærðra tjóna:

a) gjöld vegna vátryggingarþjónustu — hækkunar skuldar vegna gjaldfærðra tjóna og gjalda á tímabilinu, að undanskildum fjárfestingarþáttum,

b) gjöld vegna vátryggingarþjónustu — síðari breytinga á uppfyllingarsjóðstreymi sem tengjast gjaldfærðum tjónum og áföllnum gjöldum og

c) fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga — áhrifa af tímavirði peninga og áhrifa fjárhagslegrar áhættu eins og tilgreint er í 87. lið.

Samningsbundið þjónustuálag (liðir B96–B119B)

43 Samningsbundið þjónustuálag við lok reikningsskilatímabils sýnir hagnað af flokki vátryggingarsamninga sem hefur ekki enn verið færður í rekstrarreikning vegna þess að hann tengist framtíðarþjónustu sem veita á samkvæmt samningum í flokknum.

44 Að því er varðar *vátryggingarsamninga án beinna þátttökuákvæða* er bókfært verð samningsbundins þjónustuálags vegna flokks samninga við lok reikningsskilatímabils jafnt bókfærðu verði við upphaf reikningsskilatímabilsins, leiðrétt með tilliti til:

a) áhrifa af nýjum samningum sem bætast við flokkinn (sjá 28. lið),

b) vaxta sem leggjast við bókfært verð samningsbundins þjónustuálags á reikningsskilatímabilinu, sem metnir eru með þeim afvöxtunarstuðlum sem tilgreindir eru í b-lið í lið B72,

c) breytinga á uppfyllingarsjóðstreymi sem tengist þjónustu í framtíðinni, eins og tilgreint er í liðum B96–B100, nema að því marki sem:

i. slík hækkun á uppfyllingarsjóðstreymi er umfram bókfært verð samningsbundins þjónustuálags, sem leiðir til taps (sjá a-lið 48. liðar) eða

ii. slíkri lækkun á uppfyllingarsjóðstreymi er úthlutað á tapþátt skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar við beitingu b-liðar 50. liðar,

d) áhrifa gengismunar gjaldmiðla á samningsbundna þjónustuálagið og

e) sú fjárhæð, færð sem vátryggingatekjur vegna yfirfærslu á þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi á tímabilinu, ákvörðuð með úthlutun samningsbundins þjónustuálags sem eftir stendur við lok reikningsskilatímabilsins (fyrir hverja úthlutun) á yfirstandandi og eftirstæðu tryggingaverndartímabili við beitingu liðar B119.

45 Að því er varðar vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum (sjá liði B101-B118) er bókfært verð samningsbundins þjónustuálags vegna flokks samninga við lok reikningsskilatímabils jafnt bókfærðu verði við upphaf reikningsskilatímabilsins, leiðrétt með tilliti til fjárhæða sem tilgreindar eru í a- til e-lið hér á eftir. Ekki er gerð krafa um að eining tilgreini þessar leiðréttingar sérstaklega. Þess í stað má ákvarða samanlagða fjárhæð fyrir sumar eða allar leiðréttingarnar. Leiðréttingarnar eru:

a) áhrifa af nýjum samningum sem bætast við flokkinn (sjá 28. lið),

b) breyting á fjárhæð hlutar einingarinnar í gangvirði *undirliggjandi liða* (sjá i. lið b-liðar í lið B104) nema að því marki sem:

i. liður B115 (um áhættuvarnir) gildir,

ii. lækkun á fjárhæð hlutar einingarinnar í gangvirði undirliggjandi liða er umfram bókfært verð samningsbundins þjónustuálags, sem leiðir til taps (sjá 48. lið), eða

iii. hækkun á fjárhæð hlutar einingarinnar í gangvirði undirliggjandi liða bakfærir fjárhæðina í ii. lið,

c) breytingar á uppfyllingarsjóðstreymi sem tengist þjónustu í framtíðinni, eins og tilgreint er í liðum B101–B118, nema að því marki sem:

i. liður B115 (um áhættuvarnir) gildir,

ii. slík hækkun á uppfyllingarsjóðstreymi er umfram bókfært verð samningsbundins þjónustuálags, sem leiðir til taps (sjá 48. lið), eða

iii. slíkri lækkun á uppfyllingarsjóðstreymi er úthlutað á tapþátt skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar við beitingu b-liðar 50. liðar,

d) áhrifa gengismunar gjaldmiðla sem er til kominn vegna samningsbundins þjónustuálags og

e) sú fjárhæð, færð sem vátryggingatekjur vegna yfirfærslu á þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi á tímabilinu, ákvörðuð með úthlutun samningsbundins þjónustuálags sem eftir stendur við lok reikningsskilatímabilsins (fyrir hverja úthlutun) á yfirstandandi og eftirstæðu tryggingaverndartímabili við beitingu liðar B119.

46 Sumar breytingar á samningsbundnu þjónustuálagi vega upp á móti breytingum á uppfyllingarsjóðstreymi að því er varðar skuld vegna eftirstæðrar tryggingaverndar sem leiðir til þess að bókfært verð skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar breytist ekki. Að því marki sem breytingar á samningsbundnu þjónustuálagi vega ekki upp á móti breytingum á uppfyllingarsjóðstreymi að því er varðar skuld vegna eftirstæðrar tryggingaverndar skal eining færa tekjur og gjöld vegna breytinganna með því að beita 41. lið.

Íþyngjandi samningar

47 Vátryggingarsamningur er íþyngjandi á upphafsfærsludegi ef uppfyllingarsjóðstreymi sem er úthlutað á samninginn, áður fært sjóðstreymi við öflun vátrygginga og sjóðstreymi sem verður til vegna samningsins á upphafsfærsludegi er í heild hreint útstreymi. Við beitingu a-liðar 16. liðar skal eining flokka slíka samninga aðskilið frá samningum sem eru ekki íþyngjandi. Að því marki sem 17. liður á við má eining tilgreina flokk íþyngjandi samninga með því að meta safn samninga fremur en staka samninga. Eining skal færa tap í rekstrarreikning af hreinu útstreymi fyrir flokk íþyngjandi samninga þar sem bókfært verð skuldar vegna flokksins er jafnt og uppfyllingarsjóðstreymi, og samningsbundið þjónustuálag vegna flokksins er núll.

48 Flokkur vátryggingarsamninga verður íþyngjandi (eða enn frekar íþyngjandi) við síðara mat ef eftirfarandi fjárhæðir eru hærri en bókfært verð samningsbundins þjónustuálags:

a) óhagstæðar breytingar í tengslum við framtíðarþjónustu vegna uppfyllingarsjóðstreymis sem úthlutað er á flokkinn og koma til vegna breytinga á mati framtíðarsjóðstreymis og áhættuleiðréttingar vegna ófjárhagslegrar áhættu og

b) að því er varðar flokk vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum, lækkun á fjárhæð hlutar einingarinnar í gangvirði undirliggjandi liða.

Á grundvelli i. liðar c-liðar 44. liðar, ii. liðar b-liðar 45. liðar og ii. liðar c-liðar 45. liðar skal eining færa tap í rekstrarreikning sem samsvarar umframfjárhæðinni.

49 Eining skal ákvarða (eða hækka) tapþátt skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar fyrir íþyngjandi flokk sem sýnir fært tap við beitingu 47.–48. liðar. Tapþátturinn ákvarðar þær fjárhæðir sem eru settar fram í rekstrarreikningi sem bakfærslur á tapi af íþyngjandi flokkum og eru þær af þessum sökum ekki teknar með við ákvörðun á vátryggingartekjum.

50 Eftir að eining hefur fært tap af íþyngjandi flokki vátryggingarsamninga skal hún úthluta:

a) síðari breytingum á uppfyllingarsjóðstreymi skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar, sem tilgreind er í 51. lið, kerfisbundið milli:

i. tapþáttar skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar og

ii. skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar, að undanskildum tapþættinum,

b) eingöngu á tapþáttinn þar til sá þáttur hefur lækkað niður í núll:

i. síðari lækkunum sem varða framtíðarþjónustu vegna uppfyllingarsjóðstreymis sem úthlutað er á flokkinn og verður til vegna breytinga á mati framtíðarsjóðstreymis og áhættuleiðréttingar vegna ófjárhagslegrar áhættu og

ii. síðari hækkunum á fjárhæð hlutar einingarinnar í gangvirði undirliggjandi liða.

Á grundvelli beitingar ii. liðar í c-lið 44. liðar, iii. liðar í b-lið 45. liðar og iii. liðar í c-lið 45. liðar skal eining leiðrétta samningsbundið þjónustuálag einungis um þá fjárhæð sem lækkunin fer yfir þá fjárhæð sem er úthlutað á tapþáttinn.

51 Síðari breytingar á uppfyllingarsjóðstreymi vegna skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar sem úthluta skal við beitingu a-liðar 50. liðar eru:

a) mat á núvirði framtíðarsjóðstreymis krafna og gjalda, sem leyst hafa verið undan skuld vegna eftirstæðrar tryggingaverndar vegna áfallinna gjalda af vátryggingarþjónustu,

b) breytingar á áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu sem er færð í rekstrarreikning vegna áhættulosunar og

c) fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga.

52 Kerfisbundin úthlutun, sem krafist er í a-lið 50. liðar, skal leiða til þess að heildarfjárhæðirnar, sem er úthlutað á tapþáttinn í samræmi við 48.–50. lið, verði jafnar núlli við lok vátryggingatímabils samningsflokks.

Einfölduð úthlutunaraðferð

53 Eining getur einfaldað mat á flokki vátryggingarsamninga með því að nota einfölduðu úthlutunaraðferðina, sem sett er fram í 55.–59. lið, þá og því aðeins að við gildistöku flokksins:

a) hafi einingin mátt vænta þess að slík einföldun myndi leiða til mats á skuld vegna eftirstæðrar tryggingaverndar fyrir flokkinn sem myndi ekki vera verulega frábrugðið þeirri sem fram kæmi ef kröfum 32.–52. liðar væri beitt eða

b) hafi vátryggingartímabil sérhvers samnings í flokknum (þ.m.t. þjónusta samkvæmt vátryggingarsamningi sem er til komin vegna allra iðgjalda innan marka samningsins, sem miðast við þann dag við beitingu 34. liðar) verið eitt ár eða skemmra.

54 Viðmiðunin í a-lið 53. liðar er ekki uppfyllt ef eining væntir, við gildistöku flokksins, verulegs breytileika í uppfyllingarsjóðstreymi sem myndi hafa áhrif á mat skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar á tímabilinu áður en tjón er gjaldfært. Breytileiki í uppfyllingarsjóðstreymi eykst t.d. með:

a) umfangi framtíðarsjóðstreymis sem tengist hvers kyns afleiðum sem eru innbyggðar í samningana og

b) lengd vátryggingartímabils viðkomandi samningaflokks.

55 Eining skal nota einfölduðu úthlutunaraðferðina til að meta skuld vegna eftirstæðrar tryggingaverndar sem hér segir:

a) við upphafsfærslu er bókfært verð skuldarinnar:

i. iðgjöld, ef einhver eru, sem móttekin voru við upphafsfærslu,

ii. að frádregnu sjóðstreymi við öflun vátrygginga á þeim degi, nema einingin velji að færa greiðslurnar sem gjöld við beitingu a-liðar 59. liðar og

iii. að viðbættum eða frádregnum fjárhæðum sem stafa af afskráningu á þeim degi á:

1. eign sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga við beitingu liðar 28C og

2. hvers kyns öðrum eignum eða skuldum sem hafa verið færðar áður vegna sjóðstreymis er tengist samningaflokknum eins og tilgreint er í lið B66A,

b) við lok hvers síðara reikningsskilatímabils er bókfært verð skuldarinnar bókfært verð við upphaf reikningsskilatímabilsins:

i. að viðbættum mótteknum iðgjöldum á tímabilinu,

ii. að frádregnu sjóðstreymi við öflun vátrygginga, nema einingin velji að færa greiðslurnar sem gjöld við beitingu a-liðar 59. liðar,

iii. að viðbættum öllum fjárhæðum sem tengjast afskriftum á sjóðstreymi við öflun vátrygginga, sem eru færðar sem gjöld á reikningsskilatímabilinu, nema einingin velji að færa sjóðstreymi við öflun vátrygginga sem gjöld við beitingu a-liðar 59. liðar,

iv. að viðbættum leiðréttingum á fjármögnunarþætti, við beitingu 56. liðar,

v. að frádreginni fjárhæðinni sem færð er sem vátryggingartekjur vegna veittrar þjónustu á því tímabili (sjá lið B126) og

vi. að frádregnum fjárfestingarþáttum sem greiddir hafa verið eða yfirfærðir til skuldar vegna gjaldfærðra tjóna.

56 Ef vátryggingarsamningar í flokknum innihalda verulegan fjármögnunarþátt skal eining leiðrétta bókfært verð skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar til að endurspegla tímavirði peninga og áhrif fjárhagslegrar áhættu með því að nota afvöxtunarstuðlana sem tilgreindir eru í 36. lið, eins og ákvarðað er við upphafsfærslu. Þess er ekki krafist að einingin leiðrétti bókfært verð skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar til að endurspegla tímavirði peninga og áhrif fjárhagsáhættu ef einingin væntir þess við upphafsfærslu að tíminn, sem líður frá því að hún veitir hvern hluta þjónustunnar fram að viðkomandi gjalddaga iðgjalda, verði ekki lengri en eitt ár.

57 Ef málavextir og aðstæður gefa á einhverjum tímapunkti á vátryggingartímabilinu til kynna að flokkur vátryggingarsamninga sé íþyngjandi skal eining reikna út mismuninn á:

a) bókfærðu verði skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar sem ákvarðað er við beitingu 55. liðar og

b) uppfyllingarsjóðstreymi, sem tengist eftirstæðri tryggingavernd flokksins, við beitingu 33.–37. liðar og liða B36–B92. Ef einingin leiðréttir ekki, við beitingu b-liðar 59. liðar, skuld vegna gjaldfærðra tjóna að því er varðar tímavirði peninga og áhrif af fjárhagslegri áhættu skal hún þó ekki telja slíka leiðréttingu með í slíku uppfyllingarsjóðstreymi.

58 Að því marki sem uppfyllingarsjóðstreymi sem lýst er í b-lið 57. liðar er hærra en bókfært verð sem lýst er í a-lið 57. liðar skal einingin færa tap í rekstrarreikning og hækka skuld vegna eftirstæðrar tryggingaverndar.

59 Við beitingu einfölduðu úthlutunaraðferðarinnar:

a) getur eining valið að færa sjóðstreymi við öflun vátrygginga sem gjöld þegar hún stofnar til þessara gjalda, að því tilskildu að vátryggingartímabil hvers samnings í flokknum sé við upphafsfærslu ekki lengra en eitt ár,

b) skal eining meta skuld vegna gjaldfærðra tjóna fyrir flokk vátryggingarsamninga á uppfyllingarsjóðstreymi sem tengist gjaldfærðu tjóni, við beitingu 33.–37. liðar og liða B36–B92. Þess er þó ekki krafist að einingin leiðrétti framtíðarsjóðstreymi fyrir tímavirði peninga og áhrif fjárhagsáhættu ef þess er vænst að sjóðstreymið verði greitt eða móttekið eftir eitt ár eða innan árs frá gjaldfærsludegi tjóna.

Endurtryggingarsamningar til eigin endurtrygginga

60 Kröfunum í IFRS-staðli 17 er breytt fyrir endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga, eins og sett er fram í liðum 61–70A.

61 Eining skal skipta söfnum endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga með því að beita 14.–24. lið, að því undanskildu að í stað tilvísana til íþyngjandi samninga í þessum liðum komi tilvísun til samninga þar sem fyrir liggur hreinn hagnaður af upphafsfærslunni. Að því er varðar suma endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga leiðir beiting 14.–24. liðar til flokks sem samanstendur af einum samningi.

Færsla

62 Í stað þess að beita 25. lið skal eining færa flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga frá og með þeim tíma sem fyrr ber að af eftirfarandi:

a) upphafi vátryggingartímabils viðkomandi flokks endurtryggingarsamninganna til eigin endurtrygginga og

b) þeim degi sem einingin færir íþyngjandi flokk undirliggjandi vátryggingarsamninga við beitingu c-liðar 25. liðar ef einingin gerði samning um tengdan endurtryggingarsamning til eigin endurtrygginga í flokki endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga þann dag eða fyrir þann dag.

62A Þrátt fyrir a-lið 62. liðar skal eining seinka færslu flokks endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga sem veita hlutfallslega tryggingavernd fram að þeim degi þegar undirliggjandi vátryggingarsamningur er færður í fyrsta sinn, ef þann dag ber að eftir upphaf vátryggingartímabils flokks endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga.

Mat

63 Við beitingu matskrafna 32.–36. liðar að því er varðar endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga, að því marki sem undirliggjandi samningar eru einnig metnir við beitingu þessara liða, skal einingin nota samræmdar forsendur til að meta núvirði framtíðarsjóðstreymis flokks endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga og núvirði framtíðarsjóðstreymis fyrir flokk(a) undirliggjandi vátryggingarsamninga. Auk þess skal einingin telja með í mati á núvirði framtíðarsjóðstreymis fyrir viðkomandi flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga áhrif af hvers konar hættu á vanefndum útgefanda endurtryggingarsamningsins, þ.m.t. áhrif af veðum og tapi vegna ágreiningsmála.

64 Í stað þess að beita 37. lið skal eining ákvarða áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu þannig að hún sýni fjárhæð áhættunnar sem handhafi flokks endurtryggingarsamninganna yfirfærir til útgefanda þessara samninga.

65 Kröfunum í 38. lið sem varða ákvörðun samningsbundins þjónustuálags við upphafsfærslu er breytt til að endurspegla þá staðreynd að engar óinnleystar tekjur eru til staðar fyrir flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga heldur hreinn kostnaður eða hreinn hagnaður af kaupum á endurtryggingunni. Þess vegna skal einingin færa við upphafsfærslu, nema liður 65A gildi, hreinan kostnað eða hreinan hagnað við kaup á flokki endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga sem samningsbundið þjónustuálag sem er metið á fjárhæð sem er jöfn samtölu:

a) uppfyllingarsjóðstreymis,

b) fjárhæðarinnar sem var afskráð þann dag á hverja eign eða skuld sem áður var færð vegna sjóðstreymis sem tengdist flokki endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga,

c) sjóðstreymis sem myndast á þeim degi og

d) tekna sem eru færðar í rekstrarreikning við beitingu liðar 66A.

65A Ef hreinn kostnaður vegna kaupa á endurtryggingavernd tengist atburðum sem áttu sér stað fyrir kaup á flokki endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga, þrátt fyrir kröfurnar í lið B5, skal einingin færa slíkan kostnað strax í rekstrarreikning sem gjöld.

66 Í stað þess að beita 44. lið skal eining meta samningsbundið þjónustuálag við lok reikningsskilatímabils fyrir flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga sem bókfært verð sem ákvarðað er við upphaf reikningsskilatímabilsins, leiðrétt með tilliti til:

a) áhrifa af nýjum samningum sem bætast við flokkinn (sjá 28. lið),

b) vaxta sem leggjast við bókfært verð samningsbundins þjónustuálags, sem metnir eru með þeim afvöxtunarstuðlum sem tilgreindir eru í b-lið í lið B72,

ba) tekna sem færðar eru í rekstrarreikning á reikningsskilatímabilinu við beitingu liðar 66A,

bb) bakfærslna tapendurheimtarþáttar sem færðar eru við beitingu liðar 66B (sjá lið B119F), að því marki sem þessar bakfærslur eru ekki breytingar á uppfyllingarsjóðstreymi flokks endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga,

c) breytinga á uppfyllingarsjóðstreymi, metið með hliðsjón af afvöxtunarstuðlunum sem tilgreindir eru í c-lið í lið B72, að því marki sem breytingin tengist framtíðarþjónustu, nema:

i. breytingin stafi af breytingu á uppfyllingarsjóðstreymi sem er úthlutað á flokk undirliggjandi vátryggingarsamninga sem leiðréttir ekki samningsbundið þjónustuálag vegna flokks undirliggjandi vátryggingarsamninga eða

ii. breytingin stafi af beitingu 57.–58. liðar (um íþyngjandi samninga) ef einingin metur flokk undirliggjandi vátryggingarsamninga með því að beita einfölduðu úthlutunaraðferðinni,

d) áhrifa gengismunar gjaldmiðla sem er til kominn vegna samningsbundins þjónustuálags og

e) fjárhæðarinnar sem er færð í rekstrarreikning vegna þjónustu sem móttekin er á tímabilinu, ákvörðuð með úthlutun samningsbundins þjónustuálags sem eftir stendur við lok reikningsskilatímabilsins (áður en að úthlutun kemur) á yfirstandandi og eftirstandandi vátryggingartímabili fyrir flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga við beitingu liðar B119.

66A Eining skal leiðrétta samningsbundið þjónustuálag vegna flokks endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga, og í kjölfarið færa tekjur, þegar einingin færir tap við upphafsfærslu fyrir íþyngjandi flokk undirliggjandi vátryggingarsamninga eða þegar íþyngjandi undirliggjandi vátryggingarsamningum er bætt við flokk (sjá liði B119C– B119E).

66B Eining skal ákvarða tapendurheimtarþátt eignarinnar (eða leiðrétta hann) fyrir eftirstæða tryggingavernd flokks endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga sem sýnir endurheimt tapsins sem fært er við beitingu i.–ii. liðar c-liðar 66. liðar og liðar 66A. Tapendurheimtarþáttur ákvarðar þær fjárhæðir sem settar eru fram í rekstrarreikningi sem bakfærslur tapendurheimtar af endurtryggingarsamningum til eigin endurtrygginga og falla af þeim sökum utan úthlutunar greiddra iðgjalda til endurtryggjanda (sjá lið B119F).

67 Breytingar á uppfyllingarsjóðstreymi, sem leiðir af breytingum á áhættu af vanefndum útgefanda endurtryggingar samnings til eigin endurtrygginga, tengjast ekki framtíðarþjónustu og skulu ekki leiðrétta samningsbundið þjónustuálag.

68 Endurtryggingarsamningar til eigin endurtrygginga geta ekki verið íþyngjandi. Til samræmis við það gilda kröfurnar í 47.–52. lið ekki.

Einfölduð úthlutunaraðferð vegna endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga

69 Eining getur notað einfölduðu úthlutunaraðferðina sem sett er fram í 55.–56. lið og 59. lið (aðlöguð til að endurspegla þætti endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga sem eru ólíkir útgefnum vátryggingarsamningum, t.d. myndun gjalda eða lækkun gjalda fremur en tekna) til að einfalda mat á flokki endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga ef, við gildistöku flokksins:

a) einingin hefur ástæðu til að ætla að matið sem af þessu leiðir myndi ekki víkja verulega frá niðurstöðunni af beitingu krafnanna í 63.–68. lið eða

b) vátryggingartímabil hvers samnings í flokki endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga (þ.m.t. trygginga vernd vegna allra iðgjalda innan marka samningsins sem ákvörðuð eru þann dag við beitingu 34. liðar) er eitt ár eða skemmra.

70 Eining getur ekki uppfyllt skilyrðin í a-lið 69. liðar ef hún væntir, við gildistöku flokksins, umtalsverðs breytileika í uppfyllingarsjóðstreymi sem myndi hafa áhrif á mat á eigninni vegna eftirstæðrar tryggingaverndar á tímabilinu áður en tjón er gjaldfært. Breytileiki í uppfyllingarsjóðstreymi eykst t.d. með:

a) umfangi framtíðarsjóðstreymis sem tengist hvers kyns afleiðum sem eru innbyggðar í samningana og

b) lengd vátryggingartímabils flokks endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga.

70A Ef eining metur flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga með því að beita einfölduðu úthlutunar aðferðinni skal einingin beita lið 66A með því að leiðrétta bókfært verð eignarinnar fyrir eftirstæða tryggingavernd í stað þess að leiðrétta samningsbundið þjónustuálag.

Fjárfestingarsamningar með valkvæðum þátttökuákvæðum

71 Fjárfestingarsamningur með valkvæðum þátttökuákvæðum felur ekki í sér yfirfærslu á verulegri vátryggingaáhættu. Af þeim sökum er kröfunum í IFRS-staðli 17 fyrir vátryggingarsamninga breytt fyrir fjárfestingarsamninga með valkvæðum þátttökuákvæðum sem hér segir:

a) upphafsfærsludagur (sjá 25. og 28. lið) er sá dagur þegar einingin gerist aðili að samningnum,

b) samningsmörkunum (sjá 34. lið) er breytt þannig að sjóðstreymi sé innan marka samningsins ef það stafar af efnislegri skuldbindingu einingarinnar til að afhenda handbært fé í nútíð eða framtíð. Einingin er ekki efnislega skuldbundin til að afhenda handbært fé ef hún hefur í reynd getu til að ákveða verð fyrir loforð um að afhenda handbært fé sem endurspeglar að fullu þá fjárhæð handbærs fjár sem lofað er og tengda áhættu,

c) skiptingu samningsbundins þjónustuálags (sjá e-lið 44. liðar og e-lið 45. liðar) er breytt þannig að eining skal færa samningsbundna þjónustuálagið á gildistíma flokks samninga á kerfisbundinn hátt sem endurspeglar yfirfærslu fjárfestingarþjónustu samkvæmt samningnum.

BREYTING OG AFSKRÁNING

Breyting á vátryggingarsamningi

72 Ef skilmálum vátryggingarsamnings er breytt, t.d. með samkomulagi milli aðila að samningnum eða með breytingu á reglusetningu, skal eining afskrá upphaflega samninginn og færa breytta samninginn sem nýjan samning, með því að beita IFRS-staðli 17 eða öðrum viðeigandi stöðlum, þá og því aðeins að eitthvert skilyrðanna í a- til c-lið hafi verið uppfyllt. Nýting réttar sem fram kemur í skilmálum samnings er ekki breyting. Skilyrðin eru eftirfarandi:

a) ef breyttu skilmálarnir hefðu verið hluti samnings við gildistöku:

i. hefði breytti samningurinn fallið utan gildissviðs IFRS-staðals 17 við beitingu liða 3–8A,

ii. hefði eining aðgreint mismunandi þætti frá meginvátryggingarsamningnum við beitingu 10.–13. liðar, sem hefði leitt til annars konar vátryggingarsamnings sem IFRS-staðall 17 hefði gilt um,

iii. hefði breytti samningurinn haft verulega ólík samningsmörk við beitingu 34. liðar eða

iv. hefði breytti samningurinn fallið undir annan flokk samninga við beitingu 14.–24. liðar,

b) upphaflegi samningurinn er í samræmi við skilgreininguna á *vátryggingarsamningi með beinum þátttökuákvæðum* en breytti samningurinn er ekki lengur í samræmi við þá skilgreiningu, eða öfugt, eða

c) einingin beitti einfölduðu úthlutunaraðferðinni í 53.–59. lið eða 69.–70. lið á upphaflega samninginn en breytingarnar þýða að samningurinn uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir þeirri aðferð í 53. lið eða 69. lið.

73 Ef breyting á samningi uppfyllir ekkert skilyrðanna í 72. lið skal einingin fara með breytingar á sjóðstreymi af völdum breytingarinnar sem breytingar á mati á uppfyllingarsjóðstreymi við beitingu 40.–52. liðar.

Afskráning

74 Eining skal afskrá vátryggingarsamning þá og því aðeins að:

a) hann hafi verið felldur úr gildi, þ.e. þegar skuldbindingin sem er tilgreind í vátryggingarsamningnum rennur út, er uppfyllt eða numin úr gildi eða

b) eitthvert skilyrðanna í 72. lið hafi verið uppfyllt.

75 Þegar vátryggingarsamningur er felldur úr gildi stendur einingin ekki lengur frammi fyrir áhættu og þarf því ekki lengur að yfirfæra fjármagn til að uppfylla vátryggingarsamninginn. Sem dæmi skal eining, þegar hún kaupir endurtryggingu, afskrá undirliggjandi vátryggingarsamning(a) þá og því aðeins að undirliggjandi vátryggingarsamningur(-ar) hafi verið felldur úr gildi.

76 Eining afskráir vátryggingarsamning úr flokki samninga með því að beita eftirfarandi kröfum í IFRS-staðli 17:

a) uppfyllingarsjóðstreymi sem er úthlutað á flokkinn er leiðrétt til að fella út núvirði framtíðarsjóðstreymis og áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu sem varða réttindi og skuldbindingar sem hafa verið afskráð úr flokknum, við beitingu i. liðar í a-lið 40. liðar, og b-liðar 40. liðar,

b) samningsbundið þjónustuálag vegna flokksins er leiðrétt vegna þeirrar breytingar á uppfyllingarsjóðstreymi sem lýst er í a-lið, að því marki sem krafa er gerð um í c-lið 44. liðar og c-lið 45. liðar, nema 77. liður eigi við, og

c) fjöldi vátryggingareininga fyrir vænta eftirstæða þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi er leiðréttur til að endurspegla þær vátryggingareiningar sem eru afskráðar úr flokknum og fjárhæð samningsbundins þjónustuálags sem er fært í rekstrarreikning á tímabilinu byggist á þessum leiðrétta fjölda við beitingu liðar B119.

77 Þegar eining afskráir vátryggingarsamning vegna þess að hún yfirfærir samninginn til þriðja aðila eða afskráir vátryggingarsamning og færir nýjan samning við beitingu 72. liðar skal einingin í stað þess að beita b-lið 76. liðar:

a) leiðrétta samningsbundið þjónustuálag vegna flokksins sem samningurinn hefur verið afskráður úr, að því marki sem krafa er gerð um í c-lið 44. liðar og c-lið 45. liðar, með tilliti til mismunarins milli i. liðar og annaðhvort ii. liðar vegna samninga sem eru yfirfærðir til þriðja aðila eða iii. liðar vegna samninga sem eru afskráðir við beitingu 72. liðar:

i. breytingar á bókfærðu verði flokks vátryggingarsamninga sem stafar af afskráningu samningsins, við beitingu a-liðar 76. liðar,

ii. iðgjalds sem þriðji aðilinn innheimtir,

iii. iðgjalds sem einingin hefði innheimt hefði hún gert samning með sambærilegum skilmálum og er að finna í nýja samningnum á breytingardegi samningsins, að frádregnu viðbótariðgjaldi sem er innheimt vegna breytingarinnar,

b) meta nýja samninginn sem er færður við beitingu 72. liðar, að því gefnu að einingin hafi móttekið iðgjaldið sem er lýst í iii. lið a-liðar á þeim degi þegar breytingin var gerð.

FRAMSETNING Í EFNAHAGSREIKNINGI

78 Eining skal setja sérstaklega fram í efnahagsreikningi bókfært verð safna:

a) útgefinna vátryggingarsamninga sem eru eignir,

b) útgefinna vátryggingarsamninga sem eru skuldir,

c) endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga sem eru eignir og

d) endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga sem eru skuldir.

79 Eining skal telja með allar eignir vegna sjóðstreymis við öflun vátrygginga, sem eru færðar við beitingu liðar 28B, með í bókfærðu verði tengdra safna útgefinna vátryggingarsamninga og allar eignir eða skuldir vegna sjóðstreymis í tengslum við söfn endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga (sjá b-lið 65. liðar) með í bókfærðu verði safna endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga.

FÆRSLA OG FRAMSETNING Í YFIRLITI (YFIRLITUM) YFIR REKSTRARÁRANGUR (LIÐIR B120–B136)

80 Við beitingu 41. og 42. liðar skal eining sundurgreina þær fjárhæðir sem eru færðar inn á yfirlit yfir hagnað eða tap og aðra heildarafkomu (hér á eftir nefnd yfirlit yfir rekstrarárangur) í:

a) niðurstöðu vátryggingarþjónustu (83.–86. liður), sem samanstendur af tekjum vegna vátrygginga og gjöldum vegna vátryggingarþjónustu og

b) fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga (87.–92. liður).

81 Ekki er gerð krafa um að eining sundurgreini breytingu á áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu í niðurstöðu vátryggingarþjónustu og fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga. Ef eining sundurgreinir ekki með þessum hætti skal hún telja alla breytinguna á áhættuleiðréttingunni vegna ófjárhagslegrar áhættu með sem hluta af niðurstöðu vátryggingarþjónustunnar.

82 Eining skal aðgreina í framsetningu tekjur eða gjöld af endurtryggingarsamningum til eigin endurtrygginga og gjöld eða tekjur af útgefnum vátryggingarsamningum.

Niðurstaða vátryggingarþjónustu

83 Eining skal setja fram í rekstrarreikningi vátryggingartekjur sem eru til komnar vegna flokka útgefinna vátryggingarsamninga. Vátryggingartekjur skulu samsvara þeirri þjónustu sem flokkur vátryggingarsamninga veitir og endurspegla það endurgjald sem einingin gerir ráð fyrir að eiga rétt á í skiptum fyrir þessa þjónustu. Í liðum B120–B127 er tilgreint hvernig eining metur vátryggingartekjur.

84 Eining skal setja fram í rekstrarreikningi gjöld vegna vátryggingarþjónustu sem stafa af flokki útgefinna vátryggingarsamninga, sem samanstanda af gjaldfærðum tjónum (að undanskildum endurgreiðslum fjárfestingarþátta), öðrum áföllnum gjöldum vegna vátryggingarþjónustu og öðrum fjárhæðum eins og lýst er í b-lið 103. liðar.

85 Undanskilja skal fjárfestingarþætti í tekjum vegna vátrygginga og gjöldum vegna vátryggingarþjónustu sem eru sett fram í rekstrarreikningi. Eining skal ekki setja fram upplýsingar um iðgjöld í rekstrarreikningi ef þær upplýsingar eru ekki í samræmi við 83. lið.

86 Eining getur sett fram tekjur eða gjöld vegna flokks endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga (sjá liði 60–70A), aðrar en fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga, sem staka fjárhæð; eða einingin getur aðgreint í framsetningu þær fjárhæðir sem endurheimtar eru frá endurtryggjanda og úthlutun greiddra iðgjalda sem samanlagt gefa hreina fjárhæð sem jafngildir þessari stöku fjárhæð. Ef eining aðgreinir í framsetningu þær fjárhæðir sem endurheimtar eru frá endurtryggjanda og úthlutun greiddra iðgjalda skal hún:

a) fara með sjóðstreymi vegna endurtryggingar sem er háð kröfum á undirliggjandi samninga sem hluta þeirra krafna sem gert er ráð fyrir að verði endurgreidd samkvæmt viðkomandi endurtryggingarsamningi til eigin endurtrygginga,

b) fara með fjárhæðir frá endurtryggjanda sem hún gerir ráð fyrir að fá og eru ekki háðar kröfum undirliggjandi samninga (til dæmis sumar tegundir umboðslauna vegna endurtrygginga) sem lækkun iðgjalda sem greiða skal til endurtryggjandans,

ba) fara með fjárhæðir sem færðar eru í tengslum við endurheimt taps við beitingu i.–ii. liðar c-liðar 66. liðar og liða 66A–66B sem endurheimtar fjárhæðir frá endurtryggjanda og

c) ekki setja úthlutun greiddra iðgjalda fram sem lækkun tekna.

Fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga (sjá liði B128–B136)

87 Fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga nær yfir þá breytingu á bókfærðu verði flokks vátryggingarsamninga sem er til komin vegna:

a) áhrifa tímavirðis peninga og breytinga á tímavirði peninga og

b) áhrifa fjárhagslegrar áhættu og breytinga á fjárhagslegri áhættu en

c) að undanskildum slíkum breytingum að því er varðar flokka vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum sem myndu leiðrétta samningsbundið þjónustuálag en gera það ekki við beitingu ii. liðar b-liðar 45. liðar, iii. liðar b-liðar 45. liðar, ii. liðar c-liðar 45. liðar eða iii. liðar c-liðar 45. liðar. Það fellur undir gjöld vegna vátryggingarþjónustu.

87A Eining skal beita:

a) lið B117A að því er varðar fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga sem stafa af beitingu liðar B115 (áhættuvarnir) og

b) 88. og 89. lið að því er varðar allar aðrar fjármagnstekjur eða -gjöld af vátryggingum.

88 Við beitingu b-liðar í lið 87A skal eining velja, nema 89. liður eigi við, milli eftirfarandi reikningsskilaaðferða:

a) taka fjármagnstekjur eða -gjöld af vátryggingum fyrir tímabilið með í rekstrarreikningi eða

b) sundurgreina fjármagnstekjur eða -gjöld af vátryggingum fyrir tímabilið til að færa í rekstrarreikning fjárhæð sem ákvörðuð er með kerfisbundinni úthlutun væntra heildarfjármagnstekna eða -gjalda af vátryggingum á gildistíma flokks samninga, við beitingu liða B130–B133.

89 Við beitingu b-liðar í lið 87A skal eining, að því er varðar vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum þar sem einingin hefur undirliggjandi liði í vörslu sinni, velja milli eftirfarandi reikningsskilaaðferða:

a) taka fjármagnstekjur eða -gjöld af vátryggingum fyrir tímabilið með í rekstrarreikningi eða

b) sundurgreina fjármagnstekjur eða -gjöld af vátryggingum fyrir tímabilið til að færa í rekstrarreikning fjárhæð, sem eyðir reikningsskilalegu ósamræmi í tengslum við tekjur eða gjöld sem eru færð í rekstrarreikning, á undirliggjandi liði í vörslu, við beitingu liða B134–B136.

90 Ef eining velur þá reikningsskilaaðferð sem er sett fram í b-lið 88. liðar eða b-lið 89. liðar skal hún telja með í annarri heildarafkomu mismun milli fjármagnstekna eða -gjalda af vátryggingum sem metin eru á þeim grundvelli sem er settur fram í þessum liðum og heildarfjármagnstekna eða -gjalda af vátryggingum fyrir tímabilið.

91 Ef eining yfirfærir flokk vátryggingarsamninga eða afskráir vátryggingarsamning við beitingu 77. liðar:

a) skal hún endurflokka í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu (sjá IAS-staðal 1, *framsetning reikningsskila*) allar eftirstæðar fjárhæðir vegna flokksins (eða samningsins) sem áður voru færðar í aðra heildarafkomu vegna þess að einingin valdi reikningsskilaaðferðina sem er sett fram í b-lið 88. liðar,

b) skal hún ekki endurflokka í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingu (sjá IAS-staðal 1) neinar eftirstæðar fjárhæðir vegna flokksins (eða samningsins) sem áður voru færðar í aðra heildarafkomu vegna þess að einingin valdi reikningsskilaaðferðina sem er sett fram í b-lið 89. liðar.

92 Í 30. lið er gerð krafa um að eining fari með vátryggingarsamning sem peningalegan lið samkvæmt IAS-staðli 21 í þeim tilgangi að umreikna liði í erlendum gjaldmiðli yfir í starfrækslugjaldmiðil einingarinnar. Eining telur gengismun vegna breytinga á bókfærðu verði flokka vátryggingarsamninga með í rekstrarreikningi nema hann tengist breytingum á bókfærðu verði flokka vátryggingarsamninga sem talið er með í annarri heildarafkomu við beitingu 90. liðar, en þá skal telja hann með í annarri heildarafkomu.

UPPLÝSINGAGJÖF

93 Markmiðið með kröfum um upplýsingagjöf er að eining láti í té upplýsingar í skýringum sem veita, ásamt upplýsingum sem fram koma í efnahagsreikningi, yfirliti eða yfirlitum yfir rekstrarárangur og yfirliti yfir sjóðstreymi, notendum reikningsskila grundvöll til að meta þau áhrif sem samningar innan gildissviðs IFRS-staðals 17 hafa á fjárhagsstöðu, rekstrarárangur og sjóðstreymi einingarinnar. Til að ná því markmiði skal eining greina frá megindlegum og eigindlegum upplýsingum um:

a) fjárhæðir sem færðar eru í reikningsskilum hennar vegna samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17 (sjá 97.–116. lið),

b) mikilvægt mat og breytingar á þessu mati sem gert er við beitingu IFRS-staðals 17 (sjá 117.–120. lið) og

c) eðli og umfang áhættu vegna samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17 (sjá 121.–132. lið).

94 Eining skal meta hversu nákvæmar upplýsingar nauðsynlegt er að veita til að uppfylla markmiðið um upplýsingagjöf og hversu mikla áherslu hún leggur á hverja kröfu. Eining skal veita nauðsynlegar viðbótarupplýsingar til að uppfylla þetta markmið ef upplýsingagjöf við beitingu 97.–132. liðar duga ekki til að uppfylla markmiðið í 93. lið.

95 Eining skal safna saman eða sundurgreina upplýsingar þannig að gagnlegar upplýsingar séu ekki ógreinilegar, annaðhvort vegna þess að þær eru settar fram innan um fjölda veigalítilla smáatriða eða með því að setja saman efnislega ólíka þætti.

96 Í 29.–31. lið í IAS-staðli 1 eru settar fram kröfur sem varða mikilvægi og samsöfnun upplýsinga. Dæmi um grundvöll samsöfnunar sem kann að vera viðeigandi að því er varðar upplýsingar um vátryggingarsamninga eru:

a) tegund samnings (t.d. helstu vörulínur),

b) landfræðilegt svæði (t.d. ríki eða landsvæði) eða

c) rekstrarstarfsþáttur, eins og skilgreint er í IFRS-staðli 8, *starfsþættir*.

Skýring á færðum fjárhæðum

97 Af þeim upplýsingum sem krafa er gerð um í liðum 98–109A gilda aðeins 98.–100. liður, 102.–103. liður, liðir 105–105B og liður 109A um samninga þar sem einfaldaða úthlutunaraðferðin hefur verið notuð. Ef eining notar einfölduðu úthlutunaraðferðina skal hún einnig veita upplýsingar um:

a) hvert viðmiðana í 53. og 69. lið hún hefur uppfyllt,

b) hvort hún leiðréttir vegna tímavirðis peninga og áhrifa fjárhagslegrar áhættu með beitingu 56. liðar, b-liðar 57. liðar og b-liðar 59. liðar og

c) aðferðina sem hún hefur valið til að færa sjóðstreymi við öflun vátrygginga með beitingu a-liðar 59. liðar.

98 Eining skal veita upplýsingar um afstemmingar sem sýna hvernig hreint bókfært verð samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17 breyttist á tímabilinu vegna sjóðstreymis og tekna og gjalda sem færð eru í yfirlit yfir rekstrarárangur. Veita skal upplýsingar um aðgreindar afstemmingar fyrir útgefna vátryggingarsamninga og endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga. Eining skal aðlaga kröfurnar í 100.–109. lið til að endurspegla þætti endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga sem eru frábrugðnir útgefnum vátryggingarsamningum; dæmi um það er myndun gjalda eða að dregið sé úr gjöldum fremur en að um tekjur sé að ræða.

99 Eining skal veita notendum reikningsskila nægar upplýsingar í afstemmingum svo að þeir geti greint breytingar frá sjóðstreymi og fjárhæðir sem eru færðar í yfirlit yfir rekstrarárangur. Til þess að fara að þessari kröfu skal eining:

a) veita upplýsingar í töflu um afstemmingar sem settar eru fram í liðum 100–105B og

b) að því er varðar hverja afstemmingu, setja fram hreint, bókfært verð við upphaf og lok tímabilsins, sundurgreint í samtölu fyrir söfn samninga sem eru eignir og samtölu fyrir söfn samninga sem eru skuldir, sem er jafnt verðinu sem sett er fram í efnahagsreikningi með því að beita 78. lið.

100 Eining skal veita upplýsingar um afstemmingar frá upphafsstöðu til lokastöðu, aðskilið fyrir hvert af eftirfarandi:

a) hreinar skuldir (eða eignir) eftirstæðs þáttar tryggingaverndar, að undanskildum tapþáttum,

b) tapþætti (sjá 47.–52. og 57.–58. lið),

c) skuld vegna gjaldfærðra tjóna. Að því er varðar vátryggingarsamninga þar sem einfölduðu úthlutunaraðferðinni, sem lýst er í 53.–59. lið eða liðum 69–70A, hefur verið beitt skal eining veita upplýsingar um aðgreindar afstemmingar fyrir:

i. mat á núvirði framtíðarsjóðstreymis og

ii. áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu.

101 Að því er varðar vátryggingarsamninga, aðra en þá sem falla undir beitingu einfölduðu úthlutunaraðferðarinnar, sem lýst er í 53.–59. lið eða liðum 69–70A, skal eining einnig veita upplýsingar um afstemmingar frá upphafsstöðu til lokastöðu, aðskilið fyrir hvert af eftirfarandi:

a) mat á núvirði framtíðarsjóðstreymis,

b) áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu og

c) samningsbundnu þjónustuálagi,

102 Markmiðið með afstemmingunum í 100.–101. lið er að veita mismunandi tegundir upplýsinga um niðurstöðu vátryggingarþjónustunnar.

103 Eining skal í afstemmingunum, sem krafa er gerð um í 100. lið, veita aðskildar upplýsingar fyrir hverja eftirfarandi fjárhæð sem tengist þjónustu, ef við á:

a) tekjur af vátryggingum,

b) gjöld vegna vátryggingarþjónustu þar sem tilgreina skal aðskilið:

i. gjaldfærð tjón (að undanskildum fjárfestingarþáttum) og önnur áfallin gjöld vegna vátryggingarþjónustu,

ii. afskriftir sjóðstreymis við öflun vátrygginga,

iii. breytingar sem varða áður veitta þjónustu, þ.e. breytingar á uppfyllingarsjóðstreymi sem varða skuld vegna gjaldfærðra tjóna og

iv. breytingar sem varða þjónustu í framtíðinni, þ.e. tap á íþyngjandi samningum og bakfærslur vegna slíks taps,

c) fjárfestingarþætti sem eru undanskildir tekjum vegna vátrygginga og gjöldum vegna vátryggingarþjónustu (ásamt endurgreiðslu iðgjalda, nema endurgreiðsla iðgjalda sé sett fram sem hluti af sjóðstreymi á tímabilinu sem um getur í i. lið a-liðar í 105. lið).

104 Eining skal í afstemmingunum, sem krafa er gerð um í 101. lið, veita aðskildar upplýsingar fyrir hverja eftirfarandi fjárhæð sem tengist þjónustu, ef við á:

a) breytingar sem varða þjónustu í framtíðinni, með beitingu liða B96–B118 þar sem fram koma aðskilið:

i. breytingar á mati sem leiðréttir samningsbundið þjónustuálag,

ii. breytingar á mati sem leiðrétta ekki samningsbundið þjónustuálag, þ.e. tap á flokkum íþyngjandi samninga og bakfærslur vegna slíks taps og

iii. áhrif samninga sem eru upphaflega færðir á tímabilinu,

b) breytingar sem varða þjónustu á yfirstandandi tímabili, þ.e.:

i. fjárhæð samningsbundins þjónustuálags sem fært er í rekstrarreikning til að endurspegla yfirfærslu á þjónustu,

ii. breyting á áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu sem tengist ekki þjónustu í framtíðinni eða á fyrra tímabili og

iii. *reynsluleiðréttingar* (sjá c-lið í lið B97 og a-lið í lið B113), að undanskildum fjárhæðum sem tengjast áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu sem falla undir ii. lið,

c) breytingar sem varða þjónustu á fyrra tímabili, þ.e. breytingar á uppfyllingarsjóðstreymi sem varða gjaldfærð tjón (sjá b-lið í lið B97 og a-lið í lið B113).

105 Til að ljúka við afstemminguna í 100.–101. lið skal eining einnig veita upplýsingar aðskilið um hverja eftirfarandi fjárhæð sem tengist ekki þjónustu sem veitt er á tímabilinu, ef við á:

a) sjóðstreymi á tímabilinu, þ.m.t.:

i. móttekin iðgjöld vegna útgefinna vátryggingarsamninga (eða greidd iðgjöld vegna endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga),

ii. sjóðstreymi við öflun vátrygginga og

iii. greidd gjaldfærð tjón og önnur gjöld vegna vátryggingarþjónustu sem greidd eru vegna útgefinna vátryggingarsamninga (eða endurheimt samkvæmt endurtryggingarsamningum til eigin endurtrygginga), fyrir utan sjóðstreymi við öflun vátrygginga,

b) áhrif breytinga á áhættu af vanefndum útgefanda endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga,

c) fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga og

d) fleiri sérlínur sem kunna að vera nauðsynlegar til að skilja viðkomandi breytingu á hreinu bókfærðu verði vátryggingarsamninga.

105A Eining skal veita upplýsingar um afstemmingu frá upphafsstöðu til lokastöðu eigna fyrir sjóðstreymi við öflun vátrygginga sem fært er við beitingu liðar 28B. Eining skal taka saman upplýsingar fyrir afstemmingu á stigi sem er í samræmi við það stig sem á við um afstemmingu vátryggingarsamninga með beitingu 98. liðar.

105B Eining skal í afstemmingunni, sem krafa er gerð um í lið 105A, veita aðskildar upplýsingar um virðisrýrnunartap og bakfærslur vegna virðisrýrnunartaps með beitingu liða 28E–28F.

106 Að því er varðar útgefna vátryggingarsamninga, aðra en þá þar sem einfölduðu úthlutunaraðferðinni, sem lýst er í 53.–59. lið, hefur verið beitt skal eining veita upplýsingar um greiningu á vátryggingartekjum sem færðar eru á tímabilinu og samanstanda af:

a) fjárhæðum sem tengjast breytingum á skuld vegna eftirstæðrar tryggingaverndar, eins og tilgreint er í lið B124, þar sem veittar eru aðskildar upplýsingar um:

i. áfallin gjöld vegna vátryggingaþjónustu á tímabilinu, eins og tilgreint er í a-lið í lið B124,

ii. breytingu á áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu, eins og tilgreint er í b-lið í lið B124,

iii. fjárhæð samningsbundins þjónustuálags sem fært er í rekstrarreikning vegna yfirfærslu á þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi á tímabilinu, eins og tilgreint er í c-lið í lið B124 og

iv. aðrar fjárhæðir, ef einhverjar eru, t.d. reynsluleiðréttingar vegna móttöku iðgjalda, annarra en þeirra sem tengjast þjónustu í framtíðinni, eins og tilgreint er í d-lið í lið B124,

b) úthlutun þess hluta iðgjaldanna sem tengist endurheimt sjóðstreymis við öflun vátrygginga (sjá lið B125).

107 Að því er varðar vátryggingarsamninga, aðra en þá þar sem einfölduðu úthlutunaraðferðinni, sem lýst er í 53.–59. lið og liðum 69–70A, hefur verið beitt skal eining veita aðskildar upplýsingar um áhrif á efnahagsreikning að því er varðar útgefna vátryggingarsamninga og endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga sem eru upphaflega færðir á tímabilinu, og sýna áhrif þeirra við upphafsfærslu á:

a) mat á núvirði framtíðarútstreymis handbærs fjár, þar sem fjárhæð sjóðstreymis við öflun vátrygginga er sýnt sérstaklega,

b) mat á núvirði framtíðarinnstreymis handbærs fjár,

c) áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu og

d) samningsbundnu þjónustuálagi,

108 Í upplýsingunum sem krafa er gerð um í 107. lið skal eining veita aðskildar upplýsingar um fjárhæðir sem stafa af:

a) samningum sem eru yfirteknir frá öðrum einingum við yfirfærslu vátryggingarsamninga eða við sameiningu fyrirtækja og

b) flokkum samninga sem eru íþyngjandi.

109 Að því er varðar vátryggingarsamninga, aðra en þá þar sem einfölduðu úthlutunaraðferðinni, sem lýst er í 53.–59. lið eða liðum 69–70A, hefur verið beitt skal eining veita megindlegar upplýsingar um hvenær hún væntir þess að færa samningsbundið þjónustuálag, sem eftir stendur við lok reikningsskilatímabilsins, í rekstrarreikning, á viðeigandi tímabilum. Þessar upplýsingar skulu veittar aðskilið fyrir útgefna vátryggingarsamninga og endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga.

109A Eining skal veita megindlegar upplýsingar, á viðeigandi tímabilum, um hvenær hún væntir þess að afskrá eign sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga með því að beita lið 28C.

Fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga

110 Eining skal veita upplýsingar um og útskýra heildarfjárhæð fjármagnstekna eða -gjalda vegna vátrygginga á reikningsskilatímabilinu. Einkum skal eining útskýra tengslin á milli fjármagnstekna eða -gjalda vegna vátrygginga og arðsemi fjárfestingar af eignum sínum til að gera notendum reikningsskila hennar kleift að meta uppsprettu fjármagnstekna eða -gjalda sem færð eru í rekstrarreikning og aðra heildarafkomu.

111 Að því er varðar samninga með valkvæðum þátttökuákvæðum skal einingin lýsa samsetningu undirliggjandi liða og tilgreina gangviðri þeirra.

112 Að því er varðar samninga með beinum þátttökuákvæðum skal eining, ef hún kýs að leiðrétta ekki samningsbundið þjónustuálag vegna einhverra breytinga á uppfyllingarsjóðstreymi, með beitingu liðar B115, veita upplýsingar um áhrif valsins á leiðréttinguna á samningsbundnu þjónustuálagi á yfirstandandi tímabili.

113 Að því er varðar samninga með beinum þátttökuákvæðum skal eining, ef hún breytir grundvelli skiptingar fjármagnstekna eða -gjalda vegna vátrygginga milli rekstrarreiknings og annarrar heildarafkomu, með beitingu liðar B135, á tímabilinu þegar breyting aðferðar átti sér stað, veita upplýsingar um:

a) af hvaða ástæðu einingunni var skylt að breyta grundvelli sundurgreiningarinnar,

b) fjárhæð leiðréttinga á hverri sérlínu í reikningsskilum sem verður fyrir áhrifum og

c) bókfært verð flokks vátryggingarsamninga sem breytingin varðar á þeim degi sem breytingin var gerð.

Umbreytingarfjárhæðir

114 Eining skal láta í té upplýsingar sem gera notendum reikningsskila kleift að greina áhrif flokka vátryggingarsamninga sem eru metnir á umbreytingardegi með því að beita breyttu afturvirku aðferðinni (sjá liði C6–C19A) eða gangvirðisaðferðinni (sjá liði C20–C24B) að því er varðar samningsbundið þjónustuálag og tekjur vegna vátrygginga á síðari tímabilum. Þar af leiðandi skal eining veita aðskildar upplýsingar um afstemmingu samningsbundins þjónustuálags við beitingu c-liðar 101. liðar og fjárhæðar vátryggingatekna við beitingu a-liðar 103. liðar fyrir:

a) vátryggingarsamninga sem voru í gildi á umbreytingardegi og falla undir beitingu einingarinnar á breyttu afturvirku aðferðinni,

b) vátryggingarsamninga sem voru í gildi á umbreytingardegi og falla undir beitingu einingarinnar á gangvirðisaðferðinni og

c) alla aðra vátryggingarsamninga.

115 Að því er varðar öll tímabil, sem upplýsingar eru veittar um við beitingu a- eða b-liðar 114. liðar til að gera notendum reikningsskila kleift að skilja eðli og mikilvægi aðferða sem notaðar eru og mats sem beitt er við ákvörðun umbreytingarfjárhæða skal eining útskýra hvernig hún ákvarðaði mat á vátryggingarsamningum á umbreytingardegi.

116 Eining sem kýs að skipta fjármagnstekjum eða -gjöldum vegna vátrygginga milli rekstrarreiknings og annarrar heildarafkomu beitir b-lið í lið C18, b-lið í lið C19, b-lið í lið C24 og c-lið í lið C24 til að ákvarða uppsafnaðan mismun milli fjármagnstekna eða -gjalda vegna vátrygginga sem hefðu verið færð í rekstrarreikning og heildarfjármagnstekna eða -gjalda vegna vátrygginga á umbreytingardegi fyrir flokka vátryggingarsamninga sem skiptingin á við um. Að því er varðar öll tímabil þar sem fyrir hendi eru fjárhæðir sem eru ákvarðaðar með því að beita þessum liðum skal einingin veita upplýsingar um afstemmingu frá upphafsstöðu til lokastöðu uppsafnaðra fjárhæða í annarri heildarafkomu fyrir fjáreignir sem eru metnar á gangviði í gegnum aðra heildarafkomu sem tengjast flokkum vátryggingarsamninga. Afstemmingin skal m.a. taka til hagnaðar eða taps sem fært er í aðra heildarafkomu á tímabilinu og hagnaðar eða taps sem áður var fært í aðra heildarafkomu á fyrri tímabilum, endurflokkað á tímabilinu í rekstrarreikning.

Mikilvægt mat við beitingu IFRS-staðals 17

117 Eining skal veita upplýsingar um mikilvægt mat og breytingar á mati sem leiðir af beitingu IFRS-staðals 17. Eining skal nánar tiltekið veita upplýsingar um þau ílagsgögn, forsendur og matsaðferðir sem notuð eru, þ.m.t.:

a) aðferðirnar sem notaðar eru til að meta vátryggingarsamninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17 og ferlin við að meta ílagsgögn vegna þessara aðferða. Eining skal einnig leggja fram megindlegar upplýsingar um þessi ílagsgögn nema það sé ekki gerlegt,

b) hvers kyns breytingar á aðferðum og ferlum við að meta ílagsgögn sem notuð eru til að meta samninga, ástæður fyrir hverri breytingu og þá tegund samninga sem verður fyrir áhrifum,

c) aðferðin sem notuð er, að því marki sem hún fellur ekki undir a-lið:

i. til að greina á milli breytinga á mati á framtíðarsjóðstreymi sem stafa af beitingu ákvörðunarvalds og annarra breytinga á mati á framtíðarsjóðstreymi vegna samninga án beinna þátttökuákvæða (sjá lið B98),

ii. til að ákvarða áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu, þ.m.t. hvort breytingar á áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu séu sundurgreindar í þjónustuþátt vátrygginga og fjármagnsþátt vátrygginga eða settar fram að fullu í niðurstöðu vátryggingaþjónustunnar,

iii. til að ákvarða afvöxtunarstuðla,

iv. til að ákvarða fjárfestingarþætti og

v. til að ákvarða hlutfallslegt vægi ávinnings af tryggingavernd og þjónustu vegna ávöxtunar fjárfestinga eða af tryggingavernd og fjárfestingartengdri þjónustu (sjá liði B119–B119B).

118 Ef eining kýs við beitingu b-liðar 88. liðar eða b-liðar 89. liðar að sundurgreina fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga í fjárhæðir sem settar eru fram í rekstrarreikningi og fjárhæðir sem settar eru fram í annarri heildarafkomu skal einingin veita upplýsingar með útskýringu á aðferðunum sem notaðar eru til að ákvarða fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga sem færð eru í rekstrarreikning.

119 Eining skal veita upplýsingar um það öryggisstig sem notað er til að ákvarða áhættuleiðréttingu fyrir ófjárhagslega áhættu. Ef eining notar aðra aðferð en aðferð til að meta öryggisstig við ákvörðun áhættuleiðréttingar vegna ófjárhagslegrar áhættu skal hún veita upplýsingar um þá aðferð sem notuð er og það öryggisstig sem samsvarar niðurstöðum þeirrar aðferðar.

120 Eining skal við beitingu 36. liðar veita upplýsingar um ávöxtunarferil (eða ávöxtunarferla) sem notaður er til að afvaxta sjóðstreymi sem er ekki breytilegt á grundvelli ávöxtunar undirliggjandi liða. Þegar eining veitir þessar upplýsingar í samanteknu formi fyrir nokkra flokka vátryggingarsamninga eru þær upplýsingar gefnar í formi veginna meðaltala eða á hlutfallslega þröngu bili.

Eðli og umfang áhættu sem er til komin vegna samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17

121 Eining skal veita upplýsingar sem gera notendum reikningsskila hennar kleift að meta eðli, fjárhæð, tímasetningu og óvissu framtíðarsjóðstreymis sem er til komið vegna samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17. Í 122.–132. lið er að finna kröfur um upplýsingagjöf sem væri að öðru jöfnu nauðsynleg til að uppfylla þessa kröfu.

122 Þessi upplýsingagjöf beinist að vátryggingatengdri og fjárhagslegri áhættu sem er til komin vegna vátryggingarsamninga og hvernig henni hefur verið stýrt. Fjárhagsleg áhætta tekur yfirleitt til, en takmarkast ekki við, útlánaáhættu, greiðsluhæfisáhættu og markaðsáhættu.

123 Ef upplýsingarnar sem veittar eru um áhættu sem eining er óvarin fyrir við lok reikningsskilatímabils eru ekki dæmigerðar fyrir áhættuna sem hún er óvarin fyrir á tímabilinu skal einingin greina frá því, ástæðunni fyrir því að áhættan í lok tímabilsins er ekki dæmigerð og frekari upplýsingum sem eru dæmigerðar fyrir áhættuna sem hún er óvarin fyrir á tímabilinu.

124 Eining skal, fyrir hverja tegund áhættu sem er til komin vegna samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17, veita upplýsingar um:

a) áhættuna sem einingin er óvarin fyrir og hvernig hún er til komin,

b) markmið einingarinnar, stefnu og ferla við áhættustýringu og aðferðina sem er notuð við að meta áhættuna og

c) allar breytingar á a- eða b-lið frá fyrra tímabili.

125 Eining skal, fyrir hverja tegund áhættu sem er til komin vegna samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17, veita upplýsingar um:

a) samantekt megindlegra upplýsinga um áhættuna sem hún er óvarin fyrir við lok reikningsskilatímabilsins. Þessar upplýsingar skulu byggjast á upplýsingum sem eru veittar innan einingarinnar til lykilstarfsmanna í stjórnunarstöðu,

b) upplýsingagjöf sem krafa er gerð um í 127.–132. lið, að svo miklu leyti sem það er ekki gert við beitingu a-liðar þessa liðar.

126 Eining skal veita upplýsingar um áhrif þeirra regluramma sem hún starfar innan, t.d. kröfur um lágmarksfjármagn eða nauðsynlegar vaxtaábyrgðir. Ef eining beitir 20. lið við ákvörðun á flokkum vátryggingarsamninga þar sem hún beitir kröfum IFRS-staðals 17 varðandi færslu og mat skal hún greina frá því.

Allar tegundir áhættu — samþjöppun áhættu

127 Eining skal veita upplýsingar um samþjöppun áhættu sem er til komin vegna samninga sem falla undir gildissvið IFRS-staðals 17, þ.m.t. lýsingu á því hvernig einingin ákvarðar samþjöppun og lýsingu á sameiginlegum einkennum sem skilgreinir sérhverja samþjöppun (t.d. tegund tryggðs atburðar, atvinnugreinar, landsvæðis eða gjaldmiðils). Samþjöppun fjárhagslegrar áhættu gæti t.d. verið til komin vegna vaxtaábyrgða sem taka gildi á sama stigi fyrir mikinn fjölda samninga. Samþjöppun fjárhagslegrar áhættu getur komið til vegna samþjöppunar ófjárhagslegrar áhættu, t.d. ef eining veitir lyfjafyrirtækjum vernd gegn skaðsemisábyrgð og hefur einnig í vörslu sinni fjárfestingar í þeim fyrirtækjum.

Vátrygginga- og markaðsáhætta — næmisgreining

128 Eining skal veita upplýsingar um næmi fyrir breytingum á áhættubreytum sem eru til komnar vegna samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17. Til þess að fara að þessari kröfu skal eining greina frá:

a) næmisgreiningu sem sýnir hver áhrifin af breytingum á áhættubreytum, sem raunhæft hefði verið að gera ráð fyrir við lok reikningsskilatímabilsins, hefðu orðið á rekstrarreikning og eigið fé:

i. að því er varðar vátryggingaáhættu — sýnir áhrifin fyrir útgefna vátryggingarsamninga fyrir og eftir áhættuvarnir með endurtryggingarsamningum til eigin endurtrygginga og

ii. að því er varðar sérhverja tegund markaðsáhættu — á þann hátt sem útskýrir tengsl milli næmleika fyrir breytingum á áhættubreytum sem eru til komnar vegna vátryggingarsamninga og breytum sem eru til komnar vegna fjáreigna í eigu einingarinnar,

b) þeim aðferðum og forsendum sem voru notaðar við næmisgreininguna og

c) breytingum frá fyrra tímabili á þeim aðferðum og forsendum sem voru notaðar við næmisgreininguna og ástæðum fyrir slíkum breytingum.

129 Ef eining framkvæmir næmisgreiningu sem sýnir hver áhrifin af breytingum á áhættubreytum verða á aðrar fjárhæðir en þær sem tilgreindar eru í a-lið 128. liðar og notar þá næmisgreiningu til að stýra áhættu sem er til komin vegna samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17 getur hún notað þá næmisgreiningu í stað greiningarinnar sem tilgreind er í a-lið 128. liðar. Einingin skal einnig setja fram:

a) skýringu á aðferðinni sem var notuð við slíka næmisgreiningu og á helstu breytum og forsendum að baki þeirra upplýsinga sem veittar eru og

b) skýringu á markmiði aðferðarinnar sem var notuð og á hvers kyns takmörkunum sem gætu leitt til þeirra upplýsinga sem veittar eru.

Vátryggingaáhætta — þróun krafna

130 Eining skal veita upplýsingar um raunverulegar kröfur í samanburði við fyrra mat á óafvaxtaðri fjárhæð krafnanna (þ.e. þróun krafna). Upplýsingagjöf um þróun krafna skal hefjast á tímabilinu þegar fyrsta mikilvæga krafan eða kröfurnar mynduðust og þegar enn er til staðar óvissa um fjárhæð og tímasetningu á greiðslu krafna við lok reikningsskilatímabilsins, en ekki er gerð krafa um að upplýsingagjöf hefjist meira en 10 árum fyrir lok reikningsskilatímabilsins. Einingin þarf ekki að veita upplýsingar um þróun krafna þar sem óvissa um fjárhæð og tímasetningu á greiðslu krafnanna leysist að jafnaði innan eins árs. Eining skal stemma af upplýsingagjöf um þróun krafna og samanlagt bókfært verð flokka vátryggingarsamninga sem einingin veitir upplýsingar um við beitingu c-liðar 100. liðar.

Útlánaáhætta — aðrar upplýsingar

131 Eining skal, að því er varðar útlánaáhættu sem er til komin vegna samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17, veita upplýsingar um:

a) þá fjárhæð sem gefur gleggsta mynd af hámarksútlánaáhættu hennar við lok reikningsskilatímabilsins, aðgreinda fyrir útgefna vátryggingarsamninga og endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga og

b) lánshæfisgæði endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga sem eru eignir.

Greiðsluhæfisáhætta — aðrar upplýsingar

132 Eining skal, að því er varðar greiðsluhæfisáhættu sem er til komin vegna samninga innan gildissviðs IFRS-staðals 17, veita upplýsingar um:

a) lýsingu á því hvernig hún stýrir greiðsluhæfisáhættunni,

b) aðgreinda lánstímagreiningu fyrir söfn vátryggingarsamninga sem gefnir eru út og eru skuldir og söfn endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga sem eru skuldir sem sýna, að lágmarki, hreint sjóðstreymi safnanna fyrir hvert af fyrstu fimm árunum eftir reikningsskiladag og samanlagt að fyrstu fimm árunum liðnum. Einingu er ekki skylt að telja með í þessari greiningu skuld vegna eftirstæðrar tryggingaverndar sem metin er við beitingu 55.–59. liðar og liða 69–70A. Greiningin getur verið í formi:

i. greiningar, með áætlaðri tímasetningu, á eftirstæðu, samningsbundnu, óafvöxtuðu, hreinu sjóðstreymi eða

ii. greiningar, með áætlaðri tímasetningu, á mati á núvirði framtíðarsjóðstreymis,

c) þær fjárhæðir sem ber að greiða þegar þess er krafist og útskýra tengslin milli slíkra fjárhæða og bókfærðs verðs tengdra safna samninga, ef ekki eru veittar upplýsingar við beitingu b-liðar þessa liðar.

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti af IFRS-staðli 17, vátryggingarsamningar.

samningsbundið þjónustuálag Þáttur í bókfærðu verði eignar eða skuldar fyrir **flokk vátryggingarsamninga** sem táknar óinnleystar tekjur sem einingin mun færa þegar hún veitir **þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi** innan **ramma vátryggingarsamninga** í flokknum.

vátryggingartímabil Tímabilið þegar einingin veitir **þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi**. Þetta tímabil tekur einnig til þeirrar **þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi** sem tengist öllum iðgjöldum innan marka vátryggingarsamningsins.

reynsluleiðrétting Mismunur á:

a) að því er varðar tekjur af iðgjöldum (og hvers kyns tengt sjóðstreymi eins og **sjóðstreymi við öflun vátrygginga** og skatta af vátryggingariðgjöldum) — áætluninni í upphafi tímabilsins á þeim fjárhæðum sem vænst er á tímabilinu og raunverulegu sjóðstreymi á tímabilinu eða

b) að því er varðar gjöld vegna vátryggingarþjónustu (að undanskildum gjöldum vegna öflunar vátrygginga) — áætluninni í upphafi tímabilsins á þeim fjárhæðum sem vænst er að stofnað verði til á tímabilinu og raunverulegum fjárhæðum sem stofnað er til á tímabilinu.

fjárhagsleg áhætta Hætta á hugsanlegri breytingu í framtíðinni á einu eða fleiri tilgreindum vaxtastigum, verði fjármálagerninga, hrávöruverði, gengi gjaldmiðla, verð- eða vaxtavísitölu, lánshæfismati eða lánskjaravísitölu eða annarri breytu, að því tilskildu, ef um ófjárhagslega breytu er að ræða, að breytan eigi ekki sérstaklega við um aðila að samningnum.

uppfyllingarsjóðstreymi Ítarlegt, óhlutdrægt og líkindavegið mat (þ.e. vænt gildi) á núvirði framtíðarútstreymis handbærs fjár að frádregnu núvirði framtíðarinnstreymis handbærs fjár sem verður til þegar einingin efnir **vátryggingarsamninga**, þ.m.t. **áhættuleiðrétting vegna ófjárhagslegrar áhættu**.

flokkur vátryggingarsamninga Samsafn **vátryggingarsamninga** sem verður til í kjölfar skiptingar **safns vátryggingarsamninga** í, að lágmarki, samninga sem gefnir eru út innan tímabils sem er ekki lengra en eitt ár og sem, við upphafsfærslu:

a) eru íþyngjandi, ef einhverjir eru,

b) engar verulegar líkur eru á að verði íþyngjandi síðar, ef einhverjir eru, eða

c) falla hvorki undir a- eða b- lið, ef einhverjir eru.

sjóðstreymi við öflun vátrygginga Sjóðstreymi sem er til komið vegna útgjalda við sölu, sölutryggingu og myndun **flokks vátryggingarsamninga** (útgefinna eða sem vænst er að verði gefnir út) sem heimfæra má beint á **safn vátryggingarsamninga** sem flokkurinn tilheyrir. Í slíku sjóðstreymi er m.a. sjóðstreymi sem ekki má heimfæra á staka samninga eða **flokka vátryggingarsamninga** innan safnsins.

vátryggingarsamningur Samningur þar sem einn aðili (útgefandinn) samþykkir að taka að sér umtalsverða **vátryggingaáhættu** frá öðrum aðila (**vátryggingartaka**) með því að samþykkja að bæta **vátryggingartaka** tilgreindan óvissan framtíðaratburð (**tryggði atburðurinn**) sem hefur neikvæð áhrif á **vátryggingartakann**.

þjónusta samkvæmt vátryggingarsamningi

Eftirfarandi þjónusta sem eining veitir **vátryggingartaka vátryggingarsamnings**:

a) vernd gegn **tryggðum atburði** (tryggingavernd)

b) að því er varðar **vátryggingarsamninga án beinna þátttökuákvæða**, ávöxtun fjárfestinga fyrir vátryggingartaka, ef við á (þjónusta vegna ávöxtunar fjárfestinga) og

c) að því er varðar **vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum**, stýring undirliggjandi liða fyrir hönd **vátryggingartaka** (fjárfestingartengd þjónusta).

vátryggingarsamningur með beinum þátttökuákvæðum

Vátryggingarsamningur þar sem frá gildistöku:

a) er tiltekið í samningsskilmálum að **vátryggingartaki** taki þátt í skýrt skilgreindu safni **undirliggjandi liða**,

b) einingin væntir þess að hún greiði **vátryggingartaka** fjárhæð sem er jöfn verulegum hluta ávöxtunar á gangvirði **undirliggjandi liða** og

c) einingin væntir þess að umtalsverður hluti allra breytinga á fjárhæðum sem greiða skal **vátryggingartaka** eigi sér stað vegna breytinga á gangvirði **undirliggjandi liða**.

vátryggingarsamningur án beinna þátttökuákvæða

Vátryggingarsamningur sem er ekki **vátryggingarsamningur með beinum þátttökuákvæðum**.

vátryggingaáhætta

Áhætta, önnur en **fjárhagsleg áhætta**, sem er yfirfærð frá handhafa samnings til útgefanda.

tryggður atburður

Óviss framtíðaratburður sem fellur undir **vátryggingarsamning** og myndar **tryggingaáhættu**.

fjárfestingarþáttur

Þær fjárhæðir sem einingin þarf samkvæmt **vátryggingarsamningi** að endurgreiða vátryggingartaka undir öllum kringumstæðum, óháð því hvort **tryggður atburður** eigi sér stað.

fjárfestingarsamningur með valkvæðum þátttökuákvæðum

Fjármálagerningur sem veitir tilteknum fjárfesti samningsbundinn rétt til að hljóta, til viðbótar við fjárhæð sem er ekki háð ákvörðunarrétti útgefanda, viðbótarfjárhæðir:

a) sem vænst er að verði umtalsverður hluti af heildarsamningsávinningi,

b) þar sem útgefandi ákveður tímasetningu eða fjárhæð samkvæmt samningi og

c) sem byggjast samkvæmt samningi á:

i. ávöxtun tiltekins safns samninga eða tiltekinnar gerðar af samningi,

ii. innleystri og/eða óinnleystri ávöxtun af fjárfestingu í tilteknu safni eigna sem útgefandi á eða

iii. rekstrarreikningi einingarinnar eða sjóðsins sem gefur út samninginn.

skuld vegna gjaldfærðra tjóna Skuldbinding einingarinnar um að:

a) rannsaka og greiða gildar kröfur vegna **tryggðra atburða** sem hafa þegar átt sér stað, þ.m.t. atburðir sem hafa átt sér stað en hafa ekki verið tilkynntir, og önnur áfallin gjöld vegna vátrygginga og

b) greiða fjárhæðir sem falla ekki undir a-lið og tengjast:

i. **þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi** sem þegar hefur verið veitt eða

ii. hvers kyns **fjárfestingarþáttum** eða öðrum fjárhæðum sem tengjast ekki veitingu **þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi** og eru ekki í **skuld vegna eftirstæðrar tryggingaverndar**.

skuld vegna eftirstæðrar tryggingaverndar Skuldbinding einingarinnar um að:

a) rannsaka og greiða gildar kröfur samkvæmt fyrirliggjandi **vátryggingar-samningum** fyrir **tryggða atburði** sem enn hafa ekki átt sér stað (þ.m.t. skuldbinding sem tengist þeim hluta tryggingaverndarinnar sem enn er í gildi) og

b) greiða fjárhæðir samkvæmt fyrirliggjandi **vátryggingarsamningum** sem falla ekki undir a-lið og tengjast:

i. **þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi** sem hefur enn ekki verið veitt (þ.e. skuldbindingar sem tengjast veitingu **þjónustu samkvæmt vátrygg-ingarsamningi** í framtíðinni) eða

ii. öllum **fjárfestingarþáttum** eða öðrum fjárhæðum sem tengjast ekki veitingu **þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi** og eru ekki yfirfærð í **skuld vegna gjaldfærðra tjóna**.

vátryggingartaki Aðili sem á rétt á bótum samkvæmt **vátryggingarsamningi** ef **tryggður atburður** á sér stað.

safn vátryggingarsamninga **Vátryggingarsamningar** sem sæta sambærilegri áhættu og er stýrt sameiginlega.

endurtryggingarsamningur **Vátryggingarsamningur** sem er gefinn út af einni einingu (endurtryggjanda) til að bæta annarri einingu upp kröfur sem eru til komnar vegna eins eða fleiri **vátryggingarsamninga** sem síðarnefnda einingin hefur gefið út (undirliggjandi samningar).

áhættuleiðrétting vegna ófjárhagslegrar áhættu Bætur sem eining fer fram á fyrir að taka á sig óvissu varðandi fjárhæð og tímasetningu sjóðstreymis sem er til komið vegna ófjárhagslegrar áhættu þegar einingin efnir **vátryggingarsamninga**.

undirliggjandi liðir Liðir sem ákvarða hluta þeirra fjárhæða sem greiða ber **vátryggingartaka**. **Undirliggjandi liðir** geta verið hvaða liðir sem er, t.d. viðmiðunarsafn, hreinar eignir einingarinnar eða tilgreint hlutmengi af hreinum eignum einingarinnar.

Viðbætir B

Leiðbeiningar varðandi beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti af IFRS-staðli 17, vátryggingarsamningar.

B1 Þessi viðbætir veitir leiðbeiningar varðandi eftirfarandi:

a) skilgreiningu á vátryggingarsamningi (sjá liði B2–B30),

b) aðgreiningu þátta í vátryggingarsamningi (sjá liði B31–B35),

ba) eign sem er til komin vegna sjóðstreymis við öflun vátrygginga (sjá liði B35A–B35D),

c) mat (sjá liði B36–B119F),

d) tekjur vegna vátrygginga (sjá liði B120–B127),

e) fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga (sjá liði B128–B136) og

f) árshlutareikningsskil (sjá lið B137).

SKILGREINING Á VÁTRYGGINGARSAMNINGI (VIÐBÆTIR A)

B2 Í þessum hluta eru leiðbeiningar um skilgreiningu á vátryggingarsamningi eins og tilgreint er í viðbæti A. Eftirfarandi viðfangsefni eru til umfjöllunar:

a) óviss framtíðaratburður (sjá liði B3–B5),

b) greiðslur í fríðu (sjá lið B6),

c) aðgreining vátryggingaáhættu og annarrar áhættu (sjá liði B7–B16),

d) veruleg vátryggingaáhætta (sjá liði B17–B23),

e) breytingar á vátryggingaáhættustigi (sjá liði B24–B25) og

f) dæmi um vátryggingarsamninga (sjá liði B26–B30).

Óviss framtíðaratburður

B3 Óvissa (eða áhætta) er grundvallarþáttur vátryggingarsamnings. Í samræmi við það er a.m.k. eitt af eftirfarandi háð óvissu við gildistöku vátryggingarsamnings:

a) líkur á því að tryggður atburður eigi sér stað,

b) hvenær tryggður atburður muni eiga sér stað eða

c) hversu mikið einingin muni þurfa að greiða ef tryggði atburðurinn á sér stað.

B4 Í sumum vátryggingarsamningum er tryggði atburðurinn uppgötvun taps á samningstímanum jafnvel þótt það tap verði vegna atburðar sem átti sér stað fyrir gildistöku samningsins. Í öðrum vátryggingarsamningum er tryggði atburðurinn atburður sem á sér stað á samningstímanum jafnvel þótt tapið sem af honum leiðir sé uppgötvað eftir að samningstímanum lýkur.

B5 Sumir vátryggingarsamningar ná til atburða sem enn ríkir óvissa um fjárhagsleg áhrif af en sem hafa þegar átt sér stað. Dæmi um þetta er vátryggingarsamningur sem veitir tryggingavernd gegn óhagstæðri þróun atburðar sem þegar hefur átt sér stað. Í slíkum samningum er tryggði atburðurinn ákvörðun endanlegs kostnaðar þeirra krafna.

Greiðslur í fríðu

B6 Í sumum vátryggingasamningum er þess krafist eða það heimilað að greiðslur séu í fríðu. Í slíkum tilvikum afhendir einingin vátryggingartakanum vörur eða veitir þjónustu til að uppfylla skuldbindingu einingarinnar um að bæta vátryggingartakanum tryggða atburði. Dæmi um þetta er þegar einingin endurnýjar stolna eign í stað þess að endurgreiða vátryggingartakanum fjárhæð tapsins sem af þjófnaðinum leiðir. Annað dæmi er þegar eining notar sín eigin sjúkrahús og heilbrigðisstarfsmenn til að veita læknisþjónustu sem vátryggingarsamningurinn nær til. Slíkir samningar eru vátryggingarsamningar jafnvel þótt kröfur séu gerðar upp í fríðu. Þjónustusamningar með fasta þóknun sem uppfylla skilyrðin sem tilgreind eru í 8. lið eru einnig vátryggingarsamningar en með beitingu 8. liðar getur eining valið að færa þá með því að beita annaðhvort IFRS-staðli 17 eða IFRS-staðli 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*.

Greinarmunur á vátryggingaáhættu og annarri áhættu

B7 Skilgreiningin á vátryggingarsamningi krefst þess að einn aðili samþykki verulega vátryggingaáhættu af hálfu annars aðila. IFRS-staðall 17 skilgreinir vátryggingaáhættu sem „áhætta, önnur en fjárhagsleg áhætta, sem yfirfærð er frá handhafa samnings til útgefanda“. Samningur sem gerir útgefanda óvarinn fyrir fjárhagslegri áhættu án verulegrar vátryggingaáhættu er ekki vátryggingarsamningur.

B8 Skilgreiningin á fjárhagslegri áhættu í viðbæti A á við fjárhagslegar og ófjárhagslegar breytur. Dæmi um ófjárhagslegar breytur sem eiga ekki sérstaklega við aðila að samningnum er m.a. stuðull fyrir tjón vegna jarðskjálfta (e. *index of earthquake losses*) á tilteknu svæði eða hitastig í tiltekinni borg. Í fjárhagslegri áhættu er ekki að finna áhættu vegna ófjárhagslegra breyta sem eiga sérstaklega við aðila að samningnum, s.s. eldur sem brýst út, eða ekki, og veldur skemmdum á eða eyðileggur eign þess aðila. Enn fremur er áhættan við breytingar á gangvirði ófjárhagslegrar eignar ekki fjárhagsleg áhætta ef gangvirðið endurspeglar breytingar á markaðsverði slíkra eigna (þ.e. fjárhagsleg breyta) og ástand tiltekinnar ófjárhagslegrar eignar sem aðili að samningnum hefur í vörslu sinni (þ.e. ófjárhagsleg breyta). Sem dæmi, ef ábyrgð á hrakvirði tiltekinnar bifreiðar, sem vátryggingartakinn hefur tryggingarhæfa hagsmuni af, gerir ábyrgðaraðila óvarinn fyrir áhættu af breytingum á efnislegu ástandi bifreiðarinnar er sú áhætta vátryggingaáhætta, ekki fjárhagsleg áhætta.

B9 Ákveðnir samningar gera útgefanda óvarinn fyrir fjárhagslegri áhættu til viðbótar við verulega vátryggingaáhættu. Sem dæmi ábyrgjast margir líftryggingarsamningar lágmarksávöxtun til vátryggingartaka sem skapar fjárhagslega áhættu og lofa á sama tíma bótum vegna andláts sem geta verið umtalsvert hærri en sem nemur reikningsstöðu vátryggingartaka, sem skapar vátryggingaáhættu í formi áhættu vegna andláts. Slíkir samningar eru vátryggingarsamningar.

B10 Samkvæmt sumum samningum virkjar tryggður atburður greiðslu fjárhæðar sem tengd er verðvísitölu. Slíkir samningar eru vátryggingarsamningar að því tilskildu að greiðslan sem er háð tryggða atburðinum geti verið umtalsverð. Sem dæmi yfirfærir lífeyristrygging (e. *life-contingent annuity*) sem er tengd vísitölu framfærslukostnaðar vátryggingaáhættu vegna þess að greiðslan virkjast af óvissum framtíðaratburði: lífslíkum einstaklingsins sem fær lífeyrinn. Tengslin við verðvísitöluna eru afleiða en þau yfirfæra einnig vátryggingaáhættu vegna þess að fjöldi greiðslna sem vísitalan tekur til veltur á lífslíkum lífeyrisþegans. Ef yfirfærsla vátryggingaáhættu sem af þessu leiðir er umtalsverð samrýmist afleiðan skilgreiningunni á vátryggingarsamningi, sem skal í því tilviki ekki aðskilinn frá hýsilsamningnum (sjá a-lið 11. liðar).

B11 Vátryggingaáhætta er áhætta sem einingin samþykkir frá vátryggingartaka. Því þarf einingin að samþykkja frá vátryggingartaka áhættu sem vátryggingartakinn var þegar óvarinn fyrir. Sérhver ný áhætta sem samningurinn skapar fyrir einingunа eða vátryggingartakann er ekki vátryggingaáhætta.

B12 Skilgreiningin á vátryggingarsamningi vísar til neikvæðra áhrifa á vátryggingartakann. Þessi skilgreining takmarkar ekki greiðslu af hálfu einingarinnar við fjárhæð sem er jöfn fjárhagslegum áhrifum neikvæða atburðarins. Sem dæmi felur skilgreiningin í sér tryggingaverndina „nýtt í stað gamals“ sem greiðir vátryggingartaka fjárhæð sem gerir það mögulegt að í stað notaðrar og skemmdrar eignar komi ný eign. Eins takmarkar skilgreiningin ekki greiðslu samkvæmt líftryggingarsamningi við fjárhagslegt tap sem einstaklingar á framfæri hins látna verða fyrir, né heldur undanskilur hún samninga sem tilgreina greiðslu fyrirframákveðinna fjárhæða til að meta tapið sem andlát eða slys veldur.

B13 Í sumum samningum er krafist greiðslu ef tilgreindur óviss framtíðaratburður á sér stað en þess ekki krafist að neikvæð áhrif á vátryggingartakann séu skilyrði fyrir greiðslunni. Þessi gerð af samningi er ekki vátryggingarsamningur jafnvel þótt handhafi noti hann til að draga úr undirliggjandi áhættu. Sem dæmi, ef handhafi notar afleiðu til verjast áhættu af undirliggjandi fjárhagslegri eða ófjárhagslegri breytu, sem er tengd sjóðstreymi frá eign einingarinnar, er afleiðan ekki vátryggingarsamningur vegna þess að greiðslan er ekki háð því hvort handhafi verði fyrir neikvæðum áhrifum af lækkun sjóðstreymis frá eigninni. Skilgreiningin á vátryggingarsamningi vísar til óviss framtíðaratburðar þar sem neikvæð áhrif á vátryggingartakann eru samningsbundið skilyrði fyrir greiðslu. Samningsbundið skilyrði krefst þess ekki að einingin rannsaki hvort atburðurinn hafi valdið raunverulega neikvæðum áhrifum en það heimilar einingunni að synja um greiðslu ef hún er ekki viss um að atburðurinn hafi valdið neikvæðum áhrifum.

B14 Hætta á fyrningu eða brottfalli réttinda (sú hætta að vátryggingartakinn segi samningnum upp fyrr eða síðar en útgefandi gerði ráð fyrir þegar samningurinn var verðlagður) er ekki vátryggingaáhætta vegna þess að breytingin sem af því leiðir, sem verður á greiðslu til vátryggingartaka, ræðst ekki af óvissum framtíðaratburði sem hefur neikvæð áhrif á vátryggingartakann. Á sama hátt er kostnaðaráhætta (þ.e. sú áhætta að óvænt hækkun verði á stjórnunarkostnaði tengdum þjónustu við samning fremur en á kostnaði sem tengist tryggðum atburðum) ekki vátryggingaáhætta vegna þess að óvænt hækkun slíks kostnaðar hefur ekki neikvæð áhrif á vátryggingartakann.

B15 Af þessum sökum er samningur sem gerir eininguna óvarða fyrir fyrningaráhættu, hættu á brottfalli réttinda eða kostnaðaráhættu ekki vátryggingarsamningur nema hann geri eininguna einnig óvarða fyrir umtalsverðri vátryggingaáhættu. Ef einingin dregur úr áhættu sinni með því að nota annan samning til að flytja hluta þeirrar áhættu sem er önnur en vátryggingaáhætta til annars aðila gerir sá samningur hinn aðilann þó óvarinn fyrir vátryggingaáhættu.

B16 Eining getur aðeins samþykkt umtalsverða vátryggingaáhættu frá vátryggingartaka ef hún er aðskilin frá vátryggingartakanum. Þegar um er að ræða gagnkvæma einingu (e. *mutual entity*) tekur hún á sig áhættu frá sérhverjum vátryggingartaka og safnar þeirri áhættu saman. Þó að vátryggingartakar beri þá samsöfnuðu áhættu sameiginlega vegna þess að þeir eiga eftirstæða hlutann í einingunni er gagnkvæma einingin aðskilin eining sem hefur samþykkt áhættuna.

Veruleg vátryggingaáhætta

B17 Samningur er því aðeins vátryggingarsamningur að hann yfirfæri umtalsverða vátryggingaáhættu. Í liðum B7–B16 er fjallað um vátryggingaáhættu. Í liðum B18–B23 er fjallað um mat á því hvort vátryggingaáhætta er veruleg.

B18 Vátryggingaáhætta er veruleg þá og því aðeins að tryggður atburður gæti valdið því að útgefandi þurfi að greiða verulegar viðbótarfjárhæðir við einhverjar aðstæður, að undanskildum aðstæðum sem eru ekki viðskiptalegs eðlis (þ.e. hafa engin merkjanleg áhrif á hagfræði viðskiptanna). Ef tryggður atburður gæti þýtt að verulegar viðbótarfjárhæðir kæmu til greiðslu við einhverjar aðstæður sem eru viðskiptalegs eðlis gæti skilyrðið í málsliðnum hér að framan verið uppfyllt jafnvel þótt tryggði atburðurinn sé afar ólíklegur, eða jafnvel þótt vænt núvirði (þ.e. líkindavegið) óviss sjóðstreymis sé lítill hluti vænts núvirðis af því samningsbundna sjóðstreymi sem eftir stendur af vátryggingar-samningnum.

B19 Auk þess yfirfærir samningur aðeins verulega vátryggingaáhættu við aðstæður sem eru viðskiptalegs eðlis þar sem útgefandi getur orðið fyrir tapi á grundvelli núvirðis. Þó er litið svo á að endurtryggingarsamningur yfirfæri verulega vátryggingaáhættu ef hann yfirfærir til endurtryggjandans nánast alla þá vátryggingaáhættu sem varðar endurtryggða hluta þeirra vátryggingarsamninga sem liggja til grundvallar, jafnvel þótt endurtryggingarsamningur geri útgefanda ekki óvarinn fyrir möguleikanum á verulegu tapi.

B20 Viðbótarfjárhæðirnar sem lýst er í lið B18 eru ákvarðaðar á grundvelli núvirðis. Ef vátryggingarsamningur krefst greiðslu þegar atburður með óvissri tímasetningu á sér stað og ef greiðslan er ekki leiðrétt með tilliti til tímavirðis peninga geta komið upp aðstæður þar sem núvirði greiðslunnar eykst, jafnvel þótt nafnvirði hennar sé fast. Dæmi um þetta er trygging sem veitir fastar dánarbætur þegar vátryggingartaki deyr og engin fyrningardagsetning er á tryggingunni (oft vísað til sem heildarlíftryggingar fyrir fasta fjárhæð). Öruggt er að vátryggingartakinn mun deyja en dánardagurinn er óviss. Inna má greiðslur af hendi þegar vátryggingartaki deyr fyrr en vænst var. Þar sem þessar greiðslur eru ekki leiðréttar með tilliti til tímavirðis peninga gæti veruleg vátryggingaáhætta verið fyrir hendi jafnvel þótt ekkert heildartap verði á safni samninganna. Á sama hátt geta samningsskilmálar sem fresta tímanlegri endurgreiðslu til vátryggingartaka komið í veg fyrir verulega vátryggingaáhættu. Eining skal nota afvöxtunarstuðlana sem krafa er gerð um í 36. lið til að ákvarða núvirði viðbótarfjárhæðanna.

B21 Viðbótarfjárhæðirnar sem lýst er í lið B18 vísa til núvirðis fjárhæða sem eru hærri en þær sem kæmu til greiðslu ef enginn tryggður atburður hefði átt sér stað (að undanskildum aðstæðum sem eru ekki viðskiptalegs eðlis). Þessar viðbótarfjárhæðir taka til kostnaðar við meðferð og mat krafna en útiloka:

a) tap á þeim möguleika að taka gjald af vátryggingartaka fyrir þjónustu í framtíðinni. Sem dæmi, í fjárfestingar tengdum líftryggingarsamningi hefur andlát vátryggingartaka það í för með sér að einingin getur ekki lengur annast fjárfestingarþjónustu og innheimt þóknun fyrir. Þetta efnahagslega tap einingarinnar er þó ekki til komið vegna vátryggingaáhættu, rétt eins og stjórnandi gagnkvæms sjóðs tekur ekki á sig vátryggingaáhættu í tengslum við hugsanlegt andlát viðskiptavinar. Af þessum sökum skiptir hugsanlegt tap þóknana fyrir fjárfestingarstýringu í framtíðinni ekki máli við mat á því hversu mikil vátryggingaáhætta er yfirfærð með samningi,

b) niðurfellingu, við andlát, á gjöldum sem væru innheimt við uppsögn eða endurkaup. Þar sem gjöldin eru til komin vegna samningsins bætir niðurfelling þeirra vátryggingartaka ekki upp áður greinda (e. *pre-existing*) áhættu. Af þessum sökum skipta þau ekki máli við mat á því hversu mikil vátryggingaáhætta er yfirfærð með samningi,

c) greiðslu sem er háð atburði sem veldur handhafa samningsins ekki verulegu tapi. Sem dæmi má líta til samnings þar sem þess er krafist að útgefandi greiði eina milljón GE ([58]) ef eign verður fyrir efnislegum skemmdum sem valda handhafa óverulegu efnahagslegu tapi sem nemur einni GE. Í þessum samningi yfirfærir handhafi þá óverulegu áhættu að tapa einni GE til útgefandans. Á sama tíma skapar samningurinn áhættu aðra en vátryggingaáhættu þess eðlis að útgefandi þurfi að greiða 999 999 GE ef tilgreindi atburðurinn á sér stað. Þar sem ekki er um að ræða aðstæður þar sem tryggður atburður veldur handhafa samningsins verulegu tapi tekur útgefandinn ekki á sig verulega vátryggingaáhættu frá handhafanum og þessi samningur er ekki vátryggingar-samningur.

d) hugsanlega endurheimt endurtrygginga. Einingin færir þetta aðskilið.

B22 Eining skal meta mikilvægi vátryggingaáhættu fyrir hvern samning fyrir sig. Af þessum sökum getur vátrygginga áhætta því verið veruleg jafnvel þótt lágmarkslíkur séu á verulegu tapi fyrir safn eða flokk samninga.

B23 Af liðum B18–B22 leiðir að ef hærri bætur eru greiddar samkvæmt samningi vegna andláts en fjárhæðin sem greidd væri vegna lífslíkna telst samningurinn vera vátryggingarsamningur nema viðbótarbæturnar vegna andláts séu óverulegar (metið út frá samningnum sjálfum fremur en safni samninga í heild). Eins og fram kemur í b-lið í lið B21 er niðurfelling við andlát á gjöldum sem væru innheimt við uppsögn eða endurkaup ekki talin með í þessu mati ef sú niðurfelling bætir vátryggingartakanum ekki upp áður greinda áhættu. Á sama hátt er lífeyrissamningur þar sem reglulegar fjárhæðir eru greiddar svo lengi sem vátryggingartaki lifir vátryggingarsamningur nema samsöfnuðu lífstengdu lífeyrisgreiðslurnar séu óverulegar.

Breytingar á tryggingaáhættu

B24 Að því er suma samninga varðar er vátryggingaáhætta yfirfærð til útgefanda að tilteknum tíma liðnum. Sem dæmi má líta á samning sem veitir tilgreinda ávöxtun á fjárfestingu og felur í sér valrétt fyrir vátryggingartakann til að nota hagnaðinn af fjárfestingunni á gjalddaga til að kaupa lífstengdan lífeyri (e. *life-contingent annuity*) gegn sama iðgjaldi og einingin setur upp fyrir aðra nýja lífeyrisþega á þeim tíma þegar vátryggingartakinn nýtir valréttinn. Slíkur samningur yfirfærir vátryggingaáhættu til útgefanda einungis eftir að valrétturinn hefur verið nýttur vegna þess að

([58]) GE táknar gjaldmiðilseiningu.

einingunni er frjálst að verðleggja lífeyrinn á grunni sem endurspeglar þá vátryggingaáhættu sem verður yfirfærð til einingarinnar á þeim tíma. Af þessum sökum fellur sjóðstreymið, sem myndi eiga sér stað við nýtingu valréttarins, utan marka samningsins og fyrir nýtingu valréttarins er ekkert sjóðstreymi vegna trygginga innan marka samningsins. Ef samningurinn tilgreinir hins vegar lífeyrisiðgjöld (eða grundvöll annan en markaðsverð til að ákvarða lífeyrisiðgjöld) yfirfærir samningurinn vátryggingaáhættu til útgefanda vegna þess að útgefandinn stendur frammi fyrir þeirri áhættu að lífeyrisiðgjöldin verði útgefandanum óhagstæð þegar vátryggingartakinn nýtir valréttinn. Í því tilviki er sjóðstreymið, sem myndi eiga sér stað þegar valrétturinn er nýttur, innan marka samningsins.

B25 Samningur sem fellur að skilgreiningunni á vátryggingarsamningi er áfram vátryggingarsamningur þar til öll réttindi og skyldur hafa verið felld úr gildi (þ.e. sagt upp, ógilt eða runnið út), nema samningurinn sé afskráður við beitingu 74.–77. liðar vegna breytinga á samningnum.

Dæmi um vátryggingarsamninga

B26 Eftirfarandi eru dæmi um samninga sem eru vátryggingarsamningar ef yfirfærsla vátryggingaáhættu er veruleg:

a) trygging gegn þjófnaði eða eignaspjöllum,

b) trygging vegna skaðsemisábyrgðar, ábyrgðar á atvinnustarfsemi, einkaréttarábyrgðar eða réttarverndar,

c) líftrygging og fyrirframgreiddur útfararkostnaður (þó að andlát sé víst er óvíst hvenær andlát ber að eða, í sumum tegundum líftrygginga, hvort andlát verður á tímabilinu sem tryggingin tekur til),

d) lífstengdur lífeyrir og lífeyrir, þ.e. samningar sem veita bætur vegna óviss framtíðaratburðar — lífslíkur lífeyrisþegans — til að láta lífeyrisþeganum í té þær tekjur sem annars yrðu fyrir neikvæðum áhrifum af lifun hans eða hennar. (Skuldir vinnuveitenda sem eru til komnar vegna lífeyrissjóða og eftirlaunaskuldbindinga sem tilheyra réttindatengdum eftirlaunakerfum falla utan gildissviðs IFRS-staðals 17 við beitingu b-liðar 7. liðar.),

e) trygging vegna örorku- og lækniskostnaðar,

f) ábyrgðaryfirlýsingar, tryggingabréf, verktryggingar og tilboðstryggingar, þ.e. samningar sem greiða bætur til handhafa ef annar aðili uppfyllir ekki samningsbundna skuldbindingu, t.d. þá skuldbindingu að reisa byggingu,

g) vöruábyrgðir. Vöruábyrgðir, sem gefnar eru út af öðrum aðila fyrir vörur, sem framleiðandi, seljandi eða smásali selur, falla innan gildissviðs IFRS-staðals 17. Þó falla vöruábyrgðir, sem framleiðandi, seljandi eða smásali gefa út beint, utan gildissviðs IFRS-staðals 17 við beitingu a-liðar 7. liðar, og eru þess í stað innan gildissviðs IFRS-staðals 15 eða IAS-staðals 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*,

h) eignarréttartrygging (e. *title insurance*) (þ.e. trygging vegna uppgötvunar galla á eignarrétti lands eða bygginga sem voru ekki augljósir þegar vátryggingarsamningurinn var gefinn út). Í þessu tilviki er tryggði atburðurinn uppgötvun galla á eignarréttinum, ekki gallinn sjálfur,

i) ferðatrygging (bætur í reiðufé eða í fríðu til vátryggingartaka vegna taps sem þeir urðu fyrir áður en ferðalag hófst eða meðan á því stóð),

j) stórtjónatryggingar, sem kveða á um lækkaðar greiðslur af höfuðstól, vöxtum eða hvoru tveggja ef tilgreindur atburður hefur neikvæð áhrif á útgefanda tryggingarinnar (nema tilgreindi atburðurinn skapi ekki verulega vátryggingaáhættu, t.d. ef atburðurinn er vaxta- eða gengisbreyting),

k) tryggingaskipti og aðrir samningar þar sem krafist er greiðslu sem byggist á breytingum á loftslagsbreytum, jarðfræðibreytum eða öðrum eðlisfræðilegum breytum sem eiga sérstaklega við aðila að samningnum.

B27 Eftirfarandi eru dæmi um liði sem eru ekki vátryggingarsamningar:

a) fjárfestingarsamningar sem eru vátryggingarsamningar að lögum en yfirfæra ekki verulega vátryggingaáhættu til útgefanda. Sem dæmi teljast líftryggingarsamningar þar sem einingin ber ekki verulega áhættu vegna andláts eða sjúkdóma ekki til vátryggingarsamninga; slíkir samningar eru fjármálagerningar eða þjónustusamningar — sjá lið B28. Fjárfestingarsamningar með valkvæðum þátttökuákvæðum samrýmast ekki skilgreiningunni á vátryggingarsamningi; á hinn bóginn falla þeir, við beitingu c-liðar 3. liðar, innan gildissviðs IFRS-staðals 17, að því tilskildu að þeir séu gefnir út af einingu sem gefur einnig út vátryggingarsamninga,

b) samningar sem hafa lagalegt form trygginga en færa alla verulega vátryggingaáhættu til vátryggingartaka á grundvelli óuppsegjanlegra og framfylgjanlegra aðferða þar sem leiðréttar eru framtíðargreiðslur vátryggingartaka til útgefanda sem bein afleiðing af tryggðu tapi. Sem dæmi færa sumir fjárhagslegir endurtryggingarsamningar eða sumar hóptryggingar alla verulega vátryggingaáhættu til vátryggingartaka en slíkir samningar eru venjulega fjármálagerningar eða þjónustusamningar (sjá lið B28),

c) sjálfsáhættutrygging (þ.e. að halda eftir áhættu sem hefði getað fallið undir tryggingu). Í slíkum aðstæðum er enginn vátryggingarsamningur til staðar vegna þess að ekkert samkomulag var gert við annan aðila. Þannig er enginn vátryggingarsamningur í samstæðureikningsskilunum ef eining gefur út vátryggingarsamning til móðurfélags, dótturfélags eða annarra dótturfélaga sama móðurfélags vegna þess að enginn samningur er til staðar við annan aðila. Þó er vátryggingarsamningur fyrir hendi fyrir stök eða aðgreind reikningsskil útgefanda eða handhafa,

d) samningar (s.s. happdrættissamningar) þar sem krafist er greiðslu ef tilgreindur óviss framtíðaratburður á sér stað en í þeim er ekki gerð krafa um, sem samningsbundið skilyrði fyrir greiðslu, að atburðurinn hafi neikvæð áhrif á vátryggingartakann. Samningar, sem tilgreina fyrirframákveðna greiðslu til að meta stærð taps sem tilgreindur atburður eins og andlát eða slys veldur (sjá lið B12), eru þó ekki undanþegnir skilgreiningunni á vátryggingarsamningi,

e) afleiður sem gera aðila óvarinn fyrir fjárhagslegri áhættu en ekki vátryggingaáhættu vegna þess að í afleiðunum er þess krafist að sá aðili inni af hendi (eða þær veiti honum rétt til að fá) greiðslu sem byggist eingöngu á breytingum á einu eða fleiri af tilgreindum vaxtastigum, verði fjármálagerninga, hrávöruverði, gengi gjaldmiðla, verð- eða vaxtavísitölu, lánshæfismati eða lánskjaravísitölu eða annarri breytu, að því tilskildu að ef um ófjárhagslega breytu er að ræða eigi breytan ekki sérstaklega við um aðila að samningnum,

f) lánstengdar ábyrgðir þar sem krafist er greiðslna jafnvel þótt handhafi hafi ekki orðið fyrir tapi vegna þess að skuldari innti ekki af hendi greiðslur þegar þær féllu í gjalddaga; gerð er grein fyrir slíkum samningum með beitingu IFRS-staðals 9, *fjármálagerningar* (sjá lið B29),

g) samningar þar sem krafist er greiðslu sem tekur mið af breytingum á loftslagsbreytu, jarðfræðibreytu eða annarri eðlisfræðilegri breytu sem á ekki sérstaklega við aðila að samningnum (kallast almennt veðurafleiður),

h) samningar þar sem kveðið er á um lækkaðar greiðslur af höfuðstól, vöxtum eða hvoru tveggja, sem taka mið af loftslagsbreytu, jarðfræðibreytu eða annarri eðlisfræðilegri breytu sem á ekki sérstaklega við aðila að samningnum (kallast almennt stórtjónatryggingar).

B28 Eining skal beita öðrum viðeigandi stöðlum, s.s. IFRS-staðli 9 og IFRS-staðli 15, að því er varðar þá samninga sem lýst er í lið B27.

B29 Lánstengdar ábyrgðir og greiðsluvátryggingarsamningar, sem fjallað er um í f-lið í lið B27, geta verið í ýmiss konar lagalegu formi, s.s. ábyrgð, nokkrar tegundir loforða um lánveitingu, vanskilaáhættusamningur eða vátryggingarsamningur. Þessir samningar eru vátryggingarsamningar ef þess er krafist að útgefandi inni tilgreindar greiðslur af hendi til að endurgreiða handhafa vegna taps sem hann verður fyrir vegna þess að tilgreindur skuldari innir ekki af hendi greiðslu til vátryggingartakans þegar hún fellur í gjalddaga samkvæmt upphaflegum eða breyttum skilmálum skuldagernings. Þó falla slíkir vátryggingarsamningar ekki undir gildissvið IFRS-staðals 17 nema útgefandi hafi áður haldið því ótvírætt fram að hann líti á samningana sem vátryggingarsamninga og hafi fylgt reikningsskilum sem gilda um vátryggingarsamninga (sjá e-lið 7. liðar).

B30 Lánsábyrgðir og greiðsluvátryggingarsamningar sem krefjast greiðslu, jafnvel þótt vátryggingartaki hafi ekki orðið fyrir tapi vegna þess að skuldari innti ekki af hendi greiðslur þegar þær féllu í gjalddaga, falla utan gildissviðs IFRS-staðals 17 vegna þess að þeir yfirfæra ekki verulega vátryggingaáhættu. Slíkir samningar ná yfir þá samninga sem krefjast greiðslu:

a) óháð því hvort mótaðilinn hafi undirliggjandi skuldagerning í vörslu sinni eða

b) við breytingu á lánshæfismati eða lánskjaravísitölu fremur en að tilgreindur skuldari hafi ekki innt greiðslur af hendi þegar þær féllu í gjalddaga.

AÐGREINING ÞÁTTA FRÁ VÁTRYGGINGARSAMNINGI (10.–13. LIÐUR)

Fjárfestingarþættir (b-liður 11. liðar)

B31 Í b-lið 11. liðar er gerð krafa um að eining greini aðskilinn fjárfestingarþátt frá meginvátryggingarsamningnum. Fjárfestingarþáttur er aðskilinn þá og því aðeins að bæði eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

a) fjárfestingarþátturinn og tryggingarþátturinn hafa ekki mjög rík innbyrðis tengsl,

b) samningur með sambærilegum skilmálum er seldur eða hægt væri að selja hann sér á sama markaði eða í sömu lögsögu, annaðhvort af hálfu eininga sem gefa út vátryggingarsamninga eða af hálfu annarra aðila. Einingin skal við ákvörðunina taka tillit til allra upplýsinga sem tiltækar eru með góðu móti. Ekki er gerð krafa um að einingin framkvæmi tæmandi leit til að staðfesta hvort fjárfestingarþáttur er seldur sér.

B32 Fjárfestingarþáttur og tryggingarþáttur hafa rík innbyrðis tengsl þá og því aðeins að:

a) einingin geti ekki metið annan þáttinn án þess að taka tillit til hins. Því skal eining, ef virði annars þáttarins breytist eftir virði hins, beita IFRS-staðli 17 til að færa samanlögðu fjárfestinguna og vátryggingarþáttinn eða

b) vátryggingartaki geti ekki notið ávinnings af einum þætti nema hinn sé einnig til staðar. Því skal eining, ef fyrning eða gjalddagi annars þáttar í samningi veldur því að fyrning eða gjalddagi hins þáttarins rennur út, beita IFRS-staðli 17 til að færa samanlagðan fjárfestingarþátt og tryggingarþátt.

Loforð um að yfirfæra aðgreindar vörur eða þjónustu, aðra en þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi (12. liður)

B33 Í 12. lið er þess krafist að eining aðgreini frá vátryggingarsamningi loforð um að yfirfæra aðgreindar vörur eða þjónustu, aðra en þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi, til vátryggingartaka. Að því er aðgreiningu varðar skal eining ekki líta til verkefna sem hún verður að sinna til að efna samninginn nema einingin yfirfæri til vátryggingartaka vöru eða þjónustu, aðra en þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi, um leið og þau verkefni eru innt af hendi. Sem dæmi kann eining að þurfa að annast ýmis stjórnsýsluverkefni til að koma samningi á fót. Framkvæmd þessara verkefna felst ekki í yfirfærslu á þjónustu til vátryggingartaka meðan á framkvæmd þeirra stendur.

B34 Vara eða þjónusta, önnur en þjónusta samkvæmt vátryggingarsamningi sem lofuð er vátryggingartaka, er aðskilin ef vátryggingartaki getur nýtt sér hana, annaðhvort eina og sér eða ásamt öðrum tilföngum sem vátryggingartakinn hefur greiðan aðgang að. Auðveldlega aðgengileg tilföng eru vörur eða þjónusta sem eru seld sérstaklega (af einingunni eða annarri einingu) eða tilföng sem vátryggingartaki hefur þegar fengið (frá einingunni eða úr öðrum viðskiptum eða atburðum).

B35 Vara eða þjónusta, önnur en þjónusta samkvæmt vátryggingarsamningi, sem vátryggingartaka er lofað er ekki aðskilin ef:

a) sjóðstreymið og áhættan sem tengist vörunni eða þjónustunni hafa rík innbyrðis tengsl við sjóðstreymið og áhættuna sem tengist tryggingaþáttunum í samningnum og

b) einingin veitir umtalsverða þjónustu við að samþætta vöruna eða þjónustuna tryggingaþættinum.

SJÓÐSTREYMI VIÐ ÖFLUN VÁTRYGGINGA (LIÐIR 28A–28F)

B35A Til að beita lið 28A skal eining nota kerfisbundna og rökrétta aðferð við úthlutun:

a) sjóðstreymis við öflun vátrygginga sem heimfæra má beint á flokk vátryggingarsamninga:

i. á þann flokk og

ii. á flokka sem munu innihalda vátryggingarsamninga sem vænst er að verði til vegna endurnýjunar vátryggingarsamninga í þeim flokki,

b) sjóðstreymis við öflun vátrygginga sem heimfæra má beint á safn vátryggingarsamninga annarra en þeirra sem um getur í a-lið, á flokka samninga í safninu.

B35B Í lok hvers reikningsskilatímabils skal eining endurskoða fjárhæðir, sem er úthlutað eins og tilgreint er í lið B35A, til að endurspegla hvers kyns breytingar á forsendum sem ákvarða ílagsgögn fyrir úthlutunaraðferðina sem notuð er. Eining skal ekki breyta fjárhæðum sem úthlutað er til flokks vátryggingarsamninga eftir að öllum samningum hefur verið bætt við flokkinn (sjá lið B35C).

B35C Eining gæti bætt vátryggingarsamningum við flokk vátryggingarsamninga yfir fleiri en eitt reikningsskilatímabil (sjá 28. lið). Við slíkar aðstæður skal eining afskrá þann hluta eignar sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga sem tengist vátryggingarsamningum sem bætt er við flokkinn á því tímabili og halda áfram að færa eign sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga, að því marki sem eignin tengist vátryggingarsamningum sem vænst er að bætt verði við flokkinn á reikningsskilatímabili í framtíðinni.

B35D Til að beita lið 28E:

a) skal eining færa virðisrýrnunartap í rekstrarreikning og lækka bókfært verð eignar sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga þannig að bókfært verð eignarinnar verði ekki hærra en það hreina innstreymi handbærs fjár sem vænst er vegna tengds flokks vátryggingarsamninga, sem ákvarðað er við beitingu a-liðar 32. liðar,

b) skal einingin, þegar hún úthlutar sjóðstreymi við öflun vátrygginga til flokka vátryggingarsamninga við beitingu ii. liðar a-liðar í lið B35A, færa virðisrýrnunartap í rekstrarreikning og lækka bókfært verð tengdra eigna er myndast út frá sjóðstreymi við öflun vátrygginga, að því marki sem:

i. einingin væntir þess að þetta sjóðstreymi við öflun vátrygginga verði meira en hreint innstreymi handbærs fjár vegna væntra endurnýjana, ákvarðað við beitingu a-liðar 32. liðar og

ii. umframfjárhæðin sem er ákvörðuð við beitingu i. liðar b-liðar hefur ekki þegar verið færð sem virðisrýrnunartap við beitingu a-liðar.

MAT (29.–71. LIÐUR)

Mat á framtíðarsjóðstreymi (33.–35. liður)

B36 Þessi þáttur fjallar um:

a) óhlutdræga notkun allra viðeigandi og rökstuddra upplýsinga sem tiltækar eru án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar (sjá liði B37–B41),

b) markaðsbreytur og breytur utan markaða (sjá liði B42–B53),

c) notkun gildandi mats (sjá liði B54–B60) og

d) sjóðstreymi innan marka samningsins (sjá liði B61–B71).

Óhlutdræg notkun allra viðeigandi og rökstuddra upplýsinga sem tiltækar eru án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar (a-liður 33. liðar)

B37 Markmiðið með mati á framtíðarsjóðstreymi er að ákvarða vænt virði eða líkindavegið meðaltal allra hugsanlegra niðurstaðna, að teknu tilliti til allra viðeigandi og rökstuddra upplýsinga sem fyrir liggja á reikningsskiladegi án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar. Í viðeigandi og rökstuddum upplýsingum sem tiltækar eru á reikningsskiladegi án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar koma fram upplýsingar um liðna atburði og ríkjandi skilyrði og spár um framtíðarskilyrði (sjá lið B41). Litið er svo á að upplýsingar sem liggja fyrir úr upplýsingakerfi einingarinnar sjálfrar séu tiltækar án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar.

B38 Upphafspunktur mats á sjóðstreymi eru ýmsar sviðsmyndir sem endurspegla allar mögulegar niðurstöður. Í hverri sviðsmynd er tilgreind fjárhæð og tímasetning sjóðstreymis fyrir tiltekna niðurstöðu og líkur áætlaðar á þeirri niðurstöðu. Sjóðstreymi út frá hverri sviðsmynd er afvaxtað og vegið með áætluðum líkum á þeirri niðurstöðu til að finna út vænt núvirði. Af þessum sökum er markmiðið ekki að þróa líklegustu niðurstöðu, eða niðurstöðu sem er líklegri en ekki, fyrir framtíðarsjóðstreymi.

B39 Við mat á öllum hugsanlegum niðurstöðum er markmiðið að taka með allar viðeigandi og rökstuddar upplýsingar, sem tiltækar eru án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar, á óhlutdrægan hátt fremur en að greina allar mögulegar sviðsmyndir. Í raun er ónauðsynlegt að þróa skýrar sviðsmyndir ef matið sem af þeim leiðir er í samræmi við matsmarkmiðið um að taka tillit til allra viðeigandi og rökstuddra upplýsinga sem tiltækar eru án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar þegar meðaltalið er ákvarðað. Sem dæmi, ef eining metur það svo að líkindadreifing niðurstaðna sé í stórum dráttum í samræmi við líkindadreifingu sem hægt er að lýsa í heild með fáum breytum, er nóg að meta færri breytur. Á sama hátt getur tiltölulega einföld líkanagerð í sumum tilvikum gefið svar innan viðunandi nákvæmnimarka án þess að þörf sé á margs konar ítarlegri hermun. Þó kann sjóðstreymið í sumum tilvikum að vera knúið áfram af flóknum undirliggjandi þáttum og getur brugðist við breytingum á efnahagsaðstæðum með ólínulegum hætti. Þetta getur t.d. gerst ef sjóðstreymið endurspeglar raðir innbyrðis tengdra kosta sem eru óbeinir eða beinir. Líklegt er að í slíkum tilvikum sé þróaðri tilviljunarkennd líkanagerð nauðsynleg til að ná matsmarkmiðinu.

B40 Í sviðsmyndunum sem þróaðar eru skal vera óhlutdrægt mat á líkum á stórfelldu tapi vegna fyrirliggjandi samninga. Þessar sviðsmyndir útiloka mögulegar kröfur vegna hugsanlegra framtíðarsamninga.

B41 Eining skal meta líkur á framtíðargreiðslum og fjárhæðir þeirra samkvæmt fyrirliggjandi samningum á grundvelli upplýsinga sem aflað hefur verið, þ.m.t.:

a) upplýsingar um kröfur sem vátryggingartakar hafa þegar tilkynnt um,

b) aðrar upplýsingar um þekkta eða áætlaða eiginleika vátryggingarsamninganna,

c) söguleg gögn um eigin reynslu einingarinnar sem studd eru sögulegum gögnum úr öðrum heimildum þegar nauðsyn krefur. Söguleg gögn eru leiðrétt til að endurspegla ríkjandi aðstæður, t.d. ef:

i. einkenni tryggða þýðisins eru ólík (eða munu verða ólík, t.d. vegna hrakvals) einkennum þess þýðis sem hefur verið notað sem grunnur sögulegu gagnanna,

ii. vísbendingar eru um að þessi sögulega þróun muni ekki halda áfram, að ný þróun muni eiga sér stað eða að efnahagslegar, lýðfræðilegar og aðrar breytingar geti haft áhrif á sjóðstreymið sem verður til vegna fyrirliggjandi vátryggingarsamninga, eða

iii. breytingar hafa orðið á liðum á borð við málsmeðferðarreglur vegna sölutryggingar og uppgjörs tjóna sem kunna að hafa áhrif á mikilvægi sögulegra gagna fyrir vátryggingarsamningana,

d) upplýsingar um gangverð, ef þær liggja fyrir, að því er varðar endurtryggingarsamninga og aðra fjármálagerninga (ef einhverjir eru) sem ná yfir sambærilega áhættu, s.s. stórtjónatryggingar og veðurafleiður, og nýlegt markaðsverð að því er varðar yfirfærslu vátryggingarsamninga. Þessar upplýsingar skulu leiðréttar til að endurspegla mismuninn á sjóðstreyminu sem er til komið vegna þessara endurtryggingarsamninga eða annarra fjármálagerninga og sjóðstreyminu sem myndi verða þegar einingin efnir undirliggjandi samninga við vátryggingartakann.

Markaðsbreytur og breytur utan markaðar

B42 Í IFRS-staðli 17 eru tvenns konar breytur tilgreindar:

a) markaðsbreytur — breytur sem unnt er að sannreyna á eða leiða beint af mörkuðum (t.d. verð á verðbréfum ásamt vöxtum á almennum markaði) og

b) breytur utan markaðar — allar aðrar breytur (t.d. tíðni og umfang vátryggingarkrafna og dánartíðni).

B43 Markaðsbreytur leiða að jafnaði til fjárhagslegrar áhættu (t.d. sannreynanlegir vextir) og breytur utan markaðar leiða að jafnaði til ófjárhagslegrar áhættu (t.d. dánartíðni). Sú verður þó ekki alltaf raunin. Sem dæmi geta verið fyrir hendi forsendur sem tengjast fjárhagslegri áhættu þar sem ekki er unnt að sannreyna breytur á eða leiða beint af mörkuðum (t.d. vextir sem ekki er unnt að sjá á eða leiða beint af mörkuðum).

Markaðsbreytur (b-liður 33. liðar)

B44 Mat á markaðsbreytum skal vera í samræmi við sannreynanlegt markaðsverð á matsdegi. Eining skal hámarka notkun á sannreynanlegum ílagsgögnum og ekki skipta út eigin mati fyrir sannreynanleg markaðsgögn nema eins og lýst er í 79. lið IFRS-staðals 13, *gangvirðismat*. Ef nauðsynlegt reynist, í samræmi við IFRS-staðal 13, að leiða breytur af markaði (t.d. þegar engar sannreynanlegar markaðsbreytur eru til staðar) skulu þær vera í eins miklu samræmi við sannreynanlegar markaðsbreytur og kostur er.

B45 Markaðsverð sameinar mismunandi sjónarmið varðandi hugsanlega framtíðarniðurstöðu og endurspeglar einnig áhættuvirði markaðsaðila. Af þessum sökum eru það ekki ótvíræð spá um framtíðarútkomuna. Ef raunveruleg niðurstaða er önnur en fyrra markaðsverð þýðir það ekki að markaðsverðið hafi verið „rangt“.

B46 Mikilvæg beiting markaðsbreyta er hugmyndin um eftirmyndareign eða eftirmyndarsafn. Eftirmyndarsafn er safn sem hefur sjóðstreymi sem í öllum sviðsmyndum passar *nákvæmlega* við samningsbundið sjóðstreymi flokks vátryggingarsamninga að því er varðar fjárhæð, tímasetningu og óvissu. Í sumum tilvikum getur eitthvað af sjóðstreyminu sem er til komið vegna flokks vátryggingarsamninga verið í formi eftirmyndareignar. Gangvirði þeirrar eignar endurspeglar bæði vænt núvirði sjóðstreymis frá eigninni og áhættuna sem tengist viðkomandi sjóðstreymi. Ef eftirmyndarsafn er til staðar fyrir eitthvað af sjóðstreyminu sem er til komið vegna flokks vátryggingarsamninga getur einingin notað gangvirði þeirra eigna til að meta viðeigandi uppfyllingarsjóðstreymi í stað þess að áætla beint sjóðstreymi og afvöxtunarstuðul.

B47 Í IFRS-staðli 17 er þess ekki krafist að eining beiti aðferð eftirmyndunar á safni. Ef eftirmyndareign eða -safn er hins vegar til staðar fyrir eitthvað af sjóðstreyminu sem er til komið vegna vátryggingarsamninga og eining kýs að nota aðra aðferð skal hún ganga úr skugga um að ólíklegt sé að aðferð eftirmyndar á safni myndi leiða til verulega frábrugðins mats á því sjóðstreymi.

B48 Aðrar aðferðir en aðferð eftirmyndunar á safni, eins og tilviljunarkennd líkanagerð, geta verið traustari eða auðveldari í framkvæmd ef um er að ræða veruleg víxltengsl milli sjóðstreymis sem er breytilegt eftir ávöxtun eigna og annars sjóðstreymis. Nauðsynlegt er að beita dómgreind við ákvörðun á því hvaða aðferð samrýmist best markmiðinu um samkvæmni við sannreynanlegar markaðsbreytur við tilteknar aðstæður. Einkum skal aðferðin sem notuð er leiða til þess að mat á hvers kyns valrétti og ábyrgðum, sem eru innifalin í vátryggingarsamningunum, sé í samræmi við sannreynanlegt markaðsverð (ef það er fyrir hendi) fyrir slíka valrétti og ábyrgðir.

Breytur utan markaðar

B49 Mat á breytum utan markaðar skal endurspegla öll viðeigandi og rökstudd gögn, bæði frá innri og ytri aðilum, sem tiltæk eru án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar.

B50 Ytri gögn utan markaðar (t.d. landshagskýrslur um dánartíðni) geta haft meira eða minna gildi en gögn innan markaðar (t.d. innri hagtölur um dánartíðni), allt eftir aðstæðum. Sem dæmi skal eining, sem gefur út líftryggingarsamninga, ekki eingöngu reiða sig á landshagskýrslur um dánartíðni heldur skal hún líta til allra annarra viðeigandi og rökstuddra innri og ytri upplýsinga, sem tiltækar eru án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar, við þróun óhlutdrægs líkindamats fyrir sviðsmyndir er varða dánartíðni fyrir vátryggingarsamninga sína. Við þróun þessa líkindamats skal einingin gefa meira vægi þeim upplýsingum sem eru meira sannfærandi. Dæmi:

a) innri hagskýrslur um dánartíðni geta verið meira sannfærandi en landsbundin gögn um dánartíðni ef landsbundin gögn eru leidd af stóru þýði sem er ekki dæmigert fyrir tryggða þýðið. Þetta gæti t.d. verið vegna þess að lýðfræðileg einkenni tryggðs þýðis gætu verið verulega frábrugðin einkennum innlenda þýðisins sem með því er átt við að eining þyrfti að gefa innri gögnum meira vægi og landshagskýrslum minna vægi,

b) ef innri hagtölur eru hins vegar leiddar af litlu þýði með einkenni sem talið er að séu svipuð einkennum innlenda þýðisins og um er að ræða nýjustu innlendar hagtölur skal eining gefa innlendu hagtölunum meira vægi.

B51 Áætlaðar líkur fyrir breytur utan markaðar skulu ekki stangast á við sannreynanlegar markaðsbreytur. Sem dæmi skulu áætlaðar líkur fyrir framtíðarsviðsmyndir verðbólgu vera eins samræmdar líkum sem leiða má af markaðsvöxtum og kostur er.

B52 Í sumum tilvikum getur eining komist að þeirri niðurstöðu að markaðsbreytur séu mismunandi óháð breytum utan markaðar. Ef svo er skal einingin líta til sviðsmynda sem endurspegla mögulegar niðurstöður fyrir breytur utan markaðar þar sem hver sviðsmynd notar sama sannreynda gildi markaðsbreytunnar.

B53 Í öðrum tilvikum getur verið fylgni á milli markaðsbreyta og breyta utan markaðar. Sem dæmi geta verið vísbendingar um að fyrningartíðni (breyta utan markaðar) hafi fylgni við vexti (markaðsbreyta). Á sama hátt geta verið vísbendingar um að tjón vegna hús- eða bifreiðatryggingar hafi fylgni við hagsveiflur og þar með við vexti og gjaldafjárhæðir. Einingin skal tryggja að líkurnar á sviðsmyndunum og áhættuleiðréttingarnar vegna ófjárhagslegrar áhættu sem tengjast markaðsbreytunum séu í samræmi við sannreynanlegt markaðsverð sem háð er þessum markaðsbreytum.

Notkun gildandi mats (c-liður 33. liðar)

B54 Við mat á sérhverri sviðsmynd sjóðstreymis og líkum á henni skal eining nota allar viðeigandi og rökstuddar upplýsingar sem tiltækar eru án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar. Eining skal endurskoða matið sem hún gerði við lok fyrra reikningsskilatímabils og uppfæra það. Þegar það er gert skal eining athuga hvort:

a) uppfærða matið gefi rétta mynd af aðstæðum við lok reikningsskilatímabilsins,

b) breytingar á mati gefa rétta mynd af breytingum á aðstæðum á tímabilinu. Dæmi er ef gert er ráð fyrir að mat hafi við upphaf tímabilsins verið við annan enda hæfilegs bils. Hafi aðstæður ekki breyst myndi það að hliðra matinu til hins enda bilsins við lok tímabilsins ekki gefa rétta mynd af því sem gerst hefur á tímabilinu. Ef nýjasta mat einingar er frábrugðið fyrra mati hennar en aðstæður hafa ekki breyst skal hún meta hvort nýju líkurnar sem

áætlaðar eru fyrir hverja sviðsmynd séu á rökum reistar. Þegar einingin uppfærir mat sitt á þessum líkum skal hún bæði taka tillit til gagnanna sem studdu fyrra mat hennar og allra nýlega aðgengilegra gagna og gefa gögnum sem eru meira sannfærandi aukið vægi.

B55 Líkurnar sem áætlaðar eru fyrir hverja sviðsmynd skulu endurspegla aðstæður við lok reikningsskilatímabilsins. Af þessum sökum er við beitingu IAS-staðals 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*, atburður sem á sér stað eftir að reikningsskilatímabili lýkur og sem leysir úr óvissu sem er til staðar við lok reikningsskilatímabilsins ekki sönnun á þeim aðstæðum sem voru fyrir hendi á þeim degi. Sem dæmi geta verið við lok reikningsskilatímabilsins 20% líkur á því að á þeim sex mánuðum sem eftir standa af vátryggingarsamningi skelli á mikið óveður. Eftir lok reikningsskilatímabilsins en áður en birting reikningsskilanna er heimiluð skellur á mikið óveður. Uppfyllingarsjóðstreymið samkvæmt þeim samningi skal ekki endurspegla óveðrið sem vitað er að varð, eftir á að hyggja. Þess í stað felur sjóðstreymið í matinu í sér þessar 20% líkur sem sjást við lok reikningsskilatímabilsins (ásamt upplýsingagjöf við beitingu IAS-staðals 10 um að atburður sem kallar ekki á leiðréttingu hafi átt sér stað eftir að reikningsskilatímabilinu lauk).

B56 Gildandi mat á væntu sjóðstreymi er ekki endilega í nákvæmu samræmi við síðustu raunverulegu þróun. Sem dæmi, ef gert er ráð fyrir að dánartíðni á reikningsskilatímabilinu hafi verið 20% hærri en sést af fyrri reynslu af dánartíðni og fyrri væntingum um dánartíðni. Ýmsir þættir gætu hafa valdið þessari skyndilegu breytingu á þróun dánartíðni, þ.m.t.:

a) viðvarandi breytingar á dánartíðni,

b) breytingar á einkennum tryggða þýðisins (t.d. breytingar á sölutryggingu eða dreifingu eða vátryggingartaki við óvenjugóða heilsu velur að láta tryggingu falla úr gildi),

c) tilviljunarkenndar sveiflur eða

d) stakar skilgreinanlegar orsakir.

B57 Eining skal rannsaka ástæður þessarar breytingar á þróun og vinna nýtt mat á sjóðstreymi og líkum í ljósi nýjustu þróunar, fyrri þróunar og annarra upplýsinga. Niðurstaðan í dæminu í lið B56 væri venjulega sú að vænt núvirði dánarbóta breytist en breytingin nær þó ekki 20%. Í dæminu í lið B56 munu áætlaðar líkur fyrir hverja sviðsmynd hárrar dánartíðni aukast ef dánartíðni er áfram umtalsvert hærri en í fyrra mati af ástæðum sem vænst er að vari áfram.

B58 Í mati á breytum utan markaðar skulu vera upplýsingar um núverandi stig tryggðra atburða og upplýsingar um þróun. Sem dæmi hefur dánartíðni farið stöðugt lækkandi í langan tíma í mörgum löndum. Ákvörðunin um uppfyllingarsjóðstreymi endurspeglar líkurnar sem yrðu áætlaðar fyrir hverja mögulega þróunarsviðsmynd, að teknu tilliti til allra viðeigandi og rökstuddra upplýsinga sem tiltækar eru án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar.

B59 Ef sjóðstreymi sem úthlutað er til flokka vátryggingarsamninga er viðkvæmt fyrir verðbólgu skal ákvörðunin um uppfyllingarsjóðstreymi endurspegla á sama hátt gildandi mat á hugsanlegu verðbólgustigi í framtíðinni. Vegna þess að líklegt er að verðbólgustig hafi fylgni við vexti skal mat á uppfyllingarsjóðstreymi endurspegla líkurnar fyrir hverja verðbólgusviðsmynd þannig að það sé í samræmi við líkur sem ákvarðast af þeim markaðsvöxtum sem notaðir eru til að meta afvöxtunarstuðulinn (sjá lið B51).

B60 Við mat á sjóðstreymi skal eining taka tillit til fyrirliggjandi væntinga um framtíðaratburði sem gætu haft áhrif á það sjóðstreymi. Einingin skal þróa sviðsmyndir sjóðstreymis sem endurspegla þessa framtíðaratburði sem og óhlutdrægt mat á líkum á hverri sviðsmynd. Eining skal þó ekki taka tillit til fyrirliggjandi væntinga um framtíðarbreytingar á löggjöf, sem myndu breyta eða fella niður núverandi skuldbindingu eða skapa nýjar skuldbindingar samkvæmt gildandi vátryggingarsamningi, fyrr en breyting á löggjöfinni hefur verið samþykkt efnislega.

Sjóðstreymi innan marka samningsins (34. liður)

B61 Mat á sjóðstreymi í sviðsmynd skal taka til alls sjóðstreymis innan marka fyrirliggjandi samnings og ekki annars sjóðstreymis. Eining skal beita 2. lið þegar hún ákvarðar mörk fyrirliggjandi samnings.

B62 Margir vátryggingarsamningar fela í sér þætti sem gera vátryggingartökum kleift að grípa til aðgerða sem breyta fjárhæð, tímasetningu, eðli eða óvissu þeirra fjárhæða sem þeir fá. Slíkir þættir eru m.a. möguleiki á endurnýjun, endurkaupréttur, skiptiréttur og réttur til ákveða að hætta að greiða iðgjöld en fá áfram greiddar bætur samkvæmt samningunum. Mat á flokki vátryggingarsamninga skal endurspegla, á grundvelli vænts virðis, gildandi mat einingarinnar á því hvernig vátryggingartakar í flokknum munu nýta sér tiltæka valrétti og áhættuleiðréttingin fyrir ófjárhagslega áhættu skal endurspegla gildandi mat einingarinnar á því hvernig raunveruleg hegðun vátryggingartaka kann að vera frábrugðin þeirri hegðun sem búast má við. Þessi krafa um ákvörðun vænts virðis gildir óháð fjölda samninga í flokki og gildir t.d. þótt aðeins sé einn samningur í flokknum. Því skal mat á flokki vátryggingarsamninga ekki gera ráð fyrir 100% líkum á því að vátryggingartakar muni:

a) endurkaupa samninga sína ef einhverjar líkur eru á því að sumir vátryggingartakanna muni ekki gera það eða

b) halda samningum sínum áfram ef það eru einhverjar líkur á því að sumir vátryggingartakanna muni ekki gera það.

B63 Ef þess er krafist í samningnum að útgefandi vátryggingarsamnings endurnýi samninginn eða haldi honum áfram með öðrum hætti skal hann beita 34. lið til að meta hvort iðgjöld og tengt sjóðstreymi sem er til komið vegna endurnýjaða samningsins séu innan marka upphaflega samningsins.

B64 Ákvæði 34. liðar vísa til þess að eining hefur í reynd getu til að ákvarða verð á degi í framtíðinni (endurnýjunardagur) sem endurspeglar að fullu áhættuna í samningnum frá þeim degi. Eining hefur í reynd þennan möguleika ef ekki eru til staðar hömlur sem koma í veg fyrir að hún ákveði sama verð og hún myndi ákveða fyrir nýjan samning með sömu eiginleika og fyrirliggjandi samningur sem er gefinn út á þeim degi, eða ef hún getur breytt bótum þannig að þær séu í samræmi við verðið sem hún mun innheimta. Á sama hátt hefur eining í reynd möguleika á að ákveða verð þegar hún getur endurákvarðað fyrirliggjandi samning þannig að verðið endurspegli heildarbreytingar á áhættu í safni vátryggingarsamninga, jafnvel þótt verðið sem ákveðið er fyrir hvern vátryggingartaka endurspegli ekki breytinguna á áhættu fyrir þennan tiltekna vátryggingartaka. Við mat á því hvort eining hefur í reynd möguleika á að ákveða verð sem endurspeglar að fullu áhættuna í samningnum eða safninu skal hún hafa í huga alla áhættu sem hún myndi hafa í huga við sölutryggingu á jafngildum samningum á endurnýjunardegi fyrir eftirstæða þjónustu. Við ákvörðun á mati á framtíðarsjóðstreymi við lok reikningsskilatímabils skal eining endurmeta mörk vátryggingarsamnings til að taka með áhrif af breytingum á aðstæðum á efnisleg réttindi og skuldbindingar einingarinnar.

B65 Sjóðstreymi innan marka vátryggingarsamnings er það sem tengist beint efndum á samningnum, þ.m.t. sjóðstreymi sem lýtur ákvörðunarrétti einingarinnar hvað varðar fjárhæð eða tímasetningu. Sjóðstreymið innan markanna tekur til:

a) iðgjalda (þ.m.t. iðgjaldabreytingar og iðgjöld með afborgunum) frá vátryggingartaka og hvers kyns viðbótar sjóðstreymis sem leiðir af þessum iðgjöldum,

b) greiðslna til vátryggingartaka (eða fyrir hans hönd), þ.m.t. tjóna sem hafa þegar verið tilkynnt en hafa ekki enn verið greidd (þ.e. tilkynnt tjón), tjóna vegna atburða sem hafa átt sér stað en ekki hefur verið tilkynnt og allra framtíðartjóna sem einingin hefur efnislega skuldbindingu um (sjá 34. lið),

c) greiðslna til vátryggingartaka (eða fyrir hans hönd) sem eru breytilegar eftir arðsemi undirliggjandi liða,

d) greiðslna til vátryggingartaka (eða fyrir hans hönd) sem eru til komnar vegna afleiða, t.d. réttinda og ábyrgða sem eru innbyggð í samninginn, að því marki sem þessi réttindi og ábyrgðir eru ekki aðskilin frá vátryggingar-samningnum (sjá a-lið 11. liðar),

e) úthlutunar á sjóðstreymi við öflun vátrygginga sem heimfæra má á safnið sem samningurinn tilheyrir,

f) kostnaðar við meðferð krafna (þ.e. þess kostnaðar sem einingin stofnar til við rannsókn, meðferð og úrlausn krafna samkvæmt gildandi vátryggingarsamningum, þ.m.t. lögfræðikostnaðar, þóknunar þeirra sem leiðrétta fyrir tapi og innri kostnaðar við rannsókn og meðferð krafna),

g) kostnaðar sem einingin stofnar til í tengslum við samningsbundnar bætur sem greiddar eru í fríðu,

h) kostnaðar vegna stjórnsýslu og viðhalds vátryggingarsamninga, s.s. kostnaðar við innheimtu iðgjalda og umsjón með breytingum á vátryggingarsamningnum (t.d. umreikningar og bakfærslur (e. *reinstatements*). Slíkur kostnaður tekur einnig til síendurtekinna umboðslauna sem vænst er að verði greidd til miðlara ef tiltekinn vátryggingartaki heldur áfram að greiða iðgjöld innan marka vátryggingarsamningsins,

i) viðskiptatengdra skatta (s.s. iðgjaldaskatta, virðisaukaskatta og skatta vegna vöru og þjónustu) og álaga (s.s. álaga vegna þjónustu slökkviliðs og mats á ábyrgðarsjóðum) sem stafa beint af gildandi vátryggingarsamningum eða sem heimfæra má á þá á raunhæfum og samræmdum grundvelli,

j) greiðslna sem vátryggjandi sem annast fjárvörslu innir af hendi til að standa við skattskuldbindingar sem vátryggingartaki hefur stofnað til og tengdar innborganir,

k) mögulegs innstreymis handbærs fjár vegna endurheimtar (s.s. endurkröfuréttar) á kröfum í framtíðinni sem gildandi vátryggingarsamningar ná yfir og, að því marki sem þær uppfylla ekki skilyrði fyrir færslu sem aðgreindar eignir, mögulegs innstreymis handbærs fjár frá endurheimtum á fyrri kröfum,

ka) kostnaðar sem einingin mun stofna til:

i. með því að stunda fjárfestingarstarfsemi, að því marki sem einingin leggur stund á þá starfsemi til að auka ávinning tryggingaverndar fyrir vátryggingartaka. Fjárfestingarstarfsemi eykur ávinning tryggingarverndar ef einingin stundar þá starfsemi í þeirri trú að hún skili ávöxtun fjárfestinga sem vátryggingartaki hefur hag af ef tryggður atburður á sér stað,

ii. með því að veita vátryggingartökum vátryggingarsamninga án beinna þátttökuákvæða þjónustu vegna ávöxtunar fjárfestinga (sjá lið B119B),

iii. með því að veita vátryggingartökum fjárfestingasamninga með valkvæðum þátttökuákvæðum þjónustu vegna ávöxtunar fjárfestinga,

l) úthlutunar á föstum og breytilegum óbeinum kostnaði (s.s. kostnaði við reikningshald, mannauð, upplýsingatækni og stoðþjónustu, afskriftir bygginga, leigu, viðhald og þjónustu) sem heimfæra má beint á uppfyllingu vátryggingarsamninga. Slíkum óbeinum kostnaði er úthlutað til flokka samninga með kerfisbundnum og rökréttum aðferðum og er af samkvæmni lagður á allan kostnað með sambærileg einkenni,

m) alls annars kostnaðar sem krefja má vátryggingartaka um sérstaklega samkvæmt skilmálum samningsins.

B66 Ekki skal telja eftirfarandi sjóðstreymi með við mat á sjóðstreymi sem myndast þegar einingin uppfyllir gildandi vátryggingasamning:

a) ávöxtun fjárfestinga. Fjárfestingar eru færðar, metnar og lagðar fram hver fyrir sig,

b) sjóðstreymi (útgreiðslur eða inngreiðslur) sem myndast samkvæmt endurtryggingarsamningum til eigin endurtrygginga. Endurtryggingarsamningar eru færðir, metnir og lagðir fram hver fyrir sig,

c) sjóðstreymi sem kann að myndast vegna framtíðarvátryggingarsamninga, þ.e. sjóðstreymi utan marka gildandi samninga (sjá 34.–35. lið),

d) sjóðstreymi sem tengist kostnaði sem ekki er hægt að heimfæra á það safn vátryggingarsamninga sem samningurinn er hluti af, s.s. tiltekinn kostnaður við vöruþróun og þjálfun. Slíkur kostnaður er færður í rekstrarreikning þegar stofnað er til hans,

e) sjóðstreymi sem myndast vegna óeðlilega mikillar sóunar á vinnuafli eða annarra úrræða sem notuð eru til að efna samninginn. Slíkur kostnaður er færður í rekstrarreikning þegar stofnað er til hans,

f) inngreiðslur og útgreiðslur vegna tekjuskatts, sem vátryggjandi greiðir ekki eða móttekur sem fjárvörsluaðili eða sem ekki má krefja vátryggingartaka um sérstaklega samkvæmt skilmálum samningsins,

g) sjóðstreymi milli mismunandi hluta einingarinnar sem reikningsskilin taka til, s.s. sjóða vátryggingartaka og sjóða hluthafa, ef þetta sjóðstreymi breytir ekki fjárhæðinni sem verður greidd til vátryggingartaka,

h) sjóðstreymi sem myndast vegna þátta sem eru aðskildir frá vátryggingasamningnum og færðir með því að nota aðra gildandi staðla (sjá 10.–13. lið).

B66A Áður en flokkur vátryggingarsamninga er færður getur eining verið krafin um að færa eign eða skuld vegna sjóðstreymis sem tengist flokki vátryggingarsamninga, annars en sjóðstreymis við öflun vátrygginga, annaðhvort vegna tilkomu sjóðstreymisins eða vegna krafna í öðrum IFRS-staðli. Sjóðstreymi tengist flokki vátryggingasamninga ef það sjóðstreymi hefði verið talið með í uppfyllingarsjóðstreyminu á upphafsfærsludegi flokksins, hefði það verið greitt eða móttekið eftir þann dag. Til að beita ii. lið c-liðar í 38. lið skal eining afskrá slíka eign eða skuld, að því marki sem eignin eða skuldin yrði ekki færð aðskilin frá flokki vátryggingarsamninga ef sjóðstreymið eða beiting IFRS-staðalsins átti sér stað á upphafsfærsludegi viðkomandi flokks vátryggingarsamninga.

Samningar með sjóðstreymi eða sem hafa áhrif á eða verða fyrir áhrifum af sjóðstreymi til vátryggingartaka annarra samninga

B67 Sumir vátryggingarsamningar hafa áhrif á sjóðstreymi til vátryggingartaka annarra samninga með því að krefjast þess:

a) að vátryggingartaki deili ávöxtun af sama tilgreinda safni undirliggjandi liða með vátryggingartökum annarra samninga og

b) annaðhvort:

i. að vátryggingartaki taki á sig lækkun sinnar hlutdeildar í ávöxtun þessara undirliggjandi liða vegna greiðslna til vátryggingartaka annarra samninga sem deila því safni, þ.m.t. greiðslur sem verða til vegna ábyrgða sem veittar voru vátryggingartökum þessara annarra samninga, eða

ii. að vátryggingartakar annarra samninga taki á sig lækkun sinnar hlutdeildar í ávöxtun þessara undirliggjandi liða vegna greiðslna til vátryggingartakans, þ.m.t. greiðslur sem verða til vegna ábyrgða sem veittar voru vátryggingartakanum.

B68 Í sumum tilvikum hafa slíkir samningar áhrif á sjóðstreymi til vátryggingartaka samninga í öðrum flokkum. Uppfyllingarsjóðstreymi hvers flokks endurspeglar að hvaða marki samningar í flokknum valda því að vænt sjóðstreymi hefur áhrif á eininguna, hvort sem það er til vátryggingartaka í þeim flokki eða til vátryggingartaka í öðrum flokki. Af þessum sökum tekur uppfyllingarsjóðstreymi vegna flokks:

a) til greiðslna sem leiðir af skilmálum gildandi samninga til vátryggingartaka samninga í öðrum flokkum, óháð því hvort þess er vænst að þær greiðslur verði inntar af hendi til núverandi vátryggingartaka eða framtíðarvátryggingartaka og

b) ekki til greiðslna til vátryggingartaka í flokknum sem hafa, við beitingu a-liðar, verið teknar með í uppfyllingarsjóðstreymi annars flokks.

B69 Sem dæmi myndi uppfyllingarsjóðstreymi í fyrri flokknum innihalda greiðslur sem nema 100 GE (þ.e. yrði 350 GE) og uppfyllingarsjóðstreymi í síðari flokknum myndi undanskilja 100 GE af tryggðu fjárhæðinni að því marki sem greiðslur til vátryggingartaka í einum flokki eru lækkaðar af hlut í ávöxtun undirliggjandi liða úr 350 GE í 250 GE vegna greiðslna á tryggðri fjárhæð til vátryggingartaka í öðrum flokki.

B70 Nota má mismunandi, hagnýtar aðferðir til að ákvarða uppfyllingarsjóðstreymi flokka samninga sem hafa áhrif á eða verða fyrir áhrifum af sjóðstreymi til vátryggingartaka samninga í öðrum flokkum. Í sumum tilvikum gæti eining greint breytinguna á undirliggjandi liðum og afleidda breytingu á sjóðstreymi aðeins á flokkunarþrepi ofar flokkunum. Í slíkum tilvikum skal einingin úthluta áhrifum af breytingunni á undirliggjandi liði til hvers flokks á kerfisbundinn og rökréttan hátt.

B71 Eftir að samningum í flokki hefur verið veitt öll þjónusta vegna vátryggingarsamninga getur uppfyllingarsjóðstreymið enn falið í sér greiðslur sem vænst er að verði inntar af hendi til núverandi vátryggingartaka í öðrum flokkum eða til framtíðarvátryggingartaka. Ekki er gerð krafa um að eining haldi áfram að úthluta slíku uppfyllingarsjóðstreymi til tiltekinna flokka en hún getur þess í stað fært og metið skuld fyrir slíkt uppfyllingarsjóðstreymi sem er til komið vegna allra flokka.

Afvöxtunarstuðlar (36. liður)

B72 Eining skal nota eftirfarandi afvöxtunarstuðla þegar hún beitir IFRS-staðli 17:

a) til að meta uppfyllingarsjóðstreymi — gildandi afvöxtunarstuðla við beitingu 36. liðar,

b) til að ákvarða vexti sem leggjast við samningsbundið þjónustuálag með því að beita b-lið 44. liðar vegna vátryggingarsamninga án beinna þátttökuákvæða — afvöxtunarstuðla sem eru ákvarðaðir á upphafsfærsludegi flokks samninga við beitingu 36. liðar á nafnvirði sjóðstreymis sem er ekki breytilegt á grundvelli ávöxtunar á undirliggjandi liðum,

c) til að meta breytingar á samningsbundnu þjónustuálagi við beitingu a- til b-liðar og d-liðar í lið B96 að því er varðar vátryggingarsamninga án beinna þátttökuákvæða — afvöxtunarstuðla við beitingu 36. liðar sem ákvarðaðir eru við upphafsfærslu,

d) að því er varðar flokka samninga, með beitingu einfölduðu úthlutunaraðferðarinnar, sem hafa mikilvægan fjármögnunarþátt til að leiðrétta bókfært verð skuldar vegna eftirstæðrar tryggingar við beitingu 56. liðar — afvöxtunarstuðla við beitingu 36. liðar sem eru ákvarðaðir við upphafsfærslu,

e) ef eining kýs að sundurgreina fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga milli rekstrarreiknings og annarrar heildarafkomu (sjá 88. lið) til að ákvarða fjárhæð fjármagnstekna eða -gjalda vegna vátrygginga sem eru færð í rekstrarreikning:

i. að því er varðar flokka vátryggingarsamninga þar sem breytingar á forsendum sem tengjast fjárhagslegri áhættu hafa ekki veruleg áhrif á fjárhæðir sem greiddar eru vátryggingartaka við beitingu liðar B131 — afvöxtunarstuðla sem ákvarðaðir eru á upphafsfærsludegi flokks samninga við beitingu 36. liðar á nafnvirði sjóðstreymis sem breytist ekki á grundvelli ávöxtunar undirliggjandi liða,

ii. að því er varðar flokka vátryggingarsamninga þar sem breytingar á forsendum sem tengjast fjárhagslegri áhættu hafa veruleg áhrif á fjárhæðir sem greiddar eru vátryggingartaka við beitingu i. liðar a-liðar í lið B132 — afvöxtunarstuðla sem úthluta eftirstæðum endurskoðuðum væntum fjármögnunartekjum eða -gjöldum á eftirstæðum gildistíma flokks samninga með stöðugum hætti og

iii. að því er varðar flokka samninga, með beitingu einfölduðu úthlutunarferðarinnar við beitingu b-liðar 59. liðar og liðar B133 — afvöxtunarstuðla sem eru ákvarðaðir á gjaldfærsludegi tjóns við beitingu 36. liðar á nafnvirði sjóðstreymis sem breytist ekki á grundvelli ávöxtunar undirliggjandi liða.

B73 Til að ákvarða afvöxtunarstuðla á upphafsfærsludegi flokks samninga sem lýst er í b- til e-lið í lið B72 getur eining notað vegið meðaltal afvöxtunarstuðla á tímabilinu þegar samningar innan flokksins eru gefnir út sem getur við beitingu 22. liðar ekki verið lengra en eitt ár.

B74 Mat á afvöxtunarstuðlum skal vera í samræmi við annað mat sem notað er til að meta vátryggingarsamninga til að komast hjá tvítalningu eða úrfellingu, t.d.:

a) sjóðstreymi sem breytist ekki á grundvelli ávöxtunar undirliggjandi liða skal afvaxtað með stuðlum sem endurspegla ekki slíkan breytileika,

b) sjóðstreymi sem er breytilegt eftir ávöxtun allra fjárhagslegra undirliggjandi liða sem skal:

i. afvaxtað með stuðlum sem endurspegla þann breytileika eða

ii. leiðrétt með tilliti til áhrifa þess breytileika og afvaxtað með stuðli sem endurspeglar leiðréttinguna sem gerð er,

c) nafnvirði sjóðstreymis (þ.e. það sem inniheldur áhrif verðbólgu) skal afvaxtað með stuðli sem felur í sér áhrif verðbólgu og

d) raunverulegt sjóðstreymi (þ.e. það sem undanskilur áhrif verðbólgu) skal afvaxtað með stuðli sem undanskilur áhrif verðbólgu.

B75 Í b-lið í lið B74 er gerð krafa um að sjóðstreymi, sem er breytilegt eftir ávöxtun undirliggjandi liða, sé afvaxtað með stuðlum sem endurspegla þann breytileika, eða að það sé leiðrétt vegna áhrifa af breytileikanum og afvaxtað með stuðli sem endurspeglar leiðréttinguna sem gerð var. Breytileiki er mikilvægur þáttur óháð því hvort hann verður til vegna samningsskilmála eða vegna þess að einingin beitir ákvörðunarrétti og óháð því hvort einingin hefur undirliggjandi liði í vörslu sinni.

B76 Sjóðstreymi sem er breytilegt eftir ávöxtun undirliggjandi liða með breytilegri ávöxtun en er háð tryggingu á lágmarksávöxtun er ekki breytilegt eingöngu á grundvelli ávöxtunar undirliggjandi liðanna, jafnvel þegar fjárhæðin sem sjóðstreymið tryggir er lægri en vænt ávöxtun undirliggjandi liða. Af þeim sökum skal eining leiðrétta stuðulinn sem endurspeglar breytileika ávöxtunar undirliggjandi liða vegna áhrifa tryggingarinnar, jafnvel þegar fjárhæðin sem sjóðstreymið tryggir er lægri en vænt ávöxtun undirliggjandi liða.

B77 Í IFRS-staðli 17 er þess ekki krafist að eining skipti áætluðu sjóðstreymi í það sem er breytilegt á grundvelli ávöxtunar undirliggjandi liða og það sem er ekki breytilegt. Ef eining skiptir ekki metnu sjóðstreymi með þessum hætti skal hún beita afvöxtunarstuðlum sem best eiga við mat á sjóðstreymi í heild, t.d. með notkun slembireiknilíkana eða áhættuhlutlausra matsaðferða.

B78 Afvöxtunarstuðlar skulu einungis innihalda viðeigandi þætti, þ.e. þætti sem stafa af tímavirði peninga, eiginleikum sjóðstreymis og lausafjáreiginleikum vátryggingarsamninga. Slíkan afvöxtunarstuðul er mögulega ekki hægt að sannreyna með beinum hætti á markaði. Því skal eining áætla viðeigandi stuðla þegar sannreynanlegir markaðsvextir fyrir gerning með sömu eiginleika eru ekki tiltækir eða þegar sannreynanlegir markaðsvextir fyrir sambærilega gerninga eru tiltækir en tilgreina ekki sérstaklega þættina sem greina gerninginn frá vátryggingarsamningum. Í IFRS-staðli 17 er ekki krafist sérstakrar matsaðferðar við að ákvarða afvöxtunarstuðla. Þegar matsaðferð er beitt skal eining:

a) hámarka notkun á sannreynanlegum ílagsgögnum (sjá lið B44) og endurspegla allar viðeigandi og rökstuddar upplýsingar um breytur utan markaðar, sem tiltækar eru án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar frá bæði ytri og innri aðilum (sjá lið B49). Einkum skulu afvöxtunarstuðlarnir sem eru notaðir ekki stangast á við nein tiltæk og viðeigandi markaðsgögn og engin breyta sem er notuð utan markaðar skal stangast á við sannreynanlegar markaðsbreytur,

b) endurspegla ríkjandi markaðsaðstæður frá sjónarhóli markaðsaðila,

c) beita dómgreind til að meta hversu mikil líkindi eru með þáttum vátryggingarsamninga sem verið er að meta og þáttum gernings þar sem fyrir liggur sannreynanlegt markaðsverð og aðlaga þessi verð til að endurspegla mismuninn á þeim.

B79 Að því er varðar sjóðstreymi vátryggingarsamninga, sem breytist ekki á grundvelli ávöxtunar af undirliggjandi liðum, endurspeglar afvöxtunarstuðullinn ávöxtunarferilinn í viðeigandi gjaldmiðli fyrir gerninga sem útsetja handhafa ekki, eða að óverulegu leyti, fyrir útlánaáhættu sem er leiðrétt til að endurspegla lausafjáreiginleika viðkomandi flokks vátryggingarsamninga. Sú leiðrétting skal endurspegla muninn á lausafjáreiginleikum flokks vátryggingarsamninga og lausafjáreiginleikum eignanna sem notaðar eru til að ákvarða ávöxtunarferilinn. Ávöxtunarferlar endurspegla eignir sem viðskipti eru með á virkum mörkuðum, sem handhafi getur að jafnaði selt auðveldlega hvenær sem er án þess að stofna til verulegs kostnaðar. Á hinn bóginn er samkvæmt sumum vátryggingarsamningum ekki hægt að knýja eininguna til að inna greiðslur af hendi fyrr en tryggðir atburðir eiga sér stað eða á þeim dögum sem tilgreindir eru í samningunum.

B80 Af þeim sökum getur eining, að því er varðar sjóðstreymi vátryggingarsamninga sem breytist ekki á grundvelli ávöxtunar undirliggjandi liða, ákvarðað afvöxtunarstuðla með því að leiðrétta áhættulausan ávöxtunarferil fyrir seljanleika (e. *liquid risk-free yield curve*) til að endurspegla mismuninn á lausafjáreiginleikum fjármálagerninganna sem liggja að baki sannreynanlegum vöxtum markaðarins og lausafjáreiginleikum vátryggingarsamninganna (neðansækin nálgun).

B81 Að öðrum kosti getur eining ákvarðað viðeigandi afvöxtunarstuðul fyrir vátryggingarsamninga á grundvelli ávöxtunarferils sem endurspeglar núgildandi markaðsvexti sem felast í gangvirðismati á viðmiðunarsafni (ofansækin nálgun). Eining skal leiðrétta þann ávöxtunarferil til að eyða öllum þáttum sem ekki eiga við um vátryggingarsamningana en ekki er skylt að leiðrétta ávöxtunarferilinn vegna mismunar á lausafjáreiginleikum vátryggingarsamninganna og viðmiðunarsafnsins.

B82 Við mat á ávöxtunarferlinum sem lýst er í lið B81:

a) skal eining nota sannreynanlegt markaðsverð á virkum mörkuðum fyrir eignir í viðmiðunarsafninu, ef það verð er fyrir hendi (í samræmi við 69. lið IFRS-staðals 13),

b) skal eining, ef markaður er ekki virkur, leiðrétta sannreynanlegt markaðsverð fyrir svipaðar eignir til að gera þær sambærilegar markaðsverði þeirra eigna sem metnar eru (í samræmi við 83. lið IFRS-staðals 13),

c) skal eining, ef enginn markaður er fyrir eignir í viðmiðunarsafninu, beita matsaðferð. Að því er varðar slíkar eignir (í samræmi við 89. lið IFRS-staðals 13) skal eining:

i. þróa ósannreynanleg ílagsgögn með því að nota bestu fyrirliggjandi upplýsingar við þessar aðstæður. Slík ílagsgögn gætu tekið til eigin gagna einingarinnar og í tengslum við IFRS-staðal 17 gæti einingin gefið langtímamati meira vægi en skammtímasveiflum og

ii. leiðrétta þessi gögn til að endurspegla allar upplýsingar um forsendur markaðsaðila sem raunhæft er að liggi fyrir.

B83 Við leiðréttingu ávöxtunarferilsins skal einingin leiðrétta sannreynanlega markaðsvexti í nýlegum viðskiptum með gerninga með sambærilega eiginleika vegna hreyfinga á markaðsþáttum frá viðskiptadegi og skal leiðrétta sannreynanlega markaðsvexti til að endurspegla muninn á gerningnum sem verið er að meta og þeim gerningi þar sem verð í viðskiptum eru sannreynanleg. Að því er varðar sjóðstreymi vátryggingarsamninga, sem breytist ekki á grundvelli ávöxtunar eigna í viðmiðunarsafninu, felast slíkar leiðréttingar m.a. í því að:

a) leiðrétta mismuninn á fjárhæð, tímasetningu og óvissu sjóðstreymis af eignum í safninu og fjárhæð, tímasetningu og óvissu sjóðstreymis af vátryggingarsamningunum og

b) undanskilja markaðsáhættuþóknanir vegna útlánaáhættu sem eiga aðeins við um eignir í viðmiðunarsafninu.

B84 Að meginreglu til ætti, að því er varðar sjóðstreymi af vátryggingarsamningum sem er ekki breytilegt á grundvelli ávöxtunar eigna í viðmiðunarsafninu, að vera til staðar einn áhættulaus ávöxtunarferill fyrir torseljanleika (e. *illiquid risk-free yield curve*) sem eyðir allri óvissu um fjárhæð og tímasetningu sjóðstreymis. Þó getur ofansækin nálgun og neðansækin nálgun í raun leitt til mismunandi ávöxtunarferla, jafnvel í sama gjaldmiðli. Ástæður þessa eru að báðar aðferðirnar eru í eðli sínu takmarkaðar við mat á leiðréttingum samkvæmt hvorri aðferð fyrir sig og að mögulega vantar leiðréttingu vegna mismunandi lausafjáreiginleika í ofansæknu nálguninni. Ekki er gerð krafa um að eining samræmi afvöxtunarstuðulinn, sem ákvarðaður er samkvæmt þeirri nálgun sem hún beitir, afvöxtunarstuðulinum sem hefði verið ákvarðaður samkvæmt hinni nálguninni.

B85 Í IFRS-staðli 17 eru ekki tilgreindar takmarkanir á viðmiðunarsafninu sem notað er við beitingu liðar B81. Þó væri þörf á færri leiðréttingum til að eyða þáttum sem skipta vátryggingarsamningana ekki máli þegar viðmiðunarsafnið hefur svipaða eiginleika. Sem dæmi, ef sjóðstreymi frá vátryggingarsamningunum er ekki breytilegt á grundvelli ávöxtunar af undirliggjandi liðum væri þörf á færri leiðréttingum ef eining notaði skuldagerninga sem upphafspunkt fremur en eiginfjárgerninga. Að því er skuldagerninga varðar væri markmiðið að eyða úr heildarávöxtun skuldabréfa áhrifum útlánaáhættu og annarra þátta sem skipta ekki máli fyrir vátryggingarsamningana. Ein leið til að meta áhrif útlánaáhættu er að nota markaðsverð lánaafleiðu sem viðmiðunarpunkt.

Áhættuleiðrétting vegna ófjárhagslegrar áhættu (37. liður)

B86 Áhættuleiðrétting vegna ófjárhagslegrar áhættu tengist áhættu sem er til komin vegna vátryggingarsamninga, annarri en fjárhagslegri áhættu. Fjárhagsleg áhætta er tekin með í mati á framtíðarsjóðstreymi eða afvöxtunarstuðlinum sem notaður er til að leiðrétta sjóðstreymið. Áhætta sem fellur undir áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu er vátryggingaáhætta og önnur ófjárhagsleg áhætta, s.s. fyrningaráhætta og kostnaðaráhætta (sjá lið B14).

B87 Áhættuleiðrétting vegna ófjárhagslegrar áhættu að því er varðar vátryggingarsamninga metur þær bætur sem einingin myndi þurfa til að ekki skipti máli fyrir hana hvort hún velur:

a) að uppfylla skuldbindingu sem getur leitt til margra mögulegra niðurstaðna vegna ófjárhagslegrar áhættu og

b) að uppfylla skuldbindingu sem skilar föstu sjóðstreymi með sama vænta núvirði og vátryggingarsamningarnir.

Sem dæmi myndi áhættuleiðrétting vegna ófjárhagslegrar áhættu meta þær bætur sem einingin myndi þurfa til að ekki skipti máli fyrir hana hvort hún velur að uppfylla skuldbindingu sem, vegna ófjárhagslegrar áhættu, 50% líkur eru á að verði 90 GE og 50% líkur á að verði 110 GE eða uppfylla skuldbindingu sem er fest við 100 GE. Af þessum sökum veitir áhættuleiðrétting vegna ófjárhagslegrar áhættu notendum reikningsskila upplýsingar um fjárhæð sem einingin innheimtir vegna óvissu sem leiðir af ófjárhagslegri áhættu varðandi fjárhæð og tímasetningu sjóðstreymis.

B88 Vegna þess að áhættuleiðrétting vegna ófjárhagslegrar áhættu endurspeglar bætur sem einingin myndi krefjast fyrir að bera ófjárhagslega áhættu, sem leiðir af óvissri fjárhæð og tímasetningu sjóðstreymis, endurspeglar áhættuleiðrétting vegna ófjárhagslegrar áhættu einnig:

a) fjölþættingarábata sem einingin tekur með þegar hún ákvarðar kröfu sínar varðandi bætur fyrir að bera þessa áhættu og

b) bæði hagstæðar og óhagstæðar niðurstöður, þannig að það endurspegli áhættufælni einingarinnar.

B89 Tilgangurinn með áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu er að meta áhrif óvissu í sjóðstreymi sem er til komið vegna vátryggingarsamninga, annarrar en óvissu sem stafar af fjárhagslegri áhættu. Af þessum sökum skal áhættuleiðrétting vegna ófjárhagslegrar áhættu endurspegla alla ófjárhagslega áhættu sem tengist vátryggingar-samningunum. Hún skal ekki endurspegla áhættu sem ekki er til komin vegna vátryggingarsamninga, s.s. almenna rekstraráhættu.

B90 Taka skal áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu með í matinu með skýrum hætti. Áhættuleiðrétting vegna ófjárhagslegrar áhættu er í hugtakalegum skilningi aðskilin frá mati á framtíðarsjóðstreymi og afvöxtunarstuðlum sem leiðrétta það sjóðstreymi. Einingin skal ekki tvítelja áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu, t.d. með því að taka slíka áhættuleiðréttingu með á óbeinan hátt við ákvörðun mats á framtíðarsjóðstreymi eða afvöxtunarstuðlum. Afvöxtunarstuðlar sem upplýst er um til að fara að 120. lið skulu ekki fela í sér óbeinar leiðréttingar vegna ófjárhagslegrar áhættu.

B91 Í IFRS-staðli 17 er ekki tilgreint hvaða matsaðferð(-ir) eru notaðar til að ákvarða áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu. Þó skal áhættuleiðrétting vegna ófjárhagslegrar áhættu hafa eftirfarandi eiginleika til að endurspegla þær bætur sem einingin myndi krefjast fyrir að bera ófjárhagslega áhættu:

a) áhætta sem kemur sjaldan upp og er mjög alvarleg mun leiða til meiri áhættuleiðréttinga vegna ófjárhagslegar áhættu en áhætta sem kemur oft upp og er ekki alvarleg,

b) að því er varðar sambærilega áhættu munu samningar með lengri gildistíma leiða til meiri áhættuleiðréttinga vegna ófjárhagslegrar áhættu en samningar með styttri gildistíma,

c) áhætta með meiri líkindadreifingu mun leiða til meiri áhættuleiðréttinga vegna ófjárhagslegrar áhættu en áhætta með minni dreifingu,

d) því minna sem vitað er um núverandi mat og þróun þess þeim mun meiri verður áhættuleiðrétting vegna ófjárhagslegrar áhættu og

e) að því marki sem nýtilkomin reynsla dregur úr óvissu varðandi fjárhæð og tímasetningu sjóðstreymis mun draga úr áhættuleiðréttingum vegna ófjárhagslegrar áhættu og öfugt.

B92 Eining skal beita faglegu mati þegar hún ákvarðar viðeigandi matsaðferð við áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu. Þegar eining beitir því faglega mati skal hún einnig athuga hvort aðferðinni fylgi gagnorðar og lýsandi upplýsingar svo að notendur reikningsskila geti miðað árangur einingarinnar við árangur annarra eininga. Í 119. lið er gerð krafa um að eining, sem notar aðra aðferð en aðferð sem mælir öryggisstig við ákvörðun áhættuleiðréttingar vegna ófjárhagslegrar áhættu, skuli birta upplýsingar um þá aðferð sem notuð er og öryggisstigið sem samsvarar niðurstöðum þeirrar aðferðar.

Upphafleg færsla á yfirfærslu vátryggingarsamninga og sameiningu fyrirtækja (39. liður)

B93 Þegar eining yfirtekur útgefna vátryggingarsamninga eða endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga við yfirfærslu á vátryggingarsamningum, sem felur ekki í sér stofnun fyrirtækis eða sameiningu fyrirtækja innan gildissviðs IFRS-staðals 3, skal einingin beita 14.–24. lið til að tilgreina þá flokka samninga sem yfirteknir hafa verið, eins og hún hefði gengið til samninganna á viðskiptadegi.

B94 Eining skal láta móttekið eða greitt endurgjald fyrir samninga standa fyrir móttekin iðgjöld. Móttekið eða greitt endurgjald fyrir samningana undanskilur móttekið eða greitt endurgjald fyrir aðrar eignir og skuldir sem yfirteknar eru í sömu viðskiptum. Við sameiningu fyrirtækja innan gildissviðs IFRS-staðals 3 er móttekið eða greitt endurgjald gangvirði samninganna á þeim degi. Þegar eining ákvarðar gangvirði skal hún ekki beita 47. lið IFRS-staðals 13 (í tengslum við innlausnarákvæði).

B95 Við upphafsfærslu er samningsbundið þjónustuálag reiknað út með því að beita 38. lið að því er varðar yfirtekna, útgefna vátryggingarsamninga og 65. lið að því er varðar yfirtekna endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga, með því að láta móttekið eða greitt endurgjald fyrir samningana standa fyrir móttekin eða greidd iðgjöld á upphafsfærsludegi nema einfaldaða úthlutunaraðferðin fyrir skuld vegna eftirstæðrar tryggingaverndar í 55.–59. lið og liðum 69–70A eigi við.

B95A Ef yfirteknir, útgefnir vátryggingarsamningar eru íþyngjandi skal einingin við beitingu 47. liðar færa þá fjárhæð uppfyllingarsjóðstreymisins sem er umfram greitt eða móttekið endurgjald sem hluta af viðskiptavild eða hagnað af hagstæðum kaupum fyrir samninga, sem yfirteknir eru við sameiningu fyrirtækja innan gildissviðs IFRS-staðals 3, eða sem tap í rekstrarreikningi vegna samninga sem yfirteknir eru við yfirfærslu. Einingin skal koma á tapþætti skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar fyrir þessa umframfjárhæð og beita 49.–52. lið til að úthluta síðari breytingum á uppfyllingarsjóðstreymi á þann tapþátt.

B95B Að því er varðar flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga sem liðir 66A–66B eiga við um skal eining ákvarða tapendurheimtarþátt eignarinnar fyrir eftirstæða tryggingavernd á viðskiptadegi með því að margfalda:

a) tapþátt skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar undirliggjandi vátryggingarsamninga á viðskiptadegi og

b) hlutfall krafna á undirliggjandi vátryggingarsamninga sem einingin gerir ráð fyrir á viðskiptadegi að endurheimta frá flokki endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga.

B95C Einingin skal færa þá fjárhæð tapendurheimtarþáttarins, sem ákvörðuð er með beitingu liðar B95B, sem hluta af viðskiptavild eða hagnað af hagstæðum kaupum fyrir endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga, sem eru yfirteknir við sameiningu fyrirtækja innan gildissviðs IFRS-staðals 3, eða sem tekjur í rekstrarreikningi vegna samninga sem yfirteknir eru við yfirfærslu.

B95D Við beitingu 14.–22. liðar á viðskiptadegi gæti eining talið með í íþyngjandi flokki vátryggingarsamninga bæði íþyngjandi vátryggingarsamninga sem falla undir flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga og íþyngjandi samninga sem falla ekki undir flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga. Við beitingu liðar B95B í slíkum tilvikum skal eining beita kerfisbundnum og rökréttum grundvelli úthlutunar til að ákvarða þann hluta tapþáttar flokks vátryggingarsamninga sem tengist vátryggingarsamningum sem falla undir flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga.

Eign sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga

B95E Þegar eining yfirtekur útgefna vátryggingarsamninga við yfirfærslu vátryggingarsamninga, sem felur ekki í sér stofnun fyrirtækis eða sameiningu fyrirtækja innan gildissviðs IFRS-staðals 3, skal einingin færa eign sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga á gangvirði á viðskiptadegi vegna réttarins til að fá:

a) framtíðarvátryggingarsamninga sem eru endurnýjanir á vátryggingarsamningum sem eru færðir á viðskiptadegi og

b) framtíðarvátryggingarsamninga, aðra en þá sem um getur í a-lið, eftir viðskiptadag án þess að greiða aftur sjóðstreymi við öflun vátrygginga sem yfirtekni aðilinn hefur þegar greitt, sem heimfæra má á tengt safn vátryggingarsamninga.

B95F Á viðskiptadegi skal ekki taka fjárhæð eignar sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga með við mat á yfirteknum flokki vátryggingarsamninga við beitingu liða B93–B95A.

Breytingar á bókfærðu verði samningsbundins þjónustuálags vegna vátryggingarsamninga án beinna þátttöku-ákvæða (44. liður)

B96 Í c-lið 44. liðar er krafist leiðréttingar á samningsbundnu þjónustuálagi vegna flokks vátryggingarsamninga, að því er varðar vátryggingarsamninga án beinna þátttökuákvæða, vegna breytinga á uppfyllingarsjóðstreymi sem tengist framtíðarþjónustu. Þessar breytingar samanstanda af:

a) reynsluleiðréttingum sem eru til komnar vegna móttekinna iðgjalda á tímabilinu sem tengjast framtíðarþjónustu og tengdu sjóðstreymi, s.s. sjóðstreymi við öflun vátrygginga og iðgjaldatengdir skattar, metið með þeim afvöxtunarstuðlum sem tilgreindir eru í c-lið í lið B72,

b) breytingum á mati á núvirði framtíðarsjóðstreymis skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar, að undanskildum þeim sem lýst er í a-lið í lið B97, metnar með afvöxtunarstuðlunum sem tilgreindir eru í c-lið í lið B72,

c) mismun á fjárfestingarþætti sem vænst er að komi til greiðslu á tímabilinu og raunverulegum fjárfestingarþætti sem kemur til greiðslu á tímabilinu. Þessi mismunur er ákvarðaður með því að bera saman i. raunverulegan fjárfestingarþátt sem kemur til greiðslu á tímabilinu og ii. greiðsluna á tímabilinu sem vænst var við upphaf tímabilsins, að viðbættum öllum fjármagnstekjum eða -gjöldum vegna vátrygginga sem tengjast þeirri væntu greiðslu, áður en hún kemur til greiðslu,

ca) mismun á láni til vátryggingartaka, sem reiknað er með að verði endurgreitt á tímabilinu, og raunverulegu láni til vátryggingartaka sem kemur til greiðslu á tímabilinu. Þessi mismunur er ákvarðaður með því að bera saman i. raunverulegt lán til vátryggingartaka sem kemur til greiðslu á tímabilinu og ii. endurgreiðslu á tímabilinu sem vænst var við upphaf tímabilsins, að viðbættum öllum fjármagnstekjum eða -gjöldum vegna vátrygginga sem tengjast þeirri væntu endurgreiðslu, áður en hún kemur til greiðslu,

d) breytingum á áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu sem tengjast þjónustu í framtíðinni. Þess er ekki krafist að eining sundurgreini breytinguna á áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu í i. breytingu sem tengist ófjárhagslegri áhættu og ii. áhrif af tímavirði peninga og breytingar á tímavirði peninga. Ef eining gerir slíka sundurgreiningu skal hún leiðrétta samningsbundið þjónustuálag vegna breytingarinnar sem tengist ófjárhagslegri áhættu, metið með afvöxtunarstuðlunum sem tilgreindir eru í c-lið í lið B72.

B97 Eining skal ekki leiðrétta samningsbundið þjónustuálag vegna flokks vátryggingarsamninga án beinna þátttökuákvæða í tengslum við eftirfarandi breytingar á uppfyllingarsjóðstreymi, þar sem þær tengjast ekki framtíðarþjónustu:

a) áhrif tímavirðis peninga og breytingar á því og áhrif fjárhagslegrar áhættu og breytingar á henni. Þessi áhrif samanstanda af:

i. áhrifum, ef einhver eru, á vænt framtíðarsjóðstreymi,

ii. áhrifum, ef þau eru sundurgreind, á áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu og

iii. áhrifum breytingar á afvöxtunarstuðli,

b) breytingar á mati á uppfyllingarsjóðstreymi skuldar vegna gjaldfærðra tjóna,

c) reynsluleiðréttingar, að undanskildum þeim sem lýst er í a-lið í lið B96.

B98 Skilmálar sumra vátryggingarsamninga án beinna þátttökuákvæða veita einingu ákvörðunarrétt varðandi sjóðstreymi sem greitt verður til vátryggingartaka. Breyting á valkvæðu sjóðstreymi telst varða framtíðarþjónustu og leiðréttir því samningsbundið þjónustuálag í samræmi við það. Til að ákvarða hvernig tilgreina eigi breytingu á valkvæðu sjóðstreymi skal eining tilgreina við gildistöku samnings á hvaða grundvelli hún gerir ráð fyrir að ákvarða skuldbindingu sína samkvæmt samningnum, t.d. byggt á föstum vöxtum eða ávöxtun sem er breytileg eftir tiltekinni ávöxtun eigna.

B99 Eining skal nota þessa forskrift til að greina á milli áhrifa af breytingum á forsendum sem tengjast fjárhagslegri áhættu á þá skuldbindingu (sem leiðrétta ekki samningsbundið þjónustuálag) og áhrifa af valkvæðum breytingum á þeirri skuldbindingu (sem leiðrétta samningsbundið þjónustuálag).

B100 Ef eining getur ekki tilgreint við gildistöku samningsins hvað hún telur vera skuldbindingu sína samkvæmt samningnum og hvað hún telur valkvætt skal hún líta svo á að skuldbinding hennar sé sú ávöxtun sem felst í mati á uppfyllingarsjóðstreymi við gildistöku samningsins, uppfært til að endurspegla gildandi forsendur sem tengjast fjárhagslegri áhættu.

Breytingar á bókfærðu verði samningsbundins þjónustuálags af vátryggingarsamningum með beinum þátttöku-ákvæðum (45. liður)

B101 Vátryggingarsamningar með beinum þátttökuákvæðum eru vátryggingarsamningar sem eru að verulegu leyti fjárfestingatengdir þjónustusamningar en samkvæmt þeim lofar eining ávöxtun fjárfestinga sem byggist á undirliggjandi liðum. Því eru þeir skilgreindir sem vátryggingarsamningar þar sem:

a) tilgreint er í samningsskilmálum að vátryggingartaki sé hluti af skýrt tilgreindu safni undirliggjandi liða (sjá liði B105–B106),

b) einingin gerir ráð fyrir því að greiða vátryggingartaka fjárhæð sem er jöfn verulegum hluta ávöxtunar á gangvirði þessara undirliggjandi liða (sjá lið B107) og

c) einingin væntir þess að verulegur hluti breytingar á þeim fjárhæðum sem greiða skal vátryggingartaka breytist vegna breytingar á gangvirði þessara undirliggjandi liða (sjá lið B107).

B102 Eining skal meta hvort skilyrðin í lið B101 hafi verið uppfyllt með væntingum hennar við gildistöku samningsins og skal ekki endurmeta skilyrðin eftir á nema samningnum sé breytt við beitingu 72. liðar.

B103 Að því marki sem vátryggingarsamningar innan flokks hafa áhrif á sjóðstreymi til vátryggingartaka samninga í öðrum flokkum (sjá liði B67–B71) skal eining meta hvort skilyrðin í lið B101 séu uppfyllt með því að taka tillit til sjóðstreymis sem einingin gerir ráð fyrir að greiða vátryggingartökum og sem ákvarðað er við beitingu liða B68–B70.

B104 Skilyrðin í lið B101 tryggja að vátryggingarsamningar með beinum þátttökuákvæðum séu samningar þar sem skuldbinding einingarinnar gagnvart vátryggingartaka er fjárhæðin, að frádreginni:

a) skuldbindingu um að greiða vátryggingartaka fjárhæð sem er jöfn gangvirði undirliggjandi liða og

b) breytilegri þóknun (sjá liði B110–B118) sem einingin mun draga frá a-lið í skiptum fyrir framtíðarþjónustu sem vátryggingarsamningurinn veitir og samanstendur af:

i. fjárhæð hlutar einingarinnar í gangvirði undirliggjandi liða, að undanskildu

ii. uppfyllingarsjóðstreymi sem er ekki breytilegt á grundvelli ávöxtunar undirliggjandi liða.

B105 Hlutur sem um getur í a-lið í lið B101 útilokar ekki að fyrir hendi sé ákvörðunarréttur einingar til að greiða vátryggingartaka breytilegar fjárhæðir. Þó verður tenging við undirliggjandi liði að vera framfylgjanleg (sjá 2. lið).

B106 Í safni undirliggjandi liða sem um getur í a-lið í lið B101 geta verið hvaða liðir sem er, t.d. viðmiðunarsafn, hreinar eignir einingarinnar eða tilgreint hlutmengi hreinna eigna einingarinnar, svo fremi þeir séu skýrt tilgreindir í samningnum. Einingin þarf þó ekki að eiga þetta tilgreinda safn undirliggjandi liða. Skýrt tilgreint safn undirliggjandi liða er þó ekki til staðar þegar:

a) eining getur breytt undirliggjandi liðum sem ákvarða fjárhæð skuldbindingar einingarinnar með afturvirkum áhrifum eða

b) engir undirliggjandi liðir eru tilgreindir, jafnvel þótt vátryggingartaki gæti fengið ávöxtun sem endurspeglar almennt heildarárangur og væntingar einingarinnar eða frammistöðu og væntingar hlutmengis eigna í vörslu einingarinnar. Dæmi um slíka ávöxtun eru tekjufærðir vextir (e. *crediting rate*) eða arðgreiðslur sem ákvarðast við lok þess tímabils sem hún tengist. Í þessu tilviki endurspeglar skuldbinding gagnvart vátryggingartaka tekjufærða vexti eða fjárhæð arðgreiðslu sem einingin hefur ákvarðað og endurspeglar ekki tilgreinda undirliggjandi liði.

B107 Í b-lið í lið B101 er þess krafist að einingin geri ráð fyrir að verulegur hluti ávöxtunar gangvirðis undirliggjandi liða verði greiddur til vátryggingartaka og í c-lið í lið B101 er þess krafist að einingin geri ráð fyrir að verulegur hluti allra breytinga á fjárhæðum, sem greiddar verða til vátryggingartaka, breytist í takt við breytingu á gangvirði undirliggjandi liða. Eining skal:

a) túlka hugtakið „verulegt“ í báðum liðum, í samhengi við markmið vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum, sem samninga þar sem einingin veitir fjárfestingartengda þjónustu og er umbunað fyrir þjónustuna með þóknun sem er ákvörðuð með vísun í undirliggjandi liði og

b) meta breytileika fjárhæða í b-lið í lið B101 og c-lið í lið B101:

i. á gildistíma vátryggingarsamningsins og

ii. á grundvelli núvirðis líkindavegins meðaltals en ekki á grundvelli bestu eða verstu niðurstöðu (sjá liði B37–B38).

B108 Sem dæmi, ef einingin gerir ráð fyrir að greiða verulegan hluta ávöxtunar gangvirðis undirliggjandi liða, með fyrirvara um lágmarksávöxtun, verða til sviðsmyndir þar sem:

a) sjóðstreymi sem einingin gerir ráð fyrir að greiða til vátryggingartaka breytist í takt við breytingar á gangvirði undirliggjandi liða vegna þess að tryggð ávöxtun og annað sjóðstreymi, sem er ekki breytilegt eftir ávöxtun undirliggjandi liða, er ekki hærra en ávöxtun gangvirðis undirliggjandi liða og

b) sjóðstreymi sem einingin gerir ráð fyrir að greiða til vátryggingartaka breytist ekki í takt við breytingar á gangvirði undirliggjandi liða vegna þess að tryggð ávöxtun og annað sjóðstreymi, sem er ekki breytilegt í takt við ávöxtun undirliggjandi liða, er hærra en ávöxtun gangvirðis undirliggjandi liða.

Mat einingarinnar á breytileika í c-lið í lið B101 í þessu dæmi mun endurspegla núvirði líkindavegins meðaltals allra þessara sviðsmynda.

B109 Endurtryggingarsamningar sem gefnir eru út og endurtryggingarsamningar til eigin endurtrygginga geta ekki verið vátryggingarsamningar með beinum þátttökuákvæðum að því er IFRS-staðal 17 varðar.

B110 Að því er vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum varðar er samningsbundið þjónustuálag aðlagað til að endurspegla breytileika í eðli þóknunar. Af þeim sökum er farið með breytingar á fjárhæðum sem settar eru fram í lið B104 eins og fram kemur í liðum B111–B114.

B111 Breytingar á skuldbindingu um að greiða vátryggingartaka fjárhæð sem er jöfn gangvirði undirliggjandi liða (a-liður í lið B104) tengjast ekki framtíðarþjónustu og leiðrétta ekki samningsbundið þjónustuálag.

B112 Breytingar á fjárhæð hlutar einingarinnar í gangvirði undirliggjandi liða (i. liður b-liðar í lið B104) tengjast framtíðarþjónustu og leiðrétta samningsbundið þjónustuálag við beitingu b-liðar 45. liðar.

B113 Breytingar á uppfyllingarsjóðstreymi sem er ekki breytilegt á grundvelli ávöxtunar undirliggjandi liða (ii. liður b-liðar í lið B104) eru:

a) breytingar á uppfyllingarsjóðstreymi, aðrar en þær sem eru tilgreindar í b-lið. Eining skal beita liðum B96–B97 í samræmi við vátryggingarsamninga án beinna þátttökuákvæða til að ákvarða að hvaða marki þeir tengjast framtíðarþjónustu og leiðrétta, við beitingu c-liðar 45. liðar, samningsbundið þjónustuálag. Allar leiðréttingar eru metnar með því að nota gildandi afvöxtunarstuðla,

b) breyting á áhrifum tímavirðis peninga og fjárhagslegrar áhættu sem ekki er af völdum undirliggjandi liða, t.d. áhrif fjárhagslegra ábyrgða. Þær breytingar tengjast framtíðarþjónustu og leiðrétta, við beitingu c-liðar 45. liðar, samningsbundið þjónustuálag nema að því marki sem liður B115 gildir.

B114 Ekki er gerð krafa um að eining tilgreini með aðgreindum hætti þær leiðréttingar á samningsbundnu þjónustuálagi sem krafist er í liðum B112 og B113. Þess í stað má ákvarða samanlagða fjárhæð fyrir sumar eða allar leiðréttingarnar.

Áhættuvarnir

B115 Að því marki sem eining uppfyllir skilyrðin í lið B116 getur hún valið að færa ekki breytingu á samningsbundnu þjónustuálagi til að endurspegla sumar eða allar breytingar á áhrifum tímavirðis peninga og fjárhagslegrar áhættu á:

a) fjárhæð hlutar einingarinnar í undirliggjandi liðum (sjá lið B112) ef einingin dregur úr áhrifum fjárhagslegrar áhættu á þá fjárhæð með því að nota afleiður eða endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga og

b) uppfyllingarsjóðstreymi, sem sett er fram í b-lið í lið B113, ef einingin dregur úr áhrifum fjárhagslegrar áhættu á það uppfyllingarsjóðstreymi með því að nota afleiður, fjármálagerninga sem ekki eru afleiður og sem metnir eru á gangvirði í rekstrarreikningi eða endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga.

B116 Til að beita lið B115 verður eining að hafa áður skjalfest markmið og áætlun um áhættustýringu til að draga úr fjárhagslegri áhættu eins og lýst er í lið B115. Þegar þessu markmiði og áætlun er beitt:

a) er efnahagsleg jöfnun fyrir hendi milli vátryggingarsamninga og afleiðu, fjármálagernings sem ekki er afleiða og metinn er á gangvirði í rekstrarreikningi, eða endurtryggingarsamnings til eigin endurtrygginga (þ.e. virði vátryggingarsamninga og þessara áhættuvarnaliða hreyfast alla jafna í gagnstæðar áttir vegna þess að þeir bregðast á svipaðan hátt við breytingum á þeirri áhættu sem verið er að draga úr). Eining skal ekki líta til mismunar í mati á reikningsskilum þegar hún metur efnahagslega jöfnun,

b) er greiðslufallsáhætta ekki ráðandi þáttur í efnahagslegu jöfnuninni.

B117 Einingin skal ákvarða uppfyllingarsjóðstreymi í flokki, sem liður B115 gildir um, með samræmdum hætti á hverju reikningsskilatímabili.

B117A Ef einingin dregur úr áhrifum fjárhagslegrar áhættu með því að nota afleiður eða fjármálagerninga sem ekki eru afleiður og metnir eru á gangvirði í rekstrarreikningi skal hún taka með fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga fyrir tímabilið sem eru til komin vegna beitingar liðar B115 í rekstrarreikningi. Ef einingin dregur úr áhrifum fjárhagslegrar áhættu með því að nota endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga skal hún beita sömu reikningsskilaaðferð við framsetningu fjármagnstekna eða -gjalda vegna vátrygginga, sem eru til komin vegna beitingar liðar B115, og hún beitir að því er varðar endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga við beitingu 88. og 90. liðar.

B118 Eining skal hætta beitingu liðar B115 frá þeim degi þá og því aðeins að einhver af skilyrðum liðar B116 séu ekki lengur uppfyllt. Eining skal ekki gera neins konar leiðréttingar vegna breytinga sem hafa áður verið færðar í rekstrarreikning.

Færsla samningsbundins þjónustuálags í rekstrarreikning

B119 Fjárhæð samningsbundins þjónustuálags af flokki vátryggingarsamninga er færð í rekstrarreikning á hverju tímabili til að endurspegla þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi sem hefur verið veitt innan ramma flokks vátryggingarsamninga á því tímabili (sjá e-lið 44. liðar, e-lið 45. liðar og e-lið 66. liðar). Fjárhæðin er ákvörðuð með því:

a) að skilgreina vátryggingareiningar í flokknum. Fjöldi vátryggingareininga í flokki er það umfang þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi sem veitt er með samningum í flokknum, ákvarðað með því að taka tillit til, fyrir hvern samning, umfangs bóta sem veittar eru samkvæmt samningi og áætlaðs vátryggingartímabils þeirra,

b) að úthluta samningsbundnu þjónustuálagi við lok tímabilsins (áður en nokkrar fjárhæðir eru færðar í rekstrarreikning til að endurspegla þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi sem veitt hefur verið á tímabilinu) jafnt á hverja vátryggingareiningu sem veitt er á yfirstandandi tímabili og sem vænst er að verði veitt í framtíðinni,

c) að færa í rekstrarreikning þá fjárhæð sem er úthlutað á vátryggingareiningar sem látnar eru í té á tímabilinu.

B119A Til að beita lið B119 lýkur þjónustutímabili ávöxtunar fjárfestinga eða fjárfestingartengdri þjónustu á eða fyrir þann dag þegar allar fjárhæðir til núverandi vátryggingartaka í tengslum við þessa þjónustu hafa verið greiddar, án tillits til greiðslna til framtíðarvátryggingartaka sem innifaldar eru í uppfyllingarsjóðstreymi við beitingu B68.

B119B Hægt er að láta í té þjónustu vegna ávöxtunar fjárfestinga samkvæmt vátryggingarsamningum án beinna þátttöku-ákvæða þá og því aðeins að:

a) fjárfestingarþáttur sé fyrir hendi eða vátryggingartaki eigi rétt á að taka út fjárhæð,

b) einingin geri ráð fyrir að fjárfestingarþáttur eða fjárhæð sem vátryggingartaki hefur rétt á að taka út feli í sér ávöxtun fjárfestingar (ávöxtun fjárfestingar gæti verið undir núlli, t.d. í neikvæðu vaxtaumhverfi) og

c) einingin geri ráð fyrir því að stunda fjárfestingarstarfsemi til að mynda þá ávöxtun.

Endurtryggingarsamningar til eigin endurtrygginga — færsla tapendurheimtar vegna undirliggjandi vátryggingarsamninga (liðir 66A – 66B)

B119C Liður 66A gildir þá og því aðeins að endurtryggingarsamningur til eigin endurtrygginga hafi verið gerður áður eða á sama tíma og íþyngjandi undirliggjandi vátryggingarsamningar eru færðir.

B119D Til að beita lið 66A skal eining ákvarða leiðréttingu á samningsbundnu þjónustuálagi vegna flokks endurtryggingar samninga til eigin endurtrygginga og tekjur sem af því leiðir með því að margfalda:

a) tap sem fært er á undirliggjandi vátryggingarsamninga og

b) hlutfall krafna á undirliggjandi vátryggingarsamninga sem einingin gerir ráð fyrir að endurheimta frá flokki endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga.

B119E Við beitingu 14.–22. liðar gæti eining fellt undir flokk íþyngjandi vátryggingarsamninga bæði íþyngjandi vátryggingarsamninga sem falla undir flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga og íþyngjandi vátryggingarsamninga sem falla ekki undir flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga. Til að beita i.–ii. lið c-liðar 66. liðar og lið 66A í slíkum tilvikum skal einingin beita kerfisbundinni og rökréttri úthlutunaraðferð við ákvörðun á þeim hluta tapsins sem fært er á flokk vátryggingarsamninga sem tengist vátryggingarsamningum sem falla undir flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga.

B119F Þegar eining hefur ákvarðað tapendurheimtarþátt við beitingu liðar 66B skal hún leiðrétta þann þátt til að endurspegla breytingar á tapþættinum í íþyngjandi flokki undirliggjandi vátryggingarsamninga (sjá 50.–52. lið). Bókfært verð tapendurheimtarþáttar skal ekki vera hærra en sá hluti bókfærðs verðs tapþáttar íþyngjandi flokks undirliggjandi vátryggingarsamninga sem einingin gerir ráð fyrir að endurheimta frá flokki endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga.

TEKJUR VEGNA VÁTRYGGINGA (83. OG 85. LIÐUR)

B120 Heildartekjur af vátryggingum fyrir flokk vátryggingarsamninga eru endurgjaldið fyrir samningana, þ.e. fjárhæð greiddra iðgjalda til einingarinnar:

a) leiðrétt með tilliti til fjármögnunaráhrifa og

b) að undanskildum hvers konar fjárfestingarþáttum.

B121 Í 83. lið er gerð krafa um að fjárhæð tekna vegna vátrygginga sem færð er á tímabili sýni yfirfærslu á umsaminni þjónustu fyrir fjárhæð sem endurspeglar það endurgjald sem eining gerir ráð fyrir að eiga rétt á í skiptum fyrir þessa þjónustu. Heildarendurgjald fyrir flokk samninga nær yfir eftirfarandi fjárhæðir:

a) fjárhæðir tengdar veitingu þjónustu, sem samanstanda af:

i. gjöldum vegna vátryggingarþjónustu, að undanskildum fjárhæðum sem tengjast áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu sem er innifalin í ii. lið og fjárhæðum sem er úthlutað á tapþátt skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar,

i. a fjárhæðum í tengslum við tekjuskatt sem krefja má vátryggingartaka um sérstaklega,

ii. áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu, að undanskildum fjárhæðum sem er úthlutað á tapþátt skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar og

iii. samningsbundnu þjónustuálagi,

b) fjárhæðir sem tengjast sjóðstreymi við öflun vátrygginga.

B122 Tekjur vegna vátrygginga fyrir tímabil sem tengist fjárhæðum sem lýst er í a-lið í lið B121 eru ákvarðaðar eins og sett er fram í liðum B123–B124. Tekjur vegna vátrygginga fyrir tímabil sem tengist fjárhæðum sem lýst er í b-lið í lið B121 eru ákvarðaðar eins og sett er fram í lið B125.

B123 Við beitingu IFRS-staðals 15 skal eining, þegar hún veitir þjónustu, afskrá árangursskuldbindingu vegna þeirrar þjónustu og færa tekjur. Við beitingu IFRS-staðals 17 skal eining, þegar hún veitir þjónustu á tímabili, draga með samræmdum hætti úr skuld vegna eftirstæðrar tryggingaverndar fyrir veitta þjónustu og færa tekjur vegna vátrygginga. Lækkun skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar, sem leiðir til tekna vegna vátrygginga, undanskilur breytingar á skuld sem tengist ekki þjónustu sem vænst er að falli undir endurgjald sem einingin fær. Um er að ræða eftirfarandi breytingar:

a) breytingar sem tengjast ekki þjónustu sem er veitt á tímabilinu, t.d.:

i. breytingar sem eru til komnar vegna innstreymis handbærs fjár frá mótteknum iðgjöldum,

ii. breytingar sem tengjast fjárfestingarþáttum á tímabilinu,

ii. a breytingar sem eru til komnar vegna sjóðstreymis frá lánum til vátryggingartaka,

iii. breytingar sem tengjast viðskiptatengdum sköttum sem innheimtir eru fyrir hönd þriðja aðila (s.s. iðgjaldaskattar, virðisaukaskattar og skattar vegna vöru og þjónustu) (sjá i. lið í lið B65),

iv. fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga,

v. sjóðstreymi við öflun vátrygginga (sjá lið B125) og

vi. afskráning skulda sem eru yfirfærðar til þriðja aðila,

b) breytingar sem tengjast þjónustu sem einingin gerir ekki ráð fyrir endurgjaldi vegna, þ.e. hækkanir og lækkanir á tapþætti skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar (sjá 47.–52. lið).

B123A Að því marki sem eining afskráir eign vegna sjóðstreymis, annars en sjóðstreymis við öflun vátrygginga, á upphafsfærsludegi flokks vátryggingarsamninga (sjá ii. lið c-liðar 38. liðar og lið B66A) skal hún færa tekjur og gjöld vegna vátrygginga fyrir þá fjárhæð sem er afskráð á þeim degi.

B124 Því er einnig hægt að greina tekjur vegna vátrygginga á tímabilinu sem heildarbreytingar á skuld vegna eftirstæðrar tryggingaverndar á tímabilinu sem tengist þjónustu sem einingin gerir ráð fyrir að fá endurgjald fyrir. Um er að ræða eftirfarandi breytingar:

a) gjöld vegna vátryggingarþjónustu, sem stofnað er til á tímabilinu (metin við þeim fjárhæðum sem vænst er við upphaf tímabilsins), að undanskildum:

i. fjárhæðum sem er úthlutað á tapþátt skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar við beitingu a-liðar 51. liðar,

ii. endurgreiðslum fjárfestingarþátta,

iii. fjárhæðum sem tengjast viðskiptatengdum sköttum sem innheimtir eru fyrir hönd þriðja aðila (s.s. iðgjaldaskattar, virðisaukaskattar og skattar vegna vöru og þjónustu) (sjá i-ið í lið B65),

iv. gjöldum vegna öflunar vátrygginga (sjá lið B125) og

v. fjárhæð sem tengist áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu (sjá b-lið),

b) breytingu á áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu, að undanskildum:

i. breytingum sem felast í tekjum eða gjöldum vegna vátrygginga við beitingu 87. liðar,

ii. breytingum sem leiðrétta samningsbundið þjónustuálag vegna þess að þær tengjast framtíðarþjónustu við beitingu c-liðar 44. liðar og c-liðar 45. liðar og

iii. fjárhæðum sem er úthlutað á tapþátt skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar við beitingu b-liðar 51. liðar,

c) fjárhæð samningsbundins þjónustuálags sem færð er í rekstrarreikning á tímabilinu við beitingu e-liðar 44. liðar og e-liðar 45. liðar,

d) aðrar fjárhæðir, ef einhverjar eru, t.d. reynsluleiðréttingar vegna tekna af iðgjöldum, aðrar en þær sem varða framtíðarþjónustu (sjá a-lið í lið B96).

B125 Eining skal ákvarða tekjur vegna vátrygginga sem tengjast sjóðstreymi við öflun vátrygginga með því að úthluta þeim hluta iðgjaldanna sem tengist endurheimt þessa sjóðstreymis á hvert reikningsskilatímabil á kerfisbundinn hátt á grundvelli liðins tíma. Eining skal færa sömu fjárhæð sem gjöld vegna vátryggingarþjónustu.

B126 Þegar eining beitir einfölduðu úthlutunaraðferðinni í 55.–58. lið eru tekjur vegna vátrygginga á tímabilinu fjárhæð væntra tekna af iðgjöldum (að undanskildum hvers konar fjárfestingarþáttum og leiðrétt til að endurspegla tímavirði peninga og áhrif fjárhagslegrar áhættu, ef við á, við beitingu 56. liðar) sem er úthlutað á tímabilið. Einingin skal úthluta væntum tekjum af iðgjöldum á hvert tímabil þjónustu samkvæmt vátryggingarsamningi:

a) á grundvelli liðins tíma en

b) ef það mynstur við áhættulosun á vátryggingartímabilinu sem er vænst er verulega frábrugðið liðnum tíma, þá á grundvelli væntrar tímasetningar áfallinna gjalda vegna vátryggingarþjónustu.

B127 Eining skal breyta grundvelli úthlutunar frá a-lið í lið B126 til b-liðar í lið B126 eftir því sem nauðsyn krefur ef staðreyndir og málavextir breytast.

FJÁRMAGNSTEKJUR EÐA GJÖLD VEGNA VÁTRYGGINGA (87.–92. LIÐUR).

B128 Í 87. lið er gerð krafa um að eining taki með í fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga áhrif af tímavirði peninga og fjárhagslegri áhættu og breytingar þar á. Að því er IFRS-staðal 17 varðar:

a) eru forsendur verðbólgu, sem byggjast á vísitölu neysluverðs eða vaxtavísitölu eða á verði eigna sem fela í sér ávöxtun tengda við verðbólgu, forsendur sem tengjast fjárhagslegri áhættu,

b) eru forsendur verðbólgu, sem byggjast á væntingum einingar um sértækar verðbreytingar, ekki forsendur sem tengjast fjárhagslegri áhættu og

c) eru breytingar á mati flokks vátryggingarsamninga sem rekja má til breytinga á virði undirliggjandi liða (að undanskildum viðbótum og afturköllun) breytingar sem rekja má til áhrifa af tímavirði peninga og fjárhagslegri áhættu og breytingar þar á.

B129 Í 88.–89. lið er þess krafist að eining velji hvort sundurgreina skuli í reikningsskilaaðferð fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga fyrir tímabilið í rekstrarreikning og aðra heildarafkomu. Eining skal beita valinni reikningsskilaaðferð að því er varðar söfn vátryggingarsamninga. Við mat á viðeigandi reikningsskilaaðferð fyrir safn vátryggingarsamninga við beitingu 13. liðar IAS-staðals 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, skal einingin hafa í huga fyrir hvert safn þær eignir sem hún hefur í vörslu sinni og hvernig hún færir þær eignir.

B130 Ef b-liður 88. liðar á við skal eining færa í rekstrarreikning fjárhæð sem ákvörðuð er með kerfisbundinni úthlutun á væntum heildarfjármagnstekjum eða -gjöldum á gildistíma flokks vátryggingarsamninga. Kerfisbundin úthlutun er í þessu samhengi úthlutun á væntum heildarfjármagnstekjum eða -gjöldum flokks vátryggingarsamninga á gildistíma flokksins, sem:

a) byggist á eiginleikum samninganna, án tilvísunar til þátta sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymið sem vænst er að myndist samkvæmt samningunum. Sem dæmi skal úthlutun fjármagnstekna eða -gjalda ekki byggjast á væntri, færðri ávöxtun eigna ef þessi vænta, færða ávöxtun hefur ekki áhrif á sjóðstreymi vegna samninga í flokknum,

b) leiðir til þeirra fjárhæða sem færðar eru í aðra heildarafkomu á gildistíma flokks samninganna og verða samtals núll. Uppsöfnuð fjárhæð sem færð er í aðra heildarafkomu á tilteknum degi er mismunurinn á bókfærðu verði flokks samninga og fjárhæðarinnar sem flokkurinn yrði metinn á þegar kerfisbundnu úthlutuninni er beitt.

B131 Að því er varðar flokka vátryggingarsamninga þar sem breytingar á forsendum sem tengjast fjárhagslegri áhættu hafa ekki veruleg áhrif á fjárhæðir sem greiddar eru vátryggingartaka er kerfisbundin úthlutun ákvörðuð með því að nota afvöxtunarstuðlana sem tilgreindir eru í i. lið e-liðar í lið B72.

B132 Að því er varðar flokka vátryggingarsamninga þar sem breytingar á forsendum sem tengjast fjárhagslegri áhættu hafa veruleg áhrif á fjárhæðir sem greiddar eru vátryggingartaka:

a) má ákvarða kerfisbundna úthlutun fjármagnstekna eða -gjalda, sem leiðir af mati á framtíðarsjóðstreymi, með einni af eftirfarandi aðferðum:

i. með því að nota hlutfall sem úthlutar í föstu hlutfalli eftirstæðum endurskoðuðum, væntum fjármögnunartekjum eða -gjöldum yfir það sem eftir er af gildistíma flokks samninganna eða

ii. að því er varðar samninga sem nota tekjufærða vexti til að ákvarða fjárhæðir sem greiða ber vátryggingartaka, með því að nota úthlutun sem byggist á fjárhæðum sem eru færðar til tekna á tímabilinu og sem vænst er að verði færðar til tekna á tímabilum í framtíðinni,

b) er kerfisbundin úthlutun fyrir fjármagnstekjur eða -gjöld, sem eru til komin vegna áhættuleiðréttingar vegna ófjárhagslegrar áhættu, ef hún er aðgreind frá öðrum breytingum í áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu við beitingu 81. liðar, ákvörðuð með því að nota úthlutun sem er í samræmi við úthlutun fjármagnstekna eða -gjalda sem koma til vegna framtíðarsjóðstreymis,

c) er kerfisbundin úthlutun fjármagnstekna eða -gjalda sem eru til komin vegna samningsbundins þjónustuálags ákvörðuð:

i. að því er varðar vátryggingarsamninga án beinna þátttökuákvæða, með því að nota afvöxtunarstuðlana sem tilgreindir eru í b-lið í lið B72 og

ii. að því er varðar vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum, með því að nota úthlutun í samræmi við þá aðferð sem notuð er fyrir úthlutun fjármagnstekna eða -gjalda sem koma til vegna framtíðar-sjóðstreymis.

B133 Við beitingu einfölduðu úthlutunaraðferðarinnar að því er varðar vátryggingarsamninga sem lýst er í 53.–59. lið getur eining verið krafin um, eða valið, að afvaxta skuld vegna gjaldfærðra tjóna. Í slíkum tilvikum getur hún valið að sundurgreina fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga með því að beita b-lið 88. liðar. Ef einingin ákveður þennan valkost skal hún ákvarða fjármagnstekjur eða -gjöld af vátryggingum í rekstrarreikningi með því að nota afvöxtunarstuðulinn sem tilgreindur er í iii. lið e-liðar í lið B72.

B134 Ákvæði 89. liðar eiga við ef eining hefur, annaðhvort að eigin vali eða vegna kröfu þar um, í vörslu sinni undirliggjandi liði vegna vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum. Ef eining kýs að sundurgreina fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga með því að beita b-lið 89. liðar skal hún telja með í rekstrarreikningi gjöld eða tekjur sem eru í nákvæmu samræmi við tekjur eða gjöld í rekstrarreikningi fyrir undirliggjandi liði, þannig að mismunur milli þessara aðskildu þátta verði núll.

B135 Eining getur uppfyllt skilyrði fyrir vali á reikningsskilaaðferð í 89. lið á sumum tímabilum en ekki öðrum vegna breytingar á því hvort hún hefur viðkomandi undirliggjandi liði í vörslu sinni. Ef slík breyting verður breytist val á reikningsskilaaðferðum sem standa einingunni til boða og færist frá þeim valkostum sem settir eru fram í 88. lið til þeirra valkosta sem settir eru fram í 89. lið eða öfugt. Því getur eining breytt reikningsskilaaðferð sinni milli þeirra valkosta sem settir eru fram í b-lið 88. liðar og þeirra sem settir er fram í b-lið 89. liðar. Við slíka breytingu skal eining:

a) fella uppsafnaða fjárhæð, sem áður var talin með í annarri heildarafkomu, fyrir þann dag er breytingin verður, undir endurflokkunarleiðréttingu á rekstrarreikningi á því reikningsskilatímabili þegar breytingin á sér stað og á síðari reikningsskilatímabilum, sem hér segir:

i. ef einingin hafði áður beitt b-lið 88. liðar — einingin skal telja með í rekstrarreikningi uppsafnaða fjárhæð, sem færð er í aðra heildarafkomu fyrir breytinguna, eins og einingin héldi áfram aðferðinni í b-lið 88. liðar, byggt á forsendunum sem giltu strax fyrir breytinguna og

ii. ef einingin hefur áður beitt b-lið 89. liðar — einingin skal telja með í rekstrarreikningi uppsafnaða fjárhæð, sem færð er í aðra heildarafkomu fyrir breytinguna, eins og einingin héldi áfram aðferðinni í b-lið 89. liðar, byggt á forsendunum sem giltu strax fyrir breytinguna,

b) ekki endurgera samanburðarupplýsingar frá fyrra tímabili.

B136 Við beitingu a-liðar í lið B135 skal einingin ekki endurreikna uppsöfnuðu fjárhæðina, sem áður var færð í aðra heildarafkomu, eins og nýja sundurgreiningin hefði alltaf átt við, og ekki skal uppfæra forsendurnar, sem eru notaðar við endurflokkun á framtíðartímabilum, eftir dagsetningu breytingarinnar.

ÁHRIF REIKNINGSHALDSLEGS MATS Í ÁRSÁRSHLUTAREIKNINGSSKILUM

B137 Ef eining gerir árshlutareikningsskil með því að beita IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil*, skal einingin velja, með tilliti til reikningsskilaaðferðar, hvort breyta eigi meðferð reikningshaldslegs mats úr fyrri árshlutareikningsskilum við beitingu IFRS-staðals 17 í síðari árshlutareikningsskilum og á árlega reikningsskilatímabilinu. Einingin skal beita þeirri reikningsskilaaðferð sem hún hefur valið fyrir alla flokka vátryggingarsamninga sem hún gefur út og flokka endurtryggingarsamninga sem hún hefur í vörslu sinni.

Viðbætir C

Gildistökudagur og umbreyting

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti af IFRS-staðli 17, vátryggingarsamningar.

GILDISTÖKUDAGUR

C1 Eining skal beita IFRS-staðli 17 að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2023 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 17 fyrr skal hún greina frá því. Einingum sem beita IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*, daginn sem IFRS-staðli 17 er beitt í fyrsta sinn eða fyrr er heimilt að beita honum fyrr.

C2 Eftirfarandi gildir að því er varðar umbreytingarákvæðin í liðum C1 og C3–C33:

a) upphafsdagur beitingar er upphaf þess árlega reikningsskilatímabils þegar eining beitir IFRS-staðli 17 í fyrsta sinn og

b) umbreytingardagurinn er upphaf árlega reikningsskilatímabilsins næst á undan upphafsdegi beitingar.

C2A Með *Beiting IFRS-staðals 17* og *IFRS-staðals 9 í fyrsta sinn – Samanburðarupplýsingar*, sem gefið var út í desember 2021, var liðum C28A–C28E og C33A bætt við. Eining sem velur að beita liðum C28A–C28E og C33A skal beita þeim við upphaflega beitingu IFRS-staðals 17.

UMBREYTING

C3 Eining skal beita IFRS-staðli 17 afturvirkt, nema það sé ekki gerlegt eða ef liður C5A gildir, þó ekki þegar:

a) ekki er gerð krafa um að eining leggi fram meginlegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur* og

b) eining skal ekki beita valkostinum í lið B115 vegna tímabila fyrir umbreytingardaginn. Eining getur beitt valkostinum í lið B115 framvirkt á umbreytingardeginum eða síðar þá og því aðeins að einingin tilgreini áhættuvarnartengsl á þeim degi sem hún beitir valkostinum eða fyrir þann dag.

C4 Til að beita IFRS-staðli 17 afturvirkt skal eining, á umbreytingardegi:

a) tilgreina, færa og meta hvern flokk vátryggingarsamninga eins og IFRS-staðall 17 hafi alltaf verið beitt,

aa) tilgreina, færa og meta hvers kyns eignir fyrir sjóðstreymi við öflun vátrygginga, eins og IFRS-staðli 17 hafi alltaf verið beitt (nema eining þurfi ekki að beita mati á endurheimtanleika í lið 28E fyrir umbreytingardaginn),

b) afskrá fyrirliggjandi stöður sem væru ekki fyrir hendi ef IFRS-staðli 17 hefði alltaf verið beitt og

c) færa hreinan mismun á eigin fé sem af þessu hlýst.

C5 Þá og því aðeins að það sé ekki gerlegt fyrir einingu að beita lið C3 að því er varðar flokk vátryggingarsamninga skal eining beita eftirfarandi aðferðum í stað þess að beita a-lið í lið C4:

a) breyttu afturvirku aðferðinni í liðum C6–C19A, með fyrirvara um a-lið í lið C6 eða

b) gangvirðisaðferðinni í liðum C20–C24B.

C5A Þrátt fyrir lið C5 getur eining valið að beita gangvirðisaðferðinni í liðum C20–C24B að því er varðar flokk vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum en hún gæti beitt IFRS-staðli 17 afturvirkt hans vegna þá og því aðeins að:

a) einingin kjósi að beita áhættuvörnum í lið B115 framvirkt á flokk vátryggingarsamninga frá umbreytingardegi og

b) einingin hafi notað afleiður, fjármálagerninga sem ekki eru afleiður, sem metnir eru á gangvirði í rekstrarreikningi, eða endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga til að draga úr fjárhagslegri áhættu sem er til komin af flokki vátryggingarsamninga, eins og tilgreint er í lið B115, fyrir umbreytingardaginn.

C5B Þá og því aðeins að það sé ekki gerlegt fyrir einingu að beita aa-lið í lið C4 að því er varðar eign sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga skal einingin beita eftirfarandi aðferðum til að meta viðkomandi eign sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga:

a) breyttu afturvirku aðferðinni í liðum C14B–C14D og C17A, með fyrirvara um a-lið í lið C6 eða

b) gangvirðisaðferðinni í liðum C24A–C24B.

Breytt afturvirk aðferð

C6 Markmiðið með breyttri afturvirkri aðferð er að ná niðurstöðu sem liggur eins nálægt afturvirkri beitingu og möguleg er með því að nota viðeigandi og rökstuddar upplýsingar sem tiltækar eru án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar. Í samræmi við það skal eining, þegar hún beitir þessari aðferð:

a) nota viðeigandi og rökstuddar upplýsingar. Ef einingin getur ekki aflað viðeigandi og rökstuddra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til að beita breyttu afturvirku aðferðinni, skal hún beita gangvirðisaðferðinni,

b) nýta sem best upplýsingar sem hefðu verið notaðar til að beita algerlega afturvirkri aðferð en þurfa einungis að nýta upplýsingar sem tiltækar eru án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar.

C7 Í liðum C9–C19A eru settar fram heimilar breytingar á afturvirkri beitingu á eftirfarandi sviðum:

a) mat á vátryggingarsamningum eða flokkum vátryggingarsamninga sem hefðu verið gerðir á gildistökudegi eða við upphafsfærslu,

b) fjárhæðir sem tengjast samningsbundnu þjónustuálagi eða tapþætti vegna vátryggingarsamninga án beinna þátttökuákvæða,

c) fjárhæðir sem tengjast samningsbundnu þjónustuálagi eða tapþætti vegna vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum og

d) fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga.

C8 Til að ná markmiðinu með breyttu afturvirku aðferðinni er einingu aðeins heimilt að nota hverja breytingu á liðum C9–C19A að því marki sem eining býr ekki yfir viðeigandi og rökstuddum upplýsingum til að beita afturvirkri aðferð.

Mat við gildistöku eða upphafsfærslu

C9 Eining skal, að því marki sem það er heimilt skv. lið C8, ákvarða eftirfarandi atriði með því að nota upplýsingar sem liggja fyrir á umbreytingardegi:

a) hvernig tilgreina eigi flokka vátryggingarsamninga við beitingu 14.–24. liðar,

b) hvort vátryggingarsamningur sé í samræmi við skilgreininguna á vátryggingarsamningi með beinum þátttökuákvæðum, við beitingu liða B101–B109,

c) hvernig tilgreina skuli valkvætt sjóðstreymi fyrir vátryggingarsamninga án beinna þátttökuákvæða við beitingu liða B98–B100 og

d) hvort fjárfestingarsamningur samrýmist skilgreiningunni á fjárfestingarsamningi með valkvæðum þátttöku-ákvæðum innan gildissviðs IFRS-staðals 17, við beitingu 71. liðar.

C9A Eining skal, að því marki sem það er heimilt skv. lið C8, flokka skuld vegna uppgjörs tjóna sem voru gjaldfærð áður en vátryggingarsamningur var yfirtekinn við yfirfærslu vátryggingarsamninga, sem felur ekki í sér stofnun fyrirtækis eða sameiningu fyrirtækja innan gildissviðs IFRS-staðals 3, sem skuld vegna gjaldfærðra tjóna.

C10 Eining skal, að því marki sem það er heimilt skv. lið C8, ekki beita 22. lið til að skipta flokkum í flokka sem fela ekki í sér samninga sem eru gefnir út með meira en eins árs millibili.

Ákvörðun samningsbundins þjónustuálags eða tapþátta vegna vátryggingarsamninga án beinna þátttökuákvæða

C11 Eining skal, að því marki sem það er heimilt skv. lið C8, að því er varðar samninga án beinna þátttökuákvæða, ákvarða samningsbundið þjónustuálag eða tapþátt skuldar vegna eftirstöðrar tryggingaverndar (sjá 49.–52. lið) á umbreytingardegi með beitingu liða C12–C16C.

C12 Eining skal, að því marki sem það er heimilt skv. lið C8, meta framtíðarsjóðstreymi á upphafsfærsludegi flokks vátryggingarsamninga sem fjárhæð framtíðarsjóðstreymis á umbreytingardegi (eða fyrr ef unnt er að ákvarða framtíðarsjóðstreymi á þeim fyrri degi afturvirkt, með beitingu a-liðar í lið C4), leiðrétt með sjóðstreyminu sem vitað er að hefur átt sér stað milli upphafsfærsludags flokks vátryggingarsamninga og umbreytingardagsins (eða fyrra dags). Sjóðstreymi, sem vitað er að hefur átt sér stað, nær yfir sjóðstreymi sem stafar af samningum sem runnu út fyrir umbreytingardaginn.

C13 Eining skal, að því marki sem það er heimilt skv. lið C8, ákvarða afvöxtunarstuðla sem giltu á upphafsfærsludegi flokks vátryggingarsamninga (eða síðar):

a) með því að nota sannreynanlegan ávöxtunarferil sem fer, í a.m.k. þrjú ár strax fyrir umbreytingardag, nærri þeim ávöxtunarferli sem áætlaður er með beitingu 36. liðar og liða B72–B85, ef slíkur sannreynanlegur ávöxtunarferill er fyrir hendi,

b) ef sannreynanlegur ávöxtunarferill í a-lið er ekki fyrir hendi skal áætla afvöxtunarstuðlana sem beitt er á upphafsfærsludegi (eða síðar) með því að ákvarða meðaltalsmismun á sannreynanlegum ávöxtunarferli og áætluðum ávöxtunarferli með beitingu 36. liðar og liða B72–B85 og beita þeim mismun á viðkomandi sannreynanlegan ávöxtunarferil. Þessi mismunur skal vera meðaltal yfir a.m.k. þrjú ár strax fyrir umbreytingardaginn.

C14 Eining skal, að því marki sem það er heimilt skv. lið C8, ákvarða áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu á upphafsfærsludegi flokks vátryggingarsamninga (eða síðar) með því að leiðrétta áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu á umbreytingardegi með þeirri áhættulosun sem ráð er fyrir gert fyrir umbreytingardaginn. Vænt áhættulosun skal ákvörðuð með vísan til áhættulosunar fyrir svipaða vátryggingarsamninga sem einingin gefur út á umbreytingardegi.

C14A Við beitingu liðar B137 getur eining valið að breyta ekki meðferð reikningshaldslegs mats sem framkvæmt var í fyrri árshlutareikningsskilum. Sú eining skal, að því marki sem það er heimilt skv. lið C8, ákvarða samningsbundið þjónustuálag eða tapþátt á umbreytingardegi líkt og einingin hefði ekki gert árshlutareikningsskil fyrir umbreytingardaginn.

C14B Eining skal, að því marki sem það er heimilt skv. lið C8, nota sömu kerfisbundnu og rökréttu aðferðina og hún gerir ráð fyrir að nota eftir umbreytingardaginn við beitingu liðar 28A til að úthluta sjóðstreymi við öflun vátrygginga (eða sem skuld hefur verið færð fyrir með beitingu annars IFRS-staðals) sem er greitt fyrir umbreytingardaginn (að undanskildum fjárhæðum sem tengjast vátryggingarsamningum sem runnu út fyrir umbreytingardaginn) að því er varðar:

a) flokka vátryggingarsamninga sem eru færðir á umbreytingardeginum og

b) flokka vátryggingarsamninga sem gert er ráð fyrir að verði færðir eftir umbreytingardaginn.

C14C Sjóðstreymi við öflun vátrygginga sem er greitt fyrir umbreytingardaginn og er úthlutað á flokk vátryggingarsamninga sem eru færðir á umbreytingardegi leiðréttir samningsbundið þjónustuálag fyrir þann flokk, að því marki sem vátryggingarsamningar, sem gert er ráð fyrir að verði í flokknum, hafa verið færðir á þeim degi (sjá liði 28C og B35C). Annað sjóðstreymi við öflun vátrygginga sem greitt er fyrir umbreytingardaginn, þ.m.t. það sem er úthlutað á flokk vátryggingarsamninga sem gert er ráð fyrir að verði færðir eftir umbreytingardaginn, er fært sem eign við beitingu liðar 28B.

C14D Ef eining býr ekki yfir viðeigandi og rökstuddum upplýsingum til að beita lið C14B skal einingin ákveða að eftirfarandi fjárhæðir verði núll á umbreytingardeginum:

a) leiðréttingá samningsbundnu þjónustuálagi af flokki vátryggingarsamninga sem færðir eru á umbreytingardegi og sérhver eign sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga sem tengist þeim flokki og

b) eign sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga fyrir flokka vátryggingarsamninga sem gert er ráð fyrir að verði færð eftir umbreytingardaginn.

C15 Ef beiting liða C12–C14D leiðir til samningsbundins þjónustuálags á upphafsfærsludegi skal eining, í því skyni að ákvarða samningsbundið þjónustuálag á umbreytingardegi:

a) nota, ef hún beitir lið C13 til að meta afvöxtunarstuðla sem gilda við upphafsfærslu, þá stuðla til að leggja vexti við samningsbundna þjónustuálagið og

b) ákvarða, að því marki sem heimilt er skv. lið C8, fjárhæð samningsbundins þjónustuálags, sem fært er í rekstrarreikning vegna yfirfærslu á þjónustu fyrir umbreytingardaginn, með því að bera saman eftirstæðar vátryggingareiningar á þeim degi og þær vátryggingareiningar sem eru í boði samkvæmt flokki samninga fyrir umbreytingardaginn (sjá lið B119).

C16 Ef beiting liða C12–C14D leiðir til tapþáttar skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar á upphafsfærsludegi skal eining ákvarða allar fjárhæðir sem er úthlutað á tapþáttinn fyrir umbreytingardaginn með beitingu liða C12–C14D og nota kerfisbundinn grundvöll úthlutunar.

C16A Að því er varðar flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga sem veitir íþyngjandi flokki vátryggingarsamninga tryggingavernd og sem gerðir voru fyrir eða á sama tíma og vátryggingarsamningarnir voru gefnir út skal eining ákvarða tapendurheimtarþátt eignarinnar fyrir eftirstæða tryggingavernd á umbreytingardeginum (sjá liði 66A–66B). Eining skal, að því marki sem heimilað er skv. lið C8, ákvarða tapendurheimtarþátt með því að margfalda:

a) tapþátt skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar fyrir undirliggjandi vátryggingarsamninga á umbreytingardegi (sjá liði C16 og C20) og

b) hlutfall krafna fyrir undirliggjandi vátryggingarsamninga sem einingin gerir ráð fyrir að hægt verði að endurheimta frá flokki endurtryggingarsamninga í vörslu.

C16B Með því að beita 14.–22. lið á umbreytingardegi gæti eining talið með í íþyngjandi flokki vátryggingarsamninga bæði íþyngjandi vátryggingarsamninga sem falla undir flokk endurtryggingarsamninga í vörslu og íþyngjandi vátryggingarsamninga sem falla ekki undir flokk endurtryggingarsamninga í vörslu. Við beitingu liðar C16A í slíkum tilvikum skal eining beita kerfisbundnum og rökréttum grundvelli úthlutunar til að ákvarða þann hluta tapþáttar flokks vátryggingarsamninga sem tengist vátryggingarsamningum sem falla undir flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga.

C16C Ef eining býr ekki yfir viðeigandi og rökstuddum upplýsingum til að beita lið C16A skal einingin ekki tilgreina tapendurheimtarþátt fyrir flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga.

Ákvörðun samningsbundins þjónustuálags eða tapþátta vegna vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum

C17 Eining skal, að því marki sem það er heimilt skv. lið C8, að því er varðar samninga með beinum þátttökuákvæðum, ákvarða samningsbundið þjónustuálag eða tapþátt skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar á umbreytingardegi sem:

a) heildargangvirði undirliggjandi liða á þeim degi, að frádregnu

b) uppfyllingarsjóðstreymi á þeim degi, að viðbættri eða að frádreginni

c) leiðréttingu fyrir:

i. fjárhæðum sem einingin gjaldfærir á vátryggingartaka (þ.m.t. fjárhæðir sem dregnar eru frá undirliggjandi liðum) fyrir þann dag,

ii. fjárhæðum sem greiddar voru fyrir þann dag en hefðu ekki breyst á grundvelli undirliggjandi liða,

iii. breytingu á áhættuleiðréttingu vegna ófjárhagslegrar áhættu sem leiðir af því að losað hefur verið um áhættu fyrir þann dag. Einingin skal áætla þessa fjárhæð með vísan til áhættulosunar fyrir svipaða vátryggingarsamninga sem einingin gefur út á umbreytingardegi,

iv. sjóðstreymi við öflun vátrygginga (eða þar sem skuld hefur verið færð vegna beitingar annars IFRS-staðals) fyrir umbreytingardaginn sem er úthlutað á flokkinn (sjá lið C17A),

d) ef a- til c-liður leiðir til samningsbundins þjónustuálags – að frádreginni fjárhæð samningsbundins þjónustuálags sem tengjast þjónustu sem veitt var fyrir þann dag. Samtala a- til c-liðar er nálgunargildi samningsbundins þjónustuálags í heild vegna allrar þjónustu sem veita skal samkvæmt flokkum samninga, þ.e. áður en fjárhæðir fyrir veitta þjónustu hefðu verið færðar í rekstrarreikning. Einingin skal meta þær fjárhæðir sem hefðu verið færðar í rekstrarreikning fyrir veitta þjónustu með því að bera saman eftirstæða tryggingavernd á umbreytingardeginum og vátryggingareiningar sem veittar eru samkvæmt flokki samninga fyrir umbreytingardaginn eða

e) ef a- til c-liður leiðir til tapþáttar — leiðrétta tapþáttinn að núlli og hækka skuld vegna eftirstæðrar tryggingar verndar, að undanskildum tapþættinum, um sömu fjárhæð.

C17A Eining skal, að því marki sem það er heimilt skv. lið C8, beita liðum C14B–C14D til að færa eign sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga og sérhverja leiðréttingu á samningsbundnu þjónustuálagi flokks vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga (sjá iv.-lið c-liðar í lið C17).

Fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga

C18 Að því er varðar flokka vátryggingarsamninga sem ná, við beitingu liðar C10, yfir samninga sem eru gefnir út með meira en eins árs millibili:

a) er einingu heimilt að ákvarða afvöxtunarstuðla á upphafsfærsludegi flokks, sem tilgreindur er í b-lið til ii. liðar e-liðar í lið B72, og afvöxtunarstuðla á gjaldfærsludegi tjóns, sem tilgreindur er í iii. lið e-liðar í lið B72, á umbreytingardegi í stað upphafsfærsludags eða gjaldfærsludags tjóns,

b) ef eining velur að sundurgreina fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga í fjárhæðir sem teknar eru með í rekstrarreikningi og fjárhæðir sem teknar eru með í annarri heildarafkomu, við beitingu b-liðar 88. liðar og b-liðar 89. liðar, þarf einingin að ákvarða uppsafnaða fjárhæð fjármagnstekna eða -gjalda vegna vátrygginga sem færð er í aðra heildarafkomu á umbreytingardegi til að beita a-lið 91. liðar á síðari tímabilum. Einingunni er heimilt að ákvarða þá uppsöfnuðu fjárhæð annaðhvort með því að beita b-lið í lið C19 eða:

i. sem núll nema ii. liður eigi við og

ii. að því er varðar vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum þar sem liður B134 á við, sem fjárhæð sem er jöfn uppsafnaðri fjárhæð sem er færð í aðra heildarafkomu að því er varðar undirliggjandi liði.

C19 Að því er varðar flokka vátryggingarsamninga sem ná ekki yfir samninga sem eru gefnir út með meira en eins árs millibili:

a) ef eining beitir lið C13 til að meta afvöxtunarstuðla sem beitt var við upphafsfærslu (eða síðar) skal hún einnig ákvarða afvöxtunarstuðla sem tilgreindir eru í b- til e-lið í lið B72 með því að beita lið C13 og

b) ef eining velur að sundurgreina fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga í fjárhæðir sem teknar eru með í rekstrarreikningi og fjárhæðir sem teknar eru með í annarri heildarafkomu, með því að beita b-lið 88. liðar og b-lið 89. liðar, verður einingin að ákvarða uppsafnaða fjárhæð fjármagnstekna eða -gjalda vegna vátrygginga sem færð er í aðra heildarafkomu á umbreytingardegi til að beita a-lið 91. liðar á síðari tímabilum. Einingin skal ákvarða þá uppsöfnuðu fjárhæð:

i. að því er varðar vátryggingarsamninga þar sem eining beitir aðferðum kerfisbundinnar úthlutunar sem settar eru fram í lið B131 — ef einingin beitir lið C13 til að meta afvöxtunarstuðla við upphafsfærslu — með því að nota afvöxtunarstuðla sem beitt var á upphafsfærsludegi, einnig með því að beita lið C13,

ii. að því er varðar vátryggingarsamninga þar sem eining beitir aðferðum kerfisbundinnar úthlutunar sem settar eru fram í lið B132 — á þeim grundvelli að forsendurnar sem tengjast fjárhagslegri áhættu sem beitt er á upphafsfærsludegi eru þær sem beitt er á umbreytingardeginum, þ.e. sem núll,

iii. að því er varðar vátryggingarsamninga þar sem eining beitir aðferðum kerfisbundinnar úthlutunar sem settar eru fram í lið B133 — ef einingin beitir lið C13 til að meta afvöxtunarstuðla við upphafsfærslu (eða síðar) – með því að nota afvöxtunarstuðla sem giltu á gjaldfærsludegi tjóns, einnig með því að beita lið C13 og

iv. að því er varðar vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum þar sem liður B134 á við — sem fjárhæð sem er jöfn uppsafnaðri fjárhæð sem færð er í aðra heildarafkomu að því er varðar undirliggjandi liði.

C19A Við beitingu liðar B137 getur eining valið að breyta ekki meðferð reikningshaldslegs mats sem framkvæmt var í fyrri árshlutareikningsskilum. Sú eining skal, að því marki sem það er heimilt skv. lið C8, ákvarða fjárhæðir sem varða fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga á umbreytingardegi líkt og einingin hefði ekki gert árshlutareikningsskil fyrir umbreytingardaginn.

Gangvirðisaðferð

C20 Til að beita gangvirðisaðferðinni skal eining ákvarða samningsbundið þjónustuálag eða tapþátt skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar á umbreytingardegi sem mismuninn á gangvirði flokks vátryggingarsamninga á þeim degi og uppfyllingarsjóðstreymi metið á þeim degi. Þegar eining ákvarðar gangvirðið skal hún ekki beita 47. lið IFRS-staðals 13, *gangvirðismat* (í tengslum við innlausnarákvæði).

C20A Að því er varðar flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga sem liðir 66A–66B gilda um (án þess að þörf sé á að uppfylla skilyrðið í lið B119C) skal eining ákvarða tapendurheimtarþátt eignarinnar fyrir eftirstæða tryggingavernd á umbreytingardegi með því að margfalda:

a) tapþátt skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar fyrir undirliggjandi vátryggingarsamninga á umbreytingardegi (sjá liði C16 og C20) og

b) hlutfall krafna fyrir undirliggjandi vátryggingarsamninga sem einingin gerir ráð fyrir að hægt verði að endurheimta frá flokki endurtryggingarsamninga í vörslu.

C20B Með því að beita 14.–22. lið á umbreytingardegi gæti eining talið með í íþyngjandi flokki vátryggingarsamninga bæði íþyngjandi vátryggingarsamninga sem falla undir flokk endurtryggingarsamninga í vörslu og íþyngjandi vátryggingarsamninga sem falla ekki undir flokk endurtryggingarsamninga í vörslu. Við beitingu liðar C20A í slíkum tilvikum skal eining beita kerfisbundnum og rökréttum grundvelli úthlutunar til að ákvarða þann hluta tapþáttar flokks vátryggingarsamninga sem tengist vátryggingarsamningum sem falla undir flokk endurtryggingarsamninga til eigin endurtrygginga.

C21 Við beitingu gangvirðisaðferðarinnar getur eining ákveðið að beita lið C22 til að ákvarða:

a) hvernig tilgreina eigi flokka vátryggingarsamninga við beitingu 14.–24. liðar,

b) hvort vátryggingarsamningur sé í samræmi við skilgreininguna á vátryggingarsamningi með beinum þátttökuákvæðum, við beitingu liða B101–B109,

c) hvernig tilgreina skuli valkvætt sjóðstreymi fyrir vátryggingarsamninga án beinna þátttökuákvæða við beitingu liða B98–B100 og

d) hvort fjárfestingarsamningur samrýmist skilgreiningunni á fjárfestingarsamningi með valkvæðum þátttöku-ákvæðum innan gildissviðs IFRS-staðals 17, við beitingu 71. liðar.

C22 Eining getur valið að ákvarða um málefni sem sett eru fram í lið C21 með því að nota:

a) viðeigandi og rökstuddar upplýsingar um það sem einingin hefði ákvarðað í ljósi samningsskilmála og markaðsaðstæðna á gildistökudegi eða upphafsfærsludegi, eftir því sem við á, eða

b) viðeigandi og rökstuddar upplýsingar sem eru tiltækar á umbreytingardegi.

C22A Við beitingu gangvirðisaðferðarinnar getur eining valið að flokka skuld vegna uppgjörs tjóna sem voru gjaldfærð áður en vátryggingarsamningur var yfirtekinn við yfirfærslu vátryggingarsamninga, sem felur ekki í sér stofnun fyrirtækis eða sameiningu fyrirtækja innan gildissviðs IFRS-staðals 3, sem skuld vegna gjaldfærðra tjóna.

C23 Við beitingu á gangvirðisaðferðinni er þess ekki krafist að eining beiti 22. lið og hún má taka með flokk samninga sem gefnir eru út með meira en eins árs millibili. Eining skal aðeins skipta flokkum í þá flokka sem innihalda eingöngu samninga sem gefnir eru út innan árs (eða skemmri tíma) ef hún hefur viðeigandi og rökstuddar upplýsingar til að skipta þeim. Hvort sem eining beitir 22. lið eða ekki er henni heimilt að ákvarða afvöxtunarstuðla á upphafsfærsludegi flokks, sem tilgreindur er í b-lið til ii. liðar e-liðar í lið B72, og afvöxtunarstuðla á gjaldfærsludegi tjóna, sem tilgreindur er í iii. lið e-liðar í lið B72, á umbreytingardegi í stað upphafsfærsludags eða gjaldfærsludags tjóna.

C24 Við beitingu gangvirðisaðferðar, ef eining kýs að sundurgreina fjármagnstekjur eða -gjöld vegna vátrygginga á rekstrarreikning og aðra heildarafkomu, er henni heimilt að ákvarða uppsafnaða fjárhæð fjármagnstekna eða -gjalda vegna vátrygginga sem færð er í aðra heildarafkomu á umbreytingardegi:

a) afturvirkt, en aðeins ef hún hefur viðeigandi og rökstuddar upplýsingar til þess að gera það eða

b) sem núll nema c-liður eigi við og

c) að því er varðar vátryggingarsamninga með beinum þátttökuákvæðum þar sem liður B134 er notaður, sem fjárhæð sem er jöfn uppsafnaðri fjárhæð sem færð er í aðra heildarafkomu að því er varðar undirliggjandi liði.

Eign sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga

C24A Við beitingu gangvirðisaðferðarinnar að því er varðar eign sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga (sjá b-lið í lið C5B) skal eining ákvarða á umbreytingardegi eign sem stafar af sjóðstreymi við öflun vátrygginga sem fjárhæð sem er jöfn sjóðstreymi við öflun vátrygginga sem einingin myndi stofna til á umbreytingardegi til að öðlast réttindi til að:

a) endurheimta sjóðstreymi við öflun vátrygginga vegna iðgjalda vátryggingarsamninga sem gefnir voru út fyrir umbreytingardaginn en voru ekki færðir á umbreytingardaginn,

b) fá framtíðarvátryggingarsamninga sem eru endurnýjun vátryggingarsamninga sem eru færðir á umbreytingardegi og vátryggingarsamninga sem lýst er í a-lið og

c) fá framtíðarvátryggingarsamninga, aðra en þá sem um getur í b-lið, eftir umbreytingardag án þess að greiða aftur sjóðstreymi við öflun vátrygginga sem einingin hefur þegar greitt, sem heimfæra má beint á safn vátryggingarsamninga.

C24B Á umbreytingardegi skal einingin undanskilja frá mati á flokkum vátryggingarsamninga fjárhæð hvers kyns eigna sem stafa af sjóðstreymi við öflun vátrygginga.

Samanburðarupplýsingar

C25 Þrátt fyrir tilvísun í næstliðna árlega reikningsskilatímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar í b-lið í lið C2 er einingu einnig heimilt að leggja fram leiðréttar samanburðarupplýsingar við beitingu IFRS-staðals 17 fyrir fyrri tímabil sem sett er fram en þess er ekki krafist. Leggi eining fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil ber að líta á tilvísun í „upphaf árlega reikningsskilatímabilsins næst á undan upphafsdegi beitingar“ í b-lið liðar C2 sem „upphaf fyrsta leiðrétta samanburðartímabilsins sem sett er fram“.

C26 Einingu er ekki skylt að veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 93.–132. lið fyrir tímabil sem sett er fram fyrir upphaf árlega reikningsskilatímabilsins næst á undan upphafsdegi beitingar.

C27 Leggi eining fram óleiðréttar samanburðarupplýsingar og upplýsingar fyrir fyrri tímabil skal hún tilgreina óleiðréttu upplýsingarnar með skýrum hætti, greina frá því að þær hafi verið unnar á öðrum grundvelli og gera grein fyrir þeim grundvelli.

C28 Eining þarf ekki að birta áður óbirtar upplýsingar um þróun tjóna sem áttu sér stað meira en fimm árum fyrir lok árlega reikningsskilatímabilsins þegar hún beitir IFRS-staðli 17 í fyrsta sinn. Ef eining birtir ekki þessar upplýsingar skal hún þó birta upplýsingar þess efnis.

Einingar sem á sama tíma beita IFRS-staðli 17 og IFRS-staðli 9 í fyrsta sinn

C28A Eining sem á sama tíma beitir IFRS-staðli 17 og IFRS-staðli 9 í fyrsta sinn er heimilt að beita liðum C28B–C28E (endurflokkun) í þeim tilgangi að leggja fram samanburðarupplýsingar um fjáreign ef samanburðarupplýsingarnar vegna þeirrar fjáreignar hafa ekki verið endurgerðar fyrir IFRS-staðal 9. Samanburðarupplýsingar um fjáreign verða ekki endurgerðar fyrir IFRS-staðal 9 ef einingin annaðhvort velur að endurgera ekki fyrri tímabil (sjá lið 7.2.15 í IFRS-staðli 9) eða einingin endurgerir fyrri tímabil en fjáreignin hefur verið afskráð á þessum fyrri tímabilum (sjá lið 7.2.1 í IFRS-staðli 9).

C28B Eining sem beitir endurflokkun gagnvart fjáreign skal leggja fram samanburðarupplýsingar eins og ef kröfunum um flokkun og mat í IFRS-staðli 9 hefði verið beitt gagnvart þeirri fjáreign. Einingin skal nota raunhæfar og rökstuddar upplýsingar sem eru tiltækar á umbreytingardaginn (sjá b-lið liðar C2) til að ákvarða hvernig einingin væntir þess að fjáreignin yrði flokkuð og metin við upphaflega beitingu IFRS-staðals 9 (t.d. gæti eining notað bráðabirgðamat sem er framkvæmt til undirbúnings fyrir beitingu IFRS-staðals 9 í fyrsta sinn).

C28C Við beitingu endurflokkunar gagnvart fjáreign er einingu ekki skylt að beita kröfunum um virðisrýrnun í þætti 5.5 í IFRS-staðli 9. Ef fjáreignin myndi, á grundvelli þeirrar flokkunar sem er ákvörðuð með beitingu liðar C28B, falla undir kröfurnar um virðisrýrnun í þætti 5.5 í IFRS-staðli 9 en einingin beitir ekki þessum kröfum við beitingu endurflokkunar, skal einingin halda áfram að setja fram allar fjárhæðir sem eru færðar að því er varðar virðisrýrnun á fyrra tímabili í samræmi við IAS-staðal 39, *fjármálagerningar*: *færsla og mat.* Að öðrum kosti skulu slíkar fjárhæðir bakfærðar.

C28D Sérhver mismunur á fyrra bókfærðu verði fjáreignar og bókfærðu verði á umbreytingardaginn, sem leiðir af beitingu liða C28B–C28C, skal færður í upphaflegt óráðstafað eigið fé (eða annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á) á umbreytingardaginn.

C28E Eining sem beitir liðum C28B–C28D skal:

a) birta eigindlegar upplýsingar sem gera notendum reikningsskila kleift að skilja:

i. að hvaða marki endurflokkun hefur verið beitt (t.d. hvort henni hefur verið beitt gagnvart öllum fjáreignum sem eru afskráðar á samanburðartímabilinu),

ii. hvort og að hve miklu leyti kröfunum um virðisrýrnun í þætti 5.5 í IFRS-staðli 9 hefur verið beitt (sjá lið C28C),

b) einungis beita þessum liðum gagnvart samanburðarupplýsingum fyrir reikningsskilatímabil frá umbreytingardegi yfir í IFRS-staðal 17 og til upphafsdags beitingar IFRS-staðals 17 (sjá liði C2 og C25) og

c) beita umbreytingarákvæðunum í IFRS-staðli 9 á upphafsdegi beitingar IFRS-staðals 9 (sjá þátt 7.2 í IFRS-staðli 9).

Endurtilgreining fjáreigna

C29 Á upphafsdegi beitingar IFRS-staðals 17 á það við um einingu sem hefur beitt IFRS-staðli 9 á árleg reikningsskilatímabil fyrir upphafsbeitingu IFRS-staðals 17:

a) að hún getur endurmetið hvort fjáreign uppfyllir skilyrðið í a-lið í lið 4.1.2 eða a-lið í lið 4.1.2 A í IFRS-staðli 9. Fjáreign uppfyllir skilyrði því aðeins að hún sé ekki í vörslu vegna starfsemi sem er ótengd samningum innan gildissviðs IFRS-staðals 17. Dæmi um fjáreignir sem myndu ekki uppfylla skilyrði fyrir endurmati eru fjáreignir sem eru í vörslu vegna bankastarfsemi eða fjáreignir sem eru í vörslu í sjóðum er varða fjárfestingasamninga sem eru utan gildissviðs IFRS-staðals 17,

b) að hún skal afturkalla fyrri tilgreiningu sína á fjáreign, eins og hún er metin á gangvirði í rekstrarreikningi, ef skilyrði liðar 4.1.5 í IFRS-staðli 9 er ekki lengur fullnægt vegna beitingar IFRS-staðals 17,

c) að hún getur tilgreint fjáreign á gangvirði í rekstrarreikningi ef skilyrði liðar 4.1.5 í IFRS-staðli 9 eru uppfyllt,

d) að hún getur tilgreint fjárfestingu í eiginfjárgerningi, eins og hann er metinn á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu, með því að beita lið 5.7.5 í IFRS-staðli 9,

e) að hún getur afturkallað fyrri tilgreiningu sína á fjárfestingu í eiginfjárgerningi á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu með því að beita lið 5.7.5 í IFRS-staðli 9.

C30 Eining skal beita lið C29 á grundvelli fyrirliggjandi málsatvika og aðstæðna á upphafsdegi beitingar IFRS-staðals 17. Eining skal beita þessum tilgreiningum og flokkunum afturvirkt. Í því sambandi skal einingin beita viðeigandi umbreytingarákvæðum IFRS-staðals 9. Upphafsdagur beitingar í því skyni skal teljast upphafsdagur beitingar IFRS-staðals 17.

C31 Einingu sem beitir lið C29 er ekki skylt að endurgera fyrri tímabil til að endurspegla slíkar breytingar á tilgreiningu eða flokkun. Einingin getur endurgert fyrri tímabil því aðeins að slíkt sé hægt án eftiráskýringa. Ef eining endurgerir fyrri tímabil verða endurgerð reikningsskil að endurspegla allar kröfur IFRS-staðals 9 varðandi þær fjáreignir sem verða fyrir áhrifum. Ef eining endurgerir ekki fyrri tímabil skal hún á upphafsdegi beitingar færa í upphaflegt óráðstafað eigið fé (eða annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á), hvers kyns mismun á:

a) fyrra bókfærðu verði þessara fjáreigna og

b) bókfærðu verði þessara fjáreigna á upphafsdegi beitingar.

C32 Þegar eining beitir lið C29 skal hún birta upplýsingar á því árlega reikningsskilatímabili, að því er varðar eftirtaldar fjáreignir eftir flokkum:

a) ef a-liður í lið C29 gildir, um grundvöll ákvörðunar á fjáreignum sem uppfylla skilyrði,

b) ef einhver af liðum a-e í lið C29 gildir:

i. um matsflokk og bókfært verð fjáreigna sem þetta hefur áhrif á, ákvarðað strax fyrir upphafsdag beitingar IFRS-staðals 17 og

ii. um nýjan matsflokk og bókfært verð fjáreigna sem þetta hefur áhrif á, ákvarðað eftir beitingu liðar C29,

c) ef b-liður í lið C29 gildir, um bókfært verð fjáreigna í efnahagsreikningi sem voru áður tilgreindar á gangvirði í rekstrarreikningi við beitingu liðar 4.1.5 í IFRS-staðli 9 sem eru ekki lengur tilgreindar með þeim hætti.

C33 Þegar eining beitir lið C29 skal hún birta eigindlegar upplýsingar á því árlega reikningsskilatímabili sem gera notendum reikningsskila kleift að skilja:

a) hvernig hún beitti lið C29 gagnvart fjáreignum sem flokkunin hefur breyst á við upphaflega beitingu IFRS-staðals 17,

b) ástæður að baki tilgreiningu eða fyrir því að fallið var frá tilgreiningu fjáreigna sem eru metnar á gangvirði í rekstrarreikningi við beitingu liðar 4.1.5 í IFRS-staðli 9 og

c) hvers vegna einingin komst að annarri niðurstöðu í nýja matinu við beitingu a-liðar í lið 4.1.2 eða a-liðar í lið 4.1.2 A í IFRS-staðli 9.

C33A Að því er varðar fjáreign sem er afskráð milli umbreytingardags og upphafsdags beitingar IFRS-staðals 17 getur eining beitt liðum C28B–C28E (endurflokkun) í þeim tilgangi að leggja fram samanburðarupplýsingar eins og ef lið C29 hefði verið beitt gagnvart þeirri eign. Slík eining skal aðlaga kröfurnar í liðum C28B–C28E þannig að endurflokkunin byggist á því hvernig einingin væntir þess að fjáreignin yrði tilgreind við beitingu liðar C29 á upphafsdegi beitingar IFRS-staðals 17.

AFTURKÖLLUN ANNARRA IFRS-STAÐLA

C34 IFRS-staðall 17 kemur í stað IFRS-staðals 4, *vátryggingarsamningar*, með áorðnum breytingum á árinu 2020.

IFRIC-TÚLKUN 1

Breytingar á núverandi skuldbindingum vegna starfsemi sem leggja skal niður, enduruppbyggingar eða sambærilegum skuldbindingum

TILVÍSANIR

— IFRS-staðall 16, *leigusamningar*

— IAS-staðall 1, *framsetning reikningsskila* (endurskoðaður 2007).

— IAS-staðall 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

— IAS-staðall 16, *varanlegir rekstrarfjármunir* (endurskoðaður 2003).

— IAS-staðli 23, *fjármagnskostnaður*

— IAS-staðall 36, *virðisrýrnun eigna* (endurskoðaður 2004)

— IAS-staðall 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*

FORSAGA

1 Mörgum einingum ber skylda til að leggja niður, fjarlægja og endurnýja varanlega rekstrarfjármuni. Í þessari túlkun eru slíkar skuldbindingar nefndar „starfsemi sem leggja skal niður, enduruppbygging og sambærilegar skuldbindingar“. Samkvæmt IAS-staðli 16 tekur kostnaður hvers hlutar varanlegra rekstrarfjármuna til upphaflegs mats á kostnaði við niðurrif og að fjarlægja hlutinn og koma svæðinu sem hann er staðsettur á í fyrra horf, skuldarinnar sem eining stofnar til annaðhvort þegar hluturinn er keyptur eða sem afleiðing af því að hafa notað hlutinn á tilteknu tímabili til annars en að framleiða í birgðir. Í IAS-staðli 37 eru kröfur um hvernig meta skuli starfsemi sem leggja skal niður, enduruppbyggingu og sambærilegar skuldbindingar. Í þessari túlkun eru leiðbeiningar um hvernig færa skuli áhrif breytinga á mati á núverandi skuldbindingum vegna starfsemi sem leggja skal niður, enduruppbyggingu og sambærilegum skuldbindingum.

GILDISSVIÐ

2 Þessi túlkun gildir um breytingar á mati á núverandi skuldbindingum vegna starfsemi sem leggja skal niður, enduruppbyggingu eða sambærilegri skuldbindingu sem eru bæði:

a) færð sem hluti af kostnaðarverði varanlegs rekstrarfjármunaliðar í samræmi við IAS-staðal 16 eða sem hluti af kostnaðarverði eigna með afnotarétti í samræmi við IFRS-staðal 16 og

b) færð sem skuld í samræmi við IAS-staðal 37.

Skuldbindingar vegna starfsemi sem leggja skal niður, enduruppbygging eða sambærileg skuldbinding kann að vera til staðar vegna verksmiðju sem leggja á niður, lagfæringa á umhverfisspjöllum í námurekstri eða vegna þess að fjarlægja þarf búnað.

ÁLITAEFNI

3 Þessi túlkun fjallar um hvernig færa skuli áhrif eftirfarandi atburða sem breyta mati á núverandi skuldbindingum vegna starfsemi sem leggja skal niður, enduruppbyggingu eða sambærilegri skuldbindingu:

a) breyting á mati áætlaðs útstreymis verðmæta, sem í felst efnahagslegum ávinningi (t.d. sjóðstreymi) sem nauðsynlegt er til að gera upp skuldina,

b) breyting á afvöxtunarstuðli á markaði eins og hann er skilgreindur í 47. lið IAS-staðals 37 (þetta tekur til breytinga á tímavirði peninga og áhættu sem á sérstaklega við skuldina) og

c) hækkun sem endurspeglar framrás tímans (stundum kallað breyting afvöxtunarstuðulsins).

ALMENNT SAMKOMULAG

4 Breytingar á mati á núverandi skuldbindingum vegna starfsemi sem leggja skal niður, enduruppbyggingu og sambærilegum skuldbindingum sem verða vegna breytinga á áætlaðri tímasetningu eða fjárhæð útstreymis verðmæta, þ.e. efnahagslegs ávinnings, sem nauðsynlegt er til að gera upp skuldina, eða vegna breytingar á afvöxtunarstuðlinum, skulu færðar í samræmi við 5.–7. lið hér á eftir.

5 Ef tengda eignin er metin samkvæmt kostnaðarverðslíkaninu:

a) skal breytingum á skuldinni bætt við eða þær dregnar frá kostnaðarverði tengdu eignarinnar á yfirstandandi tímabili, sjá þó b-lið,

b) skal fjárhæðin sem dregin er frá kostnaðarverði eignarinnar ekki vera hærri en bókfært verð hennar. Ef lækkun á skuldinni er meiri en sem nemur bókfærðu verði eignarinnar skal mismunurinn færður strax í rekstrarreikning,

c) ef leiðréttingin leiðir til viðbótar við kostnaðarverð eignar skal einingin íhuga hvort það bendi til þess að hið nýja bókfærða verð eignarinnar sé e.t.v. ekki að fullu endurheimtanlegt. Ef slík vísbending er til staðar skal einingin prófa hvort virðisrýrnun hefur orðið á eigninni með því að meta endurheimtanlega fjárhæð hennar og skal færa virðisrýrnunartap í samræmi við IAS-staðal 36.

6 Ef tengda eignin er metin samkvæmt endurmatslíkaninu:

a) breytingar á skuldinni breyta endurmatsafganginum eða -hallanum sem áður var færður á eignina þannig að:

i. lækkun á skuldinni (háð b-lið) er færð í aðra heildarafkomu og hækka endurmatsafganginn í eigin fé nema að hún skal færð í rekstrarreikning að því marki sem hún snýr við endurmatslækkun á eigninni sem var áður færð í rekstrarreikning,

ii. hækkun á skuldinni skal færð í rekstrarreikning nema að færa skal hana í aðra heildarafkomu og lækka endurmatsafgang í eigin fé að því marki sem inneign er fyrir hendi á endurmatsreikningi vegna þeirrar eignar,

b) í því tilviki að lækkun á skuldinni er meiri en sem nemur bókfærðu verði sem hefði verið fært hefði eignin verið bókfærð samkvæmt kostnaðarverðslíkaninu, skal færa það sem umfram er strax í rekstrarreikning,

c) er breyting á skuldinni vísbending um að endurmeta þurfi eign til að tryggja að bókfærð fjárhæð sé ekki verulega fjarri því sem hefði verið ákvarðað með notkun gangvirðis eins og það var við lok reikningsskilatímabils. Tekið skal tillit til slíks endurmats við ákvörðun fjárhæða sem verða færðar í rekstrarreikning eða í aðra heildarafkomu skv. a-lið. Ef endurmat er nauðsynlegt skulu allar eignir þess flokks endurmetnar,

d) Í IAS-staðli 1 er krafist upplýsinga í yfirliti um heildarafkomu um sérhvern þátt annarrar heildarafkomu eða útgjalda. Til að fara að þessari kröfu skal aðgreina breytinguna á endurmatsafganginum sem stafar af breytingunni á skuldinni og greina frá henni.

7 Hin leiðrétta afskrifanlega fjárhæð eignar er afskrifuð á nýtingartíma hennar. Þegar tengda eignin er komin að lokum nýtingartíma skal því færa allar síðari breytingar á skuldinni í rekstrarreikning þegar þær verða. Þetta á við hvort sem kostnaðarverðslíkanið eða endurmatslíkanið er notað.

8 Reglubundin breyting afvöxtunarstuðulsins skal færð í rekstrarreikning sem fjármagnskostnaður þegar hún á sér stað. Eignfærsla samkvæmt IAS-staðli 23 er ekki heimil.

GILDISTÖKUDAGUR

9 Eining skal beita þessari túlkun að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. september 2004 eða síðar. Hvatt er til þess að staðallinn sé tekinn upp fyrr. Ef eining beitir túlkuninni að því er varðar tímabil sem hefst fyrir 1. september 2004 skal hún greina frá því.

9A Með IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess breyttist 6. liður. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

9B IFRS-staðall 16, gefinn út í janúar 2016, breytti 2. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

UMBREYTING

10 Gera skal grein fyrr breytingum á reikningsskilaaðferðum samkvæmt kröfum í IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur* ([59]).

([59]) Ef eining beitir þessari túlkun á tímabil sem hefst fyrir 1. janúar 2005 skal einingin fylgja kröfum fyrri útgáfu IAS-staðals 8 sem hét *hreinn hagnaður eða tap á tímabilinu, grundvallarskekkjur og breytingar á reikningsskilaaðferðum*, nema að einingin sé að beita endurskoðuðu útgáfu staðalsins að því er varðar fyrra tímabilið.

IFRIC-TÚLKUN 2

Hlutir félagsaðila í samvinnueiningum og sambærilegir gerningar

TILVÍSANIR

— IFRS-staðall 9, *fjármálagerningar*

— IFRS-staðall 13, *gangvirðismat*

— IAS-staðall 32, *fjármálagerningar: upplýsingar og framsetning* (endurskoðaður 2003) ([60])

FORSAGA

1 Samvinnufélög og aðrar sambærilegar einingar eru stofnaðar af hópum einstaklinga til að uppfylla sameiginlegar efnahagslegar eða félagslegar þarfir. Í landslögum er samvinnufélag yfirleitt skilgreint sem félag sem stefnir að því að stuðla að efnahagslegri framþróun félaga sinna með sameiginlegum fyrirtækjarekstri (meginreglan um sjálfshjálp). Hagsmunir félagsaðila í samvinnufélagi eru oft skilgreindir sem hlutir félagsaðila, hlutdeildarskírteini eða þess háttar og hér á eftir er vísað til þeirra sem „hlutir félagsaðila“.

2 Með IAS-staðli 32 eru settar meginreglur um flokkun fjármálagerninga sem fjárskuldir eða eigið fé. Þessar meginreglur gilda einkum um flokkun innleysanlegra gerninga sem veita handhafa rétt til að skila gerningunum til útgefanda fyrir handbært fé eða annan fjármálagerning. Beiting þessara meginreglna gagnvart hlutum félagsaðila í samvinnueiningum og sambærilegum gerningum er vandasöm. Sumir umbjóðendur Alþjóðareikningsskilaráðsins hafa óskað eftir aðstoð við að skilja hvernig meginreglurnar í IAS-staðli 32 gilda um hluti félagsaðila og sambærilega gerninga sem hafa tiltekin séreinkenni og um kringumstæðurnar þegar þessi séreinkenni hafa áhrif á flokkun í skuldir eða eigið fé.

GILDISSVIÐ

3 Þessi túlkun gildir um fjármálagerninga sem falla innan gildissviðs IAS-staðals 32, þ.m.t. fjármálagerningar sem gefnir eru út til félagsaðila í samvinnueiningum sem sýna eignarhlutdeild félagsaðila í einingunni. Þessi túlkun gildir ekki um fjármálagerninga sem verða gerðir upp eða unnt er að gera upp í eiginfjárgerningum einingarinnar.

ÁLITAEFNI

4 Margir fjármálagerningar, þ.m.t. hlutir félagsaðila, hafa eiginleika eigin fjár, m.a. atkvæðisrétt og rétt á hlutdeild við úthlutun arðs. Sumir fjármálagerningar veita handhafa rétt til að krefjast innlausnar fyrir handbært fé eða aðra fjáreign en geta falið í sér eða verið háðir takmörkunum á því hvort fjármálagerningarnir verða innleystir. Hvernig ber að meta þessi skilyrði fyrir innlausn þegar ákvarðað er hvort flokka skuli fjármálagerningana sem skuldir eða eigið fé?

ALMENNT SAMKOMULAG

5 Samningsbundinn réttur handhafa fjármálagernings (þ.m.t. hlutir félagsaðila í samvinnueiningum) til að óska eftir innlausn gerir í sjálfu sér ekki kröfu um að þessi fjármálagerningur sé flokkaður sem fjárskuld. Einingin verður því að taka tillit til allra skilmála og skilyrða fjármálagerningsins þegar ákvarðað er að flokka hann sem fjárskuld eða eigið fé. Skilmálar þessir og skilyrði ná til viðkomandi landslaga, reglna og samþykkta einingarinnar sem eru í gildi á flokkunardeginum en ekki til framtíðarbreytinga á þessum lögum, reglugerðum eða samþykktum.

6 Hlutir félagsaðila, sem væru flokkaðir sem eigið fé ef félagsaðilarnir hefðu ekki rétt til að krefjast innlausnar, eru eigið fé ef annaðhvort skilyrðið, sem lýst er í 7. og 8. lið, er fyrir hendi eða hlutir félagsaðila hafa öll einkenni og uppfylla skilyrðin í liðum 16A og 16B eða í liðum 16C og 16D í IAS-staðli 32. Óbundnar innstæður, þ.m.t. viðskiptareikningar, innlánsreikningar og sambærilegir samningar, sem myndast þegar félagsaðilar koma fram sem viðskiptavinir, eru fjárskuldir einingarinnar.

([60]) Í ágúst 2005 var IAS-staðli 32 breytt í IAS-staðal 32, *fjármálagerningar: framsetning*. Í febrúar 2008 breytti alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) IAS-staðli 32 með því að gera kröfu um að gerningar væru flokkaðir sem eigið fé ef þessir gerningar hefðu öll einkenni og uppfylltu skilyrðin í liðum 16A og 16B eða í liðum 16C og 16D í IAS-staðli 32.

7 Hlutir félagsaðila eru eigið fé ef einingin hefur skilyrðislausan rétt til að hafna innlausn hluta félagsaðilanna.

8 Landslög, reglur eða samþykktir einingarinnar geta lagt margs konar bönn við innlausn hluta félagsaðila, t.d. skilyrðislaust bann eða bann sem byggir á viðmiðun um greiðsluhæfi. Ef innlausn er skilyrðislaust bönnuð samkvæmt landslögum, reglum eða samþykktum einingarinnar eru hlutir félagsaðila eigið fé. Ákvæði í landslögum, reglum eða samþykktum einingarinnar, sem banna því aðeins innlausn ef skilyrði, s.s. hömlur á greiðsluhæfi, eru uppfyllt (eða eru ekki uppfyllt), leiða ekki til þess að hlutir félagsaðila séu eigið fé.

9 Skilyrðislaust bann getur verið algilt þannig að öll innlausn sé bönnuð. Skilyrðislaust bann getur gilt að hluta þannig að það banni innlausn hluta félagsaðila ef innlausn hefði í för með sér að fjöldi hluta félagsaðila eða fjárhæð innborgaðs eigin fjár af hlutum félagsaðila færi niður fyrir tiltekið mark. Hlutir félagsaðila, sem nema hærri fjárhæð en þeirri sem innlausnarbann tekur til, eru skuldir nema einingin hafi skilyrðislausan rétt til að hafna innlausn eins og lýst er í 7. lið eða hlutir félagsaðila hafa öll einkenni og uppfylla skilyrðin í liðum 16A og 16B eða í liðum 16C og 16D í IAS-staðli 32. Í sumum tilvikum getur fjöldi hluta eða fjárhæð innborgaðs eigin fjár sem er háð innlausnarbanni breyst öðru hverju. Slík breyting á innlausnarbanni leiðir til tilfærslu milli fjárskulda og eigin fjár.

10 Við upphaflega færslu skal einingin meta fjárskuld sína til innlausnar á gangvirði. Þegar um er að ræða hluti félagsaðila sem má innleysa metur einingin gangvirði fjárskuldarinnar til innlausnar þannig að það sé ekki lægra en sú hámarksfjárhæð sem greiða skal samkvæmt innlausnarákvæðum samþykkta hennar eða gildandi laga, afvaxtað frá fyrsta degi sem unnt er að krefjast greiðslu á fjárhæðinni (sjá 3. dæmi).

11 Útgreiðslur til handhafa eiginfjárgerninga eru færðar beint á eigið fé, eins og krafist er í 35. lið IAS-staðals 32. Vextir, arðgreiðslur og önnur ávöxtun, sem tengist fjármálagerningum, sem flokkaðir eru sem fjárskuldir, eru útgjöld, án tillits til þess hvort greiddar fjárhæðir eru lagalega skilgreindar sem arðgreiðslur, vextir eða annað.

12 Í viðbætinum, sem er óaðskiljanlegur hluti almenna samkomulagsins, eru dæmi um beitingu þessa almenna samkomulags.

UPPLÝSINGAGJÖF

13 Þegar breyting á innlausnarbanninu leiðir til tilfærslu milli fjárskulda og eigin fjár skal einingin birta upplýsingar um fjárhæð tilfærslunnar, tímasetningu hennar og ástæðu.

GILDISTÖKUDAGUR

14 Sami gildistökudagur og bráðabirgðakröfur gilda um þessa túlkun og gilda um IAS-staðal 32 (endurskoðaður 2003). Eining skal beita þessari túlkun að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Ef eining beitir þessari túlkun á tímabil sem hefst fyrir 1. janúar 2005 skal hún greina frá því. Túlkun þessari skal beita afturvirkt.

14A Eining skal beita breytingunum í liðum 6, 9, A1 og A12 að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir *Innleysanlegir fjármálagerningar og skuldbindingar sem verða til við félagsslit* (breytingar á IAS-staðli 32 og IAS-staðli 1), gefnar út í febrúar 2008, að því er varðar fyrra tímabil skal beita breytingunum í liðum 6, 9, A1 og A12 á það fyrra tímabil.

15 [Felldur brott]

16 IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti lið A8. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

17 *Árlegar endurbætur tímabilið 2009-2011*, gefnar út í maí 2012, breyttu 11. lið. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Ef eining beitir þeirri breytingu á IAS-staðli 32, sem hluta af *árlegu endurbótunum tímabilið 2009-2011* (gefnar út í maí 2012), að því er varðar fyrra tímabil skal beita breytingunni í 11. lið á það fyrra tímabil.

18 [Felldur brott]

19 IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti lið A8 og A10 og felldi brott 15. og 18. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

Viðbætir

Dæmi um beitingu almenna samkomulagsins

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti túlkunarinnar.

A1 Í þessum viðbæti eru sjö dæmi um beitingu almenns samkomulags alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil. Skráin yfir dæmin er ekki tæmandi, annars konar mynstur eru hugsanleg. Í hverju dæmi er gert ráð fyrir því að ekki séu önnur skilyrði en þau sem sett eru fram sem forsendur í dæminu og leiða til þess að nauðsynlegt er að fjármálagerningurinn sé flokkaður sem fjárskuld og að hann feli ekki í sér öll einkenni eða uppfylli skilyrðin í liðum 16A og 16B eða í liðum 16C og 16D í IAS-staðli 32.

SKILYRÐISLAUS RÉTTUR TIL AÐ HAFNA INNLAUSN (7. liður)

1. dæmi

Málavextir

A2 Í samþykktum einingarinnar segir að innlausn lúti aðeins ákvörðun einingarinnar. Í samþykktunum er ekki að finna frekari útfærslu eða takmörkun á því ákvörðunarvaldi. Einingin hefur aldrei frá því hún var stofnuð neitað að innleysa hluti félagsaðila, þótt stjórnin hafi rétt til að gera það.

Flokkun

A3 Einingin hefur skilyrðislausan rétt til að hafna innlausn og hlutir félagsaðila eru eigið fé. Í IAS-staðli 32 eru settar meginreglur um flokkun sem byggja á skilmálum fjármálagerningsins og þar segir að fyrri eða fyrirhugaðar greiðslur að eigin ákvörðun leiði ekki til flokkunar sem skuld. Í lið AG26 í IAS-staðli 32 segir:

Þegar forgangshlutir eru ekki innleysanlegir er viðeigandi flokkun ákvörðuð með hliðsjón af öðrum réttindum sem fylgja þeim. Flokkunin byggir á mati á eðli fyrirkomulags samningsins og skilgreiningunum á fjárskuld og eiginfjárgerningi. Þegar greiðslur til handhafa forgangshluta, hvort sem þær eru uppsafnaðar eða ekki, lúta ákvörðun útgefandans eru hlutirnir eiginfjárgerningar. Flokkun forgangshlutar sem eiginfjárgernings eða fjárskuldar verður t.d. ekki fyrir áhrifum af:

a) fyrri útgreiðslum,

b) fyrirætlun um að inna af hendi útgreiðslur í framtíðinni,

c) hugsanlegum neikvæðum áhrifum á verð almennra hluta útgefanda ef útgreiðslur eru ekki inntar af hendi (vegna takmarkana á greiðslu arðs af almennum hlutum ef arður er ekki greiddur af forgangshlutum),

d) fjárhæð varasjóða útgefanda,

e) væntingum útgefanda um hagnað eða tap á tímabili eða

f) getu eða vanhæfi útgefanda til að hafa áhrif á fjárhæð hagnaðar eða taps á tímabilinu.

2. dæmi

Málavextir

A4 Í samþykktum einingarinnar segir að innlausn lúti aðeins ákvörðun einingarinnar. Í samþykktunum segir þó enn fremur að samþykkt innlausnarbeiðni sé sjálfkrafa nema einingin geti ekki innt greiðslur af hendi nema með því að brjóta reglur hlutaðeigandi lands um greiðsluhæfi eða varasjóði.

Flokkun

A5 Einingin hefur ekki skilyrðislausan rétt til að hafna innlausn og hlutir félagsaðila eru fjárskuld. Takmarkanirnar, sem lýst er að framan, byggjast á getu einingarinnar til að greiða upp skuld sína. Þær takmarka innlausn því aðeins að kröfur um greiðsluhæfi eða varasjóð séu ekki uppfylltar og þá aðeins þar til þær hafa verið uppfylltar. Þær leiða því ekki til þess, samkvæmt meginreglunum sem settar eru í IAS-staðli 32, að fjármálagerningurinn sé flokkaður sem eigið fé. Í lið AG25 í IAS-staðli 32 segir:

Gefa má út forgangshluti með ýmsum réttindum. Við ákvörðun þess hvort forgangshlutur er fjárskuld eða eiginfjárgerningur metur útgefandi þau tilteknu réttindi sem tilheyra hlutnum til að ákvarða hvort hann hafi grundvallareinkenni fjárskuldar. Forgangshlutur felur t.d. í sér fjárskuld ef kveðið er á um innlausn tiltekinn dag eða samkvæmt valrétti handhafans vegna þess að útgefandanum ber skylda til að yfirfæra fjáreignir til handhafa hlutarins. *Þótt útgefandi geti hugsanlega ekki uppfyllt skyldu til að innleysa forgangshlut þegar hann er samningsbundinn til þess, hvort sem það er vegna fjármagnsskorts, lögboðinnar takmörkunar eða ófullnægjandi hagnaðar eða varasjóða, ógildir það ekki skylduna.* [Hér er skáletrun bætt við]

BANN VIÐ INNLAUSN (8. og 9. liður)

3. dæmi

Málavextir

A6 Samvinnueining hefur áður gefið út hluti til félagsaðila sinna á mismunandi tímum og í mismunandi fjárhæðum sem hér segir:

a) Hinn 1. janúar 20X1 100 000 hluti á 10 gjaldmiðilseiningar (GE) hvern (1 000 000 GE),

b) hinn 1. janúar 20X2 100 000 hluti á 20 GE hver (2 000 000 GE til viðbótar þannig að heildarfjárhæð útgefinna hluta er 3 000 000 GE).

Hlutirnir eru innleysanlegir þegar þess er krafist, á verði þeirra á útgáfudegi.

A7 Í samþykktum einingarinnar segir að uppsöfnuð innlausn geti ekki farið yfir 20% af mesta fjölda hluta félagsaðila sem hefur nokkru sinni verið útistandandi. Hinn 31. desember 20X2 á einingin 200 000 útistandandi hluti, sem er mesti fjöldi hluta félagsaðila sem nokkru sinni hefur verið útistandandi og engir hlutir hafa áður verið innleystir. Hinn 1. janúar 20X3 breytir einingin samþykktum sínum og hækkar leyfð mörk fyrir uppsafnaða innlausn í 25% af mesta fjölda hluta félagsaðila sem hefur nokkru sinni verið útistandandi.

Flokkun

Áður en samþykktum er breytt

A8 Sú fjárhæð, sem hlutur félagsaðila er hærri en sem nemur innlausnarbanninu, er fjárskuld. Samvinnueiningin metur þessa fjárskuld á gangvirði við upphafsfærslu. Þar sem þessir hlutir eru innleysanlegir þegar þess er krafist metur samvinnueiningin gangvirði slíkra fjárskulda í samræmi við 47. lið IFRS-staðals 13: „Gangvirði fjárskuldar með innlausnarákvæði (t.d. veltiinnlán) er ekki lægra en fjárhæðin sem skal greiða þegar þess er krafist ...“. Í samræmi við það flokkar samvinnueiningin hámarksfjárhæðina, sem skal greiða þegar þess er krafist samkvæmt innlausnarákvæðunum, sem fjárskuldir.

A9 Hinn 1. janúar 20X1 er hámarksfjárhæðin, sem skal greiða samkvæmt innlausnarákvæðunum, 20 000 hlutir á 10 GE hver og í samræmi við það flokkar einingin 200 000 GE sem fjárskuld og 800 000 GE sem eigið fé. Hinn 1. janúar 20X2 hækkar þó hámarksfjárhæðin, sem skal greiða samkvæmt innlausnarákvæðunum, í 40 000 hluti á 20 GE hver vegna nýrrar útgáfu hluta á 20 GE. Útgáfa viðbótarhluta á 20 GE skapar nýja fjárskuld sem er metin á gangvirði við upphaflega færslu. Þegar þessir hlutir hafa verið gefnir út er fjárskuldin 20% af heildarfjölda útgefinna hluta (200 000) sem metnir eru á 20 GE, eða 800 000 GE. Vegna þessa þarf að færa viðbótarskuld að fjárhæð 600 000 GE. Í þessu dæmi er hvorki færður ágóði né tap. Í samræmi við það flokkar einingin 800 000 GE sem fjárskuldir og 2 200 000 GE sem eigið fé. Í þessu dæmi er gert ráð fyrir að fjárhæðunum verði ekki breytt milli 1. janúar 20X1 og 31. desember 20X2.

Eftir breytingu á samþykktunum

A10 Í kjölfar breytinga á samþykktum er nú hægt að krefja samvinnueiningu um að innleysa að hámarki 25% útistandandi hluta sinna eða að hámarki 50 000 hluti á 20 GE hvern hlut. Í samræmi við það flokkar samvinnueiningin 1. janúar 20X3 1 000 000 GE sem fjárskuldir, en það er hámarksfjárhæðin sem skal greiða þegar þess er krafist samkvæmt innlausnarákvæðunum, eins og ákvarðað er í samræmi við 47. lið IFRS-staðals 13. Hún yfirfærir því 200 000 GE af eigin fé í fjárskuldir 1. janúar 20X3 og þá eru eftir 2 000 000 GE flokkaðar sem eigið fé. Í þessu dæmi færir einingin hvorki hagnað né tap á þessari yfirfærslu.

4. dæmi

Málavextir

A11 Landslög um rekstur samvinnufélaga eða skilmálar í samþykktum einingarinnar banna einingunni að innleysa hluti félagsaðila ef innlausn yrði til þess að lækka innborgað eigið fé frá hlutum félagsaðila og það færi niður fyrir 75% af hámarksfjárhæð innborgaðs eigin fjár frá hlutum félagsaðila. Hámarksfjárhæð fyrir tiltekið samvinnufélag er 1 000 000 GE. Við lok reikningsskilatímabilsins er innborgað eigið fé 900 000 GE.

Flokkun

A12 Í þessu tilviki eru 750 000 GE flokkaðar sem eigið fé og 150 000 GE sem fjárskuldir. Til viðbótar við liðina, sem þegar hafa verið nefndir, kemur m.a. fram í b-lið 18. liðar IAS-staðals 32:

… fjármálagerningur, sem veitir handhafa rétt til að skila honum til útgefanda fyrir handbært fé eða aðra fjáreign (innleysanlegur gerningur), er fjárskuld, nema að því er varðar þá gerninga sem eru flokkaðir sem eiginfjárgerningar í samræmi við liði 16A og 16B eða liði 16C og 16D. Fjármálagerningurinn er fjárskuld, jafnvel þótt handbært fé eða aðrar fjáreignir séu ákvarðaðar á grundvelli vísitölu eða annars liðar sem getur hækkað eða lækkað. Það að handhafinn eigi rétt á að skila gerningnum aftur til útgefanda fyrir handbært fé eða aðra fjáreign þýðir að innleysanlegi gerningurinn samræmist skilgreiningunni á fjárskuld, nema að því er varðar þá gerninga sem eru flokkaðir sem eiginfjárgerningar í samræmi við liði 16A og 16B eða liði 16C og 16D.

A13 Innlausnarbannið, sem lýst er í þessu dæmi, er frábrugðið takmörkununum sem lýst er í liðum 19 og AG25 í IAS-staðli 32. Hömlur þessar takmarka getu einingarinnar til að greiða útistandandi fjárhæð af fjárskuld, þ.e. þær koma því aðeins í veg fyrir greiðslu skuldarinnar að tiltekin skilyrði séu uppfyllt. Á hinn bóginn lýsir þetta dæmi skilyrðislausu innlausnarbanni umfram tiltekna fjárhæð, burtséð frá getu einingarinnar til að innleysa hluti félagsaðila (t.d. í ljósi handbærs fjár hennar, hagnaðar eða ráðstafanlegra varasjóða meðal eigin fjár). Innlausnarbannið kemur í raun í veg fyrir að einingin stofni til fjárskuldar til að innleysa meira en tiltekna fjárhæð innborgaðs eigin fjár. Því eru þeir hlutir sem innlausnarbannið nær til ekki fjárskuld. Þótt innleysa megi hluti félagsaðila hvern fyrir sig er ákveðinn hluti þeirra heildarhluta, sem eru útistandandi, ekki innlausnarhæfur undir neinum öðrum kringumstæðum en við slit einingarinnar.

5. dæmi

Málavextir

A14 Málavextirnir í þessu dæmi eru eins og þeir eru settir fram í 4. dæmi. Að auki koma kröfur um lausafjárstöðu í lögsögu hlutaðeigandi lands í veg fyrir að einingin geti við lok reikningsskilatímabilsins innleyst hluti félagsaðila nema handbært fé hennar og skammtímafjárfestingar séu yfir tiltekinni fjárhæð. Áhrif þessara krafna um lausafjárstöðu við lok reikningsskilatímabilsins eru þau að einingin getur ekki greitt meira en 50 000 GE til að innleysa hluti félaga.

Flokkun

A15 Eins og í 4. dæmi flokkar einingin 750 000 GE sem eigið fé og 150 000 GE sem fjárskuld. Þetta kemur til af því að fjárhæðin sem er flokkuð sem skuld byggist á skilyrðislausum rétti einingarinnar til að hafna innlausn en ekki á skilyrtum höftum sem koma því aðeins í veg fyrir innlausn að skilyrði um lausafjárstöðu og önnur skilyrði séu ekki uppfyllt og þá aðeins fram til þess tíma er þau hafa verið uppfyllt. Í þessu tilviki gilda ákvæði liða 19 og AG25 í IAS-staðli 32.

6. dæmi

Málavextir

A16 Samþykktir einingarinnar koma í veg fyrir að hún geti innleyst hluti félagsaðila, nema sem samsvarar andvirði af útgáfu viðbótarhluta til nýrra eða núverandi félagsaðila næstu þrjú árin á undan. Andvirðið af útgáfu hluta félagsaðila verður að nota til að innleysa hluti sem félagsaðilar hafa óskað eftir að verði innleystir. Andvirðið af útgáfu hluta félagsaðila næstu þrjú árin á undan hefur verið 12 000 GE og engir hlutir félagsaðila hafa verið innleystir.

Flokkun

A17 Einingin flokkar hluti félagsaðila að andvirði 12 000 GE sem fjárskuldir. Í samræmi við niðurstöðurnar sem er lýst í 4. dæmi eru hlutir félagsaðila sem lúta skilyrðislausu banni við innlausn ekki fjárskuldir. Slíkt skilyrðislaust bann gildir um fjárhæð sem jafngildir andvirði hluta sem voru gefnir út fyrir þriggja ára undanfarandi tímabilið og í samræmi við það er þessi fjárhæð flokkuð sem eigið fé. Fjárhæð sem jafngildir andvirði hluta sem voru gefnir út á næstliðnum þremur árum lýtur þó ekki skilyrðislausu innlausnarbanni. Í samræmi við það leiðir andvirðið af útgáfu hluta félagsaðila á næstliðnum þremur árum til fjárskulda þar til þeir verða ekki lengur tiltækir til innlausnar á hlutum félagsaðila. Þar af leiðandi hefur einingin fjárskuld sem jafngildir andvirðinu af hlutum útgefnum næstu þrjú ár á undan, að frádreginni innlausn á tímabilinu.

7. dæmi

Málavextir

A18 Einingin er samvinnubanki. Í landslögum um starfsemi samvinnubanka segir að minnst 50% af öllum „eftirstöðvum skulda“ einingarinnar (hugtak sem þannig er skilgreint í reglugerðum að það feli í sér hlutdeildarreikninga félagsaðila) verði að vera greiddar sem innborgað eigið fé félaga. Áhrif reglugerðarinnar eru þau að ef allar eftirstöðvar skulda samvinnufélagsins eru í formi hluta félagsaðila getur það innleyst þá alla. Hinn 31. desember 20X1 er heildarstaða útistandandi skulda einingarinnar 200 000 GE, þar af stendur hlutdeildarreikningur félagsaðila fyrir 125 000 GE. Skilmálar hlutdeildarreikninga félagsaðila heimila handhafa að innleysa þá þegar þess er krafist og í samþykktum einingarinnar eru engar takmarkanir á innlausn.

Flokkun

A19 Í þessu dæmi eru hlutir félagsaðila samvinnufélags flokkaðir sem fjárskuldir. Innlausnarbanninu svipar til takmarkananna sem er lýst í 19. lið og lið AG25 í IAS-staðli 32. Takmarkanirnar eru skilyrt takmörkun á getu einingarinnar til að greiða útistandandi fjárhæð af fjárskuld, þ.e. þær koma því aðeins í veg fyrir greiðslu skuldarinnar að tiltekin skilyrði séu uppfyllt. Nánar tiltekið getur þess verið krafist að einingin innleysi heildarfjárhæð hluta félagsaðila í samvinnufélagi (125 000 GE) ef hún greiddi allar aðrar skuldir sínar (75 000 GE). Innlausnarbannið kemur þar af leiðandi ekki í veg fyrir að einingin stofni til fjárskuldar til að innleysa meira en tiltekinn fjölda hluta félagsaðila eða tiltekna fjárhæð innborgaðs eigin fjár. Þetta gerir einingunni aðeins kleift að fresta innlausn þar til skilyrði hefur verið uppfyllt, þ.e. endurgreiðsla annarra skulda. Hlutir félagsaðila í samvinnufélagi í þessu dæmi lúta ekki skilyrðislausu innlausnarbanni og eru þess vegna flokkaðir sem fjárskuldir.

IFRIC-TÚLKUN 5

Réttur til hlutdeildar í sjóðum sem bera kostnað af niðurlagningu starfsemi, endurbyggingu og endurbótum á umhverfinu

TILVÍSANIR

— IFRS-staðall 9, *fjármálagerningar*

— IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*

— IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*

— IAS-staðall 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

— IAS-staðal 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*

— IAS-staðall 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*

FORSAGA

1 Tilgangur sjóða sem bera kostnað af niðurlagningu starfsemi, enduruppbyggingu og endurbótum á umhverfinu, hér á eftir nefndir „sjóðir vegna starfsemi sem leggja skal niður“ eða „sjóðir“, er að aðgreina eignir til að fjármagna að hluta til eða öllu leyti kostnað við að leggja niður verksmiðju (s.s. kjarnorkuver) eða taka úr notkun tækjabúnað (s.s. bíla) eða við endurbætur umhverfis (s.s. hreinsa mengun í vatni eða endurheimta land þar sem námugröftur hefur verið stundaður), sem til samans er vísað til sem „starfsemi sem leggja skal niður“.

2 Framlög til þessara sjóða geta verið valfrjáls eða að kröfu reglna eða laga. Sjóðirnir geta verið einnar eftirfarandi gerðar:

a) sjóðir sem eru stofnaðir af einum framlagsgreiðanda til að fjármagna eigin skuldbindingar vegna starfsemi sem leggja skal niður, hvort sem um er að ræða tiltekið athafnasvæði eða nokkur landfræðilega dreifð athafnasvæði,

b) sjóðir sem eru stofnaðir með fjölda framlagsgreiðenda til að fjármagna einstakar eða sameiginlegar skuldbindingar þeirra vegna starfsemi sem leggja skal niður þegar framlagsgreiðendur eiga rétt á endurgreiðslu niðurlagningar-kostnaðar sem nemur framlögum þeirra, að viðbættum raunhagnaði af þessum framlögum og að frádregnum hlut þeirra í kostnaðinum við að reka sjóðinn. Framlagsgreiðendur geta verið skuldbundnir til að greiða viðbótarframlög, t.d. ef annar framlagsgreiðandi verður gjaldþrota,

c) sjóðir sem eru stofnaðir með fjölda framlagsgreiðenda til að fjármagna einstakar eða sameiginlegar skuldbindingar þeirra vegna starfsemi sem leggja skal niður þegar framlagið, sem gerð er krafa um, byggist á núverandi starfsemi framlagsgreiðanda og ávinningurinn sem sá framlagsgreiðandi nýtur byggist á fyrri starfsemi hans. Í slíkum tilvikum er hugsanlega misræmi milli fjárhæðar framlaganna sem framlagsgreiðandi innir af hendi (sem byggjast á núverandi starfsemi) og þess virðis sem hægt er að innleysa í sjóðnum (sem byggist á fyrri starfsemi).

3 Slíkir sjóðir einkennast almennt af eftirfarandi:

a) sjóðnum er stjórnað sérstaklega af óháðum vörsluaðilum,

b) einingar (framlagsgreiðendur) greiða framlög í sjóðinn sem eru fjárfest í ýmiss konar eignum, sem geta tekið til bæði skulda- og hlutabréfafjárfestinga, og eru tiltæk til að aðstoða við að greiða niðurlagningarkostnað framlagsgreiðandans. Vörsluaðilarnir ákvarða hvernig framlögin eru fjárfest, innan þeirra marka sem lög sjóðsins setja, svo og önnur gildandi löggjöf eða aðrar reglur,

c) framlagsgreiðendurnir eru áfram skuldbundnir til að greiða niðurlagningarkostnað. Framlagsgreiðendur geta þó fengið niðurlagningarkostnað sinn endurgreiddan úr sjóðnum sem nemur kostnaðinum sem stofnað er til vegna niðurlagningarinnar eða hlut framlagsgreiðandans í eignum sjóðsins, eftir því hvor fjárhæðin er lægri,

d) framlagsgreiðendurnir geta haft takmarkaðan eða engan aðgang að umframeignum sjóðsins öðrum en þeim sem eru notaðar til að standa straum af styrkhæfum niðurlagningarkostnaði.

GILDISSVIÐ

4 Þessi túlkun gildir um færslu í reikningsskil framlagsgreiðanda á hlutdeild sem verður til fyrir tilstilli sjóða sem bera kostnað af niðurlagningu starfsemi og einkennast af tveimur eftirfarandi þáttum:

a) eignirnar eru reknar sérstaklega (annaðhvort af sérstökum lögaðila eða sem aðgreindar eignir innan annarrar einingar) og

b) réttur framlagsgreiðanda til aðgangs að eignunum er takmarkaður.

5 Eftirstæð hlutdeild í sjóði, sem er víðtækari en réttur til endurgreiðslu, s.s. samningsbundinn réttur til úthlutunar þegar starfsemi hefur verið lögð niður eða þegar sjóðnum er slitið, getur verið eiginfjárgerningur innan gildissviðs IFRS-staðals 9 og er ekki innan gildissviðs þessarar túlkunar.

ÁLITAEFNI

6 Í þessari túlkun er fjallað um eftirfarandi álitaefni:

a) hvernig framlagsgreiðandi skuli færa hlutdeild sína í sjóði og

b) hvernig færa skuli skuldbindingu framlagsgreiðanda til að greiða viðbótarframlög, t.d. ef annar framlagsgreiðandi verður gjaldþrota.

ALMENNT SAMKOMULAG

Færsla hlutdeildar í sjóði

7 Framlagsgreiðandinn skal færa skuldbindingu sína um að greiða niðurlagningarkostnað sem skuld og færa hlutdeild sína í sjóðnum sérstaklega nema framlagsgreiðandinn ábyrgist ekki að greiða niðurlagningarkostnað jafnvel þótt sjóðurinn standi ekki við greiðslur.

8 Framlagsgreiðandinn skal ákvarða hvort hann hefur yfirráð yfir, sameiginleg yfirráð yfir eða veruleg áhrif á sjóðinn með hliðsjón af IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IAS-staðli 28. Ef svo er skal framlagsgreiðandi færa hlutdeild sína í sjóðnum í samræmi við þessa staðla.

9 Ef framlagsgreiðandi hefur ekki yfirráð yfir, sameiginleg yfirráð yfir eða veruleg áhrif á hann á sjóðinn skal framlagsgreiðandinn færa réttinn til að taka við endurgreiðslu frá sjóðnum sem endurgreiðslu í samræmi við IAS-staðal 37. Þessa endurgreiðslu skal meta á því sem lægra er af:

a) færðri fjárhæð skuldbindingarinnar um að leggja starfsemi niður og

b) hlut framlagsgreiðanda í gangvirði hreinna eigna sjóðsins sem rekja má til framlagsgreiðenda.

Breytingar á bókfærðu verði réttarins til að taka við endurgreiðslu annarri en framlögum í og greiðslum úr sjóðnum skal færa í rekstrarreikning á tímabilinu þegar þessar breytingar verða.

Færsla skuldbindinga um að greiða viðbótarframlög

10 Þegar framlagsgreiðandi er skuldbundinn til að greiða hugsanlega viðbótarframlög, t.d. ef annar framlagsgreiðandi verður gjaldþrota eða ef virði þeirra fjárfestingareigna sem sjóðurinn hefur til umráða lækkar svo mikið að þær nægi ekki til að standa undir endurgreiðsluskuldbindingum sjóðsins, er þessi skuldbinding óviss skuldbinding sem er innan gildissviðs IAS-staðals 37. Framlagsgreiðandinn skal því aðeins færa skuld að líklegt sé að viðbótarframlög verði greidd.

Upplýsingagjöf

11 Framlagsgreiðandi skal birta upplýsingar um eðli hlutdeildar sinnar í sjóði og um allar takmarkanir á aðgangi að eignunum í sjóðnum.

12 Þegar framlagsgreiðandi er skuldbundinn til að greiða hugsanleg viðbótarframlög sem eru ekki færð sem skuld (sjá 10. lið) skal hann birta upplýsingarnar sem gerð er krafa um í 86. lið IAS-staðals 37.

13 Þegar framlagsgreiðandi færir hlutdeild sína í sjóðnum í samræmi við 9. lið skal hann birta upplýsingarnar sem gerð er krafa um í c-lið 85. liðar IAS-staðals 37.

GILDISTÖKUDAGUR

14 Eining skal beita þessari túlkun að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2006 eða síðar. Hvatt er til þess að staðallinn sé tekinn upp fyrr. Ef eining beitir þessari túlkun á tímabil sem hefst fyrir 1. janúar 2006 skal hún greina frá því.

14A [Felldur brott]

14B IFRS-staðall 10 og IFRS-staðall 11 útgefnir í maí 2011, breyta 8. og 9. lið. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 10 og IFRS-staðli 11.

14C [Felldur brott]

14D IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti 5. lið og felldi brott liði 14A og 14C. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

UMBREYTING

15 Gera skal grein fyrir breytingum á reikningsskilaaðferðum í samræmi við kröfurnar í IAS-staðli 8.

IFRIC-TÚLKUN 6

Skuldbindingar sem stafa af þátttöku á tilteknum markaði — raf- og rafeindabúnaðarúrgangur

TILVÍSANIR

— IAS-staðall 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

— IAS-staðall 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*

FORSAGA

1 Í 17. lið í IAS-staðli 37 er tilgreint að skuldbindandi atburður sé liðinn atburður sem leiði til núverandi skuldbindingar einingar sem á engan annan kost en að gera upp.

2 Í 19. lið í IAS-staðli 37 kemur fram að reiknaðar skuldbindingar séu aðeins færðar að því er varðar „skuldbindingar sem hafa orðið til vegna liðinna atburða sem eru óháðir aðgerðum einingar í framtíðinni“.

3 Tilskipun Evrópusambandsins um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (WE&EE), sem stýrir söfnun, meðhöndlun, endurheimt og vistvænni förgun búnaðarúrgangs, hefur vakið upp spurningar um hvenær færa eigi ónýtingu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem skuld. Tilskipunin gerir greinarmun á „nýjum” og „eldri” úrgangi og á úrgangi frá heimilum og úrgangi frá öðrum en einkaheimilum. Nýr úrgangur á við vörur sem voru seldar eftir 13. ágúst 2005. Allur heimilisbúnaður sem var seldur fyrir þann dag telst leiða til eldri úrgangs í skilningi tilskipunarinnar.

4 Í tilskipuninni er tilgreint að kostnaður við meðhöndlun úrgangs vegna eldri heimilisbúnaðar skuli leggjast á framleiðendur þess háttar búnaðar sem er á markaði á tímabilinu sem á að tilgreina í gildandi löggjöf sérhvers aðildarríkis (matstímabilið). Í tilskipuninni kemur fram að sérhvert aðildarríki skuli koma á fót tilhögun um hlutfallslega kostnaðarhlutdeild framleiðenda, „þ.e. í réttu hlutfalli við hlut þeirra í mörkuðum fyrir hinar ýmsu gerðir búnaðar.“

5 Nokkur hugtök sem eru notuð í túlkuninni, s.s. „markaðshlutdeild“ og „matstímabil“, geta verið skilgreind á gerólíkan hátt í gildandi löggjöf einstakra aðildarríkja. Lengd matstímabilsins getur t.d. verið eitt ár eða aðeins einn mánuður. Á sama hátt getur mat á markaðshlutdeild og formúlurnar til að reikna skuldbindinguna verið mismunandi í löggjöf hinna ýmsu landa. Öll þessi dæmi hafa þó aðeins áhrif á matið á skuldbindingunni sem fellur ekki innan gildissviðs túlkunarinnar.

GILDISSVIÐ

6 Í þessari túlkun eru leiðbeiningar um færsluna, í reikningsskilum framleiðenda, á skuldbindingum vegna meðhöndlunar úrgangs samkvæmt tilskipun ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang að því er varðar sölu á eldri heimilisbúnaði.

7 Í túlkuninni er hvorki fjallað um nýjan úrgang né eldri úrgang frá öðru en einkaheimilum. Í IAS-staðli 37 er fjallað á viðunandi hátt um skuldbindinguna vegna slíkrar meðhöndlunar úrgangs. Ef landslög taka á hinn bóginn á sambærilegan hátt á nýjum úrgangi frá einkaheimilum og eldri úrgangi frá einkaheimilum gilda meginreglur túlkunarinnar með hliðsjón af stigskiptingunni í 10.–12. lið í IAS-staðli 8. Stigskiptingin í IAS-staðli 8 skiptir einnig máli fyrir aðrar reglugerðir sem leiða af sér skuldbindingar á sambærilegan hátt og kostnaðarskiptingarlíkanið sem er tilgreint í tilskipun ESB.

ÁLITAEFNI

8 Alþjóðlega túlkunarnefndin um reikningsskil (IFRIC) var beðin að ákvarða, í tengslum við eyðingu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, hvað sé skuldbindandi atburður í samræmi við a-lið 14. liðar í IAS-staðli 37 að því er varðar færslu á reiknaðri skuldbindingu vegna kostnaðar við meðhöndlun úrgangs:

— framleiðsla eða sala á eldri heimilisbúnaði?

— þátttaka á markaði á matstímabilinu?

— stofnað til kostnaðar við meðhöndlun úrgangs?

ALMENNT SAMKOMULAG

9 Þátttaka á markaði á matstímabilinu er skuldbindandi atburður í samræmi við a-lið 14. liðar í IAS-staðli 37. Af þeim sökum verður ekki til skuldbinding vegna kostnaðar við meðhöndlun eldri úrgangs vegna heimilisbúnaðar þegar vörurnar eru framleiddar eða seldar. Þar eð skuldbindingin vegna eldri heimilisbúnaðar tengist þátttöku á markaði á matstímabilinu fremur en framleiðslu og sölu hlutanna sem á að farga verður ekki til nein skuldbinding nema og þar til markaðshlutdeild er fyrir hendi á matstímabilinu. Tímasetning skuldbindandi atburðarins getur einnig verið óháð því tiltekna tímabili þegar starfsemin, sem tengist meðhöndlun úrgangs, fer fram og stofnað er til kostnaðarins henni samfara.

GILDISTÖKUDAGUR

10 Eining skal beita þessari túlkun að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. desember 2005 eða síðar. Hvatt er til þess að staðallinn sé tekinn upp fyrr. Ef eining beitir túlkuninni að því er varðar tímabil sem hefst fyrir 1. desember 2005 skal hún greina frá því.

UMBREYTING

11 Gera skal grein fyrir breytingum á reikningsskilaaðferðum í samræmi við IAS-staðal 8.

IFRIC-TÚLKUN 7

Beiting endurgerðaraðferðar samkvæmt IAS-staðli 29, reikningsskil í hagkerfi þar sem óðaverðbólga ríkir

TILVÍSANIR

— IAS-staðli 12, *tekjuskattar*

— IAS-staðall 29, *reikningsskil í hagkerfi þar sem óðaverðbólga ríkir*

FORSAGA

1 Í þessari túlkun eru leiðbeiningar um hvernig skuli beita kröfum IAS-staðals 29 á reikningsskilatímabili þegar eining tilgreinir ([61]) að óðaverðbólga ríki í hagkerfi starfrækslugjaldmiðils síns, þar sem óðaverðbólga ríkti ekki í hagkerfinu á fyrra tímabili, og einingin endurgerir því reikningsskil sín í samræmi við IAS-staðal 29.

ÁLITAEFNI

2 Í þessari túlkun er fjallað um eftirfarandi spurningar:

a) hvernig ber að túlka kröfuna „… sett fram í mælieiningunni sem gildir við lok reikningsskilatímabilsins“ í 8. lið IAS-staðals 29 þegar eining beitir staðlinum?

b) hvernig á eining að færa upphafsstöðu frestaðra skattliða í endurgerð reikningsskila sinna?

ALMENNT SAMKOMULAG

3 Á reikningsskilatímabilinu þegar eining tilgreinir að óðaverðbólga ríki í hagkerfi starfrækslugjaldmiðils hennar, þar sem óðaverðbólga ríkti ekki á fyrra tímabilinu, skal eining beita kröfum IAS-staðals 29, eins og alltaf hefði ríkt óðaverðbólga í hagkerfinu. Vegna óperningalegra liða, sem eru metnir á upphaflegu kostnaðarverði, skal endurgera upphafsefnahagsreikning einingarinnar við upphaf fyrsta tímabils í reikningsskilunum til að endurspegla áhrif verðbólgu frá þeim degi sem eignirnar voru keyptar og til þess dags er til skuldanna var stofnað eða þær yfirteknar fram að dagsetningu á lokastöðu efnahagsreiknings reikningsskilatímabilsins. Að því er varðar óperningalega liði sem eru færðir í upphafsefnahagsreikning á öðru verðlagi en var á yfirtökudegi eða þegar til þeirra var stofnað skal endurgerðin þess í stað endurspegla áhrif verðbólgu frá þeim dagsetningum þegar bókfærða verðið var ákvarðað og fram að lokum reikningsskilatímabilsins.

4 Við lok reikningsskilatímabilsins eru frestaðir skattliðir færðir og metnir í samræmi við IAS-staðal 12. Upphæðir frestaðra skatta í upphafsefnahagsreikningi fyrir tímabilið eru þó ákvarðaðar sem hér segir:

a) einingin endurmetur frestuðu skattliðina í samræmi við IAS-staðal 12 eftir að hún hefur endurgert nafnvirði bókfærðs verðs óperningalegra liða við dagsetningu upphafsefnahagsreiknings reikningsskilatímabilsins með því að nota matseininguna á þeim degi,

b) frestuðu skattliðirnir sem eru endurmetnir í samræmi við a-lið eru endurgerðir með tilliti til breytingarinnar á matseiningunni frá dagsetningu upphafsefnahagsreiknings reikningsskilatímabilsins fram að lokum þess reikningsskilatímabils.

Einingin beitir aðferðinni í a-lið og b-lið við endurgerð frestuðu skattliðanna í upphafsefnahagsreikningi allra samanburðartímabila sem eru sett fram í endurgerðu reikningsskilunum fyrir reikningsskilatímabilið þegar einingin beitir IAS-staðli 29.

5 Þegar eining hefur endurgert reikningsskil sín eru allar samanburðarfjárhæðir í reikningsskilunum fyrir síðara reiknings skilatímabil, þ.m.t. frestaðir skattliðir, endurgerðar með því að nota breytinguna á matseiningunni fyrir síðara reikningsskilatímabilið aðeins á endurgerð reikningsskil fyrra reikningsskilatímabils.

([61]) Þegar eining tilgreinir óðaverðbólgu byggir hún það á eigin mati á skilyrðunum í 3. lið IAS-staðals 29.

GILDISTÖKUDAGUR

6 Eining skal beita þessari túlkun að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. mars 2006 eða síðar. Hvatt er til þess að staðallinn sé tekinn upp fyrr. Ef eining beitir þessari túlkun á reikningsskil fyrir tímabil sem hefst fyrir 1. mars 2006 skal hún greina frá því.

IFRIC-TÚLKUN 10

Árshlutareikningsskil og virðisrýrnun

TILVÍSANIR

— IFRS-staðall 9, *fjármálagerningar*

— IAS-staðall 34, *árshlutareikningsskil*

— IAS-staðall 36, *virðisrýrnun eigna*

FORSAGA

1 Þess er krafist að eining meti í lok hvers reikningsskilatímabils hvort virðisrýrnun hafi orðið á viðskiptavild og, sé þess krafist, að hún færi virðisrýrnunartap á þeim degi í samræmi við IAS-staðal 36. Við lok síðara reikningsskilatímabils geta aðstæður þó hafa breyst svo mjög að virðisrýrnunartapið hefði orðið minna eða að komist hefði verið hjá því með öllu ef virðisrýrnunarmatið hefði einungis farið fram á þeim degi. Í þessari túlkun eru leiðbeiningar um hvort ástæða sé til þess að bakfæra slíkt virðisrýrnunartap.

2 Túlkunin fjallar um vixlverkunina milli krafnanna í IAS-staðli 34 og færslu virðisrýrnunartaps á viðskiptavild í IAS-staðli 36 og um áhrif þeirrar vixlverkunar á síðari árshlutareikningsskil og árleg reikningsskil.

ÁLITAEFNI

3 Í 28. lið í IAS-staðli 34 er þess krafist að eining beiti sömu reikningsskilaaðferðum í árshlutareikningsskilum sínum og í árlegum reikningsskilum. Þar er einnig tilgreint: „Þó skal tíðni reikningsskila fyrirtækis (árleg, hálfsársleg eða ársfjórðungsleg) ekki hafa áhrif á mat á ársniðurstöðu þess. Til að ná því markmiði er mat vegna árshlutareikningsskila miðað við það sem liðið er af árinu til.“

4 Í 124. lið í IAS-staðli 36 er tilgreint: „Virðisrýrnunartap, sem er fært vegna viðskiptavildar, skal ekki bakfært á síðara tímabili.“

5 [Felldur brott]

6 [Felldur brott]

7 Í túlkuninni er fjallað um eftirfarandi álitaefni:

Á eining að bakfæra virðisrýrnunartap sem var fært á árshluta og nær til viðskiptavildar ef tap hefði ekki verið fært, eða minna tap hefði verið fært, hefði virðisrýrnunarmat aðeins farið fram við lok næsta reikningsskilatímabils?

ALMENNT SAMKOMULAG

8 Eining skal ekki bakfæra virðisrýrnunartap sem er fært á fyrri árshluta að því er varðar viðskiptavild.

9 Eining skal þó ekki heimfæra þetta almenna samkomulag upp á önnur svið ef hætta er á að ákvæði í IAS-staðli 34 stríði gegn ákvæðum annarra staðla.

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

10 Eining skal beita túlkuninni að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. nóvember 2006 eða síðar. Hvatt er til þess að staðallinn sé tekinn upp fyrr. Ef eining beitir túlkuninni að því er varðar tímabil sem hefst fyrir 1. nóvember 2006 skal hún greina frá því. Eining skal beita túlkuninni framvirkt á viðskiptavild frá þeim degi sem hún beitti IAS-staðli 36 í fyrsta sinn; hún skal beita túlkuninni framvirkt á fjárfestingar í eiginfjárgerningum, eða í fjáreignum sem eru bókfærðar á kostnaðarverði, frá þeim degi sem hún beitti matsskilyrðunum í IAS-staðli 39 í fyrsta sinn.

11 [Felldur brott]

12 [Felldur brott]

13 [Felldur brott]

14 IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti liðum 1, 2, 7 og 8 og felldi brott liði 5, 6 og 11–13. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

IFRIC-TÚLKUN 12

Samningar um þjónustuívilnun

TILVÍSANIR

— *Rammi um gerð og framsetningu reikningsskila* ([62])

— IFRS-staðall 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*

— IFRS-staðall 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*

— IFRS-staðall 9, *fjármálagerningar*

— IFRS-staðall 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*

— IFRS-staðall 16, *leigusamningar*

— IAS-staðall 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

— IAS-staðall 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*

— IAS 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð*

— IAS-staðli 23, *fjármagnskostnaður*

— IAS-staðall 32, *fjármálagerningar: framsetning*

— IAS-staðall 36, *virðisrýrnun eigna*

— IAS-staðall 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*

— IAS-staðall 38, *óefnislegar eignir*

— SIC-túlkun 29, *samningar um þjónustuívilnun: upplýsingagjöf* ([63])

FORSAGA

1 Í mörgum löndum hefur grunnvirki opinberrar þjónustu — s.s. vegir, brýr, jarðgöng, fangelsi, sjúkrahús, flugvellir, vatnsdreifikerfi, orkugjafar og fjarskiptanet — venjulega verið byggt upp, stjórnað og viðhaldið af hinu opinbera og fjármagnað með opinberum fjárveitingum á fjárlögum.

2 Í sumum löndum hefur hið opinbera innleitt samningsbundið þjónustufyrirkomulag til að fá einkageirann til að taka þátt í þróun, fjármögnun, rekstri og viðhaldi á grunnvirkinu. Grunnvirkið kann að vera þegar fyrir hendi eða vera byggt á þeim tíma sem þjónustufyrirkomulagið er í gildi. Fyrirkomulag sem fellur innan gildissviðs þessarar túlkunar felur að jafnaði í sér að einkaaðili (rekstraraðili) byggir grunnvirkið sem notað er til að veita opinberu þjónustuna eða endurnýjar það (til dæmis með því að auka afköst þess) og rekur og viðheldur því grunnvirki í tiltekinn tíma. Rekstraraðili fær greitt fyrir þjónustu sína á fyrirkomulagstímanum. Um fyrirkomulagið gildir samningur sem mælir fyrir um kröfur um afköst, aðferðir til verðaðlögunar og meðferð ágreiningsmála. Slíku fyrirkomulagi er oft lýst sem samningi um þjónustuívilnun að því er varðar „uppbyggingu, rekstur og síðan yfirfærslu“, „endurreisn, rekstur og yfirfærslu“ eða „hins opinbera við einkaaðila“.

([62]) Tilvísun til *Ramma alþjóðareikningsskilanefndarinnar um gerð og framsetningu reikningsskila*, sem ráðið samþykkti 2001 og var í gildi þegar túlkunin var mótuð.

([63]) Heiti SIC-túlkunar 29, sem áður var *Upplýsingagjöf — samningar um þjónustuívilnun*, var breytt með IFRIC-túlkun 12.

3 Eitt sem einkennir þjónustufyrirkomulag af þessu tagi er að skuldbindingin, sem rekstraraðili tekur á sig, hefur einkenni opinberrar þjónustu. Samkvæmt opinberri stefnu skal þjónusta í tengslum við grunnvirki veitt almenningi án tillits til þess hver rekur þjónustuna. Þjónustufyrirkomulagið skuldbindur rekstraraðila samkvæmt samningi til þess að veita almenningi viðkomandi þjónustu fyrir hönd hins opinbera. Önnur almenn einkenni eru:

a) aðili, sem veitir þjónustufyrirkomulagið (veitandi), er opinber aðili, þ.m.t. stofnun á vegum stjórnvalda, eða aðili í einkageiranum sem ábyrgðin á þjónustunni hefur verð lögð á.

b) rekstraraðili ber í það minnsta ábyrgð á hluta af stjórnun grunnvirkis og tengdri þjónustu og starfar ekki eingöngu sem fulltrúi fyrir hönd veitanda.

c) upphaflega verðið, sem rekstraraðili getur lagt á þjónustuna, er skilgreint í samningnum og settar eru reglur um endurskoðun verðs meðan þjónustufyrirkomulagið er í gildi.

d) rekstraraðili er skuldbundinn til að afhenda veitanda grunnvirki í tilteknu ásigkomulagi við lok fyrirkomulagsins, fyrir litla eða enga viðbótargreiðslu, án tillits til hver fjármagnaði það upphaflega.

GILDISSVIÐ

4 Túlkun þessi er leiðbeinandi um reikningsskil rekstraraðila vegna samninga hins opinbera við einkaaðila um þjónustuívilnun.

5 Túlkun þessi á við um samninga hins opinbera við einkaaðila um þjónustuívilnun:

a) veitandi hefur yfirráð yfir eða setur reglur um hvaða þjónustu rekstraraðili skal veita með viðkomandi grunnvirki, hverjum skal veita þjónustuna og við hvaða verði og

b) ef veitandinn hefur yfirráð yfir — gegnum eignarhald, rétthafarétt eða á annan hátt — öllum mikilvægum, eftirstæðum hlutum grunnvirkis við lok fyrirkomulags.

6 Grunnvirki, sem nýtt er í samninga hins opinbera við einkaaðila um þjónustuívilnun allan nýtingartíma þess (allan endingartíma eignanna), fellur innan gildissviðs þessarar túlkunar ef skilyrðin í a-lið 5. liðar eru uppfyllt. Í liðum AG1–AG8 er að finna leiðbeiningar um ákvarðanir um það hvort og að hve miklu leyti samningar hins opinbera við einkaaðila um þjónustuívilnun er innan gildissviðs þessarar túlkunar.

7 Þessi túlkun á bæði við um:

a) grunnvirki sem rekstraraðili byggir upp eða yfirtekur frá þriðja aðila samkvæmt þjónustufyrirkomulagi og

b) grunnvirki sem er þegar fyrir hendi og veitandi veitir rekstraraðila aðgang að samkvæmt þjónustufyrirkomulagi.

8 Í þessari túlkun er ekkert tilgreint um reikningsskil grunnvirkis sem rekstraraðili átti og færði sem varanlega rekstrarfjármuni áður en þjónustufyrirkomulag tók gildi. Afskráningarákvæði alþjóðlegra reikningsskilastaðla (sett fram í IAS-staðli 16) eiga við um slík grunnvirki.

9 Í þessari túlkun er ekkert tilgreint um reikningsskil veitenda.

ÁLITAEFNI

10 Í þessari túlkun eru settar fram meginreglur um færslu og mat á skuldbindingum og tengdum réttindum í samningum um þjónustuívilnun. Kröfur um birtingu upplýsinga um samninga um þjónustuívilnanir eru í túlkun fastanefndarinnar um túlkanir, SIC-túlkun 29. Í þessari túlkun er fjallað um eftirfarandi álitaefni:

a) meðhöndlun á réttindum rekstraraðila varðandi grunnvirki,

b) færslu og mat á endurgjaldi vegna fyrirkomulags,

c) byggingar- eða uppfærsluþjónustu,

d) rekstrarþjónustu,

e) fjármagnskostnað,

f) síðari reikningshaldslega meðferð fjáreignar og óefnislegrar eignar og

g) hluti sem veitandi leggur rekstraraðila til.

ALMENNT SAMKOMULAG

Meðferð á réttindum rekstraraðila varðandi grunnvirkið

11 Grunnvirki, sem fellur innan gildissviðs þessara túlkunar, skal ekki færa sem varanlega rekstrarfjármuni rekstraraðila þar sem samningurinn um þjónustufyrirkomulag flytur ekki réttinn til að stjórna notkun opinbers grunnvirkis til rekstraraðila. Rekstraraðili hefur aðgang að grunnvirkinu til að reka það og veita þannig þá opinberu þjónustu fyrir hönd veitanda sem skilmálar samningsins segja til um.

Færsla og mat á endurgjaldi vegna fyrirkomulagsins

12 Rekstraraðili kemur fram sem þjónustuveitandi samkvæmt skilmálum samningsbundins fyrirkomulags innan gildissviðs þessarar túlkunar. Rekstraraðili byggir eða uppfærir grunnvirki (byggingar- eða uppfærsluþjónusta) sem þarf til að veita opinbera þjónustu og rekur og viðheldur því grunnvirki (rekstrarþjónusta) í tiltekinn tíma.

13 Rekstraraðili skal færa og meta tekjur í samræmi við IFRS-staðal 15 vegna þeirrar þjónustu sem hann veitir. Síðari reikningshaldsleg meðferð ákvarðast af eðli endurgjaldsins. Síðari reikningshaldslegri meðferð á mótteknu endurgjaldi sem fjáreign og óefnislegri eign er lýst í 23.–26. lið hér á eftir.

Byggingar- eða uppfærsluþjónusta

14 Rekstraraðili skal gera grein fyrir byggingar- eða uppfærsluþjónustu í samræmi við IAS-staðal 15.

Endurgjald frá veitanda til rekstraraðila

15 Ef rekstraraðili veitir byggingar- eða uppfærsluþjónustu skal endurgjald eða viðskiptakröfur, sem rekstraraðili fær, fært í samræmi við IFRS-staðal 15. Endurgjald getur verið réttur til:

a) fjáreignar eða

b) óefnislegrar eignar.

16 Rekstraraðili skal færa fjáreign að því marki sem hann á óskilyrtan, samningsbundinn rétt til að fá fé eða annars konar fjáreign frá, eða að tilstuðlan, veitanda fyrir byggingarþjónustuna; veitandi hefur lítinn eða engan möguleika á að komast hjá því að greiða, venjulega vegna þess að unnt er að framfylgja samningnum samkvæmt lögum. Rekstraraðili á skilyrðislausan rétt á að fá fé ef veitandi samkvæmt samningi ábyrgist að greiða rekstraraðila a) tiltekna eða ákvarðanlega fjárhæð eða b) hugsanlegan mismun á greiðslum frá notendum opinberrar þjónustu og tiltekinnar eða ákvarðanlegrar fjárhæðar, jafnvel þótt greiðslan sé háð því að rekstraraðili tryggi að grunnvirki uppfylli tilteknar gæða- eða skilvirknikröfur.

17 Rekstraraðili skal færa óefnislega eign að því marki sem hann fær rétt (leyfi) til að krefja notendur hinnar opinberu þjónustu um gjald. Réttur til að krefja notendur opinberrar þjónustu um gjald er ekki óskilyrtur réttur til að taka við fjárhæð í handbæru fé vegna þess að fjárhæðirnar fara eftir því hve mikið almenningur nýtir sér þjónustuna.

18 Ef rekstraraðili fær greitt fyrir byggingarþjónustu að hluta til með fjáreign og að hluta til með óefnislegri eign er nauðsynlegt að gera grein fyrir hverjum þætti endurgjaldsins fyrir sig í bókhaldinu. Endurgjald eða viðskiptakröfur fyrir báða þætti skal í upphafi fært í samræmi við IFRS-staðal 15.

19 Eðli endurgjalds frá veitanda til rekstraraðila skal ákvarðað með vísun í samningsskilmála og viðeigandi samningalög, ef þau eru til. Eðli endurgjaldsins ákvarðar síðari reikningsskil eins og lýst er í 23.–26. lið. Báðar tegundir endurgjaldsins eru þó flokkaðar sem samningseignir á byggingar- eða uppfærslutímabilinu í samræmi við IFRS-staðal 15.

Rekstrarþjónusta

20 Rekstraraðili skal gera grein fyrir rekstrarþjónustu í samræmi við IFRS-staðal 15.

Samningsbundnar skyldur til að koma grunnvirki í tiltekið starfhæft ástand

21 Rekstraraðili kann að hafa samningsbundnar skyldur sem þarf að uppfylla samkvæmt skilyrðum starfsleyfis hans a) að viðhalda tilteknu starfhæfu ástandi grunnvirkis eða b) að koma grunnvirki aftur í tiltekið ástand áður en það er yfirfært til veitanda við lok þjónustufyrirkomulags. Þessar samningsbundnu skyldur til að viðhalda eða endurbæta grunnvirki, að undanskildum uppfærsluþættinum (sjá 14. lið), skulu færðar og metnar í samræmi við IAS-staðal 37, þ.e. samkvæmt besta mati á þeim kostnaði sem þyrfti til að gera upp núverandi skuldbindingu miðað við lok reikningsskilatímabilsins.

Fjármagnskostnaður sem rekstraraðili stofnar til

22 Í samræmi við IAS-staðal 23 skal færa þann fjármagnskostnað sem má heimfæra á fyrirkomulagið sem kostnað á því tímabili þegar til hans er stofnað, nema rekstraraðili eigi samningsbundinn rétt á að fá óefnislega eign (rétt til að krefja notendur hinnar opinberu þjónustu um endurgjald). Í því tilviki skal eignfæra þann fjármagnskostnað sem heimfæra má á fyrirkomulagið á byggingarstigi fyrirkomulagsins í samræmi við þann staðal

Fjáreign

23 IAS-staðall 32 og IFRS-staðlar 7 og 9 gilda um fjáreign sem færð er skv. 16. og 18. lið.

24 Skuldastöðu veitanda eða skuld, sem tilkomin er fyrir tilstilli hans, skal færa í samræmi við IFRS-staðal 9 eins og hún er metin á:

a) afskrifuðu kostnaðarverði,

b) gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu eða

c) gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

25 Ef skuldastaða veitanda er annaðhvort metin á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum heildarafkomu skal samkvæmt IFRS-staðli 9 reikna vexti með aðferð virkra vaxta og færa í rekstrarreikning.

Óefnisleg eign

26 IAS-staðall 38 gildir um óefnislega eign sem er færð í samræmi við 17. og 18. lið. Ákvæði 45.–47. liðar IAS-staðals 38 eru leiðbeinandi um mat á óefnislegum eignum sem fengist hafa í skiptum fyrir ópeningalega eign eða eignir eða samsetningu peningalegra og ópeningalegra eigna.

Hlutir sem veitandi leggur rekstraraðila til

27 Í samræmi við 11. lið skal ekki færa hluti í grunnvirki, sem veitandi heimilar rekstraraðila aðgang að í þeim tilgangi að uppfylla þjónustufyrirkomulag, sem varanlega rekstrarfjármuni rekstraraðila. Veitandi kann einnig að útvega rekstraraðila aðra hluti sem rekstraraðili getur haft í sinni vörslu eða farið með að vild. Ef slíkar eignir mynda hluta af endurgjaldi, sem veitanda ber að greiða fyrir þjónustu, eru þeir ekki opinber styrkur eins og skilgreint er í IAS-staðli 20. Þess í stað er gerð grein fyrir þeim sem hluta af viðskiptaverðinu eins og skilgreint er í IFRS-staðli 15.

GILDISTÖKUDAGUR

28 Eining skal beita þessari túlkun fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2008 eða síðar. Heimilt er að beita henni fyrr. Ef eining beitir þessari túlkun að því er varðar tímabil sem hefst fyrir 1. janúar 2008 skal hún greina frá því.

28D Með IFRS-staðli 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, gefinn út í maí 2014, breyttist þátturinn „Tilvísanir“ og 13.–15., 18.–20. og 27. liður. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

28E IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti 23.–25. lið og felldi brott liði 28A–28C. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

28F IFRS-staðall 16, gefinn út í janúar 2016, breytti lið AG8. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

UMBREYTING

29 Með fyrirvara um ákvæði 30. liðar er farið með breytingar á reikningsskilaaðferðum í samræmi við IAS-staðal 8, þ.e. afturvirkt.

30 Ef ógerlegt er fyrir rekstraraðila, að því er varðar tiltekið þjónustufyrirkomulag, að beita þessari túlkun afturvirkt við upphaf fyrsta tímabilsins, sem sett er fram, skal hann:

a) færa fjáreignir og óefnislegar eignir, sem voru til við upphaf fyrsta framsetta reikningsárs,

b) nota fyrra bókfært verð þeirra fjáreigna og óefnislegra eigna (hvernig sem þ ær voru áður flokkaðar) sem bókfært verð miðað við þá dagsetningu og

c) prófa hvort virði fjáreigna og óefnislegra eigna, sem færðar voru þann dag, hafi rýrnað, nema það sé ógerlegt en þá skal prófa virðisrýrnun fjárhæða við upphaf yfirstandandi tímabils.

Viðbætir A

Leiðbeiningar um beitingu

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti túlkunarinnar.

GILDISSVIÐ (5. liður)

AG1 Í 5. lið þessarar túlkunar er tilgreint að grunnvirki sé innan gildissviðs túlkunarinnar þegar eftirfarandi skilyrði eiga við:

a) veitandi hefur yfirráð yfir eða setur reglur um hvaða þjónustu rekstraraðili skal veita með viðkomandi grunnvirki, hverjum skal veita þjónustuna og við hvaða verði og

b) ef veitandinn hefur yfirráð yfir — gegnum eignarhald, rétthafarétt eða á annan hátt — öllum mikilvægum, eftirstæðum hlutum grunnvirkis við lok fyrirkomulags.

AG2 Þau yfirráð eða sú reglusetning sem um getur í skilyrði a-liðar gæti verið samningsbundin eða með öðrum hætti (s.s. undir eftirlitsyfirvaldi) og felur m.a. í sér aðstæður þar sem veitandi kaupir alla framleiðsluna eða þá aðrir notendur kaupa alla framleiðsluna eða hluta hennar. Við beitingu þessa skilyrðis skal telja veitanda og alla tengda aðila sem einn. Ef veitandi er opinber aðili, skal telja allan opinbera geirann, ásamt öllum þeim eftirlitsaðilum, sem starfa í þágu hins opinbera, sem aðila tengda veitanda að því er varðar þessa túlkun.

AG3 Að því er varðar skilyrði a-liðar þarf veitandi ekki að hafa fullkomna stjórn á verðinu: það er fullnægjandi að veitandi, samningur eða eftirlitsaðili stjórni verðinu, til dæmis með hámarksverðskerfi. Skilyrðinu skal þó beitt að því er varðar meginatriði samkomulags. Óefnislegir þættir, svo sem þak sem aðeins gildir í sjaldgæfum tilvikum, skulu ekki teknir til greina. Ef samningur felur hins vegar í sér frelsi rekstraraðila til verðlagningar, en allur viðbótarhagnaður fer til veitanda, er þak á hagnaði rekstraraðilans og verðþætti athugunarinnar fullnægt.

AG4 Samkvæmt skilyrði b-liðar ættu yfirráð veitanda yfir öllum umtalsverðum eftirstæðum hlutum að takmarka raunverulega getu rekstraraðila til að selja eða veðsetja grunnvirki og gefa veitanda áframhaldandi notkunarrétt á samningstímanum. Eftirstæður hluti grunnvirkis er áætlað núvirði grunnvirkis eins og ef það væri þegar eins gamalt og í því ástandi sem vænta mætti við lok samningstímabilsins.

AG5 Eftirlit skal vera aðskilið frá stjórn. Ef veitandi heldur bæði þeim yfirráðum sem lýst er í a-lið 5. liðar og öllum eftirstæðum hlutum grunnvirkis sem máli skipta þá stjórnar rekstraraðili aðeins grunnvirkinu fyrir hönd veitanda — þrátt fyrir að hann hafi í mörgum tilvikum víðtækt stjórnunarlegt ákvörðunarvald.

AG6 Með skilyrðunum í a- og b-lið er sameiginlega skilgreint hvenær grunnvirki, þ.m.t. allir nauðsynlegir varahlutir (sjá 21. lið), er undir yfirráðum veitanda allan endingartíma þess. Ef rekstraraðili þarf til dæmis að skipta um hluta af grunnvirki á samningstímanum (t.d. efsta lag vegar eða þak á byggingu) skal telja þann hluta grunnvirkis sem heild. Skilyrði b-liðar er því uppfyllt að því er varðar allt grunnvirkið, þ.m.t. sá hluti sem skipt er um, ef veitandi stjórnar öllum umtalsverðum hlutum í endanlegri endurnýjun þess hluta.

AG7 Stundum er notkun grunnvirkis að hluta til undir eftirliti, eins og um getur í a-lið 5. liðar, og að hluta til án eftirlits. Fyrirkomulag af þessu tagi getur þó verið með ýmsum hætti:

a) grunnvirki, sem er aðgreinanlegt og unnt að starfrækja það óháð öðrum og sem fellur að skilgreiningunni á fjárskapandi einingu, eins og hún er skilgreind í IAS-staðli 36, skal greina sérstaklega ef það er einungis nýtt í tilgangi sem er að öllu leyti óbundinn af reglusetningu. Þetta getur til dæmis átt við um einkaálmu sjúkrahúss þar sem veitandi nýtir aðra hluta sjúkrahússins til að meðhöndla almenna sjúklinga.

b) þegar hrein stoðstarfsemi (s.s. verslun í sjúkrahúsi) er óbundin af reglusetningu skulu yfirráðaprófanir fara fram eins og sú starfsemi væri þar ekki, vegna þess að í tilvikum þar sem veitandi hefur yfirráð yfir þjónustunni, eins og lýst er í 5. lið, dregur tilvist stoðstarfsemi ekki úr yfirráðum veitanda yfir grunnvirkinu.

AG8 Rekstraraðili kann að eiga rétt til afnota af aðgreinanlega grunnvirkinu, sem lýst er í a-lið liðar AG7, eða aðstöðu sem notuð er til að veita stoðþjónustu sem er óbundin af reglusetningu sem lýst er í b-lið liðar AG7. Í báðum tilvikum er hugsanlegt að í reynd sé um að ræða leigusamning milli veitanda og rekstraraðila; í því tilviki skal gera grein fyrir því í samræmi við IFRS-staðal 16.

IFRIC-TÚLKUN 14

IAS-staðall 19 — takmörkun á réttindatengdri eign, kröfur um lágmarksfjármögnun og gagnkvæm áhrif þeirra

TILVÍSANIR

— IAS-staðall 1, *framsetning reikningsskila*

— IAS-staðall 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

— IAS-staðall 19, *starfskjör* (eins og honum var breytt 2011)

— IAS-staðall 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*

FORSAGA

1 Liður 64 í IAS-staðli 19 takmarkar matið á hreinni réttindatengdri eign við það sem lægra er af hagnaði réttindatengda kerfisins og efri mörkum eigna. Í 8. lið IAS-staðals 19 eru efri mörk eignar skilgreind sem „núvirði efnahagslegs ávinnings sem fáanlegur er sem endurgreiðsla frá kerfinu eða lækkun á framtíðariðgjöldum til kerfisins“. Spurningar hafa vaknað um hvenær endurgreiðsla eða lækkun á framtíðariðgjöldum teljist fáanleg, einkum þegar gerð er krafa um lágmarksfjármögnun.

2 Í mörgum löndum eru gerðar kröfur um lágmarksfjármögnun til að bæta öryggi þess loforðs sem aðilum að lífeyrissjóði eru gefin um eftirlaunakjör. Í slíkum kröfum er að öllu jöfnu mælt fyrir um lágmarksfjárhæð eða lágmarksiðgjöld sem verður að greiða til lífeyriskerfis á tilteknum tíma. Krafa um lágmarksfjármögnun kann því að takmarka getu einingarinnar til að lækka framtíðariðgjöld.

3 Takmörkun á mati á réttindatengdri eign getur enn fremur valdið því að krafa um lágmarksfjármögnun verði íþyngjandi. Að öllu jöfnu hefur krafa um að greiða iðgjöld til lífeyriskerfis ekki áhrif á mat á réttindatengdri eign eða skuld. Þetta stafar af því að iðgjöldin verða eign lífeyriskerfisins þegar þau hafa verið greidd og því er hrein viðbótarskuld engin. Krafa um lágmarksfjármögnun getur þó leitt til skuldbindingar ef iðgjöldin, sem krafa er gerð um, verða einingunni ekki tiltæk þegar þau hafa verið greidd.

3A Í nóvember 2009 breytti Alþjóðareikningsskilaráðið IFRIC-túlkun 14 til að koma í veg fyrir ótilætlaða afleiðingu vegna meðferðar á fyrirframgreiðslum framtíðariðgjalda í tilvikum þar sem gerð er krafa um lágmarksfjármögnun.

GILDISSVIÐ

4 Túlkun þessi gildir um öll réttindatengd eftirlaunakjör og önnur réttindatengd langtímastarfskjör.

5 Í þessari túlkun er með kröfum um lágmarksfjármögnun átt við allar kröfur um að fjármagna eftirlaunakerfi eða önnur réttindatengd kerfi til langs tíma.

ÁLITAEFNI

6 Í þessari túlkun er fjallað um eftirfarandi álitaefni:

a) hvenær endurgreiðsla eða lækkun á framtíðariðgjöldum teljist fáanleg í samræmi við skilgreininguna á efri mörkum eigna í 8. lið IAS-staðals 19,

b) hvernig krafa um lágmarksfjármögnun geti haft áhrif á það hvort lækkun framtíðariðgjalda sé fáanleg,

c) hvenær krafa um lágmarksfjármögnun geti leitt til skuldbindingar.

ALMENNT SAMKOMULAG

Möguleiki á endurgreiðslu eða lækkun á framtíðariðgjöldum

7 Eining skal ákvarða hvort endurgreiðsla eða lækkun á framtíðariðgjöldum sé fáanleg í samræmi við skilmála og skilyrði lífeyriskerfisins og hvers kyns lagaákvæði í þeirri lögsögu sem lífeyriskerfið heyrir undir.

8 Efnahagslegur ávinningur í formi endurgreiðslu eða lækkunar á framtíðariðgjöldum er fáanlegur ef einingin getur innleyst hann á gildistíma lífeyriskerfisins eða þegar skuldbindingar lífeyriskerfisins eru gerðar upp. Sér í lagi getur slíkur efnahagslegur ávinningur verið fyrir hendi jafnvel þótt ekki sé unnt að innleysa hann þegar í stað við lok reikningsskilatímabilsins.

9 Efnahagslegi ávinningurinn, sem er fáanlegur, veltur ekki á því hvernig einingin hyggst nota tekjur umfram gjöld. Eining skal ákvarða þann efnahagslega hámarksávinning sem er fáanlegur vegna endurgreiðslu, lækkunar á framtíðariðgjöldum eða samblands af þessu tvennu. Eining skal ekki færa efnahagslegan ávinning vegna samblands af endurgreiðslu og lækkun á framtíðaiðgjöldum á grundvelli forsendna sem eru ósamrýmanlegar.

10 Eining skal, í samræmi við IAS-staðal 1, veita upplýsingar um þýðingarmikil atriði er valda óvissu í mati við dagsetningu efnahagsreiknings sem umtalsverð hætta er á að valdi verulegum leiðréttingum á bókfærðu verði hreinnar eignar eða hreinnar skuldar í efnahagsreikningi. Þetta geta t.d. verið upplýsingar um hvers kyns takmarkanir á þeim möguleika að innleysa tekjur umfram gjöld eða upplýsingar um þá aðferð sem er notuð til að ákvarða fjárhæð þess efnahagslegs ávinnings sem er fáanlegur.

Efnahagslegur ávinningur sem er fáanlegur sem endurgreiðsla

Réttur til endurgreiðslu

11 Eining getur því aðeins fengið endurgreiðslu ef hún á skilyrðislausan rétt til endurgreiðslu:

a) á gildistíma lífeyriskerfisins, án þess að gera ráð fyrir því að gera verði skuldir lífeyriskerfisins upp til að fá endurgreiðslu (t.d. getur einingin í tilteknum lögsögum átt rétt til endurgreiðslu á gildistíma lífeyriskerfisins, óháð því hvort skuldir lífeyriskerfisins hafa verið gerðar upp) eða

b) ef gert er ráð fyrir að skuldir lífeyriskerfisins séu gerðar upp smám saman á lengra tímabili þar til allir aðilar hafa sagt skilið við lífeyriskerfið eða

c) ef gert er ráð fyrir að skuldir lífeyriskerfisins séu að fullu gerðar upp í einu (þ.e. við slit lífeyriskerfisins).

Skilyrðislaus réttur til endurgreiðslu getur verið fyrir hendi hver sem fjárframlög til lífeyriskerfisins eru við lok reikningsskilatímabilsins.

12 Ef réttur einingar til endurgreiðslu á tekjum umfram gjöld veltur á því að einn eða fleiri óvissir framtíðaratburðir, sem hún hefur ekki fulla stjórn á, verði eða verði ekki á einingin ekki skilyrðislausan rétt og skal ekki færa eign.

Mat á efnahagslegum ávinningi

13 Eining skal meta þann efnahagslega ávinning sem er fáanlegur sem endurgreiðsla sem fjárhæð tekna umfram gjöld við lok reikningsskilatímabilsins (þ.e.a.s. gangvirði eigna lífeyriskerfisins að frádregnu núvirði réttindatengdu skuldbindingarinnar) sem einingin á rétt á að fá sem endurgreiðslu, að frádregnum öllum tengdum kostnaði. Ef endurgreiðsla væri t.d. skattskyld vegna annars skatts en tekjuskatts skal eining meta fjárhæð endurgreiðslunnar að frádregnum skattinum.

14 Við mat á fjárhæð endurgreiðslu, sem er fáanleg þegar lífeyriskerfinu er slitið (c-liður 11. liðar), skal eining telja með kostnað lífeyriskerfisins við að gera upp skuldir lífeyriskerfisins og vegna endurgreiðslunnar. Eining skal t.d. draga frá sérfræðiþóknun ef lífeyriskerfið greiðir hana en ekki einingin og kostnað vegna hvers kyns tryggingariðgjalda sem kann að vera krafist til að tryggja skuldina við slit.

15 Ef fjárhæð endurgreiðslu ákvarðast sem öll fjárhæð tekna umfram gjöld eða hluti tekna umfram gjöld fremur en föst fjárhæð skal eining ekki gera neinar leiðréttingar með tilliti til tímavirðis peninga, jafnvel þótt einungis sé unnt að innleysa endurgreiðsluna í framtíðinni.

Efnahagslegur ávinningur sem er fáanlegur sem lækkun iðgjalda

16 Ef ekki er gerð krafa um lágmarksfjármögnun vegna iðgjalda sem tengjast réttindaávinnslu í framtíðinni er efnahagslegur ávinningur sem er fáanlegur sem lækkun á framtíðariðgjöldum kostnaður einingarinnar vegna réttindaávinnslu í framtíðinni fyrir hvert tímabil á væntum gildistíma lífeyriskerfisins og væntum líftíma einingarinnar. Í kostnaði einingarinnar vegna réttindaávinnslu í framtíðinni eru fjárhæðir, sem starfsmenn standa straum af, undanskildar.

17 Eining skal ákvarða kostnað vegna réttindaávinnslu í framtíðinni með því að nota forsendur sem eru í samræmi við þær forsendur sem eru notaðar til að ákvarða réttindatengda skuldbindingu og í samræmi við aðstæður við lok reikningsskilatímabilsins eins og þær eru skilgreindar í IAS-staðli 19. Eining skal því gera ráð fyrir að engar breytingar verði á bótum frá lífeyriskerfi í framtíðinni þar til lífeyriskerfinu er breytt og hún skal gera ráð fyrir stöðugu vinnuafli í framtíðinni nema einingin fækki starfsmönnum sem lífeyriskerfið tekur til. Í síðara tilvikinu skal forsendan um framtíðarvinnuafl fela í sér fækkunina.

Áhrif kröfu um lágmarksfjármögnun á efnahagslegan ávinning sem er fáanlegur sem lækkun á framtíðariðgjöldum

18 Eining skal greina allar kröfur um lágmarksfjármögnun á tilteknum degi í iðgjöld sem krafist er til að standa straum af a) öllum halla sem er vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila á grundvelli kröfu um lágmarksfjármögnun og b) réttindaávinnslu í framtíðinni.

19 Iðgjöld, sem ætlað er að standa straum af halla á grundvelli kröfu um lágmarksfjármögnun að því er varðar þjónustu, sem hefur þegar verið móttekin, hafa ekki áhrif á framtíðariðgjöld vegna þjónustu í framtíðinni. Þau gætu leitt til skuldbindingar í samræmi við liði 23–26.

20 Ef gerð er krafa um lágmarksfjármögnun vegna iðgjalda sem tengjast réttindaávinnslu í framtíðinni, skal efnahagslegur ávinningur, sem er fáanlegur sem lækkun á framtíðariðgjöldum, vera samtala:

a) fjárhæðar sem dregur úr kröfum um framtíðariðgjöld vegna lágmarksfjármögnunar réttindaávinnslu í framtíðinni, þar sem einingin greiddi fyrirfram (þ.e. greiddi fjárhæðina fyrr en henni bar skylda til), og

b) áætlaðs kostnaðar vegna réttindaávinnslu í framtíðinni á hverju tímabili í samræmi við 16. og 17. lið, að frádregnum áætluðum kröfum um iðgjöld vegna lágmarksfjármögnunar, sem krafist yrði vegna réttindaávinnslu í framtíðinni á þeim tímabilum ef engar fyrirframgreiðslur væru fyrir hendi, eins og lýst er í a-lið.

21 Eining skal meta kröfur um iðgjöld til lágmarksfjármögnunar í framtíðinni vegna réttindaávinnslu með hliðsjón af áhrifum núverandi tekna umfram gjöld, sem ákvarðaðar eru á lágmarksfjármögnunargrunni, að undanskilinni þeirri fyrirframgreiðslu sem lýst er í a-lið 20. liðar. Eining skal nota forsendur sem eru í samræmi við lágmarksfjármögnunargrunn og, að því er varðar þætti sem eru ekki tilgreindir á þeim grunni, forsendur sem eru í samræmi við þær forsendur sem eru notaðar til að ákvarða réttindatengda skuldbindingu og í samræmi við þær aðstæður sem eru fyrir hendi við lok reikningsskilatímabilsins, eins og þær eru skilgreindar í IAS-staðli 19. Matið skal ná yfir allar breytingar sem vænst er vegna þess að einingin greiðir lágmarksiðgjöld þegar þau gjaldfalla. Matið skal þó ekki taka til áhrifa af væntum breytingum á skilmálum og skilyrðum kröfu um lágmarksfjármögnunargrunn sem hafa ekki öðlast gildi með formlegum hætti eða eru ekki samningsbundin við lok reikningsskilatímabilsins.

22 Þegar eining ákvarðar fjárhæðina, sem lýst er í b-lið 20. liðar, fari iðgjöld til lágmarksfjármögnunar í framtíðinni vegna réttindaávinnslu fram úr kostnaði framtíðarréttinda í tengslum við IAS-staðal 19, lækkar umframframlagið upphæð tiltæks fjárhagslegs ávinnings sem lækkun á framtíðariðgjöldum. Fjárhæðin sem um getur í b-lið 20. liðar getur þó aldrei verið lægri en núll.

Þegar krafa um lágmarksfjármögnun getur leitt til skuldar

23 Ef eining er skuldbundin samkvæmt kröfu um lágmarksfjármögnun til að greiða iðgjöld til að standa straum af halla á grundvelli lágmarksfjármögnunar, að því er varðar þjónustu sem er þegar móttekin, skal einingin ákvarða hvort iðgjöldin, sem greiða ber, verði fáanleg sem endurgreiðsla eða lækkun á framtíðariðgjöldum eftir að þau hafa verið greidd til lífeyriskerfisins.

24 Eining skal, eftir því sem iðgjöldin, sem ber að greiða, verða ekki tiltæk eftir að þau hafa verið greidd til lífeyriskerfisins, færa skuld þegar skuldbindingin verður til. Skuldin skal lækka réttindatengdu eignina eða hækka hreinu réttindatengdu skuldina þannig að ekki er reiknað með að hagnaður eða tap hljótist af beitingu 64. liðar IAS-staðals 19 þegar iðgjöldin eru greidd.

GILDISTÖKUDAGUR

27 Eining skal beita þessari túlkun fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2008 eða síðar. Heimilt er að beita henni fyrr.

27A Með IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess breyttist 26. liður. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

27B Með kröfum um lágmarksfjármögnun fyrirframgreiðslna bættist liður 3A við og liðir 16–18 og 20–22 breyttust. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2011 eða síðar. Heimilt er að beita þeim fyrr. Eining skal greina frá því ef hún beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil.

27C IAS-staðall 19, (með áorðnum breytingum 2011) breytti liðum 1, 6, 17 og 24 og felldi brott liði 25 og 26. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IAS-staðli 19, (með áorðnum breytingum 2011).

UMBREYTING

28 Eining skal beita þessari túlkun frá upphafi fyrsta tímabilsins sem er sett fram í fyrstu reikningsskilunum sem þessi túlkun gildir um. Eining skal færa upphaflegar leiðréttingar, sem verða til við beitingu þessarar túlkunar sem óráðstafað eigið fé við upphaf þess tímabils.

29 Eining skal beita ákvæðum breytinganna í lið 3A, liðum 16–18 og liðum 20–22 frá upphafi fyrsta samanburðartímabils sem sett er fram í fyrstu reikningsskilunum þar sem einingin beitir túlkuninni. Hafi einingin fyrr beitt þessari túlkun, áður en hún beitti breytingunum, skal hún færa leiðréttinguna sem leiðir af beitingu breytinga á óráðstöfuðu eigin fé sem tilgreint var við upphaf fyrsta samanburðartímabils.

IFRIC-TÚLKUN 16

Áhættuvarnir vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri

TILVÍSANIR

— IFRS-staðall 9, *fjármálagerningar*

— IAS-staðall 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

— IAS-staðall 21, *áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla*

FORSAGA

1 Margar einingar, sem reikningsskil taka til, hafa fjárfest í erlendum rekstri (eins og hann er skilgreindur í 8. lið. IAS-staðals 21). Þess háttar erlendur rekstur getur verið dótturfélög, hlutdeildarfélög, samrekstur eða útibú. Þess er krafist í IAS-staðli 21 að eining ákvarði starfrækslugjaldmiðil hvers erlends rekstrar sem gjaldmiðil aðalefnahagsumhverfis viðkomandi rekstrar. Við umreikning rekstrarafkomu og fjárhagsstöðu erlends reksturs yfir í framsetningargjaldmiðil, er gerð krafa um að einingin færi gengismun í annan heildarhagnað þar til hún ráðstafar erlenda rekstrinum.

2 Áhættuvarnarreikningsskil gengisáhættu erlendra gjaldmiðla vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri eiga einungis við þegar hreinar eignir viðkomandi erlends rekstrar eru innifaldar í reikningsskilunum ([64]). Sá liður sem verið er að verja að því er varðar gengisáhættu erlendra gjaldmiðla sem stafar af hreinni fjárfestingu í erlendum rekstri getur verið fjárhæð hreinna eigna jöfn eða minni en bókfært verð hreinna eigna erlenda rekstursins.

3 Í ákvæðum IFRS-staðals 9 er þess krafist að áhættuvarinn liður, sem uppfyllir skilyrði, og áhættuvarnargerningar, sem uppfylla skilyrði, séu tilgreindir í reikningsskilum í tengslum við áhættuvarnir (e. *hedge accounting relationship*). Ef tilgreind áhættuvarnartengsl eru til staðar í tilviki áhættuvarna vegna hreinnar fjárfestingar, skal færa hagnað eða tap á áhættuvarnargerningi, sem er ætlað að vera skilvirk áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar, í aðra heildarafkomu og telja með í gengismun sem stafar af umreikningi niðurstöðu og fjárhagsstöðu erlenda rekstursins.

4 Eining með margháttaðan erlendan rekstur getur verið óvarin gagnvart margs konar gengisáhættu erlendra gjaldmiðla. Þessi túlkun veitir leiðbeiningar um greiningu á gengisáhættu erlendra gjaldmiðla sem uppfyllir skilyrði um áhættu sem varið er gegn við áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri.

5 IFRS-staðall 9 heimilar einingu að tilgreina annaðhvort afleiðu eða fjármálagerning sem ekki er afleiða (eða sambland afleiðu og fjármálagernings sem ekki er afleiða) sem áhættuvarnargerning vegna gengisáhættu erlendra gjaldmiðla. Þessi túlkun veitir leiðbeiningar um það hvar, innan samstæðu, áhættuvarnargerningar sem eru áhættuvarnir vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri geta verið færðir þannig að þeir uppfylli skilyrði varðandi áhættuvarnarreikningsskil.

6 IAS-staðall 21 og IFRS-staðall 9 krefjast þess að uppsafnaðar fjárhæðir í tengslum við bæði gengismun erlendra gjaldmiðla, sem leiðir af yfirfærslu niðurstaðna og fjárhagsstöðu hinnar erlendu rekstrareiningar yfir í framsetningar-gjaldmiðil, og hagnaðar eða taps á áhættuvarnargerningi, sem ætlað er að vera skilvirk vörn vegna hreinnar fjárfestingar, skuli endurflokkaðar úr eigin fé yfir í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðrétting þegar móðurfélag ráðstafar erlendri rekstrareiningu. Þessi túlkun veitir leiðbeiningar um hvernig eining skuli ákvarða þær fjárhæðir sem á að endurflokka úr eigin fé yfir í rekstrarreikning, bæði vegna áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins.

GILDISSVIÐ

7 Túlkun þessi á við um einingu, sem ver sig gegn gengisáhættu erlendra gjaldmiðla sem leiðir af hreinni fjárfestingu í erlendum rekstri, og vill uppfylla skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil í samræmi við IFRS-staðal 9. Til hagræðingar vísar þessi túlkun til slíkra eininga sem móðurfélags og til reikningsskila, sem taka til hreinnar eignar erlends reksturs, sem samstæðureikningsskila. Allar tilvísanir til móðurfélags eiga jafnt við um einingu sem er með hreina fjárfestingu í erlendum rekstri sem er samrekstur, hlutdeildarfélag eða útibú.

([64]) Þetta á við um samstæðureikningsskil, reikningsskil þar sem eru færðar fjárfestingar, t.d. hlutdeildarfélög eða samrekstur, með hlutdeildaraðferðinni, og reikningsskil sem taka til útibúa eða sameiginlegs reksturs eins og skilgreint er í IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*.

8 Túlkun þessi gildir einungis um áhættuvarnir vegna hreinna fjárfestinga í erlendum rekstri og skal ekki beita henni á samsvarandi hátt á aðrar tegundir áhættuvarnarreikningsskila.

ÁLITAEFNI

9 Eignarhald fjárfestingar í erlendum rekstri getur verið hjá móðurfélagi með beinum hætti eða óbeint í gegnum dótturfélag eða dótturfélög. Í þessari túlkun er fjallað um eftirfarandi álitaefni:

a) *eðli áhættunnar sem varist er og fjárhæð áhættuvarins liðar sem áhættuvarnartengsl eiga við:*

i. hvort móðurfélagi sé aðeins heimilt að tilgreina gengismun vegna erlendra gjaldmiðla, sem stafar af mismunandi starfrækslugjaldmiðla móðurfélags og erlends rekstrar þess, sem áhættu sem varist er, eða hvort móðurfélagi sé einnig heimilt að tilgreina gengismun vegna erlendra gjaldmiðla sem stafar af mismunandi framsetningargjaldmiðli móðurfélags í samstæðureikningsskilum sínum og framsetningargjaldmiðli erlenda rekstursins, sem áhættu sem varist er,

ii. ef erlendur rekstur er aðeins óbeint undir yfirráðum móðurfélagsins, hvort áhættan sem varist er feli aðeins í sér gengismismun sem stafar af mismunandi starfrækslugjaldmiðlum erlenda rekstursins og næsta móðurfélags, eða hvort áhættan sem varist er feli einnig í sér allan gengismun á milli starfrækslugjaldmiðils erlenda rekstursins og millilliða eða endanlegs móðurfélags (þ.e. hvort sú staðreynd að hrein fjárfesting í erlendum rekstri sé í höndum millimóðurfélags hafi áhrif á fjárhagslega áhættu endanlegs móðurfélags),

b) *hvar í samstæðu má halda áhættuvarnargerningnum:*

i. hvort aðeins sé mögulegt að koma á fót viðurkenndu sambandi áhættuvarnarreikningsskila ef einingin sem ver hreina fjárfestingu sína er aðili að áhættuvarnargerningnum eða hvort hvaða eining sem er innan samstæðu, án tillits til starfrækslugjaldmiðils hennar, geti vistað áhættuvarnargerninginn,

ii. hvort eðli áhættuvarnargernings (afleiðu eða ekki afleiðu) eða samstæðureikningsaðferðir hafi áhrif á mat á skilvirkni áhættuvarnar,

c) *hvaða fjárhæðir skal endurflokka úr eigin fé í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðréttingar við ráðstöfun erlenda rekstrarins:*

i. hvaða fjárhæðir úr varasjóði móðurfélags, vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan vegna áhættuvarnargerningsins og varðandi viðkomandi erlendan rekstur, skal endurflokka úr eigin fé í rekstrarreikning í samstæðureikningsskilum móðurfélags, þegar erlendum áhættuvörðum rekstri er ráðstafað,

ii. hvort samstæðureikningsskilaaðferðin hafi áhrif á ákvörðun fjárhæða sem skal endurflokka úr eigin fé í rekstrarreikning.

ALMENNT SAMKOMULAG

Eðli áhættunnar sem varið er gegn og fjárhæð áhættuvarins liðar sem áhættuvarnartengsl eiga við um.

10 Áhættuvarnarreikningsskilum er eingöngu beitt á gengismun erlendra gjaldmiðla sem kemur upp vegna starfrækslu gjaldmiðils erlenda rekstursins og starfrækslugjaldmiðils móðurfélagsins.

11 Við áhættuvörn gegn gengisáhættu erlendra gjaldmiðla, sem stafar af hreinni fjárfestingu í erlendum rekstri, getur áhættuvarinn liður verið fjárhæð hreinna eigna jöfn eða minni en bókfært verð hreinna eigna erlenda rekstursins í samstæðureikningsskilum móðurfélags. Bókfært verð hreinnar eignar erlends reksturs, sem kann að vera tilgreint sem áhættuvarinn liður í samstæðureikningsskilum móðurfélags, er háð því hvort eitthvert lægra sett móðurfélag erlenda rekstursins hafi beitt áhættuvarnarreikningsskilum vegna allrar eða hluta af hreinni eign viðkomandi erlends rekstrar, og að þeim reikningsskilum hafi verið viðhaldið í samstæðureikningsskilum móðurfélags.

12 Áhætta sem varið er gegn getur verið tilgreind sem áhætta í erlendum gjaldmiðli sem stafar af starfrækslugjaldmiðli erlenda rekstursins og starfrækslugjaldmiðli móðurfélags (næsta móðurfélag, millimóðurfélag eða endanlegt móðurfélag) viðkomandi erlends rekstrar. Sú staðreynd að hrein fjárfesting er undir yfirráðum millimóðurfélags hefur ekki áhrif á eðli fjárhagslegrar áhættu sem stafar af gjaldeyrisáhættu hins endanlega móðurfélags.

13 Gjaldmiðilsáhætta, sem stafar af hreinni fjárfestingu í erlendum rekstri, getur einungis uppfyllt skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil í eitt skipti í samstæðureikningsskilum. Ef sama hreina eign erlends rekstrar er varin gegn sömu áhættu af fleiri en einu móðurfélagi innan samstæðu (t.d. bæði beinu og óbeinu móðurfélagi) eru því aðeins ein áhættuvarnartengsl sem uppfylla skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil í samstæðureikningsskilum hins endanlega móðurfélags. Áhættuvarnartengsl sem eru tilgreind af einu móðurfélagi í samstæðureikningsskilum þess er ekki endilega viðhaldið af öðrum hærra settum móðurfélögum. Ef tengslunum er ekki viðhaldið af hærra settu móðurfélagi skal þó bakfæra áhættuvarnarreikningsskil lægra settrar einingar áður en áhættuvarnarreikningsskil hærra setts móðurfélags eru færð.

Hvar halda má áhættuvarnargerningnum

14 Tilgreina má afleiðu eða fjármálagerning, sem ekki er afleiða (eða sambland afleiðu og fjármálagernings sem ekki er afleiða), sem áhættuvarnargerning í áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendum rekstri. Áhættuvarnargerningi eða -gerningum má halda hjá einingu eða einingum innan samstæðunnar, svo framarlega sem kröfum liðar 6.4.1 í IFRS-staðli 9 um tilgreiningu, skjalfestingu og skilvirkni, sem tengjast áhættuvörnum vegna hreinna fjárfestinga, er fullnægt. Sérstaklega skal skjalfesta áhættuvarnaráætlun samstæðunnar með skýrum hætti vegna möguleika á mismunandi tilgreiningu á mismunandi stigum samstæðunnar.

15 Í þeim tilgangi að meta skilvirkni, er breyting á virði áhættuvarnargernings, með tillits til gjaldeyrisáhættu, reiknuð í samræmi við starfrækslugjaldmiðil þess móðurfélags sem áhætta sem varið er gegn er miðuð við, í samræmi við skjalfestingu áhættuvarnarreikningsskilanna. Ef áhættuvarnarreikningsskil eru ekki til staðar þá mætti færa heildarbreytingu á virði áhættuvarnargernings í rekstrarreikning, í aðrar heildartekjur eða hvoru tveggja, með hliðsjón af því hvar áhættuvarnargerningi er haldið. Það hvort breytingin á virði áhættuvarnargernings er færð í rekstrarreikning eða í aðrar heildartekjur hefur þó ekki áhrif á mat á skilvirkni. Sem hluti af beitingu áhættuvarnarreikningsskila er samtala virka hluta breytingarinnar talin með öðrum heildarhagnaði. Hvort áhættuvarnargerningur er afleiða eða ekki afleiða eða samstæðureikningsskilaaðferðin hefur ekki áhrif á mat á skilvirkni.

Ráðstöfun á áhættuvörðum erlendum rekstri

16 Þegar erlendum rekstri, sem var áhættuvarinn, er ráðstafað er sú fjárhæð, sem endurflokkuð er í rekstrarreikning sem endurflokkunarleiðrétting frá varasjóði vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan í samstæðureikningsskilum móðurfélags, að því er varðar áhættuvarnargerninginn, sú fjárhæð sem krafist er að sé tilgreind skv. lið 6.5.14 í IFRS-staðli 9. Sú fjárhæð er uppsafnaður hagnaður eða tap af áhættuvarnargerningnum sem var ákvarðaður sem skilvirk áhættuvörn.

17 Sú fjárhæð sem er endurflokkuð í rekstrarreikning frá varasjóði vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan í samstæðureikningsskilum móðurfélags að því er varðar hreina fjárfestingu í viðkomandi erlendum rekstri í samræmi við 48. lið IAS-staðals 21, sú fjárhæð sem er talin með í þeim varasjóði móðurfélags vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan að því er varðar viðkomandi erlendan rekstur. Í samstæðureikningsskilum endanlegs móðurfélags hefur aðferð samstæðureikningsskila ekki áhrif á samanlagða fjárhæð, sem færð er í varasjóð vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan, að því er varðar allan erlendan rekstur. Hvort endanlegt móðurfélag notar beina aðferð eða áfangaaðferð samstæðureikningsskila ([65]) getur þó haft áhrif á þá fjárhæð sem talin er með í varasjóði vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan að því er varðar einstakan erlendan rekstur. Notkun áfangaaðferðar við samstæðureikningsskil getur leitt til endurflokkunar fjárhæðar, sem er frábrugðin þeirri sem notuð er til að reikna út skilvirkni áhættuvarnar, yfir í rekstrarreikning. Þessum mismun má hugsanlega eyða með því að ákvarða fjárhæðina, í tengslum við þann erlenda rekstur, sem hefði orðið ef bein aðferð við samstæðureikningsskil hefði verið notuð. Ekki er nauðsynlegt að gera þessa leiðréttingar samkvæmt IAS-staðli 21. Þó er þetta val um reikningsskilaaðferð sem skal fylgja með samræmdum hætti vegna allra hreinna fjárfestinga.

GILDISTÖKUDAGUR

18 Eining skal beita þessari túlkun fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. október 2008 eða síðar. Eining skal beita breytingunni á 14. lið, sem gerð er með *endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum*, sem voru gefnar út í apríl 2009 fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Heimilt er að beita báðum breytingunum fyrr. Ef eining beitir þessari túlkun að því er varðar tímabil sem hefst fyrir 1. október 2008, eða breytingu á 14. lið fyrir 1. júlí 2009, skal hún greina frá því.

18B IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti liðum 3, 5–7, 14, 16, AG1 og AG8 og felldi brott lið 18A. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

UMBREYTING

19 Í IAS-staðli 8 er tilgreint hvernig eining beitir breytingu á reikningsskilaaðferð sem leiðir af beitingu túlkunar í fyrsta sinn. Ekki er gerð krafa um að eining fari að þessum kröfum þegar hún beitir þessari túlkun í fyrsta sinn. Ef eining hefur tilgreint áhættuvarnargerning sem áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar, en sá áhættuvarnargerningur uppfyllir ekki skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil í þessari túlkun, skal einingin beita IAS-staðli 39 framvirkt til þess að binda endi á þau áhættuvarnarreikningsskil.

([65]) Beina aðferðin er sú aðferð samstæðureikningsskila þar sem reikningsskil erlenda rekstursins eru umreiknuð beint yfir í starfrækslugjaldmiðil endanlegs móðurfélags. Áfangaaðferðin er sú aðferð samstæðureikningsskila þar sem reikningsskil erlenda rekstursins eru fyrst umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil millimóðurfélags (eða -félaga) og síðan umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil endanlegs móðurfélags (eða framsetningargjaldmiðil ef hann er ekki sá sami).

Viðbætir


Leiðbeiningar varðandi beitingu

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti túlkunarinnar.

AG1 Þessi viðbætir útskýrir beitingu þessarar túlkunar með skýringarmynd um skipulag fyrirtækja hér á eftir. Í öllum tilvikum eru áhættuvarnartengsl sem lýst er prófuð með tilliti til skilvirkni í samræmi við IFRS-staðal 9, þótt ekki sé fjallað um þá prófun í þessum viðbæti. Móðurfélag, sem er endanlegt móðurfélag, setur fram samstæðureikningsskil sín í starfrækslugjaldmiðli sínum, sem er evrur (EUR). Sérhvert dótturfélag er að öllu leyti í eigu annars félags. Hrein fjárfesting móðurfélags upp á 500 milljónir breskra punda í dótturfélagi B (starfrækslugjaldmiðill: GBP), þ.m.t. 159 milljónir breskra punda jafngildi 300 milljóna bandaríkjadala hreinnar fjárfestingar dótturfélags B í dótturfélagi C (starfrækslugjaldmiðill er bandaríkjadalur (USD)). Með öðrum orðum eru hreinar eignir dótturfélags B, aðrar en fjárfestingin í dótturfélagi C, 341 milljónir breskra punda.

Eðli áhættunnar sem áhættuvarnartengsl geta verið tilgreind fyrir (10.–13. liður)

AG2 Móðurfélag getur notað áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í Dótturfélögum A, B og C til að verjast gengisáhættu vegna mismunandi starfrækslugjaldmiðla félaganna (japönsk yen (JPY), bresk pund (GBP) og Bandaríkjadalur (USD)) og evrur (EUR). Þessu til viðbótar getur móðurfélag varist gjaldmiðlaáhættu Bandaríkjadals gagnvart bresku pundi milli starfrækslugjaldmiðla dótturfélags B og dótturfélags C. Dótturfélag B getur í samstæðureikningsskilum sínum varist gjaldmiðlaáhættu milli starfrækslugjaldmiðla, Bandaríkjadals og bresks punds, vegna hreinnar fjárfestingar í dótturfélagi C Í eftirfarandi dæmum er tilgreind áhætta stundargengisáhætta vegna þess að áhættuvarnargerningarnir eru ekki afleiður. Ef áhættuvarnargerningar væru framvirkir samningar þá gæti móðurfélag tilgreint framvirka gjaldeyrisáhættu.



Fjárhæð áhættuvarins liðar sem áhættuvarnartengsl eru tilgreind fyrir (10.–13. liður)

AG3 Móðurfélag vill verjast gjaldeyrisáhættu vegna hreinnar fjárfestingar í Dótturfélagi C. Gerum ráð fyrir að Dótturfélag A hafi tekið utanaðkomandi lán upp á USD 300 milljónir. Hrein eign dótturfélags A við upphaf reikningsskilatímabils er JPY 400 000 milljónir að meðtöldum ávinningi utanaðkomandi lántökunnar sem er 300 milljónir Bandaríkjadala.

AG4 Áhættuvarði liðurinn getur verið fjárhæð hreinnar eignar sem er jöfn eða minni en bókfært verð hreinnar fjárfestingar móðurfélags í dótturfélagi C (300 milljónir Bandaríkjadala) í samstæðureikningsskilum þess. Móðurfélag getur, í samstæðureikningsskilum sínum, tilgreint USD 300 milljóna utanaðkomandi lántöku Dótturfélags A sem áhættuvörn vegna gjaldeyrisáhættu vegna stundargengis EUR/USD í tengslum við hreina fjárfestingu í USD 300 milljóna hreinnar eignar Dótturfélags C. Í þessu tilviki eru bæði EUR/USD gengismismunurinn á USD 300 milljóna utanaðkomandi lántöku í Dótturfélagi A og EUR/USD gengismunur vegna USD 300 milljóna hreinnar fjárfestingar í Dótturfélagi C talið með í varasjóði vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan í samstæðureikningsskilum móðurfélags eftir beitingu áhættuvarnarreikningsskila.

AG5 Ef áhættuvarnarreikningsskilum er ekki beitt, þá ætti að færa samtölu USD/EUR gengismunar vegna USD 300 milljóna utanaðkomandi lántöku í dótturfélagi A í samstæðureikningsskilum móðurfélags sem hér segir:

— breytingu á stundargengi USD/JPY, umreiknað í EUR, í rekstrarreikning og

— breytingu á stundargengi JPY/EUR í annan heildarhagnað.

Móðurfélag getur, í samstæðureikningsskilum sínum, tilgreint 300 milljóna Bandaríkjadala utanaðkomandi lántöku í dótturfélagi A sem áhættuvörn vegna stundargengisáhættu EUR/USD í tengslum við hreina fjárfestingu í 300 milljóna Bandaríkjadala hreinni eign dótturfélags C. Í þessu tilviki færist samtala gengismunar USD/EUR vegna 300 milljóna Bandaríkjadala utanaðkomandi lántöku í dótturfélagi A í staðinn í samstæðureikningsskil móðurfélags sem hér segir:

— breytingu á stundargengi GBP/USD í varasjóði vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan í tengslum við dótturfélag C,

— breytingu á stundargengi USD/JPY, umreiknað í EUR, í rekstrarreikning og

— breytingu á stundargengi JPY/EUR í annan heildarhagnað.

AG6 Móðurfélag getur ekki tilgreint 300 milljóna Bandaríkjadala utanaðkomandi lántöku í dótturfélagi A sem áhættuvörn bæði vegna stundargengisáhættu EUR/USD og GBP/USD í samstæðureikningsskilum sínum. Hver áhættuvarnargerningur getur aðeins varist sömu tilgreindu áhættunni einu sinni. Dótturfélag B getur ekki beitt áhættuvarnarreikningsskilum í samstæðureikningsskilum sínum vegna þess að handhöfn áhættuvarnargerningsins er utan við samstæðu sem dótturfélag B og dótturfélag C mynda.

Hvar í samstæðu má halda áhættuvarnargerningi (14. og 15. liður)?

AG7 Eins og greint er frá í lið AG5 ætti að færa heildarbreytinguna á virði, að því er varðar gjaldeyrisáhættu 300 milljóna Bandaríkjadala utanaðkomandi lántöku í dótturfélagi A, bæði í rekstrarreikning (USD/JPY stundargengisáhætta) og í annan heildarhagnað (EUR/JPY stundargengisáhætta) í samstæðureikningsskil móðurfélags ef áhættuvarnarreikningsskil eru ekki til staðar. Báðar fjárhæðirnar eru taldar með í þeim tilgangi að meta skilvirkni áhættuvarnar sem tilgreind er í lið AG4 þar sem breyting á virði bæði áhættuvarnargernings og hins áhættuvarða liðar er reiknuð með vísan í starfrækslugjaldmiðil móðurfélags, evru, gagnvart starfrækslugjaldmiðli dótturfélags C, Bandaríkjadal, í samræmi við skjalfestingu áhættuvarnarinnar. Aðferð samstæðureikningsskila (þ.e. bein aðferð eða áfangaaðferð) hefur ekki áhrif á mat á skilvirkni áhættuvarnarinnar.

Fjárhæðir sem eru endurflokkaðar í rekstrarreikning við ráðstöfun erlends reksturs (16. og 17. liður)

AG8 Þegar dótturfélagi C er ráðstafað eru fjárhæðirnar sem endurflokkaðar eru úr varasjóði vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan yfir í rekstrarreikning í samstæðureikningsskilum móðurfélags eftirfarandi:

a) varðandi 300 milljóna bandaríkjadala utanaðkomandi lántöku í dótturfélagi A, sú fjárhæð sem krafist er samkvæmt IFRS-staðli 9 að sé tilgreind, þ.e. heildarbreytingin á virði í sambandi við gjaldeyrisáhættu, sem var færð í aðra heildarafkomu sem virkur hluti áhættuvarnar og

b) að því er varðar hreina fjárfestingu að fjárhæð 300 milljónir Bandaríkjadala í dótturfélagi C, sú fjárhæð sem ákvörðuð var samkvæmt samstæðureikningsskilaaðferð einingarinnar Ef móðurfélag beitir beinni aðferð, er varasjóður vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan ákvarðaður beint með gengi evru gagnvart Bandaríkjadal, að því er varðar dótturfélag C. Ef móðurfélag beitir áfangaaðferð er varasjóður vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan að því er varðar dótturfélag C ákvarðaður af varasjóði vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan sem færður er í dótturfélagi B sem endurspeglar gengi GBP/USD, umreiknað í starfrækslugjaldmiðil móðurfélags með notkun gengis evru gagnvart bresku pundi. Beiting móðurfélags á áfangaaðferð við samstæðureikningsskil á fyrri tímabilum krefst þess ekki að móðurfélag útiloki notkun hennar við ákvörðun þess að fjárhæð, sem skal endurflokka úr varasjóði vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan þegar móðurfélag ráðstafar dótturfélagi C, sé sú fjárhæð sem hefði verið færð ef móðurfélag hefði alltaf beitt beinni aðferð, með hliðsjón af reikningsskilaaðferð móðurfélagsins.

Áhættuvörn gagnvart fleiri en einum erlendum rekstri (11., 13., og 15. liður)

AG9 Eftirfarandi dæmi lýsa því hvernig áhættan sem varist er með áhættuvörn er alltaf áhættan milli starfrækslugjaldmiðils móðurfélags (EUR) og starfrækslugjaldmiðils Dótturfélags B og C, í samstæðureikningsskilum móðurfélags. Sama hvernig áhættuvarnir eru tilgreindar þá eru hámarksfjárhæðir, sem geta verið virkar áhættuvarnir og verið reiknaðar með í varasjóði vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan þegar varist er báðum erlendu rekstrareiningunum, USD 300 milljónir vegna EUR/USD áhættu og GBP 341 milljón vegna EUR/GBP áhættu. Aðrar breytingar á virði vegna gengisbreytinga í erlendum gjaldmiðlum eru taldar með í samstæðurekstrarreikningi móðurfélags. Að sjálfsögðu er hugsanlegt að móðurfélag tilgreini aðeins USD 300 milljónir vegna breytinga á stundargengi USD/GBP eða GBP 500 milljónir aðeins vegna breytinga á stundargengi GBP/EUR.

Móðurfélag notar bæði áhættuvarnargerninga í Bandaríkjadölum og breskum pundum

AG10 Móðurfélag getur viljað verjast gjaldeyrisáhættu í tengslum við hreina fjárfestingu þess í dótturfélagi B sem og í tengslum við dótturfélag C. Gerum ráð fyrir að móðurfélag eigi viðeigandi áhættuvarnargerninga í Bandaríkjadölum og breskum pundum sem það gæti tilgreint sem varnir vegna hreinna fjárfestinga í dótturfélagi B og dótturfélagi C. Tilgreiningarnar sem móðurfélag getur gert í samstæðureikningsskilum sínum eru, en einskorðast ekki við, eftirfarandi:

a) 300 milljóna Bandaríkjadala áhættuvarnargerningur sem tilgreindur er sem áhættuvörn vegna 300 milljóna Bandaríkjadala hreinnar fjárfestingar í dótturfélagi C, þar sem áhættan er stundargengisáhætta (EUR/USD) milli móðurfélags og dótturfélags C, og allt að 341 milljóna breskra punda áhættuvarnargerningur tilgreindur sem áhættuvörn vegna allt að 341 milljóna breskra punda hreinnar fjárfestingar í dótturfélagi B, þar sem áhættan er stundargengisáhætta (EUR/GBP) milli móðurfélags og dótturfélags B.

b) 300 milljóna Bandaríkjadala áhættuvarnargerningur sem tilgreindur er sem áhættuvörn vegna 300 milljóna Bandaríkjadala hreinnar fjárfestingar í dótturfélagi C, þar sem áhættan er stundargengisáhætta (GBP/USD) milli dótturfélags B og dótturfélags C, og allt að 500 milljóna breskra punda áhættuvarnargerningur tilgreindur sem áhættuvörn vegna allt að 500 milljóna breskra punda hreinnar fjárfestingar í dótturfélagi B, þar sem áhættan er stundargengisáhætta (EUR/GBP) milli móðurfélags og dótturfélags B.

AG11 EUR/USD áhættan vegna hreinnar fjárfestingar móðurfélags í Dótturfélagi C er önnur áhætta en EUR/GBP áhætta vegna hreinnar fjárfestingar móðurfélags í Dótturfélagi B. Í tilvikinu sem lýst er í lið AG10(a) hefur móðurfélag þó að fullu varist EUR/USD áhættunni vegna fjárfestingar í Dótturfélagi C með því að tilgreina þann USD áhættuvarnargerning sem það á. Ef móðurfélag hefur einnig tilgreint GBP áhættuvarnargerning sem áhættuvörn gegn GBP 500 milljóna hreinni fjárfestingu í Dótturfélagi B, þá er GBP/EUR áhættunni vegna GBP 159 milljóna af þeirri hreinni fjárfestingu varist tvisvar í samstæðureikningsskilum móðurfélags.

AG12 Í tilvikinu sem lýst er í lið AG10(b), ef móðurfélag tilgreinir áhættu sem varið er gegn sem stundargengisáhætta (GBP/USD) milli Dótturfélags B og Dótturfélags C, þá er aðeins GBP/USD hluti breytingarinnar á virði USD 300 milljóna áhættuvarnargerningsins talin með í varasjóði vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan vegna Dótturfélags C. Afgangurinn af breytingunni (jafngildi GBP/EUR breytingar á GBP 159 milljónir) er færð í samstæðurekstrarreikning móðurfélags, eins og í lið AG5. Þar sem tilgreining áhættu Bandaríkjadals gagnvart bresku pundi milli dótturfélags B og C tekur ekki til áhættunnar vegna bresks punds gagnvart evru þá getur móðurfélag einnig tilgreint allt að 500 milljónir breskra punda af hreinni fjárfestingu í dótturfélagi B sem áhætta vegna stundargengisáhættu (GBP/EUR) milli móðurfélags og dótturfélags B.

Áhættuvarnargerningurinn í Bandaríkjadölum er staðsettur hjá dótturfélagi B

AG13 Gerum ráð fyrir að 300 milljóna Bandaríkjadala utanaðkomandi lán sé staðsett hjá dótturfélagi B og ávinningurinn af því hafi verið yfirfærður til móðurfélags með láni innan samstæðu, skráðu í breskum pundum. Þar sem bæði eignir og skuldir jukust um GBP 159 milljónir þá er hrein eign Dótturfélags B óbreytt. Dótturfélag B gæti tilgreint utanaðkomandi lántöku sem áhættuvörn vegna áhættunnar vegna bresks punds gagnvart Bandaríkjadal vegna hreinnar fjárfestingar í dótturfélagi C í samstæðureikningsskilum sínum. Móðurfélag gæti viðhaldið tilgreiningu Dótturfélags B á þeim áhættuvarnargerningi sem áhættuvörn vegna USD 300 milljóna hreinnar fjárfestingar í Dótturfélagi C og GBP/USD áhættunnar (sjá 13. lið) og móðurfélag gæti tilgreint GBP áhættuvarnargerninginn sem það á til að verjast áhættu vegna GBP 500 milljóna hreinnar fjárfestingar í Dótturfélagi B. Fyrsta áhættuvörnin, tilgreind af Dótturfélagi B, væri metin með vísan í starfrækslugjaldmiðil Dótturfélags B (GBP) og seinni áhættuvörnin, tilgreind af móðurfélagi, væri metin með vísan í starfrækslugjaldmiðil móðurfélags (EUR). Í samstæðureikningsskilum móðurfélags hefur áhættuvarnargerningurinn í Bandaríkjadölum í þessu tilviki hefur aðeins varist áhættunni vegna bresks punds gagnvart Bandaríkjadal vegna hreinnar fjárfestingar í dótturfélagi C, en ekki allri áhættunni vegna evru gagnvart Bandaríkjadal. Þess vegna er hægt að verjast allri áhættunni vegna evru gagnvart bresku pundi vegna 500 milljóna breskra punda hreinnar fjárfestingar í dótturfélagi B í samstæðureikningsskilum móðurfélags.

AG14 Þó þarf einnig að taka til athugunar reikningsskil móðurfélags vegna 159 milljóna breskra punda veitts láns til dótturfélags B. Ef veitt lán móðurfélags er ekki talið sem hluti af hreinni fjárfestingu í dótturfélagi B, þar sem það uppfyllir ekki skilyrði sem sett eru í 15. lið IAS-staðals 21, þá færist gengismunurinn vegna bresks punds gagnvart evru sem leiðir af umreikningi í rekstrarreikning samstæðu. Ef 159 milljóna breskra punda lán veitt dótturfélagi B er talið sem hluti af hreinni fjárfestingu móðurfélags, þá er sú hreina fjárfesting aðeins 341 milljónir breskra punda og sú fjárhæð sem móðurfélag myndi tilgreina sem áhættuvarinn lið vegna áhættunnar vegna bresks punds gagnvart evru myndi minnka úr 500 milljónum breskra punda í 341 milljónir breskra punda í samræmi við það.

AG15 Ef móðurfélag bakfærði áhættuvarnartengsl sem tilgreind voru af dótturfélagi B, þá getur móðurfélag tilgreint 300 milljóna Bandaríkjadala utanaðkomandi lántöku í dótturfélagi B sem áhættuvörn vegna 300 milljóna Bandaríkjadala hreinnar fjárfestingar í dótturfélagi C vegna áhættu vegna evru gagnvart Bandaríkjadal og tilgreint áhættuvarnargerninginn í breskum pundum sem það á sem vörn gegn allt að 341 milljóna breskra punda af hreinni fjárfestingu í dótturfélagi B. Í því tilviki ætti að reikna út skilvirkni beggja áhættuvarna með vísan í starfrækslugjaldmiðil móðurfélags (EUR). Af þessum sökum er bæði breytingin á Bandaríkjadal gagnvart bresku pundi á virði utanaðkomandi lántöku dótturfélags B og breyting bresks punds gagnvart evru á virði láns sem móðurfélag skuldar dótturfélagi B (jafngildi Bandaríkjadal gagnvart evru samtals) talin með í varasjóð vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan í samstæðureikningsskilum móðurfélags. Þar sem móðurfélag hefur nú þegar varist að fullu áhættu vegna evru gagnvart Bandaríkjadal vegna hreinnar fjárfestingar í dótturfélagi C þá getur það aðeins áhættuvarið allt að 341 milljónir breskra punda af áhættunni vegna evru gagnvart bresku pundi vegna hreinnar fjárfestingar í dótturfélagi B.

IFRIC-TÚLKUN 17

Úthlutun eigna til eigenda, í öðru en handbæru fé

TILVÍSANIR

— IFRS-staðall 3, *sameining fyrirtækja* (eins og hann var endurskoðaður 2008)

— IFRS-staðall 5, *fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*

— IFRS-staðall 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*

— IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*

— IFRS-staðall 13, *gangvirðismat*

— IAS-staðall 1, *framsetning reikningsskila* (endurskoðaður 2007).

— IAS-staðall 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*

FORSAGA

1 Eining úthlutar stundum öðrum eignum en handbæru fé sem arði til eigenda ([66]) sinna sem koma fram sem eigendur. Við þær aðstæður getur eining einnig gefið eigendum sínum kost á að velja á milli handbærs fjár eða annarra eigna en handbærs fjár. Alþjóðlega túlkunarnefndin um reikningsskil (IFRIC) fékk beiðnir um leiðbeiningar um hvernig eining eigi að færa úthlutanir af þessu tagi.

2 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS) veita ekki leiðbeiningar um hvernig eining eigi að meta úthlutanir til eigenda sinna (almennt nefnt arður). Í IAS-staðli 1 er gerð krafa um að eining birti upplýsingar um arð sem er færður sem úthlutun til eigenda, annaðhvort í yfirliti um breytingar á eigin fé eða í skýringum við reikningsskil.

GILDISSVIÐ

3 Þessi túlkun gildir um eftirfarandi tegundir ógagnkvæmra úthlutana einingar á eignum til eigenda þegar þeir koma fram sem eigendur:

a) úthlutanir eigna, annarra en handbærs fjár (t.d. varanlegra rekstrarfjármuna, fyrirtækja, eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3, eignarhlutdeild í annarri einingu eða í ráðstöfunarflokkum eins og skilgreint er í IFRS-staðli 5) og

b) úthlutanir sem gera eigendum kleift að taka annaðhvort við öðrum eignum en handbæru fé eða handbæru fé.

4 Þessi túlkun á einungis við úthlutanir þar sem allir eigendur sama flokks eiginfjárgerninga hljóta sömu meðferð.

5 Þessi túlkun gildir ekki um úthlutun eigna annarra en handbærs fjár undir eiginleg yfirráðum sama/sömu aðila fyrir og eftir úthlutun. Þessi undantekning á við aðgreind og einstök reikningsskil og samstæðureikningsskil einingarinnar sem framkvæmir úthlutunina.

([66]) Ákvæði 7. liðar IAS-staðals 1 skilgreina eigendur sem handhafa gerninga sem eru flokkaðir sem eigin fé.

6 Í samræmi við 5. lið gildir þessi túlkun ekki þegar eign, önnur en handbært fé, lýtur yfirráðum sömu aðila, bæði fyrir og eftir úthlutun. Í lið B2 í IFRS-staðli 3 segir að „Hópur einstaklinga skal álitinn stjórna einingu þegar hann vegna samningsákvæða hefur í sameiningu völd til að stýra fjárhags- og rekstrarstefnu hennar í þeim tilgangi að hljóta ávinning af starfsemi hennar.“ Eigi úthlutun að falla utan gildissviðs þessarar túlkunar á þeim grundvelli að sömu aðilar hafi yfirráð yfir eigninni bæði fyrir og eftir úthlutun, verður því hópur einstakra hluthafa, sem fær úthlutunina, að hafa, vegna samningsákvæða, slíkt endanlegt, sameiginlegt úrslitavald yfir einingunni sem framkvæmir úthlutunina.

7 Í samræmi við 5. lið á þessi túlkun ekki við þegar eining úthlutar einhverju af eignarhaldi sínu í dótturfélag en heldur yfirráðum yfir því. Einingin sem framkvæmir úthlutunina sem leiðir til þess að einingin færi hlut sem ekki er ráðandi í eigin dótturfélagi, færir úthlutunina í samræmi við IFRS-staðal 10.

8 Þessi túlkun fjallar einungis um reikningsskil einingar sem úthlutar öðrum eignum en handbæru fé. Hún fjallar ekki um reikningsskil hluthafa sem taka við slíkri úthlutun.

ÁLITAEFNI

9 Þegar eining tilkynnir um úthlutun og hefur skuldbundið sig að úthluta viðkomandi eignum til eigenda, verður hún að færa skuld vegna úthlutaðs, ógreidds arðs. Í þessari túlkun er af þessum sökum fjallað um eftirfarandi álitaefni:

a) Hvenær á eining að færa skuld fyrir úthlutaðan, ógreiddan arð?

b) Hvernig á eining að meta úthlutaðan, ógreiddan arð?

c) Hvernig á eining að færa mismun á bókfærðu verði úthlutaðra eigna og bókfærðu verði úthlutaðs, ógreidds arðs þegar hún gerir upp úthlutaðan, ógreiddan arð?

ALMENNT SAMKOMULAG

Tímasetning á færslu úthlutaðs, ógreidds arðs

10 Skuldbindinguna um að greiða arð skal færa þegar arður er heimilaður með viðeigandi hætti og er ekki lengur ákveðinn af einingunni, sem er daginn:

a) þegar yfirlýsing, sem er gefin út um arð, t.d. af hálfu stjórnenda eða stjórnar, öðlast samþykki viðkomandi yfirvalds, t.d. hluthafa, ef samþykkis þess er krafist í viðkomandi lögsögu, eða

b) þegar gefin er út yfirlýsing um arð, t.d. af hálfu stjórnenda eða stjórnar, ef ekki er krafist frekara samþykkis í viðkomandi lögsögu.

Mat á úthlutuðum, ógreiddum arði

11 Eining skal meta skuldbindingu um að úthluta eignum öðrum en handbæru fé sem arði til eigenda sinna á gangvirði eignanna sem úthluta skal.

12 Ef eining veitir eigendum val um að taka við eign, annarri en handbæru fé, eða að öðrum kosti handbæru fé skal einingin áætla úthlutaðan, ógreiddan arð bæði með tilliti til gangvirðis hvers annars greiðslumiðils en handbærs fjár og líkinda í tengslum við val eigenda á hverjum valmöguleika.

13 Við lok hvers reikningsskilatímabils og á uppgjörsdegi, skal einingin endurskoða og leiðrétta bókfært verð úthlutaðs, ógreidds arðs, með öllum breytingum á bókfærðu verði úthlutaðs, ógreidds arðs sem færðar eru í eigið fé sem breytingar á úthlutunarfjárhæð.

Færsla mismunar á bókfærðu verði úthlutaðra eigna og bókfærðu verði úthlutaðs, ógreidds arðs þegar eining gerir upp úthlutaðan, ógreiddan arð

14 Þegar eining gerir upp úthlutaðan, ógreiddan arð skal hún færa mismun, ef einhver er, á bókfærðu verði úthlutaðra eigna og bókfærðu verðu úthlutaðs, ógreidds arðs í rekstrarreikning.

Framsetning og upplýsingagjöf

15 Eining skal birta mismuninn sem er lýst í 14. lið sem sérlínu í rekstrarreikningi.

16 Eining skal veita eftirfarandi upplýsingar, ef við á:

a) bókfært verð úthlutaðs, ógreidds arðs við upphaf og lok tímabils og

b) hækkun eða lækkun bókfærðs verðs sem er fært á tímabilinu í samræmi við 13. lið og stafar af breytingu á gangvirði eigna til úthlutunar.

17 Ef eining gefur upp arð til úthlutunar á eignum öðrum en handbæru fé eftir lok reikningsskilatímabils en áður en heimilt er að birta reikningsskil skal hún greina frá:

a) eðli eignarinnar, sem á að úthluta,

b) bókfært verð eignar til úthlutunar frá og með lokum reikningsskilatímabils og

c) gangvirði eignar til úthlutunar við lok reikningsskilatímabils, ef það er annað en bókfært verð, og upplýsingar um aðferðirnar sem notaðar eru til að meta gangvirðið sem gerð er krafa um í liðum b, d, g og i í 93. lið og 99. lið í IFRS-staðli 13.

GILDISTÖKUDAGUR

18 Eining skal beita þessari túlkun framvirkt fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Afturvirk beiting er ekki heimil. Heimilt er að beita henni fyrr. Ef eining beitir þessari túlkun að því er varðar tímabil sem hefst fyrir 1. júlí 2009 skal hún greina frá því og beita einnig IFRS-staðli 3 (endurskoðaður 2008), IAS-staðli 27 (eins og honum var breytt í maí 2008) og IFRS-staðli 5 (eins og honum var breytt með þessari túlkun).

19 IFRS-staðall 10, gefinn út í maí 2011, breytti 7. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 10.

20 IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti 17. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

IFRIC-TÚLKUN 19

Greiðsla skulda með eiginfjárgerningum|

TILVÍSANIR

— *Rammi um gerð og framsetningu reikningsskila* ([67])

— IFRS-staðall 2, *eignarhlutatengd greiðsla*

— IFRS-staðall 3, *sameining fyrirtækja*

— IFRS-staðall 9, *fjármálagerningar*

— IFRS-staðall 13, *gangvirðismat*

— IAS-staðall 1, *framsetning reikningsskila*

— IAS-staðall 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

— IAS-staðall 32, *fjármálagerningar: framsetning*

FORSAGA

1 Skuldari og skuldareigandi geta endursamið um skilmála fjárskuldar þannig að skuldari greiðir skuldina að öllu leyti eða að hluta til með útgáfu eiginfjárgernings til skuldareiganda. Þannig viðskipti eru stundum nefnd „skiptasamningar um hlutafé gegn eftirgjöf skulda“. Alþjóðleg túlkunarnefnd um reikningsskil hefur fengið beiðnir um leiðbeiningar um færslu þess konar viðskipta.

GILDISSVIÐ

2 Þessi túlkun fjallar um reikningsskil einingar þegar endursamið er um skilmála fjárskuldar og niðurstaðan er að einingin gefur út eiginfjárgerninga til skuldareiganda einingarinnar til þess að greiða fjárskuld að fullu eða að hluta til. Túlkunin fjallar ekki um reikningsskil skuldareiganda.

3 Eining skal ekki beita þessari túlkun á viðskipti við aðstæður þar sem:

a) skuldareigandi er einnig beinn eða óbeinn hluthafi og kemur fram sem beinn eða óbeinn núverandi hluthafi.

b) skuldareigandi og eining eru undir stjórn sama eða sömu aðila fyrir og eftir viðskiptin og efni viðskiptanna tekur til úthlutunar eigin fjár frá, eða til, einingar.

c) greiðsla fjárskuldar með útgáfu hlutabréfa er í samræmi við upphaflega skilmála fjárskuldar.

ÁLITAEFNI

4 Í þessari túlkun er fjallað um eftirfarandi álitaefni:

a) Teljast eiginfjárgerningar, sem eining gefur út til að greiða fjárskuld að fullu eða að hluta, „greitt endurgjald“ í samræmi við lið 3.3.3 í IFRS-staðli 9?

b) Hvernig skal háttað upphafsmati einingar á eiginfjárgerningum sem eru gefnir út til að greiða þess konar fjárskuld?

([67]) Tilvísun til *Ramma alþjóðareikningsskilanefndarinnar um gerð og framsetningu reikningsskila*, sem ráðið samþykkti 2001 og var í gildi þegar túlkunin var mótuð.

c) Hvernig skal eining færa mismun á bókfærðu verði fjárskuldar, sem greidd er, og upphafsmatsfjárhæðar útgefinna eiginfjárgerninga?

ALMENNT SAMKOMULAG

5 Útgáfa á eiginfjárgerningum einingar til handa skuldareiganda sem greiðsla á fjárskuld að fullu eða að hluta telst greitt endurgjald í samræmi við lið 3.3.3 í IFRS-staðli 9. Eining skal fjarlægja fjárskuld (eða hluta fjárskuldar) úr efnahagsreikningi þá og því aðeins að hún sé greidd í samræmi við lið 3.3.1 í IFRS-staðli 9.

6 Við upphafsfærslu eiginfjárgerninga, sem eru gefnir út til handa skuldareiganda sem greiðsla fyrir fjárskuld að fullu eða að hluta til, skal eining meta þá á gangvirði útgefinna eiginfjárgerninga, nema ekki sé unnt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti.

7 Ef ekki er unnt að meta gangvirði útgefinna eiginfjárgerninga með áreiðanlegum hætti skal meta gerningana þannig að þeir endurspegli gangvirði þeirrar fjárskuldar sem greidd er. Við mat á gangvirði fjárskuldar sem greidd er og felur í sér innlausnarákvæði (t.d. veltiinnlán), er 47. lið IFRS-staðals 13 ekki beitt.

8 Ef aðeins hluti af fjárskuld er greiddur, skal eining meta hvort hluti af greiddu endurgjaldi sé vegna breytinga á skilmálum fjárskuldar sem enn er útistandandi. Ef hluti af greiddu endurgjaldi er vegna breytinga á skilmálum fjárskuldar sem enn er útistandandi, skal einingin úthluta greiddu endurgjaldi milli þess hluta fjárskuldar sem er greidd og þess hluta fjárskuldar sem enn er útistandandi. Einingin skal við úthlutunina taka til athugunar alla viðeigandi málavexti og aðstæður í tengslum við viðskiptin.

9 Mismuninn á bókfærðu verði fjárskuldar (eða hluta fjárskuldar), sem greidd er, og greiddu endurgjaldi skal færa í rekstrarreikning í samræmi við lið 3.3.3 í IFRS-staðli 9. Útgefnir eiginfjárgerningar skulu í upphafi færðir og metnir á þeim degi þegar fjárskuld (eða hluti fjárskuldar) er greidd.

10 Ef aðeins hluti fjárskuldar er greiddur skal endurgjaldi úthlutað í samræmi við 8. lið. Það endurgjald sem úthlutað er á eftirstæða fjárskuld skal vera hluti mats á því hvort skilmálar eftirstæðrar fjárskuldar hafi breyst verulega. Hafi fjárskuld sem enn er eftirstæð breyst verulega skal eining gera grein fyrir breytingunum sem greiðslu á upphaflegri fjárskuld og færslu nýrrar fjárskuldar eins og krafist er í lið 3.3.2 í IFRS-staðli 9.

11 Eining skal birta hagnað eða tap, sem fært er í samræmi við 9. og 10. lið, sem sérlínu í rekstrarreikningi eða í skýringunum.

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

12 Eining skal beita þessari túlkun fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar. Heimilt er að beita henni fyrr. Ef eining beitir þessari túlkun að því er varðar tímabil sem hefst fyrir 1. júlí 2010 skal hún greina frá því.

13 Eining skal beita breytingu á reikningsskilaaðferðum í samræmi við IAS-staðal 8 frá upphafi fyrsta samanburðartímabils.

14 [Felldur brott]

15 IFRS-staðall 13, gefinn út í maí 2011, breytti 7. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 13.

16 [Felldur brott]

17 IFRS-staðall 9, gefinn út í júlí 2014, breytti 4., 5., 7., 9. og 10. lið og felldi brott 14. og 16. lið. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir IFRS-staðli 9.

IFRIC-TÚLKUN 20

Kostnaður við hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu

TILVÍSANIR

— *Hugtakarammi fyrir reikningsskil* ([68])

— IAS-staðall 1, *framsetning reikningsskila*

— IAS-staðall 2, *birgðir*

— IAS-staðall 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*

— IAS-staðall 38, *óefnislegar eignir*

FORSAGA

1 Einingar geta, við vinnslu í yfirborðsnámu, talið nauðsynlegt að fjarlægja úrgangsefni úr námu („yfirborðsjarðveg“) til að fá aðgang að málmgrýtisnámum. Starfsemin við að fjarlægja úrgangsefni er kölluð „hreinsun“.

2 Í þróunaráfanga námunnar (áður en framleiðsla hefst) er hreinsunarkostnaður jafnan eignfærður sem hluti af afskrifanlegum kostnaði við byggingaframkvæmdir við námuna, þróun og gröft hennar. Þessi eignfærði kostnaður er afskrifaður með kerfisbundnum hætti, jafnan með því að nota framleiðslueiningaaðferðina þegar framleiðsla hefur hafist.

3 Eining í námugreftri getur haldið áfram að fjarlægja yfirborðsjarðveg og stofna til hreinsunarkostnaðar á framleiðslustigi námunnar.

4 Efnið sem fjarlægt er við hreinsun á framleiðslustigi er ekki endilega úrgangur að öllu leyti, heldur verður oft samsetning málmgrýtis og úrgangs. Hlutfall málmgrýtis og úrgangs getur verið breytilegt frá óhagkvæmni til mikillar arðbærni. Brottflutningur efnis með lágt hlutfall málmgrýtis til úrgangs gæti leitt til nýtanlegs efnis sem hægt er að nota til að auka við birgðir. Brottflutningur þessi gæti einnig veitt aðgang að dýpri lögum efnis sem hafa hærra hlutfall málmgrýtis til úrgangs. Því getur einingin stofnað til tvenns konar ávinnings af hreinsunarstarfinu: nýtanlegt málmgrýti má nota til að auka við birgðir og bættur aðgangur verður að frekara magni af efni sem vinna má síðar.

5 Í þessari túlkun er skoðað hvenær og hvernig aðskilja skuli bókhald fyrir þennan tvenns konar ávinning sem hlýst af hreinsunarstarfinu, sem og hvernig meta skuli ávinning þennan, bæði upphaflega og síðar.

GILDISSVIÐ

6 Túlkun þessi gildir um kostnað við að fjarlægja úrgang sem stofnað var til á framleiðslustigi við námugröft í yfirborðsnámu („hreinsunarkostnaður við framleiðslu“).

ÁLITAEFNI

7 Í þessari túlkun er fjallað um eftirfarandi álitaefni:

a) eignfærsla hreinsunarkostnaðar við framleiðslu,

b) upphaflegt mat á eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi og

c) síðara mat á eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi.

([68]) Tilvísun til *Hugtakaramma fyrir reikningsskil*, sem gefinn var út 2010 og var í gildi þegar túlkunin var mótuð.

ALMENNT SAMKOMULAG

Eignfærsla hreinsunarkostnaðar við framleiðslu

8 Einingin skal gera grein fyrir kostnaði við þessa hreinsunarstarfsemi í samræmi við meginreglur IAS-staðals 2, *birgðir*, að því marki sem ávinningur af hreinsunarstarfinu er innleystur í formi framleiddra birgða. Einingin skal færa kostnað þennan sem fastafjármuni að því marki sem ávinningurinn er aukinn aðgangur að málmgrýti, að uppfylltri viðmiðuninni í 9. lið hér að neðan. Túlkun þessi vísar til fastafjármunanna sem „eign sem verður til við hreinsun“.

9 Eining skal færa eign sem verður til við hreinsun að, og einungis að, uppfylltu öllu af eftirfarandi:

a) líklegt sé talið að efnahagslegur ávinningur í framtíðinni (bætt aðgengi að málmgrýtinu), sem rekja má til hreinsunarstarfseminnar, renni til einingarinnar,

b) einingin geti auðkennt efnisþætti málmgrýtisins þar sem aðgengi hefur verið bætt og

c) meta má kostnaðinn sem varðar hreinsunarstarfsemi sem tengist þeim efnisþætti með áreiðanlegum hætti.

10 Eignin sem verður til við hreinsunarstarfsemina skal færð sem viðbót eða aukning við fyrirliggjandi eign. Eignin sem verður til við hreinsunarstarfsemi verður því með öðrum orðum ekki hluti af fyrirliggjandi eign.

11 Flokkun eignarinnar sem verður til við hreinsunarstarfsemi sem efnislegrar eða óefnislegrar eignar er sú sama og fyrirliggjandi eignarinnar. Eðli fyrirliggjandi eignar mun því með öðrum orðum ákvarða hvort einingin skuli flokka eignina sem verður til við hreinsunarstarfsemi sem efnislega eða óefnislega.

Upphaflegt mat á eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi

12 Einingin skal upphaflega meta eignina sem verður til við hreinsunarstarfsemi á kostnaðarverði sem er samantekt kostnaðar sem var stofnað til með beinum hætti við hreinsunarstarfsemina sem bætir aðgengi að auðkenndum efnisþáttum málmgrýtis, auk úthlutunar á óbeinum kostnaði sem er tilheyrandi með beinum hætti. Einstaka tilfallandi aðgerðir geta farið fram samtímis hreinsunarstarfsemi á framleiðslutíma, en eru ónauðsynlegar til að hreinsunarstarfsemi á framleiðslutímanum fari að áætlun. Kostnaðinn sem tengist þessum tilfallandi aðgerðum skal ekki telja með í kostnaði við eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi.

13 Einingin skal úthluta hreinsunarkostnaði við framleiðslu á milli framleiddra birgða og eignar sem verður til við hreinsunarstarfsemi, þegar kostnaður við eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi og framleiddar birgðir er ekki sanngreinanlegur með aðgreinanlegum hætti, með því að nota úthlutun sem byggð er á viðeigandi framleiðslumælingu. Framleiðslumæling þessi skal reiknuð út fyrir auðkennda efnisþætti málmgrýtisins og vera notuð sem viðmiðun til að auðkenna að hvaða marki viðbótarstarfsemi við að búa til framtíðarávinning hefur farið fram. Dæmi um slíkar mælingar eru:

a) kostnaður við framleiddar birgðir í samanburði við væntan kostnað,

b) magn unnins úrgangs samanborið við tilætlað magn fyrir gefið magn af málmgrýtisframleiðslu og

c) steinefnainnihald unnins málmgrýtis í samanburði við tilætlað steinefnainnihald sem unnið verður fyrir uppgefið magn af framleiddu málmgrýti.

Síðara mat á eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi

14 Eignin sem verður til við hreinsunarstarf skal, að lokinni upphafsfærslu, bókfærð annaðhvort á kostnaðarverði eða endurmetinni fjárhæð að frádregnum afskriftum og virðisrýrnunartapi með sama hætti og fyrirliggjandi eignin sem hún er hluti af.

15 Eignin sem verður til við hreinsunarstarfsemi skal afskrifuð með kerfisbundnum hætti yfir tilætlaðan nýtingartíma hins auðkennda efnisþáttar málmgrýtisins sem verður aðgengilegra í kjölfar hreinsunarstarfseminnar. Beita skal framleiðslueiningaraðferðinni nema önnur aðferð sé frekar viðeigandi.

16 Tilætlaður nýtingartími auðkennds efnisþáttar málmgrýtisins sem notað er til að afskrifa eignina sem verður til við hreinsunarstarfsemi verður annar en væntí nýtingartíminn sem notaður er til að afskrifa námuna sjálfa og eignir sem tengjast nýtingartíma hennar. Undantekning þessa eru þessar takmörkuðu aðstæður sem verða þegar hreinsunarstarfsemi veitir bætt aðgengi að öllu málmgrýtinu sem þar er enn að finna. Þetta gæti til dæmis gerst við lok nýtingartíma námunnar þegar auðkenndi efnisþátturinn stendur fyrir síðasta hluta málmgrýtisins sem á að vinna.

Viðbætir A

Gildistökudagur og umbreytingarákvæði

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti af túlkuninni og hefur sama gildi og aðrir hlutar hennar.

A1 Eining skal beita þessari túlkun fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að beita henni fyrr. Ef eining beitir þessari túlkun að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

A2 Eining skal beita þessari túlkun við hreinsunarkostnað framleiðslu sem stofnað var til við eða eftir upphaf fyrsta tímabilsins sem sett er fram.

A3 Við upphaf fyrsta tímabilsins sem sett var fram skal endurflokka áður færðan eignajöfnuð, sem hlaust af hreinsunarstarfsemi er fór fram á framleiðslustiginu („áður færð eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi“) er hluti af fyrirliggjandi eign sem hreinsunarstarfsemin varðaði, að því marki að enn séu til staðar auðkennanlegir efnisþættir í málmgrýtinu sem hægt er að tengja áður færðri eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi. Afskrifa skal slíkan jöfnuð yfir þann tilætlaða, eftirstandandi nýtingartíma auðkennds efnisþáttar málmgrýtis sem tengist áður færðri eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi.

A4 Ef engir auðkennanlegir efnisþættir málmgrýtisins sem áður færð eign sem verður til við hreinsunarstarfsemi tengist, skal færa hana sem óráðstafað, eigið fé í upphafi fyrsta tímabilsins sem sett er fram.

IFRIC-TÚLKUN 21

Álögur

TILVÍSANIR

— IAS-staðall 1, *framsetning reikningsskila*

— IAS-staðall 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

— IAS-staðli 12, *tekjuskattar*

— IAS 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð*

— IAS-staðall 24, *upplýsingar um tengda aðila*

— IAS-staðall 34, *árshlutareikningsskil*

— IAS-staðall 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*

— IFRIC-túlkun 6, skyldur vegna þátttöku á tilteknum markaði - raf- og rafeindabúnaðarúrgangur

FORSAGA

1. Hið opinbera getur lagt álögur á einingu. Alþjóðlega túlkunarnefndin um reikningsskil fékk beiðnir um leiðbeiningar vegna álagna í reikningsskilum þeirrar einingar sem greiðir álögurnar. Spurningin varðar það hvenær færa skuli skuldbindingu um að greiða álögur þegar reikningsskil eru í samræmi við IAS-staðal 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*.

GILDISSVIÐ

2. Þessi túlkun fjallar um reikningsskil vegna skuldbindingar til að greiða álögur ef sú skuldbinding fellur innan gildissviðs IAS-staðals 37. Hún fjallar einnig um reikningsskil vegna skuldbindingar til að greiða álögur þegar tímasetning og fjárhæð liggja fyrir.

3. Þessi túlkun fjallar ekki um reikningsskil vegna kostnaðar sem er tilkominn vegna færslu skuldbindingar um að greiða álögur. Einingar skulu beita öðrum stöðlum til að ákveða hvort færsla skuldbindingar um að greiða álögur leiði til ávinnings eða útgjalda.

4. Í þessari túlkun teljast álögur vera útstreymi fjármagns sem felur í sér fjárhagslegan ávinning og hið opinbera leggur á einingar í samræmi við löggjöf (þ.e. lög og/eða reglur), þó ekki:

   a) útstreymi fjármagns innan gildissviðs annarra staðla (s.s. tekjuskatta sem falla undir gildissvið IAS-staðals 12, *tekjuskattar*), og

   b) sektir og önnur viðurlög sem eru lögð á vegna brota á löggjöfinni.

   „Hið opinbera“ vísar til stjórnvalda, opinberra stofnana og sambærilegra aðila, hvort sem þau starfa á staðar- eða landsvísu eða á alþjóðavettvangi.

5. Greiðsla af hálfu einingar fyrir öflun eignar eða þjónustu samkvæmt bindandi samkomulagi við hið opinbera fellur ekki undir skilgreininguna á álögum.

6. Eining þarf ekki að beita þessari túlkun gagnvart skuldbindingum sem leiðir af viðskiptakerfum með losunarheimildir.

ÁLITAEFNI

7. Til að skýra reikningsskil vegna skuldbindingar um að greiða álögur tekur þessi túlkun eftirfarandi álitaefni til umfjöllunar:

   a) Hver er sá skuldbindandi atburður sem leiðir til færslu skuldbindingar um að greiða álögur?

   b) Leiðir sú efnahagslega nauðsyn að halda áfram rekstri á síðari tímabilum til ætlaðra skuldbindinga um að greiða álögur vegna reksturs á síðari tímabilum?

   c) Gefur forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi til kynna að eining sé þegar skuldbundin til að greiða álögur vegna reksturs á síðari tímabilum?

   d) Fer færsla skuldbindingar um að greiða álögur fram á tilteknum tímapunkti eða fer hún, við vissar aðstæður, fram í áföngum yfir lengri tíma?

   e) Hver er sá skuldbindandi atburður sem leiðir til færslu skuldbindingar um að greiða álögur sem orsakast af því að lágmarksmörkum er náð?

   f) Er um að ræða sömu meginreglur hvað varðar færslu skuldbindingar um að greiða álögur í árleg reikningsskil og árshlutareikningsskil?

ALMENNT SAMKOMULAG

8. Skuldbindandi atburðurinn sem leiðir til skuldbindingar um að greiða álögur er sú starfsemi sem orsakar greiðslu álagna, eins og tilgreint er í löggjöfinni. Ef sú starfsemi sem orsakar greiðslu álagna er, svo dæmi sé tekið, tekjumyndun á núverandi tímabili og útreikningur á þeim álögum er byggður á tekjumyndun á síðasta tímabili er skuldbindandi atburður fyrir þær álögur tekjumyndun á núverandi tímabili. Tekjumyndun á fyrra tímabili er nauðsynleg en nægir ekki til að mynda núverandi skuldbindingu.

9. Eining er ekki raunverulega skuldbundin til að greiða álögur vegna reksturs á síðara tímabili sem afleiðing af því að einingin er af efnahagslegum ástæðum tilneydd til að halda áfram rekstri á því síðara tímabili.

10. Gerð reikningsskila samkvæmt forsendunni um áframhaldandi rekstrarhæfi gefur ekki til kynna að eining sé þegar skuldbundin til að greiða álögur vegna reksturs á síðara tímabili.

11. Skuldbindingin um að greiða álögur er færð í áföngum ef skuldbindandi atburður stendur yfir tiltekið tímabil (þ.e. ef starfsemi sem orsakar greiðslu álagna, eins og tilgreint er í löggjöfinni, stendur yfir tiltekið tímabil). Ef skuldbindandi atburður er, svo dæmi sé tekið, tekjumyndun yfir tiltekið tímabil er samsvarandi skuldbinding færð á grundvelli þess að einingin myndar þær tekjur.

12. Ef skuldbinding um að greiða álögur orsakast af því að lágmarksmörkum er náð skulu reikningsskil vegna skuldbindingar sem leiðir af þeirri skuldbindingu vera í samræmi við meginreglurnar sem komið er á í 8.–14. lið þessarar túlkunar (einkum 8. og 11. lið). Ef skuldbindandi atburður er, svo dæmi sé tekið, sá að ná lágmarksmörkum starfsemi (s.s. lágmarksfjárhæð tekna, sölu eða framleiðslu) er samsvarandi skuldbinding færð þegar lágmarksstarfsemi hefur verið náð.

13. Eining skal beita sömu meginreglum um færslur í árshlutareikningsskilum og hún beitir í árlegum reikningsskilum. Af því leiðir að skuldbindingin um að greiða álögur skal, í árshlutareikningsskilunum:

   a) ekki færð ef ekki liggur fyrir skuldbinding um að greiða slíkar álögur við lok reikningsskilatímabilsins og

   b) færð ef núverandi skuldbinding um að greiða álögur liggur fyrir við lok reikningsskilatímabilsins.

14. Eining skal færa eign ef hún hefur greitt álögur fyrir fram en ekki liggur enn fyrir skuldbinding um að greiða álögurnar.

Viðbætir A

Gildistökudagur og umbreytingarákvæði

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti af túlkuninni og hefur sama gildi og aðrir hlutar hennar.

A1 Eining skal beita þessari túlkun fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita henni fyrr. Ef eining beitir þessari túlkun að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

A2 Gera skal eftir á grein fyrir breytingum á reikningsskilaaðferðum sem leiðir af upphaflegri beitingu þessarar túlkunar í samræmi við IAS-staðall 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*.

IFRIC-TÚLKUN 22

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli og fyrirframgreiðsla

TILVÍSANIR

— *Hugtakarammi fyrir reikningsskil* ([69])

— IAS-staðall 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

— IAS-staðall 21, *áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla*

FORSAGA

1. Í 21. lið IAS-staðals 21, *áhrif gengisbreytinga á erlenda gjaldmiðla*, er gerð krafa um að við upphafsfærslu skrái eining viðskipti í erlendum gjaldmiðli í starfrækslugjaldmiðlinum með því að umreikna fjárhæðina í erlenda gjaldmiðlinum út frá stundargengi starfrækslugjaldmiðilsins gagnvart erlenda gjaldmiðlinum (genginu) á viðskiptadeginum. Í 22. lið IAS-staðals 21 kemur fram að viðskiptadagurinn er sá dagur þegar viðskiptin uppfylla skilyrði fyrir færslu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla).

2. Þegar eining greiðir fyrir eða tekur við fyrirframgreiðslu í erlendum gjaldmiðli færir hún það almennt sem óperningalega eign eða óperningalega skuld ([70]) áður en hún færir það sem tengda eign, gjöld eða tekjur. Tengd eign, gjöld eða tekjur (eða hluti þeirra) er fjárhæðin sem færð er með beitingu viðeigandi staðla, sem leiðir til afskráningar á óperningalegu eigninni eða óperningalegu skuldinni sem leiðir af fyrirframgreiðslunni.

3. Alþjóðlegu túlkunarnefndinni um reikningsskil (túlkunarnefndinni) barst upphaflega spurning þar sem spurt var um það hvernig ætti að ákvarða „viðskiptadaginn“ við beitingu liða 21–22 í IAS-staðli 21 þegar tekjur eru færðar. Spurningin fjallar sérstaklega um aðstæður þar sem eining færir óperningalega skuld í tengslum við móttöku fyrirframgreiðslu áður en hún færir viðkomandi tekjur. Í umfjöllun sinni um málið tók túlkunarnefndin það fram að móttaka eða greiðsla fyrirframgreiðslu í erlendum gjaldmiðli skuli ekki takmarkast við tekjumyndandi viðskipti. Til samræmis við það ákvað túlkunarnefndin að skýra hvað átt er við með viðskiptadegi í þeim tilgangi að ákvarða hvaða gengi skuli nota við upphafsfærslu á tengdri eign, gjöldum eða tekjum þegar eining hefur móttekið eða greitt fyrirframgreiðslu í erlendum gjaldmiðli.

GILDISSVIÐ

4. Túlkun þessi á við um viðskipti í erlendum gjaldmiðli (eða hluta þeirra) þegar eining færir óperningalega eign eða óperningalega skuld í tengslum við greiðslu eða móttöku fyrirframgreiðslu, áður en einingin færir tengda eign, gjöld eða tekjur (eða hluta þeirra).

5. Túlkun þessi á ekki við þegar eining metur tengda eign, gjöld eða tekjur við upphafsfærslu:

   a) á gangvirði eða

   b) á gangvirði greiðslunnar sem innt er af hendi eða móttekin á öðrum degi en upphafsfærsludegi óperningalegu eignarinnar eða óperningalegu skuldarinnar sem leiðir af fyrirframgreiðslunni (t.d. við mat á viðskiptavild með beitingu IFRS-staðals 3, *sameining fyrirtækja*).

([69]) Tilvísun til *Hugtakaramma fyrir reikningsskil*, sem gefinn var út 2010 og var í gildi þegar túlkunin var mótuð.

([70]) Í 106. lið IFRS-staðals 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, er t.d. gerð krafa um það að ef viðskiptavinur greiðir endurgjald eða ef eining á rétt á skilyrðislausu endurgjaldi (þ.e. viðskiptakröfu) áður en einingin yfirfærir vöru eða þjónustu til viðskiptavinarins skuli einingin telja samninginn fram sem samningsskuld þegar greiðslan fer fram eða þegar greiðslu ber að inna af hendi (hvort sem gerist fyrr).

6. Eining þarf ekki að beita þessari túlkun gagnvart:

   a) tekjuskatti eða

   b) vátryggingasamningum (þ.m.t. endurtryggingasamningum) sem hún gefur út eða endurtryggingasamningum sem hún á.

ÁLITAEFNI

7. Þessi túlkun fjallar um það hvernig eigi að ákvarða viðskiptadaginn í þeim tilgangi að ákvarða hvaða gengi skuli nota við upphafsfærslu á tengdri eign, gjöldum eða tekjum (eða hluta þeirra) við afskráningu óperningalegrar eignar eða óperningalegrar skuldar í tengslum við greiðslu eða móttöku fyrirframgreiðslu í erlendum gjaldmiðli.

ALMENNT SAMKOMULAG

8. Við beitingu 21.–22. liðar í IAS-staðli 21 er viðskiptadagurinn, að því er varðar ákvörðun á því hvaða gengi skuli nota við upphafsfærslu á tengdri eign, gjöldum eða tekjum (eða hluta þeirra), sá dagur þegar eining færir í upphafi óperningalega eign eða óperningalega skuld í tengslum við greiðslu eða móttöku fyrirframgreiðslu.

9. Ef um er að ræða greiðslu eða móttöku fyrirframgreiðslna í fleiri en eitt skipti skal eining ákvarða viðskiptadag fyrir hverja greiðslu eða móttöku fyrirframgreiðslu.

Viðbætir A

Gildistökudagur og umbreytingarákvæði

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti IFRIC-túlkunar 22 og hefur sama gildi og aðrir hlutar hennar.

GILDISTÖKUDAGUR

A1 Eining skal beita þessari túlkun að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar. Heimilt er að beita henni fyrr. Ef eining beitir þessari túlkun að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

UMBREYTING

A2 Við upphaflega beitingu skal eining beita þessari túlkun annaðhvort:

a) afturvirkt með því að beita IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, eða

b) framvirkt að því er varðar allar eignir, gjöld og tekjur á gildissviði túlkunarinnar sem eru upphaflega færð við eða eftir:

i. upphaf reikningsskilatímabilsins þar sem eining beitir túlkuninni í fyrsta sinn eða

ii. upphaf fyrra reikningsskilatímabils, sett fram sem samanburðarupplýsingar í reikningsskilum á því reikningsskilatímabili þar sem eining beitir túlkuninni í fyrsta sinn.

A3 Eining sem beitir b-lið í lið A2 skal við upphaflega beitingu beita túlkuninni á eignir, gjöld og tekjur, sem voru upphaflega færðar við eða eftir upphaf reikningsskilatímabilsins í i. lið eða ii. lið b-liðar í lið A2, sem eining hefur fært ópeningalega eign eða ópeningalega skuld fyrir sem leiðir af fyrirframgreiðslu fyrir þann tíma.

Viðbætir B

Breytingunum í þessum viðbæti skal beitt að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar. Ef eining beitir þessari túlkun að því er varðar fyrra tímabil tekur þessi breyting gildi fyrir það fyrra tímabil.

IFRIC-TÚLKUN 23

Óvissa varðandi tekjuskattsmeðferð

TILVÍSANIR

— IAS-staðall 1, *framsetning reikningsskila*

— IAS-staðall 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

— IAS-staðall 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*

— IAS-staðli 12, *tekjuskattar*

FORSAGA

1. Í IAS-staðli 12, *tekjuskattar*, eru tilgreindar kröfur vegna skammtímaskattinneigna og -skattskulda og frestaðra skattinneigna og -skuldbindinga. Eining beitir kröfunum í IAS-staðli 12 á grundvelli gildandi skattalaga.

2. Það getur verið óljóst hvernig skattalög eiga við um tiltekin viðskipti eða aðstæður. Hugsanlegt er að ásættanleiki tiltekinnar skattameðferðar samkvæmt skattalögum sé ekki þekktur fyrr en viðeigandi skattyfirvald eða dómstóll tekur ákvörðun í framtíðinni. Af þessum sökum getur ágreiningur eða athugun skattyfirvaldsins á tiltekinni skattameðferð haft áhrif á færslu einingar á skammtímaskattinneign eða -skattskuld eða frestaðri skattinneign eða -skuldbindingu.

3. Í þessari túlkun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

   a) „skattameðferð“: meðferð sem eining notar eða hyggst nota við skráningu sína á tekjuskatti,

   b) „skattyfirvald“: stofnun eða stofnanir sem ákveða hvort skattameðferð sé ásættanleg samkvæmt skattalögum. Á meðal þeirra getur verið dómstóll.

   c) „óviss skattameðferð“: skattameðferð þar sem óvissa ríkir um hvort viðeigandi skattyfirvald muni viðurkenna skattameðferðina samkvæmt skattalögum. Ákvörðun einingar um að leggja ekki fram neina skráningu vegna tekjuskatts í skattalögsögu eða telja tilteknar tekjur ekki með í skattskyldum hagnaði er t.d. óviss skattameðferð ef ásættanleiki hennar er óviss samkvæmt skattalögum.

GILDISSVIÐ

4. Í þessari túlkun er útskýrt hvernig beita á færslu- og matskröfunum í IAS-staðli 12 þegar óvissa ríkir varðandi tekjuskattsmeðferð. Við slíkar aðstæður skal eining færa og meta skammtímaskattinneign eða -skattskuld eða frestaða skattinneign eða -skuldbindingu sína með því að beita kröfunum í IAS-staðli 12 á grundvelli skattskylds hagnaðar (skattalegs taps), skattstofna, ónotaðra skattalegra tapa, ónotaðra skattaafslátta og skatthlutfalla sem ákvörðuð eru með því að beita þessari túlkun.

ÁLITAEFNI

5. Þegar óvissa ríkir varðandi tekjuskattsmeðferð er í þessari túlkun fjallað um:

   a) hvort eining skoðar óvissa skattameðferð í hverju tilviki fyrir sig,

   b) forsendur einingar varðandi athugun skattyfirvalda á skattameðferð,

   c) hvernig eining ákvarðar skattskyldan hagnað (skattalegt tap), skattstofna, ónotuð skattaleg töp, ónotaða skattaafslætti og skatthlutföll, og

   d) hvernig eining skoðar breytingar á málsatvikum og aðstæðum.

ALMENNT SAMKOMULAG

Hvort eining skoðar óvissa skattameðferð í hverju tilviki fyrir sig

6. Eining skal ákveða hvort skoða á óvissa skattameðferð í hverju tilviki fyrir sig eða með einu eða fleiri öðrum tilvikum óvissrar skattameðferðar á grundvelli þess hvor nálgunin spáir betur fyrir um niðurstöðu óvissunnar. Við ákvörðun þess hvor nálgunin spáir betur fyrir um niðurstöðu óvissunnar getur eining t.d. ígrundað, a) hvernig hún undirbýr skráningu vegna tekjuskatts og styður við skattameðferð, eða b) hvernig einingin væntir þess að skattyfirvaldið framkvæmi athugun sína og leysi úr álitaefnum sem gætu komið upp við þá athugun.

7. Ef eining skoðar óvissa skattameðferð í fleiri en einu tilviki sameiginlega, við beitingu 6. liðar, skal einingin lesa tilvísanir í „óvissa skattameðferð“ í þessari túlkun sem vísun til þess hóps tilvika óvissrar skattameðferðar sem er til skoðunar sameiginlega.

Athugun skattyfirvalda

8. Þegar lagt er mat á hvort og hvernig óviss skattameðferð hefur áhrif á ákvörðun skattskylds hagnaðar (skattalegs taps), skattstofna, ónotaðra skattalegra tapa, ónotaðra skattaafslátta og skatthlutfalla skal eining gera ráð fyrir að skattyfirvald muni athuga fjárhæðir sem það hefur rétt á að athuga og hafa fulla vitneskju um allar tengdar upplýsingar þegar það framkvæmir þessar athuganir.

Ákvörðun skattskylds hagnaðar (skattalegs taps), skattstofna, ónotaðra skattalegra tapa, ónotaðra skattaafslátta og skatthlutfalla

9. Eining skal ígrunda hvort líklegt sé að skattyfirvald muni viðurkenna óvissa skattameðferð.

10. Ef eining kemst að þeirri niðurstöðu að líklegt sé að skattyfirvaldið muni viðurkenna óvissa skattameðferð skal einingin ákvarða skattskyldan hagnað (skattalegt tap), skattstofna, ónotuð skattaleg töp, ónotaða skattaafslætti eða skatthlutföll í samræmi við þá skattameðferð sem er notuð eða sem hún hyggst nota við skráningu vegna tekjuskatts.

11. Ef eining kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé líklegt að skattyfirvaldið muni viðurkenna óvissa skattameðferð skal einingin endurspegla áhrif óvissu þegar hún ákvarðar tengdan skattskyldan hagnað (skattalegt tap), skattstofna, ónotuð skattaleg töp, ónotaða skattaafslætti eða skatthlutföll. Eining skal endurspegla áhrif óvissu í hverju tilviki óvissrar skattameðferðar með því að nota aðra hvora eftirfarandi aðferða, með hliðsjón af því hvor aðferðin hún væntir þess að spái betur fyrir um niðurstöðu óvissunnar:

    a) Líklegasta fjárhæð — sú fjárhæð sem talin er líklegust innan bils mögulegra niðurstaðna. Líklegasta fjárhæð kann að spá betur fyrir um niðurstöðu óvissunnar ef mögulegar niðurstöður samanstanda af tveimur eða safnast á eitt gildi.

    b) Vænt virði — summa líkindaveginna fjárhæða innan bils mögulegra niðurstaðna. Vænt virði kann að spá betur fyrir um niðurstöðu óvissunnar ef fyrir hendi er bil mögulegra niðurstaðna sem hvorki samanstanda af tveimur né safnast á eitt gildi.

12. Ef óviss skattameðferð hefur áhrif á skammtímaskatt og frestaðan skatt (t.d. ef hún hefur áhrif á bæði skattskyldan hagnað sem notaður er til að ákvarða skammtímaskatt og skattstofna sem notaðir eru til að ákvarða frestaðan skatt) skal eining meta og áætla með samræmdum hætti bæði skammtímaskatt og frestaðan skatt.

Breytingar á málsatvikum og aðstæðum

13. Eining skal endurmeta mat eða áætlun sem krafa er gerð um í þessari túlkun ef málsatvik og aðstæður, sem matið eða áætlunin var byggð á, breytast eða vegna nýrra upplýsinga sem hafa áhrif á matið eða áætlunina. Breyting á málsatvikum og aðstæðum getur t.d. breytt niðurstöðum einingar varðandi ásættanleika skattameðferðar eða mati einingar á áhrifum óvissu, eða hvoru tveggja. Í liðum A1–A3 eru settar fram leiðbeiningar varðandi breytingar á málsatvikum og aðstæðum.

14. Eining skal endurspegla áhrif breytingar á málsatvikum og aðstæðum eða nýrra upplýsinga sem breytingu á reikningshaldslegu mati með því að beita IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Eining skal beita IAS-staðli 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*, til að ákveða hvort breyting sem á sér stað eftir reikningsskilatímabilið sé atburður sem kallar á leiðréttingu eða ekki.

Viðbætir A

Leiðbeiningar um beitingu

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti IFRIC-túlkunar 23, óvissa varðandi tekjuskattsmeðferð, og hefur sama gildi og aðrir hlutar hennar.

BREYTINGAR Á MÁLSATVIKUM OG AÐSTÆÐUM (13. LIÐUR)

A1 Við beitingu 13. liðar þessarar túlkunar skal eining meta mikilvægi og áhrif breytingar á málsatvikum og aðstæðum eða nýrra upplýsinga með tilliti til gildandi skattalaga. Tiltekinn atburður getur t.d. leitt til endurmats á mati eða áætlun sem gerð var fyrir eitt tilvik skattameðferðar en ekki annað, ef þessi tilvik skattameðferðar eru með fyrirvara um ólík skattalög.

A2 Dæmi um breytingar á málsatvikum og aðstæðum eða nýjar upplýsingar sem, með hliðsjón af aðstæðum, geta leitt til endurmats á mati eða áætlun sem krafa er gerð um í þessari túlkun eru m.a., en takmarkast þó ekki við, eftirfarandi:

a) athuganir eða aðgerðir skattyfirvalds. Dæmi:

i. samþykki eða andstaða skattyfirvaldsins við skattameðferðina eða sambærilega skattameðferð sem einingin notar,

ii. upplýsingar um að skattyfirvaldið hafi lýst samþykki sínu eða andstöðu við sambærilega skattameðferð sem önnur eining notar og

iii. upplýsingar um fjárhæð sem tekið er við eða greidd er til að gera upp sambærilega skattameðferð,

b) breytingar á reglum sem skattyfirvald hefur sett,

c) réttur skattyfirvalds til að athuga eða endurskoða skattameðferð fellur úr gildi.

A3 Ef samþykki eða andstaða skattyfirvalds við skattameðferð er ekki fyrir hendi er ólíklegt að það eitt og sér teljist sem breyting á málsatvikum og aðstæðum eða nýjar upplýsingar sem hafi áhrif á mat og áætlanir sem gerð er krafa um í þessari túlkun.

UPPLÝSINGAGJÖF

A4 Þegar óvissa ríkir varðandi tekjuskattsmeðferð skal eining ákveða hvort hún upplýsi um:

a) mat sem unnið er til að ákvarða skattskyldan hagnað (skattalegt tap), skattstofna, ónotuð skattaleg töp, ónotaða skattaafslætti og skatthlutföll með því að beita 122. lið í IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, og

b) upplýsingar um forsendur og áætlanir sem unnar eru til að ákvarða skattskyldan hagnað (skattalegt tap), skattstofna, ónotuð skattaleg töp, ónotaða skattaafslætti og skatthlutföll með því að beita 125.–129. lið í IAS-staðli 1.

A5 Ef eining kemst að þeirri niðurstöðu að líklegt sé að skattyfirvald muni viðurkenna óvissa skattameðferð skal einingin ákveða hvort hún upplýsi um möguleg áhrif óvissunnar sem skatttengdrar óvissu með því að beita 88. lið í IAS-staðli 12.

Viðbætir B

Gildistökudagur og umbreytingarákvæði

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti IFRIC-túlkunar 23, óvissa varðandi tekjuskattsmeðferð, og hefur sama gildi og aðrir hlutar hennar.

GILDISTÖKUDAGUR

B1 Eining skal beita þessari túlkun að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar. Heimilt er að beita henni fyrr. Ef eining beitir þessari túlkun að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

UMBREYTING

B2 Við upphaflega beitingu skal eining beita þessari túlkun annaðhvort:

a) afturvirkt með því að beita IAS-staðli 8, ef slíkt er hægt án skýringa eftir á, eða

b) afturvirkt með samlegðaráhrifum af því að beita túlkuninni í upphafi sem færð eru á upphafsdegi beitingar. Ef eining velur þessa nálgun við umbreytingu skal hún ekki endurgera samanburðarupplýsingar. Þess í stað skal einingin færa samlegðaráhrif af upphaflegri beitingu túlkunarinnar sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár (eða annars eiginfjárþáttar, eftir því sem við á). Upphafsdagur beitingar er upphaf þess árlega reikningsskilatímabils þegar eining beitir þessari túlkun í fyrsta sinn.

SIC-túlkun 7

Tilkoma evru

TILVÍSANIR

— IAS-staðall 1, *framsetning reikningsskila* (endurskoðaður 2007)

— IAS-staðall 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

— IAS-staðall 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*

— IAS-staðall 21, *áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla* (endurskoðaður 2003).

— IAS-staðall 27, *samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil* (eins og honum var breytt 2008)

ÁLITAEFNI

1 Frá 1. janúar 1999, þegar Efnahags- og myntbandalagið (EMU) hefur starfsemi sína, verður evran sjálfstæður gjaldmiðill og umreikningsgengi evrunnar og gjaldmiðla þátttökuþjóðanna verður endanlega fest, þ.e. áhættan, sem fólgin er í gengismun sem tengist þessum gjaldmiðlum, verður úr sögunni frá og með þessum degi.

2 Álitaefnið er beiting IAS-staðals 21 að því er varðar breytinguna frá þjóðargjaldmiðlum aðildarríkja Evrópusambandsins, sem taka þátt, yfir í evruna („upptakan“).

ALMENNT SAMKOMULAG

3 Kröfum í IAS-staðli 21 varðandi umreikning viðskipta í erlendum gjaldmiðlum og reikningsskil erlends rekstrar skal fylgt í einu og öllu við upptökuna. Sama grundvallarforsenda á við um festingu gengis þegar lönd ganga síðar í Efnahags- og myntbandalagið (EMU).

4 Þetta þýðir einkum að:

a) peningalegar eignir í erlendum gjaldmiðlum og skuldir, sem leiðir af viðskiptum, skulu áfram vera umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðilinn á lokagengi. Allur gengismunur, sem orsakast af þessu, skal strax færður sem tekjur eða gjöld nema eining skal halda áfram að beita núverandi reikningsskilaaðferðum á gengishagnað og -tap í tengslum við áhættuvarnir vegna gengisáhættu við áætluð framtíðarviðskipti,

b) uppsafnaður gengismunur, sem tengist umreikningi á reikningsskilum rekstrar erlendis, sem færður er í aðra heildarafkomu, skal flokkaður sem eigið fé og skal aðeins endurflokkaður úr eigin fé í rekstrarreikning við ráðstöfun, eða ráðstöfun að hluta til, á hreinni fjárfestingu í erlenda rekstrinum og

c) gengismun, sem hlýst af umreikningi skulda sem tilgreindar eru í þátttökugjaldmiðlum, skal ekki telja til bókfærðs verðs tengdra eigna.

DAGSETNING SAMKOMULAGS

Október 1997.

GILDISTÖKUDAGUR

Þessi túlkun tekur gildi hinn 1. júní 1998. Gera skal grein fyrir breytingum á reikningsskilaaðferðum samkvæmt kröfum í IAS-staðli 8.

Með IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess breyttist 4. liður. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

IAS-staðall 27 (með áorðnum breytingum árið 2008) breytti b-lið 4. liðar. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 27 (breytt 2008) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

SIC-túlkun 10

Opinber aðstoð — engin tilgreind tengsl við rekstrarhreyfingar

TILVÍSANIR

— IAS-staðall 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

— IAS 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð*

ÁLITAEFNI

1 Í sumum löndum kann opinberri aðstoð til eininga að vera ætlað að hvetja til eða styrkja til langs tíma litið atvinnustarfsemi annaðhvort á tilteknum svæðum eða í tilteknum atvinnugreinum. Skilyrði fyrir því að fá slíka aðstoð þurfa ekki að vera sérstaklega tengd rekstrarhreyfingum einingarinnar. Dæmi um slíka aðstoð er yfirfærsla verðmæta frá hinu opinbera til eininga sem:

a) starfa í tiltekinni atvinnugrein,

b) halda áfram rekstri í atvinnugreinum, sem hafa nýlega verið einkavæddar, eða

c) hefja eða halda áfram að reka viðskipti sín á vanþróuðum svæðum.

2 Álitaefnið er hvort slík opinber aðstoð er „opinber styrkur“ innan gildissviðs IAS-staðals 20 og skuli því skráð í samræmi við þann staðal.

ALMENNT SAMKOMULAG

3 Opinber aðstoð til eininga uppfyllir skilgreininguna á opinberum styrk í IAS-staðli 20 jafnvel þó að engin skilyrði tengist sérstaklega rekstrarhreyfingum einingarinnar önnur en krafan um að reksturinn sé á tilteknu svæði eða í tiltekinni atvinnugrein. Slíkir styrkir skulu því ekki færðir beint á eigið fé.

DAGSETNING SAMKOMULAGS

Janúar 1998.

GILDISTÖKUDAGUR

Þessi túlkun tekur gildi hinn 1. ágúst 1998. Gera skal grein fyrir breytingum á reikningsskilaaðferðum í samræmi við IAS-staðal 8.

SIC-túlkun 25

Tekjuskattar — breytingar á skattalegri stöðu einingar eða hluthafa hennar

TILVÍSANIR

— IAS-staðall 1, *framsetning reikningsskila* (endurskoðaður 2007)

— IAS-staðall 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

— IAS-staðli 12, *tekjuskattar*

ÁLITAEFNI

1 Breyting á skattalegri stöðu einingar eða hluthafa hennar getur haft þær afleiðingar fyrir einingu að skattskuldir eða skattinneignir hennar hækki eða lækki. Þetta getur t.d. gerst við opinbera skráningu eiginfjárgerninga eða við endurskipulagningu eigin fjár einingar. Þetta getur líka gerst við flutning ráðandi hluthafa til útlanda. Slíkur atburður getur leitt til þess að eining kann að vera skattlögð með öðrum hætti, hún kann t.d. að öðlast eða tapa skattaívilnunum eða að skatthlutfall verði annað í framtíðinni.

2 Breyting á skattalegri stöðu einingar eða hluthafa hennar kann þegar að hafa áhrif á skammtímaskattskuldir eða skammtímaskattinneignir einingar. Við breytinguna kunna líka frestaðar skattskuldir og skattinneignir, sem einingin hefur fært, að hækka eða lækka eftir því hver skattalegu áhrifin verða af breyttri, skattalegri stöðu þegar bókfært verð eigna og skulda einingarinnar er endurheimt eða greitt.

3 Álitaefnið er hvernig eining skal gera grein fyrir skattalegum afleiðingum breytingar á skattalegri stöðu sinni eða hluthafa sinna.

ALMENNT SAMKOMULAG

4 Breyting á skattalegri stöðu einingar eða hluthafa hennar leiðir ekki til hækkunar eða lækkunar á fjárhæðum sem eru færðar utan rekstrarreiknings. Skattalegar afleiðingar til skamms tíma og frestaðar, skattalegar afleiðingar af breytingu á skattalegri stöðu skulu innifaldar í rekstrarreikningi á tímabilinu nema afleiðingarnar tengist viðskiptum og atburðum sem leiða til, á sama tímabili eða öðru, beinnar hækkunar eða lækkunar á færðri fjárhæð eigin fjár eða á færðum fjárhæðum í öðrum heildarhagnaði. Þær skattalegu afleiðingar, sem tengjast breytingum á þeirri fjárhæð eigin fjár sem færð er á sama eða öðru tímabili (ekki taldar til hagnaðar eða taps), skulu færðar sem hækkun eða lækkun beint á eigið fé. Skattalegar afleiðingar, sem tengjast fjárhæðum, sem færðar eru í aðra heildarafkomu, skal færa í aðra heildarafkomu.

DAGSETNING SAMKOMULAGS

Ágúst 1999

GILDISTÖKUDAGUR

Þessi sammæli taka gildi hinn 15. júlí 2000. Gera skal grein fyrir breytingum á reikningsskilaaðferðum í samræmi við IAS-staðal 8.

Með IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess breyttist 4. liður. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

SIC-túlkun 29

Samningar um þjónustuívilnun: Birting upplýsinga

TILVÍSANIR

— IFRS-staðall 16, *leigusamningar*

— IAS-staðall 1, *framsetning reikningsskila* (endurskoðaður 2007)

— IAS-staðall 16, *varanlegir rekstrarfjármunir* (endurskoðaður 2003).

— IAS-staðall 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*

— IAS-staðall 38, *óefnislegar eignir* (endurskoðaður 2004)

— IFRIC-túlkun 12, *samningar um þjónustuívilnun*

ÁLITAEFNI

1 Eining (rekstraraðilinn) getur gert samning við aðra einingu (veitandann) um að veita þjónustu sem veitir almenningi aðgang að mikilvægri, efnahagslegri og félagslegri aðstöðu. Veitandinn getur verið eining í opinbera geiranum eða einkageiranum og einnig opinber stofnun. Dæmi um samninga um þjónustuívilnun eru m.a. þeir sem snerta aðstöðu til vatnshreinsunar og vatnsveitu, hraðbrautir, bílastæði, göng, brýr, flugvelli og fjarskiptakerfi. Dæmi um samninga, sem ekki eru samningar um þjónustuívilnun, eru m.a. þegar eining útvistar rekstur innri þjónustu (t.d. mötuneyti fyrir starfsmenn, viðhald bygginga og starfsemi, tengd reikningshaldi og upplýsingatækni).

2 Samningur um þjónustuívilnun felur yfirleitt í sér að veitandinn selur rekstraraðilanum í hendur eftirfarandi ívilnanir í þann tíma sem ívilnanirnar ná til:

a) rétt til að veita þjónustu sem veitir almenningi aðgang að mikilvægri, efnahagslegri og félagslegri aðstöðu, og

b) rétt, í sumum tilvikum, til að nota tilgreindar, efnislegar eignir, óefnislegar eignir eða fjáreignir,

í skiptum fyrir það að rekstraraðilinn:

c) skuldbindur sig til að veita þjónustu í samræmi við tiltekin skilyrði og skilmála á ívilnunartímabilinu og

d) skuldbindur sig, ef við á, til að afhenda við lok ívilnunartímabilsins þau réttindi sem hann fékk í upphafi ívilnunartímabilsins og/eða fékk meðan á ívilnunartímabilinu stóð.

3 Sameiginlegt einkenni allra samninga um þjónustuívilnun er að rekstraraðilinn fær í hendur rétt og stofnar til skuldbindingar til að veita opinbera þjónustu.

4 Álitaefnið er hvaða upplýsingar skulu koma fram í skýringum við reikningsskil frá rekstraraðila og veitanda.

5 Tilteknir þættir og upplýsingagjöf, sem tengjast sumum samningum um þjónustuívilnun, hafa þegar verið tekin til umfjöllunar í þeim alþjóðlegu reikningsskilastöðlum sem eru fyrir hendi (t.d. gildir IAS-staðall 16 um kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, IFRS-staðall 16 gildir um leigusamninga á eignum og IAS-staðall 38 gildir um kaup á óefnislegum eignum). Samningur um þjónustuívilnun getur þó falið í sér óuppfyllta samninga sem ekki eru teknir til umfjöllunar í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum nema samningarnir séu íþyngjandi en í slíkum tilvikum gildir IAS-staðall 37. Af þessum sökum fjallar þessi túlkun um viðbótarupplýsingar um samninga um þjónustuívilnun.

ALMENNT SAMKOMULAG

6 Taka skal til greina alla þætti samnings um þjónustuívilnun þegar ákvörðun er tekin um hvaða upplýsingar sé rétt að tilgreina í skýringum. Rekstraraðili og veitandi skulu veita upplýsingar um eftirfarandi á hverju tímabili:

a) lýsingu á samningnum,

b) mikilvæg skilyrði í samningnum sem geta haft áhrif á fjárhæð, tímasetningu og vissu sjóðstreymis í framtíðinni (t.d. tímabil ívilnunar, dagsetningar endurverðlagningar og á hvaða grunni endurverðlagningin eða endurnýjun samnings er ákvörðuð),

c) eðli og umfang (t.d. magn, tímabil eða fjárhæð eftir því sem við á):

i. réttinda til að nota tilgreindar eignir,

ii. skuldbindinga til að veita þjónustu eða réttinda til að vænta þess að þjónusta sé veitt,

iii. skuldbindinga til að eignast eða smíða hluti, sem teljast til varanlegra rekstrarfjármuna,

iv. skuldbindinga til að afhenda tilgreindar eignir við lok ívilnunartímabils eða réttinda til móttöku slíkra eigna,

v. valkosta varðandi endurnýjun og uppsögn og

vi. annarra réttinda og skuldbindinga (t.d. meiri háttar endurbætur) og

d) breytinga sem verða á samningnum á tímabilinu og

e) hvernig þjónustufyrirkomulag hefur verið flokkað.

6A Rekstraraðili skal greina frá fjárhæð tekna og hagnaðar eða taps sem fært er á því tímabili sem skipt er á þjónustu á sviði byggingaframkvæmda og fjáreign eða óefnislegri eign.

7 Upplýsingar, sem gerð er krafa um í samræmi við 6. lið þessarar túlkunar, skulu veittar fyrir hvern samning um þjónustuívilnun fyrir sig eða í heild fyrir hvern samningsflokk um þjónustuívilnun. Flokkur er safn samninga um þjónustuívilnun sem felur í sér þjónustu sem er svipuð í eðli sínu (t.d. innheimta vegatolla og fjarskipta- og vatnshreinsunarþjónusta).

DAGSETNING SAMKOMULAGS

Maí 2001

GILDISTÖKUDAGUR

Þessi túlkun tekur gildi hinn 31. desember 2001.

Eining skal beita breytingunni í e-lið 6. liðar. og lið 6A að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2008 eða síðar. Ef eining beitir IFRIC-túlkun 12 að því er varðar fyrra tímabil gilda þessar breytingar fyrir það fyrra tímabil.

IFRS-staðall 16, gefinn út í janúar 2016, breytti 5. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

SIC-túlkun 32

Óefnislegar eignir — kostnaður við vefsetur

TILVÍSANIR

— IFRS-staðall 3, *sameining fyrirtækja*

— IFRS-staðall 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*

— IFRS-staðall 16, *leigusamningar*

— IAS-staðall 1, *framsetning reikningsskila* (endurskoðaður 2007)

— IAS-staðall 2, *birgðir* (endurskoðaður 2003)

— IAS-staðall 16, *varanlegir rekstrarfjármunir* (endurskoðaður 2003)

— IAS-staðall 36, *virðisrýrnun eigna* (endurskoðaður 2004)

— IAS-staðall 38, *óefnislegar eignir* (endurskoðaður 2004)

ÁLITAEFNI

1 Eining kann að stofna til útgjalda innan einingar við þróun og rekstur eigin vefseturs fyrir notendur innan hennar eða utan. Vefsetur, sem er hannað fyrir notendur utan einingarinnar, má nota í ýmsum tilgangi eins og til að kynna og auglýsa framleiðsluvörur og þjónustu einingarinnar, veita rafræna þjónustu og selja framleiðsluvörur og þjónustu. Vefsetur, sem er hannað fyrir notendur innan einingarinnar, getur verið notað til að geyma stefnu einingarinnar og upplýsingar um viðskiptamenn og til að leita að viðeigandi upplýsingum.

2 Stigum í þróun vefsetursins má lýsa á eftirfarandi hátt:

a) Áætlanagerð — m.a. hagkvæmniathuganir, skilgreining markmiða og þarfa, mat á öðrum kostum og val á möguleikum.

b) Þróun hugbúnaðarkerfis og grunnkerfis — m.a. útvegun lénsheitis, kaup og þróun vélbúnaðar og stýrikerfis, uppsetning fullþróaðra hugbúnaðarkerfa og álagsprófun.

c) Grafísk hönnun — m.a. útlitshönnun vefsíðna.

d) Þróun efnisinnihalds — m.a. að skapa, kaupa, undirbúa og hlaða upplýsingum inn á vefsetrið áður en þróun þess lýkur, annaðhvort sem texta eða á myndrænu formi. Þessar upplýsingar eru annaðhvort geymdar í sérstökum gagnagrunnum, sem eru samþættir (eða aðgengilegir frá) vefsetrinu, eða forritaðar beint inn á vefsíðurnar.

3 Þegar þróun vefsetursins lýkur hefst rekstrarstigið. Á því stigi viðheldur einingin og endurbætir hugbúnaðarkerfi, grunnkerfi, grafíska hönnun og efnisinnihald vefsetursins.

4 Við skráningu útgjalda innan einingarinnar vegna þróunar og rekstrar á eigin vef einingarinnar fyrir aðgang innan hennar eða utan eru álitaefnin:

a) hvort vefsetrið sé óefnisleg eign, mynduð innan einingarinnar, og falli undir kröfur, sem gerðar eru í IAS-staðli 38 og

b) viðeigandi, reikningshaldsleg meðferð slíkra útgjalda.

5 Þessi túlkun gildir ekki um útgjöld vegna kaupa á vélbúnaði og þróunar og rekstrar hans fyrir vefsetur (t.d. vegna vefþjóna, millikerfaþjóna, raunkerfisþjóna og nettenginga). Slík útgjöld eru færð samkvæmt IAS-staðli 16. Að auki eru útgjöld, sem eining stofnar til vegna netþjónustuveitu sem hýsir vefsetur einingarinnar, færð skv. 88. lið IAS-staðals 1 og *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* þegar tekið er við þjónustunni.

6 IAS-staðall 38 gildir ekki um óefnislegar eignir, sem eining heldur til sölu í venjulegum viðskiptum (sjá IAS-staðal 2 og IFRS-staðal 15), eða leigusamninga fyrir óefnislegar eignir sem færðir eru í samræmi við IFRS-staðal 16. Samkvæmt því gildir þessi túlkun ekki um útgjöld til þróunar eða rekstrar vefseturs (eða hugbúnaðar fyrir vefsetur) sem selja á öðru fyrirtæki eða sem fært er í samræmi við IFRS-staðal 16.

ALMENNT SAMKOMULAG

7 Eigið vefsetur einingar, sem hún hefur þróað og er ætlað til að veita aðgang innan hennar og utan, er óefnisleg eign sem myndast innan einingarinnar og fellur undir kröfur sem gerðar eru í IAS-staðli 38.

8 Vefsetur, sem verður til við þróunarvinnu, skal færa sem óefnislega eign ef og aðeins ef eining uppfyllir kröfur, sem gerðar eru í 57. lið IAS-staðals 38, auk þess sem það uppfyllir almennar kröfur um færslu og upphaflegt mat sem lýst er í 21. lið IAS-staðals 38. Einkum getur eining uppfyllt þá kröfu um að hún sýni fram á hvernig vefsetur hennar myndi líklegan, efnahagslegan ávinning í framtíðinni í samræmi við d-lið 57. liðar IAS-staðals 38, þegar unnt er t.d. að afla tekna af vefsetrinu, þ.m.t. beinar tekjur af pöntunum sem unnt er að leggja inn á vefsetrinu. Eining getur ekki sýnt fram á hvernig vefsetur, sem er þróað einvörðungu eða aðallega til að kynna og auglýsa eigin framleiðsluvörur og þjónustu, myndi líklegan efnahagslegan ávinning í framtíðinni, og af þeim sökum skal gjaldfæra öll útgjöld til þróunar slíks vefsetur þegar stofnað er til þeirra.

9 Öll útgjöld innan einingar til þróunar og rekstrar eigin vefseturs skal færa í samræmi við IAS-staðal 38. Meta skal eðli allrar starfsemi, sem verður tilefni útgjalda (t.d. þjálfun starfsfólks og viðhald vefsetursins), og þróunarstig vefsetursins eða frekari þróun þess til að ákvarða viðeigandi, reikningshaldslega meðferð (viðbótarleiðbeiningar er að finna í skýringardæminu sem fylgir þessari túlkun). Dæmi:

a) áætlunarstigið er svipaðs eðlis og rannsóknarstigið í 54.–56. lið í IAS-staðli 38. Útgjöld, sem stofnað er til á þessu stigi, skal gjaldfæra þegar stofnað er til þeirra,

b) þróunarstigin, þ.e. hugbúnaðarkerfi og grunnkerfi, grafísk hönnun og efnisinnihald, eru svipaðs eðlis og þróunarstigið í 57.–64. lið IAS-staðals 38, að því marki sem efnið er þróað í öðrum tilgangi en til auglýsingar og kynningar á framleiðsluvörum og þjónustu einingarinnar sjálfrar. Útgjöld, sem stofnað er til á þessum stigum, skulu vera innifalin í kostnaðarverði vefsetursins sem er fært sem óefnisleg eign í samræmi við 8. lið þessarar túlkunar þegar hægt er að rekja útgjöldin beint, og þau eru nauðsynleg, til þess að búa til, framleiða eða undirbúa vefsetrið svo að það geti starfað með þeim hætti sem stjórnendur ætlast til. Sem dæmi má taka að útgjöld til innkaupa eða framleiðslu efnis (annars en efnis til auglýsinga og kynningar á eigin framleiðsluvörum og þjónustu einingarinnar) sérstaklega fyrir vefsetur, eða útgjöld til að unnt sé að nota efnið (t.d. gjald vegna leyfis til afritunar) á vefsetrinu, skulu vera innifalin í þróunarkostnaðinum þegar þetta skilyrði er uppfyllt. Í samræmi við 71. lið IAS-staðals 38 skal þó ekki færa útgjöld vegna óefnislegrar eignar, sem var upphaflega gjaldfærð í fyrri reikningsskilum, sem hluta af kostnaðarverði óefnislegrar eignar síðar (t.d. ef kostnaðarverð höfundarréttar hefur verið afskrifað að fullu og efnið er síðan gert aðgengilegt á vefsetri),

c) útgjöld, sem stofnað er til á þróunarstigi efnis, skal gjaldfæra þegar stofnað er til þeirra í samræmi við c-lið 69. liðar IAS-staðals 38, að því marki sem efnið er þróað til að auglýsa og kynna framleiðsluvörur og þjónustu einingarinnar (t.d. stafrænar ljósmyndir af framleiðsluvörum). Þegar t.d. útgjöld vegna sérfræðiþjónustu við töku stafrænna ljósmynda af framleiðsluvörum einingarinnar og til að sýna þær betur skulu útgjöldin gjaldfærð eftir því sem sérfræðiþjónustan er móttekin meðan það ferli stendur yfir en ekki þegar stafrænu ljósmyndirnar eru birtar á vefsetrinu,

d) rekstrarstigið hefst þegar þróun vefsetursins lýkur. Útgjöld, sem stofnað er til á þessu stigi, eru gjaldfærð þegar stofnað er til þeirra nema þau uppfylli færsluskilyrðin í 18. lið IAS-staðals 38.

10 Vefsetur, sem er fært sem óefnisleg eign skv. 8. lið þessarar túlkunar, skal meta eftir upphaflega færslu með því að beita kröfum 72.–87. liðar IAS-staðals 38. Besta mat á nýtingartíma vefseturs skal vera stutt.

DAGSETNING SAMKOMULAGS

Maí 2001

GILDISTÖKUDAGUR

Þessi túlkun tekur gildi hinn 25. mars 2002. Gera skal grein fyrir áhrifunum af því að taka þessa túlkun upp samkvæmt bráðabirgðakröfum í útgáfunni af IAS-staðli 38 sem gefin var út 1998. Því skal færa liðinn út sama dag og þessi túlkun tekur gildi þegar vefsetur stenst ekki skilyrði um færslu sem óefnisleg eign, en var áður eignfært. Þegar vefsetur er fyrir hendi og útgjöld til þróunar þess uppfylla skilyrði færslu sem óefnisleg eign, en höfðu ekki áður verið eignfærð, skal ekki færa óefnislegu eignina sama dag og þessi túlkun tekur gildi. Þegar vefsetur er fyrir hendi og útgjöld til þróunar þess uppfylla skilyrði um færslu sem óefnisleg eign en voru áður eignfærð og upphaflega metin á kostnaðarverði, skal upphaflega færða fjárhæðin teljast hafa verið rétt ákveðin.

Með IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) breyttust hugtök og hugtakanotkun í öllum IFRS-stöðlum. Auk þess breyttist 5. liður. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Ef eining beitir IAS-staðli 1 (endurskoðaður 2007) að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

Með IFRS-staðli 15, *reglulegar tekjur af samningum við viðskiptavini*, gefinn út í maí 2014, breyttist þátturinn „Tilvísanir“ og 6. liður. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 15.

IFRS-staðall 16, gefinn út í janúar 2016, breytti 6. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 16.

Með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*, sem gefnar voru út 2018, var 5. lið breytt. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Heimilt er að beita henni fyrr ef eining beitir einnig á sama tíma öllum öðrum breytingum sem gerðar voru með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*. Eining skal beita breytingunni á SIC-túlkun 32 afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Ef eining ákvarðar að afturvirk beiting væri ógerleg eða hefði í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn skal hún þó beita breytingunni á SIC-túlkun 32 með tilvísun til 23.–28. liðar, 50.–53. liðar og liðar 54F í IAS-staðli 8.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2468 **2025/EES/71/02**

frá 8. nóvember 2023

um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1803 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 12 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1803 ([2]) voru samþykktir tilteknir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem lágu fyrir 8. september 2022.

2) Þann 23. maí 2023 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) út tilteknar breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli 12, *tekjuskattur* („IAS-staðall 12“). Með breytingunum var innleidd tímabundin undanþága frá bókhaldsfærslu frestaðra skatta sem rekja má til innleiðingar á fyrirmynd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) að reglum varðandi stoð tvö, sem og markviss upplýsingagjöf fyrir einingar sem urðu fyrir áhrifum.

3) Tímabundnu undanþágunni verður beitt strax við útgáfu Alþjóðareikningsskilaráðsins á þessum breytingum og afturvirkt í samræmi við Alþjóðlegan reikningsskilastaðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur* (IAS-staðall 8). Beita á birtingarkröfunum á árleg reikningsskilatímabil sem hefjast á eða eftir 1. janúar 2023. Félagi er ekki skylt að beita birtingarkröfunum í árshlutareikningsskilum fyrir þau tímabil sem lýkur á eða fyrir 31. desember 2023.

4) Í kjölfar samráðs við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil (EFRAG) komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að breytingarnar á IAS-staðli 12 uppfylli skilyrðin fyrir samþykkt sem sett eru fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

5) Sum þriðju lönd hafa þegar innleitt fyrirmynd Efnahags- og framfarastofnunarinnar að reglum varðandi stoð tvö á þessu ári. Ef engin ákvörðun er tekin um notkunarsvið breytinganna á IAS-staðli 12 munu samstæður í ESB þurfa að færa þessar hækkanir samkvæmt annarri stoð sem frestaðan skatt í árshlutareikningsskil sín fyrir samstæðuna. Til að koma í veg fyrir þetta er þörf á skjótri samþykkt þessarar ákvörðunar fyrir samstæður með staðfestu í Sambandinu.

6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2023/1803 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2023/1803 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli 12, *tekjuskattur*, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2468, 9.11.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 307/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 25, 24.4.2025, bls. 90.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1803 frá 13. september 2023 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 237, 26.9.2023, bls. 1).

2. gr.

Hvert félag skal beita:

a) liðum 4A og 88A í viðaukanum við þessa reglugerð strax eftir útgáfu þessara breytinga, og afturvirkt í samræmi við IAS-staðall 8, og

b) liðum 88B-88D í viðaukanum við þessa reglugerð fyrir árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2023 eða síðar. Félagi er ekki skylt að birta upplýsingarnar sem krafist er í þessum liðum fyrir nein árshlutatímabil sem lýkur 31. desember 2023 eða fyrr.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

ALÞJÓÐLEGAR SKATTUMBÆTUR – FYRIRMYND AÐ REGLUM VARÐANDI STOÐ TVÖ

Breytingar á IAS-staðli 12

Breytingar á IAS-staðli 12, *tekjuskattur*

Liðum 4A, 88A–88D (þ.m.t. tengdri fyrirsögn og dálknum eftir lið 88D) og 98M er bætt við.

Gildissvið

...

4A Þessi staðall gildir um tekjuskatt sem leiðir af skattalögum sem öðlast hafa gildi með formlegum hætti eða í reynd til að innleiða fyrirmynd að reglum varðandi stoð tvö sem Efnahags- og framfarastofnunin gaf út, þ.m.t. skattalögum sem innleiða hæfan innlendan lágmarksuppbótarskatt sem lýst er í þeim reglum. Slík skattalög, og tekjuskatturinn sem leiðir af þeim, verða hér eftir nefnd „löggjöf samkvæmt stoð tvö“ og „tekjuskattur samkvæmt stoð tvö“. Sú undanþága er frá kröfunum í þessum staðli að eining skal hvorki færa né birta upplýsingar um frestaðar skattinneignir og -skuldir sem tengjast tekjuskatti samkvæmt stoð tvö.

...

Upplýsingagjöf

...

Alþjóðlegar skattumbætur – fyrirmynd að reglum varðandi stoð tvö

88A Eining skal upplýsa um að hún hafi beitt undanþágunni frá að færa og birta upplýsingar um frestaðar skattinneignir og -skuldir sem tengjast tekjuskatti samkvæmt stoð tvö (sjá lið 4A).

88B Eining skal upplýsa sérstaklega um skammtímaskattkostnað (tekjur) sem tengist tekjuskatti samkvæmt stoð tvö.

88C Á tímabilum þegar löggjöf samkvæmt stoð tvö hefur öðlast gildi með formlegum hætti eða öðlast gildi í reynd en ekki enn komin til framkvæmda, skal eining birta þekktar upplýsingar eða upplýsingar sem unnt er að áætla með skynsamlegum hætti og sem hjálpa notendum reikningsskila til að öðlast skilning á áhættuskuldbindingu einingarinnar vegna tekjuskatts samkvæmt stoð tvö sem leiðir af þeirri löggjöf.

88D Til að uppfylla markmiðið um upplýsingagjöf í lið 88C skal eining birta eigindlegar og megindlegar upplýsingar um áhættuskuldbindingu sína vegna tekjuskatts samkvæmt stoð tvö í lok reikningsskilatímabilsins. Þessar upplýsingar þurfa ekki að endurspegla allar sértækar kröfur í löggjöfinni samkvæmt stoð tvö og má veita sem áætlað bil. Að því marki sem upplýsingar eru ekki þekktar eða hægt að áætla þær með skynsamlegum hætti skal í staðinn birta yfirlýsingu þess efnis og birta upplýsingar um framvindu einingarinnar við að meta áhættuskuldbindingar sínar.

Dæmi til skýringar á liðum 88C–88D

Dæmi um upplýsingar sem eining gæti birt til að uppfylla markmiðið og kröfurnar í liðum 88C–88D eru m.a.:

a) eigindlegar upplýsingar, svo sem upplýsingar um hvernig löggjöf samkvæmt stoð tvö hefur áhrif á einingu og helstu lögsagnarumdæmi þar sem áhættuskuldbindingar vegna tekjuskatts samkvæmt stoð tvö kunna að vera til staðar, og

Dæmi til skýringar á liðum 88C–88D

b) megindlegar upplýsingar, svo sem:
   i. vísbendingu um þann hluta af hagnaði einingar sem kann að bera tekjuskatt samkvæmt stoð tvö og meðaltalið á virku skatthlutfalli sem gildir um þennan hagnað, eða
   ii. vísbendingu um hvernig meðaltalið á virku skatthlutfalli einingarinnar hefði breyst ef löggjöf samkvæmt stoð tvö hefði verið komin til framkvæmda.

...

Gildistökudagur

...

98M Með *Alþjóðlegum skattumbótum – fyrirmynd að reglum varðandi stoð tvö*, gefnar út í maí 2023, var liðum 4A og 88A–88D bætt við. Eining skal:

a) beita liðum 4A og 88A strax eftir útgáfu þessara breytinga og afturvirkt í samræmi við IAS-staðall 8, og

b) beita liðum 88B–88D fyrir árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2023 eða síðar. Einingu er ekki skylt að birta upplýsingarnar sem krafist er í þessum liðum fyrir nein árshlutatímabil sem lýkur 31. desember 2023 eða fyrr.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2579 **2025/EES/71/03**

frá 20. nóvember 2023

um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1803 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 16 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1803 ([2]) voru samþykktir tilteknir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem lágu fyrir 8. september 2022.

2) Þann 22. september 2022 gaf alþjóðareikningsskilaráðið út breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 16, *leigusamningar* („IFRS-staðall 16“), þar sem mælt er fyrir um hvernig félag eigi að færa, meta, setja fram og birta upplýsingar um leigusamninga. Breytingarnar á IFRS-staðli 16 tilgreina nánar hvernig seljandi-leigutaki metur sölu- og endurleiguviðskipti síðar.

3) Í kjölfar samráðs við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil (EFRAG) komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að breytingarnar á IFRS-staðli 16 uppfylli skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2023/1803 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2023/1803 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 16, *leigusamningar*, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Sérhvert félag skal beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þess sem hefst 1. janúar 2024 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2579, 21.11.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 307/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 25, 24.4.2025, bls. 90.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 237, 26.9.2023, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Leiguskuld í sölu- og endurleigu

Breytingar á IFRS-staðli 16

Breytingar á IFRS-staðli 16, *leigusamningar*

Liðum 102A, C1D og C20E er bætt við og lið C2 er breytt. Nýrri fyrirsögn er bætt við á undan lið C20E.

SÖLU- OG ENDURLEIGUVIÐSKIPTI

...

Mat á því hvort yfirfærsla eignar er sala

...

Yfirfærsla á eign er sala

...

102A Eftir upphafsdagsetningu skal seljandi-leigutaki beita liðum 29.–35. á eign með afnotarétti sem leiðir af endurleigu og liðum 36.–46. á leiguskuld sem leiðir af endurleigu. Við beitingu liða 36.–46. skal seljandi-leigutaki ákvarða „leigugreiðslur“ eða „endurskoðaðar leigugreiðslur“ á þann hátt að seljandi-leigutaki færir ekki neinar fjárhæðir hagnaðar eða taps sem tengjast afnotarétti sem seljandi-leigutaki heldur eftir. Beiting krafnanna í þessum lið kemur ekki í veg fyrir að seljandi-leigutaki færi í rekstrarreikning allan hagnað eða tap sem tengist uppsögn samnings í heild eða að hluta, eins og krafist er í 46. lið a.

...

———

Viðbætir C

Gildistökudagur og umbreyting

GILDISTÖKUDAGUR

...

C1D *Leiguskuld í sölu- og endurleigu*, sem gefin var út í september 2022 breytir ákvæðum liðar C2 og bætir við liðum 102A og C20E. Leigutaki skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2024 eða síðar. Heimilt er að beita henni fyrr. Seljandi-leigutaki skal greina frá því ef hann beitir þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil.

UMBREYTING

C2 Að því er varðar kröfur í liðum C1–C20E er upphafsdagur beitingar upphaf árlega reikningsskilatímabilsins þegar eining beitir þessum staðli í fyrsta sinn.

...

Leiguskuld í sölu- og endurleigu

C20E Seljandi-leigutaki skal beita *Leiguskuld í sölu- og endurleigu* (sjá lið C1D) afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8, á sölu- og endurleiguviðskipti sem gerð eru eftir upphafsdag beitingar.

_____

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2822 **2025/EES/71/04**

frá 19. desember 2023

um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1803 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 1 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1803 ([2]) voru samþykktir tilteknir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem lágu fyrir 8. september 2022.

2) Þann 23. janúar 2020 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) út breytingar á alþjóðlega reikningsskilastaðlinum, IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila* („IAS-staðall 1“). Breytingarnar tilgreina nánar hvernig félag á að ákvarða, í efnahagsreikningi sínum, skuldir og aðrar skuldbindingar með óákveðinn uppgjörsdag. Samkvæmt þessum breytingum ætti að flokka þær skuldir og skuldbindingar sem annað hvort skammtímaskuldir (sem eru gerðar upp eða eiga að vera gerðar upp innan árs) eða langtímaskuldir.

3) Vegna covid-19 heimsfaraldursins gaf alþjóðareikningsskilaráðið, þann 15. júlí 2020, út breytingu með þrengra gildissviði til að fresta um eitt ár gildistökudegi breytinganna á IAS-staðli 1 sem alþjóðareikningsskilaráðið gaf út 23. janúar 2020.

4) Við framkvæmd þessara breytinga á IAS-staðli 1 báðu nokkrir hagsmunaaðilar alþjóðareikningsskilaráðið um að útskýra hvernig félag ætti að flokka skuld sem verður til vegna lánssamnings með ákvæðum, sem skammtímaskuld eða langtímaskuld. Þann 31. október 2022 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið út frekari breytingar á IAS-staðli 1 sem svar við því. Þessar breytingar bæta einnig upplýsingarnar sem félag ætti að veita þegar réttur þess til að fresta uppgjöri skuldar í a.m.k. 12 mánuði fellur undir ákvæði samnings.

5) Í kjölfar samráðs við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil (EFRAG) komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að breytingarnar á IAS-staðli 1 uppfylli skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2023/1803 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2023/1803 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2822, 20.12.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 307/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 25, 24.4.2025, bls. 90.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1803 frá 13. september 2023 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 237, 26.9.2023, bls. 1).

2. gr.

Sérhvert félag skal beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þess sem hefst 1. janúar 2024 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Flokkun skulda sem skammtímaskuld eða langtímaskuld og langtímaskuldir með ákvæðum

Breytingar á IAS-staðli 1

Breytingar á IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*

Ákvæðum 60., 69., 71., 73., 74. og 76. liðar er breytt. Liðum 72A, 72B, 75A, 76A, 76B, 139U og 139W er bætt við. Lið 76ZA er bætt við strax á eftir 76. lið. Liður 139D fellur brott. Fyrirsögnum er bætt við á undan liðum 70., 71., 72A og 76A. Ekki eru gerðar breytingar á 70., 72. og 75. lið en þeir eru teknir með hér til að auðvelda lestur.

„EFNISSKIPAN OG INNIHALD

[...]

Efnahagsreikningur

[...]

Greining í skammtímaskuldir og langtímaskuldir

60 Eining skal setja fram veltufjármuni og fastafjármuni og skammtímaskuldir og langtímaskuldir sem sérstaka flokka í efnahagsreikningi í samræmi við liði 66.–76B nema þegar framsetning sem byggist á innleysanleika veitir áreiðanlegar upplýsingar sem eiga betur við. Þegar sú undantekning á við skal eining tilgreina allar eignir og skuldir eftir innleysanleika þeirra.

[...]

Skammtímaskuldir

69 Eining skal flokka skuld sem skammtímaskuld þegar:

a) vænst er að hún verði gerð upp í venjulegri rekstrarlotu einingarinnar,

b) hún er fyrst og fremst ætluð til veltuviðskipta,

c) skuldin skal gerð upp innan tólf mánaða frá lokum reikningsskilatímabils eða

d) hún hefur ekki rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar við lok reikningsskilatímabilsins í a.m.k. 12 mánuði frá lokum reikningsskilatímabilsins.

Eining skal flokka allar aðrar skuldir sem langtímaskuldir.

Venjuleg rekstrarlota (a-liður 69. liðar)

70 Sumar skammtímaskuldir, s.s. viðskiptaskuldir, ákveðin áfallin gjöld vegna starfsmanna og annar rekstrarkostnaður, eru hluti af því veltufé sem er notað í venjulegri rekstrarlotu einingar. Eining flokkar slíka rekstrarliði sem skammtímaskuldir jafnvel þótt ekki eigi að gera þær upp fyrr en meira en tólf mánuðum eftir reikningsskilatímabilið. Sama venjulega rekstrarlota gildir um flokkun á eignum og skuldum einingar. Þegar ekki er unnt að afmarka skýrt venjulega rekstrarlotu einingarinnar er gert ráð fyrir að hún vari í 12 mánuði.

Fyrst og fremst ætlað til veltuviðskipta (b-liður 69. liðar) eða falla í gjalddaga innan 12 mánaða (c-liður 69. liðar).

71 Aðrar skammtímaskuldir eru ekki gerðar upp á tímabili yfirstandandi rekstrarlotu en falla í gjalddaga innan 12 mánaða eftir reikningsskilatímabil eða eru fyrst og fremst ætlaðar til veltuviðskipta. Dæmi um þetta eru tilteknar fjárskuldir sem ætlaðar eru til veltuviðskipta í IFRS-staðli 9, yfirdráttarlán í banka og sá hluti langtímaskulda sem er til skamms tíma, úthlutaður, ógreiddur arður, tekjuskattar og aðrar órekstrartengdar skuldir. Fjárskuldir, sem eru til fjármögnunar til langs tíma (þ.e. eru ekki hluti af veltufé sem notað er í venjulegri rekstrarlotu einingarinnar) og falla ekki í gjalddaga innan 12 mánaða eftir reikningsskilatímabil, eru langtímaskuldir með fyrirvara um ákvæði liða 72A–75.

72 Eining flokkar fjárskuldir sínar sem skammtímaskuldir þegar á að gera þær upp innan 12 mánaða eftir reiknings skilatímabilið, jafnvel þótt:

a) gert hafi verið ráð fyrir lengra tímabili en 12 mánuðum í upphaflegum skilmálum og

b) gerður hafi verið langtímasamningur um endurfjármögnun eða breytingu á endurgreiðslum eftir reiknings-skilatímabilið og áður en reikningsskilin eru heimiluð til birtingar.

Réttur til að fresta uppgjöri í a.m.k. 12 mánuði (d-liður 69. liðar).

72A Réttur einingar til að fresta uppgjöri skuldar í a.m.k. 12 mánuði eftir reikningsskilatímabilið verður að vera efnislegur og, eins og sýnt er fram á í liðum 72B–75, verður að vera til staðar við lok reikningsskilatímabilsins.

72B Réttur einingar til að fresta uppgjöri skuldar vegna lánafyrirkomulags í a.m.k. 12 mánuði eftir reikningsskilatímabilið getur verið háð því að einingin uppfylli skilyrðin sem tilgreind eru í þeim lánssamningi (hér eftir nefnd „ákvæði“) Við beitingu d-liðar 69. liðar, hafa slík ákvæði:

a) áhrif á hvort rétturinn sé til staðar við lok reikningsskilatímabils - eins og lýst er í liðum 74.–75. – ef eining þarf að hlíta ákvæðunum við lok eða fyrir lok reikningsskilatímabilsins. Slík ákvæði hafa áhrif á hvort rétturinn sé til staðar við lok reikningsskilatímabilsins, jafnvel þegar mat hlítni við ákvæðin fer einungis fram eftir reiknings-skilatímabilið (t.d. ákvæði sem byggist á fjárhagsstöðu einingar við lok reikningsskilatímabilsins en hlítni einungis metin eftir reikningsskilatímabilið),

b) ekki áhrif á hvort sá réttur sé til staðar við lok reikningsskilatímabilsins ef þess er krafist af einingu að hún uppfylli ákvæðin einungis eftir reikningsskilatímabilið (t.d. ákvæði byggt á fjárhagsstöðu einingar sex mánuðum eftir lok reikningsskilatímabilsins).

[…]

73 Ef eining hefur þann rétt, við lok reikningsskilatímabilsins, að fresta gjalddaga skuldbindingar í a.m.k. 12 mánuði eftir reikningsskilatímabilið samkvæmt núverandi lánssamningi flokkar hún skuldbindinguna sem langtímaskuld jafnvel þótt gjalddagi hennar hefði að öðrum kosti verið innan styttra tímabils. Ef einingin hefur engan slíkan rétt, tekur hún ekki tillit til möguleikans á endurfjármögnun skuldbindingarinnar og flokkar skuldbindinguna sem skammtímaskuld.

74 Þegar eining brýtur ákvæði langtímalánasamnings á eða fyrir lok reikningsskilatímabilsins sem leiðir til þess að skuldin kemur til greiðslu þegar krafist er, flokkar hún skuldina sem skammtímaskuld, jafnvel þótt lánveitandinn hafi samþykkt, eftir reikningsskilatímabilið og áður en birting reikningsskilanna hefur verið heimiluð, að krefjast ekki greiðslu vegna samningsrofsins. Einingin flokkar skuldina sem skammtímaskuld vegna þess að við lok reikningsskila-tímabilsins hefur hún ekki rétt til að fresta uppgjöri hennar í a.m.k. 12 mánuði eftir þann dag.

75 Eining flokkar þó skuldina sem langtímaskuld ef lánveitandi samþykkti, fyrir lok reikningsskilatímabilsins, að veita greiðslufrest sem lýkur a.m.k. 12 mánuðum eftir reikningsskilatímabilið og á því tímabili getur einingin leiðrétt brotið og lánveitandinn ekki krafist tafarlausrar endurgreiðslu.

75A Líkurnar á að eining muni fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir reikningsskilatímabilið hefur ekki áhrif á flokkun skuldarinnar. Ef skuld uppfyllir viðmiðunina í 69. lið um flokkun sem langtímaskuld er hún flokkuð sem langtímaskuld jafnvel þó stjórn fyrirhugi eða væntir þess að hún verði gerð upp innan 12 mánaða eftir reiknings-skilatímabilið, eða jafnvel ef eining gerir upp skuldina milli loka reikningsskilatímabils og dagsetningar þegar birting reikningsskilanna er heimiluð. Við þessar kringumstæður getur einingin þó þurft að birta upplýsingar um tímasetningu uppgjörs til að gera notendum reikningsskila hennar kleift að skilja áhrif skuldarinnar á fjárhagsstöðu einingarinnar (sjá c-lið 17. liðar og d-lið 76. liðar).

76 Ef eftirfarandi atburðir gerast milli loka reikningsskilatímabilsins og dagsetningarinnar sem útgáfa reikningsskilanna er heimiluð eru veittar upplýsingar um þá atburði sem atburði sem ekki kalla á leiðréttingu í samræmi við IAS-staðal 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*:

a) langtímaendurfjármögnun skuldar sem flokkuð er sem skammtímaskuld (sjá 72. lið),

b) leiðrétting á broti á langtímalánasamningi sem flokkast sem skammtímaskuld (sjá 74. lið),

c) lánveitandi veitir greiðslufrest til að leiðrétta brot á langtímalánasamningi sem flokkast sem skammtímaskuld (sjá 75. lið), og

d) uppgjör skuldar sem flokkast sem langtímaskuld (sjá lið 75A).

76ZA Við beitingu 69.–75. liðar getur eining flokkað skuldir sem til koma vegna lánasamninga sem langtímaskuldir þegar réttur einingar til að fresta uppgjöri þessara skulda er háður því að einingin hlíti ákvæðunum innan 12 mánaða eftir reikningsskilatímabilið (sjá b-lið liðar 72B). Við slíkar aðstæður skal einingin birta upplýsingar í skýringunum sem gera notendum reikningsskila kleift að skilja áhættu þess að skuldir gætu orðið gjaldkræfar innan 12 mánaða eftir reikningsskilatímabilið, þ.m.t.:

(a) upplýsingar um ákvæðin (þ.m.t. eðli ákvæðanna og hvenær einingu ber að hlíta þeim) og bókfært virði tengdra skulda,

b) málsatvik og málavexti, ef einhverjir, sem gefa vísbendingu um að eining geti átt í erfiðleikum með að hlíta ákvæðunum – t.d. að eining hafi gripið til aðgerða á meðan reikningsskilatímabil stendur yfir eða eftir það til að forðast eða milda hugsanlegt brot. Slík málsatvik og málavextir ættu einnig að innihalda þá staðreynd að eining myndi ekki hafa hlítt ákvæðunum ef meta hefði átt þau með tilliti til hlítni á grundvelli aðstæðna einingarinnar við lok reikningsskilatímabilsins.

[…]

Uppgjör (a-, c- og d-liður 69. liðar).

76A Að því er varðar flokkun á skuld sem skammtímaskuld eða langtímaskuld, vísar uppgjör til yfirfærslu til mótaðila sem leiðir af sér ógildingu skuldarinnar. Yfirfærslan gæti verið:

(a) reiðufé eða annar efnahagslegur auður – t.d. vörur eða þjónusta, eða

b) eigin eiginfjárgerningar einingar, nema ákvæði liðar 76B gildi.

76B Skilmálar skuldar sem geta, vegna valréttar mótaðila, leitt til uppgjörs með yfirfærslu eigin eiginfjárgerninga einingarinnar, hafa ekki áhrif á flokkun hennar sem skammtímaskuldar eða langtímaskuldar ef, við beitingu IAS-staðals 32, *fjármálagerningar: framsetning*, einingin flokkar valréttinn sem eiginfjárgerning og færir hann aðskilið frá skuldbindingunni sem eiginfjárhluta í samsettum fjármálagerningi.

[...]

UMBREYTING OG GILDISTÖKUDAGUR

[...]

139D [Felldur brott]

[...]

139U *Flokkun skulda sem skammtímaskulda eða langtímaskulda*, sem gefin var út í janúar 2020, breytir 69., 73., 74. og 76. lið og bætir við liðum 72A, 75A, 76A og 76B. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2024 eða síðar afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8. Heimilt er að beita þeim fyrr. Ef eining beitir þessum breytingum á fyrra tímabil eftir útgáfu *Langtímaskuldir með ákvæðum* (sjá lið 139W) skal hún einnig beita *Langtímaskuldir með ákvæðum* fyrir það tímabil. Ef eining beitir *Flokkun skulda sem skammtímaskulda eða langtímaskulda* að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

[…]

139W *Langtímaskuldir með ákvæðum*, gefnar út í október 2022, breytir liðum 60, 71, 72A, 74 og 139U og bætir við liðum 72B og 76ZA. Eining skal beita:

a) breytingu á lið 139U samstundis við útgáfu *Langtímaskulda með ákvæðum*,

b) öllum öðrum breytingum fyrir árleg reikningsskilatímabil sem byrja á eða eftir 1. janúar 2024 afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8. Heimilt er að beita þeim fyrr. Ef eining beitir þessum breytingum á fyrra tímabil skal hún einnig beita *Flokkun skulda sem skammtímaskulda eða langtímaskulda* fyrir það tímabil. Ef eining beitir *Langtímaskuldir með ákvæðum* að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.“

_____

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1317 **2025/EES/71/05**

frá 15. maí 2024

um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1803 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 7 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, (IFRS-staðal) 7 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1803 ([2]) voru samþykktir tilteknir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem lágu fyrir 8. september 2022.

2) Þann 25. maí 2023 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið út tilteknar breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli 7, *yfirlit um sjóðstreymi* („IAS-staðli 7“) og alþjóðlegum reikningsskilastaðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf* („IFRS-staðli 7“). Með breytingunum voru innleiddar kröfur um upplýsingagjöf um fjármögnunarfyrirkomulag vegna birgja.

3) Þessar nýju kröfur eiga að veita notendum reikningsskila upplýsingar sem gera þeim kleift að meta áhrif fjármögnunarfyrirkomulags vegna birgja á skuldir og sjóðstreymi félags og að skilja þau áhrif sem fjármögnunarfyrirkomulag vegna birgja hefur á greiðsluhæfisáhættu félagsins og hvaða áhrif það hefði á félagið ef það hefði ekki lengur aðgang að fyrirkomulaginu.

4) Í kjölfar samráðs við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil (EFRAG) komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að breytingarnar á IAS-staðli 7 og IFRS-staðli 7 uppfylli skilyrðin fyrir samþykkt sem sett eru fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2023/1803 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 2023/1803 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 7, *yfirlit um sjóðstreymi*, og alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Sérhvert félag skal beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þess sem hefst 1. janúar 2024 eða síðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1317, 16.5.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2025 frá 7. febrúar 2025 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 30, 8.5.2025, bls. 63.

([1]) Stjtíð. ESB L 243, 11.9.2002, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2002/1606/2008-04-10.

([2]) Stjtíð. ESB L 237, 26.9.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1803/oj.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Fjármögnunarfyrirkomulag vegna birgja

Breytingar á IAS-staðli 7 og IFRS-staðli 7

Breytingar á IAS-staðli 7, *yfirlit um sjóðstreymi*

Liðir 44F–44H og tengdar fyrirsagnir og 62.–63. liður bætist við. Til að auðvelda lestur hafa þessir liðir og fyrirsagnir þeirra ekki verið undirstrikuð. Fyrirsögn framan við 53. lið er breytt.

FJÁRMÖGNUNARFYRIRKOMULAG VEGNA BIRGJA

44F Eining skal veita upplýsingar um fjármögnunarfyrirkomulag sitt vegna birgja (eins og lýst er í lið 44G) sem gerir notendum reikningsskila kleift að meta áhrif þess fyrirkomulags á skuldir og sjóðstreymi einingarinnar og á greiðsluhæfisáhættu hennar.

44G Fjármögnunarfyrirkomulag vegna birgja einkennist af því að einn eða fleiri fjármögnunaraðilar bjóðast til að greiða fjárhæðir sem eining skuldar birgjum sínum og einingin samþykkir að greiða samkvæmt skilmálum fyrirkomulagsins á sama, eða síðari, degi og birgjum er greitt. Slíkt fyrirkomulag veitir einingunni framlengda greiðsluskilmála eða gerir birgjum einingarinnar kleift að fá greitt fyrr en gjalddaginn á tengda reikningnum segir til um. Oft er vísað til fjármögnunarfyrirkomulags vegna birgja sem fjármögnunar aðfangakeðju, fjármögnunar skulda eða öfugs kröfukaupa-fyrirkomulags. Fyrirkomulag sem er eingöngu endurbót á lánshæfi fyrir eininguna (t.d. fjárhagslegar tryggingar, þ.m.t. ábyrgðaryfirlýsingar sem notaðar eru sem tryggingar) eða gerningar sem eining notar til að gera beint upp við birgi þær fjárhæðir sem eining skuldar (t.d. kreditkort) er ekki fjármögnunarfyrirkomulag vegna birgja.

44H Til að uppfylla markmiðin í lið 44F skal eining birta á samanteknu formi eftirfarandi upplýsingar um fjármögnunar fyrirkomulag sitt vegna birgja:

a) skilmála fyrirkomulagsins (t.d. framlengda greiðsluskilmála og öryggi eða veittar tryggingar). Eining skal þó veita aðgreindar upplýsingar um skilmála fyrirkomulags sem hefur ólíka skilmála,

b) við upphaf og lok reikningsskilatímabilsins:

i. bókfært verð, og tengda liði sem fram koma í efnahagsreikningi einingarinnar, fjárskuldarinnar sem er hluti af fjármögnunarfyrirkomulagi vegna birgis,

ii. bókfært verð, og tengdir liðir, fjárskuldanna sem fram koma í i. lið sem birgjar hafa þegar fengið greitt fyrir frá fjármögnunaraðilunum,

iii. bil gjalddaga (t.d. 30–40 dagar eftir dagsetningu reikningsins) bæði fyrir fjárskuldbindingar sem gert er grein fyrir skv. i. lið og sambærilegar viðskiptaskuldir sem ekki eru hluti af fjármögnunarfyrirkomulagi vegna birgja. Sambærilegar viðskiptaskuldir eru, t.d. viðskiptaskuldir einingarinnar í sömu atvinnugrein eða lögsögu og fjárskuldbindingarnar sem gert var grein fyrir skv. i. lið. Ef bil gjalddaga eru stór skal eining láta fylgja útskýringar á þeim eða tilkynna viðbótarbil (t.d. lagskipt bil),

c) gerð og áhrif breytinga sem ekki eru í handbæru fé á bókfært verð fjárskuldanna sem tilkynntar voru skv. i. lið b-liðar. Dæmi um breytingar sem ekki eru í handbæru fé eru áhrif af sameiningu fyrirtækja, gengismunur eða aðrar færslur sem ekki krefjast notkunar handbærs fjár eða ígildi þess (sjá 43. lið).

...

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

...

62 Með *Fjármögnunarfyrirkomulagi vegna birgja*, sem gefið var út í maí 2023, bættust við liðir 44F–44H. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2024 eða síðar. Heimilt er að beita þeim fyrr. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

63 Við beitingu *Fjármögnunarfyrirkomulags vegna birgja* er einingu ekki skylt að birta:

a) samanburðarupplýsingar við reikningsskilatímabil fyrir upphaf hins árlega reikningsskilatímabils þegar einingin beitir þessum breytingum í fyrsta skipti,

b) upplýsingarnar sem annars er krafist skv. ii.–iii. lið b-liðar í lið 44H eins og þær voru við upphaf árlega reikningsskilatímabilsins þegar einingin beitir þessum breytingum í fyrsta skipti,

c) upplýsingarnar sem annars er krafist skv. liðum 44F–44H fyrir alla árshluta sem koma fram í árlega reikningsskilatímabilinu þegar einingin beitir þessum breytingum í fyrsta skipti.

Breytingar á IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*

Lið 44JJ er bætt við. Í viðbæti B er lið B11F breytt.

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

...

44JJ Með *Fjármögnunarfyrirkomulagi vegna birgja*, sem gefið var út í maí 2023, sem einnig breytti IAS-staðli 7, breyttist liður B11F. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir breytingunum á IAS-staðli 7.

...

———

Viðbætir B

Leiðbeiningar varðandi beitingu

...

EÐLI OG UMFANG ÁHÆTTU SEM VERÐUR TIL VEGNA FJÁRMÁLAGERNINGA (31.–42. LIÐUR)

...

Birting tölulegra upplýsinga vegna greiðsluhæfisáhættu (a-liður 34. liðar og a- og b-liður 39. liðar)

...

B11F Aðrir þættir, sem eining kann að taka til athugunar, þegar hún veitir þær upplýsingar sem krafist er í c-lið 39. liðar, taka til þess en takmarkast ekki við hvort einingin:

a) hafi tryggar lántökuheimildir (t.d. á formi skammtímabréfa) eða aðrar lánsheimildir (t.d. viðbúnaðarlána-fyrirgreiðslu) sem hún hefur aðgang að til að fullnægja lausafjárþörf,

b) eigi innstæður í seðlabönkum til að fullnægja lausafjárþörf,

c) búi yfir mjög fjölbreyttum fjármögnunarleiðum,

d) sé með umtalsverða samþjöppun greiðsluhæfisáhættu annað hvort í eignum sínum eða fjármögnunarleiðum,

e) hafi yfir að ráða verkferlum að því er varðar innra eftirlit og viðbragðsáætlunum til að stjórna greiðsluhæfisáhættu,

f) hafi yfir að ráða gerningum sem taka til hraðari endurgreiðsluskilmála (t.d. ef lánshæfismat einingarinnar lækkar),

g) hafi yfir að ráða gerningum þar sem gæti verið krafist tryggingar (t.d. veðköll fyrir afleiður),

h) hafi yfir að ráða gerningum sem gera einingunni kleift að velja hvort hún vilji gera fjárskuldir sínar upp með því að framselja handbært fé (eða aðra fjáreign) eða með því að framselja eigið hlutafé,

i) hafi yfir að ráða gerningum sem falla undir alhliða greiðslujöfnunarsamninga,

j) hafi nýtt sér, eða hafi aðgang að, heimildum samkvæmt fjármögnunarfyrirkomulagi vegna birgja (eins og lýst er í lið 44G í IAS-staðli 7) sem veita einingunni framlengda greiðsluskilmála eða gera birgi einingarinnar kleift að fá greiðslu fyrr.

_____

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2862 **2025/EES/71/06**

frá 12. nóvember 2024

um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1803 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 21 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1803 ([2]) voru samþykktir tilteknir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem lágu fyrir 8. september 2022.

2) Þann 15. ágúst 2023 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið út tilteknar breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli 21, *áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla* („IAS-staðall 21“). Breytingarnar skilgreina hvenær gjaldmiðill er skiptanlegur í annan gjaldmiðil og hvenær ekki, hvernig félag ákveður hvaða gengi skuli nota og hvaða upplýsingar félag skuli veita þegar gjaldmiðill er ekki skiptanlegur.

3) Breytingarnar á IAS-staðli 21 leiddu til þess að alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, var einnig breytt til að tryggja samræmi milli þessara staðla.

4) Í kjölfar samráðs við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil (EFRAG) komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að breytingarnar á IAS-staðli 21 uppfylli skilyrðin fyrir samþykkt sem sett eru fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2023/1803 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 2023/1803 er breytt sem hér segir:

1) Alþjóðlegum reikningsskilastaðli 21, *áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla* („IAS-staðli 21“) er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

2) Alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, er breytt í samræmi við breytingarnar á IAS-staðli 21, eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Sérhvert félag skal beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þess sem hefst 1. janúar 2025 eða síðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2862, 13.11.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2025 frá 8. maí 2025 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 46, 24.7.2025, bls. 39.

([1]) Stjtíð. ESB L 243, 11.9.2002, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2002/1606/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1803 frá 13. september 2023 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 237, 26.9.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1803/oj).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Skortur á skiptanleika

Breytingar á IAS-staðli 21

Breytingar á IAS-staðli 21, *áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla*

Ákvæðum 8. og 26. liðar er breytt. Liðum 8A–8B, 19A og fyrirsögnum tengdum þeim, liðum 57A–57B, 60L–60M og viðbæti A er bætt við.

SKILGREININGAR

8. **Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:**

...

Gjaldmiðill er *skiptanlegur* í annan gjaldmiðil þegar eining getur fengið hinn gjaldmiðilinn innan tímaramma sem gerir ráð fyrir eðlilegum stjórnsýslutöfum og gegnum markað eða gjaldeyrisskiptakerfi þar sem gjaldmiðlaskipti myndu skapa framfylgjanleg réttindi og skyldur.

...

Ítarlegar skilgreiningar

Skiptanleiki (liðir A2–A10)

8A Eining metur hvort gjaldmiðill er skiptanlegur í annan gjaldmiðil:

a) á matsdegi og

b) í tilteknum tilgangi.

8B Ef eining getur ekki fengið nema óverulega fjárhæð í hinum gjaldmiðlinum á matsdegi í hinum tiltekna tilgangi er gjaldmiðillinn ekki skiptanlegur í hinn gjaldmiðilinn.

...

MAT Á STUNDARGENGI ÞEGAR GJALDMIÐILL ER EKKI SKIPTANLEGUR (LIÐIR A11–A17)

19A Eining skal meta stundargengið á matsdegi þegar gjaldmiðill er ekki skiptanlegur í annan gjaldmiðil (eins og lýst er í liðum 8, 8A–8B og A2–A10) á þeim degi. Markmið einingar með því að meta stundargengið er að endurspegla það gengi sem eðlileg gjaldmiðlaskipti yrðu gerð á á matsdegi milli markaðsaðila við ríkjandi efnahagsaðstæður.

VIÐSKIPTI Í ERLENDUM GJALDMIÐLI SETT FRAM Í STARFRÆKSLUGJALDMIÐLI

...

Skýrslugjöf við lok næsta reikningsskilatímabils

...

26. Þegar nokkrir möguleikar eru á gengi er notað það gengi sem framtíðarsjóðstreymi, sem kemur fram í viðskiptunum eða stöðunni, gæti hafa verið gert upp í ef sjóðstreymið hefði átt sér stað þann dag sem matið fór fram.

...

UPPLÝSINGAGJÖF

...

57A Þegar eining metur stundargengi vegna gjaldmiðils sem er ekki skiptanlegur í annan gjaldmiðil (sjá lið 19A) skal einingin veita upplýsingar sem gera notendum reikningsskila hennar kleift að skilja hvaða áhrif það hefur á rekstrarárangur, fjárhagsstöðu og sjóðstreymi einingarinnar að gjaldmiðillinn er ekki skiptanlegur í annan gjaldmiðil. Til að ná því markmiði skal eining greina frá upplýsingum um:

a) eðli og fjárhagsleg áhrif þess að gjaldmiðillinn er ekki skiptanlegur í annan gjaldmiðil,

b) stundargengið sem notað er,

c) matsferlið og

d) þá áhættu sem einingin er útsett fyrir vegna þess að gjaldmiðillinn er ekki skiptanlegur í annan gjaldmiðil.

57B Í liðum A18–A20 er tilgreint hvernig eining beitir lið 57A.

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

...

60L Með *Skorti á skiptanleika*, sem gefinn var út í ágúst 2023, var 8. og 26. lið breytt og liðum 8A, 8B, 19A, 57A–57B og viðbæti A bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2025 eða síðar. Heimilt er að beita þeim fyrr. Eining skal greina frá því ef hún beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil. Upphafsdagur beitingar er upphaf þess árlega reikningsskilatímabils þegar eining beitir þessum breytingum í fyrsta sinn.

60M Þegar *Skorti á skiptanleika* er beitt skal eining ekki endurgera samanburðarupplýsingar. Þess í stað:

a) þegar eining tilkynnir um viðskipti í erlendum gjaldmiðli í starfrækslugjaldmiðli sínum og, á upphafsdegi beitingar, kemst að þeirri niðurstöðu að starfrækslugjaldmiðill hennar sé ekki skiptanlegur í erlendan gjaldmiðil eða, ef við á, kemst að þeirri niðurstöðu að erlendi gjaldmiðillinn sé ekki skiptanlegur í starfrækslugjaldmiðil hennar skal einingin, á upphafsdegi beitingar:

   i. umreikna peningalega liði í viðkomandi erlendum gjaldmiðli og óperningalega liði sem metnir eru á gangvirði með því að nota mat á stundargengi á þeim degi og

   ii. færa hvers konar áhrif af því að beita breytingunum í upphafi sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár,

b) þegar einingin notar framsetningargjaldmiðil sem er annar en starfrækslugjaldmiðill hennar eða umreiknar rekstrarárangur og fjárhagsstöðu erlends rekstrar og kemst á upphafsdegi beitingar að þeirri niðurstöðu að starfrækslugjaldmiðill hennar (eða starfrækslugjaldmiðill erlends rekstrar) er ekki skiptanlegur í framsetningargjaldmiðil hennar eða, ef við á, kemst að þeirri niðurstöðu að framsetningargjaldmiðill hennar er ekki skiptanlegur í starfrækslugjaldmiðil hennar (eða starfrækslugjaldmiðil erlends rekstrar hennar) skal einingin, á upphafsdegi beitingar:

   i. umreikna eignir og skuldir sem þetta hefur áhrif á með því að nota mat á stundargengi á þeim degi,

ii. umreikna eiginfjárliði sem þetta hefur áhrif á með því að nota mat á stundargengi ef starfrækslugjaldmiðillinn er þar sem óðaverðbólga ríkir og

iii. færa hvers konar áhrif af upphaflegri beitingu breytinganna sem leiðréttingu á uppsafnaðri fjárhæð gengismunar – safnað upp í aðgreindan eiginfjárþátt.

...

———


Viðbætir A

Leiðbeiningar um beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti staðalsins.

SKIPTANLEIKI

A1 Tilgangur eftirfarandi skýringarmyndar er að hjálpa einingum að meta hvort gjaldmiðill sé skiptanlegur og meta stundargengi ef gjaldmiðill er ekki skiptanlegur.



Þrep I: Mat á því hvort gjaldmiðill er skiptanlegur (liður 8 og 8A–8B)

A2 Í liðum A3–A10 eru settar fram leiðbeiningar um beitingu til að hjálpa einingu að meta hvort gjaldmiðill er skiptanlegur í annan gjaldmiðil. Eining gæti ákveðið að gjaldmiðill væri ekki skiptanlegur í annan gjaldmiðil þó hinn gjaldmiðillinn væri skiptanlegur í hina áttina. Til dæmis gæti eining ákveðið að gjaldmiðill PC sé ekki skiptanlegur í gjaldmiðil LC þó gjaldmiðill LC sé skiptanlegur í gjaldmiðil PC.

Tímarammi

A3 Í lið 8 er stundargengi skilgreint sem gengi sem miðast við tafarlausa afhendingu. Ekki er alltaf gengið frá gjaldmiðlaskiptum samstundis vegna krafna laga eða reglna eða af praktískum ástæðum svo sem vegna lögboðinna frídaga. Eðlileg stjórnsýslutöf á að fá hinn gjaldmiðilinn þýðir ekki að gjaldmiðill sé ekki skiptanlegur í þann gjaldmiðil. Hvað telst eðlileg stjórnsýslutöf fer eftir staðreyndum og aðstæðum.

Geta til að fá hinn gjaldmiðilinn

A4 Við mat á því hvort gjaldmiðill sé skiptanlegur í annan gjaldmiðil skal eining taka til athugunar getu sína til að fá hinn gjaldmiðilinn frekar en fyrirætlun eða ákvörðun sína um að gera það. Með fyrirvara um aðrar kröfur í liðum A2–A10 er gjaldmiðill skiptanlegur í annan gjaldmiðil ef eining getur fengið hinn gjaldmiðilinn — annað hvort beint eða óbeint — jafnvel þó hún hafi ekki í hyggju eða ákveði að gera það ekki. Með fyrirvara um aðrar kröfur í liðum A2–A10 er t.d. gjaldmiðill LC skiptanlegur í gjaldmiðil PC ef eining getur annað hvort skipt LC í PC eða LC í annan gjaldmiðil (FC) og síðan FC í PC, burtséð frá hvort einingin hafi í hyggju eða ákveði að fá PC eða ekki.

Markaðir eða gjaldeyrisskiptakerfi

A5 Við mat á því hvort gjaldmiðill sé skiptanlegur í annan gjaldmiðil skal eining aðeins taka tillit til markaða eða gjaldeyrisskiptakerfa þar sem skipti gjaldmiðilsins í hinn gjaldmiðilinn myndu skapa framfylgjanleg réttindi og skyldur. Framfylgd fer fram samkvæmt lögum. Hvort gjaldmiðlaskipti á markaði eða í gjaldeyrisskiptakerfi myndu skapa framfylgjanleg réttindi og skyldur fer eftir málavöxtum og aðstæðum.

Tilgangur þess að fá hinn gjaldmiðilinn

A6 Mismunandi gengi kann að vera í boði fyrir mismunandi notendur gjaldmiðils. Til dæmis, lögsaga þar sem þrýstingur er á greiðslujöfnuð gæti viljað hafa hömlur á fjármagnsyfirfærslum (s.s. arðgreiðslum) til annarra lögsagna en hvetja til innflutnings tiltekinna vara frá þeim lögsögum. Í slíkum aðstæðum kunna viðkomandi yfirvöld að:

a) fastsetja fríðindagengi fyrir innflutning viðkomandi vara og „refsigengi“ fyrir fjármagnsyfirfærslur til annarra lögsaga, sem þannig leiðir til mismunandi gengis í mismunandi gjaldmiðlaskiptum, eða

b) gera hinn gjaldmiðilinn einungis tiltækan til að greiða fyrir innflutning viðkomandi vara og ekki til að yfirfæra fjármagn til annarra lögsaga.

A7 Hvort gjaldmiðill er skiptanlegur í annan gjaldmiðil gæti þannig farið eftir því í hvaða tilgangi eining fær (eða, hugsanlega, þyrfti að fá) hinn gjaldmiðilinn. Við mat á skiptanleika:

a) þegar eining setur fram viðskipti í erlendum gjaldmiðli í starfrækslugjaldmiðli sínum (sjá liði 20–37) skal einingin gera ráð fyrir að tilgangurinn með því að fá hinn gjaldmiðillinn sé að innleysa eða gera upp tiltekin viðskipti í erlendum gjaldmiðli, eignir eða skuldir,

b) þegar eining notar framsetningargjaldmiðil sem er annar en starfrækslugjaldmiðill hennar (sjá liði 38–43) skal einingin gera ráð fyrir að tilgangurinn með því að fá hinn gjaldmiðillinn sé að innleysa eða gera upp hreinar eignir eða hreinar skuldir,

c) þegar eining umreiknar rekstrarárangur og fjárhagsstöðu erlends rekstrar yfir í framsetningargjaldmiðil (sjá liði 44–47) skal einingin gera ráð fyrir að tilgangurinn með því að fá hinn gjaldmiðillinn sé að innleysa eða gera upp hreina fjárfestingu hennar í erlenda rekstrinum.

A8 Hreinar eignir eða hrein fjárfesting í erlendum rekstri kann að verða innleyst með t.d.:

a) úthlutun fjárhagslegrar ávöxtunar til eigenda einingarinnar,

b) viðtöku fjárhagslegrar ávöxtunar af erlendum rekstri einingarinnar,

c) endurheimt fjárfestingarinnar af hálfu einingarinnar eða eigenda einingarinnar t.d. með ráðstöfun fjárfestingarinnar.

A9 Eining skal meta hvort gjaldmiðill er skiptanlegur í annan gjaldmiðil aðskilið fyrir hvern tilgang sem tilgreindur er í lið A7. Til dæmis skal eining meta skiptanleika í þeim tilgangi að setja fram viðskipti í erlendum gjaldmiðli í starfrækslugjaldmiðli sínum (sjá lið a-lið liðar A7) aðskilið frá skiptanleika í þeim tilgangi að umreikna rekstrarárangur og fjárhagsstöðu erlends rekstrar (sjá c-lið liðar A7).

Geta til að fá aðeins takmarkaða fjárhæð í hinum gjaldmiðlinum

A10 Gjaldmiðill er ekki skiptanlegur í annan gjaldmiðil ef, í einhverjum þeim tilgangi sem tilgreindur er í lið A7, eining getur ekki fengið nema óverulega fjárhæð í hinum gjaldmiðlinum. Eining skal meta vægi fjárhæðarinnar í hinum gjaldmiðlinum sem hún getur fengið í tilteknum tilgangi með því að bera þá fjárhæð saman við heildarfjárhæð hins gjaldmiðilsins sem hún þarf í þeim tilgangi. Til dæmis eining með starfrækslugjaldmiðill LC hefur skuldir í gjaldmiðli FC. Einingin metur hvort heildarfjárhæð FC sem hún getur fengið í þeim tilgangi að gera upp þær skuldir er ekki nema óveruleg fjárhæð í samanburði við samanlagða fjárhæð (summu) eftirstöðva skulda hennar sem tilgreindar eru FC.

Þrep II: Mat á stundargengi þegar gjaldmiðill er ekki skiptanlegur (liður 19A)

A11 Í þessum staðli er ekki tilgreint hvernig eining metur stundargengið til að uppfylla markmiðið í lið 19A. Eining getur notað sannreynt gengi án leiðréttingar (sjá liði A12–A16) eða aðra matsaðferð (sjá lið A17).

Notkun sannreynds gengis án leiðréttingar

A12 Við mat á stundargengi eins og krafist er í lið 19A getur eining notað sannreynt gengi án leiðréttingar ef það sannreynda gengi uppfyllir markmiðin í lið 19A. Dæmi um sannreynt gengi eru m.a.:

a) stundargengi í öðrum tilgangi en þeim sem einingin metur skiptanleika fyrir (sjá liði A13–A14) og

b) fyrsta gengið sem eining getur fengið hinn gjaldmiðilinn á í hinum tiltekna tilgangi eftir að gjaldmiðillinn er aftur orðinn skiptanlegur (fyrsta eftirfylgjandi gengi) (sjá liði A15–A16).

Notkun sannreynds gengis í öðrum tilgangi

A13 Gjaldmiðill sem er ekki skiptanlegur í annan gjaldmiðil í tilteknum tilgangi gæti verið skiptanlegur í þann gjaldmiðil í öðrum tilgangi. Til dæmis gæti eining fengið gjaldmiðil til að flytja inn tilteknar vörur en ekki til að greiða arð. Í slíkum aðstæðum gæti einingin komist að þeirri niðurstöðu að sannreynt gengi í öðrum tilgangi uppfylli markmiðið í lið 19A. Ef gengið uppfyllir markmiðið í lið 19A getur eining notað það gengi sem mat á stundargengi.

A14 Við mat á hvort slíkt sannreynt gengi uppfylli markmiðið í lið 19A skal eining m.a. taka tillit til:

a) *hvort fleiri sannreynd gengi eru til staðar* – séu fleiri en eitt sannreynt gengi til staðar gæti það bent til þess að gengi séu fastsett til að hvetja eða hamla einingum að fá hinn gjaldmiðilinn í tilteknum tilgangi. Þessi sannreyndu gengi kynnu að innihalda „hvata“ eða „refsingu“ og því kynni að vera að þau endurspegluðu ekki ríkjandi efnahagsaðstæður,

b) *tilgangsins sem gjaldmiðillinn er skiptanlegur fyrir* – ef eining getur aðeins fengið hinn gjaldmiðilinn í takmörkuðum tilgangi (s.s. til að flytja inn neyðarbirgðir) kynni að vera að sannreynda gengið endurspeglaði ekki ríkjandi efnahagsaðstæður,

c) *eðlis gengisins* – sannreynt fljótandi gengi er líklegra til að endurspegla ríkjandi efnahagsaðstæður en gengi sem er fastsett með reglulegum afskiptum viðkomandi yfirvalda,

d) *tíðni á uppfærslu gengis* – sannreynt gengi sem er óbreytt í langan tíma er ólíklegra til að endurspegla ríkjandi efnahagsaðstæður en sannreynt gengi sem er uppfært daglega (eða jafnvel enn tíðar).

Notkun fyrsta eftirfylgjandi gengis

A15 Gjaldmiðill sem er ekki skiptanlegur í annan gjaldmiðil á matsdegi í tilteknum tilgangi gæti síðar orðið skiptanlegur í þann gjaldmiðil í þeim tilgangi. Í slíkum aðstæðum gæti eining komist að þeirri niðurstöðu að fyrsta eftirfylgjandi gengi uppfylli markmiðið í lið 19A. Ef gengið uppfyllir markmiðið í lið 19A getur eining notað það gengi sem mat á stundargengi.

A16 Við mat á hvort slíkt fyrsta eftirfylgjandi gengi uppfylli markmiðið í lið 19A skal eining m.a. taka tillit til:

a) *tímans milli matsdagsins og dagsins þegar gjaldmiðillinn er aftur orðinn skiptanlegur* – því styttri sem þessi tími er því líklegra er að fyrsta eftirfylgjandi gengi endurspegli ríkjandi efnahagsaðstæður,

b) *verðbólgustigs* – þegar mikil verðbólga er í hagkerfi, þ.m.t. þegar óðaverðbólga ríkir í því (eins og skilgreint er í IAS-staðli 29, *reikningsskil í hagkerfi þar sem óðaverðbólga ríkir*), breytast verð oft hratt, jafnvel nokkrum sinnum á dag. Því kann að vera að fyrsta eftirfylgjandi gengi gjaldmiðils í slíku hagkerfi endurspegli ekki ríkjandi efnahagsaðstæður.

Notkun annarrar matsaðferðar

A17 Einingu sem notar aðra matsaðferð er heimilt að nota hvaða sannreynda gengi sem er — þ.m.t. gengi notuð við gjaldmiðlaskipti á mörkuðum eða í gjaldeyrisskiptakerfum sem ekki skapa framfylgjanleg réttindi og skyldur — og aðlaga það gengi eins og nauðsynlegt er til að uppfylla markmiðið í lið 19A.

Upplýsingagjöf þegar gjaldmiðill er ekki skiptanlegur

A18 Eining skal taka til athugunar hve ítarlegar upplýsingar þarf að veita til að uppfylla markmiðið um upplýsingagjöf í lið 57A. Eining skal veita þær upplýsingar sem tilgreindar eru í liðum A19–A20 og allar viðbótarupplýsingar sem þarf til að uppfylla markmiðið um upplýsingagjöf í lið 57A.

A19 Þegar lið 57A er beitt skal eining birta upplýsingar um:

a) gjaldmiðilinn og lýsingu á þeim takmörkunum sem leiða til þess að gjaldmiðillinn er ekki skiptanlegur í hinn gjaldmiðilinn,

b) lýsingu á hverri færslu sem þetta snertir,

c) bókfært verð þeirra eigna og skulda sem þetta snertir,

d) stundargengin sem voru notuð og hvort þau gengi séu:

   i. sannreynd gengi án leiðréttingar (sjá liði A12–A16) eða

   ii. stundargengi sem eru metin með annarri matsaðferð (sjá lið A17),

e) lýsingu á hvers konar matsaðferð sem eining hefur notað og eigindlegar og megindlegar upplýsingar um ílag og ályktanir sem notaðar voru í þeirri matsaðferð, og

f) eigindlegar upplýsingar um hverja tegund áhættu sem einingin er útsett fyrir vegna þess að gjaldmiðillinn er ekki skiptanlegur í hinn gjaldmiðilinn og eðli og bókfært verð eigna og skulda sem eru útsettar fyrir hverri tegund áhættu.

A20 Þegar starfrækslugjaldmiðill erlends rekstrar er ekki skiptanlegur í framsetningargjaldmiðilinn eða, ef við á, framsetningargjaldmiðillinn er ekki skiptanlegur í framsetningargjaldmiðil erlends rekstrar, skal eining einnig birta upplýsingar um:

a) heiti erlenda rekstrarins, hvort erlendi reksturinn er dótturfélag, sameiginlegur rekstur, samrekstur, hlutdeildarfélag eða útibú og aðalstarfsstöð þess,

b) samanteknar fjárhagsupplýsingar um erlenda reksturinn og

c) eðli og skilmála alls samningsbundins fyrirkomulags sem getur haft það í för með sér að einingin þurfi að veita erlenda rekstrinum fjárstuðning, þ.m.t. atburði eða aðstæður sem gætu orðið til þess að einingin verði óvarin fyrir tapi.

Fyrirsögn er breytt.

———

Viðbætir B

Breytingar á öðrum yfirlýsingum

Breytingar á IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*

Ákvæðum liða 31C og D27 er breytt og lið 39AI er bætt við.

FRAMSETNING OG UPPLÝSINGAGJÖF

...

Útskýring á umskiptum yfir í IFRS-staðla

...

Notkun áætlaðs kostnaðarverðs eftir alvarlega óðaverðbólgu

31C Ef eining kýs að meta eignir og skuldir á gangvirði og nota það gangvirði sem áætlað kostnaðarverð í upphafs efnahagsreikningi samkvæmt IFRS-staðli vegna alvarlegrar óðaverðbólgu (sjá liði D26–D30) skal í fyrstu reikningsskilum hennar samkvæmt IFRS-stöðlum birta útskýringu á því hvernig og hvers vegna einingin hafði, og hætti síðan að hafa, starfrækslugjaldmiðil sem fellur undir óðaverðbólgu.

...

GILDISTÖKUDAGUR

...

39AI Með *Skorti á skiptanleika* (breytingar á IAS-staðli 21), sem gefinn var út í ágúst 2023, var liðum 31C og D27 breytt. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IAS-staðli 21, (með áorðnum breytingum í ágúst 2023).

...

———

Viðbætir D

Undanþágur frá öðrum IFRS-stöðlum

...

Alvarleg óðaverðbólga

...

D27 Gjaldmiðilinn í hagkerfi þar sem óðaverðbólga ríkir fellur undir alvarlega óðaverðbólgu ef hann hefur bæði eftirfarandi einkenni:

a) áreiðanleg almenn verðvísitala er ekki aðgengileg öllum einingum sem stunda viðskipti og hafa stöður í gjaldmiðlinum,

b) gjaldmiðillinn er ekki skiptanlegur í tiltölulega stöðuga erlenda gjaldmiðla. Skiptanleiki er metinn í samræmi við IAS-staðal 21.

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2775 **2025/EES/71/07**

frá 17. október 2023

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB að því er varðar breytingar á stærðarviðmiðunum fyrir örfyrirtæki, lítil, meðalstór og stór fyrirtæki eða samstæður (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE ([1]), einkum 13. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Skýrslugjafarkröfur á sviði reikningsskila þjóna margvíslegum tilgangi. Þær veita ekki aðeins fjárfestum á fjármagnsmörkuðum upplýsingar heldur greina frá fyrri viðskiptum og styrkja stjórnarhætti fyrirtækja. Mikilvægt er að einfalda þessar kröfur til að tryggja að þær uppfylli þann tilgang sem þeim var ætlað og til að takmarka stjórnsýsluálagið.

2) Í ljósi hinnar verulegu verðbólgu á árunum 2021 og 2022 voru peningaleg stærðarviðmið til að ákvarða stærðarflokk fyrirtækis endurskoðuð með tilliti til áhrifa verðbólgunnar.

3) Samkvæmt Hagstofu Evrópusambandsins náði samanlögð verðbólga 24,3% á evrusvæðinu og 27,2% í Sambandinu í heild á 10 ára tímabili frá 1. janúar 2013 til 31. mars 2023.

4) Þess vegna telur framkvæmdastjórnin nauðsynlegt að leiðrétta og færa upp viðmiðunarmörkin sem um getur í 1.–7. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/34/ESB um 25% vegna verðbólgu.

5) Því ætti að breyta tilskipun 2013/34/ESB til samræmis við það.

6) Til að gera fyrirtækjum og samstæðum kleift að njóta góðs af leiðréttum viðmiðunarmörkum eins fljótt og auðið er ættu nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari að gilda í síðasta lagi fyrir fjárhagsár sem hefjast 1. janúar 2024 eða síðar. Aðildarríkjum er heimilt að leyfa fyrirtækjum að beita þessum ákvæðum að því er varðar fjárhagsár sem hefjast 1. janúar 2023 eða síðar.

7) Framkvæmdastjórnin hefur haft samráð við sérfræðingahóp evrópsku verðbréfanefndarinnar í samræmi við 3. mgr. a 49. gr. tilskipunar 2013/34/ESB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2013/34/ESB

Ákvæðum 3. gr. tilskipunar 2013/34/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað a- og b-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 450 000 evrur,

b) hreinni veltu: 900 000 evrur,“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2775, 21.12.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2025 frá 13. júní 2025 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19.

2) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

„a) niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 5 000 000 evrur,

b) hreinni veltu: 10 000 000 evrur,“.

b) Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Aðildarríki mega skilgreina viðmiðunarmörk sem fara yfir viðmiðunarmörkin í a- og b-lið fyrstu undirgreinar. Viðmiðunarmörkin skulu þó ekki fara yfir 7 500 000 evrur fyrir niðurstöðutölu efnahagsreiknings og 15 000 000 evrur fyrir hreina veltu.“

3) Í stað a- og b-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 25 000 000 evrur,

b) hreinni veltu: 50 000 000 evrur,“.

4) Í stað a- og b-liðar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 25 000 000 evrur,

b) hreinni veltu: 50 000 000 evrur,“.

5) Ákvæðum 5. mgr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

„a) niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 5 000 000 evrur,

b) hreinni veltu: 10 000 000 evrur,“.

b) Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Aðildarríki mega skilgreina viðmiðunarmörk sem fara yfir viðmiðunarmörkin í a- og b-lið fyrstu undirgreinar. Viðmiðunarmörkin skulu þó ekki fara yfir 7 500 000 evrur fyrir niðurstöðutölu efnahagsreiknings og 15 000 000 evrur fyrir hreina veltu.“

6) Í stað a- og b-liðar 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 25 000 000 evrur,

b) hreinni veltu: 50 000 000 evrur,“.

7) Í stað a- og b-liðar 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 25 000 000 evrur,

b) hreinni veltu: 50 000 000 evrur,“.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 24. desember 2024. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum að því er varðar fjárhagsár sem hefjast 1. janúar 2024 eða síðar.

Þrátt fyrir aðra undirgrein er aðildarríkjum heimilt að leyfa fyrirtækjum að beita þessum ákvæðum að því er varðar fjárhagsár sem hefjast 1. janúar 2023 eða síðar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. október 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2021/2101 **2025/EES/71/08**

frá 24. nóvember 2021

um breytingu á tilskipun 2013/34/ESB að því er varðar birtingu tekjuskattsupplýsinga af hálfu tiltekinna fyrirtækja og útibúa (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gagnsæi er nauðsynlegt fyrir snurðulausa starfsemi innri markaðarins. Í orðsendingu sinni frá 27. október 2015, sem ber yfirskriftina „Vinnuáætlun framkvæmdastjórnarinnar 2016 – Enginn tími fyrir viðskipti eins og venjulega“ og frá 16. desember 2014, sem ber yfirskriftina „Vinnuáætlun framkvæmdastjórnarinnar 2015 – Nýtt upphaf“, tilgreindi framkvæmdastjórnin sem forgangsatriði þörf fyrir að svara kalli borgara Sambandsins eftir sanngirni og gagnsæi og nauðsyn þess að Sambandið breyti í samræmi við hnattrænt viðmiðunarlíkan. Nauðsynlegt er að tilraunir til að ná fram auknu gagnsæi taki tillit til gagnkvæmni milli samkeppnisaðila.

2) Í ályktun sinni frá 26. mars 2019 ([3]) lagði Evrópuþingið áherslu á þörfina fyrir skýrslugjöf í hverju landi fyrir sig í því skyni að auka gagnsæi fyrirtækja og efla opinbera úttekt. Samhliða vinnunni sem ráðið innir af hendi í baráttunni gegn skattundanskotum er nauðsynlegt að efla opinbera úttekt á tekjuskatti fyrirtækja sem fjölþjóðleg fyrirtæki bera er leggja stund á starfsemi í Sambandinu, til að stuðla enn frekar að gagnsæi og ábyrgð fyrirtækja, og þar með leggja sitt af mörkum til velferðar samfélagsins. Einnig er nauðsynlegt að kveða á um slíka úttekt til að stuðla að upplýstari opinberri umræðu, einkum að því er varðar hversu vel tiltekin fjölþjóðleg fyrirtæki, sem eru starfandi í Sambandinu, fylgja skattreglum og um áhrifin af fylgni við skattreglur á raunhagkerfið. Setning sameiginlegra reglna um gagnsæi

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 429, 1.12.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2025 frá 13. júní 2025 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 487, 28.12.2016, bls. 62.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 27. mars 2019 (Stjtíð. ESB C 108, 26.3.2021, bls. 623) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 28. september 2021 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum). Afstaða Evrópuþingsins frá 11. nóvember 2021 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([3]) Stjtíð. ESB C 108, 26.3.2021, bls. 8.

tekjuskatts félaga ætti einnig að hafa almenna, efnahagslega þýðingu með því að kveðið sé á um jafngildar verndarráðstafanir um gervallt Sambandið fyrir almenna vernd fjárfesta, lánveitenda og þriðju aðila og þar með stuðla að endurheimtingu trausts borgara Sambandsins á sanngirni landsbundinna skattkerfa. Slíkri opinberri úttekt er unnt að ná fram í skýrslu með tekjuskattsupplýsingum, án tillits til þess hvar endanlegt móðurfélag fjölþjóðlegu samstæðunnar er með staðfestu.

3) Opinber skýrslugjöf í hverju landi fyrir sig er skilvirkt og viðeigandi tól til að auka gagnsæi í tengslum við starfsemi fjölþjóðlegra fyrirtækja og til að gera almenningi kleift að meta áhrif þessarar starfsemi á raunhagkerfið. Hún eykur einnig getu hluthafa til að meta á tilhlýðilegan hátt áhættu sem fyrirtæki taka, leiðir til þess að fjárfestingaráætlanir geti byggst á nákvæmum upplýsingum og eykur getu þeirra sem taka ákvarðanir til að meta skilvirkni og áhrif landslöggjafar. Opinbera úttekt ætti að framkvæma án þess að skaða umhverfi fjárfestinga í Sambandinu eða samkeppnishæfni fyrirtækja í Sambandinu, þ.m.t. lítilla og meðalstórra fyrirtækja eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([4]).

4) Opinber skýrslugjöf í hverju landi fyrir sig er einnig líkleg til að hafa jákvæð áhrif á réttindi starfsfólks til upplýsinga og samráðs, eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB ([5]) og, með því að auka þekkingu á starfsemi fyrirtækja, á gæði skoðanaskipta sem eiga sér stað innan fyrirtækja.

5) Í samræmi við ályktanir leiðtogaráðsins frá 22. maí 2013 var endurskoðunarákvæði bætt inn í tilskipun 2013/34/ESB. Samkvæmt því endurskoðunarákvæði er þess krafist að framkvæmdastjórnin íhugi möguleikann á því að skylda stór fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum til að gera árlega skýrslu í hverju landi fyrir sig, að teknu tilliti til þróunarinnar í Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og niðurstaðna tengdra evrópskra framtaksverkefna.

6) Sambandið hefur nú þegar samþykkt opinbera skýrslugjöf í hverju landi fyrir sig fyrir bankageirann með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([6]) og fyrir námuiðnað og skógarhögg með tilskipun 2013/34/ESB.

7) Með því að taka upp skýrslugjöf í hverju landi fyrir sig með þessari tilskipun verður Sambandið í leiðandi hlutverki á heimsvísu við eflingu gagnsæis fjármála og fyrirtækja.

8) Aukið gagnsæi við birtingu fjárhagslegra upplýsinga verður til hagsbóta fyrir alla, þar sem borgaralegt samfélag mun taka meiri þátt, starfsfólk verður betur upplýst og fjárfestar minna áhættufælnir. Þar að auki munu fyrirtæki hafa hag af betri tengslum við hagsmunaaðila, sem mun hafa í för með sér meiri stöðugleika, ásamt auðveldara aðgengi að fjármögnun vegna skýrari áhættulýsingar og betra orðspors.

9) Í orðsendingu sinni frá 25. október 2011 undir yfirskriftinni „Endurnýjuð stefna ESB um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja fyrir tímabilið 2011-2014“ skilgreindi framkvæmdastjórnin samfélagslega ábyrgð fyrirtækja sem ábyrgð fyrirtækja á þeim áhrifum sem þau hafa á samfélagið. Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja ætti að vera á forráði fyrirtækja. Opinber yfirvöld geta gegnt stuðningshlutverki með úthugsaðri blöndu stefnuúrræða að eigin frumkvæði og, ef nauðsyn krefur, viðbótarreglusetningu. Fyrirtæki geta gengið lengra en eingöngu farið að lögum og orðið samfélagslega ábyrg með því að samþætta frekari félagslega, umhverfislega og siðferðislega hagsmuni og neytenda- eða mannréttindi í starfsstefnu sína og starfsemi.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002 um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins (Stjtíð. EB L 80, 23.3.2002, bls. 29).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

10) Almenningur ætti að geta athugað gaumgæfilega alla starfsemi fyrirtækjasamstæðna ef tilteknar tegundir eininga samstæðunnar eru með staðfestu innan Sambandsins. Fyrir samstæður sem stunda einungis starfsemi innan Sambandsins fyrir milligöngu dótturfélaga eða útibúa ættu þessi dótturfélög og útibú að birta og gera aðgengilega skýrslu endanlega móðurfélagsins. Ef þær upplýsingar, eða sú skýrsla, eru ekki tiltækar eða ef endanlegt móðurfélag veitir ekki dótturfélögunum eða útibúunum allar tilskildar upplýsingar ættu dótturfélögin og útibúin að útbúa, birta og gera aðgengilega skýrslu með tekjuskattsupplýsingum sem inniheldur allar upplýsingar sem þau búa yfir, hafa fengið eða aflað og gefa út yfirlýsingu þar sem fram kemur að endanlegt móðurfélag þeirra hafi ekki gert allar nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar. Vegna meðalhófs og skilvirkni ætti skyldan til að birta og gera aðgengilega skýrsluna með tekjuskattsupplýsingum þó að vera takmörkuð við meðalstór og stór dótturfélög með staðfestu í Sambandinu og við útibú sem eru af sambærilegri stærð sem komið er á fót í Sambandinu. Af þessum sökum ætti því að rýmka gildissvið tilskipunar 2013/34/ESB til samræmis við það þannig að hún gildi um útibú sem komið er á fót í aðildarríki af fyrirtæki sem er með staðfestu utan Sambandsins og sem hefur félagsform sem er sambærilegt við þær tegundir fyrirtækja sem skráð eru í I. viðauka við tilskipun 2013/34/ESB. Útibú sem búið er að loka, eins og um getur í k-lið 37. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 ([7]), ættu ekki lengur að falla undir kvaðir um skýrslugjöf sem settar eru fram í þessari tilskipun.

11) Fjölþjóðlegar samstæður og, þar sem við á, tiltekin sjálfstæð fyrirtæki ættu að veita almenningi skýrslu með tekjuskattsupplýsingum þegar þau eru umfram tiltekna stærð, með tilliti til tekna yfir tvö samfelld fjárhagsár, með hliðsjón af samanlögðum tekjum samstæðunnar eða tekjum sjálfstæða fyrirtækisins. Slík skuldbinding ætti, til samræmis við það, að falla úr gildi ef þessar tekjur fara ekki lengur umfram viðeigandi fjárhæð yfir tvö samfelld fjárhagsár. Í slíkum tilvikum ætti fjölþjóðlega samstæðan eða sjálfstæða fyrirtækið áfram að falla undir skýrslugjafarskylduna á fyrsta fjárhagsárinu á eftir síðasta fjárhagsári sem tekjurnar fóru umfram viðeigandi fjárhæð. Þess háttar fjölþjóðleg samstæða eða sjálfstætt fyrirtæki ætti aftur að falla undir skýrslugjafarskylduna þegar tekjurnar fara umfram viðeigandi fjárhæð yfir tvö samfelld fjárhagsár. Þar sem um er að ræða margs konar reikningsskilaramma sem reikningsskil geta fylgt, og í þeim tilgangi að ákvarða gildissviðið fyrir fyrirtæki sem falla undir lög aðildarríkis, ættu „tekjur“ að hafa sömu merkingu og „hrein velta“ og skiljast í samræmi við landsbundinn reikningsskilaramma þess aðildarríkis. Í c-lið 2. mgr. 43. gr. tilskipunar ráðsins 86/635/EBE ([8]) og 2. mgr. 66. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE ([9]) eru settar fram skilgreiningar fyrir ákvörðunina um hreina veltu lánastofnunar eða vátryggingafélags, eftir því sem við á. Að því er varðar önnur fyrirtæki ætti að meta tekjur í samræmi við reikningsskilarammann sem reikningsskil þeirra byggjast á. Að því er varðar innihald skýrslunnar með tekjuskattsupplýsingum ætti önnur skilgreining á tekjum þó að gilda.

12) Til að komast hjá tvöfaldri skýrslugjöf í bankageiranum, ætti að veita endanlegum móðurfélögum og sjálfstæðum fyrirtækjum sem falla undir tilskipun 2013/36/ESB og sem hafa með í skýrslu sinni sem gerð er í samræmi við 89. gr. þeirrar tilskipunar, alla starfsemi sína og, eftir því sem við á, alla starfsemi eignatengdra fyrirtækja sinna sem tekin eru með í samstæðureikningsskil þeirra, þ.m.t. starfsemi sem ekki fellur undir ákvæði 2. kafla I. bálks þriðja hluta reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([10]), undanþágu frá skýrslugjafarkröfunum sem settar eru fram í þessari tilskipun.

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46).

([8]) Tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana (Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1).

([9]) Tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga (Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

13) Skýrslan með tekjuskattsupplýsingum ætti að innihalda, eftir atvikum, lista yfir öll dótturfélög, að því er varðar viðkomandi fjárhagsár, sem komið var á fót í Sambandinu eða í skattumdæmum sem eru í I. viðauka og, eftir atvikum, í II. viðauka við viðeigandi útgáfu á ályktunum ráðsins um endurskoðaðan lista Sambandsins yfir ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi að því er varðar skattamál. Til að koma í veg fyrir stjórnsýsluálag ætti endanlegt móðurfélag að geta treyst á listann yfir dótturfélög sem tekin eru með í samstæðureikningsskil endanlega móðurfélagsins. Í skýrslunni með tekjuskattsupplýsingum ætti einnig að veita upplýsingar um alla starfsemi eignatengdra fyrirtækja samstæðunnar sem eru í samstæðureikningsskilum endanlega móðurfélagsins eða, með hliðsjón af aðstæðum, að því er varðar alla starfsemi sjálfstæða fyrirtækisins. Upplýsingarnar ættu að takmarkast við það sem nauðsynlegt er til að gera skilvirka opinbera úttekt mögulega, í því skyni að tryggja að birting upplýsinga hafi ekki í för með sér óhóflega áhættu eða óhagræði fyrir fyrirtæki að því er varðar samkeppnishæfni eða mistúlkun varðandi hlutaðeigandi fyrirtæki. Skýrsluna með tekjuskattsupplýsingum ætti að gera aðgengilega eigi síðar en 12 mánuðum eftir dagsetningu efnahagsreiknings. Styttri tímabil fyrir birtingu reikningsskila ættu ekki að gilda að því er varðar skýrsluna með tekjuskattsupplýsingum. Ákvæðin sem innleidd eru með þessari tilskipun hafa ekki áhrif á ákvæði tilskipunar 2013/34/ESB að því er varðar árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil.

14) Til að koma í veg fyrir stjórnsýsluálag ættu fyrirtæki að mega setja fram upplýsingarnar á grundvelli skýrslugjafarfyrirmælanna sem mælt er fyrir um í B- og C-hluta III. þáttar III. viðauka við tilskipun ráðsins 2011/16/ESB ([11]), við gerð skýrslu með tekjuskattsupplýsingum í samræmi við þessa tilskipun. Í skýrslunni með tekjuskattsupplýsingum ætti að tilgreina hvaða skýrslugjafarrammi var notaður. Skýrslan með tekjuskattsupplýsingum gæti þessu til viðbótar innihaldið heildaryfirlit með skýringum ef um er að ræða verulegt ósamræmi á samstæðustigi milli fjárhæða áfallinna skatta og fjárhæða greiddra skatta, með tilliti til samsvarandi fjárhæða sem varða fyrri fjárhagsár.

15) Nauðsynlegt er að tryggja að gögnin séu samanburðarhæf. Í þeim tilgangi ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að mæla fyrir um sameiginlegt sniðmát og rafræn skýrslusnið, sem ættu að vera tölvulæsileg, fyrir framsetningu skýrslunnar með tekjuskattsupplýsingum skv. þessari tilskipun. Þegar mælt er fyrir um sniðmátið og skýrslusniðin ætti framkvæmdastjórnin að taka tillit til framþróunar á sviði stafvæðingar og aðgengileika upplýsinga sem fyrirtæki birta, einkum að því er varðar þróunina varðandi einn evrópskan aðgangsstað eins og lagt var til í orðsendingu hennar frá 24. september 2020 undir yfirskriftinni „Samband fjármagnsmarkaða fyrir fólk og fyrirtæki – ný aðgerðaráætlun“. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([12]).

16) Til að tryggja fullnægjandi sundurliðun til að mögulegt sé fyrir borgarana að meta framlag fjölþjóðlegra fyrirtækja til velferðar samfélagsins í hverju aðildarríki ætti að sundurliða upplýsingarnar eftir aðildarríki. Þar að auki ættu upplýsingar sem varða starfsemi fjölþjóðlegra fyrirtækja einnig að vera settar fram með mikilli sundurliðun að því er varðar skattumdæmi tiltekinna þriðju landa þar sem eru sérstakar áskoranir. Að því er varðar alla aðra starfsemi í þriðja landi ætti að veita samanteknar upplýsingar, nema fyrirtækið óski eftir því að setja fram ítarlegri upplýsingar.

17) Fyrir tiltekin skattumdæmi ætti sundurliðunin að vera mikil. Í skýrslunni með tekjuskattsupplýsingum ætti ávallt að birta aðgreindar upplýsingar fyrir hvert lögsagnarumdæmi sem er í viðaukunum við ályktanir ráðsins um endurskoðaðan lista Sambandsins yfir ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi að því er varðar skattamál ([13]) og síðari uppfærslur á þeim sem eru sérstaklega samþykktar tvisvar á ári, venjulega í febrúar og október, og birtar í C-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Í I. viðauka við þessar ályktanir ráðsins er settur fram „Listi Sambandsins yfir ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi að því er varðar skattamál“, en í II. viðauka er sett fram „Staða mála um samvinnu við ESB að því er varðar

([11]) Tilskipun ráðsins 2011/16/ESB frá 15. febrúar 2011 um samvinnu á sviði stjórnsýslu á sviði skattlagningar og um niðurfellingu tilskipunar 77/799/EBE (Stjtíð. ESB L 64, 11.3.2011, bls. 1).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

([13]) Sjá ályktanir ráðsins um endurskoðaðan lista yfir ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi að því er varðar skattamál og viðaukana við hann (Stjtíð. ESB C 413 I, 12.10.2021, bls. 1).

skuldbindingar samvinnuþýðra lögsagnarumdæma um framkvæmd góðra stjórnarhátta varðandi skattamál“. Að því er varðar I. viðauka eru lögsagnarumdæmin sem taka ætti tillit til þau sem skráð eru þann 1. mars á því fjárhagsári sem skýrslan með tekjuskattsupplýsingum er gerð. Að því er varðar II. viðauka eru lögsagnarumdæmin sem taka ætti tillit til þau sem minnst er á í þeim viðauka þann 1. mars á því fjárhagsári sem skýrslan með tekjuskattsupplýsingum er gerð og 1. mars á næstliðnu fjárhagsári.

18) Tafarlaus birting upplýsinganna sem taka á með í skýrsluna með tekjuskattsupplýsingum gæti, í tilteknum tilvikum, verið mjög skaðleg fyrir viðskiptalega stöðu fyrirtækis. Af þeim sökum ættu aðildarríki að hafa möguleika á að heimila fyrirtækjum að fresta birtingu upplýsinga um tiltekna liði í takmarkaðan fjölda ára, að því tilskildu að þau tilkynni með skýrum hætti um frestunina, veiti rökstudda útskýringu á henni í skýrslunni og skjalfesti grundvöll rökstuðningsins. Upplýsingarnar sem fyrirtækin sleppa skulu birtar í síðari skýrslu. Aldrei ætti að fella burt upplýsingar sem varða skattumdæmi sem er að finna í I. og II. viðauka við ályktanir ráðsins um endurskoðaðan lista Sambandsins yfir ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi að því er varðar skattamál.

19) Til að auka gagnsæi fyrirtækja og ábyrgð gagnvart fjárfestum, lánveitendum, öðrum þriðju aðilum og almenningi, og til að tryggja fullnægjandi stjórnarhætti, ættu aðilar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar endanlega móðurfélagsins eða sjálfstæða fyrirtækisins, sem er með staðfestu innan Sambandsins og sem ber skylda til að útbúa, birta og gera aðgengilega skýrsluna með tekjuskattsupplýsingum, að bera sameiginlega ábyrgð á því að tryggja reglufylgni við skýrslugjafaskyldurnar skv. þessari tilskipun. Þar sem aðilar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar dótturfélaganna, sem eru með staðfestu innan Sambandsins og sem lúta stjórn endanlega móðurfélagsins sem er með staðfestu utan Sambandsins, eða aðilinn eða aðilarnir sem fara með framkvæmd birtingar upplýsinga fyrir hönd útibúsins, gætu haft takmarkaða þekkingu á inntaki skýrslunnar með tekjuskattsupplýsingum, sem endanlega móðurfélagið útbýr, eða haft takmarkaða getu til að nálgast slíkar upplýsingar eða slíka skýrslu frá endanlega móðurfélaginu, ætti ábyrgð þessara aðila eða einstaklinga að ná yfir það að tryggja, eftir þeirra bestu vitund og getu, að skýrsla endanlega móðurfélagsins eða sjálfstæða fyrirtækisins með tekjuskattsupplýsingum hafi verið gerð og birt opinberlega með hætti sem er í samræmi við þessa tilskipun, eða að dótturfélagið eða útibúið hafi útbúið, birt og gert aðgengilegar allar upplýsingarnar sem það býr yfir, hefur fengið eða aflað, í samræmi við þessa tilskipun. Ef upplýsingarnar eða skýrslan er ófullnægjandi ætti að rýmka ábyrgðarsvið þessara aðila eða einstaklinga svo nái yfir birtingu yfirlýsingar sem tilgreinir að endanlega móðurfélagið eða sjálfstæða fyrirtækið hafi ekki gert nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar.

20) Til að tryggja að almenningi sé kunnugt um gildissvið, og um reglufylgni við skýrslugjafaskyldurnar sem innleiddar voru í tilskipun 2013/34/ESB með þessari tilskipun, ættu aðildarríki að krefjast þess að löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki taki fram hvort þess sé krafist að fyrirtæki birti skýrslu með tekjuskattsupplýsingum, og ef svo er, hvort slík skýrsla hafi verið birt.

21) Skyldur aðildarríkja til að kveða á um viðurlög og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessum viðurlögum sé framfylgt skv. tilskipun 2013/34/ESB, gilda um brot gegn landsákvæðum að því er varðar birtingu tiltekinna fyrirtækja og útibúa á tekjuskattsupplýsingum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun.

22) Með þessari tilskipun er stefnt að því að auka gagnsæi fyrirtækja og gagnsæi og opinbera úttekt á tekjuskatts upplýsingum fyrirtækja með því að aðlaga gildandi lagaramma um skyldur sem lagðar eru á fyrirtæki og félög að því er varðar birtingu skýrslna, verndun hagsmuna félagsmanna og annarra, í skilningi g-liðar 2. mgr. 50. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU). Eins og Dómstóllinn hefur bent á, einkum í máli C-97/96 *Verband deutscher Daihatsu-Händler* ([14]), vísar g-liður 2. mgr. 50. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) til þarfarinnar á að vernda hagsmuni „annarra“ almennt, án þess að gera greinarmun eða undanskilja neina flokka sem falla innan marka þess hugtaks. Þess vegna er hugtakið „aðrir“ víðtækara en fjárfestar og lánveitendur og nær yfir aðra þriðju aðila

([14]) Dómur Evrópudómstólsins frá 4. desember 1997, *Verband deutscher Daihatsu-Händler, C-97/96, ECLI:EU:C:1997:581.*

sem hagsmuna eiga að gæta, þ.m.t. samkeppnisaðila og almenning. Þar að auki er ekki mögulegt að afmarka markmiðið um að ná fram staðfesturétti, sem mælt er fyrir um í víðum skilningi fyrir stofnanir skv. 1. mgr. 50. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), með ákvæðunum í 2. mgr. 50. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU). Þar sem þessi tilskipun varðar einungis skyldur um að birta skýrslur með tekjuskattsupplýsingum, en ekki um samræminguna á sköttum, er 1. mgr. 50. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) hinn viðeigandi lagagrundvöllur.

23) Til að tryggja starfsemi innri markaðarins til fulls og jöfn samkeppnisskilyrði fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki í Sambandinu og þriðju löndum ætti framkvæmdastjórnin að halda áfram að skoða möguleika á að auka sanngirni og gagnsæi skatta. Einkum ætti framkvæmdastjórnin að athuga, innan ramma endurskoðunarákvæðisins, m.a. hvort full sundurliðun myndi auka skilvirkni þessarar tilskipunar.

24) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna áhrifa þess, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

25) Með þessari tilskipun er brugðist við áhyggjum aðila sem hagsmuna eiga að gæta og látið í ljós að þörf sé á að bregðast við röskunum á innri markaðnum án þess að tefla samkeppnishæfni Sambandsins í hættu. Hún ætti ekki að hafa í för með sér óþarfa stjórnsýsluálag á fyrirtæki. Almennt innan ramma þessarar tilskipunar er umfang upplýsinganna sem birtar eru í réttu hlutfalli við markmiðin um aukið gagnsæi fyrirtækja og opinbera úttekt. Í þessari tilskipun eru þau grundvallarréttindi því virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

26) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.

27) Því ætti að breyta tilskipun 2013/34/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2013/34/ESB

Tilskipun 2013/34/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í 1. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„1a. Samræmingarráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í 48. gr. a til 48 gr. e og 51. gr. skulu einnig gilda um lög og stjórnvaldsfyrirmæli aðildarríkjanna varðandi útibú sem opnuð eru í aðildarríki af fyrirtæki sem fellur ekki undir lög aðildarríkis en hafa sambærilegt form að lögum og þær tegundir fyrirtækja sem talin eru upp í I. viðauka. Ákvæði 2. gr. gilda að því er varðar þessi útibú að því marki sem 48. gr. a til 48. gr. e og 51. gr. gilda um slík útibú.“

2) Eftirfarandi kafla er bætt við á eftir 48. gr.:

„10. kafli a

SKÝRSLA MEÐ TEKJUSKATTSUPPLÝSINGUM

48. gr. a

Skilgreiningar sem varða skýrslu með tekjuskattsupplýsingum

1. Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „endanlegt móðurfélag“: fyrirtæki sem gerir samstæðureikningsskil fyrir stærstu fyrirtækjasamstæðuna,

2) „samstæðureikningsskil“: reikningsskil sem gerð eru af móðurfélagi samstæðu þar sem eignir, skuldir, eigið fé, tekjur og útgjöld eru sett fram eins og um eina efnahagslegra einingu væri að ræða,

3) „skattumdæmi“: ríki eða lögsaga sem ekki er ríki og hefur fjárhagslegt sjálfræði að því er varðar tekjuskatt fyrirtækja,

4) „sjálfstætt fyrirtæki“: fyrirtæki sem er ekki hluti af samstæðu eins og skilgreint er í 11. lið 2. gr.

2. Að því er varðar 48. gr. b í þessari tilskipun hafa „tekjur“ sömu merkingu og:

a) „hrein velta“, að því er varðar fyrirtæki sem falla undir lög aðildarríkis sem ekki beita alþjóðlegum reiknings skilastöðlum sem samþykktir voru á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, eða

b) „tekjur“ í skilningi reikningsskilarammans sem gerð reikningsskilanna byggist á, að því er varðar önnur fyrirtæki.

48. gr. b

Fyrirtæki og útibú sem krafist er að geri skýrslu með tekjuskattsupplýsingum

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að endanleg móðurfélög sem falla undir landslög þeirra, ef samanlagðar tekjur á dagsetningu efnahagsreiknings þeirra voru, á hvoru af næstliðnum tveimur fjárhagsárum, umfram 750 000 000 evrur alls, eins og fram kemur í samstæðureikningsskilum þeirra, semji, birti og geri aðgengilega skýrslu með tekjuskattsupplýsingum að því er varðar hið síðara af þessum tveimur fjárhagsárum.

Aðildarríki skulu kveða á um að endanlegt móðurfélag skuli ekki lengur falla undir kvaðir um skýrslugjöf sem settar eru fram í fyrstu undirgrein ef samanlagðar heildartekjur á dagsettum efnahagsreikningi þess eru undir 750 000 000 evrum á hvoru af næstliðnum tveimur fjárhagsárum eins og sett er fram í samstæðureikningsskilum þess.

Aðildarríki skulu krefjast þess að sjálfstæð fyrirtæki sem falla undir landslög þeirra, ef tekjurnar á dagsetningu efnahagsreiknings þeirra voru á hvoru af næstliðnum tveimur fjárhagsárum umfram 750 000 000 evrur alls, eins og fram kemur í árlegum reikningsskilum þeirra, semji, birti og geri aðgengilega skýrslu með tekjuskattsupplýsingum að því er varðar hið síðara af þessum tveimur fjárhagsárum.

Aðildarríki skulu kveða á um að sjálfstætt fyrirtæki falli ekki lengur undir kvaðir um skýrslugjöf sem settar eru fram í þriðju undirgrein ef heildartekjurnar á dagsetningu efnahagsreiknings þess eru undir 750 000 000 evrum á hvoru af næstliðnum tveimur fjárhagsárum eins og sett er fram í reikningsskilum þess.

2. Aðildarríki skulu kveða á um að reglan sem sett er fram í 1. mgr. gildi hvorki um sjálfstæð fyrirtæki né endanleg móðurfélög og eignatengd fyrirtæki ef slík fyrirtæki, þ.m.t. útibú þeirra, eru með staðfestu, eða hafa fasta starfsstöð sína eða varanlega atvinnustarfsemi, innan yfirráðasvæðis eins aðildarríkis og ekki í neinu öðru skattumdæmi.

3. Aðildarríki skulu kveða á um að reglan sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar gildi hvorki um sjálfstæð fyrirtæki né endanleg móðurfélög ef slík fyrirtæki, eða eignatengd fyrirtæki þeirra, birta skýrslu, í samræmi við 89. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, (*) sem inniheldur upplýsingar um alla starfsemi þeirra og, ef um er að ræða endanleg móðurfélög, um alla starfsemi allra eignatengdra fyrirtækja sem tekin eru með í samstæðureikningsskilin.

4. Aðildarríki skulu krefjast þess að meðalstór og stór dótturfélög, sem um getur í 3. og 4. mgr. 3. gr., sem falla undir landslög þeirra og lúta yfirráðum endanlegs móðurfélags sem fellur ekki undir lög aðildarríkis, ef samanlagðar tekjur á dagsetningu efnahagsreiknings þess voru á hvoru af næstliðnum tveimur fjárhagsárum umfram 750 000 000 evra alls, eins og fram kemur í samstæðureikningsskilum þess, birti og geri aðgengilega skýrslu með tekjuskattsupplýsingum varðandi það endanlega móðurfélag að því er varðar hið síðara af þessum tveimur fjárhagsárum.

Ef þær upplýsingar, eða skýrsla, eru ekki tiltækar skal dótturfélagið fara fram á við endanlega móðurfélag þess að það veiti því allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera því kleift að uppfylla skyldar sínar skv. fyrstu undirgrein. Ef endanlega móðurfélagið veitir ekki allar tilskildar upplýsingar skal dótturfélagið útbúa, birta og gera aðgengilega skýrslu með tekjuskattsupplýsingum sem inniheldur allar upplýsingar sem það býr yfir, hefur fengið eða aflað og gefa út yfirlýsingu þar sem fram kemur að endanlegt móðurfélag þess hafi ekki gert allar nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar.

Aðildarríki skulu kveða á um að meðalstór og stór dótturfélög falli ekki lengur undir þær kvaðir um skýrslugjöf sem settar eru fram í þessari málsgrein ef samanlagðar heildartekjur endanlega móðurfélagsins á dagsetningu efnahagsreiknings þess eru undir 750 000 000 evra á hvoru af næstliðnum tveimur fjárhagsárum eins og sett er fram í samstæðureikningsskilum þess.

5. Aðildarríki skulu krefjast þess að útibú sem fyrirtæki, sem ekki falla undir lög aðildarríkis, opna á yfirráðasvæði þeirra útbúi og birti skýrslu með tekjuskattsupplýsingum varðandi endanlega móðurfélagið eða sjálfstæða fyrirtækið sem um getur í a-lið sjöttu undirgreinar, að því er varðar síðara árið af næstliðnum tveimur samfelldum fjárhagsárum.

Ef upplýsingarnar, eða skýrslan, eru ekki tiltækar skal aðilinn eða aðilarnir sem tilnefndir eru til að fara með framkvæmd birtingar upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. 48. gr. e krefjast þess að endanlega móðurfélagið eða sjálfstæða fyrirtækið, sem um getur í a-lið sjöttu undirgreinar þessarar málsgreinar, veiti þeim allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera þeim kleift að uppfylla skyldur sínar.

Ef allar tilskildar upplýsingar eru ekki veittar skal útibúið útbúa, birta og gera aðgengilega skýrslu með tekjuskatts-upplýsingum sem inniheldur allar upplýsingar sem það býr yfir, hefur fengið eða aflað og gefa út yfirlýsingu þar sem fram kemur að endanlega móðurfélagið eða sjálfstæða fyrirtækið hafi ekki gert allar nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar.

Aðildarríki skulu kveða á um að kvaðir um skýrslugjöf sem settar eru fram í þessari málsgrein gildi aðeins um útibú sem hafa hreina veltu sem fer yfir efri mörkin eins og þau eru lögleidd skv. 2. mgr. 3. gr. fyrir hvort næstliðin tvö samfelld fjárhagsár.

Aðildarríki skulu kveða á um að útibú sem fellur undir kvaðir um skýrslugjöf samkvæmt þessari málsgrein falli ekki lengur undir þessar kvaðir ef hrein velta þeirra er undir efri mörkunum eins og þau eru lögleidd skv. 2. mgr. 3. gr. fyrir hvort næstliðin tvö samfelld fjárhagsár.

Aðildarríki skulu kveða á um að reglurnar sem settar eru fram í þessari málsgrein gildi aðeins um útibú ef eftirfarandi viðmið eru uppfyllt:

a) fyrirtækið sem opnaði útibúið er annað hvort eignatengt fyrirtæki samstæðu endanlegs móðurfélags sem fellur ekki undir lög aðildarríkis og var með samanlagðar tekjur á dagsetningu efnahagsreiknings á hvoru af næstliðnum tveimur fjárhagsárum umfram 750 000 000 evrur alls, eins og fram kemur í samstæðureikningsskilum þess, eða sjálfstætt fyrirtæki sem var með tekjur á dagsetningu efnahagsreiknings, á hvoru af næstliðnum tveimur fjárhagsárum, umfram 750 000 000 evrur alls, eins og fram kemur í reikningsskilum þess, og

b) endanlega móðurfélagið sem um getur í a-lið þessarar undirgreinar á hvorki meðalstórt né stórt dótturfélag eins og um getur í 4. mgr.

Aðildarríki skulu kveða á um að útibú falli ekki lengur undir kvaðir um skýrslugjöf sem settar eru fram í þessari málsgrein ef viðmiðin sem kveðið er á um í a-lið eru ekki lengur uppfyllt fyrir tvö samfelld fjárhagsár.

6. Aðildarríki skulu ekki beita reglunum sem settar eru fram í 4. og 5. mgr. þessarar greinar ef skýrsla með tekjuskatts-upplýsingum er gerð af endanlegu móðurfélagi eða sjálfstæðu fyrirtæki sem ekki fellur undir lög aðildarríkis, með hætti sem er í samræmi við 48. gr. c og uppfyllir eftirfarandi viðmið:

a) hún er gerð aðgengileg almenningi, án endurgjalds og á rafrænu skýrslusniði sem er tölvulæsilegt:

   i. á vefsetri endanlega móðurfélagsins eða sjálfstæða fyrirtækisins,

   ii. á a.m.k. einu af opinberum tungumálum Sambandsins,

   iii. eigi síðar en 12 mánuðum eftir dagsetningu efnahagsreiknings þess fjárhagsárs sem skýrslan er gerð fyrir og

b) í henni kemur fram nafn og skráð skrifstofa eins dótturfélags eða nafn og heimilisfang eins útibús sem fellur undir lög aðildarríkis, og birt hefur skýrslu í samræmi við 1. mgr. 48. gr. d.

7. Aðildarríki skulu krefjast þess að dótturfélög eða útibú sem ekki falla undir ákvæði 4. og 5. mgr. þessarar greinar birti og geri aðgengilega skýrslu með tekjuskattsupplýsingum þegar slík dótturfélög eða útibú þjóna engu öðru markmiði en að komast hjá kvöðum um skýrslugjöf sem settar eru fram í þessum kafla.

48. gr. c

Innihald skýrslunnar með tekjuskattsupplýsingum

1. Skýrslan með tekjuskattsupplýsingum sem krafist er skv. 48. gr. b skal innihalda upplýsingar um alla starfsemi sjálfstæða fyrirtækisins eða endanlega móðurfélagsins, þ.m.t. upplýsingar um öll eignatengd fyrirtæki sem tekin eru með í samstæðureikningsskilin að því er varðar viðkomandi fjárhagsár.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu samanstanda af:

a) heitinu á endanlega móðurfélaginu eða sjálfstæða fyrirtækinu, viðkomandi fjárhagsári, gjaldmiðlinum sem notaður er við framsetningu skýrslunnar og, eftir atvikum, skrá yfir öll dótturfélög sem tekin eru með í samstæðureikningsskil endanlega móðurfélagsins, að því er varðar viðkomandi fjárhagsár, með staðfestu í Sambandinu eða í skattumdæmi sem er að finna í I. og II. viðauka við ályktanir ráðsins um endurskoðaðan lista yfir ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi að því er varðar skattamál,

b) stuttri lýsingu á helstu starfsemi þeirra,

c) fjölda starfsmanna á grundvelli jafngildis ársverka,

d) tekjum, sem reikna á út sem:

i. samtölu hreinnar veltu, annarra rekstrartekna, tekna af eignarhlutdeild, að frádregnum arðgreiðslum frá eigna tengdum fyrirtækjum, tekna af öðrum fjárfestingum og lánum sem eru hluti fastafjármuna, annarra vaxtatekna og hliðstæðra tekna eins og tekið er fram í V. og VI. viðauka við þessa tilskipun, eða

ii. tekjur í skilningi reikningsskilarammans sem reikningsskilin byggjast á, að undanskildum virðisbreytingum og arðgreiðslum frá eignatengdum fyrirtækjum,

e) fjárhæð hagnaðar eða taps fyrir tekjuskatt,

f) fjárhæð áfallins tekjuskatts vegna viðkomandi fjárhagsárs, sem reikna á út sem skammtímaskattkostnað og fyrirtæki og útibú færa í viðkomandi skattumdæmi sem skattskyldan hagnað eða tap á fjárhagsárinu,

g) fjárhæð greidds tekjuskatts á greiðslugrunni, sem reikna á út sem fjárhæð tekjuskatts og fyrirtæki og útibú greiddu í viðkomandi skattumdæmi á viðkomandi fjárhagsári, og

h) fjárhæð samsafnaðs hagnaðar við lok viðkomandi fjárhagsárs.

Að því er varðar d-lið skulu tekjur innihalda viðskipti við tengda aðila.

Að því er varðar f-lið gilda núverandi skammtímaskattar eingöngu um starfsemi fyrirtækis á viðkomandi fjárhagsári og skal ekki innihalda frestaðan skatt eða óvissa reiknaða skattskuldbindingu.

Að því er varðar g-lið skulu greiddir skattar innihalda staðgreiðsluskatta sem önnur fyrirtæki hafa greitt að því er varðar greiðslur til fyrirtækja og útibúa innan samstæðu.

Að því er varðar h-lið merkir samsafnaður hagnaður samtölu hagnaðar fyrri fjárhagsára og viðkomandi fjárhagsárs, sem ekki er enn búið að ákvarða hvernig verður úthlutað. Að því er varðar útibú er samsafnaður hagnaður hagnaður þess fyrirtækis sem opnaði útibúið.

3. Aðildarríki skulu heimila að upplýsingarnar sem skráðar eru í 2. mgr. þessarar greinar verði tilkynntar á grundvelli skýrslugjafarfyrirmælanna sem um getur í III. þætti hluta B og C í III. viðauka við tilskipun ráðsins 2011/16/ESB (**).

4. Upplýsingarnar sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar skulu settar fram á sameiginlegu sniðmáti og á rafrænu skýrslusniði sem er tölvulæsilegt. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, mæla fyrir um sameiginlega sniðmátið og rafrænu skýrslusniðin. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 50. gr.

5. Í skýrslunni með tekjuskattupplýsingum skal setja fram upplýsingarnar sem um getur í 2. eða 3. mgr. aðgreindar fyrir hvert aðildarríki. Ef aðildarríki samanstendur af mörgum skattumdæmum skal taka upplýsingarnar saman á vettvangi aðildarríkis.

Í skýrslunni með tekjuskattsupplýsingum skal einnig setja fram upplýsingarnar sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, aðgreindar fyrir hvert skattumdæmi sem, þann 1. mars á því fjárhagsári sem skýrslan er gerð fyrir, er að finna í I. viðauka við ályktanir ráðsins um endurskoðaðan lista Sambandsins yfir ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi að því er varðar skattamál, og skal veita slíkar upplýsingar aðgreindar fyrir hvert skattumdæmi sem, þann 1. mars á fjárhagsárinu sem skýrslan er gerð fyrir og þann 1. mars á næstliðnu fjárhagsári, minnst var á í II. viðauka við ályktanir ráðsins um endurskoðaðan lista Sambandsins yfir ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi að því er varðar skattamál.

Í skýrslunni með tekjuskattsupplýsingum skal einnig setja fram upplýsingarnar sem um getur í 2. eða 3. mgr. á samanteknum grunni fyrir önnur skattumdæmi.

Upplýsingarnar skal flokka eftir viðkomandi skattumdæmi á grundvelli staðfestu, hvort um fasta atvinnustöð sé að ræða eða varanlega atvinnustarfsemi sem, með hliðsjón af starfsemi samstæðunnar eða sjálfstæða fyrirtækisins, getur fallið undir tekjuskatt í því skattumdæmi.

Ef starfsemi margra eignatengdra fyrirtækja fellur undir tekjuskatt innan eins skattumdæmis skulu upplýsingarnar sem varða það skattumdæmi vera samtala upplýsinganna er varða slíka starfsemi hvers eignatengds fyrirtækis og útibúa þess í því skattumdæmi.

Upplýsingar um einhverja tiltekna starfsemi skulu ekki tilgreindar samtímis á fleiri en eitt skattumdæmi.

6. Aðildarríki geta leyft að einum eða fleiri tilteknum upplýsingaliðum, sem annars skal birta í samræmi við 2. eða 3. mgr., sé sleppt tímabundið úr skýrslunni ef birting upplýsinganna mynda valda alvarlegum skaða fyrir viðskiptalega stöðu fyrirtækisins sem skýrslan fjallar um. Sérhverja úrfellingu úr skýrslunni skal tilgreina með skýrum hætti ásamt vel rökstuddri skýringu á ástæðum hennar.

Aðildarríki skulu tryggja að allar upplýsingar sem er sleppt skv. fyrstu undirgrein verði gerðar opinberar í síðari skýrslu með tekjuskattsupplýsingum, eigi síðar en fimm árum eftir dagsetninguna þegar þeim er upphaflega sleppt.

Aðildarríki skulu tryggja að aldrei megi fella úr upplýsingar sem varða skattumdæmi sem er að finna í I. og II. viðauka við ályktanir ráðsins um endurskoðaðan lista Sambandsins yfir ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi að því er varðar skattamál, eins og um getur í 5. mgr. þessarar greinar.

7. Skýrslan með tekjuskattsupplýsingum getur innihaldið, eftir atvikum á samstæðustigi, heildaryfirlit með skýringum á öllu verulegu ósamræmi milli fjárhæða sem birtar eru skv. f- og g-lið 2. mgr., með tilliti til, ef við á, samsvarandi fjárhæða sem varða fyrri fjárhagsár.

8. Gjaldmiðillinn sem notaður er í skýrslunni með tekjuskattsupplýsingum skal vera sá gjaldmiðill sem samstæðu reikningsskil endanlega móðurfélagsins eða árleg reikningsskil sjálfstæða fyrirtækisins eru sett fram í. Aðildarríki skulu ekki krefjast þess að þessi skýrsla sé birt í öðrum gjaldmiðli en þeim gjaldmiðli sem notaður er í reikningsskilunum.

Í því tilviki sem nefnt er í annarri undirgrein 4. mgr. 48. gr. b skal sá gjaldmiðill sem notaður er í skýrslunni með tekjuskattsupplýsingum þó vera gjaldmiðillinn sem dótturfélagið birtir árleg reikningsskil sín í.

9. Aðildarríkin sem hafa ekki tekið upp evru geta umreiknað viðmiðunarfjárhæðina 750 000 000 evrur yfir í gjaldmiðil síns ríkis. Við þann umreikning skulu aðildarríkin beita genginu eins og það var birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins þann 21. desember 2021. Þessi aðildarríki geta hækkað eða lækkað viðmiðunarfjárhæðina um allt að 5% til að setja fram námundaða upphæð í gjaldmiðlum hvers ríkis.

Viðmiðunarfjárhæðirnar sem um getur í 4. og 5. mgr. 48. gr. b skulu umreiknaðar í jafngilda fjárhæð í gjaldmiðli hvers viðkomandi þriðja lands með því að beita genginu eins og það var þann 21. desember 2021, námundað að næsta þúsundi.

10. Í skýrslunni með tekjuskattupplýsingum skal tilgreina hvort hún hafi verið gerð í samræmi við 2. eða 3. mgr. þessarar greinar.

48. gr. d

Birting og aðgengileiki

1. Birta skal skýrsluna með tekjuskattsupplýsingum og yfirlýsinguna sem nefnd er í 48. gr. b í þessari tilskipun innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings þess fjárhagsárs sem skýrslan er gerð fyrir, eins og hvert aðildarríki kveður á um í samræmi við 14.–28. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 (***) og, ef við á, í samræmi við 36. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132.

2. Aðildarríki skulu tryggja að skýrslan með tekjuskattsupplýsingum og yfirlýsingin sem fyrirtækin birta í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar verði gerð aðgengileg almenningi á a.m.k. einu af opinberum tungumálum Sambandsins, án endurgjalds, eigi síðar en 12 mánuðum eftir dagsetningu efnahagsreiknings þess fjárhagsárs sem skýrslan var gerð fyrir, á vefsetri:

a) fyrirtækisins, ef 1. mgr. 48. gr. b á við,

b) dótturfélagsins eða eignatengds fyrirtækis, ef 4. mgr. 48. gr. b á við, eða

c) útibúsins eða fyrirtækisins sem opnaði útibúið, eða eignatengds fyrirtækis, ef 5. mgr. 48. gr. b á við.

3. Aðildarríki geta veitt fyrirtækjum undanþágu frá beitingu reglnanna sem settar eru fram í 2. mgr. þessarar greinar ef skýrslan með tekjuskattsupplýsingum sem birt er í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar er á sama tíma gerð aðgengileg almenningi á rafrænu skýrslusniði sem er tölvulæsilegt, á vefsetri skrárinnar sem um getur í 16. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132 og án endurgjalds fyrir sérhvern þriðja aðila sem staðsettur er í Sambandinu. Á vefsetri fyrirtækjanna og útibúanna, eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skulu vera upplýsingar um þá undanþágu og tilvísun í vefsetur viðkomandi skrár.

4. Skýrslan sem um getur í 1., 4., 5., 6. og 7. mgr. 48. gr. b og, eftir atvikum, yfirlýsingin sem um getur í 4. og 5. mgr. þeirrar greinar skal vera áfram aðgengileg á viðkomandi vefsetri í að lágmarki fimm samfelld ár.

48. gr. e

Ábyrgð á því að útbúa, birta og gera skýrsluna með tekjuskattsupplýsingum aðgengilega

1. Aðildarríki skulu kveða á um að aðilar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar endanlega móðurfélagsins eða sjálfstæða fyrirtækisins sem um getur í 1. mgr. 48. gr. b, sem starfa innan valdheimilda sinna samkvæmt landslögum, beri sameiginlega ábyrgð á því að tryggja að skýrslan með tekjuskattsupplýsingum sé útbúin, birt og gerð aðgengileg í samræmi við 48. gr. b, 48. gr. c, og 48. gr. d.

2. Aðildarríki skulu kveða á um að aðilar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar dótturfélaganna sem um getur í 4. mgr. 48. gr. b í þessari tilskipun og aðilinn eða aðilarnir sem tilnefndir eru til að fara með framkvæmd birtingar upplýsinga sem kveðið er á um í 41. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132 fyrir útibúin sem um getur í 5. mgr. 48. gr. b. í þessari tilskipun, starfi innan valdheimilda sinna samkvæmt landslögum, beri sameiginlega ábyrgð á því að tryggja, eftir þeirra bestu vitund og getu, að skýrslan með tekjuskattsupplýsingum sé gerð með hætti sem er í samræmi við, eftir því sem við á, 48. gr. b og 48. gr. c, og að hún sé birt og gerð aðgengileg í samræmi við 48. gr. d.

48. gr. f

Yfirlýsing löggilts endurskoðanda

Aðildarríki skulu krefjast þess, ef reikningsskil fyrirtækis sem fellur undir lög aðildarríkis eiga að vera endurskoðuð af einum eða fleiri löggiltum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum, að koma skuli fram í endurskoðunarskýrslunni hvort, að því er varðar næstliðið fjárhagsár fyrir fjárhagsárið sem endurskoðuðu reikningsskilin eiga við um, þess sé krafist skv. 48. gr. b að fyrirtækið birti skýrslu með tekjuskattsupplýsingum og, ef svo er, hvort skýrslan hafi verið birt í samræmi við 48. gr. d.

48. gr. g

Upphafsdagsetning fyrir skýrslu með tekjuskattsupplýsingum

Aðildarríki skulu tryggja að ákvæði laga og stjórnsýslufyrirmæla sem leiða í lög 48. gr. a til 48. gr. f taki gildi eigi síðar en frá upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsársins sem hefst þann 22. júní 2024 eða síðar.

48. gr. h

Endurskoðunarákvæði

Eigi síðar en 22. júní 2027 skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu um hlítni við og áhrif af skýrslugjafaskyldunum sem settar eru fram í 48. gr. a til 48. gr. f og, með hliðsjón af stöðunni á stigi Efnahags- og framfarastofnunarinnar, um þörfina á því að tryggja fullnægjandi stig gagnsæis og þörfina á að vernda og tryggja samkeppnisumhverfi fyrir fyrirtæki og fjárfestingu einkaaðila, og skal hún einkum endurskoða og meta hvort viðeigandi sé að rýmka gildissvið skýrslugjafarskyldunnar um tekjuskattsupplýsingar sem settar eru fram í 48. gr. b þannig að hún gildi um stór fyrirtæki og stórar samstæður, eins og skilgreint er í 4. og 7. mgr. 3. gr. eftir því sem við á, og auka inntak skýrslunnar með tekjuskattsupplýsingum sem sett er fram í 48. gr. c svo hún nái yfir viðbótarliði. Í þeirri skýrslu skal framkvæmdastjórnin einnig meta hvaða áhrif birting skattupplýsinganna á samanteknum grunni fyrir skattumdæmi þriðja lands, eins og kveðið er á um í 5. mgr. 48. gr. c, og tímabundin úrfelling upplýsinga sem kveðið er á um 6. mgr. 48. gr. c hafa á skilvirkni þessarar tilskipunar.

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrsluna fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

(**) Tilskipun ráðsins 2011/16/ESB frá 15. febrúar 2011 um samvinnu á sviði stjórnsýslu á sviði skattlagningar og um niðurfellingu tilskipunar 77/799/EBE (Stjtíð. ESB L 64, 11.3.2011, bls. 1).

(***) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46).“

3) Í 49. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„3a. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 (*).

(*) Stjtíð. ESB L 123, 12.5. 2016, bls. 1.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 22. júní 2023. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 24. nóvember 2021.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
D. M. SASSOLI	A. LOGAR
forseti.	*forseti.*